Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Islands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

(Lagt fyrir alþingi 1914).

---

1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903:

»Ráðherra Íslands má eigi . . . falið að veita« falli burt, en í staðinn komi:

Ráðherra Íslands má eigi hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenska tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara svo oft sem nauðsyn er á til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir, þar sem konungur ákveður.

Landssjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir hans á konungsfund.

Nú deyr ráðherra eða lætur af embætti, og gegnir landritari þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefir verið nýr ráðherra.

Ráðherra veitir þau embætti, sem hann hingað til hefir veitt.

Tölu ráðherra má breyta með lögum.

Verði ráðherrum fjölgað, legst landritaraembættið niður.

2. gr.

Á eftir 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (2. gr. stjórnarskrárinnar) komi tvær nýjar greinar (2. og 3. gr.):

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gera tvö samhljóða frumrit, og geymir Alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt í Landsskjalasafninu.

3. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherra ber ábyrgð á stjórn-

inni. Alþingi getur kært hann fyrir embættisrekstur hans. Landsdómur dæmir þau mál.

4. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (3. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

5. gr.

4. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það.

6. gr.

11. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli Alþinga; eigi mega þó slík lög ríða í bág við stjórnarskrána, og ætið skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

7. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í þeirra stað komi:

A Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

8. gr.

5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (15 gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í stað hennar komi:

Alþingi skiftist í 2 deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn, en 6 hlutbundnum kosningum um landið alt í einu lagi.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, og auk þeirra 8 þingmenn, sem sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

9. gr.

16. gr. stjórnarskrárinnar falli burtu, en í stað hennar komi:

Þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum, skulu kosnir til 6 ára, en þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum, til 12 ára, og fer helmingur þeirra frá sjötta hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, meðan á kjörtímanum stendur, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í stað hans, fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum, enda kosnir á sama hátt og samtímis.

10. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (17. gr. stjórnarskrárinnar), falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis hafa karlar og konur, sem fædd eru hjer á landi eða hafa átt hjer lögheimili síðastliðin 5 ár og eru 25 ára, er kosningin fer fram; þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Ennfremur eru þau skilyrði sett, að hinir nýju kjósendur, konur, og þeir karlmenn, er ekki hafa kosningarrjett samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, fái ekki rjett þann, er hjer ræðir um, öll í einu, heldur þannig, að þegar semja á alþingiskjörskrá í næsta sinn, eftir að lög þessi eru komin í gildi, skal setja á kjörskrána þá nýja kjósendur eina, sem eru 40 ára eða eldri, og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum til kosningarrjettar. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og svo framvegis, lækka aldursmarkið um eitt ár í hvert sinn, til þess er allir kjósendur, konur sem karlar, hafa náð kosningarrjetti, svo sem segir í upphafi þessarar greinar.

Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir ekki konan kosningarrjett sinn fyrir því.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga. Að öðru leyti setja kosningarlög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild.

11. gr.

18. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar er hver sá, sem kosningarrjett á til þeirra; kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt þar heima skemur en eitt ár. Kjörgengur við hlutbundnar kosningar er hver sá, er kosningarrjett á til þeirra. Heimilisfesta innan lands er skilyrði fyrir kjörgengi, bæði við hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar.

Þeir dómendur, er hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó hvorki kjörgengir til neðri nje efri deildar.

12. gr.

7. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (19. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Reglulegt Alþingi skal saman koma lögmæltan dag annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrri það ár. Breyta má þessu með lögum.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur, án samþykkis konungs.

13. gr.

Á undan 20. gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein svo látandi:
Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

14. gr.

8. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (1. málsgr. 25. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, undir eins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer.

15. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lögum.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

16 gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

17. gr.

Aftan við 45. gr. stjórnarskrárinnar bætist:
Breyta má þessu með lögum.

18. gr.

Aftan við 47. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveð-

ið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

19. gr.

48. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

20. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sjerrjettindi, er bundin sje við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða.

21. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Ákvæði um stundarsakir.

Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosnir í fyrsta sinn 6 þingmenn til efri deildar og jafnmargir varamenn með hlutfallskosningum um land alt.

Á fyrsta reglulegu Alþingi eftir kosningar skal ákveða með hlutkesti, hverjir skuli fara frá eftir 6 ár, þeirra sem kosnir voru hlutbundnum kosningum.

Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar, og ekki síðar en innan ársfjórðungs.

2. málsgrein 11. gr. tekur ekki til dómara þeirra, er nú skipa landsyfirrjettinn.

Heimilisfesta innanlands er ekki skilyrði fyrir kjörgengi þeirra manna, sem þá kunna að eiga setu á Alþingi, er stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi.

Þannig samþykt á Alþingi 11. september 1913.

Frumvarp til laga

um

kosningar til alþingis.

(Lagt fyrir alþingi 1914).

I. Kjördæmakosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr.

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til alþingis allir karlar og konur, sem fædd eru á Íslandi eða hafa átt þar lögheimili síðastliðin 5 ár, hafa óflekkað mannorð, og eru 25 ára að aldri þegar kosning fer fram. Þó öðlast konur og þeir karlmenn, sem ekki hafa haft kosningarrjett stöðu sinnar vegna samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, ekki öll í einu kosningarrjettinn, heldur þannig, að þegar samdar eru alþingiskjörskrár fyrsta sinn eftir að lög þessi öðlast gildi, skal setja á kjörskrá þá eina af þessum nýju kjósendum, sem eru 40 ára að aldri eða eldri. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og þannig framvegis lækka aldurstakmarkið um eitt ár í hvert skifti, þar til komið er niður í 25 ára aldur.

Útsvarsgreiðsla er úr lögum numin sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, og ber því ekki að telja þá menn nýja kjósendur, sem fullnægt hafa kosningarskilyrðum þegar lög þessi öðlast gildi að öðru leyti en því, að greiða nægilega hátt útsvar.

2. gr.

Enginn verður talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sje hann eigi fjár síns ráðandi eða sje

bú hans undir skiftameðferð sem þrotabú. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir ekki konan kosningarrjett sinn fyrir því.

4. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett sem þiggur af sveit, eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, hafi hann eigi þá er kosningin fer fram, verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár.

Sá, sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarrjettar síns.

6. gr.

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar til alþingis er hver sá karlmaður eða kvenmaður, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi. Þó er heimilisfesta innanlands skilyrði fyrir kjörgengi annara en þeirra, sem setu áttu á alþingi, þá er lög þessi öðlast gildi. Kjósa má mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir átt þar heima skemur en 1 ár.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

7. gr.

Landið skiftist í 34 kjördæmi, sem hvert kýs einn þingmanna þeirra, sem samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar skulu kosnir óhlutbundnum kosningum.

Þessi eru kjördæmin:

1. 2. 3. 4. *Reykjavík ásamt Seltjarnarneshreppi.* Stjórnarráðið ákveður eftir tillögum bæjarstjórnar Reykjavíkur, takmörkin á milli þessara 4 kjördæma, og skulu þau vera sem jöfnust að kjósendatölu. Skal það gjört áður kjörskrár eru samdar í fyrsta skifti eftir þessum lögum, og skal síðan endurskoða skiftinguna 4. hvert ár.
5. *Hafnarfjarðarkjördæmi,* nær yfir Hafnarfjarðarkaupstað, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Kjósar- Kjalarness- og Mosfells- hreppa.
6. *Gullbringukjördæmi,* nær yfir Vatnsleysustrandar-, Keflavíkur-, Gerða-, Miðness-, Hafna- og Grindavíkur- hreppa.
7. *Eyrakjördæmi,* nær yfir Selvogs-, Eyrarbakka-, Stokkseyrar-, Sandvíkur-, Hraungerðis- og Gaulverjabæjar- hreppa.
8. *Skálholtskjördæmi,* nær yfir Villingaholts-, Skeiða-, Gnúpverja-, Hrunamanna-, Biskupstungna-, Laugardals-, Grímsness-, Þingvalla-, Grafnings- og Ölfus- hreppa.
9. *Rangárvallakjördæmi,* nær yfir Hvol-, Rangárvalla-, Landmanna-, Holta- og Ása- hreppa.
10. *Eyjafjallakjördæmi,* nær yfir Fljótshlíðar-, Vestur-Landeyja-, Austur-Landeyja-, Vestur-Eyjafjalla og Austur-Eyjafjalla- hreppa.
11. *Vestmannaeyjakjördæmi,* nær yfir Vestmannaeyjar.
12. *Síðumannakjördæmi,* nær yfir Dyrhóla-, Hvamms-, Skaftártungu-, Álfta-

vers-, ‚Leiðvalla-, Kirkjubæjar-. Hörgslands-, Hofs-, Borgarhafnar-. Mýra- og Nesja- hreppa.

13. *Breiðdalskjördæmi,* nær yfir Bæjarhrepp í Skaftafellssýslu, Geithellna-, Beruness-, Stöðvar-, Breiðdals-, Skriðdals-, Valla- og Eyða- hreppa.
14. *Fjarðakjördæmi,* nær yfir Fáskrúðsfjarðar-, Búða-, Reyðarfjarðar-, Helgastaða-, Eskifjarðar-, Norðfjarðar-, Nes- og Mjóafjarðar- hreppa.
15. *Seyðisfjarðarkjördæmi,* nær yfir Seyðisfjarðarkaupstað, Seyðisfjarðarhrepp, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar- og Hjaltastaða- hreppa.
16. *Hjeraðskjördæmi,* nær yfir Fljótsdals-, Fella-, Tungu-, Hliðar-, Jökuldals-, Vopnafjarðar- og Skeggjastaða- hreppa.
17. *Sljettukjördæmi,* nær yfir Sauðaness-, Svalbarðs-, Presthóla-, Fjalla-, Axarfjarðar-, Keldunesshreppa, svo og Tjörnes- og Húsavíkur- hreppa.
18. *Mývatnskjördæmi,* nær yfir Aðaldæla, Reykdæla-, Skútustaða-, Bárðdæla-, Ljósavatns- Flateyjar-, Háls-, Grýtubakka og Svalbarðsstrandar- hreppa.
19. *Eyjafjarðarkjördæmi,* nær yfir Öngulstaða-, Saurbæjar-, Hrafnagils-, Glæsibæjar-, Öxnadals-, Skriðu- og Arnarnes- hreppa.
20. *Akureyrarkjördæmi* nær yfir Akureyrarkaupstað.
21. *Svarfdælakjördæmi* nær yfir Árskógs-, Svarfaðardals-, Þóroddstaða-, Hvanneyrarhreppa, svo og Grímsey.
22. *Hólakjördæmi,* nær yfir Holts-, Haganess-, Fells-, Hofs-, Hóla-, Viðvíkur- og Akra- hreppa.
23. *Skagafjarðarkjördæmi,* nær yfir Lýtingsstaða-, Seilu-, Staðar-, Sauðárkróks-, Skarðs-, Skefilsstaða- og Rípur- hreppa.
24. *Húnavatnskjördæmi,* nær yfir Vindhælis-, Engihlíðar-, Bólstaðarhlíðar-, Svínavatns-, Torfalækjar-, Sveinsstaða- og Ás-hreppa.
25. *Miðfjarðarkjördæmi,* nær yfir Þorkelshóls-, Þverár-, Kirkjuhvamms-, Ytri-Torfustaða, Fremri-Torfustaða- og Staðar- hreppa.
26. *Strandakjördæmi,* nær yfir Bæjar-, Óspakseyrar-, Fells-, Kirkjubóls-, Hrófbergs-, Kaldrananess- og Árneshreppa, svo og Grunnavíkurhrepp og Sljettuhrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu.
27. *Ísafjarðarkjördæmi,* nær yfir Snæfjalla-, Nauteyrar-, Reykjarfjarðar-, Ögur-, Súðavíkur- og Hólshreppa í Norður-Ísafjarðarsýslu.
28. *Skutulsfjarðarkjördæmi,* nær yfir Ísafjarðarkaupstað svo og Eyrarhrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu.
29. *Dýrafjarðarkjördæmi,* nær yfir Suðureyrar-, Mosvalla-, Mýra-, Þingeyrar- og Auðkúlu- hreppa.
30. *Barðastrandarkjördæmi,* nær yfir Suðurfjarðar-, Dala-, Tálknafjarðar-, Patreks-, Rauðasands-, Barðastrandar- og Flateyjar- hreppa.
31. *Dalakjördæmi,* nær yfir Múlahrepp, Gufudals-, Reykhóla- og Geiradalshrepp í Barðastrandarsýslu, og yfir Dalasýslu alla (Saurbæjar-, Skarðsstrandar-, Fellsstrandar-, Hvamms-, Laxárdals-, Haukadals-, Miðdala- og Hörðudals- hreppa).
32. *Snæfellingakjördæmi,* tekur yfir Skógarstrandar-, Helgafells-og Stykkishólmshreppa, Eyrarsveit, Fróðárhrepp, Ólafsvíkurhrepp, Neshrepp utan Ennis og Breiðuvíkurhrepp.
33. *Mýrakjördæmi* tekur yfir Staðarsveit, Miklaholtshrepp, Eyjahrepp og Kolbeinsstaðahrepp úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, svo og Mýrasýslu

alla (Hraun-, Álftaness-, Borgar-, Borgarness-, Stafholtstungna-, Norðurárdals-, Þverárhlíðar- og Hvítársíðu- hreppa).

34. *Borgarfjarðarkjördæmi* tekur yfir Borgarfjarðarsýslu alla (Hálsa- Reykholtsdals-, Lundareykjadals-, Andakíls-, Skorradals-, Strandar-, Leirár- og Mela-, Skilmanna-, Innri-Akraness- og Ytri-Akranes- hreppa).

8. gr.

Í hverjum hreppi skal vera kjörstjórn, og sitja í henni hreppstjóri (sjeu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Hreppstjóri skal vera oddviti kjörstjórnar. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórnin kjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn kjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild.

9. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal vera yfirkjörstjórn fyrir þau kjördæmi, sem lögsagnarumdæmið nær yfir, og sitja í henni tveir menn auk oddvita.

Oddviti yfirkjörstjórnar er sýslumaður eða bæjarfógeti í því lögsagnarumdæmi, sem kjördæmið liggur í. Þar sem takmörk kjördæma falla eigi saman við takmörk lögsagnarumdæma, er sá sýslumaður eða bæjarfógeti oddviti yfirkjörstjórnar, sem lögsögu hefir í meiri hluta kjördæmisins.

Hina yfirkjörstjórana tvo kjósa sýslunefndir eða bæjarstjórnir þær, er í kjördæmunum eru, þannig, að sje kjördæmið í tveim sýslufjelögum eða í sýslufjelagi og bæjarfjelagi, þá kýs sinn hvort úr sínum flokki; ella kýs sýslunefnd eða bæjarstjórn annan úr sínum flokki, hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn í kjöri við alþingiskosning í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.

Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sjeu varamennirnir báðir úr flokki sýslunefndar eða bæjarstjórnar, þá sá, er eldri er. Nú víkur oddviti sæti úr yfirkjörstjórninni meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af stjórnarráðinu, og bóka í hana allar gerðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Samning kjörskrár.

10. gr.

Kjörskrá til óhlutbundinna kosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Í Reykjavík skal semja sjerstaka kjörskrá fyrir hvert kjördæmi, sem í kaupstaðnum er. Kjörskrá skal samin í janúarmánuði ár hvert, og gildir frá 1. júlí það ár til 30. júní næst á eftir. Hún skal vera fullbúin 1. febrúarmán., og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hrepp eða kaupstað.

11. gr.

Á kjörskrá skal taka alla þá, er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrjett hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fullnægja skilyrðum fyrir því að geta neytt kosningarrjettar fyrir 1. júlímán. næst á eftir. Rita skal í sjerstaka dálka fult nafn kjósenda eftir stafrófsröð, heimili, stjett og aldur.

12. gr.

Í fyrri hluta maímánaðar ár hvert skal semja aukakjörskrá, og skulu á hana settir þeir, sem að vísu hafa ekki kosningarrjett þegar kjörskráin gengur í gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum fyrir kosningarrjetti einhverntíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrjett. Á þá skrá skulu þeir og settir, er eigi var vitanlegt um, þegar aðalkjörskrá var samin, að þeir mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí, og sömuleiðis þeir kjósendur, er láðst hefir að setja á aðalkjörskrá, og einhverra orsaka vegna ekki hafa átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

13. gr.

Fjórtán dögum áður en aðalkjörskrá er fram lögð, skal auglýsa, hvar það verður gert, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

14. gr.

Áður en þrjár vikur eru liðnar frá því, er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sje slept af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sje kæran um það, að einhver sje á skrá tekinn, sem eigi hafi rjett til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda þeim, er kærður er, eftirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

15. gr.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem

haldinn sje áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gerðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar.

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá þá, sem um ræðir í 12. gr., skal fara sem við aðalkjörskrána, en þó þannig, að frestir allir sjeu $^1/_3$ styttri og að samrit aukakjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gerð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn.

16. gr.

Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra stjórnarráðinu frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti.

17. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Rjettargjöld skulu engin greidd fyrir undirrjetti, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

18. gr.

Samkvæmt aðalkjörskrám og aukakjörskrám skulu allar kosningar til alþingis fara fram á því ári. Þeir menn er standa á aukakjörskrá (12. gr.), hafa rjett til að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kjördag hafa fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftar en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

19. gr.

Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboði skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku, um að þeir styðji kosningu þess.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni, en alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

Enginn má gefa kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

Nú deyr frambjóðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu 3 sólarhringum fyrir það tímamark, og má þá annar maður innan 8 daga bjóða sig fram til þingmensku, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Ef fresta þarf kosningu í kjördæminu af þessum ástæðum, stofnar stjórnarráðið til nýrrar kosningar á þann hátt, sem fyrir er mælt í 54. gr. kosningarlaganna.

20. gr.


Hvert þingmannsefni á rjett á, sje hann eigi sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hreppi umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rjett til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

21. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (19. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir umdæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi nema einn maður boðið sig fram til kosningar í kjördæminu, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefnið kosið. Stjórnarráðið annast prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnum. Kjörseðlar skulu búnir til úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannaefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Eigi skal fullgera fleiri seðla en þá, er sendir verða kjörstjórnum í hreppunum, og skal yfirkjörstjórn forðast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá.

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje $2^1/_2$ cm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3 cm. á breidd, og í honum miðjum hvítir kringlóttir reitir, $^1/_2$ cm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



Kjörseðlar skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje, að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

22. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal hreppskjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sje að senda hraðboða með þá, en kjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10% fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

23. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fóðruð sterku ljerefti og með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 4 umslög og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: »ógildir seðlar« og á tvö: »afgangsseðlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hvorri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin sjeu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt ljereftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri hreppskjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

Kjördagur.

24. gr.

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn fyrsti vetrardagur.

Bæði er þetta á sjer stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

25. gr.

Kjörstaður í hverjum hreppi skal að jafnaði vera þingstaður hreppsins. Ef gallar á herbergjum á þingstaðnum eða önnur atvik gera það torvelt að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sje sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sje kjörþing haldið annarsstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

26. gr.

Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sje eigi á slíku völ, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað sjeð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sje auðið að stinga kjörseðli út að gluggaanum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

27. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppsnefnd atkvæðakassana, er landsstjórn hefir útvegað í fyrstu. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sje 15,7 cm. löng, 6,5 mm. víð að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir ljereftspokar, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana, er kjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar.

Kostnaður við þetta greiðist úr landssjóði í fyrsta sinn, en ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, sem hreppstjóri eða bæjarfógeti skal vandlega geyma, kostar sveitar- eða bæjarsjóður þá endurnýjun.

Kosningarathöfnin.

28. gr.

Á hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir kjörstjórarnir; sjeu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar.

29. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

30. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 20. gr.), sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

31. gr.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn, þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra undir. Þvínæst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í brjefi því, er yfirkjörstjórnin skal láta fylgja hverjum seðlaböggli Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

32. gr.

Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörslu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sje ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger að fá inn með sjer 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sje sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

33. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu, og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns fylgi endurritinu af kjörbókinni.

34. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið), að borði því, er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan það nafn, sem kjósandinn vill velja, með svörtum stimpli, sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 sentimeter að þvermáli. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn, svo að hvergi sjer í hann auðan, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman í sama brot, er hann var í, er hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni útvega stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 27. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sje eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn metur gilda ástæðu, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

35. gr.

Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gjöra merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

36. gr.

Aður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra gæta þess, að kassinn sje tómur, og síðan læsa honum.

37. gr.

Engin merki má á seðilinn gera, önnur en að stimpla yfir auða reitinn hvorki rispu nje blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún svarta bordans, er slíkur seðill ógildur.

38. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur, og má eigi leggja hann í atkvæðakassann. Sama er og ef kjósandi setur skakt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá. Hvort heldur af þessu á sjer stað, skulu seðlarnir afhentir kjörstjórninni, sem skráir athugasemd um það í kjörbókinni. Skulu þessir kjósendur því næst víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og atkvæðagreiðslunni haldið áfram uns allir kjósendur, þeir er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, uns atkvæðagreiðslu er lokið.

39. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða 1/4 klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 3 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum, nema allir kjósendur sem á kjörskrá standa hafi neytt atkvæðisrjettar.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 38. gr., fyrri málsgrein, og þeim fengnir nýjir seðlar, til að greiða atkvæði á, á meðan seðlaforðinn endist.

40. gr.

Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna eiga rjett á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sjer lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir þingmannsefni eða umboðsmanni hans eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrjett, og á hann þá rjett á að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

41. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar þegar taka atkvæðakassann, án þess að opna hann, og að meðkjörstjórum, þingmannaefnum og umboðsmönnum þeirra ásjáandi, vefja ljerefti eða öðru slíku haldgóðu efni vandlega utan um hann á alla vegu og binda utan um; láta síðan kassann, þannig útbúinn, ofan í ljereftspoka þann, sem honum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki er hnýtt saman, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið og pokann, sem næst hnútnum; sömuleiðis eiga þingmannaefni og umboðsmenn, sem viðstaddir eru, rjett á, að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins.

Þá skal oddviti leggja í umslag sjer alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið (38. gr.), og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

42. gr.

Til alls þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvort umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni.

43. gr.

Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórarnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, sjeu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir þingmannsefni eða umboðsmann áhrærandi kosningargjörðina, á hann rjett á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

44. gr.

Þegar búið er að loka báðum umslögunum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin leggja þau ásamt lyklinum að atkvæðakassanum þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga þingmannaefni og umboðsmenn þeirra rjett á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með brjefið, atkvæðakassann og kjörbókina í vatnsheldum umbúðum til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

45. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógild samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 40. og 49. gr. kosningarlaganna, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu svo fljótt sem verða má.

46. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, kveður þá undirkjörstjórn til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem mælt er fyrir um í öðrum málslið 52. gr. þessara laga.

Kosningarúrslit.

47. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningunum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin.

48. gr.

Þingmannsefni hvert hefir rjett á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er hann bauð sig fram í, sje hann eigi sjálfur viðstaddur. Að öðru leyti skal athöfn þessi fram fara fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sje ekki þingmannsefni eða umboðsmenn hans viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

49. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsiglin sjeu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum helt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið, sem við er merkt á hverjum seðli, og rjettir hann jafnótt þingmannaefnum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sje ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers þingmannsefnis eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sje gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í 2 sjerstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti þingmannaefna og umboðsmanna, og lýsir þann kosinn, sem hlotið hefir flest atkvæði, er hún telur gild.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra rjett á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir stjórnarráðinu eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem stjórnarráðið því næst leggur fyrir alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við þeim. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur það einnig fyrir þingið.

50. gr.

Hafi tvö þingmannaefnin eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sje kosinn.

51. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni kjörbrjef, samið samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið segir fyrir um, og senda stjórnarráðinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

52. gr.

Nú ferst kosning fyrir í hreppi á hinum ákveðna degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt, sem verða má.

Undir eins og kjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar í hreppnum eða kaupstaðnum, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðasending eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

53. gr.

Sje atkvæðasending frá einhverjum kjörstað eigi komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 47. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, eftir því sem auðið er, hve nær sendingin verði opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

Uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

54. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg, eða þingmannssæti autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá stjórnarráðið fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur það þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal það auglýsa fyrirskipun sína í B-deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnum þau gögn er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

55. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

56. gr.

Hvenær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrám þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

Kostnaður.

57. gr.

Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis o. fl.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

Kærur um kjörgengi.

58. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan 14 daga frá því, er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til stjórnarráðsins. Sendir stjórnarráðið þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir alþingi.

II. Hlutbundnar kosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

59. gr.

Við hlutbundnar kosningar, er fram eiga að fara um land allt í einu lagi á þingmönnum til efri deildar alþingis, eiga kosningarrjett og kjörgengi allir hinir sömu, konur og karlar, sem kosningarrjett hafa og kjörgengi sam-

kvæmt 1.—6. gr., ef náð hafa fullum 35 ára aldri þá er kosning fer fram, en að öðru leyti með sömu skilyrðum.

Kjörstjórn.

60. gr.

Þegar hlutbundnar kosningar eiga að fara fram á landskjörnum þingmönnum, skipar ráðherra í tæka tíð landskjörstjórn, sem situr í Reykjavík. Í henni skulu sitja þrír menn, og kjósa þeir sjer sjálfir oddvita. Jafnframt skipar ráðherra 2 menn til vara og taka þeir sæti í forföllum hinna í þeirri röð, er útnefning þeirra greinir.

Enginn má sitja í landskjörstjórn, sem er þingmannsefni við þá kosning. Landskjörstjórn undirbýr kosninguna. Hún skal hafa gerðabók löggilta af stjórnarráðinu og bóka í hana allar gerðir sínar, móttöku framboðslista, útsending og viðtöku kjörseðla, brjef, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Kjörstjórnir við hlutbundnar kosningar eru hinar sömu og við hinar óhlutbundnu kosningar til alþingis.

Kjörskrár.

61. gr.

Það ár, sem fram á að fara hlutbundin kosning landskjörinna þingmanna skulu bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum semja, jafnhliða hinum árlegu kjörskrám, skrá yfir alla þá, er kosningarrjett hafa til landskosninga í kaupstaðnum eða hreppnum. Um samning, framlagning og aðfinslur við þessar kjörskrár gilda allar sömu reglur sem um hinar árlegu kjörskrár. Um aukakjörskrár til þessarar kosningar gilda og hinar sömu reglur sem um hinar árlegu aukakjörskrár.

Kjördagur, þingmannaefni, umboðsmenn.

62. gr.

Kjördagur skal að jafnaði vera 1. ágúst árið áður en skifti verða á landskjörnum þingmönnum í efri deild. 8 vikum fyrir kjördag skulu landskjörstjórninni í Reykjavík afhentir listar með nöfnum þingmannaefna þeirra, sem fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknuð svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja listanum til yfirkjörstjórnar. Berist landskjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burtu af listanum og eigi prenta það á þann lista. Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá nema nafnið burtu af öllum listunum.

A framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn þingmannaefna en kjósa á þingmenn í hvert skifti, með því að aðalþingmenn og varaþingmenn skulu kosnir á sama lista, án nokkurrar greiningar fyrir fram. Gildur er framboðslisti þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 170 kjósenda í landinu um að þeir styðji þann lista. Af þessum kjósendum skulu að minsta kosti 60 vera úr fyrverandi Suðuramti, 30 úr fyrverandi Austuramti og 40 úr fyrverandi Norðuramti og Vesturamti, hvoru um sig.

Listar skulu afhentir formanni landskjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá með bókstöfunum A, B, C o. s. frv., eftir því, sem þeir berast honum.

63. gr.

Á hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum viðvíkjandi, er landskjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum umboð til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð á hinum einstöku kjörstöðum, til þess að gæta þess að alt fari löglega fram. En skyldir eru þeir að hlýða fundarreglum, er kjörstjórnir setja, og bera þeir í öllum þessum gerðum ábyrgð fyrir misfellur sem opinberir sýslunarmenn fyrir afbrot í embættisfærslu.

Undirbúningur af hálfu landskjörstjórnar.

64. gr.

Oddviti landskjörstjórnar skal kveðja landskjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er frestur sá, sem settur er í 62. gr. fyrir afhending framboðslista, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Sjeu gallar, er landskjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal landskjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þingmannaefna á hverjum lista og bókstaf hvers lista. En hafi eigi nema einn listi, er gildur er tekinn, komið til landskjörstjórnarinnar í tæka tíð, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir landskjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

65. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir upp þannig, að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefnanna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera skammstafað, á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skír stryk til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannaefnanna á hverjum lista aðskilin með þverstrykum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess stryks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappír, og skal landskjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar, en þeir er sendir verða kjörstjórnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

66. gr.

Áður en framboðsfrestur er liðinn, skal stjórnarráðið senda landskjörstjórn skrá, er sýni tölu kjósenda í hverju lögsagnarumdæmi landsins. Svo löngu fyrir kjördag, að vissa sje fyrir að seðlarnir komi í tæka tíð, skal landskjörstjórn senda sýslumönnum og bæjarfógetum í ábyrgðarsendingu jafnmarga kjörseðla og kjósendur eru í lögsagnarumdæmi hvers þeirra og 10% umfram, ásamt hæfilega mörgum listum með nöfnum þingmannaefna. Þeirri sendingu skulu og fylgja nægilega mörg umslög til handa kjörstjórnum, eins og um getur í 23. gr. laga þessara.

Þegar eftir móttöku þessarar sendingar sendir sýslumaður eða bæjarfógeti kjörstjórnum þeim öllum, sem eru í lögsagnarumdæmi hans, án tillits til kjördæmaskipunar, með hraðboða, ef á þarf að halda, jafnmarga kjörseðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hverju umdæmi og 10% umfram. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er sýslumaður eða bæjarfógeti innsiglar með embættisinnsigli sínu, svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlunum án þess að brjóta innsiglið. Geyma skal svo kjörstjórn kjörseðlaböggul óopnaðan til kjörfundar. Brjóti nokkur innsigli fyrir kjörseðlasendingu eða hefti ferð hennar af ásettu ráði, varðar það sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Kjörstaður, kjörherbergi og atkvæðakassar.

67. gr.

Um kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakassa fer eftir fyrirmælum 25.—27. greinar í lögum þessum.

Kosningarathöfnin.

68. gr.

Kosning fer fram á þann hátt, sem segir í 28.—46. gr. laga þessara, með þeirri breytingu, að kjósandi markar kross, rjettan kross eða skákross,

við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði, en að öðru leyti fer eftir því sem samrýmst getur fyrirmælum nefndra lagagreina. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kýs, má hann stryka það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi stryk mega vera hvort heldur þverstryk eða langstryk yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölstafinn við nöfnin og útstrykun nafna, skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig samanbrotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi hagga neitt við hinum listunum, sem hann ekki kýs, hvorki stryka út á þeim eða setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki önnur en tjeð kosningarmerki á lista þann, sem hann kýs, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

Jafnskjótt og kosningu er lokið, skal kjörstjórnin senda atkvæðakassann, eftirrit af kjörbókinni og önnur þau plögg, sem getur um í 44. gr. laga þessara, til sýslumanns eða bæjarfógeta þess, er lögsögu hefir yfir þeim kjörstað, þótt í öðru kjördæmi sje. Þá er hann hefir meðtekið alla atkvæðakassana úr lögsagnarumdæmi sínu, kveður hann til tvo votta, svo og umboðsmenn listanna, ef tilnefndir hafa verið, en sje svo eigi, tilnefnir hann auk þeirra einn valinkunnan mann fyrir hvern lista. Í viðurvist þessara manna opnar hann alla atkvæðakassana, eftir að hann ásamt þeim hefir rannsakað ástand kassanna með umbúðum; tæmir síðan kassana, telur seðlana án þess að skoða nokkurn seðil og lætur þá í einn kassa, er sje svo stór að hann taki alla seðlana. Að því búnu skal loka kassanum, láta hann í sterkan vatnsheldan poka, binda vandlega fyrir og forsigla hann með embættisinnsiglinu, og senda hann síðan sem ábyrgðarsendingu með fyrstu póstferð eða póstskipsferð til landskjörstjórnarinnar í Reykjavík. Sendingunni skal fylgja brjef og endurrit af kjörbókum kjörstjórnanna, svo og lykill að kassanum í sjerstöku forsigluðu umslagi. Alt það, sem gerst hefir, svo sem skoðun og lýsing á sendingunum frá undirkjörstjórnum, skýrsla um tölu seðla þeirra, sem í kassanum eru o. s. frv., skal bókað í yfirkjörstjórnarbók lögsagnarumdæmisins, og skal endurrit úr henni fylgja sendingunni.

69. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í landinu og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns fylgi eftirritinu af kjörbókinni.

Kosningarúrslit.

70. gr.

Landskjörstjórnin í Reykjavík skal boða með viku fyrirvara að minsta kosti stað og stund, hvenær hún kemur saman til þess að opna atkvæðakassa og telja saman atkvæði. Umboðsmenn hvers lista, sem í kjöri er, eiga rjett á að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir, þegar atkvæðasendingar eru opnaðar og atkvæði saman talin. Sjeu ekki viðstaddir umboðsmenn fyrir hvern lista, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

71. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar landskjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverju lögsagnarumdæmi, eftir að umboðsmönnum hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli sjeu ósködduð. Jafnskjótt og hver atkvæðasending er opnuð, skulu kjörseðlar þeir, sem í henni eru, látnir óskoðaðir í hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir kjörseðlakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að kjörseðlarnir blandist vel saman. Því næst opnar formaður landskjörstjórnarinnar ílátið, tekur upp einn og einn seðil í einu og les upp listabókstaf þann, er hefir verið við krossað á kjörseðlinum. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fulltrúum listanna, og leggur þá svo frá sjer, þannig að þeir kjörseðlar, sem sami listabókstafur er auðkendur á, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hve margir seðlar fari í hvern bunka.

72. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef hert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,
4. sett á hann stryk eða rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
5. notað annan seðil en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir meingallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðamagn listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum þeim, er sýslumenn og bæjarfógetar gefa samkvæmt 68. gr. um kjörseðlafjölda úr hverju lögsagnarumdæmi. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

73. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni ásamt varaþingmönnum hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn og varaþingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti landskjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna og varaþingmanna sem á að kjósa, þannig, að það sje jafnt tölu þeirra, sem kjósa á, að frádreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupphæðina á hverjum lista, eru aðalþingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

74. gr.

Hver listi, sem hlotið hefir landskjörinn þingmann eða þingmenn, hefir rjett til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, er ekki hefir hlotið aðalþingmann, hefir ekki rjett til varamanns, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og aðalþingmennina, þannig að þeir eru tilnefndir varaþingmenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn eða varaþingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

Síðan lýsir landskjörstjórnin yfir því, hvernig kosning hefir fallið, gefur þingmönnum kjörbrjef og varaþingmönnum skilríki fyrir því, að þeir sjeu kjörnir til þess starfs. Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli landskjörstjórnar, og eiga umboðsmenn framboðslista rjett á einnig að setja innsigli sín fyrir þau.

Landskjörstjórn sendir síðan landsstjórninni eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, en stjórnin leggur þá fyrir alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og þeir bárust henni. Eftirritið af kjörbókinni og önnur kjörgögn leggur landsstjórnin einnig fyrir þingið.

75. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi sýslumanni, er tilkynnir það landskjörstjórninni, er þá sendir nýja kjörseðla svo fljótt sem verða má. Undir eins og kjörstjórn fær hina nýju kjörseðla, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili. Komi atkvæðasending eigi til skila til hlutaðeigandi sýslumanns eða til landskjörstjórnar, eftir að kosning hefir farið fram, lætur landskjörstjórn nýjar kosningar fara fram í hreppnum eða lögsagnarumdæminu á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

76. gr.

Sje atkvæðasending úr einhverju lögsagnarumdæmi eigi komin til landskjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 70. gr., skal fresta upptalningu atkvæða þar til atkvæðasendingin er komin. Komi atkvæðasending ekki í tæka tíð, er stjórnarráðinu skylt að gjöra þær ráðstafanir til að ná atkvæðasendingunni, sem landskjörstjórn óskar eftir. Auglýsa skal umboðsmönnnum listanna, eftir því, sem auðið er, hvenær atkvæði verða talin upp, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

77. gr.

Nú deyr einhver landskjörinna þingmanna eða fer frá áður en kjörtímabil hans er á enda, og tekur þá sæti hans sá varaþingmaður, sem næsta hafði atkvæðatölu á þeim lista, er hinn dáni eða fráfarni var kosinn á. Hafi hlutaðeigandi varaþingmaður verið kosinn alþingismaður í einhverju kjördæmi, tekur hann engu að síður autt sæti aðalmanns, en stjórnarráðið hlutast til um nýja kosningu í því kjördæmi, er hann var fulltrúi fyrir. Nú er enginn varamaður til á lista til að taka autt sæti aðalþingmanns, og fyrirskipar þá stjórnarráðið kosning á þeim þingmanni eða þingmönnum og varaþingmönnum, er vanta í hið auða eða hin auðu sæti svo fljótt sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveður kjördag, og má stytta fresti þá, er ákveðnir eru í lögum þessum, ef þörf gerist. Að öðru leyti fer um hina nýju kosningu eins og lög þessi mæla fyrir um kosning landskjörinna þingmanna. Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni eða hinir nýkosnu koma í staðinn fyrir.

78. gr.

Kjörstjórnir fá borgun fyrir starf sitt og tilkostnað samkvæmt 57. gr. Sýslumenn og bæjarfógetar fá kostnað sinn til sendiferða, ritfanga o. fl. greiddan úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Kjörstjórar í landskjörstjórn eiga rjett á að fá hæfilega þóknun fyrir starf sitt, svo og kostnað við útbúning kjörseðla, sendiferðir, húsnæði o. fl., eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar, og greiðist sá kostnaður úr landssjóði.

79. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan 2ja mánaða frá því, er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni landskjörstjórnar kæru í tveimur samritum og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til stjórnarráðsins. Sendir stjórnarráðið þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir alþingi, sem úrskurðar kosninguna.

III. Atkvæðagreiðsla sjómanna.

80. gr.

Sjómenn, sem atvinnu sinnar vegna geta ekki mætt sjálfir á kjörþingi í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og nota ekki hinn almenna rjett til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað samkvæmt fyrirmælum 33. gr. og 69. gr. í lögum þessum, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til alþingis á þann hátt að senda hreppstjóra eða bæjarfógeta í því umdæmi, þar sem þeir standa á kjörskrá, atkvæðaseðil samkvæmt reglum þeim, er settar eru í þessum kafla.

Sjómenn kallast í lögum þessum allir þeir, sem sigla á eigin skipi sem skipstjórar eða skipshöfn eða með samningi eru ráðnir á skip án tillits til hvaða starf þeir inna af hendi á skipinu.

81. gr.

Stjórnarráðið annast um útvegun kjörseðla svo og fylgibrjefa þeirra og umslaga, er þar til heyra, á kostnað landssjóðs. Kjörgögn þessi skulu ætíð fást hjá öllum lögreglustjórum og umboðsmönnum þeirra, er afgreiða skip, og skulu að jafnaði vera nægar birgðir af þeim á hverju íslensku skipi.

Eyðublöð undir kjörseðla skulu vera úr haldgóðum hvítum pappír án nokkurrar áletrunar eða einkenna.

Umslögin um þá skulu vera ógagnsæ og hæfilega stór.

Eyðublöð undir fylgibrjefin með kjörseðlunum og vottorð þau, sem heimtuð eru, semur stjórnarráðið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum kafla er því að eins gild að notaðir sjeu hinir fyrirskipuðu atkvæðaseðlar, umslög og fylgibrjef.

82. gr.

Við óhlutbundnar kosningar skal kjósandinn rita á atkvæðaseðilinn nafn þess þingmannsefnis í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Við hlutbundnar kosningar ritar hann bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum kafla, mega ekki greiða atkvæði meira en 6 vikum á undan kjördegi, og telst atkvæðið greitt þann dag, er fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðillinn gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

83. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal í einrúmi og án þess nokkur sjái rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis eða listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hann vill — á kjörseðilinn, leggja hann því næst inn í þar til gert umslag og líma það aftur. Hann útfyllir því næst og undirskrifar fylgibrjefið, en kjörseðilinn má hann ekki undirskrifa.

Í fylgibrjefinu skal kjósandinn gefa nákvæmar upplýsingar um nafn sitt, stöðu og heimili í hreppnum eða kaupstaðnum svo og um þau atvik, er því valda, að hann getur ekki mætt sjálfur á kjörstaðnum til að greiða atkvæði, og skal hann jafnframt staðfesta með drengskaparvottorði að hann þvingunarlaust, í einrúmi og án þess nokkur maður hafi sjeð, hafi útfylt kjörseðilinn, lagt hann í umslagið og límt það aftur.

Á fylgibrjefið skal vera ritað vottorð um að undirskrift og dagsetning sje rjett, að kjörseðillinn sje útfyltur í einrúmi og kjósandinn sje ráðinn á skip. Vottorð þetta á að vera undirritað af skipstjóra á íslensku skipi ásamt einum manni af skipshöfninni sem tilkvöddum vitundarvotti, eða af sýslumanni, umboðsmanni hans, er fæst við skipaafgreiðslu, eða hreppstjóra.

Þá er skipstjórinn sjálfur vill greiða atkvæði og ekki getur náð til sýslumanns eða hreppstjóra, þá skal vottorðið gefið af þeim, er í hans stað gengur á skipinu.

Þá er vottorðið er gefið af skipstjóra eða þeim, er í hans stað gengur á skipinu, skal geta um atkvæðagreiðsluna í dagbók skipsins; þar skal skýrt frá fullu nafni kjósandans, í hvaða umdæmi hann stendur á kjörskrá og hver hafi verið tilkvaddur sem vitni að undirskrift hans.

Umslagið með kjörseðlinum og fylgibrjefið skal kjósandinn því næst láta í sjerstakt þar til gert umslag, loka því og rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið að í því liggi atkvæðaseðill og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins.

84. gr.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi tölurröð; skal geta þess við hvert brjef, hvenær tekið hafi verið á móti því og setja á það tilsvarandi tölunúmer.

Skrá þessa ásamt brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega að hún sje komin í hendur henni áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef er þar á eftir koma til kjörstjórnarinnar en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi tölurröð án þess þó að innfærast á skrána og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

85. gr.

Aður en atkvæðagreiðsla byrjar opnar kjörstjórnin fylgibrjefin, rannsakar hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo reynist, setja meðkjörstjórarnir merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá eða að hann sje búinn að greiða atkvæði eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, sbr. 33. og 69. gr., eða kjörstjórnin hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin umslagið með atkvæðaseðlinum og fylgibrjefið aftur inn í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er annað en fylgibrjefið og eitt umslag, eða ef sjáanlegt er að ekki hafa verið notuð þau umslög og eyðublöð, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir þeim reglum við atkvæðagreiðsluna, sem fyrir er mælt í þessum kafla.

Þau atkvæðaumslög, sem tekin eru gild, eru því næst lögð í atkvæðakassann um leið og atkvæðagreiðsla byrjar.

Þau umslög sem kjörstjórninni eru afhent eftir að atkvæðagreiðsla er byrjuð eru rannsökuð á sama hátt öll í einu, og þau, sem gild eru tekin, lögð í kjörkassann áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

86. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt þessum kafla eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.
2. Þegar í atkvæðaumslaginu er annað en einn atkvæðaseðill,
3. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðsluna atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir látið gjöra, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 82. gr. eða á seðilinn eru sett stryk eða merki, er ætla má að sjeu sett til að gjöra hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur þótt á honum standi auk listabókstafsins orðið: »listabókstafur«, ef ekki verður álitið að það sje gjört til að gera seðilinn auðkennilegan.

87. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi, skal gæta þess, að til sjeu á skipinu nægar birgðir af eyðublöðum undir kosningaseðla, og fylgibrjef með tilheyrandi umslögum, og í híbýlum skipshafnarinnar á skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu sjómanna, sem stjórnarráðið semur. Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um aðstoð við atkvæðagreiðsluna eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því að eins að nauðsynleg störf á skipinu, sem ekki þola bið, hindri. Brot gegn þessu varðar alt að 100 kr. sektum, er renna í landssjóð.

88. gr.

Fyrir afhending kjörseðla og vottorð þau, er ræðir um í þessum kafla laganna, greiðast engin gjöld.

IV. Almenn ákvæði.

89. gr.

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til alþingis fara venjulega fram 6. hvert ár.

Þá er almennar kosningar eiga fram að fara, af því liðinn er kjörtími landskjörinna þingmanna til efri deildar eða kjördæmakosinna alþingismanna, skipar konungur fyrir um nýjar kosningar.

90. gr.

Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tið og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 króna sekt fyrir hvern dag, er fram yfir líður. Stjórnarráðið úrskurðar dagsektir og gerir ráðstafanir til að þær verði innheimtar með lögtaki, og getur það á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs þess, er í hlut á, gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að kjörskrá sje samin svo fljótt, sem kostur er á.

91. gr.

Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10 til 200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 87. gr., renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

92. gr.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosning til alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rjetti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

93. gr.

Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósenda meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðisseðil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í kjörkassann, skal sæta sektum eða fangelsi.

Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða gjöri sig seka í frekari rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, ef miklar sakir eru. Sömu hegningu skal það varða, ef einhver af ásettu ráði tefur fyrir sending atkvæðakassa eða skemmir eða glatar atkvæðasending.

94. gr.

Hver, sem býr til kjörseðla er líkjast kjörseðlum þeim, er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sjer, svo að aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

95. gr.

Með lögum þessum eru feld úr gildi:

18. gr. í lögum nr. 16, 14. septbr. 1877, um kosningar til alþingis.

Lög nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til alþingis.

Lög nr. 15, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um kosningar til alþingis frá 3. október 1903.

Lög nr. 18, 20. október 1913, um breyting á lögum nr. 18, 3. okt. 1903, um kosningar til alþingis.

96. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desbr. 1914.

Ákvæði um stundarsakir.

Kosning á þeim 6 landskjörnu þingmönnum til efri deildar og 6 varamönnum, sem fram á að fara í fyrsta skipti eftir að lög þessi öðlast gildi, skal fara fram í síðari hluta marsmánaðar 1915, en kosning hinna 34 þingmanna, er kjósa á í kjördæmum landsins, fer fram 1.—10. júní sama ár.

Við kosningar þessar skal fara eftir þeim kjörskrám og aukakjörskrám sem semja á samkvæmt 10., 12. og 61. gr. laga þessara í janúar og maímánuðum næsta ár, en í þetta skifti skal á kjörskránum tilgreina við alla þá, sem hafa ekki öðlast kosningarrjett þann dag, er kjörskráin er lögð fram, þann dag, sem hver þeirra öðlast kosningarrjettinn, og hafa þeir þá rjett til að greiða atkvæði, ef þeir fullnægja skilyrðum fyrir kosningarrjetti á kjördegi.

Konungur ákveður kjördaginn innan þeirra takmarka, sem að framan eru sett, og skipar fyrir um kosningarnar, og má stjórnarráðið, ef þurfa þykir, stytta alla fresti um framlagning kjörskrár, um kærur og úrskurði um kosningarrjett.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingarnar á stjórnarskránni útheimta ekki að eins nýjar reglur um kosning binna landskjörnu þingmanna, sem koma eiga í stað konungkjörinna þingmanna í efri deild alþingis, heldur hafa þær og í för með sjer ýmsar breytingar á ákvæðum gildandi kosningarlaga. Auk þess sem breyta verður ákvæðunum um kosningarrjettarskilyrði og kjörskrár, laga ýmislegt úrelt orðalag o. fl., virðist það liggja í augum uppi, að ákvæðin um rýmkun kosningarrjettarins, sem hafa það markmið að veita öllum landsbúum sem jafnastan rjett til þess að hafa áhrif á löggjöf lands og stjórn, hljóti að leiða með sjer einhvern jöfnuð á því mikla misrjetti, sem nú á sjer stað að því er snertir gildi atkvæðanna í hinum einstöku kjördæmum. Það er ekki gott samræmi í því, að veita almennan kosningarrjett, sem á að ganga jafnt yfir alla, konur og karla, er fullnægja almennum skilyrðum laganna, en þó jafnframt láta haldast þau lög í landi, að atkvæði manna hafi stórkostlega mismunandi afl eða gildi, eftir því hvar í landinu þau eru greidd. Nú kveður svo ramt að slíku, að í einu kjördæmi landsins gildir atkvæði *eins* kjósanda á við 7 kjósendur í öðru kjördæmi; það er sama sem að 14 kjósendur í öðru kjördæminu hafi með höndum eins mikið vald og áhrif á

almenn mál, eins og 98 kjósendur í hinu, þótt þeir í orði kveðnu eigi að hafa jafnan rjett eftir stjórnarskipunarlögum landsins. Þó að munurinn sje ekki svona geysilega mikill nema þegar atkvæðagildi Seyðisfjarðarkjósenda er borið saman við Reykjavíkurkjósendur, þá er hann þó mjög mikill og áþreifanlegur víða um land, enda hefir það margoft verið á prjónunum hjá alþingi hin síðari ár, að bæta úr þessu misrjetti, og koma betri jöfnuði á kjördæmaskipanina í landinu. Stjórninni hefir því þótt rjett að láta ekki hjá líða að taka þetta atriði til athugunar, um leið og kosningarlögin hafa verið endurskoðuð. Það hefir og verið á-litið hentugt að taka upp í kosningarlögin breytingar þær, sem á þeim hafa verið gjörðar bæði 1909 og 1913, og loks hefir þótt ástæða til að auka við þau ákvæðum, er geri sjómönnum, sem ekki geta mætt á kjörstað vegna atvinnu sinnar, mögulegt að neyta kosningarrjettar, á sama hátt og leyft er í ýmsum öðrum löndum.

Í þessu frumvarpi eru settar saman í ein lög um kosningar til alþingis reglurnar um kosningar til beggja deilda, þannig að í fyrsta kafla eru reglur um hinar óhlutbundnu kjördæmakosningar, og þar með ný ákvæði um skipan kjördæma, í öðrum kafla ákvæði um hinar hlutbundnu kosningar til efri deildar, í þriðja kafla reglur um atkvæðagreiðslu sjómanna og loks almenn ákvæði, sem eiga við alla hina undanfarandi kafla.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal það fram tekið, sem nú skal greina:

Um 1.—6. gr.

Hjer eru tekin upp hin nýju kosningarrjettar- og kjörgengisskilyrði samkvæmt 8.—11. gr. í frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903, sem nú liggur fyrir alþingi til fullnaðaraðgjörða.

Síðari málsgrein fyrstu greinar er sett til þess að koma í veg fyrir, að menn undir 40 ára aldri sjeu útilokaðir frá kosningum fyrstu árin fyrir þá sök, að þeir hafa ekki greitt eða greiða ekki 4 kr. útsvar. Eftir orðalagi 10. greinar í stjórnarskrárfrumvarpinu mætti ef til vill fá þann skilning út, að þessir menn væru »nýir kjósendur«, sem hins vegar gæti leitt til misrjettis og gert þá ver setta en þeir hefðu verið eftir hinum eldri og þrengri ákvæðum um kosningarrjett, og þess vegna hefir þótt rjett að nota hjer ex tuto ákvæðið í niðurlagi 17. greinar í stjórnarskipunarlögum frá 3. okt. 1903, að aukaútsvarsgreiðslu sem skilyrði fyrir kosningarrjetti megi afnema með lögum.

Um 7. gr.

Það hefir verið alment viðurkent á mörgum undanfarandi þingum, að nauðsynlegt væri að endurskoða sem fyrst kjördæmaskipunina í landinu. Á alþingi 1901 ljet nefndin, sem hafði kosningarlagafrumvarpið til meðferðar í neðri deild, í ljósi, að hún vænti þess að stjórnin veitti þörfinni á nýrri kjördæmaskipun sjerstaka athygli, og undirbyggi það mál svo fljótt sem föng væru á, einkanlega með því að leita álita yfirvalda og hjeraðsstjórna um það, hvernig heppilegast mundi að skifta landinu í kjördæmi með hliðsjón af íbúafjölda, kjósendatölu og landsháttum.

Í frumvarpinu til kosningarlaga, sem lá fyrir alþingi 1902, var stungið upp á því að skifta landinu í 30 kjördæmi, sem hvert kjósi einn fulltrúa, en með tilliti til fyrirhugaðrar fjölgunar á þingmönnum var sú tillaga feld, og í stað þess samþykt þingsályktun um, að skora á stjórnina að leita álits allra sýslunefnda og bæjarstjórna um það, hvernig kjördæmaskipun mundi haganlegast komið á í hverju umdæmi, svo og að leggja að því búnu fyrir næsta þing þar á eftir frumvarp til laga um nýja kjördæmaskipan (Alþt. 1902 C, bls. 296). En með því að þau álitsskjöl og tillögur frá hjeraðsstjórnum, sem fengin voru eftir þessari þingsályktun, komu ekki til landsstjórnarinnar fyr en rjett um þingbyrjun 1903, sumar jafnvel ekki fyr en eftir þingbyrjun, gat stjórnin ekki á því þingi komið fram með frumvarp um þetta efni, og málið þótti ekki nægilega undirbúið til þess að ráða því til lykta þá; en þegar samin voru og samþykt á því þingi lögin um kosning þeirra 4 þingmanna, sem við bættust eftir nýju stjórnarskipunarlögunum, er þá voru samþykt, var beinlínis gengið út frá því, að sú skipan, sem þar var gjörð, væri að eins til ýtrustu bráðabirgða, og ætti ekki að vera að neinu leyti bindandi fyrir það, hvernig hinni almennu kjördæmaskipun yrði fyrir komið á sínum tíma, er búist var við að yrði sem allra fyrst (Alþ.tíð. 1903, C bls. 406).

Á alþingi 1905 lagði stjórnin fram frumvarp um nýja kjördæmaskipun, og var þar farið fram á hlutfallskosning í 7 stórum kjördæmum með tiltölulega jöfnu kjósendamagni. Frumvarpið varð ekki útrætt þá á þinginu, en kom fram aftur með nokkrum breytingum á alþingi 1907; nefndin í neðri deild klofnaði, ekki af því að nokkurt ósamþykki væri um það, að nauðsyn væri á nýrri og jafnari kjördæmaskipun, heldur vegna ágreinings um hlutfallskosninguna. Vildi meiri hluti nefndarinnar skifta landinu í 34 einmenningskjördæmi (Alþtíð. 1907, C. bls. 836—837). Við 2. umræðu var stjórnarfrv. samþykt grein fyrir grein, en við 3. umræðu fjell málið í heild sinni með eins atkvæðis mun.

Síðan hefir ekkert verið átt við þetta mál, að öðru leyti en því, að stjórnin lagði á aukaþinginu 1912 fram til athugunar uppkast að frumvarpi, um aðra kjördæmaskipan, sem átti að koma á meiri jöfnuði með sameining ýmsra smærri kjördæma. En bæði á alþingi 1909 og 1911 voru til fyrri meðferðar stjórnarskrárfrumvörp, er mundu hafa í för með sjer breytingar á kosningarlögunum, ef samþykt yrðu aftur, svo á þeim þingum þótti ekki ástæða til að framkvæma breytingar á þeim.

Þegar nú til þess kemur að athuga, hver leið sje heppilegust til hentugrar og nokkurn veginn rjettlátrar kjördæmaskipunar, þá er þess fyrst að gæta, að hlutfallskosningaleiðin og skipting landsins í fá en stór kjördæmi í því skyni er útilokuð með berum orðum stjórnarskipunarlagafrumvarpsins, þar sem þess er beint krafist í 8 gr., að 34 alþingismenn sjeu kosnir óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum. Það fyrirkomulag sem nú er, að láta sum kjördæmin kjósa tvo þingmenn, en sum að eins einn, er orsök til sjerstaks misrjettis, fyrir utan mismuninn á gildi atkvæðanna í hinum einstöku kjördæmum. Meðan þau voru lög í landi, að enginn væri rjett kosinn þingmaður, nema hann hefði fengið meiri hluta allra greiddra atkvæða, hvort heldur var í einmennings eða tvímenningskjördæmi, gætti þessa sjerstaka misrjettis ekki, en þegar lögleitt var, að kosning skyldi fram fara í hverjum hreppi, þótti ekki fært að halda þessari reglu vegna hinna miklu erfiðleika við uppkosningar, er það fyrst kæmi á daginn eptir á, við atkvæðatalning yfirkjörstjórnar, að einhver hefði eigi náð meiru en helmingi atkvæða, og var

því ákveðið í gildandi kosningarlögum, að til þess að vera rjett kjörinn, þyrfti að eins einfaldan meiri hluta, þannig að þeir sjeu rjett kosnir þingmenn, er flest hafa fengið atkvæðin. Það er auðsætt, að af þessu getur leitt, þegar margir eru í kjöri og atkvæði dreifast mjög, að tiltölulega lítill hluti kjósenda í kjördæmi, ráði úrslitum kosningar. Sje þetta — eins og viðurkenna verður — óheppilegt, þó að eins sje um eins manns kosning að ræða, þá liggur það í augum uppi, að þessi ágalli verður tvöfalt verri, þegar tveir þingmenn eru kosnir í kjördæmi með þessu fyrirkomulagi, því þá getur sama kjósendabrotið ráðið tveimur þingsætum, sem meiri hlutinn er óánægður með, hversu skipuð eru.

Með því að láta að eins kjósa einn þingmann í kjördæmi hverju, vinst það, að þetta sjerstaka misrjetti, sem kjósendur í tvímenningskjördæmunum verða nú að sæta, hverfur úr sögunni, enda hefir bæði þingið að undanförnu og hjeraðsstjórnir víðsvegar um land, þegar atkvæða þeirra var leitað 1903, horfið að því, að rjettast væri að skipta öllum núverandi tvímenningskjördæmum þannig, að hvergi sje kosinn nema einn þingmaður. Síðast þegar tillögur komu fram um það af þingmanna hálfu, í neðri deild alþingis 1907, að koma á nýrri kjördæmaskipun, án þess að aðhyllast hlutfallskosningu, var og gjört ráð fyrir einmenningskjördæmum, og það þykir víst, að átt muni vera við það fyrirkomulag í stjórnarskrárfrumvarpi því, sem nú liggur fyrir þinginu, þar sem svo er að orði kveðið í 8. gr., að 34 þingmenn skuli kosnir í *sjerstökum* kjördæmum; væri ekki átt við það, að hver þessara 34 þingmanna skyldu hafa sitt sjerstaka kjördæmi hefði orðið »sjerstökum« naumast neina »sjerstaka« þýðingu.

Hjer er því lagt til, að skipta landinu í 34 kjördæmi, er kjósi einn þingmann hvert. Það er auðsætt, að ekki er unt að gjöra þá skiptingu eingöngu eptir íbúatölu og kjósendafjölda, heldur verður jafnframt að taka tillit til staðhátta og sameiginlegra hagsmuna þeirra, er saman eiga að vera um þingmann, eptir því sem föng eru á slíku. Þó verður, eptir því sem unt er, að líta á kjósendahlutföllin, sem nú valda mestu misrjettinu, og til þess að ljetta þinginu yfirlit yfir verkefni það, sem fyrir höndum er, er hjer prentuð skrá yfir kjósendatölu til alþingis frá 1. júlí 1913 til 30. júní 1914, í hverjum hreppi og kaupstað, ásamt íbúatölunni samkvæmt manntalinu 1. desbr. 1910. Síðari fólkstöl eru ekki sundurliðuð eptir hreppum heldur sóknum.

Skrá

yfir kjósendatölu til alþingis frá 1. júlí 1913 til 30. júní 1914, í hverjum hreppi og kaupstað, svo og íbúatöluna eftir manntalinu 1. desbr. 1910.

	Kjósendur.	Íbúar.
Reykjavík	2267	11600
Gullbringu- og Kjósarsýsla:		
1. Kjósarhreppur...	54	376
2. Kjalarneshr.	30	258
3. Mosfellshr.	41	313
4. Seltjarnarneshr.	56	440
Flyt ...	181	1387

	Flutt ...	181	1387
5.	Bessastaðahr.	34	208
6.	Garðahr..	33	264
7.	Hafnarfjörður	252	1547
8.	Vatnsleysustrandarhr.	65	432
9.	Keflavíkurhr.	101	575
10.	Gerðahr..	124	647
11.	Miðneshr.	75	377
12.	Hafnahr..	37	200
13.	Grindavíkurhr.	58	358
	Samtals	960	5995

Árnessýsla:

14.	Selvogshreppur	14	86
15.	Ölfushr.	70	598
16.	Grafningshr.	13	101
17.	Þingvallahr.	18	104
18.	Grímsneshr.	47	413
19.	Laugardalshr....	21	167
20.	Biskupstungnahr.	74	521
21.	Hrunamannahr.	64	454
22.	Gnúpverjahr.	34	231
23.	Skeiðahr....	42	298
24.	Villingaholtshr.	44	362
25.	Gaulverjabæjarhr.	51	376
26.	Hraungerðishr.	40	362
27.	Sandvíkurhr.	35	262
28.	Eyrarbakkahr.	145	840
29.	Stokkseyrarhr.	141	897
	Samtals	853	6072

Rangárvallasýsla:

30.	Ásahreppur...	91	646
31.	Holtahr.	59	372
32.	Landmannahr.	45	307
33.	Rangárvallahr.	47	394
34.	Hvolhr....	33	249
35.	Fljótshlíðarhr.	62	469
36.	Vestur-Landeyjarhr.	51	300
37.	Austur-Landeyjahr.	52	387
38.	Vestur-Eyjafjallahr.	60	502
39.	Austur-Eyjafjallahr.	49	398
	Samtals	549	4024

	Vestmannaeyjar	259	1319

		Kjósendur.	Íbúar.
	Vestur-Skaftafellssýsla:		
40.	Dyrhólahreppur	35	331
41.	Hvammshr....	75	510
42.	Skaftártunguhr.	14	146
43.	Álftaversh.r.	16	122
44.	Leiðvallahr.	33	182
45.	Kirkjubæjarhr.	32	252
46.	Hörgslandshr....	32	292
	Samtals	237	1835
	Austur-Skaftafellssýsla:		
47.	Hofshreppur	36	210
48.	Borgarhafnarhr.	29	188
49.	Mýrahr.	30	191
50.	Nesjahr.	44	328
51.	Bæjarhreppur	36	211
	Samtals	175	1128
	Suður-Múlasýsla:		
52.	Geithellnahreppur	52	358
53.	Beruneshr.	28	182
54.	Breiðdalshr.	64	360
55.	Stöðvarhr.	26	167
56.	Fáskrúðsfjarðarhr....	57	423
57.	Búðahr.	76	393
58.	Reyðarfjarðarhr.	56	331
59.	Helgustaðahr.	37	261
60.	Eskifjarðarhr....	93	425
61.	Norðfjarðarhr.	124	784
62.	Mjóafjarðarhr	36	295
63.	Eiðahr....	39	273
64.	Vallahr.	38	223
65.	Skriðdalshr.	19	168
	Samtals	745	4643
	Norður-Múlasýsla:		
66.	Seyðisfjarðarhreppur	27	204
67.	Loðmundarfjarðarhr	11	67
68.	Borgarfjarðarhr.	72	432
69.	Hjaltastaðahr.	38	265
70.	Fljótsdalshr.	36	287
71.	Fellahr...	33	209
72.	Tunguhr....	34	229
73.	Hlíðarhr.	21	124
	Flyt	272	1817

		Kjósendur.	Íbúar.
	Flutt	272	1817
74.	Jökuldalshr.	43	232
75.	Vopnafjarðarhr.	104	742
76.	Skeggjastaðahr.	50	223
	Samtals	469	3014
	Seyðisfjarðarkaupstaður... ...	157	928
	Norður-Þingeyjarsýsla:		
77.	Sauðaneshreppur	65	389
78.	Svalbarðshr.	32	226
79.	Presthólahr	53	295
80.	Fjallahr.	10	66
81.	Axarfjarðarhr.	28	159
82.	Keldunesh.	46	234
	Samtals	234	1369
	Suður-Þingeyjarsýsla:		
83.	Tjörneshreppur	50	926
84.	Húsavíkurhr.	102	
85.	Aðaldælahr....	59	400
86.	Reykdælahr.	58	363
87.	Skútustaðahr.	54	276
88.	Bárðdælahr.	30	228
89.	Ljósavatnshr.	46	281
90.	Flateyjarhr.	16	114
91.	Hálshr.	48	375
92.	Grýtubakkahr.	76	577
93.	Svalbarðstr.hr.	35	241
	Samtals	574	3781
	Eyjafjarðarsýsla:		
94.	Grímseyjarhreppur	12	101
95.	Öngulstaðahr.	54	395
96.	Saurbæjarhr.	86	537
97.	Hrafnagilshr.	39	320
98.	Glæsibæjarhr.	95	618
99.	Öxnadalshr.	21	112
100.	Skriðuhr.	36	274
101.	Arnarneshr.	62	914
102.	Árskógshr.	60	981
103.	Svarfaðardalshr.	139	
104.	Þóroddsstaðhr.	70	473
105.	Hvanneyrarhr.	114	654
	Samtals	788	5379

		Kjósendur.	Íbúar.
	Akureyri	396	2084
	Skagafjarðarsýsla:		
106.	Holtshreppur	46	316
107.	Haganeshr.	40	325
108.	Fellshr.	22	167
109.	Hofshr.	67	611
110.	Hólahr.	43	250
111.	Viðvíkurhr.	36	215
112.	Akrahr.	74	496
113.	Lýtingsstaðahr.	62	448
114.	Seiluhr.	41	271
115.	Staðarhr.	27	209
116.	Sauðárkrókshr.	74	473
117.	Skarðshr.	32	199
118.	Skefilstaðahr.	38	209
119.	Rípurhr.	23	147
		Samtals 625	4336
	Húnavatnssýsla:		
120.	Vindhælishreppur	102	646
121.	Engihlíðarhr.	42	296
122.	Bólstaðarhlíðarhr.	53	312
123.	Svínavatnshr.	39	260
124.	Torfalækjarhr.	40	404
125.	Sveinsstaðahr.	30	230
126.	Áshreppur	36	209
127.	Þorkelshólshr.	42	260
128.	Þverárhr.	50	303
129.	Kirkjuhvammshr.	73	412
130.	Ytri Torfastaðahr.	42	304
131.	Fremri Torfastaðahr.	46	236
132.	Staðarhr.	28	150
		Samtals 623	4022
	Strandasýsla:		
133.	Bæjarhreppur	44	320
134.	Óspakseyrarhr.	18	120
135.	Fellshr.	14	114
136.	Kirkjubólshr.	19	220
137.	Hrófbergshr.	31	230
138.	Kaldrananeshr.	36	322
139.	Árneshr.	56	431
		Samtals 218	1757

		Kjósendur.	Íbúar.
	Norður-Ísafjarðarsýsla:		
140.	Sljettuhreppur	73	463
141.	Grunnavíkurhr.	33	281
142.	Snæfjallahr.	23	223
143.	Nauteyrarhr.	33	220
144.	Reykjarfjarðarhr.	27	198
145.	Ögurhr.	42	383
146.	Súðavíkurhr.	70	581
147.	Eyrarhr.	90	592
148.	Hólshr.	158	1021
	Samtals	549	3962
	Ísafjarðarkaupstaður	333	1854
	Vestur-Ísafjarðarsýsla:		
149.	Suðureyrarhreppur	67	361
150.	Mosvallahr.	90	608
151.	Mýrahr.	57	414
152.	Þingeyrarhr.	120	755
153.	Auðkúluhr.	38	294
	Samtals	372	2432
	Barðastrandarsýsla:		
154.	Suðurfjarðahreppur	80	449
155.	Dalahr.	30	209
156.	Tálknafjarðarhr.	44	321
157.	Patrekshr.	78	475
158.	Rauðasandshr.	66	465
159.	Barðastrandarhr.	42	321
160.	Flateyjarhr....	53	397
161.	Múlahr.	23	150
162.	Gufudalshr....	30	172
163.	Reykhólahr.	40	311
164.	Geiradalshr....	18	111
	Samtals	504	3381
	Dalasýsla:		
165.	Saurbæjarhr.	41	291
166.	Skarðsstrandarhr.	48	333
167.	Fellsstrandarhr.	27	189
168.	Hvammshr.	30	211
169.	Laxárdalshr.	46	322
170.	Haukadalshr.	20	157
171.	Miðdalahr.	39	343
172.	Hörðudalshr.	24	175
	Samtals	275	2021

		Kjósendur.	Íbúar.
	Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:		
173.	Skógarstrandarhreppur	33	271
174.	Helgafellssveit...	37	267
175.	Stykkishólmshr....	102	721
176.	Eyrarsveit	70	457
177.	Fróðárhr.	31	705
178.	Ólafsvíkurhr.	75	
179.	Neshr. utan Ennis	78	491
180.	Breiðavíkurhr.	21	181
181.	Staðarsveit	43	297
182.	Miklaholtshr.	23	196
183.	Eyjahr.	15	116
184.	Kolbeinsstaðahr.	28	231
		Samtals 556	3933
	Mýrasýsla:		
185.	Hraunhreppur.	53	302
186.	Álftaneshr.	32	237
187.	Borgarhr.	37	200
188.	Stafholtstungnahr....	39	287
189.	Norðurárdalshr....	33	185
190.	Þverárhlíðarhr..	20	129
191.	Hvítársíðuhr..	23	135
192.	Borgarneshr.	50	278
		Samtals 287	1753
	Borgarfjarðarsýsla:		
193.	Hálsahreppur	20	121
194.	Reykholtsdalshr.	31	235
195.	Lundareykjadalshr.	28	156
196.	Andakílshr.	31	326
197.	Skorradalshr.	23	152
198.	Strandarhr.	30	203
199.	Leirár- og Melahr.	30	220
200.	Skilmannahr.	15	108
201.	Innri-Akraneshr.	31	232
202.	Ytri-Akraneshr.	141	808
		Samtals 380	2561

Misrjetti það, sem nú á sjer stað vegna mismunandi fulltrúamagns kjördæmanna sjest af eftirfarandi töflu;

A.

Núverandi kjördæmi	Mannfjöldi 1. desember 1910	Kjósendatalan eftir síðustu kjörskrám	Að rjettri tiltölu, miðað við 1 þingmann fyrir hvern 34. hluta kjósenda (394), á hvert kjördæmi rjett á fulltrúum	Fulltrúatalan eftir núgildandi lögum	Fulltrúa vantar eða er ofaukið í samanburði við meðal-fulltrúamagn (1 fyrir 394 kjósendur)	Kjósendatalan er yfir eða undir þeirri tölu, sem núverandi fulltrúamagn hefir fyrir	Hve mikla hundraðstölu vantar á eða er ofaukið fram yfir tiltölurjett fulltrúamagn	Hve mikið gildi hefir atkvæði nú í samanburði við það, sem það á að gilda eftir rjettri tiltölu kjósenda í landinu	Hversu mikið gildir atkvæði í hinum ýmsu kjördæmum í samanburði við atkvæði kjósenda í Reykjavík
Reykjavík*.	11600	2267	5,76	2	van. 3,76	y. 1479	van. 65%	0,35	1,00
Gullbringu- og Kjósarsýsla. . .	5995	960	2,44	2	— 0,44	— 172	— 18—	0,82	2,36
Árnessýsla	6072	853	2,17	2	— 0,17	— 65	— 8—	0,92	2,63
Rangárvallasýsla	4024	549	1,39	2	of. 0,61	u. 239	of. 44—	1,44	4,11
Vestmannaeyjasýsla	1319	259	0,66	1	— 0,34	— 135	— 52—	1,52	4,34
Vestur-Skaftafellssýsla	1835	237	0,60	1	— 0,40	— 157	— 67—	1,67	4,77
Austur-Skaftafellssýsla	1128	175	0,44	1	— 0,56	— 219	— 125—	2,25	6,34
Suður-Múlasýsla	4643	745	1,89	2	— 0,11	— 43	— 6—	1,06	3,03
Seyðisfjarðarkaupstaður	928	157	0,40	1	— 0,60	— 237	— 150—	2,51	7,14
Norður-Múlasýsla	3014	469	1,19	2	— 0,81	— 319	— 68—	1,68	4,80
Norður-Þingeyjarsýsla	1369	234	0,59	1	— 0,41	— 160	— 69—	1,69	4,83
Suður-Þingeyjarsýsla.	3781	574	1,46	1	van. 0,46	y. 180	van. 32—	0,68	1,94
Akureyri.	2084	396	1,01	1	— 0,01	— 2	— 1—	0,99	2,83
Eyjafjarðarsýsla	5379	788	2,00	2	0	0	0	1,00	2,86
Skagafjarðarsýsla	4336	625	1,59	2	of. 0,41	u. 163	of. 26—	1,26	3,60
Húnavatnssýsla	4022	623	1,58	2	— 0,42	— 165	— 27—	1,27	3,63
Strandasýsla	1757	218	0,55	1	— 0,45	— 176	— 82—	1,82	5,20
Norður-Ísafjarðarsýsla	3962	549	1,39	1	van. 0,39	y. 155	van. 28—	0,72	2,06
Ísafjarðarkaupstaður.	1854	333	0,85	1	of. 0,15	u. 59	of. 18—	1,18	3,37
Vestur-Ísafjarðarsýsla	2432	372	0,94	1	— 0,06	— 22	— 5—	1,05	3,00
Barðastrandarsýsla	3381	504	1,28	1	van. 0,28	y. 110	van. 22—	0,78	2,23
Dalasýsla	2021	275	0,70	1	of. 0,30	u. 119	of. 43—	1,43	4,09
Snæfellsn.- og Hnappadalssýsla	3933	556	1,41	1	van. 0,41	y. 162	van. 29—	0,71	2,03
Mýrasýsla	1753	287	0,73	1	of. 0,27	u. 107	of. 37—	1,37	3,91
Borgarfjarðarsýsla.	2561	380	0,96	1	— 0,04	— 14	— 3—	1,03	2,94
Samtals .	85183	13385	34	34	„ „	„ „	„ „	„	„

*) Íbúatala Reykjavíkur hefir vaxið frá því er manntalið var tekið 1910 þangað til kjörskráin var samin 1913 upp yfir 13,000 manns.

B.

Kjördæmi eftir frumvarpinu	Mannfjöldi 1. desember 1910	Kjósendatalan eftir síðustu kjörskrám	Að rjettri tiltölu, miðað við 1 þingmann fyrir hvern 34. hluta kjósenda (3:4), á hvert hinna nýju kjördæma rjett á fulltrúum	Fulltrúamagn eftir frumvarpinu	Fulltrúamagn eftir frumvarpinu of eða van	Kjósendatalan er yfir eða undir þeirri tölu, sem fulltrúamagn frumvarpsins hæfir fyrir	Hve mikla hundraðstölu vantar á eða er ofmikið framyfir tiltölurjett fulltrúamagn eftir frumvarpinu	Hve mikið gildi hefir atkvæði eftir frumv. í samanburði við það, sem það á að gilda eftir rjettri tiltölu kjósenda í landinu	Hversu mikið gildir atkvæði í hinum ýmsu kjördæmum í samanburði við atkvæði kjósenda í Reykjavíkur-kjördæmunum 4
I. 1. kjördæmi Reykjavikur			1,48	1	van. 0,48				
II. 2. — —			1,48	1	— 0,48				
III. 3. — —	12040	2323	1,48	1	— 0,48	y. 747	van. 32%	0,68	1,00
IV. 4. — —			1,48	1	— 0,48				
V. Hafnarfjarðarkjördæmi.	2966	444	1,13	1	— 0,13	— 50	— 11—	0,89	1,32
VI. Gullbringukjördæmi . .	2589	460	1,17	1	— 0,17	— 66	— 14—	0,86	1,26
VII. Eyrakjördæmi	2823	426	1,08	1	— 0,08	— 32	— 8—	0,92	1,36
VIII. Skálholtskjördæmi . . .	3249	427	1,09	1	— 0,09	— 33	— 8—	0,92	1,36
IX. Rangárvallakjördæmi. .	1968	275	0,70	1	of. 0,30	u. 119	of. 43—	1,43	2,11
X. Eyjafjallakjördæmi. . .	2056	274	0,70	1	— 0,30	— 120	— 44—	1,44	2,11
XI. Vestmannaeyjakjördæmi	1319	259	0,66	1	— 0,34	— 135	— 52—	1,52	2,25
XII. Síðumannakjördæmi. .	2752	376	0,95	1	— 0,05	— 18	— 5—	1,05	1,55
XIII. Breiðdalskjördæmi. . .	1942	302	0,77	1	— 0,23	— 92	— 30—	1,30	1,92
XIV. Fjarðakjördæmi	2912	479	1,22	1	van. 0,22	y. 85	van. 18—	0,82	1,21
XV. Seyðisfjarðarkjördæmi .	1896	305	0,77	1	of. 0,23	u. 89	of. 29—	1,28	1,90
XVI. Hjeraðskjördæmi. . . .	2046	321	0,81	1	— 0,19	— 73	— 23—	1,23	1,81
XVII. Sljettukjördæmi	2295	386	0,98	1	— 0,02	— 8	— 2—	1,02	1,51
XVIII. Mývatnskjördæmi . . .	2855	422	1,07	1	van. 0,07	y. 28	van. 7—	0,93	1,38
XIX. Eyjafjarðarkjördæmi . .	3170	393	1,00	1	0	u. 1	0	1,00	1,48
XX. Akureyrarkjördæmi . .	2084	396	1,01	1	van. 0,01	y. 2	0	1,00	1,47
XXI. Svarfdælakjördæmi. . .	2209	395	1,00	1	0	— 1	0	1,00	1,47
XXII. Hólakjördæmi	2380	328	0,83	1	of. 0,17	u. 66	of. 20—	1,20	1,77
XXIII. Skagafjarðarkjördæmi .	1956	297	0,75	1	— 0,25	— 97	— 33—	1,33	1,96
XXIV. Húnavatnskjördæmi . .	2357	342	0,87	1	— 0,13	— 52	— 15—	1,15	1,70
XXV. Miðfjarðarkjördæmi . .	1665	281	0,71	1	— 0,29	— 113	— 40—	1,40	2,07
XXVI. Strandakjördæmi. . . .	2501	324	0,82	1	— 0,18	— 70	— 23—	1,23	1,79
XXVII. Ísafjarðarkjördæmi. . .	2626	353	0,90	1	— 0,10	— 41	— 11—	1,11	1,65
XXVIII. Skutulsfjarðarkjördæmi.	2446	423	1,07	1	van. 0,07	y. 29	van. 7—	0,93	1,37
XXIX. Dýrafjarðarkjördæmi. .	2432	372	0,94	1	of. 0,06	u. 22	of. 6—	1,06	1,56
XXX. Barðastrandarkjördæmi.	2637	393	1,00	1	0	— 1	0	1,00	1,48
XXXI. Dalakjördæmi	2765	386	0,98	1	of. 0,02	— 8	— 2—	1,02	1,51
XXXII. Snæfellingakjördæmi . .	3094	447	1,13	1	van. 0,13	y. 53	van. 12—	0,88	1,30
XXXIII. Mýrakjördæmi	2593	396	1,01	1	— 0,01	— 2	0	1,00	1,47
XXXIV. Borgarfjarðarkjördæmi .	2561	380	0,96	1	of. 0,03	u. 14	of. 3—	1,03	1,53
Samtals .	85183	13385	34	34	„ „	„ „	„ „	„	„

Taflan þarf væntanlega ekki annara skýringa við en fyrirsagnir fyrir dálkunum greina. Að eins skal bent á fáeinar tölur.

Í Norður-Múlasýslu hafa 469 kjósendur af 3014 íbúum jafnmikið atkvæðamagn eins og 2267 kjósendur af c. 13000 íbúum í Reykjavík, og 960 kjósendur af c. 6000 íbúum í Gullbringusýslu, eða 853 kjósendur af 6072 íbúum í Árnessýslu. Norður-Þingeyjarsýsla með 234 kjósendur af 1369 íbúum hefir jafnmikið atkvæðamagn eins og Snæfellsness- og Hnappadalssýsla með 556 kjósendur af 3933 íbúum, Suður-Þingeyjarsýsla með 574 kjósendur af 3781 íbúa og Norður-Ísafjarðarsýsla með 549 kjósendur af 3962 íbúum. Strandasýsla, Skaftafellssýslurnar báðar og Seyðisfjarðarkaupstaður hafa hvert um sig einn þingmann, en ætti eftir rjettri tiltölu ekki tilkall til nema brots úr þingmanni, undir og um $^1/_2$. Að öðru leyti þykir nægja að vísa til töflunnar.

Tala alþingiskjósenda í landinu er nú 13385 og þegar þeirri tölu er deilt milli 34 þingmanna, ætti að rjettu lagi 394 kjósendur að vera um hvern þingmann eða 394 kjósendur að vera í hverju kjördæmi. Þessu hefir auðvitað ekki verið hægt að koma fyrir í frumvarpi þessu, þar sem taka hefir orðið tillit til staðhátta annarsvegar og sameiginlegra hagsmuna þeirra, sem saman eiga að vera um þingmann, hinsvegar.

Tafla B, er hjer fer á eftir, sýnir nú hvernig kjördæmunum er fyrirkomið í frumvarpinu.

Eins og í töflunni A. er í 1. dálki íbúatalan í kjördæminu, þá kjósendafjöldi, en í hinum síðari dálkum hinar ýmsu samanburðar- og hlutfallatölur, sem yfirskriftirnar segja til um.

Taflan sýnir að Reykjavíkurkjördæmin hafa orðið harðast úti. Ef eingöngu er miðað við kjósendatölu þá hefði Reykjavík ásamt Seltjarnarneshreppi átt að skiftast í 6 kjördæmi; þetta hefir þó ekki þótt tiltækilegt að gera, með því að það mundi hafa rekið sig á ýmsa agnúa við kjördæmaskifting landsins að öðru leyti, að láta Reykjavík fá svo marga fulltrúa. Næst Reykjavíkurkjördæmunum gengur að þessu leyti Fjarðakjördæmi í Suður-Múlasýslu. Í því eru 479 kjósendur eða 85 kjósendur fram yfir meðaltalið. Í hinu kjördæmi Suður-Múlasýslu, Breiðdalskjördæmi, eru aftur á móti að eins 302 kjósendur eða 92 kjósendum færra en meðaltalið. Þetta kann nú að virðast ósanngjarnt, en eftir ástæðum virðist rjettast að láta allar sjávarsveitirnar, sem hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta, heyra saman, og láta landsveitirnar mynda kjördæmi fyrir sig. Hefir stjórnin í þessu efni alveg fylgt tillögum sýslunefndarinnar frá 1903.

Hinsvegar sjest það af töflunni, að Vestmannaeyjakjördæmi er fólksfæst. Þar eru að eins 259 kjósendur af 1319 íbúum; vantar þannig 135 kjósendur upp á meðaltal. Það hefir því komið til athugunar að bæta við þetta kjördæmi nokkrum hreppum af Rangárvallasýslu eða Vestur-Skaftafellssýslu, en við nánari yfirvegun hefir slíkt þó ekki verið álitið tiltækilegt, af því að Vestmannaeyjar eru nú á hraðri framför og fólki fjölgar þar ört. Þetta kjördæmi hefir fá sameiginleg áhugamál við hreppa á landi, þeirra mundi lítið gæta við kosninguna, þótt lagðir væru til Eyjanna, og allar líkur til að sú samsteypa yrði óánægjuefni á báða bóga.

Næst þessu kjördæmi að fólksfæð ganga Rangárvallasýslukjördæmin með c. 275 kjósendur hvort. Vantar þar 119—120 kjósendur upp á meðaltal, en þar, sem þessi sýsla hefir hingað til haft 2 þingmenn virðist hart að láta hana nú fá að eins einn þingmann, en hinsvegar þykir ekki hentugt að leggja vestustu

hreppa Skaftafellssýslu við annað kjördæmið. Ýms önnur kjördæmi eru eins og taflan B. sýnir ýmist of stór eða of lítil miðað við meðaltal af kjósendafjölda, en þetta stafar frá staðháttum og sameiginlegum hagsmunum kjördæmanna, sem að sjálfsögðu verður að ráða meira en töluhlutföllin ein; þó geta auðvitað verið skiftar skoðanir um kjördæmaskiftinguna á stöku stað, en þar getur alþingi notið stuðnings í persónulegum kunnugleika þingmanna.

Um 8.—9. gr.

Reglur þær, er hjer eru settar um kjörstjórnir og yfirkjörstjórnir, eru samhljóða gildandi lögum, að eins með þeim breytingum, sem að sjálfsögðu leiða af hinni breyttu kjördæmaskipun. Er ein yfirkjörstjórn í hverju kjördæmi nema í Reykjavík. Þar er látið duga að hafa eina og sömu yfirkjörstjórn fyrir öll kjördæmin fjögur.

Um 10.—58. gr.

Ákvæði frumvarps þessa um samning kjörskrár (10.—18. gr.), um framboð þingmannaefna (19.—20. gr.), um undirbúning af hálfu kjörstjórnar (21.—23. gr.), um kjördag (24. gr.), um kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakassa (25.—27. gr.), um kosningarathöfnina (28.—46. gr.), um kosningarúrslit (47.—53. gr.) um uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof (54.—56. gr.). um kostnað við kosningar (57. gr.) og um kærur um kjörgengi (58. gr.), eru í öllu verulegu samhljóða kosningarlögunum frá 1903 með þeim breytingum, er gjörðar hafa verið á þeim með lögunum frá 1909 og 1913, og yfir höfuð að eins gjörðar þær orðabreytingar, sem leiða af breyttu fyrirkomulagi á landsstjórn og af því að nú er að eins um einmenningskjördæmi að ræða.

II. Hlutbundnar kosningar.

Annar kafli laganna, sem nær yfir 59.—79. gr., er um hlutbundnar kosningar á landskjörnum þingmönnum til efri deildar samkv. 9.—10. gr. í stjórnarskrárfrumvarpinu. Landið er þar alt eitt kjördæmi og ein landskjörstjórn skipuð þremur mönnum, og tveimur til vara, sbr. 60. gr., en kjörstjórnir eru hinar sömu og við hinar óhlutbundnu kosningar.

Um kjörskrár til þessara kosninga er það ákveðið í 61. gr., að þær skuli samdar það ár, er slíkar kosningar eiga fram að fara jafnhliða hinum árlegu kjörskrám.

Í 62. gr. er lagt til að kjördagur skuli að jafnaði vera 1. ágúst árið áður en skifti verða á landskjörnum þingmönnum. Að þessar kosningar eru látnar fara fram á undan hinum óhlutbundnu kosningum er gjört í samræmi við bráðabirgðaákvæði stjórnarskrárfrumvarpsins, sem skipar svo fyrir að hlutfallskosningarnar skuli í fyrsta sinni fara fram á undan kjördæmakosningunum.

Að öðru leyti er í frumvarpi þessu lík ákvæði um framboð þingmannaefna og um undirbúning af hálfu landskjörstjórnar og í frumvarpi því, er stjórnin samdi 1912 og þá var sent alþingi jafnhliða stjórnarskrárfrumvarpi því er samþykt var á þinginu 1911.

Kosningin er listakosning eins og við kosningar til bæjarstjórna, og er hjer sömu reglum fylgt um kosningaraðferðina og sett er í lögum nr. 19, 20. okt.

1913, um breyting á lögum nr. 39, 10. nóvbr. 1903 um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum, þannig að hver kjósandi hefir rjett til þess að breyta röð þingmannaefna á þeim lista, sem hann vill kjósa, og strika út nöfn, sem hann getur ekki felt sig við á listanum. Þótt menn að vísu sjeu sammála um það að þessi kosningaraðferð sje í sjálfu sjer góð rjettarbót frá hinum eldri reglum um listakosningar, þar sem kjósandinn mátti í engu breyta þeim lista, er hann vildi kjósa, hafa á hinn bóginn ýmsir borið kvíðboga fyrir því, að kjósendur yfirleitt mundu vart hafa nægan þroska til að notfæra sjer þessa heimild og þetta mundi verða til þess að fjölga ógildum seðlum svo mjög að í heild sinni yrði lítið unnið við það fyrir kjósendur að fá þennan rjett. Á hvaða rökum þetta er byggt verður auðvitað reynslan ein að skera úr, en sú reynsla, sem þegar er fengin við bæjarstjórnarkosningu þá, er fram fór í Reykjavík 26. jan. þ. á., virðist ekki benda í þessa átt. Hagstofan hefir að fyrirlagi stjórnarinnar rannsakað kosningu þessa. Samkvæmt skýrslu hennar voru við nefnda kosningu greidd 1149 atkvæði. Af þeim voru dæmd ógild 221 atkvæði eða framundir $^1/_5$ hluti. Tíðasti gallinn, sem valdið hefir ógildingu, var kross eða merki við eitt eða fleiri nöfn á listanum, en að eins 6 atkvæði voru dæmd ógild sökum skakkrar tölusetningar, en það hlýtur kjósendum fljótt að lærast að öll merki önnur á atkvæðaseðli en tölusetning þingmannaefnanna eru óleyfileg. Hins vegar sýnir skýrsla hagstofunnar að á allmörgum af seðlum þeim, er gildir voru teknir, var listunum breytt annaðhvort með því að eins að strika út á þeim eitt eða fleiri nöfn, eða með því að tölusetja nöfnin á þeim í annari röð en þau stóðu á seðlunum.

Skiftust seðlarnir að þessu leyti þannig:

Listinn óhaggaður á alls	497	seðlum
Nöfn strikuð út á	215	——
Röðinni breytt með tölusetningu á	216	——
Alls ...	928	seðlar

Á rúmlega helmingi seðlanna hjeldust listarnir þannig óbreyttir, en á tæplega helmingnum var þeim breytt annaðhvort að eins með því að strika út nöfn (23,2%), eða með nýrri tölusetningu með eða án útstrikunar á nöfnum (23,3%). Þessi litla reynsla virðist þannig áþreifanlega sýna að kjósendur muni notfæra sjer þessa rjettarbót.

Í 69. gr. er tekin upp lík regla og sú er sett er um óhlutbundnar kosningar í 33. gr., en með því að landið alt er eitt kjördæmi getur þessi regla við hlutbundnu kosningarnar haft enn víðtækari þýðingu en við óhlutbundnu kosningarnar. Samkvæmt þessari grein getur hver kjósandi greitt atkvæði þar sem hann er staddur á kjördegi með því í tíma að útvega vottorð hlutaðeigandi sýslumanns eða bæjarfógeta um að hann standi á kjörskrá í landinu, og hafi afsalað sjer kosningarrjetti sínum heima fyrir. Þetta ákvæði gjörir það síður varhugavert að hafa kjördaginn 1. ágúst svo sem ákveðið er í 62. gr. Að öðru leyti virðist ekki ástæða til frekari athugasemda við þennan kafla frumvarpsins, þó skal drepið á það að í 76. gr. hefir þótt nauðsynlegt að setja reglur um aukakosningar á landskjörnum þingmönnum, með því að það getur komið fyrir að bæði aðalþingmaður og varamaður deyi eða á annan hátt fatlist frá þingsetu á kjörtímabilinu, en eins og 9. gr. stjórnarskrárfrumvarpsins er orðuð geta að eins hinir upprunalega kjörnu varamenn tekið sæti aðalmanns á alþingi.

III. Atkvæðagreiðsla sjómanna.

Í lögum þessum er það almenn regla, að kjósendur verða að mæta sjálfir á kjörþingi til þess að neyta atkvæðisrjettar síns. Til þess að gjöra mönnum þetta sem ljettast, er hinn almenni kjördagur við kjördæmakosningar ákveðinn að haustinu, þá er menn yfirleitt eru komnir til heimila sinna úr fiskiverum og heyskaparvinnu, og hafi kjósandi flutt sig búferlum fyrir kjördag er honum með ákvæðum 33. gr. laga þessara gefinn kostur á, ef hann er búsettur innan sama kjördæmis, að greiða atkvæði á hinum nýja stað, ef hann útvegar sjer vottorð hlutaðeigandi sýslumanns um að hann hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því kjörumdæmi, þar sem hann stendur á kjörskrá.

Hinn almenni kjördagur við hlutbundnar kosningar er að vísu ákveðinn 1. ágúst, en með því að alt landið er þar eitt kjördæmi, getur hver kjósandi greitt atkvæði á þeim kjörstað, þar sem hann er staddur samkvæmt fyrirmælum 69 gr. laganna. En þrátt fyrir þessar reglur er þó enn nokkur flokkur kjósenda, sem vegna atvinnu sinnar er útilokaður frá að mæta á kjörþingi, og er því samkvæmt undanfarandi reglum útilokaður frá að neyta atkvæðisrjettar síns. Þetta eru sjómenn þeir, er atvinnu hafa á verslunar- og flutningaskipum og þeim fiskiskipum, er stunda veiðiskap alt árið eða á þeim tíma, er kjörþing er haldið. Þarsem þessi flokkur kjósenda er þegar orðinn allfjölmennur og eykst ár frá ári, sjerstaklega með fjölgandi botnvörpuskipum, hefir þótt rjett að gefa slíkum kjósendum kost á að neyta atkvæðisrjettar síns án þess að mæta á kjörþingi. Hinsvegar hefir stjórnin ekki álitið fært að láta þessi ákvæði ná til allra annara, sem af einhverjum sjerstökum ástæðum í það og það skiftið geta ekki mætt sjálfir á kjörþingi, með því að hjer er að eins um tiltölulega fáa kjósendur að ræða, en það hinsvegar mundi geta valdið ágreiningi í einhverju einstöku tilfelli, hvort hlutaðeigandi kjósandi hefði haft »lögleg forföll«, en þetta veldur engum vafa, þá er um sjómenn er að ræða.

Um einstakar greinir þessa kafla virðist ekki ástæða að fjölyrða, þó skal tekið fram:

Við 80. gr.

Sjómenn kallast allir þeir, hvort heldur karl eða kona, sem ráðnir eru á skip, hvort heldur skipið er flutningaskip eða fiskiskip. En samkvæmt þessari grein er það ekki nægilegt til þess að hafa heimild til þess að greiða atkvæði að hlutaðeigandi kjósandi sje ráðinn á skip, heldur er það einnig skilyrði, að hann atvinnu sinnar vegna geti ekki mætt sjálfur á kjörþingi, og auðvitað verður hann að hafa kosningarrjett eftir almennum reglum.

Við 82.—83. gr.

Hjer eru settar nánari reglur um það hvernig atkvæðagreiðslan skuli fram fara svo löglegt sje.

Til þess að stemma stigu fyrir því, að þessi kosningaraðferð sje notuð að óþörfu og út í bláinn, er það ákvæði sett í 82. gr., að atkvæði sje ekki greitt meir en 6 vikum fyrir kjördag, og gæti jafnvel verið ástæða til að hafa frest þennan styttri, t. d. 4 vikur, þarsem sá frestur mundi venjulegast reynast nógu langur eftir þeim tíðu samgöngum, sem nú eru um land og við útlönd.

IV. Almenn ákvæði.

Þessi kafli laganna er að öllu leyti samhljóða 13. kafla kosningarlaganna frá 1903, að eins er í 89. gr. skotið inn þeim sjálfsögðu fyrirmælum að almennar kosningar — hlutbundnar og óhlutbundnar — skuli venjulega fara fram 6. hvert ár, og að konungur skipi fyrir um slíkar almennar kosningar.

Ef stjórnarskrárfrumvarp það, sem nú liggur fyrir alþingi, verður nú samþykt óbreytt verða almennar kosningar að fara fram hið allra fyrsta samkv. bráðabirgðaákvæðum stjórnarskrárfrumvarpsins, en með því að ýms tormerki eru á því að semja kjörskrá samkvæmt lagafrumvarpi þessu fyr en á venjulegum tíma, í janúarmánuði 1915, er það lagt til að hlutbundnar kosningar fari ekki fram fyr en í síðari hluta marsmánaðar næsta ár og óhlutbundnar kosningar fyrstu 10 daga júnímánaðar sama ár. Innan þessara takmarka er ætlast til að konungur ákveði kjördaginn. Við þessar kosningar er ákveðið, að hinar almennu kjörskrár, sem koma í gildi 1. júlí 1915, skuli notaðar, en þar sem þær þannig verða notaðar áður en þær eftir ákvæðum lagafrumvarps þessa koma í gildi, er svo fyrir mælt, í samræmi við það sem gildir um aukakjörskrár, að í þetta skifti skuli þess getið við alla þá, sem hafa ekki öðlast kosningarrjett þann dag, sem kjörskráin er lögð fram, hvaða dag hver þeirra öðlast kosningarrjett, og hafa þeir þá rjett til að greiða atkvæði, ef þeir fullnægja skilyrðum fyrir kosningarrjetti á kjördegi.

Frumvarp til laga

um

sparisjóði.

(Lagt fyrir alþingi 1914).

---

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið, að taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrirskipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eður sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda stjórnarráði Íslands lög sjóðsins eða reglugerð til staðfestingar og má sjóðurinn eigi taka til starfa fyr en slík staðfesting er fengin.

Í lögum eða reglugerð sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði um:

a. trygging sjóðsins: Hvað sje greitt hlutafje eða tryggingarfje, ábyrgð einstakra manna eða fjelaga;
b. hvernig stjórn sjóðsins skuli vera fyrir komið, hvernig hana skuli kjósa og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli vera hagað;
c. um móttöku sparisjóðsfjár og útborgun á því, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, lán úr sjóðnum, ágóða sjóðsins og varasjóð, endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins;
d. hvernig lögum sjóðsins eða reglugerð geti orðið breytt svo að löglegt sje.

Sparisjóðir þeir, sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1915 sækja til stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eða reglugerðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur, er stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara, eða veita hæfilega ríflegan frest til að kippa í lag því, sem á það brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfje, hlutafje eða greitt ábyrgðarfje, mega ekki fá hærri arð eður vexti af slíku fje en 6 af hundraði á ári, nema því að eins að varasjóður sparisjóðsins sje að minsta kosti 20% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar eða leyfis stjórnarráðsins mega engir aðrir en sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Í öllum viðskiftabókum sparisjóða skal vera prentað ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins, svo og einnig lög eða reglugerð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn hvers sparisjóðs mega eigi vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal jafnan hverjir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn, og hverjir þeirra geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn gagnvart viðskiftamönnum hans.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir vítavert hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóða og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

8. gr.

Um stjórnarkosning skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í lögum hvers sparisjóðs. Þó hefir stjórnarráðið heimild til að setja nánari reglur um stjórnarkosningar, sjeu þar að lútandi ákvæði í lögum sparisjóðsins eigi fullnægjandi.

Hverjir kosnir eru í stjórn sparisjóðs, skal jafnan tafarlaust tilkynna umsjónarmanni sparisjóða.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu jafnan vera að minsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókari.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu við-

staddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má fjehirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess annar starfsmaður sje viðstaddur, en skuldbindandi er kvittun hans því að eins fyrir sjóðinn, að hún sje meðundirrituð af bókara. Sömuleiðis getur fjehirðir greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsgr.

10. gr.

Hafi fjehirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, skal hann setja trygging fyrir fje því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar og umsjónarmanns sparisjóða.

11. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei greiða neina upphæð, nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hinsvegar veita móttöku, þótt viðskiftabók sje eigi sýnd. Skal þá gefin sjerstök kvittun fyrir innlögunum og þess getið í kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

12. gr.

Innstæðueigandi hver skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilgreind hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eða bækur skal jafnan halda yfir öll lán úr sjóðnum og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig halda um allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá um alla skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Stjórnarráðið setur reglur um bókfærslu sparisjóða, eftir tillögum umsjónarmanns.

13. gr.

Aldrei má veita lán úr sparisjóði, nema því að eins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Eigi má samanlögð upphæð víxillána og sjálfskuldarábyrgðarlána, er sparisjóður veitir og trygð eru eingöngu með ábyrgð einstakra manna, nema meiru en helmingi af sparisjóðsinnstæðufjenu öllu, að viðbættu greiddu hlutafje.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má eigi veita nema í lengsta lagi til eins árs, og mega þau aldrei eldri verða en 10 ára áður en innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið.

Sparisjóðum þeim, er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eður meira, er skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs, (sbr. 16. gr.), innistandandi í bönkum að minsta kosti 5% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eða að hafa í vörslum sínum rikisskuldabrjef, bankavaxtabrjef eður önnur jafntrygg verðbrjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð. Nú kemur það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

Þegar verðbrjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá brjefin sem eign sparisjóðs. Verðbrjefaforða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

14. gr.

Án samþykkis stjórnarráðsins mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður lán taka, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabrjef sín eða verðbrjef til tryggingar slíkum lánum, sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar brjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

15. gr.

Eigi mega sparisjóðir gefa út handhafaávísanir á sjálfa sig.

16. gr.

Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði frádregnum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til innlausnar á hlutafje eða til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef eigur sparisjóðs nema meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður sjóðsins hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða, nema því að eins, að eignir hans nemi að minsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og umsjónarmanns sparisjóðanna, að verja megi fje úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir.

17. gr.

Af eignum varasjóðs hvers einstaks sparisjóðs skal jafnan vera svo mikið handbært í peningum, innieign hjá bönkum eður í auðseldum tryggum verðbrjefum, að það nemi að minsta kosti 5% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan. Þó gilda um þetta sömu undantekningar og fram eru teknar í 13. gr., 4. málsgr.

18. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýári til nýárs. Arsreikningur hvers sparisjóðs skal vera saminn fyrir marsmánaðarlok.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd fyrir reikningum sparisjóða.

19. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi gætur að því, svo oft sem þörf er á, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugerð sparisjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Ella sendi þeir umsjónarmanni sparisjóðanna skýrslu um misfellurnar.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

20. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins, og ábyrgðarmenn eða aðrir þeir, sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að dómi umsjónarmanns sparisjóða, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks, þegar á þarf að halda, þá getur stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins taka þá ákvörðun um það, hvort sjóðurinn skuli tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður eigi muni fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það umsjónarmanni sparisjóða og hann síðan stjórnarráðinu.

21. gr.

Ef sparisjóður af einhverjum ástæðum legst niður, og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugerð ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins; þær, er afgangs eru skuldum, getur stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að alt að tveimur þriðjungum af eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjeraði því, er sjóðurinn var stofnaður í. Afgangurinn rennur í landssjóð.

22. gr.

Stjórnarráðið skipar umsjónarmann til að hafa eftirlit með öllum sparisjóðum og starfsemi þeirra. Nefnist hann umsjónarmaður sparisjóða. Árslaun hans eru 1200 krónur, og greiðast þau úr landssjóði. Í fjárlögunum skal veita

hæfilega upphæð til ferðakostnaðar hans og dagpeninga á eftirlitsferðum. Dagpeningar teljast 5 kr. fyrir dag hvern, er hann er fjarverandi frá heimili sínu.

23. gr.

Umsjónarmaður sparisjóða hefir, undir yfirumsjón stjórnarráðsins, nákvæmt eftirlit með starfsemi allra sparisjóða á landinu og getur í því skyni krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóðanna, hag þeirra og alt fyrirkomulag. Samrit af ársreikningum allra sparisjóða skal senda honum jafnskjótt og reikningarnir eru samdir. Ennfremur athugasemdir endurskoðenda og svör reikningshaldara eður sparisjóðsstjórnar.

Umsjónarmaður semur og sendir stjórnarráðinu á ári hverju skýrslu um alla sparisjóði á landinu og starfsemi þeirra. Ágrip af skýrslu þessari skal birta almenningi á þann hátt, er stjórnarráðinu þykir best henta.

Heimilt er umsjónarmanni sparisjóða með samþykki stjórnarráðsins í einstökum tilfellum að fela öðrum fyrir sína hönd og á sína ábyrgð að reka eftirlit það með sparisjóðum, sem honum er falið samkvæmt lögum þessum. Kostnað við þetta má greiða af ferðakostnaðarfjenu eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins.

Stjórnendum sparisjóða og starfsmönnum er skylt að láta umsjónarmanni og umboðsmanni hans svo og stjórnarráðinu í tje skýrslur þær og upplýsingar um rekstur sparisjóða og hag þeirra, sem nauðsynlegt þykir að krefjast, og getur stjórnarráðið látið beita dagsektum, alt að 5 krónum á dag, ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutaðeigenda. Sektarfjeð rennur í landssjóð, og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjalddaga.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa umsjónarmanni sparisjóða.

Vanræki umsjónarmaður skyldur sínar getur stjórnarráðið vikið honum frá.

24. gr.

Sjerhverjum sparisjóði á landinu er skylt að greiða í landssjóð árgjald, er miða skal við innstæðufje hans við árslok næst á undan. Skal árgjald þetta nema 1 af þúsundi af sparisjóðsinnstæðufjenu, og skal greitt fyrir júnímánaðarlok ár hvert.

25. gr.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar sinnum í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fresti hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

26. gr.

Heimilt er að geyma um stundarsakir fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóði þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

27. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið kyrsetning og löghaldi, meðan það stendur þar.

28. gr.

Sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum sínum, hluthöfum eða ábyrgðarmönnum, eru undanþegnir tekjuskatti og sömuleiðis útsvari, enda sje ekki heimilt, samkvæmt lögum eða reglugerð sparisjóðsins, að verja fje úr varasjóði til annars, en að bæta tjón það, er sjóðurinn kann að bíða eða til nytsemdarfyrirtækja í almenningsþarfir.

29. gr.

Akvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú eru reknar samkvæmt sjerstökum lögum, svo sem t. d. Söfnunarsjóðs, Landsbankans, Íslandsbanka nje útbúa tjeðra banka.

30. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við.

Sektir allar renna í landssjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

32. gr.

Tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi er úr lögum numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir alþingi 1913 lagði stjórnin, meðal annara frumvarpa, frumvarp til laga um sparisjóði (Alþ.tíð. 1913, A bls. 233—244). Frumvarpið var fyrst tekið til meðferðar í efri deild. Nefnd, er þar var skipuð í málið, taldi slíkt lagafrumvarp nauðsynlegt, en gerði þó, auk orðabreytinga, nokkrar efnisbreytingar við það, er síðar skal minst á, og var sú merkust, að samanlögð upphæð víxillána og sjálfskuldarábyrgðarlána, sem trygð eru eingöngu með ábyrgð einstakra manna, mættu aldrei nema meiru en helming af sparisjóðsinnstæðufjenu öllu, að viðbættu innborguðu hlutafje, í stað þess að eftir 13. gr. stjórnarfrumvarpsins mátti samanlögð upphæð lána gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna, aldrei nema meiru en þriðjungi af öllu sparisjóðs-

innstæðufjenu. Auk þess vildi meiri hluti nefndarinnar gera þá breytingu, að því er eftirlit með sparisjóðum snertir, að stjórnarráðið gæti falið einstökum mönnum að hafa eftirlit með hag sparisjóðanna á stærri eða minni svæðum, gegn hæfilegri þóknun og ferðakostnaði úr landssjóði, en eftir stjórnarfrumvarpinu átti að skipa einn umsjónarmann með öllum sparisjóðum landsins með föstum árslaunum úr landssjóði, auk ferðakostnaðar og dagpeninga, en hins vegar áttu sparisjóðirnir svo að greiða í landssjóð árgjald, miðað við innstæðufje hans við næstu árslok á undan (22. og 24. gr. frv.); en þessi tillaga meiri hlutans fjell. Þegar málið kom til neðri deildar, skiftist nefnd sú, er þar var sett í málið, í tvent, og var það nú minni hlutinn, er vildi haga eftirlitinu á sama hátt, sem meiri hluti nefndarinnar í efri deild, þ. e. fela það sjerstökum manni við hvern sparisjóð, en meiri hlutinn var sammála stjórninni um að hafa einn eftirlitsmann við alla sparisjóði landsins. Þessi tillaga minni hlutans var þó samþykt við 2. umræðu málsins og um leið nokkrar aðrar efnisbreytingar, en að lokinni 3. umræðu málsins í neðri deild var frumvarpið í heild sinni felt að nafnakalli viðhöfðu með 12 atkv. gegn 10, einn þingmaður greiddi eigi atkvæði, og tveir voru fjarverandi. Af atkvæðagreiðslunni má sjá það, að þeir þingmenn, sem feldu frumvarpið, hafa gert það af mismunandi ástæðum, eftir því sem ræður þeirra votta, og sumir þeirra einmitt vegna þeirra breytinga, er frumvarpið varð fyrir í neðri deild.

Með því að stjórnin verður að líta svo á, sem lög um sparisjóði lík að efni, og fyrgreint stjórnarfrumvarp var, sjeu bráðnauðsynleg, eins og líka alþingi 1913 viðurkendi, telur hún rjett að leggja frumvarpið fyrir á ný með þeim breytingum alþingis, er hún telur aðgengilegar.

Verulegustu breytingar alþingis eru þessar:

1. Í 9. gr. er að vísu haldið þeirri aðalreglu, að eigi megi greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu viðstaddir, en með þeirri viðbót, að fjehirðir megi einn veita móttöku greiðslum í sjóðinn en kvittun hans sje þó eigi skuldbindandi fyrir sjóðinn, nema hún sje meðundirrituð af bókara, og sömuleiðis geti fjehirðir greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir. Jafnvel þótt þessi breyting vart verði talin til bóta, þar sem hún leggur það ómak á viðskiftamann sjóðsins, er vill greiða fje í sjóðinn, að útvega sjerstaklega undirskrift bókara, og gera sjer ef til vill langa ferð til þess, þá hefir stjórninni þó þótt rjett að halda þessu ákvæði sem báðar deildir samþyktu.

2. Um sjálfskuldarábyrgðarlán og víxillán voru þau ákvæði í 13. gr. stjórnarfrumvarpsins, að samanlögð upphæð hinna fyrnefndu lána mættu aldrei nema meiru en þriðjungi af sparisjóðsinnstæðufjenu öllu; og um hin síðarnefndu var svo ákveðið, að þau mætti því að eins veita, væru þau eigi trygð með veði, að samanlögð upphæð víxlanna fari aldrei fram úr tíunda hluta af allri sparisjóðsinnstæðunni.

Þessu ákvæði var breytt eins og fyr er getið á þá leið, að samanlögð upphæð víxillána og sjálfskuldarábyrgðarlána, sem trygð eru eingöngu með ábyrgð einstakra manna, megi ekki nema meiru en helmingi af spari-

sjóðsinnstæðufjenu öllu, að viðbættu greiddu hlutafje. Jafnvel þótt stjórnin telji rjettast að takmarka sjálfskuldarábyrgðarlán úr sparisjóðum sem mest, eða jafnvel afnema þau með öllu, og verði að álíta það viðurhlutamikið að sparisjóðir út um land fáist mjög mikið við vixlakaup, þá hefir henni þó virst rjett, að halda þessu ákvæði, sem alþingi sýndist að vera allfast í hendi að stæði. Um leið skal það tekið fram, að í neðri deild kom fram tillaga um að fella burtu ákvæðið um, að sjálfskuldarábyrgðarlán mættu aldrei eldri verða en 10 ára (sjá 39. brtill. á þskj. 613, Alþ.tíð. 1913 A bls. 1206), en sú tillaga var feld (sjá Alþ.tíð. 1913 C bls 2035), en samt sem áður hefir ákvæðið fallið burtu úr frumvarpinu við prentun þess eftir 2. umræðu í neðri deild (þskj. 680). Þetta ákvæði hefir verið tekið upp aftur með því að það að áliti stjórnarinnar verður að teljast heppilegt.

3. Eftir 17. gr. frumvarpsins ætlaðist stjórnin til, að jafnan væri til handbært fje í sparisjóði svo mikið, að næmi 10% af sparisjóðsfjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, en þessu hefir á þinginu verið breytt í 5%. Getur stjórnin gengið að því, með því eftirliti, er hún ætlast til að haft sje með sparisjóðum.

4. Stjórnin ætlaðist til, að eftirlitinu með sparisjóðunum, sem er aðalkjarninn í frumvarpinu, yrði þannig hagað, að einn umsjónarmaður hefði eftirlit með öllum sparisjóðum landsins. En þessu var breytt þannig í neðri deild sem fyr segir, að stjórnarráðið skyldi skipa sjerstakan gæslumann við hvern sparisjóð gegn borgun úr hlutaðeigandi sparisjóði. Um þetta atriði var aðallega deilt á alþingi, og að því hnigu umræðurnar mest. Sem ástæður fyrir því, að hafa gæslumann við hvern sparisjóð um sig, í stað eins almenns umsjónarmanns, var tilfært, *að* eftirlitið á þann hátt yrði *ódýrara* en ella, og þó engu *ótryggara*, því að almennan gæslumann brysti eðlilega kunnugleik og þekkingu, að því er snertir veðgildi fasteigna eða efnahag og skilvísi skuldunauta og ábyrgðarmanna víðsvegar um landið. Auk þess væri það fyrirkomulag óhaganlegt að því leyti, að gæslustörfin, framkvæmd af einum manni, yrðu gerð á hlaupum með minni vandvirkni en vera ætti.

Ef menn hafa það hugfast, að það er aðaltilgangur sparisjóða að geyma fje manna og ávaxta það — það virðist sem sumum þingmönnum hafi eigi verið þetta vel ljóst — þá er það auðsætt, að það er skylda hins opinbera, að sjá um það, að stjórn sparisjóðanna sje svo hagað, að full trygging sje fyrir því, að innieign manna sje ekki hætta búin, af ógætilegri eða jafnvel vítaverðri meðferð á henni. Því hefir að vísu verið haldið fram, að hingað til hafi ekki borið á því, að fje sparisjóðanna hafi tapast, en, þó satt væri, er það engin sönnun fyrir því, að fje sparisjóðanna sje trygt. Meðan sjálfskuldarábyrgðarlánin — og þau eru lang tíðust — eru enn látin standa óhögguð árum og áratugum saman, eða takmarkalaust framlengd, er ekki við því að búast, að tap komi í ljós, eða meðan vixlar, þar sem þeir tíðkast, eru jafnan endurnýjaðir, með lítilli eða alls engri afborgun; en yrði farið að draga þessi lán inn, þó með allri gætni væri, þá mundi það sannast, að margur sparisjóðurinn mundi fá skell. Að öðru

leyti er það kunnugt, að stjórn sumra sparisjóða hefir alls eigi verið sem best, úr einum sjóði hefir t. a. m. verið lánuð út talsverð upphæð gegn veði í lausafje þvert á móti lögum sparisjóðsins, og veðbrjefinu var ekki einu sinni þinglýst. Um annan sjóð er það kunnugt, að hann hefir staðið inni í verslun einni, og svo getur verið um fleiri. Enn er það kunnugt, að til eru þeir sparisjóðir, sem ekki geta greitt út innstæðufje, sem hefir verið löglega sagt upp, og verður það ekki talin heppileg eða góð stjórn.

Að nægileg trygging fyrir góðri stjórn sjóðanna fáist með því, að skipa einn gæslumann í námunda við sjóðinn, verður engan veginn sjeð. Nú sem stendur eru, að minsta kosti að nafninu til, einn eða jafnvel tveir endurskoðendur við hvern sparisjóð. Ætti það í rauninni að vera næg trygging, ef vissa væri fyrir því jafnan, að þessir menn væru starfinu vaxnir, en það þurfa þeir ekki að vera, enda oft hætt við, að menn sem heima eiga í námunda við sjóðinn, sjeu eitthvað við hann riðnir, sem skuldunautar eða ábyrgðarmenn. Þessir menn hafa því ekki mikla tilhneigingu til að beita strangleika, og það enn síður ef þeir eru auk þess eitthvað venslaðir eða bundnir á annan hátt við stjórnendur sparisjóðsins, sem oft vill til. En alt þetta sama gildir um gæslumanninn á staðnum. Geti endurskoðunarmenn ekki gert skyldu sína, eru engin líkindi til, að gæslumaður á *staðnum* geti gert það betur.

Að einn gæslumaður yrði dýrari en margir, er alveg ósannað, en þó svo væri, þá er hjer annars vegar aðeins um tiltölulega litla upphæð að ræða, en hins vegar um stórmikið nauðsynjamál, er varðar alla alþýðu manna, mál sem er skilyrði fyrir því, að þeir geti komið þeim peningum, er þeir kunna að spara saman, á alveg óhultan stað.

Stjórnarráðið verður því að halda fast við þá skoðun sína, að nægileg trygging fáist því að eins, að einn almennur umsjónarmaður sje skipaður; með því móti mætti fá mann, sem full vissa er um, að sje starfinu vaxinn. sem mundi verða alveg óhlutdrægur, og gæti komið á fullu samræmi í stjórn og rekstri sjóðanna. Sú mótbára, að hann mundi sökum staðarlegs ókunnugleika ekki geta dæmt um verðmæti eigna eða gæði tryggginganna, mundi aðeins gilda fyrst í stað, væri hún sönn, sem ekki þarf að vera. Að minsta kosti verða bankarnir í Reykjavík að dæma um slíkt án þess komið hafi að klandri, svo kunnugt sje.

Stjórnarráðið hefir því tekið upp þessi ákvæði óbreytt, einnig þau er lúta að launum umsjónarmanns. Að vísu fanst það á mörgum þingmönnum, að þeim þótti gengið nærri sparisjóðunum með 24. gr. stjórnarfrumvarpsins, að þeir skyldu greiða í landssjóð 1‰ af sparisjóðsinnstæðufjenu miðað við síðustu áramót, í notum þess að landssjóður greiddi laun og ferðakostnað umsjónarmanns. En hjer er ekki um þungan skatt að ræða; eftir síðustu prentuðu skýrslu um sparisjóði, var sparisjóðsinnstæða í árslok 1910 1,198,501 króna, og yrði þá skatturinn tæpar 1200 krónur, eða eins og laun umsjónarmanns eru áætluð. Skatturinn mundi eigi koma þungt niður á einstaka sparisjóði. Mest yrði sparisjóður Eyrarbakka að greiða, 428 krónur, þar næst sparisjóður Sauðárkróks, 105 krónur. Hinir allir fyrir innan 100 krónur.

5. Loks hefir tveimur nýjum greinum verið bætt inn á alþingi; eftir 27. gr. á sparisjóðsinnstæða ásamt vöxtum að vera undanþegin kyrsetning og löghaldi, og eftir 28. gr. eiga sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum, hluthöfum eða ábyrgðarmönnum að vera undanþegnir tekjuskatti og útsvari. Þetta hvorttveggja getur stjórnin fallist á.

Samkvæmt þessu er frumvarpið lagt fyrir eins og það var orðið á alþingi 1913, er það var felt, með þeirri breytingu, að ákvæðunum um einn umsjónarmann og hvernig honum skuli launað er haldið eins og þau voru í hinu upphaflega frumvarpi stjórnarinnar 1913.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum nr. 66, 10. nóvember 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

(Lagt fyrir alþingi 1914).

---

1. gr.

Íslandsbanka skal heimilt, eftir því sem viðskiptaþörfin krefur, að gefa út seðla, er nemi alt að 5 miljónum króna, og greiðist handhafa með gullmynt, þegar krafist er, gegn því að bankinn

1) hafi í vörslum sínum málmforða, er ekki nemi minna verði en $^{3}/_{8}$ af seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti;
2) hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlafúlgunnar, sem ekki er trygður með málmforðanum, svo og öðrum kröfum, er á bankanum hvíla, er nemi jafnmiklu verði.

2. gr.

4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905 er úr lögum numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Framkvæmdarstjórn Íslandsbanka hefir ritað stjórnarráðinu eftirfarandi brjef.

Reykjavík, h. 4. apríl 1914.

Með hverju ári kemur það betur og betur í ljós að seðlaútgáfurjettur bankans, 2½ milj. krónur, er að verða ófullnægjandi. Það sýndi sig t. d. síðastl. haust, að bankinn átti fullerfitt með að fullnægja hinni nauðsynlegustu viðskiftaþörf með seðlafúlgu sinni. — Fyrir því hefur stjórn bankans komið til hugar, hvort ekki myndi tiltök að fá með lögum breytingu á takmörkunum fyrir seðlaútgáfurjettinum, þannig, að útgáfurjetturinn væri aukinn annaðhvort eftir því, sem viðskiftaþörfin krefur líkt og ákveðið er um seðlaútgáfurjett Þjóðbankans danska, eða þá að hann væri bundinn við einhverja ákveðna upphæð, er eigi mætti lægri vera en 5 milj. krónur. Fyrir þessari aukningu, er vjer teljum alveg nauðsynlega, ættu að gilda allar sömu reglur að því er málmforðatryggingu snertir o. fl. og þær, er settar eru með lögum 10. nóvbr. 1905 (sbr. lög 7. júní 1902) —.

Viljum vjer hjermeð leyfa oss að beina þeirri ósk til yðar, hæstvirti ráðherra, að þjer vilduð greiða fyrir málefni þessu á þann hátt, er þjer álitið best henta.

Vjer leyfum oss jafnframt að láta fylgja eftirrit af erindi frá þeim P. O. A. Andersen og C. C. Clausen, sem nú eru í fulltrúaráði bankans.

Allravirðingarfyllst

Íslands banki.

Sighvatur Bjarnason. *T. Tofte.* *Kristján Jónsson.*

Til ráðherra Íslands.

Stjórnarráðið er bankastjórninni samdóma um, að viðskiftaþörf landsins sje vaxin frá þeim stakki, sem seðlaútgáfurjettinum var skorinn árið 1901, þegar lögin um stofnun hlutafjelagsbanka voru samin, og að það sje nauðsynlegt, til þess að geta fullnægt þörfunum, að auka seðlaútgáfuna; jafnvel þótt ekki sje sjáanleg nein sjerstök þörf á því, að takmarka rjettinn við vissa upphæð, ef þess er að eins gætt, að fylgt sje tryggingarákvæðunum viðvíkjandi seðlaútgáfunni, þá eru hinsvegar litlar líkur til, að þörf verði fyrir meira en 5 miljónir fyrstu árin, og þá auðgefið að hækka upphæðina með nýrri lagabreyting, er til þarf að taka. Stjórnarráðið hefir því valið að tilnefna þá upphæð í þessu frumvarpi, til þess að vikja ekki frá þeirri reglu gildandi laga um þetta efni, að hafa upphæðina takmarkaða.

Erindi það frá tveim meðlimum fulltrúaráðsins, sem um getur í brjefi bankastjórnarinnar, mun afhent væntanlegri þingnefnd í málinu.

Frumvarp til laga

um

breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóvbr. 1913 um árekstur og björgun.

(Lagt fyrir alþingi 1914).

---

1. gr.

225. gr. siglingalaganna 22. nóvbr. 1913 orðist svo:

»Ef tjón verður á skipi, góssi eða mönnum, af því að skip rákust á, og annað þeirra var eitt saman sök í árekstrinum, þá bætir hið seka skip skaða þann allan, er af hlaust. Nú hefir mannsbani hlotist af árekstrinum, og má þá, ef þess er krafist, dæma hinn seka, þótt eigi verði álitið að hann hafi unnið til hegningar, til að gjalda manni eða konu hins dána eða börnum hans bætur fyrir missi þess, sem átti að standa straum af þeim, og skal ákveða í bæturnar tiltekna upphæð eitt skifti fyrir öll. Hvorki þessar bætur nje bætur fyrir líkamstjón mega fara fram úr 4200 krónum.

Nú eru bæði skipin sek, og skulu þau þá bæði bæta skaðann að rjettri tiltölu við sök hvors þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins, að ekki verður bygð á þeim skifting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum, þá bæta hin seku skip tjónið að jöfnum hlutum.

Hvort hinna seku skipa ábyrgist einungis sinn hluta skaðabótanna, nema manns bani hafi hlotist af árekstrinum eða tjón á líkama eða heilbrigði. Þá má sá, er skaðabótarjettinn á, krefja hvort hinna seku skipa um allar skaðabæturnar. Ef eitthvert hinna seku skipa hefir af þessum ástæðum orðið að greiða meiri bætur, heldur en í þess hlut áttu að koma að rjettri tiltölu, þá á það endurgjaldsrjett á hendur hinu á þeirri upphæð, sem það varð að greiða umfram sinn hlut.

Þá er meta skal sök hvors skips, þá skal dómari einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

2. gr.

228. gr. sömu laga orðist svo:

»Nú rekast skip á, og er þá hvorumtveggja skipstjóra skylt, að svo miklu

leyti sem það má verða, án þess að stofna í verulega hættu skipi sínu, skipshöfn þess eða farþegum, að veita hinu skipinu, skipshöfn þess og farþegum alla þá hjálp, sem veita má og þeim er nauðsyn á til bjargar sjer úr háska þeim, sem árekstur inn stofnaði þeim í. Skylt er og þeim skipstjóra, að segja hinum skipstjóranum til nafns á skipi sínu og til heimkynnis þess, úr hverjum stað eða höfn það kom og hvert því er ætlað að fara«.

3. gr.

A eftir 228. gr. sömu laga komi ný grein, 228 gr. a), svohljóðandi:

»Það, sem fyrir er mælt í þessum kapítula um tjón af árekstri skipa, kemur einnig til greina, þá er skip veldur tjóni á öðru skipi, eða á mönnum eða góssi sem á því eru, með siglingu sinni eða á annan hátt, þó ekki hafi skipin rekist á«.

4. gr.

Fyrirsögn 10. kapítula sömu laga orðist svo: »Um björgun«.

5. gr.

229. gr. sömu laga orðist svo:

»Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefir eða er statt í neyð, eða góssi sem á því er, eða nokkru af því skipi eða góssi því sem á því var, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rjett á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Sá, sem bjargar mönnum af skipinu, meðan það var statt í neyð þeirri, sem var tilefni til björgunarinnar, eða veitir að björgun mannanna, á rjett á hluta úr björgunarlaununum.

Nú tekur einhver þátt í björguninni gegn beru og rjettmætu banni þess, sem hefir stjórn skipsins á hendi, og á hann þá engan rjett á björgunarlaunum.

Krefja má björgunarlauna jafnt, þó það skip, sem bjargaði, sje eign sama manns, eins og hitt, sem bjargað var.

Nú hefir maður tekist á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita því aðstoð á annan líkan hátt, og skipinu hlekkist síðan á, og á sá maður þá að eins rjett á björgunarlaunum að því leyti, sem talið verður, að aðstoð sú, sem hann veitir, hafi farið fram úr því, sem honum bar skylda til samkvæmt því er honum bar af hendi að inna.

Nú verða málsaðilar ekki á eitt sáttir um, hve mikil björgunarlaunin skuli vera, og sker þá dómur úr.

Lög um skipströnd mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umboðsmaður hans.

6. gr.

230. gr. sömu laga orðist svo:

»Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt:

1. Fyrst og fremst:
   a, Að hve miklu leyti björgunin tókst;

b, Verklagni þeirrar og atorku, sem björgunarmenn unnu með að björguninni, og tíma þess og fyrirhafnar, sem til hennar var varið;
c, Hættu þeirrar, sem skipið sem bjargað var, var statt í, skipshöfn þess, farþegar eða góss;
d, Hættu þeirrar, sem björgunarmönnum og eign þeirra var stofnað í;
e, Áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt;
f, Skaða þess, sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar, sem þeir hafa haft, og verðmætis björgunartækja þeirra, sem notuð voru;
g, Þess, hvort skipið, sem bjargaði, var sjerstaklega útbúið til björgunar.

2. Þar næst:

Verðmætis þess, sem bjargað var.

Nú kemur það í ljós, að björgunarmaður var sjálfur sök í neyð þeirri, sem var tilefni björgunarinnar, eða hefir orðið sekur um þjófnað, hilming eða aðra sviksamlega meðferð á munum þeim sem bjargað var, og má dómurinn þá færa niður björgunarlaun þess manns eða svifta hann björgunarlaunum með öllu.

7. gr.

231. gr. sömu laga orðist svo:

»Ekki má gera björgunarlaun hærri en verðmæti þess, sem bjargað var, að meðtöldu flutningsgjaldi fyrir farm og farþega, en að frádregnum tolli og öðrum opinberum gjöldum svo og kostnaði við geymslu, virðingargjörð og sölu.

Í björgunarlaununum felst og þóknun fyrir að flytja góssið, sem bjargað var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru til þess«.

8. gr.

232. gr. sömu laga orðist svo:

»Ef björgunarsamningur hefir verið gerður meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar, þá má hver aðila sem er, krefjast þess, að dómur ónýti samninginn eða breyti honum, ef telja verður, að skilmálar hans sjeu ósanngjarnir.

Rjett er og dómi að ónýta björgunarsamning eða breyta honum ávalt þá er telja verður, að umsamin björgunarlaun sjeu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá sem veitt var, ef sá aðila sem á var hallað, krefst þess.

Ákvæðið í síðustu málsgrein 230. gr. kemur einnig til greina, þá er samningur hefir verið gjörður um björgun.

Máli til ónýtingar björgunarsamnings eða breytingar á honum skal vera stefnt til dóms áður en þrír mánuðir sjeu liðnir frá því, er samningurinn var gjörður«.

9. gr.

1. málsgrein 233. gr. sömu laga orðist svo:

»Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skifti björgunarlauna, þá skal skift með dómi og gætt þeirra atvika, sem 230. gr. greinir«.

10. gr.

Í 4. tölulið 236. gr. sömu laga breytist punkturinn á eftir orðunum »greiðslu á« í kommu, og komi ný setning svohljóðandi: »og loks endurgjaldskrafa sú, sem um er rætt í 3. málsgrein 225. greinar«.

11. gr.

251. gr. sömu laga orðist svo:

»Kröfur, sem kröfuhafi getur eftir þessum lögum, eigi leitað sjer fullnægingar fyrir í öðrum munum en þeim, sem hann á sjóveðrjett í, missast hver um sig, ef þeim er ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, sem hjer segir:

1. Kröfur um framlag til sameiginlegs sjótjóns og til kostnaðar, sem jafna skal niður á líkan hátt (sbr. síðari málsgrein 166. gr. og 2. málsgrein 223. gr.) áður ár sje liðið frá dagsetningu úrslitagjörðar sjótjónsins.
2. Kröfur til skaðabóta fyrir glataðan eða skemdan farm áður ár sje liðið frá því, er affermt var.
3. Kröfur til allra annara skaðabóta áður tvö ár sjeu liðin frá því, er tjónið bar að.
4. Kröfur um björgunarlaun áður tvö ár sjeu liðin frá því, er björgunarstarfinu var lokið.
5. Endurgjaldskrafan samkvæmt 3. málsgrein 225. gr. áður ár sje liðið frá því, er greitt var þeim, sem tjónið beið.
6. Allar aðrar sjóveðrjettarkröfur áður ár sje liðið frá því, er þær komu í gjalddaga.

Nú á kröfuhafi auk þess rjett á að ganga að útgjörðarmanni, farmeiganda eða öðrum sem sjálfskuldarmönnum fyrir kröfu sinni um skaðabætur fyrir tjón af árekstri eða fyrir einhverjum þeim kröfum, sem taldar eru í 4. og 5. tölulið hjer að framan, og taka þá fyrningarákvæði þau, sem þar eru nefnd, einnig til þess rjettar kröfuhafa. Um aðrar framangreindar kröfur, sem kröfuhafi á rjett á að ganga jafnframt að einhverjum fyrir, sem skuldunaut, fer eftir hinum almennu fyrningarákvæðum laga.

Ávalt, þá er málið til fullnægingar kröfunni er höfðað fyrir íslenskum dómi, skal farið eftir fyrningarlögum þeim, sem gilda hjer á landi, um það, hverjar athafnir rifta fyrningunni.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á alþjóðafundi þeim um sjórjettarmálefni, sem haldinn var í Brüssel árið 1910, og var hinn 3. í röðinni, komu umboðsmenn 24 ríkja sjer saman um frumvarp til samninga um sameiginlegar reglur sumpart um »*árekstur skipa*«, sumpart um »*hjálp og björgun á sjó*«. Meðal fundarmanna voru einnig umboðsmenn fyrir Danaveldi, en um það var svo ákveðið í 2. undirskriftarákvæði samninganna, að samningarnir skyldu því aðeins taka til Íslands, að þeir væru sjerstaklega fullgiltir fyrir þess hönd. Því sendi utanríkisráðaneytið stjórnarráði Íslands, með brjefi 13. apr. 1910, eintak nefndra samninga og spurðist fyrir um það, hvort óskað væri eftir að þeir yrðu fullgiltir fyrir Íslands hönd. Stjórnarráð Íslands svaraði þessu játandi með brjefi, dags. 2. janúar 1911, og kvaðst mundu reyna að koma fram þeim breytingum á gildandi íslenskum lögum, sem nauðsynlegar væru til þess að landið gæti fullnægt kröfum samninganna, þegar lokið væri undirbúningi samsvarandi frumvarps fyrir Danmörku og það samþykt til lagningar fyrir ríkisþingið.

Danska stjórnin tilnefndi tvo menn, þá L. A. Grundtvig prófessor og C. Will forstjóra til þess að semja frumvarp til breytinga þeirra á dönsku siglingalögunum, sem nauðsynlegar kynnu að vera til þess að áðurnefndir samningar yrðu fullgiltir fyrir Danmerkur hönd. Þessir menn unnu í nefnd með mönnum, sem tilnefndir voru af norsku og sænsku stjórnunum til þess að undirbúa samsvarandi breytingar á norsku og sænsku siglingalögunum. Lauk nefndin við frumvörp sín fyrri hluta árs 1912 og var danska frumvarpið lagt fyrir ríkisþingið þá þegar, afgreitt sem lög frá næsta ríkisþingi og staðfest af konungi 29. apríl 1913. Samkvæmt 12. gr. laganna var ákveðið með kgl. tilskipun 16. júní 1913, að þau skyldu ganga í gildi 1. júlí 1913. Síðan voru samningarnir fullgiltir fyrir hönd Danmerkur og auglýstir þar.

Þegar dönsku lögin komu hingað til landsins, sendi stjórnarráðið eintak af þeim ásamt frumvarpi og athugasemdum þeirra Grundtvigs og Will's, nefnd þeirri, sem þá sat á alþingi síðastliðið sumar til þess að athuga siglingalagafrumvarpið. En með því að þá var enn ófrjett um tilskipunina frá 16. júní og að samninganir væru gengnir í gildi, þótti nefndinni ekki ástæða til að breyta ákvæðum siglingalagafrumvarpsins að svo stöddu áður vissa væri fengin fyrir fullgilding þeirra. En nefndin ljet hinsvegar í ljósi, að hún treysti því að ákvæðum siglingalaganna yrði breytt í samræmi við samningana, jafnskjótt og unt væri, eftir að þeir kynnu að vera fullgiltir, (Alþ.tíðindi 1913, C þingskj. 161). Nú hafa greindir samningar verið fullgiltir af þessum ríkjum: Danmörku, Þýskalandi, Austurríki, Ungverjalandi, Belgíu, Frakklandi, Bretlandi, Mexíkó, Hollandi, Rúmeníu og Rússlandi. Ennfremur hafa Bandaríkin fullgilt samninginn um björgun, og Nicaragua og Grikkland samninginn um árekstur skipa. Þykir stjórnarráðinu því nauðsyn til bera, að siglingalögunum verði nú breytt í þá átt, að hægt verði að fullgilda áður um getna samninga einnig fyrir Íslands hönd. Fyrir því er frumvarp þetta lagt fyrir þingið.

Með því að ákvæði siglingalaganna um árekstur og björgunarlaun (9. og 10. kap.) eru að mestu leyti eins og samsvarandi ákvæði dönsku siglinga-

laganna, hafa dönsku lögin frá 29. apr. 1913, sem áður voru nefnd, verið lögð hjer til grundvallar. Verður nú gjörð nokkur grein fyrir einstökum ákvæðum frumvarpsins.

Við 1. gr.

Fyrir »farmi« í sigl.l. er sett »góss« í samræmi við 1. gr. og 4. gr. 2 samningsins um árekstur. »Góss« (góz eða góðs), tekur auk farms til eigna skipshafnar, farþega og annara á skipinu. »Mönnum« er bætt við í samræmi við 1. gr. nefnds samnings. — Ákvæðið um skaðabætur fyrir dauða manns, sem hlýst af árekstrinum, kann í skjótu bragði að virðast óþarft eftir hinum íslenska texta 304. greinar hegningarlaganna; en á hinum danska texta laga þessara, sem er undirskrifaður af konunginum, sjest, að orðin »á þann hátt að honum verður gefin sök á því«, merkir hið sama eins og »paa en strafbar Maade«, og með því að þetta fullnægir ekki 1. gr. samningsins um árekstur, verður að bæta við orðunum: »Þótt eigi verði álitið að hann hafi unnið til hegningar«. Sú breyting er og gjörð á reglu hegningarlaganna, að skaðabæturnar skulu ávalt vera tiltekin upphæð eitt skifti fyrir öll og má aldrei fara fram úr 4200 gr., en eftir hegningarlögunum er ekkert hámark skaðabótanna og dómstólunum er eftir þeim heimilt að ákveða í bæturnar framfærslutillag, sem haldist um tiltekinn tíma. Ákvæði þessara laga gildir aðeins um mannsbana, sem hlýst af árekstri skipa, en 304. gr. hegningarlaganna heldur gildi sínu um öll önnur tilfelli.

2. málsgrein er færð í samræmi við 4. gr. 1 í samningnum um árekstur.

3. málsgrein færð í samræmi við 4. gr. 2 og 3 í samningnum.

Við 2. gr.

Hjer eru orðin »*veruleg* hætta« höfð um það, sem í dönsku lögunum er nefnt »særlig Fare« og í frumtexta samningsins um árekstur »danger serieux«.

Seinni hluti 228. gr. siglingalaganna verður að falla burt af því að hann fer í bága við 6. gr. 2 í samningnum um árekstur.

Við 3. gr.

Í siglingalögunum eru engin sjerstök skaðabótaákvæði um það, ef skip veldur tjóni á öðru skipi, mönnum þess eða munum, án þess að rekast á það, t. d. siglir svo, að af því hlýst árekstur annara skipa, eða svo, að annað skip hrekst á bryggju, bólverk, ísjaka, eða neyðist til að hleypa á land eða grynningar o. s. frv. Um þessi tilfelli fer nú eftir almennum skaðabótareglum. Í 13. gr. samningsins um árekstur hefir hinsvegar verið samið svo um, að sömu reglur skuli gilda um þessi tilfelli sem um árekstur, og verður því að bæta ákvæði í þá átt við siglingalögin. Það er álitamál hvar og hvernig slíku ákvæði verði best við komið. Norðurlandanefndin varð sammála um að stinga upp á því fyrirkomulagi sem fylgt er í þessu frumvarpi, að bæta við nýrri grein aftast í kafla siglingalaganna um árekstur. Til þess að komast hjá að breyta röðinni á öllum þeim greinum siglingalaganna, sem á eftir koma, og öllum tilvitnunum til þeirra, er nýja greinin látin hafa tölu síðustu greinarinnar í kaflanum, en auðkend frá þeirri grein með bókstafnum »a«.

Við 4. gr.

Vegna breytingar þeirrar, sem stungið er upp á að gjörð verði á 232. gr. sigl.l., þykir rjett að breyta einnig fyrirsögn kapítulans.

Við 5. gr.

Í byrjun greinarinnar eru gjörðar samskonar breytingar sem í 1. gr. eru gjörðar á 225. gr. sigl.l., sbr. 1. gr. samningsins um hjálp og björgun.

Ákvæðið um björgun manna leiðir af 9. gr. samningsins.

2. mgr. greinarinnar er í samræmi við 3. gr. samningsins.

3. mgr. gr. er í samræmi við 5. gr. samningsins.

4. mgr. gr. er í samræmi við 4. gr. samn. og þó nokkru víðtækari. Er það tekið eftir dönsku lögunum 29. apr. 1913.

5. mgr. gr. er í samræmi við 1. mgr. 2. lið 229. gr. siglingalaganna. Seinni hluti liðsins verður þó að falla burt, vegna þess að hann verður ekki samrýmdur 6. gr. 1 samningsins.

Við 6. gr.

Þessi grein er í samræmi við 8. gr. samningsins um björgun og felast í henni allmargar breytingar á 230. gr. sigl.laganna, en flestar lítilvægar. Aðalbreytingarnar eru þær, *að* upptalninguna samkv. 8. gr. samningsins verður að telja tæmandi, og því verður að fella burt orðin »einkanlega« í upphafi 230. gr. sigl.l., og *að* töluverður mismunur er gjörður á verðmæti þess, sem bjargað var, annarsvegar og öllum hinum atriðunum hinsvegar, þannig að verðmætið skiftir minna máli en hin atriðin. — Með staflið e) er átt við t. d. áhættu skipsins á að koma of seint með farminn til ákvörðunarstaðarins vegna tafarinnar við björgunina. Af því getur leitt skaðabótaskyldu gagnvart farmeiganda fyrir dráttinn.

Við 7. gr.

231. gr. sigl.laganna er færð í samræmi við 2. og 8. gr. samningsins. Hámark björgunarlaunanna samkv. sigl.l. ($^1/_3$ verðmætis þess, sem bjargað var), verður ekki samrýmt 8. gr. samningsins og verður því að fella það burt og setja hámarkið jafnt verðmæti alls þess, sem bjargað var, að engu undanskildu. Hinsvegar mega björgunarlaun aldrei vera hærri, sbr. 2. gr. samn. um björgun.

Við 8. gr.

Grein þessi er í samræmi við 7. gr. samningsins um björgun. Helstu breytingar á 232. gr. sigl.laganna eru, *að* ákvæðið gildir um björgunarsamning, hver sem hefir gert hann, þó það sje ekki skipstjóri, útgerðarmaður eða farmeigandi, *að* ákvæðið gildir um björgunarsamninga yfir höfuð ekki aðeins um samninga um björgunar*laun*, og *að* sjerákvæði sigl.l. um gjörðardómsákvæði í björgunarsamningi er felt burt — Málsskotsfresturinn er hjer settur 3 mánuðir eins og í 232. gr. sigl.l., en er 2 mánuðir í dönsku lögunum.

Við 9. gr.

Seinni partur 1. málsgreinar í 233. gr. sigl.l. verður að falla burt vegna 6. gr. 2 í samningnum um björgun.

Við 10. gr.

Hjer er stungið upp á að endurgjaldskrafan samkv. 1. gr. 3. mgr. þessa frumvarps fái sjóveðsrjett í skipi og farmgjaldi.

Við 11. gr.

251. gr. sigl.l. er breytt í samræmi við 7. gr. samningsins um árekstur og 10. gr. samningsins um björgun.

Við 12. gr.

Með því að flestar siglingaþjóðir hafa þegar fullgilt samningana um árekstur og björgun, og fullgilding fyrir Íslands hönd bíður aðeins þeirra breytinga á siglingalögunum sem hjer er farið fram á, og nauðsynlegar eru til þess að fullgilding sje heimil, þá virðist rjett að breytingarnar verði að lögum þegar er alþingi hefir fallist á frumvarpið og konungur staðfest það.

Fylgiskjal I.

Samningur

um

að koma á nokkrum samkynja reglum um árekstur skipa.

---

1. gr.

Nú rekast hafskip á eða hafskip og skip, sem eru í innanlandssiglingum, og skal þá ákveða skaðabæturnar fyrir tjón það, sem varð á skipunum eða munum þeim eða mönnum, sem á þeim voru, eftir þeim reglum, sem hjer fara á eftir án þess tillit sje haft til þess, hvar á sjó áreksturinn varð.

2. gr.

Ef áreksturinn varð af óhappatilviljun eða fyrir vis major eða það er vafa undirorpið, hverjar voru orsakir árekstrarins, þá fær enginn þeirra, sem tjón beið, skaða sinn bættan.

Sama gildir, þá er annaðhvort öll skipin eða eitt þeirra lá við akkeri eða bundið festum þegar slysið vildi til.

3. gr.

Ef eitt skipið var eitt saman sök í árekstrinum, þá bætir hið seka skip skaðann.

4. gr.

1. Nú eru öll skipin sek, og skulu þau þá öll bæta skaðann að rjettri tiltölu við sök hvers þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins, að ekki verður á þeim bygð skifting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum, þá bæta þó skipin tjónið að jöfnum hlutum.

2. Hin seku skip ábyrgjast skaða þann, sem orðið hefir á skipum, farmi þeirra eða munum og öðrum eignum skipshafnar, farþega og annara manna, sem á þeim voru, þó svo að ábyrgð þessi er ekki sameiginleg (solidarisk) gagnvart þriðja manni.

3. Hin seku skip ábyrgjast sameiginlega (sólidariskt) tjón af manns bana eða líkamsáverka. Þó á það skip, sem greitt hefir meira en þann hlut, sem á það fellur til fullnaðar samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, endurgjaldsrjett á hendur hinum á þeirri upphæð, sem umfram var greidd.

4. Löggjöf hvers lands um sig er rjett að ákveða að hve miklu leyti samnings- og lagaákvæði, sem takmarka ábyrgð útgerðarmanns gagnvart mönnum þeim, sem á skipinu eru, taka til þessa endurgjaldsrjettar og eru gild um hann.

5. gr.

Ábyrgð sú, sem ákveðin er í undanförnum greinum, kemur einnig til, þá er árekstur varð fyrir yfirsjón hafnsögumanns, og það þótt skylduhafnsögumaður væri.

6. gr.

Málshöfðun til skaðabóta fyrir tjón af árekstri skal ekki bundin því skilyrði, að mótmæli eða nein önnur sjerstakleg formsathöfn hafi farið fram.

Þá er meta skal ábyrgð af árekstri, skulu engar löglíkur vera um yfirsjón.

7. gr.

Nú er skaðabótamál ekki höfðað áður en tvö ár eru liðin frá því er árekstur varð, og er skaðabótakrafan þá fyrnd.

Ef um mál til fullnægingar endurgjaldskröfunni samkvæmt 3. tölulið 4. gr. er að tefla, er fresturinn eitt ár. Fyrningarfresturinn telst í þessu tilfelli frá þeim degi, er borgun var int af hendi.

Um það, hver atvik dragi fyrninguna eða rifti henni, fer eftir lögum þeim, sem gilda um dóm þann, sem málið er höfðað við.

Hinir háu samningsaðilar áskilja sjer rjett til þess að ákveða með lögum, að frestir þeir, sem nú voru nefndir, skuli vera lengri, þá er ekki hefir verið auðið að leggja hald á skip það, sem lögsækja á, í landhelgi þess ríkis, sem málshöfðandi á heima í eða hefir aðalatvinnustöð sína.

8. gr.

Nú rekast skip á, og er þá hvorumtveggja skipstjóra skylt, að svo miklu leyti sem það má verða, án þess að stofna sínu skipi í verulega hættu, skipshöfn þess eða farþegum, að veita hinu skipinu, skipshöfn þess og farþegum hjálp.

Skylt er og þeim skipstjóra, ef unt er, að segja hinu skipinu til nafns á skipi sínu og til heimkynnis þess, svo og hvaðan það kemur og hvert það ætlar.

Útgerðarmaður ábyrgist ekki fyrir þá sök eina, að þessi fyrirmæli eru brotin.

9. gr.

Að því leyti sem löggjöf hinna háu samningsaðila leggur ekki hegningu við brotum gegn fyrirmælum greinarinnar næstu hjer á undan, skuldbinda þeir sig til þess annaðhvort að gera sjálfir ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru til þess að afbrotum þeim verði hegnt, eða leggja frumvörp í þá átt fyrir löggjafarþing sín.

Hinum háu samningsaðilum ber, hverjum fyrir sitt ríki, svo fljótt, sem auðið er, að tilkynna hver öðrum lög þau og tilskipanir, sem þegar hafa verið settar eða síðar kynnu að verða settar til fullnægingar ákvæðinu næst á undan.

10. gr.

Ákvæðin í samningi þessum snerta ekki reglur þær, sem gilda í hverju landi um sig um takmarkanir á ábyrgð útgerðarmanns, nje heldur um skuldbindingar samkvæmt farmsamningi eða neinum öðrum samningi; þó áskilja hinir háu samningsaðilar sjer að gera samninga um þessi efni síðarmeir.

11. gr.

Samningur þessi kemur ekki til greina um herskip, og ekki heldur um ríkisskip, sem einungis eru notuð til opinberra þarfa.

12. gr.

Ákvæði samnings þessa koma til greina um alla hlutaðeigendur, ef öll skipin, sem hlut eiga að máli, eru úr ríkjum hinna háu samningsaðila, og í öðrum tilfellum eftir því, sem ákveðið kann að vera í lögum hverrar þjóðar.

Þó er þess að gæta:

1. að sjerhvert samningsríkjanna má binda gagnkvæmisskilyrði að nefndum ákvæðum verði beitt um málsaðila, sem eru úr öðru ríki en einhverju samningsríkjanna, og

2. að, ef allir málsaðilarnir eru úr sama ríki, sem dómur sá, sem málið er höfðað við, þá koma til greina sjerlög þessa lands, en ekki ákvæði samningsins.

13. gr.

Samningur þessi tekur einnig til skaðabóta fyrir tjón, sem skip veldur öðru skipi eða munum eða mönnum, sem á því eru, með einhverju viðviki sínu eða með því að láta eitthvert viðvik ógert eða með því að brjóta bág við settar reglur, þó ekki hafi skipin rekist á.

14. gr.

Þá er liðin eru þrjú ár frá er því samningur þessi kom í gildi, á sjer-

hver hinna háu samningsaðila rjett á að stinga upp á, að fundur verði settur á ný í þeim tilgangi að rannsaka, hverjar umbætur kunni að verða gerðar á samningnum, og sjerílagi til þess að auka verksvið hans, ef auðið er.

Það samningsríki, sem kann að neyta rjettar þessa, skal tilkynna Belgíustjórn áform sitt, og mun Belgíustjórn þá stefna fundinum saman innan sex mánaða.

15. gr.

Ríki þau, sem ekki hafa undirskrifað samning þenna, eiga kost á að ganga að honum, ef þau krefjast þess. Nú vill ríki ganga að samningnum, og skal það þá tilkynna það Belgíustjórn stjórnleiðis, en Belgíustjórn tilkynnir aftur stjórn sjerhvers hinna samningsaðilanna. Fær aðgangan gildi mánuði eftir að Belgíustjórn sendi út tilkynningarnar.

16. gr.

Samning þenna skal fullgilda.

Þá er liðið er í mesta lagi eitt ár frá undirskrift samningsins, mun Belgíustjórn snúa sjer til stjórna þeirra samningsríkjanna, sem lýst hafa yfir því, að þau sjeu viðbúin að fullgilda samninginn, til þess að skorið verði úr því, hvort rjett sje, að hann komi í gildi.

Fullgildingarskjölin skal þá, ef til kemur, þegar leggja í geymslu í Brüssel, og kemur samningurinn í gildi einum mánuði eftir að það var gert.

Ríki þau, sem umboðsmenn eiga á fundinum í Brüssel, skulu enn eiga kost á að ganga að fullgildingargjörðinni í eitt ár frá þeim degi. Að þeim fresti liðnum eiga þau að eins kost á að ganga að samningnum eftir ákvæðum 15. gr.

17. gr.

Nú segir einhver hinna háu samningsaðila samningi þessum upp, og skal uppsögnin þá fá gildi, þá er eitt ár er liðið frá þeim degi, er hún var tilkynt Belgíustjórn, en samningurinn heldur gildi sínu fyrir hina samningsaðilana.

Viðauka ákvæði.

Það er ákveðið sem undantekning frá 16. gr. hjer á undan, að ákvæði 5. gr. um ábyrgð á árekstri, sem yfirsjón skylduhafnsögumanns veldur, skuli ekki öðlast fullnaðargildi fyr en hinir háu samningsaðilar hafa orðið ósáttir um takmarkanir á ábyrgð útgerðarmanns.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hinna háu samningsaðila undirskrifað þenna samning og sett innsigli sín undir hann.

Gjört í Brüssel, í einu eintaki, 23. september 1910.

Fylgiskjal II.

Samningur

um

að koma á nokkrum samkynja reglum um hjálp og björgun á sjó.

---

1. gr.

Nú er hafskipi, sem er í háska statt, hjálpað eða bjargað, eða munum, sem á því eru, eða farmgjaldi og fargjaldi, eða hafskip og skip, sem eru í innanlandssiglingum, veita hvort öðru slíka aðstoð, og koma þá til greina ákvæði þau, sem hjer fara á eftir, án þess að greinarmunur sje gjörður á hjálp og björgun og án þess tillit sje haft til þess, hvar á sjó aðstoðin var veitt.

2. gr.

Sjerhver hjálpar- eða björgunar-athöfn, sem komið hefir að einhverju gagni, veitir rjett á hæfilegri þóknun.

Aðstoð, sem kemur að engu haldi, veitir ekki rjett á neinni þóknun.

Þóknun sú, sem greiða skal, má aldrei fara fram úr verðmæti þess, sem bjargað var.

3. gr.

Sá, sem tekið hefir þátt í björguninni gegn beru og rjettmætu banni skips þess, sem hjálpað var, á ekki rjett í neinni þóknun.

4. gr.

Dráttarskip á því að eins rjett á þóknun fyrir að hjálpa eða bjarga skipi því, sem það dró, eða farmi þess, að það hafi veitt óvanalega aðstoð, sem ekki verður talin til fullnægingar dráttarsamningsins.

5. gr.

Þóknunina skal greiða, þó það skip, sem hjálpaði eða bjargaði, og hitt, sem hjálpað var eða bjargað, sjeu eign sama útgjörðarmanns.

6. gr.

Upphæð þóknunarinnar fer eftir samningi aðila; nú er enginn samningur gjörður um það efni, og sker þá dómur úr.

Sama regla skal gilda um skifti þóknunarinnar milli björgunarmannanna.

Um skiftin milli útgjörðarmanns, skipstjóra og annara manna, sem ráðnir eru á skip þau, sem björguðu, fer eftir lögum þeim, sem gilda í landi hvers skips um sig.

7. gr.

Ef samningur um hjálp eða björgun hefir verið gjörður meðan hættan stóð yfir og undir áhrifum hennar, þá má dómurinn ávalt ónýta þann samning eða breyta honum, ef einhver aðila krefst þess og dómurinn metur, að hinir umsömdu skilmálar sjeu ósanngjarnir.

Rjett er og dómi að ónýta samninginn eða breyta honum ávalt þá er sannað verður, að samþykki annars aðila hafi verið fengið með svikum eða launung, eða þá er þóknunin að einhverju leyti er mjög ósanngjörn að tiltölu við aðstoð þá, sem veitt var, enda krefjist sá aðila, sem hlut á að máli, ónýtingarinnar eða breytingarinnar.

8. gr.

Dómurinn ákveður þóknunina eftir því sem atvik lágu til, og tekur hann þessi atvik til greina við dóminn:

a) Fyrst og fremst, að hve miklu leyti björgunin tókst; áreynslu þá og atorku, sem björgunarmennirnir unnu með að björguninni; hættu þá, sem skipið, sem bjargað var, var statt í, skipshöfn þess, farþegar og farmur, svo og hættu þá, sem skipinu, sem bjargaði og björgunarmönnunum var stofnað í; tíma þann, sem varið var til björgunarinnar; tilkostnað þann, sem björgunarmenn hafa haft, og tjón það, sem þeir hafa beðið; hve björgunarmenn áttu á hættu ábyrgð gagnvart þriðja manni, og aðra áhættu þeirra; verðmæti björgunartækja þeirra, sem stofnað var í hættu, og skal, ef svo ber undir, haft tillit til þess, ef skipið sem bjargaði, var sjerstaklega útbúið.

b) Þar næst verðmæti þess, sem bjargað var.

Ákvæði þessi koma einnig til greina um skifti þau, sem um er rætt í 2. málsgrein 6. gr.

Nú kemur í ljós, að björgunarmenn ollu því sjálfir með yfirsjón sinni að björgunar varð vant eða hjálpar, eða þeir hafa orðið sekir um þjófnað, hilming eða aðrar sviksamlegar athafnir, og má þá dómurinn lækka björgunarlaun þeirra eða svifta þá björgunarlaunum með öllu.

9. gr.

Menn þeir, sem bjargað var, eru ekki skyldir að greiða neina þóknun fyrir björgunina; þó breytir ákvæði þetta ekki fyrirmælum laga þeirra, sem gilda kunna í hverju landi um þetta atriði.

Sá, sem bjargað hefir mannslífi úr slysi því, sem var tilefni björgunarinnar eða hjálparinnar, á rjett á hæfilegum hluta úr þóknun þeirri, sem björgunarmönnum ber af skipi og farmi og fylgifje þeirra.

10. gr.

Nú er mál til greiðslu þóknunarinnar ekki höfðað áður tvö ár eru liðin frá því, er hjálpar- eða björgunar-athöfnunum var lokið, og er krafan þá fyrnd. Um það, hver atvik draga fyrninguna eða rifta henni, fer eftir lögum þeim sem gilda um dóm þann, sem málið er höfðað við.

Hinir háu samningsaðilar áskilja sjer rjett til þess að ákveða með lögum, að frestir þeir, sem nú voru nefndir, skuli vera lengri, þá er ekki hefir verið

auðið að leggja hald á skip það, sem hjálpað var eða bjargað, í landhelgi þess ríkis, sem málshöfðandi á heima í eða hefir aðalatvinnustöð sína.

11. gr.

Sjerhverjum skipstjóra er skylt, að svo miklu leyti sem það má verða, án þess að stofna skipi sínu, skipshöfn þess eða farþegum í verulega hættu, að veita hverjum þeim hjálp, sem hann verður var við í lífshættu á sjó, jafnvel þótt óvinur sje.

Útgjörðarmaður ábyrgist ekki brot á þessu ákvæði.

12. gr.

Að því leyti sem löggjöf hinna háu samningsaðila, leggur ekki hegningu við brotum gegn fyrirmælum greinarinnar næstu hjer á undan, skuldbinda þeir sig til þess, annaðhvort að gjöra sjálfir ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru til þess að að afbrotum þeim verði hegnt, eða leggja frumvörp í þá átt fyrir löggjafarþing sín.

Hinum háu samingsaðilum ber, hverjum fyrir sitt ríki, svo fljótt sem auðið er, að tilkynna hver öðrum lög þau og tilskipanir, sem þegar hafa verið settar, eða síðar kynnu að verða settar til fullnægingar ákvæðinu næst á undan.

13. gr.

Samningur þessi snertir ekki ákvæði þau, sem kunna að vera í lögum einstakra þjóða eða í milliríkjasamningum um, að koma á hjálpar- og björgunarstofnunum að ráðstöfun opinberra yfirvalda eða með eftirliti þeirra og sjerílagi um björgun fiskiveiðarfæra.

14. gr.

Samningur þessi kemur ekki til greina um herskip, og ekki heldur um ríkisskip, sem eingöngu eru notuð til opinberra þarfa.

15. gr.

Ákvæði samnings þessa koma til greina um alla hlutaðeigendur, ef annaðhvort skipið, sem hjálpaði eða bjargaði, eða skipið, sem hjálpað var eða bjargað, er úr ríkjum einhvers hinna háu samningsaðila, svo og í öðrum tilfellum eftir því, sem ákveðið kann að vera í lögum hverrar þjóðar.

Þó er þess að gæta:

1. Að sjerhvert samningsríkjanna má binda gagnkvæmisskilyrði að nefndum ákvæðum verði beitt um aðila, sem eru úr öðru ríki, en einhverju samningsríkjanna.

2. að, þá er allir aðilar eru úr sama ríki, sem dómur sá, sem málið er höfðað við, þá koma til greina sjerlög þess lands, en ekki ákvæði samningsins, og

3. að 11. gr. kemur aðeins til greina milli skipa, sem eru úr ríkjum hinna háu samningsaðila; þó skerðir þetta ákvæði ekki fyrirmæli í lögum einstakra þjóða, ef þau eru víðtækari.

16. gr.

Þá er liðin eru þrjú ár frá því, er samningur þessi kom í gildi, á sjerhver hinna háu samningsaðila rjett á að stinga upp á, að fundur verði settur á

ný í þeim tilgangi að rannsaka hverjar umbætur kunni að verða gjörðar á samningnum, og sjerílagi til þess að auka verksvið hans, ef auðið er.

Það samningsríki, sem kynni að neyta rjettar þessa, skal tilkynna Belgíustjórn áform sitt, og mun Belgíustjórn þá stefna fundinum saman innan sex mánaða.

17. gr.

Ríki þau, sem ekki hafa undirskrifað samning þenna, eiga kost á að ganga að honum, ef þau krefjast þess. Nú vill ríki ganga að samningnum, og skal það þá tilkynna Belgíustjórn það stjórnleiðis, en Belgíustjórn tilkynnir aftur stjórn sjerhvers hinna samningsaðilanna. Fær aðgangan gildi mánuði eftir að Belgíustjórn sendi út tilkynningarnar.

18. gr.

Samning þenna skal fullgilda.

Þá er liðið er í mesta lagi eitt ár frá undirskrift samningsins, mun Belgíustjórn snúa sjer til stjórna þeirra samningsríkjanna, sem lýst hafa yfir því, að þau sjeu viðbúin að fullgilda samninginn, til þess að skorið verði úr því, hvort rjett sje, að hann komi í gildi.

Fullgildingarskjölin skal þá, ef til kemur, þegar leggja í geymslu í Brüssel, og kemur samningurinn í gildi einum mánuði eftir að það var gjört.

Ríki þau, sem umboðsmenn eiga á fundinum í Brüssel, skulu enn eiga kost á að ganga að fullgildingargjörðinni í eitt ár frá þeim degi. Að þeim fresti liðnum, eiga þau aðeins kost á að ganga að samningnum eftir ákvæðum 17. gr.

19. gr.

Nú segir einhver hinna háu samningsaðila samningi þessum upp, og skal uppsögnin þá fá gildi, þá er eitt ár er liðið frá þeim degi, er hún var tilkynt Belgíustjórn, en samningurinn heldur gildi sínu fyrir hina samningsaðilana.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hinna háu samningsaðila undirskrifað þenna samning og sett innsigli sín undir hann.

Gjört í Brüssel, í einu eintaki, hinn 23. september 1910.

Frumvarp til laga

um

varnarþing í einkamálum.

(Lagt fyrir alþingi 1914).

---

1. gr.

Í stað þess að höfða mál í þinghá þeirri, er stefndi býr í, getur sækjandi, ef hann kýs það heldur, höfðað málið og rekið það í þeirri dómþinghá lögsagnarumdæmisins, þar sem skrifstofa lögsagnarumdæmisins er. Sjeu málsaðilar báðir búsettir í sömu dómþinghá í lögsagnarumdæminu, skal málið rekið fyrir aukarjetti, en sjeu þeir búsettir í sinni þinghánni hvor, má reka málið sem gestarjettarmál.

Lög þessi ná eigi til vitnamála nje landamerkjamála og vettvangsmála.

2. gr.

Í málum þeim, sem höfðuð eru samkvæmt lögum þessum, skal stefnu birta á lögheimili stefnda með þriggja vikna fresti, hvort heldur málin eru rekin fyrir aukarjetti eða gestarjetti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt núgildandi löggjöf er öllum lögsagnarumdæmum á landinu utan Reykjavíkur og Vestmannaeyja skift í fleiri eða færri dómþinghár, vanalega jafnmargar og sveitarfjelög eru í lögsagnarumdæminu. Sá er mál vill höfða verður því jafnaðarlega að stefna málinu til rjettar í þeirri dómþinghá lögsagnarumdæmisins, þar sem stefndi er búsettur. Þessi tilhögun virðist

óeðlileg, og rjettara hefði mátt virðast að öllum málum í lögsagnarumdæminu skyldi stefnt til eins og sama rjettar, og þá eðlilega í þinghá þeirri þar sem skrifstofa lögsagnarumdæmisins er. Hin hefir þó frá fornu fari verið skipunin að höfða öll einkamál í heimilisþinghá stefnda, líklega sakir hinna miklu fjarlægða fyrir sumar bygðir í lögsagnarumdæminu frá skrifstofu umdæmisins, enda tala einkamála fyrrum harla lítil. En nú á dögum, þegar skuldaskiftin og viðskiftaveltan er orðin margfalt meiri en áður og fer æ sívaxandi, og öll málaferli, sjerstaklega skuldamál, því miklu tíðari en áður, eru orðnir miklir örðugleikar og kostnaður við að reka mál gegn mönnum á útjöðrum stórra lögnsagnarumdæma, þegar borga þarf ferðakostnað dómara til hvers rjettarhalds í málinu, þótt ekki sje nema til að veita frest í málum, og það þrátt fyrir það þótt dómarar fái eigi samkvæmt lögum um aukatekjur sýslumanna 2. febr. 1894 neina fæðispeninga eins og áður var samkvæmt aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, heldur að eins nokkurn hluta ferðakostnaðarins, svo sem borgun fyrir fylgdarmann og hesta og bátflutning. Getur þessi kostnaður og örðugleikar oft verið því til fyrirstöðu að menn leiti rjettar síns, því að ekki þykir fært að leggja út í mál í slíkum tilfellum nema það sje því stærra eða um mörg mál sje að ræða, er skuli fyrirtakast í sömu ferð, því þótt málin vinnist, er málskostnaður sjaldan ákveðinn svo hátt að nemi öllum þessum kostnaði, og næst oft ekki hjá hinum dæmda þótt tildæmdur sje. Fyrir sýslumann eru ferðir þessar oft bagaleg töf frá miklum skrifstofustörfum og afgreiðslum heima fyrir, og fyrir höfðendur mála verða ferðirnar oft til meiri kostnaðar en málin þola. Af þessum ástæðum hefir það oft komið til tals í stjórnarráðinu að gjöra breytingar á varnarþingsreglum þessum og svo langt rekið, að frumvarp hefir verið samið í þessu efni, þó ekki hafi orðið úr því, að það yrði lagt fyrir alþingi. En nú hefir sýslumaður Páll V. Bjarnason í Stykkishólmi vakið máls á því, að slíkt frumvarp væri nauðsynlegt, og sent uppkast að því með ástæðum og fleiri óskir hafa heyrst í sömu átt. Stjórninni hefir því ekki þótt rjett að fresta þessu máli lengur, þó sumum kunni að virðast að það sje að ýmsu leyti að eins sem bót á gamalt fat. Þótt ekki hafi verið álitið fært eða heppilegt að svo komnu, að taka upp hið erlenda fyrirkomulag að gjöra hvert lögsagnarumdæmi landsins að einni almennri dómþinghá og leggja niður þinghárskiftingarnar, virðist hinsvegar ekkert því til fyrirstöðu, með tilliti til hinna stórum bættu samgangna hin síðari árin, aukinna póstferða og ekki síst vegna hins óðfluga vaxandi símasambands, að taka nú þegar upp fyrirkomulag það, er farið er fram á í framanrituðu frumvarpi, þannig að stefnanda sje gefinn kostur á, ef hann kýs það heldur, að höfða mál og reka það í þeirri dómþinghá lögsagnarumdæmisins þar sem skrifstofa lögsagnarumdæmisins er, í stað þess að höfða málið í heimilisþinghá stefnda. Báðir málsaðilar geta hæglega gefið mönnum á fyrirtökustaðmálsins eða í námunda við hann umboð til að mæta í málinu fyrir sína hönd, ef þeir telja sig ekki hafa hentugleika á að mæta sjálfir, en dómarinn á sjaldnast með hinu núgildandi fyrirkomulagi, kost á því að geta falið öðrum manni að skipa rjettinn fyrir sína hönd í forföllum sínum á fyrirtökustað í útjaðri lögsagnarumdæmisins. Þess skal getið, að málsaðilar fallast venjulega á það við fyrstu fyrirtöku málsins í heimilisþinghá stefnda, að málið skuli framvegis rekið á skrifstofu sýslunnar til þess að spara öllum hlutaðeigandum kostnað, en bæði er það, að þá er oft eytt kostnaði til ferðar til fyrstu fyrirtöku (þingfestingar) málsins, enda gæti

stefndi, ef svo bæri undir, neitað um samþykki sitt til slíks flutnings á varnarþingi málsins og þannig fyrirbygt tilhögun, sem telja verður í flestum tilfellum engu síður í þágu stefnda en sækjanda málsins. Þess þykir einnig rjett að geta, að löggjafarvaldið hefir þegar með lögum nr. 59, 10. nóvbr. 1905 um varnarþing í skuldamálum gengið inn á líka braut sem þá, er hjer er farið fram á, með því að heimila verslunum og þeim öðrum, er atvinnu hafa af viðskiftum, að sækja mál á hendur skuldunautum, án tillits til varnarþings þeirra, í þinghá þeirri, er skuldin var stofnuð. Kemur þetta ekki síst að haldi þeim verslunum og viðskiftarekendum, sem eru á sama stað og undirdómarar eða í námunda þar við. En þau forrjettindi, sem nefnd lög veita þannig verslunum, þykir rjett að láta ná til allra annara, sem mál þurfa að höfða.

Ekki virðist ástæða til þess að ætla að frumvarp þetta, ef það verður að lögum, auki óþarflega málaferli í landinu, þótt það gjöri mönnum ljettara og ódýrara að neyta aðstoðar dómsvaldsins í hjeraði og leita rjettar síns.

Við hinar einstöku greinar frumvarpsins skulu gjörðar eftirfarandi athugasemdir:

1. gr.

Viðurhlutalaust þykir að láta lögin ná til allra einkamála nema vitnamála og landamerkja- og vettvangsmála. Í eiðsmálum er það talsverður kostnaðarljettir fyrir þann, sem eiðinn ætlar að vinna (eiðstefnanda), að þurfa eigi skilyrðislaust, nema samþykki mótaðila (eiðstefnda) komi til, að vinna eiðinn á varnarþingi sínu svo sem eiðsdómar vanalega áskilja, heldur geta stefnt mótaðila til að hlýða á eiðspjallið á skrifstofu sýslumanns eða í dómþinghá skrifstofunnar og sleppa þannig við mikinn eiðsmálskostnað við að borga ferð dómarans til varnarþings eiðstefnanda. Er svo að sjá sem kostnaðar þess, er eiðsmál hafa í för með sjer fyrir eiðstefnanda, sje lítt gætt við ákvörðun málskostnaðar í eiðsdómum, og það einnig af landsyfirrjettinum, sem alloft virðist láta úrslit mála vera komin undir eiði annarshvors málsaðila. — Rjett þykir að láta lögin ná einnig til matsmála, en ef matsmenn þyrftu að takast ferð á hendur til fyrirtökustaðar matsmálsins, yrði sá málspartur, er hefði fengið þá dómkvadda, eðlilega að greiða þeim sanngjarnan ferðakostnað.

2. gr.

Stefnufrest í málum þeim, er höfðuð yrðu samkvæmt frumvarpi þessu, ef það yrði að lögum, þykir með tilliti til 2, gr. laga nr. 59, 10. nóvbr. 1905 um varnarþing í skuldamálum rjett að ákveða 3 vikur eins og þar er gjört. —

Frumvarp til laga

um

breyting á póstlögum 16. nóv. 1907.

(Lagt fyrir alþingi 1914.)

Á eftir staflið b. í 16. gr. í póstlögunum 16. nóvember 1907 komi nýr stafliður svo hljóðandi:

c. Þegar skaðinn stafar af óviðráðanlegum atburðum, hernaði eða borgarastyrjöld (vis major).

Stjórnarráðið getur gert undantekning frá þessu ákvæði með reglugjörð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Póstmeistarinn hefir 8. apr. þ. á., ritað stjórnarráðinu á þessa leið:

»Með brjefi, dags. 18. september og 5. október 1911 skýrði jeg stjórnarráðinu frá því, að jeg hefði komist að svo góðum vátryggingarskilyrðum hjá Schweizisk National-Forsikrings-Selskab í Basel að jeg sæi eigi ástæðu til að fara fram á hækkun á verðburðargjaldi undir sendingar til Danmerkur, enda eigi eðlilegt að það yrði gjört mörgum sinnum hærra en til annara landa.

En síðan hefir orðið allmikil breyting á, því að bæði hafa vátryggingarskilyrðin orðið erfiðari, þar sem nú er eigi hægt að vátryggja í nefndu fjelagi fyrir hið lága vátryggingargjald aðra muni en peninga, dýra málma og verðmæt skjöl, og svo hefir verðmæti vöruböggla aukist ákaflega mikið.

Skal jeg sjerstaklega nefna nýja tegund sendinga, hinar svo nefndu kvikmyndir (films).

Hjer í bænum eru nú tvö kvikmyndaleikhús og verið að búa út hið þriðja.

Það má gjöra ráð fyrir að hvert þessara leikhúsa um sig fái 200 kvikmyndabögglá á ári, sem hver um sig er verðlagður á 500 krónur. Þar að auki er verið að koma upp kvikmyndaleikhúsum á fleiri stöðum hjer á landi. En allir þessir kvikmyndabögglar eru auðvitað sendir til útlanda aftur og sama verð tilgreint á þeim.

Refaskinn eru og komin í hátt verð og refarækt að byrja, en refaskinnin eru send til útlanda í pósti og sett á þau afarhátt verð. Æðardún er farið að senda á þann hátt líka og fleiri vörur.

Samkvæmt 16. gr. póstlaganna 16. nóv. 1907 ber póststjórnin ábyrgð á öllum póstsendingum frá því þær eru afhentar í póst og þangað til þeim er skilað viðtakendum eða útlendum póststjórnum, þegar þær eiga að fara til útlanda, hvort sem póststjórnin eða starfsmenn hennar eiga sök á að sendingar glatast, eða það stafar af ofurefli eða slíku (vis major).

Vátrygging á verðsendingum öðrum en peninga- og verðbrjefasendingum, þegar þær eru sendar með skipum, kostar nú póstsjóð 2 kr. 50 a. fyrir hverjar 1000 kr. innanlands, en 7 kr. 50 a. fyrir hverjar 1000 kr. til útlanda, en fyrir það að ábyrgjast hverjar 1000 kr. af verðmæti póstsendinga bæði á sjó og landi, eins og að ofan segir, fær póststjórnin eftir núgildandi töxtum:

innanlands	50 aura
til Danmerkur og Færeyja	80 aura
til nágrannalanda Danmerkur (Svíaríkis og Þýzkalands)	$20\frac{37}{100}$ aura
til annara landa	$36\frac{111}{100}$ aura

Jeg ímynda mjer að hið háa stjórnarráð sje mjer samdóma um, að verðburðargjald það, sem vjer nú fáum, sje langt of lágt fyrir svo víðtæka ábyrgð, sem póstlögin gjöra ráð fyrir, enda þótt hægt væri að fá sjóvátrygginguna færða niður úr því, sem áður segir, um 33 %, sem jeg get búist við, ef samningur væri gjörður um vátryggingu á öllum verðsendinum í hverri skipsferð.

Alþjóðapóstfjelagið hefir heldur eigi búist við, að tekin yrði ábyrgð á »vis major« fyrir svo lágt verðburðargjald, sem fyr greinir, og flestar þjóðir í fjelaginu hafa heldur eigi gjört það. Auðvitað getum vjer enn þá síður tekist á hendur svo víðtæka ábyrgð, þar sem vjer liggjum svo langt frá öðrum löndum og áhættan því meiri fyrir oss en aðrar þjóðir, og vátryggingargjaldið þar af leiðandi hærra.

Af framan sögðu sýnist vera full ástæða til, að breyta póstlögunum þannig, að póstsjóður taki eigi ábyrgð á »vis major«, og jeg get eigi sjeð að nokkuð sje því til fyrirstöðu, hvorki eftir alþjóðapóstsamningum, sbr. 12. gr. verðbrjefasamningsins frá 26. maí 1906 og 15. gr. bögglapóstsamningsins frá sama degi, nje heldur eftir 10. gr. auglýsingar um sambandið milli hinna dönsku og íslensku póstmála innbyrðis frá $\frac{\text{16. september}}{\text{28. ágúst}}$ 1907.

En með því að nú sem stendur er hægt að fá mjög ódýra vátrygging á peningasendingum og skeð gæti að vátryggingargjöld lækkuðu, en að hinu leytinu er í alþjóðapóstsamningunum, sbr. áður nefndar greinir, gefin heimild til að hækka verðburðargjaldið, ef tekin sje ábyrgð á »vis major«, þá sýnist mjer rjett að stjórnarráðinu sje í lögunum heimilað að gjöra undantekningar frá þessu ákvæði með reglugjörð, ef hin víðtækari ábyrgð gæti komist á, að minsta kosti fyrir pen-

ingasendingar, án mikillar áhættu fyrir póstsjóð og honum að kostnaðarlausu eða kostnaðarlitlu.

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að senda hjermeð frumvarp til laga um áðurnefnda breyting á póstlögunum, ef stjórnarráðinu kynni að þykja ástæða til að fá slík ákvæði leidd í lög.«

Með því að stjórnarráðið verður að fallast á röksemdafærslu og tillögur póstmeistarans í brjefi þessu, er frumvarp þetta lagt fyrir alþingi, og er ekki talin þörf á að færa fyrir því frekari ástæður, en brjefið greinir.

Frumvarp til laga

um

notkun bifreiða.

(Lagt fyrir alþingi 1914).

---

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum hver sá vagn, sem er knúinn áfram með aflvjel í vagninum sjálfum, og ætlaður til að flytja fólk eða varning. Lögin ná ekki til vagna, sem renna á spori, eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

2. gr.

Stjórnarráðið getur, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum vegum eða vegaköflum, ef slík umferð álíst hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð.

2. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugðum og auðvelt sje að snúa þeim. Sje bifreið þyngri en 350 kg., skal aflvjelin geta knúið hana aptur á bak sem áfram. Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo, að mesta breidd utanmáls sje 1,75 metrar; þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá þessu að því er sjerstaka vegarkafla snertir.

A hverri bifreið skulu vera:

1. tvennir hemlar svo sterkir, að með hvorum þeirra megi stöðva vagninn innan tveggja vagnlengda, þó hann renni með fullum hraða.
2. horn, til þess að gefa með hljóðmerki.
3. ennfremur þegar dimt er:
   a. tvö tendruð ljósker, sitt á hvorri hlið bifreiðarinnar framantil, og í sömu hæð, sem lýsa svo, að ökumaður sjái að minsta kosti 12 metra fram á veginn.
   b. eitt ljós, sem ber skæra birtu á merki vagnsins.

Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð bifreiða, þar á meðal sjerstaklega um þyngd þeirra.

4. gr.

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum, og greiðir vagneigandinn kostnaðinn við skoðunina. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal á vagninn, og ekki má taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigendaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytji bifreiðareigandi úr einu lögsagnarumdæmi í annað, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna, og skal þá lögreglan taka ákvörðun um hvort breyta þurfi merki vagns hans.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem honum þykir þurfa, látið fara fram nýja skoðun á bifreið, og komi það þá í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar, og tekið merkið af henni.

5. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 18 ára að aldri, eða fulls 21 árs ef bifreiðin flytur farþega fyrir borgun, og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið.

Til þess að öðlast slíkt ökuskírteini, verður hlutaðeigandi að sýna vottorð frá lækni um að hann hafi fulla sjón, og vottorð tveggja valinkunnra manna um að hann sje áreiðanlegur og samviskusamur. Ennfremur verður hann að standast próf, samkvæmt ákvæðum, er stjórnarráðið setur með reglugerð; þó má í þeirri reglugerð ákveða að sá þurfi ekki að taka próf, sem hefir skírteini frá erlendum stjórnarvöldum.

Lögreglustjóri getur svift hvern þann ökuskírteini um tiltekinn tíma eða fyrir fult og alt, sem er dæmdur í refsingu fyrir brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt þeim, og sömuleiðis hvern þann, sem álitið er að hafi ekki lengur þá eiginleika, er útheimtast til þess að fá ökuskírteini.

6. gr.

Ökuhraðann skal ávalt tempra svo, að komist verði hjá slysum og ekki sje trufluð umferðin.

Í kaupstöðum, kauptúnum og ámóta þjettbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund, nema stjórnarráðið hafi leyft meiri hraða eftir tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn og ökumaður samt sem áður getur fullnægt öllum skyldum sínum, þó aldrei meiri en 35 km. á klukkustund. Í dimmu má hraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund.

Þar sem ökumaður sjer ekki langt fram á veginn, í kröppum bugum, við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðara en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sje for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

7. gr.

Ef bifreið mætir mönnum sem hafa hesta meðferðis, skal hún halda sjer vinstra megin á veginum. Bifreiðin skal þegar nema staðar, ef sá sem hún mætir gefur merki, eða ökumaður sjer að hestur hræðist eða verður óróir, og skal hann gera það, sem í hans valdi stendur til þess að hestarnir komist fram hjá bifreiðinni án þess að fælast. Sömu varúðar skal bifreiðarstjóri gæta er hann vill fara fram fyrir vegfarendur, sem eru á undan honum, en þá skal bifreiðin vera hægra megin á veginum.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að ekki komast hvorir fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast fram hjá henni.

8. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa merki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum á veginum.

9. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiðar, skal ökumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi ef krafist er, og hjálpa þeim, er slasast hefir, ef þörf gerist.

10. gr.

Óski útlendingur að nota um stuttan tíma bifreið, sem hann hefir með sjer frá útlöndum, getur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann fyrst vill nota vagninn, veitt honum tímabundið leyfi til þess að nota bifreiðina, þó ekki lengur en 3 mánuði, með skilyrðum þeim, er þurfa þykir til þess að ná tilgangi þessara laga. Leyfi þetta getur lögreglustjórinn í hverju því lögsagnarumdæmi, sem bifreiðin er notuð í, afturkallað ef honum þykir ástæða til.

11. gr.

Um tvíhjóla bifreiðar, og um þríhjóla bifreiðar, sem aðeins eru ætlaðar einum manni, gilda þessi sjerstöku ákvæði:

1. Þær þurfa ekki að hafa nema einn sterkan hemil, og ekki nema eitt skært ljós í dimmu (sbr. 3. gr.).

2. Aldurstakmark það, er ræðir um í 5. gr., færist að því er þessa vagna snertir niður í 15 ár.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10 til 500 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

13. gr.

Hljótist slys eða tjón af notkun bifreiðar, annaðhvort beinlínis af akstri hennar, eða af því að hestur vegfaranda fælist, eða á annan svipaðan hátt, er sá, sem ber ábyrgð á bifreiðinni, skaðabótaskyldur, nema sá, sem fyrir slysinu eða tjóninu varð, eða einhver þriðji maður, hafi orðið valdur að slysinu eða tjóninu af ásettu ráði eða með vítaverðri óvarkárni.

Framanskráð regla gildir þó ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreiðin flytur, nema ræða sje um bifreið, sem er til afnota fyrir almenning gegn borgun. Að öðru leyti fer um skaðabótaskyldu fyrir slík slys eða tjón eftir almennum reglum.

14. gr.

Eigandi bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 13. gr. Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi færist skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

15. gr.

Með framangreindum ákvæðum um skaðabótaskyldu er ekki skertur neinn sá rjettur til skaðabóta, sem leiðir af almennum reglum.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Með því að notkun bifreiða er nú byrjuð hjer, og virðist ætla að fara vaxandi, þykir nauðsynlegt að lögleiða ákvæði um þetta efni, í líkingu við þau ákvæði, er gilda í öðrum löndum.

Tilgangur frumvarpsins er sá, að tryggja það, að ekki verði notaðar aðrar bifreiðir en þær, sem eru svo fullkomnar að gerð, og svo vel haldið við, að líkur sjeu til að ekki þurfi ófullkomleiki þeirra sjálfra að valda slysum. Því næst að tryggja það, að ekki stýri bifreiðum aðrir menn en þeir, sem hafa lært það til hlítar og eru til þess hæfir. Ennfremur eru settar reglur um hraða bifreiða, og hvernig þær skuli haga sjer til þess að valda sem minstum baga fyrir aðra vegfarendur, og loks eru ákvæði um skaðabótaskyldu fyrir slys eða tjón, sem stafa kann af notkun bifreiða.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

2. gr.

Tilætlunin er að bifreiðum sje heimilt að fara um alla opinbera vegi, nema þá, sem kunna að verða undanteknir sjerstaklega. Aftur á móti þykir ekki þörf að taka það fram, að eigendur einkavega sjeu sjálfráðir um hvort þeir leyfa bifreiðarferðir um vegi sína.

3. gr.

Breidd flutningabrautanna er víðast hvar 3,75 metrar, en breidd þjóðveg-

Þyngd bifreiða má ekki vera meiri en svo, að vegum og brúm sje ekki hætta búin af umferð þeirra, en það getur komið fyrir að leyfa megi þyngri bifreiðir á einum vegi en öðrum, og þess vegna þykir rjettara að setja ákvæði um þetta með reglugerð en að taka þau upp í lögin sjálf. Á landssjóðsvegunum eru brýr nú yfirleitt byggðar þannig, að þær þola 1000 kg. hjólþunga, eða fjögra tonna þunga vagna fjórhjólaða, ef jafn þungi er á framhjólum og afturhjólum. Þetta mun því verða hámark þeirrar þyngdar, sem leyfð verður hjer, og er það sama hámark, sem leyft er alment í Noregi.

6. gr.

Ákvæðin um ökuhraðann eru í samræmi við samskonar ákvæði í Noregi.

13.—15. gr.

Ákvæðin um skaðabótaskyldu, sjerstaklega um skaðabótaskyldu vagneigandans, ef slys eða tjón ber að höndum, eru tekin hjer upp eftir norskum ákvæðum um sama efni, og svipuð ákvæði gilda einnig í Danmörku. Þó hefir ekki þótt rjett að taka upp nú þegar, meðan notkun bifreiða er svo að segja í byrjun, ákvæði um það, að skaðabótarkröfur skuli hafa forgangsrjett að vagninum sjálfum (t. d. á undan veðskuldum), eins og ákveðið er í Danmörku, eða að vagneigandi skuli setja tryggingu um leið og vagn hans er skrásettur, eins og ákveðið er í Noregi, heldur þykir rjettara að bíða með að setja slík ákvæði, þangað til reynslan sýnir hvort þeirra verður þörf.

Ekki hefir heldur þótt rjett að ákveða nú þegar árgjöld til hins opinbera fyrir notkun bifreiða, eins og gert er í öðrum löndum, heldur þykir rjettara að bíða með slíkt þangað til sjeð verður hvort notkun bifreiða eykst svo, að slík gjöld mundu nema nokkru, og hvort atvinnurekstur með bifreiðum þolir slík gjöld hjer.

Frumvarp til laga

um

viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911 um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir alþingi 1914.)

Meðan vöntun er á íslenskum vjelstjórum, sem fullnægja ákvæðum laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum frá 11. júlí 1911, getur stjórnarráð Íslands veitt mönnum, er til þess teljast hæfir, leyfi til þess að vera vjelstjórar á íslenskum gufuskipum, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum nefndra laga.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðastliðinn vetur barst stjórnarráðinu erindi frá útgerðarmönnum botnvörpuskipa hjer í bænum, þar sem þeir skýrðu frá því, að ekki væri kostur á að fá nægilega marga vjelstjóra á botnvörpuskipin hjer, sem fullnægðu ákvæðum vjelstjóralaganna frá 11. júlí 1911, og að ekki væri auðið að fá hæfa útlenda vjelstjóra til þess, sem heimild mætti fá til að nota samkvæmt 2. málsgr. 6. gr. tjeðra laga, en hinsvegar væri völ á mönnum hjer, sem vel hæfir væru til vjelstjórastarfa á botnvörpuskipum, þótt ekki fullnægðu þeir skilyrðum laganna. Fóru útgerðarmennirnir því fram á, að stjórnarráðið útvegaði bráðabirgðalög,

sem heimiluðu að veita undanþágu frá kröfum þeim, sem lögin frá 1911 gjöra til vjelstjóra. Erindi þessu fylgdu meðmæli frá stjórn Fiskifjelags Íslands og frá stjórn vjelstjórafjelagsins hjer í bænum, sem þó mælti með erindinu með þeim skilyrðum, að hin umbeðnu bráðabirgðalög innihjeldu nokkur nánar tiltekin ákvæði. Með því að stjórnarráðinu bæði af erindum þessum og á annan hátt var kunnugt, að vöntun væri á vjelstjórum, sem fullnægðu kröfum laganna, þótti nauðsyn á að útvega bráðabirgðalög til þess að botnvörpuskipin gætu gengið með löglegri skipshöfn. Hinsvegar þótti ekki eftir atvikum rjett að hafa bráðabirgðalög þessi víðtækari en svo, að þau nægðu til að ráða úr þeim vandræðum, sem vjelstjóraeklan olli, og gefa bráðabirgðalögin því aðeins heimild til að veita mönnum, sem til þess eru taldir hæfir — en um það atriði leitar stjórnarráðið álits kennara stýrimannaskólans, vjelstjórakenslustofnunar landsins — leyfi til þess að vera vjelstjórar á tilteknu skipi meðan lögin eru í gildi, án þess leyfi þetta veiti nokkurn rjett til þess að fá vjelstjóraskírteini eftir lögunum frá 1911; en í þá átt, að bráðabirgðalögin veittu víðtækari rjett, gengu meðal annars skilyrði vjelstjórafjelagsins í framangreindu erindi þess.

Alþingi verður gefinn kostur á að kynna sjer framangreind erindi svo og erindi, sem borist hefir hingað frá nefndu vjelstjórafjelagi eftir að bráðabirgðalögin komu út.

Ákvæði lagafrumvarps þessa eru samhljóða bráðabirgðalögunum með þeim breytingum, sem leiða af því að frumvarpinu er ætlað að verða að lögum í stað bráðabirgðalaga.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög
um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911 um atvinnu
við vjelgæslu á íslenskum skipum.

VJER CHRISTIAN HINN TÍUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Með því að það hefir verið borið upp fyrir Oss, að svo mikill hörgull sje nú á vjelstjórum, sem fullnægi ákvæðum laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum frá 11. júlí 1911, að til vandræða horfi fyrir hinn íslenska botnvörpuútveg, en hinsvegar sje í landinu völ á vel hæfum mönnum til að vera vjelstjórar, þótt þeir fullnægi ekki að öllu skilyrðum þeim, sem sett eru í nefndum lögum, teljum Vjer það brýna nauðsýn til að afstýra yfirvofandi hættu, sem af þessu stafar fyrir tjeðan atvinnuveg, sem nú er orðin mjög þýðingarmikill fyrir landið, að gefa út bráðabirgðarlög samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti heimild til að taka fyrir vjelstjóra menn, sem til þess teljast hæfir, þótt þeir fullnægi ekki að öllu skilyrðum framannefndra laga.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

Meðan vöntun er á íslenskum vjelstjórum, sem fullnægja ákvæðum laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum frá 11. júlí 1911, getur stjórnarráð Íslands veitt mönnum, er til þess teljast hæfir, leyfi til þess að vera vjelstjórar á íslenskum gufuskipum, um þann tíma er bráðabirgðalög þessi eru í gildi, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum nefndra laga.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. mars 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

CHRISTIAN R.
(L. S.)

H. Hafstein.

Frumvarp til laga

um

sjóvátrygging.

(Lagt fyrir alþingi 1914.)

FYRSTI HLUTI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Vátryggja má hverja þá lögmæta hagsmuni, sem virða má til peninga og velta á því, að skip eða farmur, sem stofnað er í háska á sjó, týnist ekki eða rýrni af þeim háska.

Einkanlega má vátryggja: Skip, farmgjald, skipsútbúnað, farm, væntanlegan verslunararð og umboðslaun af vörum, sjólánskröfur, sjótjónsframlög og aðrar kröfur, sem fullnægja skal með skipi, farmgjaldi eða farmi. Vátryggjandi getur endurtrygt aftur þá áhættu, sem hann tókst á hendur (reassurance).

2. gr.

Vátryggja má fyrir sína hönd og annara, svo og þótt hvorugt sje tiltekið (svo sem »fyrir hönd þess, sem í hlut á« eða því um líkt).

Nú tekur maður vátrygging fyrir hönd annars manns án umboðs hans, og skal vátryggingartaki þá geta þess berum orðum, að hann hafi ekki umboð til. Nú vanrækir hann þetta, og er vátryggingin þá ógild, jafnvel þótt sá, sem vátrygt var til handa (vátrygður), samþykki hana síðar, en vátryggjandi á heimting á iðgjaldinu engu að síður.

3. gr.

Skylt er vátryggjanda að fá vátryggingartaka skriflega viðurkenningu fyrir vátryggingunni (vátryggingarskírteini), ef hann æskir þess.

4. gr.

Hvern hlut má vátryggja fyrir sannvirði hans, og er það rjett vátryggingarverð.

5. gr.

Nú vátryggir maður í sviksamlegum tilgangi hagsmuni fyrir hærri upphæð en rjett vátryggingarverð þeirra er, og er sá vátryggingarsamningur þá ógildur, eða þeir samningar allir, ef fleiri samningar voru gerðir um vátrygginguna en einn.

6. gr.

Ef maður vátryggir hagsmuni eftir bestu vitund fyrir hærri upphæð en þeir eru verðir, þá er sú vátrygging lögmæt, en þó að eins að jöfnu við rjett vátryggingarverð þeirra.

Nú tekur maður að fleiri mönnum en einum vátrygging á sömu hagsmunum við sama háska, og allar vátryggingarnar eru teknar sama dag, og ábyrgist þá hver þeirra vátryggjenda svo mikinn hluta af rjettu vátryggingarverði hinna vátrygðu hagsmuna, sem vátryggingarfjárhæð hans er mikill hluti af öllum hinum teknu vátryggingarfjárhæðum samantöldum. Nú voru vátryggingarnar ekki teknar sama dag, og heldur þá hin yngri vátrygging gildi sínu að eins að svo miklum hluta sem rjett vátryggingarverð hinna vátrygðu muna er meira en hin eldri vátrygging nam. Þó heldur hin yngri vátrygging fullu gildi sínu:

1. Þegar þau rjettindi, sem hin eldri vátrygging veitir, eru framseld vátryggjanda jafnframt því að yngri vátryggingarsamningurinn er gerður.

2. Þegar svo er tiltekið við hinn nýja samning, að tilkall verði að eins gert eftir honum að svo miklu leyti sem vátrygður fær ekki skaða sinn bættan eftir hinum eldra vátryggingarsamningi, annaðhvort af því að hann var ógildur eða vátryggjandi er ógjaldfær.

3. Þegar eldri vátryggingin var tekin fyrir hönd vátrygðs og án skipunar hans, en hann tók sjálfur yngri vátrygginguna án þess að vita þá af hinni eldri eða afsalar sjer þá hinni eldri.

7. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru eða öllu af því að tryggingarhagsmunir voru engir eða sakir oftryggingar eða tvítryggingar, og getur vátryggjandi þá krafist iðgjalds engu að síður, nema honum væri kunnugt, þá er hann tókst á hendur vátrygginguna, um þau atvik, sem ónýttu hana.

8. gr.

Ef vátryggingarfjárhæðin er minni en rjett vátryggingarverð, greiðir vátryggjandi að eins svo mikinn hluta af skaðanum sem vátryggingarfjárhæðin nemur af rjettu vátryggingarverði þess, sem vátrygt var.

9. gr.

Nú hafa aðilar samið um ákveðið verð á vátrygðum hlut (verðsett vátryggingarskírteini), og skal þá það verðmat haldast; þó á vátryggjandi rjett á

að það verð sje lækkað, ef það sannast, að það sje hærra en sanngjarnt var að telja rjett verð þess hlutar, þá er þeir virtu hann.

10. gr.

Nú hefir vátryggjandi greitt fyrir tjón, sem vátrygður á rjett á skaðabótum fyrir af þriðja manni, og eignast þá vátryggjandi þann rjett vátrygðs.

Ef kröfuhafi vátryggir skuldakröfu, sem trygð er með einhverjum hlut, sem er í áhættu á sjó, og sá hlutur skemmist aða glatast, þá fær vátryggjandi rjett kröfuhafa á hendur skuldara að hlut í kröfunni jöfnum því fje, sem hann greiddi í skaðabætur.

Vátrygður á rjett á að heimta skaða sinn bættan af vátryggjanda, þótt hann hafi ekki fyrst sótt rjett sinn á hendur þeim, sem skyldur var til að greiða skaðabætur, nje á hendur skuldara, sbr. þó 21. gr.

11. gr.

Nú hefir vátryggjandi gerst gjaldþrota eða reynst hefir við fjárnám, að hann skorti efni til að greiða skuldir sínar, eða hann hefir stöðvað greiðslur sínar, og er vátrygðum þá heimilt að rifta vátryggingarsamningnum og fá iðgjald sitt endurgreitt, nema vátryggjandi setji trygging, ef krafist er, fyrir því, að samningnum verði að öllu fullnægt. Nú ber þetta að eftir að hinum vátrygða hlut hefir verið stofnað í háska, og er þá rjett að vátryggjandi haldi eftir af iðgjaldinu að rjettri tiltölu við þá áhættu, sem hjá er liðin.

ANNAR HLUTI.

Um skyldur vátrygðs.

12. gr.

Nú er samningur gerður um vátrygging, og er þá vátrygðum skylt að skýra nákvæmlega og rjett frá öllum atvikum, sem honum eru kunn og máli geta skift, þá er meta skal þá áhættu, sem vátryggjandi tekst á hendur, og þau skilyrði sem ábyrgðartakan er háð; skyldu vátrygðs um þetta skal einnig sá gæta, sem vátrygging tekur fyrir hans hönd, svo og hver annar meðalgöngumaður, sem aðstoðar við samningsgerðina.

13. gr.

Nú er vanrækt að segja til þess, sem 12. gr. segir fyrir um, og vátryggjanda var ókunnugt um þau atvik, sem látið var ógetið við samningsgerðina, og ekki var sanngjarnt að ætlast til, að honum væru þau kunn, og er honum þá ekki skylt að halda samninginn, en iðgjaldið á hann engu að síður, sbr. þó 37. gr.

Nú hefir vátrygður, eða sá, er skyldur var til að skýra frá atvikum, fengið svo seint vitneskju um eitthvað það, er segja skyldi til um, að hann hefði orðið að gera öldungis óvanalegar ráðstafanir til að geta gert vátryggjanda það kunnugt áður samningurinn var fullgerður, og skal þá þessi vanræksla

hans ekki ógilda samninginn. Nú var vátrygging tekin án skipunar og vitundar vátrygðs, og er hún þá ekki ógild þótt vátryggjanda sje ekki sagt til atvika, sem að vísu voru kunn vátrygðum, en ekki þeim, er um vátrygging samdi.

14. gr.

Nú var sagt rangt til um eitthvað það, sem ræðir um í 12. gr., og er þá samningurinn ógildur og fyrirgert iðgjaldinu, sbr. þó 37. gr., þó sagt hafi verið til eftir bestu vitund, nema vátryggjandi hafi vitað um það, sem rangt var til sagt, þegar samningurinn var gerður.

15. gr.

Nú var vanrækt að segja til, eða sagt rangt til, um atvik, sem snerta að eins nokkurn hluta hinna vátrygðu hagsmuna, og helst þá samningurinn að þeim hluta, sem þau atvik snerta ekki, nema ef telja má víst, að vátryggjandi mundi ekki hafa tekist á hendur vátrygging á þeim hluta einum, með sömu kostum sem hann tókst vátrygginguna á hendur á öllum hagsmununum, ef honum hefðu þá verið kunn öll atvik.

16. gr.

Þegar vátrygður veit, að tjón, sem felst undir vátryggingunni, hefir orðið á hinum vátrygða hlut, skal hann skýra vátryggjandi frá tjóninu og leita tilskipana hans um þær ráðstafanir, sem gera skal til bjargar og verndar hinum trygðu munum og hefta meira tjón, en þangað til hann fær slíkar fyrirskipanir frá vátryggjanda, er hann sjálfur skyldur að aðhafast í þessu það, sem þörf krefur. Nú vanrækir vátrygður þessa skyldu sína, og ábyrgist hann þá tjón, ef af verður.

17. gr.

Nú er vátryggjanda skylt að bæta skaða, sem vátrygður á rjett á, að annar maður bæti honum, og skal vátrygður þá um þann rjett gera þær ráðstafanir, sem þörf er á eftir atvikum, þangað til vátryggjandi getur sjálfur sjeð þar fyrir hagsmunum sínum. Nú vanrækir vátrygður þetta, og ábyrgist hann þá það tjón, sem álíta má, að vátryggjandi bíði við vanrækslu hans.

18. gr.

Vátrygður er skyldur að greiða iðgjaldið gegn afhendingu vátryggingingarskírteinis jafnskjótt sem samningurinn er fullgerður, nema annað sje tilskilið.

ÞRIÐJI HLUTI.

Um skyldur vátryggjanda.

19. gr.

Vátryggjandi ábyrgist afleiðingar af hverjum þeim háska, sem hinum trygðu munum er stofnað í á vátryggingartímanum og vátrygður er ekki vald-

ur að sjálfur, nema einhver háski hafi verið sjerstaklega undanskilinn. Ekki leysir það vátryggjanda undan ábyrgð, þótt skipstjóri sje valdur að tjóninu eða skipverjar.

20. gr.

Í þessum tilfellum ábyrgist vátryggjandi ekki skaðann:

1. Þá er um vátrygging á skipi og farmgjaldi fyrir hönd útgerðarmanns er að ræða, og tjónið hlýst af því að skipið var ekki sjófært þá er það ljet út í ferðina, eða það var ekki nægilega vel búið eða mannað, eða hafði ekki nægileg skipsskjöl, eða það var óhæfilega hlaðið, eða skaðinn verður af því að gengið er að hinum trygðu munum til fullnægingar tjóni, sem yfirsjónir eða hirðuleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra baka öðrum mönnum, þó koma þar ekki til greina bætur fyrir tjón, sem leiðir af árekstri.

2. Þá er um vátrygging á skipi er að ræða og skaði á skipi eða skipsbúnaði stafar einungis af sliti, elli, fúa eða maðkátu, eða af því, að það, sem skemdist, var ekki í viðunandi lagi, þegar skipið fór á stað.

3. Þá er um vátrygging á farmi, farmgjaldi eða verslunarhagnaði á farmi er að ræða og skaðanum valda gallar á umbúðum vörunnar, eða sá eiginlegleiki hennar sjálfrar, sem 147. gr. siglingalaganna 22. nóvbr. 1913 getur um; þó bætir vátryggjandi skaða þann, sem síðast var nefndur, ef ferðin hefir dregist óvanalega lengi vegna óhappa, sem vátryggjandi ábyrgist, nema ætla megi, að skaðinn hafi ekki verið drættinum að kenna.

4. Þá er um vátrygging á farmi eða verslunarhagnaði á farmi eða fyrirframgreiðslu á farmgjaldi, sem ekki skal endurgreiða þó óhapp beri að, er að ræða, og tjón á þessu, sem nú var talið, er farmsendara eða viðtakanda að kenna sem slíkum.

21. gr.

Þá er fullnaðarreikningur sameiginlegs sjótjóns hefir verið gerður á lögmætum stað og eftir þess lands lögum, er vátryggjandi skyldur að greiða eftir niðurjöfnuninni, bæði sjótjónsframlag það, sem kemur á hinn vátrygða hlut, og þau framlög til skaðabóta, sem aðrir hluttakendur í sjótjóninu eru skyldir til að greiða fyrir skemdir á hinum vátrygða hlut, en sannanlegt er, að ekki hefir verið náð af þeim, sem skyldir voru til að leggja fram. Vátryggjandi er jafnskyldur til þessa fyrir því, þótt hinn vátrygði hlutur sje gerður dýrari í niðurjöfnuninni en hann var vátrygður.

Nú hefir sjótjóni ekki verið jafnað niður, og það er ekki vátrygðum að kenna, og getur hann þá krafist bóta fyrir alt tjónið, svo sem vátryggingarsamningurinn tiltekur.

22. gr.

Nú hefir fullnaðarreikningur sjótjóns verið gerður á lögmætum stað og af þeim, sem opinbert umboð hafði til þess starfa, og getur þá vátryggjandi ekki borið það fyrir sig við vátrygðan, að öðrum manni hafi verið vilnað í við sjótjónsreikninginn vátrygðum til tjóns og gagnstætt lögum á þeim stað, þar sem sjótjóninu var jafnað niður, nema vátrygður hafi sjálfur verið sök í því, að ekki var nægilega sjeð fyrir hagsmunum hans. Þó er vátrygður

skyldur til að framselja vátryggjanda kröfu sína á hendur þeim, sem þannig var í vilnað.

23. gr.

Skylt er vátryggjanda að bæta það, sem lagt var í sölurnar eftir bestu vitund til að forðast háska, sem hann ábyrgðist, og kostnað þann, sem á því varð, svo og það sem varið var til bjargar og verndar vátrygðum munum og til að forða meira tjóni, eftir að slys bar að, og er honum skylt að bæta þetta þótt það verði ekki talið til sameiginlegs sjótjóns, svo og kostnað þann, sem verður við það að ákveða eigin ábyrgð vátryggjanda, þegar svo ber undir sem hjer var sagt.

24. gr.

Nú ber fleiri en eitt sjótjón að á þeim tíma, sem vátrygging vátryggjanda tekur yfir, og bætir hann skaðann, þótt bæturnar allar samantaldar verði meiri en vátryggingarfjárhæðin var. Ennfremur skal bæta fullum bótum þann kostnað, sem 33. gr. ræðir um, þótt hann fari fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

25. gr.

Ef breytt er ferð þeirri, sem tilgreind var, þegar vátryggingarsamningurinn var gerður, og sú breyting verður áður en vátryggjandi á neitt á hættu, þá er vátryggjandi úr allri ábyrgð, ef um vátryggingu á skipi og farmgjaldi fyrir hönd útgerðarmanns er að ræða. Ef um vátrygging á öðrum hagsmunum er að ræða, eða um vátrygging á skipi eða farmgjaldi fyrir hönd annara manna, þá heldur vátryggingin gildi sínu, ef ferðinni var breytt án samþykkis vátrygðs.

Nú er vátrygðu gózi stofnað í hættu áður en áhætta vátryggjanda hefst og á öðru skipi en tilgreint var við vátryggingartökuna, og er vátryggjandi þá laus allra mála.

26. gr.

Nú er breytt til um ferð, eða sú áhætta, sem tekin var vátrygging fyrir, eykst eða breytist á annan hátt eftir að áhætta vátryggjanda hófst, og er hann þá úr ábyrgð á hverju því tjóni, sem ber að eftir að breytt var til um ferðina, nema breytingin hafi verið gerð án samþykkis vátrygðs eða í nauðsyn til þess að forðast háska, sem vátryggjandi ábyrgist, eða til að bjarga lífi manna.

FJÓRÐI HLUTI.

Um skaða og greiðslu skaðabóta.

27. gr.

Vátrygður á rjett á bótum fyrir algert tjón:

1. Þá er vátrygt er skip eða góz og annað tveggja ferst með öllu, eða er gert upptækt eða skemmist svo mjög, að það má telja ónýtt að eðli og nothæfi sem slíkt.

2. Þá er vátrygt er farmgjald og þess missir með öllu.
3. Þá er verslunararður er vátrygður eða umboðslaun, og varan kemst ekki til ætlunarstaðar síns.
4. Þá er vátrygðar eru sjótjónsbætur eða sjólánsfje, og veðið, sem fyrir var, ferst með öllu eða ekkert fæst af því til lúkningar hótunum eða fjenu.

28. gr.

Þá er algert tjón verður, skal vátryggjandi greiða að fullu vátryggingarfjárhæðina; þó skal dregið frá henni það, sem sparast af kostnaði þeim, sem vátryggingin nær til; svo á vátryggjandi og rjett á að taka til sín alt það, sem bjargað kann að verða. Nú voru munirnir aðeins vátrygðir að nokkrum hluta verðmætis þeirra, og skal þá það, sem dregið er frá vátryggingarfjárhæðinni, talið eftir rjettri tiltölu milli vátryggingarfjárhæðarinnar og als hins rjetta vátryggingarverðs, og fær vátryggjandi eftir sama mæli hlut í því, sem bjargað var.

Nú skemmist skip og það er dæmt óbætandi með lögmætri skoðunargjörð, og á vátrygður þá rjett á að fá bætur sem algert tjón væri, enda selur hann skipið af hendi til vátryggjanda.

29. gr.

Nú hefir ekki spurst til skips svo lengi, að seglskip fer að jafnaði þrisvar sinnum á þeim tíma frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til skipsins, til ætlunarstaðar þess, þó ekki skemri tíma en 3 mánuði, og ber þá að telja skipið týnt, og á þá vátrygður rjett á að krefjast bóta fyrir algert tjón, enda afsalar hann sjer í hendur vátryggjanda rjetti sínum á hinum vátrygða hlut.

30. gr.

Ef lagt er farbann (embargo) á skip eða góz, eða því er haldið á annan hátt eftir ráðstöfun yfirvalda, eða sjóræningjar taka það, eða skipverjar skilja við vátrygt skip, þá getur vátrygður, gegn því að láta af hendi við vátryggjanda rjett sinn á hinum vátrygðu hlutum, krafist bóta sem fyrir algert tjón, ef skipið eða gózið hefir ekki verið látið laust eða hann hefir ekki fengið umráð yfir þeim:

Áður 6 mánuðir sjeu liðnir, ef þessi atburður gerðist í Norðurálfuhöfum eða á þeim hluta Miðjarðarhafs, Svartahafs eða Asóvshafs, sem telst til Norðurálfu,

áður 9 mánuðir sjeu liðnir, ef atburðurinn varð í öðrum höfum hjernamegin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða í Suður-Ameríku, og

áður 12 mánuðir sjeu liðnir, ef það varð í þeim höfum, sem eru hinumegin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða.

Telja skal tímann frá þeim degi, er vátrygður sagði vátryggjanda til tjónsins.

31. gr.

Nú vill vátrygður láta hinn vátrygða hlut af hendi og svo er háttað sem segir í síðari málsgrein 28. gr., og skal hann þá skýra vátryggjanda frá

fyrirætlan sinni áður 4 mánuðir sjeu liðnir frá því er hann vissi úrslit skoðunargjörðarinnar, en ef svo er háttað, sem 29. og 30. gr. ræða um, skal hann hafa skýrt frá fyrirætlun sinni áður 9 mánuðir sjeu liðnir frá því er frestur sá er á enda, sem þær greinar tiltaka, eftir hinum sjerstöku atvikum í hvert sinn.

32. gr.

Nú er frestur sá á enda, sem segir í 31. gr., og vátrygður hefir ekki neytt rjettar síns til að láta hinn vátrygða hlut af hendi, og týnir hann þá þeim rjetti, þegar svo er háttað sem segir í síðari málsgrein 28. gr. og 30. gr.

Þá er svo liggja atvik til sem segir í 29. gr., getur vátrygður krafist bóta sem fyrir algert tjón, jafnvel eftir að afsalsfresturinn er liðinn, en komi hinn vátrygði hlutur síðar fram, skal hann endurgreiða vátryggingarfjeð, ef vátryggjandi krefst þess, með $^1/_2$ af hundraði í mánaðarvöxtu, en afsala skal vátryggjandi sjer þá hinum vátrygða hlut og bæta þann skaða, sem orðið kann að hafa á honum og ábyrgðin náði til.

33. gr.

Afsal á trygðum munum skal vera skilyrðislaust og óriftandi; það skal auk þess ná til allra hinna vátrygðu fjemuna eða þess hluta þeirra, sem hafður var í hættu á þeim tíma, er slysið bar að.

Ef fjemunir eru aðeins trygðir að nokkrum hluta af verðmæti þeirra, er vátrygður aðeins skyldur að láta af hendi svo mikinn hluta þeirra, sem vátryggingarfjárhæðin er að tiltölu við rjett vátryggingarverð.

34. gr.

Þá er vátryggjandi greiðir bætur, getur hann krafist þess, að vátrygður fái honum skriflega í hendur öll þau rjettindi sem eiga að fylgja afsalinu til vátryggjanda, svo og öll þau skjöl, sem fylgja eiga hinum afsalaða hlut og eru í vörslum vátrygðs.

35. gr.

Hver sú krafa, sem styðst við vátryggingarsamning, týnir gildi sínu, ef henni er ekki fylgt með lögsókn áður 4 ár sje liðin frá því, er hún varð til.

FIMTI HLUTI.

Um endurgreiðslu iðgjalds (ristorno).

36. gr.

Ef vátrygðum hlut er ekki stofnað í neina þá hættu, sem vátryggjandi skyldi tryggja, getur vátrygður krafist, að vátryggingin falli niður og iðgjaldið sje endurgreitt; þó á vátryggjandi rjett á þóknun og skal hún vera $^1/_4$ af hundraði af vátryggingarfjárhæðinni, ef ekki var annað tilskilið, en helmingur hins umsamda iðgjalds, ef það var minna en $^1/_2$ af hundraði.

37. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru leyti eða öllu, vegna þess að tryggingarhagsmunir voru engir, eða vegna oftryggingar eða tvítryggingar, eða vegna þess að rangt var sagt til eða ekki nægilega, eða af öðrum slíkum sökum, en vátryggingartaki fór eftir bestu vitund sinni um þau atvik, sem urðu til ónýtingar vátryggingunni, og eins var ástatt með vátrygðan, er hann veitti umboðið til vátryggingarinnar, ef um vátrygging fyrir hönd annars manns er að tefla, og má þá krefjast endurgreiðslu á iðgjaldinu að því frádregnu, sem áðan var talið; þó skal þessa krafist áður en hinum trygðu munum er stofnað í hættu.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er tekið eftir 10. kapítula dönsku siglingalaganna, og er ætlast til að það sje að efni til í öllum atriðum í samræmi við hann, að því einu undanteknu, að fyrningarfresturinn í 35. gr. frv. er settur 4 ár, en er 5 ár í samsvarandi grein (§ 264) kaflans um sjóvátrygging í dönsku siglingalögunum. 4 ár þykja koma betur heim við fyrningarákvæði íslenskra laga, sbr. 3. gr. fyrningalaga nr. 14, 20. okt. 1905. Almennur fyrningarfrestur er að dönskum lögum 20 ár, og var 5 ára fresturinn settur vegna þess, að hinn almenni frestur þótti altof langur. Í norsku siglingalögunum er frestur þessi 3 ár.

Sá, sem með vátryggingarsamningi tekst á hendur að svara til sjóskaða, er hjer nefndur *vátryggjandi* í samræmi við siglingalögin 22. nóv. 1913. Sá, sem skaðabótarjettinn á samkvæmt vátryggingarsamningnum, er nefndur *vátrygður*. Oft gerir vátrygður sjálfur vátryggingarsamninginn, en mjög oft gerir annar maður hann fyrir hans hönd, t. d. verslunarumboðsmaður. Þá er svo á stendur, verður að gera greinarmun á vátrygðum og þeim, sem gerir samninginn, og er sá maður hjer nefndur *vátryggingartaki*.

Um einstakar greinar frumvarpsins virðist ekki þörf á að gera athugasemdir umfram það, sem að framan er sagt.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árin 1914 og 1915.

(Lagt fyrir alþingi 1914).

---

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögunum fyrir 1914 og 1915 veitast kr. 34,800, til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. og 3. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast kr. 33,100.

1. Við B. (Vegabætur). Til undirbúnings og ransóknar á járnbrautarstæði austur í Rangárvallasýslu ... ... kr. 18,000
2. Við E. (Vitamál).
   a. Til að reisa hornvita í Grímsey á Steingrímsfirði ... ... — 14,100
   b. Reksturskostnaður 1914 og 1915... ... ... — 1,000

Kr. 33,100

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. veitast kr. 1700.

		1914:	1915:
Við 16. gr.	Til hins íslenska prentarafjelags til að senda mann á prentlistasýningu í Leipzig ... ... kr.	800	
Við 16. gr. 8. d.	Til eins dýralæknisnemanda erlendis .. ... —	300	600

Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess að greiða ekkju bankabókara Alberts Þórðarsonar, Steinunni Kristjánsdóttur, 400 kr. árlega í eftirlaun af fje Landsbankans. Eftirlaunin greiðast frá 1. janúar 1914 og borgast eftirá fyrir hvern ársfjórðung.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 2. gr. 1. Stjórnarráðið álítur að járnbrautarlagning frá Rvík austur í Rangárvallasýslu sje svo þýðingarmikil fyrir hlutaðeigandi hjeruð og fyrir landið í heild sinni, að það mál megi með engu móti falla niður, og vill því taka upp tillögu meiri hluta nefndarinnar í járnbrautarmálinu frá síðasta Alþingi um 18,000 kr. fjárveiting til framhalds á undirbúningi málsins. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi brjefs verkfræðings Jóns Þorlákssonar dags. 27. apríl 1914.

»Að gefnu tilefni skal jeg hjer með virðingarfylst leyfa mjer að láta hinu háa stjórnarráði í tje, með fám orðum, álit mitt um ástæður þær, er jeg tel vera fyrir því að taka upp fjárveitingu til framhalds rannsókna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu.

Rannsóknir þær á járnbrautarstæðinu, sem þegar hafa verið gerðar, hafa vegna naumleika fjárveitingarinnar til þeirra verið ófullkomnar að ýmsu leyti, og nær eingöngu getað beinst að því, að fá nokkurnveginn ábyggilega en þó ekki nákvæma vitneskju um, hve mikið brautin mundi kosta. Hinsvegar hafa engin tök verið á því, að gera svo sem neitt af þeim mælingum, sem þarf að hafa ef ráðist verður í framkvæmd verksins, enda var ekki eðlilegt að kostað væri til þeirra mælinga fyr en búið var með undirbúningsrannsókn að fá svo mikla vitneskju um kostnaðinn, að menn gætu gert sjer hugmynd um hvort nokkuð væri eigandi við fyrirtækið eða ekki. Þessari sömu aðferð er líka nálega undantekningarlaust fylgt við undirbúning járnbrautarlagninga og allra stórra mannvirkja erlendis, að skifta undirbúningnum í tvent; fyrst byrjunar- eða yfirlitsrannsókn, sem veitir yfirlit yfir fyrirkomulag og kostnað, og síðan fullnaðarrannsókn (Detailprojekt), en í henni felst nákvæm ákvörðun á öllu fyrirkomulagi verksins, nákvæm kostnaðaráætlun og þær teikningar, sem þurfa að vera fyrir hendi þegar byrja skal á framkvæmd verksins.

Það væri hugsanlegt að sleppa við að framkvæma þessa fullnaðarrannsókn á kostnað landssjóðs, ef afráðið væri að byggja brautina ekki á annan hátt en þann, að veita einhverju fjelagi lagningarleyfi, því að þá mætti heimta að fjelagið framkvæmdi sjálft rannsóknina, og teldi það þá kostnaðinn við hana með lagningarkostnaði. En þó mundi aðstaða landsstjórnarinnar við gerð byggingarsamningsins verða býsna erfið, þegar hún hefði miklu minni vitneskju um málið í höndum heldur en hinn samningsaðilinn. En sje hugsað til þess, að leggja brautina á kostnað landsins, þá liggur einmitt næst fyrir að framkvæma þessa fullnaðarrannsókn. Fjárveiting til hennar er beint og eðlilegt áframhald af því, sem áður hefir verið gert í málinu af hálfu hins opinbera, og þó einhverjir kynnu að vera þeirrar skoðunar, að járnbrautarlagningin muni dragast enn í nokkur ár, þá er það engin ástæða gegn undirbúningsfjárveitingu, því að mælingarnar fyrnast ekki, og sama sem alt undirbúningsverkið er í fullu gildi hvenær sem að því kemur, að byggja brautina.

Þá skal jeg í fám orðum skýra frá því, í hverju fullnaðarrannsókn á járnbrautarstæðinu er fólgin, og get þó aðeins drepið á aðalatriðin. Það þarf að mæla upp landræmu meðfram öllu brautarstæðinu og gera hæðamælingar á þeirri

ræmu, svo og uppdrátt af henni með hæðalínum. Þegar sá uppdráttur er fenginn, þá fyrst er hægt að fastákveða nákvæmlega legu brautarinnar á hverjum stað, þannig að jarðvinnan verði sem minst, og síðan þarf að merkja brautarlínuna og reikna út að nýju rúmmál jarðrasksins. Þá kemur væntanlega í ljós, að með þeim smá-tilfærslum á brautarlínunni, sem mælingarnar sýna að eru æskilegar, má minka nokkuð jarðraskið frá því sem byrjunarmælingin sýndi. Jafnframt þarf að ákveða og mæla nákvæmlega öll brúarstæði, og gera uppdrætti af brúnum; sömuleiðis þarf að gera uppdrætti af fyrirkomulagi brautarstöðva og af stöðvarhúsum, og nákvæmar kostnaðaráætlanir eftir þeim uppdráttum; ennfremur nánari ákvarðanir um yfirbyggingu, vagna og verkstæði, heldur en þær, sem gerðar voru í bráðabirgðaáætluninni. Auk þess þarf hjer að taka til sjerstakrar rannsóknar notkun rafmagns við rekstur brautarinnar.

Langmesta verkið í þessum undirbúningi er uppmæling brautarstæðisins, að meðtöldum brúarstæðunum, og teikningar af brautarkortinu og brúnum. Þetta verk er alt ein samstæða, og hjerlendir verkfræðingar eru eins færir um að vinna það, eins og útlendir verkfræðingar, og enda færari til að gera rjettar áætlanir um kostnað við jarðrask og brúargerðir. En bæði er það, að naumast mun nú völ á innlendum verkfræðingum til þessa, sem missast megi til þess frá öðrum störfum, og svo hitt, að við ýmislegt annað af undirbúningnum þarf að leita til útlendra verkfræðinga, sem reynslu hafa í járnbrautarlagningum, og þess vegna virðist óhjákvæmilegt, eins og nú stendur, að fela útlendum verkfræðingum fullnaðarrannsóknina að mestu leyti. Um rannsókn á rafmagnsrekstri sjerstaklega er það að segja, að hún fæst naumast ábyggileg nema frá firmum, sem hafa lagt rafmagnsútbúnað til járnbrauta, og er því rjettast að snúa sjer til einhvers þeirra um það atriði, en naumast mundi slíkt firma þurfa að senda hingað verkfræðing í því skyni, heldur mundi það gera áætlunina heima hjá sjer eftir að hafa fengið upplýsingar um lengd og halla brautarinnar, afstöðu aflstöðvarinnar og væntanlegt flutningsmagn.

Jeg get ekki sagt með fullri vissu hve mikið fullnaðarrannsóknin muni kosta, en hygg þó að með ráðdeild og sparnaði muni mega ljúka henni að miklu eða öllu leyti fyrir 18000 kr«.

Við 2. gr. 2. Í samningi þeim, sem stjórnin gerði við Björgvinjargufuskipafjelagið 24. okt. 1913 um gufuskipaferðir milli Noregs og Íslands og umhverfis Ísland var það skilyrði sett af hendi fjelagsins fyrir viðkomu á höfnum við Húnaflóa úr því dimmir nótt, að vitalýsing væri þar nægileg (Stj.tíð. 1913 B. bls. 265).

Eins og kunnugt er, er sigling á Húnaflóa vestanverðum mjög ervið og hættuleg vegna skerja, boða og grynninga, og það svo, að þegar dimt er, má heita ógerningur að komast með skip inn á verslunarstaði þá, sem þar eru og mikla þýðingu hafa fyrir nærliggjandi hjeruð. Af þessum ástæðum var það beint gert að skilyrði fyrir viðkomu í Hólmavík, og þar með þeim höfnum öðrum, sem í skiptum geta komið fyrir hana, að vitalýsing kæmist þar á. Landsverkfræðingur sá, sem hefir vitamálin til meðferðar, hefir því verið látinn gera áætlun um, hvernig vitalýsingu verði best komið fyrir á þessu svæði, ekki aðeins að því er Hólmavík snertir, heldur einnig svo, að vitinn gæti orðið að gagni er siglt væri inn á Borðeyri og til Hvammstanga á Miðfirði. Hefir hann komist að þeirri niðurstöðu, að hornviti í Grímsey á Steingrímsfirði, sem sýnir hvítt ljós

fyrir: 1. skipaleiðir vestan úr Húnaflóa, 2. inn Steingrímsfjörð, og 3. í suðaustur fyrir leiðina til Hrútafjarðar og Miðfjarðar, en rautt og grænt ljós yfir sker og grynningar, muni uppfylla sett skilyrði fyrir viðkomu á Hólmavík, og hefir skipstjóri fjelagsins, sem kunnugastur er hjer, tjáð sig ánægðan með svofeldan vita. Slíkur hornviti mundi koma vel inn í áætlun um fullkomna vitalýsingu á suðvesturhluta Húnaflóa. Vitinn á að lýsa 17 sjómílur, vera átomatviti, sem ekki þarf að vitja nema með löngu millibili; er slíkt fyrirkomulag nauðsynlegt, þar sem engin bygð er í Grímsey. Í sambandi við vitann er nauðsynlegt að setja tvö leiðarljós, sem sýna leiðina inn að Hólmavík. Vitabyggingin er áætlað að kosti kr. 13,600 og leiðarljósin 500 kr. Öll fjárveitingin er því kr. 14,100.

Reksturskostnað telur landsverkfræðingurinn 700 kr. um árið, og má því búast við alt að 300 króna útgjöldum árið 1914. Er því alls farið fram á 1000 króna fjárveitingu til reksturskostnaðar.

Sundurliðuð kostnaðaráætlun, teikningar og aðrar upplýsingar verða lagðar fyrir alþingi.

Við 3. gr. Stjórn »Hins íslenska prentarafjelags« hefir sent stjórnarráðinu beiðni um að fá 800 kr. styrk til þess að senda mann á prentlistarsýningu, sem haldin verður á þessu sumri í Leipzig. Verður sýning þessi fullkomnari öllum þeim sýningum, sem enn hafa haldnar verið í þessari grein. Telur stjórn fjelagsins vafalaust, að ekki muni í bráð bjóðast annað eins tækifæri og þetta til þess að kynnast nýtýsku prentlist og hinum fullkomnustu og hentugustu prentlistartækjum, og að það mundi verða íslenskri prentarastjett mikill þekkingarauki ef fjelagið ætti kost á því að senda þangað mann.

Stjórnarráðið verður að telja það einkar æskilegt, að hæfur maður hjeðan af landi verði sendur á sýningu þessa og er sammála stjórn prentarafjelagsins um, að það gæti haft mikil áhrif á framþróun íslenskrar prentlistar, og með því að maður sá, sem fjelagið hefir í hyggju að senda, ef það fær styrkinn, hefir bestu meðmæli fyrir þekkingu yfirleitt, og sjerstaklega fyrir kunnáttu sína á þýsku máli, svo að vissa er fyrir því, að hann sje fær um að sækja sýninguna með tilætluðum árangri, vill stjórnarráðið mæla sem best með, að þessi styrkur verði veittur.

Í núgildandi fjárlögum er veittur fullur námsstyrkur til tveggja dýralæknanemenda, og hálfs árs styrkur fyrir 1 nemanda; er þessi síðasti styrkur því bundinn við hálft ár, að gengið var út frá því, að elsti nemandinn mundi taka fullnaðarpróf í júlímánuði þ. á. (sjá Alþ.tíð. 1913 C. bls. 1474), en þetta var á misskilningi bygt. Elsti nemandinn, Hannes Jónsson, hefur lokið 1. og 2. hluta prófs, en 3. og síðasta hluta getur hann ekki lokið fyr en í janúar 1916 eða ef til vill í júlílok 1915. Með því að sjálfsagt þykir að styðja þennan nemanda, sem hefir mjög góða vitnisburði við tvo fyrri hluta prófsins, til þess að ljúka prófi, er farið fram á aukafjárveitingu til hans í þessu skyni. Prófskírteini hans, og erindi frá honum verða lögð fyrir þingið.

Stjórn Landsbankans hefir sent Stjórnarráðinu erindi ekkju Alberts bankabókara Þórðarsonar, Steinunnar Kristjánsdóttur, þar sem hún fer fram á, að sjer verði veittur árlegur styrkur af fje Landsbankans, að upphæð 400 kr. Stjórn bankans telur það rjett, að veita þennan styrk, með því samskonar stofnanir og Landsbankinn er annarsstaðar, mundu undir líkum kringumstæðum veita álíka styrk, en álítur sig ekki hafa heimild til þess án sjerstakrar lagaheimildar, og

hefir hún því beint þessu máli til stjórnarráðsins og mælt með því, að lagt yrði fyrir alþingi frumvarp til laga um, að nefndri ekkju verði veittur árlegur styrkur af fje Landsbankans 3—400 kr. á ári. Stjórnarráðið er alveg samdóma stjórn Landsbankans um að rjett sje að veita þessari ekkju styrk, því hún á við mjög þröng kjör að búa. Stjórnarráðið hefir þó eigi álitið nauðsynlegt að koma fram með sjerstakt lagafrumvarp í þessu skyni, en telur nægilegt að veita stjórn Landsbankans umbeðna heimild með athugasemd í frumvarpi þessu.

Ofangreind erindi verða lögð fyrir alþingi.

Frumvarp til laga

um

sandgræðslu.

(Lagt fyrir alþingi 1914).

---

1. gr.

Heimilt er landsstjórninni að láta girða uppblásin svæði, sem uppblásturshætta getur stafað af, í þeim tilgangi, að þar verði unnið að sandgræðslu, bæði til þess að græða þau svæði að fullu og til þess að koma í veg fyrir, að uppblásturinn færist út. Allan þann tíma, sem að sandgræðslunni er unnið, hefir landsstjórnin full umráð yfir slíku svæði, og getur eigandi eða sá, er afnotarjett hefir yfir svæðinu, eigi krafist endurgjalds fyrir þau afnot, sem hann annars kynni að hafa af því.

2. gr.

Stjórnarráðið ákveður með samráði við sýslunefndir þær, er hlut eiga að máli, hver svæði skuli tekin til girðingar og sandgræðslu, en skógræktarstjóri gerir um það rökstuddar tillögur til stjórnarráðsins. Sá er óskar að fá girt uppblásið svæði í landeign sinni, sendir skógræktarstjóra beiðni um það og lætur fylgja ítarlegar skýrslur um ástæður allar.

Þau svæði skulu að öðru jöfnu vera látin ganga fyrir, þar sem eigendur eða aðrir þeir, er að standa, vilja sjálfir leggja fram fje nokkurt til girðingarinnar.

3. gr.

Kostnað við girðing, umfram það er eigandi eða aðrir þeir, er að standa, leggja fram, skal greiða úr landssjóði að $^3/_4$, en úr sýslusjóði að $^1/_4$. A sama hátt skal greiða kostnaðinn við viðhald girðingarinnar þar til er fram er farin afhending sú, sem getur um í 7. gr.

4. gr.

Á þeirri jörð, þar sem sandgræðsla fer fram, er þeim, er umsjón hafa með verkinu fyrir hönd landsstjórnarinnar, heimilt að taka endurgjaldslaust það efni, sem nota má við sandgræðsluna, svo sem grjót, grassvörð, hrís, víðikvisti og lyng, valdi það engum landsspjöllum. Sje hinsvegar um landsspjöll að ræða og krefjist eigandi eða nothafi bóta fyrir þau, má greiða þær eftir mati óvilhallra manna.

5. gr.

Ef einstakir menn setja girðingar fast við sandgræðslugirðinguna, skulu hlið vera á þeim, eigi fjær henni en 40 metra, svo að ganga megi tálmunarlaust kringum alt sandgræðslusvæðið til eftirlits.

6. gr.

Ekki má óupphleyptur vegur liggja um girt sandgræðslusvæði, og ekki svo nærri girðingunni utanvert við hana, að umferðin geti valdið þar uppblæstri. Ef af þessum ástæðum þarf að breyta um veg, eða gera upphleyptan veg, skal kostnaðinn við það greiða á sama hátt sem girðingarkostnaðinn.

7. gr.

Þá er sandfokið er heft og svæðið gróið upp, fær eigandi umráð yfir því aftur, en skylt er honum að hlíta reglum þeim um notkun þess, er stjórnarráðið setur eftir tillögum skógræktarstjóra til varnar því, að uppblásturinn byrji af nýju. Landeigandi eignast þá og girðinguna, en er síðan skyldur til að halda henni við á sinn kostnað, þar til stjórnarráðið kann að gefa leyfi til að taka hana upp, af því að svæðið er orðið svo vel gróið, að full vissa þykir um það, að uppblásturinn byrji ekki af nýju.

8. gr.

Ef uppblástur skyldi byrja af nýju eftir að eigandi hefir aftur fengið svæðið til umráða samkæmt 7. gr., þá er honum skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sje að engu leyti meðferð hans að kenna, og vanræki hann það, hefir landstjórnin rjett til að láta vinna verkið á hans kostnað.

9. gr.

Skógræktarstjóri skal hafa yfirumsjón með sandgræðslusvæðunum og girðingunum um þau, einnig eftir það að þau eru afhent eiganda til umráða. En í fjarvist hans skal hreppstjóri hafa eftirlit með þeim. Ef girðing skemmist áður en svæðið er afhent eiganda til umráða, skal eigandi jarðarinnar eða ábúandi skýra hreppstjóra tafarlaust frá skemdunum og er þá hreppstjóra

skylt að sjá um, að gert verði við girðinguna svo fljótt sem hægt er, en ábúandi skal verja svæðið fyrir ágangi af skepnum á meðan. Verði hreppstjóri þess var, að ábótavant sje meðferð sandgræðslusvæðisins eða að aftur sje farið að votta fyrir uppblæstri á því, eftir að það er gróið, skal hann gjöra skógræktarstjóra aðvart um það svo fljótt sem kostur er. Um árslok hver sendir hreppstjóri skógræktarstjóra skýrslu um það, hvernig girðingin og sandgræðslusvæðið hafi hafst við á árinu.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til landssjóðs, 5 til 100 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á fjárlögunum hefir undanfarið verið veitt fje nokkurt til sandgræðslu og sandheftingar. Við notkun fjárveitingar þessarar hefir það komið í ljós, að þörf er á lagaákvæðum, sem tryggi það, að ráðstafanir þær, sem gerðar eru í þessu efni, komi að tilætluðum notum. Stjórnarráðið hefir því, í samráði við skógræktarstjóra, sem hefir stjórn sandgræðslu og sandfoks málanna á hendi samkvæmt lögum nr. 54, 22. nóv. 1907, og stjórn Búnaðarfjelags Íslands, samið lagafrumvarp þetta, sem ætlað er að bæta úr þörfinni á lagaákvæðum um þetta efni.

Um hin einstöku ákvæði frumvarpsins skal þess getið, að samkvæmt 2. gr. er tilætlunin, að það sje samningamál, hve mikið eigendur jarða, þar sem sandfok er eða hætta kann að stafa af sandfoki frá annari jörð, og aðrir, t. d. hlutaðeigandi hreppsjóður, leggja fram til verksins móti tillagi úr landssjóði og sýslusjóði, þannig að þeir, að öðru jöfnu, sem ríflegar vilja til leggja, skuli ganga fyrir. Einnig skal þess getið, að nauðsynlegt hefir þótt eftir atvikum að leggja sönnunarskylduna á eiganda, um að hann hafi farið sæmilega með uppgrædd svæði, sem hann hefir fengið til umráða, eins og gert er í 8. gr. frumvarpsins.

Annars virðast hin einstöku ákvæði frumvarpsins ekki þurfa frekari skýringa við.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895.

(Lagt fyrir alþingi 1914.)

Aftan við síðustu málsgrein í 2. gr. laga um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895 bætast orðin:

eða þá, að því er snertir landhelgina, íslenskan fána, sem ákveðinn verður með konungsúrskurði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með því að Hans hátign konungurinn hefir ákveðið með allrahæstum úrskurði, dags. 22. nóv. 1913, löggilding á íslenskum fána, er nota megi eigi að eins hvarvetna á landi, heldur og af íslenskum skipum í íslenskri landhelgi, þykir rjett að koma fram nú þegar með tillögu um breyting á þeim ákvæðum íslenskra laga, er komið gætu í bága við það, að öll íslensk skip noti íslenska fánann í landhelgi. Það er því lagt til, að beinu ákvæði um þetta sje bætt inn í 2. gr. skrásetningarlaganna.

Frumvarp til laga

um

viðauka við lög um skipströnd 14. janúar 1876.

(Lagt fyrir Alþingi 1914).

---

1. gr.

Þá er strandað skip hefur legið á strandstaðnum eitt ár frá því er strandið varð, og eigi verið selt við opinbert uppboð samkvæmt strandlögunum, sökum ákvörðunar eiganda um að annast björgunina sjálfur, getur lögreglustjóri látið selja flakið við opinbert uppboð, ef óráðlegt þykir, af ástæðum, er almenning varða, að láta það liggja lengur óselt, sbr. þó 4. gr.

2. gr.

Uppboð, er haldin verða samkvæmt 1. gr., skal lögreglustjóri jafnan tilkynna þeim, er lýst hafa eignarrjetti að skipinu, og öðrum, er þar hafa hagsmuna að gæta, ef kunnugt er um heimilisfang þeirra. Að öðrum kosti skal ræðismanni eða öðrum hjerlendum umboðsmanni þess lands, þar sem skipið átti heima, gjört aðvart um uppboðið. Andvirði hins selda greiðist þeim, er sannar eignarrjett sinn samkvæmt ákvæðum 23.—24. gr. strandlaganna.

3. gr.

Í söluskilmálum við uppboð samkvæmt 1. gr. sem og við uppboð á strönduðu skipi samkvæmt strandlögunum, skal það ákvæði sett, að skipsleifar, sem eigi eru fluttar burt úr fjörunni, þá er 2 ár eru liðin frá því er skipið strandaði, teljist óskilafje og verði eign fjörueiganda.

4. gr.

Nú hefur eigandi eða ábyrgðarsalar strandaðs skips hafið björgun áður en ár sje liðið frá því er strandið varð og gefið lögreglustjóra til kynna, að björguninni verði haldið áfram að árinu liðnu, og skal þá eigi haldið uppboð

samkvæmt 1. gr., heldur er hlutaðeigendum heimilt að halda björguninni áfram um alt að tveggja ára tíma frá því er strandið varð, en þá verður flakið eign fjörueiganda samkvæmt 3. gr. En sýni eigandi eða ábyrgðarsalar stjórnarráðinu fram á, að örðugleikum hafi verið bundið að ljúka björguninni á tveim árum og lýsi því jafnframt yfir, að þeir vilji halda björguninni áfram, skal þeim þó veittur nægur frestur til þess. Þegar eins stendur á getur uppboðskaupandi samkvæmt 3. gr. fengið samþykki stjórnarráðsins til nauðsynlegrar framlengingar á björgunarfresti, þeim sem þar er áskilinn.

5. gr.

Nú sekkur skip þar sem af því getur stafað hætta eða verulegur farartálmi fyrir siglingar og sjósókn, og getur stjórnarráðið þá látið auðkenna staðinn; jafnframt skal það spyrja þann, er tilkall á til flaksins, hvort björgunartilraunir verði gjörðar, og gjöra honum um leið aðvart um, innan hvers tíma flakið skuli gjört óskaðvænt.

Hafi stjórnarráðið eigi getað fengið vitneskju um, hver tilkall á til flaksins, eða ef hann vill eigi gjöra það óskaðvænt samkvæmt fyrirsögn stjórnarráðsins, getur það sjálft látið gjöra flakið óskaðvænt. Einnig getur stjórnarráðið látið gjöra flak óskaðvænt þegar eftir strandið eða skipbrotið, ef slík ráðstöfun verður að teljast óhjákvæmileg nauðsyn sökum þeirrar hættu, er stafar af flakinu.

6. gr.

Til tryggingar fyrir útgjöldum við yfirvaldaráðstafanir samkvæmt 5. gr. er skipið og það, sem því fylgir, og enda farmurinn, ef hann er þess eðlis, að af honum stafi hætta eða verulegt óhagræði fyrir siglingar og sjósókn. Stjórnarráðið getur því látið gjöra kyrsetning á þessum munum og skal gjörðinni haldið til dóms við sjódóm strandstaðarins. Hafi stjórnarráðið látið gjöra flak óskaðvænt og sje nokkru bjargað af skipi eða skipsgögnum má selja það við opinbert uppboð og taka kostnaðinn af andvirðinu án undangenginnar kyrsetningargjörðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á síðasta þingi samþykti neðri deild ályktun um að skora á landsstjórnina að gjöra ráðstafanir til þess, að útlend, strönduð skip liggi eigi óseld á strandstaðnum árum saman.

Lög um skipströnd frá 14. jan. 1876 veita eigi heimild til að selja strönduð skip, þegar eigandi óskar eigi aðstoðar yfirvalda við björgunina eða vill eigi láta selja flakið, enda verður að telja það sjálfsagt, að þeir, sem skipið eiga, eða þar hafa hagsmuna að gæta, sjeu sjálfráðir um björgunina. En þetta hefur þráfald-

lega orðið til þess, að útgerðarmenn eða ábyrgðarsalar beiðast undan aðstoð yfirvalda við björgun skipsins eða sölu þess á uppboði í von um, að skipinu verði seinna bjargað utan af sjó. En er björgun á þann hátt reynist ókleif, eins og oftast vill verða, gjörir eigandinn eigi framar vart við sig, en með því að hann hefur lýst því yfir, að hann vilji sjálfur bjarga flakinu, er þó eigi heimilt að selja það eða leyfa fjörueiganda að flytja það burt.

Stjórnin verður að vera þinginu samdóma um að þetta ástand sje óeðlilegt; það er hvorttveggja, að engin sanngirni mælir með því, að skipseigandi skuli geta áskilið sjer rjett til að láta flakið liggja í fjörunni árum saman, enda erfitt að halda því fram gagnvart fjörueiganda og öðrum strandarbúum, að það sje brot á eignarrjettinum að hirða hluti frá slíku skipsflaki, sem eigandinn í raun og veru hefur gefið upp.

En það sem hjer hefur verið sagt um skipseigandann á einnig við um þann, er kaupir flakið. Stjórnin hefur því talið rjett að leggja til, að takmörk verði sett fyrir því, hve lengi kaupandi skipsflaks geti krafist rjettarverndar á legu flaksins á strandstaðnum, um leið og heimild verður gefin til að selja skipsflak eftir hæfilegan tíma, þótt eigandi hafi beiðst undan aðstoð yfirvalda við björgunina.

Í báðum þessum tilfellum þykir þó sjálfsagt að veita svo ríflegan frest til björgunarinnar, að eigandinn geti jafnan unnið að björguninni alt það, er hann vill. Tilgangurinn með fyrnefndri þingsályktun hefur vafalaust einungis verið að fá sett ákvæði, er taka megi til þegar svo stendur á, að eigandinn *hefur í raun og veru slept tilkalli til flaksins*, enda hefur stjórnin við samning frumvarps þessa haft það fyrir augum, að enginn skuli geta kvartað yfir, að útgerðarmönnum og ábyrgðarsölum sje meinað í íslenskri löggjöf að gjöra allar þær björgunartilraunir, er þeir vilja. Jafnframt því að setja tveggja ára almennan björgunarfrest þykir því rjett að tryggja hæfilega framlengingu á þessum fresti, er sótt er um það til stjórnarráðsins og svo stendur á, að eigi er öll von úti um björgun, þá er tvö ár eru liðin frá strandinu.

Í sambandi við þessi almennu ákvæði hefur þótt rjett að taka upp í frumvarpið sjerstök ákvæði um, hvað gjöra skuli, þá er skipsflök eru til hættu eða verulegs farartálma fyrir siglingar og sjósókn. Reyndar má samkvæmt gildandi lögum taka upp í hafnarreglugjörðir ákvæði um skip, er sökkva eða stranda á höfnum inni, sbr. einnig 7. gr. í lögum 11. júlí 1911 um vita, sjómerki o. fl., en oft getur verið ástæða til að láta nema burt skipsflök utan hafna, er siglingum og fiskisókn getur stafað hætta af. Ákvæðin í 5. og 6. gr. eru í samræmi við þær reglur, sem fylgt er annarsstaðar, sbr. t. d. 6. og 7. gr. í dönskum lögum frá 30. apríl 1909 um viðauka við strandlögin.

Frumvarp til laga

um

friðun hjera.

(Lagt fyrir Alþingi 1914.)

---

1. gr.

Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, að hjerar skuli friðaðir vera, nokkurn hluta árs eða alt árið.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum þeim, er sett verða samkvæmt 1. gr., varða 20 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem drepið er eða veitt; rennur helmingur sektarinnar í sjóð þeirrar sveitar, þar sem brotið var framið, en hinn helmingurinn til uppljóstrarmanns.

Með mál út af brotum á friðunarákvæðunum skal farið sem opinber lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá Th. Havsteen veiðistjóra hefur stjórnarráðið fengið brjef það, sem hjer er prentað sem fylgiskjal, og mælist hann til þess, að löggilt verði ákvæði um friðun á hjerum, sem geri honum fært að gera tilraun til að flytja lifandi hjera til Íslands. Sakir þess, að ætla má að þetta megi að gagni koma, þykir rjett að verða við þessum tilmælum og leggur stjórnin því til að samþykt sjeu fyrgreind lagaákvæði.

Fylgiskjal. **Þýðing.**

Til stjórnarráðs Íslands.

Undirritaður veiðistjóri, Th. Havsteen, »Maglegaard« við Hróarskeldu, óskar — til að styðja að fjölgun veiðidýra á Íslandi — að flytja alt að 50 hjera frá Noregi eða Færeyjum til landsins og sleppa þeim þar í apríl og maí mánuði 1915, fyrst á Suðurlandi og síðar, ef tilraunin heppnast, einnig á Norðurlandi, og leyfi eg mjer hjer með að beiðast leyfis hins háa stjórnarráðs til þessa.

Til þess að líkindi sjeu til að tilraun þessi heppnist og geti í framtíðinni orðið að nokkru liði fyrir landið, verður það að álítast nauðsynlegt, að allar hjeraveiðar verði fyrst um sinn bannaðar með lögum. Verði innflutningsleyfið veitt, leyfi jeg mjer því allravirðingarfyllst að fara þess á leit, að yðar hágöfgi leggi til á næsta Alþingi, að lögleidd verði friðunarákvæði í framangreinda átt.

»Maglegaard« við Hróarskeldu, 18. apríl 1914.

Allravirðingarfyllst

Th. Havsteen.

Nd. **16. Tillaga**

til þingsályktunar um íslenska fánann.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Bjarni Jónsson frá Vogi, Benedikt Sveinsson, Jón Jónsson, Björn Kristjánsson, Sigurður Eggerz.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skipa sjö manna nefnd til að íhuga fánamálið, og koma fram með tillögur, er að því lúta.

Nd. **17. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um sauðfjárbaðanir nr. 46, 10. nóv. 1913.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson 2. þm. Eyf.

3. gr. orðist þannig:

Stjórnarráðið gefi með ráði dýralæknis út fyrirskipun um það, hvaða baðlyfja tegundir skuli nota og jafnframt greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra.

4. og 5. gr. falli burt.

Nd. **18. Frumvarp**

til laga um undanþágu frá ákvæðum 1. gr. í siglingalögum frá 22. nóvember 1913.

Flutningsmenn: Sveinn Björnsson, Einar Arnórsson, Sig. Eggerz, Matth. Ólafsson, Björn Kristjánsson, Jón Magnússon.

Sú undanþága veitist frá ákvæðum 1. gr. siglingalaga frá 22. nóvember 1913, að í stjórn hlutafjelagsins Eimskipafjelags Íslands í Reykjavík, sem stofnað var 17. janúar 1914, megi tveir af sjö mönnum í stjórn fjelagsins vera Íslendingar búsettir í Vesturheimi, þótt eigi fullnægi þeir skilyrðum fyrri hluta tjeðrar greinar.

Nd. **19. Frumvarp**

til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Flutningsmenn: Sveinn Björnsson og Jón Magnússon.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Reykjavíkur og gera nákvæman uppdrátt af þeim.

Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni.

2. gr.

Mælikvarði uppdráttarins skal ekki vera minni en 1 : 500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða, og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

3. gr.

Bæjarstjórnin ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða skyldir að láta þeim í tje þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa til þess að geta framkvæmt starf sitt.

Áður en mælingamaður byrjar að merkjasetja lóð, skal hann aðvara eiganda hennar eða umboðsmann hans og eigendur nágrannalóðanna um, hve nær merkjasetningin fari fram. Skulu þeir með þriggja sólarhringa fyrirvara skyldir til að mæta á lóðinni og segja mælingamanni til um takmörk lóðarinnar. Ef enginn ágreiningur er um takmörk lóðarinnar, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, og er þá dagbókin og lóðamerkjabókin full sönnun fyrir stærð og legu lóðarinnar.

4. gr.

Bæjarstjórnin löggildir bók, sem nefnist lóðamerkjabók. Skal mælingamaður rita í hana lýsing á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit af aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar, eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, bygðra og óbygðra. Mælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra, skulu undirskrifa lýsinguna, en rjett er lóðaeigendum að gera fyrirvara um ágreining, ef samkomulag fæst eigi um merkin, og skal þá sýna á eftirritinu af uppdrættinum svo greinilega sem unt er, hvað milli ber um merkin. Mælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur rjettari, eða geti hann á hvoruga fallist, hvar hann telur merki rjettast eftir öllum atvikum.

5. gr.

Úr öllum þrætum um merki lóða sker merkjadómur. Merkjadóm þenna skipa 3 menn. Kýs stjórnarráðið einn; skal hann vera lögfræðingur, og er hann formaður dómsins. Annan hinna tveggja kýs landsyfirdómurinn, en bæjarstjórnin hinn. Þrír varamenn skulu og kosnir á sama hátt. Varamaður tekur sæti í

dóminum, ef aðalmaður deyr, eða forfallist sá, sem hann er varamaður fyrir. Ef bæði aðalmaður og varamaður deyja eða forfallast, skal sá, sem kaus þá, velja mann í staðinn. Í dóminum ræður afl atkvæða úrslitum. Um óhæfi (inhabilitet) merkjadómara gilda sömu reglur sem um óhæfi reglulegra dómara, samkvæmt landslögum. Áður en merkjadómari byrjar störf sín í dóminum, skal hann skrifa undir eiðspjall. Hverjum merkjadómara ber 4 kr. í þóknun fyrir hvern dag, er hann situr að merkjadómi.

6. gr.

Mælingamaður sendir formanni merkjadómsins uppdráttinn af lóðunum, sem þrætan er um, og skýrslu um í hverju ágreiningurinn sje fólginn. Merkjadómurinn kveður þá málsaðilja á fund brjeflega með hæfilegum fresti, sem venjulega sje eigi lengri en 3 sólarhringar. Leggja málsaðiljar fram á þeim fundi skilríki sín, og að þeim athuguðum ganga merkjadómendur á merki, ef þeim þykir þess þurfa, ákveða síðan hver merki skuli vera, og tilkynnir formaður það málsaðiljum og mælingamanni, en hann afmarkar á uppdrættinum lóðina, eins og merkjadómurinn hefir ákveðið hana, og innfærir í lóðamerkjabókina.

Merkjadómurinn ákveður og hver greiða skuli kostnaðinn við málið.

7. gr.

Það er fullnaðarúrskurður um merki, er merkjadómurinn gerir, nema annarhvor málsaðilja hafi, innan þriggja vikna frá því honum voru gerð kunn úrslit merkjadómsins, lagt málið undir úrskurð dómstólanna. Skulu þau mál háð almennum rjettarfarsreglum.

8. gr.

Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa í kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af stjórnarráði Íslands. Stjórnarráðið setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnarinnar, reglur um, hvernig skrásetningunni skuli hagað.

9. gr.

Í skrá þessa og á aðaluppdráttum skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin mann til að hafa starfa þenna á hendi.

10. gr.

Afsal fyrir skrásettri eign er þá fyrst fullgilt, er á það er ritað vottorð um að eigendaskiftanna sje getið í lóðaskrá.

11. gr.

Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í tje staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir hvert eftirrit greiðist 2 kr. Sama gjald greiðist fyrir vottorð þau, er ræðir um í 10. gr.

12. gr.

Bæjarstjórnin getur á sama hátt látið skrásetja og mæla lóðir og lönd utan kaupstaðarlóðarinnar, en innan lögsagnarumdæmisins, er þá færist á aukaskrá. Um aukaskrána gilda hin sömu ákvæði, sem hjer að framan eru sett um aðalskrána.

13. gr.

Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 6. gr.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar bæjarstjórnin veitir fje það, sem til þess er nauðsynlegt.

Nd. **20. Frumvarp**

til laga um breyting á 6. gr. í lögum nr. 86, 22. nóv. 1907, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík.

Flutningsmenn: Sveinn Björnsson og Jón Magnússon.

6. gr. í lögum 22. nóv. 1907 um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík orðist svo:

Innan loka nóvembermánaðar ár hvert skal samin áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár. Í áætluninni skal talin sem sjerstakur tekjuliður tekjuafgangur sá, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður. Sömuleiðis skal í áætlunina taka sem sjerstakan gjaldlið tekjuhalla þann, er orðið hefir á reikningi bæjarsjóðs næsta ár áður en áætlunin er samin, nema tekjuhallinn stafi af kostnaði við verk, sem ætlast er til að greiddur verði með lánsfje. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með hálfs mánaðar millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein út af fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eftir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar. Áætlun þessa skal leggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en 14 daga í desembermánuði ár hvert. —

Nd. **21. Frumvarp**

til laga um líftrygging sjómanna.

Flutningsmenn: Matth. Ólafsson, Sveinn Björnsson, M. J. Kristjánsson og Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Allir menn á landi hjer, þeir er sjó stunda um lengri eða skemri tíma, hvort heldur á fiskiskipum, farmskipum, mannflutningaskipum eða róðrarbátum, skulu kaupa sjer tryggingu gegn drukknun í sjó.

2. gr.

Nú kemst maður, sem líftrygður er samkvæmt lögum þessum, í skipreika, tekur út af skipi eða báti eða fellur í sjó og næst með lífi, en veikist og deyr af afleiðingum slyssins, og ber þá að álíta sem slíkur maður hafi farist í sjó.

3. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 1. febrúar ár hvert, skulu allir menn þeir, er nefndir eru í 1. gr., láta innrita sig sem sjómenn.

Í sveitum fer innritun fram hjá hreppstjórum, en í kaupstöðum hjá bæjarfógetum.

4. gr.

Nú er einhver eigi ráðinn í því, hvort hann stundi sjómensku að nokkru leyti á því tímabili, er um ræðir í 3. gr., og hefir hann þá rjett til að fá sig innritaðan, þótt síðar sje, með sömu rjettindum og skyldum, sem lög þessi ákveða.

5. gr.

Líftryggingin gildir fyrir eitt ár í senn, og er iðgjaldið 10 kr., er greiðist við innritun.

Þótt einhver sje innritaður síðar á árinu en til er greint í 3. gr., nær þó eigi trygging hans lengra en til næstu áramóta, og greiða verður hann jafnhátt iðgjald, hve nær sem hann er innritaður á almanaksárinu.

Þar sem sjómenn eru ráðnir fyrir kaup um viku, mánuð eða útgerðartíma, er það samningsatriði milli þeirra og útgerðarmanns hvort hann borgar nokkuð eða ekkert af iðgjaldinu.

6. gr.

Auk innritunarskírteinis, er jafnframt skal gilda sem kvittun fyrir iðgjaldi skal hverjum innrituðum sjómanni afhent merki, er að eins gildi fyrir það ár, sem hann er líftrygður á.

Merkin sje úr málmi og á þau skráð ártal þess árs, er þau gilda fyrir.

Landstjórnin sjer um tilbúning merkjanna og gerð, og annast um, að þau sje komin til hreppstjóra og bæjarfógeta fyrir lok hvers árs, er undan fer því, er þau gilda fyrir.

7. gr.

Engan mann má lögskrá á Íslandi, hvort heldur er á innlend skip eða útlend, er eigi getur sýnt innritunarskírteini og merki, og skal þess getið við lögskráning, hvar hver einstakur er innritaður.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar skráningarstjóra alt að 1000 króna sekt.

Farist sjómaður ólíftrygður fyrir vanrækslu skráningastjóra, fellur sekt þessi til þess eða þeirra, er tilkall eiga til líftryggingarfjárins, samkvæmt lögum þessum. Sje engir slíkir menn á lífi, fellur sektin til líftryggingarsjóðsins.

8. gr.

Enginn formaður má taka neinn mann á skip sitt eða bát, hvort heldur er um lengri eða skemri tíma, nema hann geti sýnt merki það, er nefnt er í 6. gr., og varðar það formann alt að 200 kr. sekt fyrir hvern mann, ef út af er brugðið.

Undanskildir ákvæðum þessarar greinar eru þó skipstjórar á mannflutningaskipum, að því er farþega þeirra snertir.

Um sekt fer svo sem segir í 7. grein.

9. gr.

Nú hefir sjómaður keypt sjer lífsábyrgð í einhverju lífsábyrgðarfjelagi, sem stjórnarráðið viðurkennir, og er hann þá undanþeginn ákvæðum laga þessara, enda sje sú lífsábyrgð eigi lægri en lög þessi ákveða, en skylt er honum að sanna fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta skýlausan rjett sinn til greiðslu úr lífsábyrgðarfjelaginu, ef dauða hans ber að á líftryggingartímabili því, er í hönd fer.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti rita hjá sjer nafn mannsins og fjelags þess, er hann er líftrygður hjá svo og tölu lífsábyrgðarskírteinisins.

Að því búnu fær sjómaðurinn merki, er vera skal frábrugðið að gerð merkjum þeim, er getur í 6. gr.

10. gr.

Af iðgjöldum þeim, er nefnd eru í 5. gr., skal mynda líftryggingarsjóð, er standi undir umsjón landsstjórnarinnar. Sjóður þessi eignast sjóð þann, er þegar er myndaður, samkvæmt lögum nr. 53, 30. júlí 1909, enda tekur á sig skyldur þær, er á þeim sjóði hvíla.

Landstjórnin skipar forstöðumann fyrir hinn nýja sjóð, og skulu laun hans ákveðin 1200 kr. á ári, er greiðist úr landsjóði.

Bæjarfógetum og hreppstjórum ber 2% af iðgjöldum fyrir innheimtu og innritun, og skulu þeir senda skýrslur sínar ásamt iðgjöldum, að frádregnum þeim 2%, er þeim ber, beint til forstöðumanns sjóðsins.

11. gr.

Landstjórnin sjer um, að ávalt sje fyrir hendi nægar bækur og innritunarskírteini og skipar fyrir um form á þeim.

12. gr.

Líftryggingarsjóðurinn greiðir námennum þeirra, er í sjó farast og líf-

trygðir eru, samkvæmt lögum þessum, 1000 kr., er greiðast með 200 kr. á ári í næstu 5 ár eftir drukknun hins líftrygða.

Námenni teljast: foreldrar og börn, hvort heldur skilgetin eða ósilgetin, ekkja og systkini hins líftrygða. Sje eigi nein slík námenni á lífi fellur fjeð til sjóðsins, nema líftrygði hafi með erfðaskrá gefið það öðrum eftir sinn dag.

Landsjóður hefir ábyrgð á að sjóðurinn standi í skilum.

13. gr.

Nú hverfur maður af skipi og finst eigi, lífs nje liðinn, og skal þá settur rjettur yfir skipverjum, til að rannsaka, hvort nokkur þeirra hafi grun um, að viðkomandi hafi strokið.

Komi það fram við rannsókn, að enginn grunur sje um strok, skal álíta sem maðurinn hafi farist í sjó. Komi hins vegar fram grunur um strok, en ekki fullvissa, má fresta útborgun um næstu 5 ár, en komi ekkert fram á þeim tíma, er sanni að maðurinn hafi strokið, skal upphæðin borgast út á næstu 5 árum.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um vátrygging fyrir sjómenn 30. júlí 1909, svo og þau ákvæði í öðrum lögum, er koma kunna í bág við þau.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Nd. **22. Frumvarp**

til laga um beitutekju.

Flutningsm. Matth. Ólafsson.

1. gr.

Sjerhver sá, er heimild hefir til fiskiveiða í landhelgi, má setja á land skelfiskbeituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða árós, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða 2 krónur fyrir hvern sólarhring í hvert skifti, sem hann tekur beitu.

Fyrir skemri tíma greiðist sama gjald.

2. gr.

Eigi má taka beitu í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar á sjó út frá stórstraums fjörumáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart í hvert skifti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans samkvæmt 1. gr.

Nú vanrækir formaður að gera ábúanda aðvart í hvert skifti, sem

hann ætlar að taka skelfisk fyrir landi hans, og varðar það alt að 20 kr. sekt fyrir hvert skifti.

3. gr.

Nú tekur maður í óleyfi skelfisk í netlögum annars manns, og varðar það alt að 20 króna sekt, og borga skal hann allan þannig upptekinn skelfisk tvöföldu gangverði.

4. gr.

Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eftir mati óvilhallra manna.

5. gr.

Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr., áður en hann fer af beitufjöru, nema öðruvísi sje umsamið. Sje ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af hinna hálfu.

6. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

7. gr.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um beitutekju nr. 60, 10. nóv. 1905.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1915.

Nd. **23. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 66, 22. nóv. 1913, um girðingar.

Flutningsmenn: Einar Arnórsson og Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

8. gr. orðist þannig:

Nú liggur tún eða engjar tveggja eða fleiri manna saman, eða tún eða engjar jarðar liggja að beitilandi annara, og landeigandi eða ábúandi í samráði við landeiganda vill leggja á mörkum löggarð, slíkan sem í 1. gr. segir, og samkomulag næst eigi við þann ábúanda eða landeiganda,

er land á á móti, um þátttöku í girðingunni, þá getur sá, er girða vill, engu að síður gert það. Skulu úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppamótum, þá meta notagildi girðingarinnar fyrir alla, sem hlut eiga að máli, og jafna niður girðingarkostnaði að tiltölu við gagn hvers um sig.

Nú liggur bithagi jarðar að landi kauptúns og verður að áliti úttektarmanna fyrir miklum ágangi af beit frá kauptúninu, og er þá landeiganda eða ábúanda heimilt að girða landið gegn endurgjaldi frá kauptúninu, eða þess, er land á undir því, svo sem áður er um mælt. Um viðhald fer og eftir sömu reglum.

Úttektarmenn skulu meta verð girðingar. Kaup úttektarmanna telst til girðingarkostnaðar.

2. gr.

Aftan við 9. gr. bætist:

Hverjum þeim, er þykir rjetti sínum hallað af úttektarmönnum, þá er mat fer fram á girðing eða girðingarkostnaði, er heimilt að krefjast yfirúttektar. Fer um þá úttekt svo sem fyrir er mælt um yfirúttekt í lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella þau inn í texta girðingalaga nr. 66, 22. nóv. 1913, og getur konungur þá gefið þau lög þannig út þannig breytt.

Nd. **24. Frumvarp**

til laga um stofnun grasbýla.

Flutningsm.: Jóhann Eyjólfsson.

1. gr.

Grasbýli má stofna á Íslandi samkvæmt lögum þessum, og veitist landsstjórninni heimild til að lána úr landssjóði til að stofnsetja alt að 10 slík býli á ári, samkvæmt því, er segir í 10. gr. Ef fleiri menn á ári sækja um þessi lán til landsstjórnarinnar, skal fara eftir fyrirmælum þeim og reglum, sem sagt er í 9. gr.

2. gr.

Skilyrði fyrir því að grasbýli verði stofnsett og fái grasbýlisrjett og njóti styrks samkvæmt lögum þessum, er:

a. að nógu stórt land fáist til grasbýlis samkvæmt 3. gr.;
b. að landið sje eftir áliti virðingarmanna sæmilega vel fallið til túnræktunar og garðyrkju, og skulu virðingarmenn að aflokinni skoðun gefa nákvæma skýrslu um landið, um kosti þess og ókosti, hve langt það liggi frá góðum akvegi og úr hvaða landi það eigi að byggjast og í hvaða hreppi;

c. að grasbýlisstofnandi eigi ekki minni eigindóm að frádregnum skuldum en 2000 krónur, samkvæmt mati virðingarmanna;
d. að sýslunefnd taki ábyrgð á láni því, er veitt er til grasbýlis, alt að $^1/_5$ á móti landssjóði.

3. gr.

Ekki má stofna grasbýli með minna landi en 10 hekturum. Ef samkomulag fæst við jarðeiganda um að grasbýli sje stofnað í landi hans, skal þá þegar ákveða stærð landsins, og glögg merki um það, og ef land þetta fær svo löglegan grasbýlisrjett, þá getur jarðeigandi krafist þess, að grasbýlisbóndi girði land þetta strax á fyrsta ári, með góðri og fjárheldri girðingu, samkvæmt gildandi girðingarlögum. Grasbýlisbóndi er einn skyldur að gera slíka girðingu og halda henni við.

4. gr.

Þegar grasbýlisstofnandi og jarðareigandi hafa komið sjer saman um stofnun grasbýlis, og virðingarmenn eru búnir að meta og skoða landið, samkvæmt 6. gr., þá gera þeir um það skriflegan samning, eftir formi, er stjórnarráðið semur og sem sniðið er samkvæmt lögum þessum. Slík eyðublöð sjeu alt af fyrirliggjandi hjá sýslumönnum. Þó er þessi samningur því að eins gildur, að hann fái samþykki og staðfestingu stjórnarráðsins, og skal honum þá þinglýst á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Að undanteknum ákvæðum 7. gr., skal grasbýli eða grasbýlisrjettur æfinlega vera keyptur og seldur með erfðafesturjetti, og tilheyrir landið jörðinni, sem það er bygt úr, en grasbýlisbóndi greiðir árlega leigu, sem er fastákveðin í samningsbrjefinu. Ef landið hefir engin sjerstök gæði eða hlunnindi, skal leigan vera 75 aurar fyrir hvern hektara af óræktuðu- og arðlausu landi, en kr. 1,50 fyrir hvern hektara af því landi, sem eitthvað má nota til heyskapar, og sömuleiðis fyrir hvern hektara jafnóðum og hann kemst í rækt, hvort heldur í tún, akra eða flæðiengi, þar til 3 hektarar eru ræktaðir, en fyrir það sem ræktað verður þar fram yfir, skal greiða 3 krónur fyrir hvern hektara. Virðingarmenn meta til leigu hið óyrkta land í samfjelagi við jarðeiganda og grasbýlisstofnanda. Framangreindan leigumála má þó hækka og lækka eftir atvikum, ef hlutaðeigendur koma sjer saman um það og stjórnarráðið samþykkir.

6. gr.

Þegar sá, er grasbýli vill stofna og sá, er land vill til þess leggja, hafa komið sjer saman um að stofna slíkt býli, án þess þó að hafa gert samning um það, þá tilkynna þeir það sýslumanni, og kveður hann þá til tvo óvilhalla valinkunna og áreiðanlega menn, til að vera virðingarmenn.

Verksvið þeirra er:
a. að mæla land það, er til grasbýlis skal leggja, og ákveða stærð þess, og setja glögg og greinileg merki um það, samkvæmt 3. gr.;
b. að skoða landið vel og nákvæmlega, og gefa um það ítarlega skýrslu, samkvæmt 2. gr.;
c. að meta landið til leigu, samkvæmt 5. gr.;

d. að rannsaka efnahag grasbýlisstofnanda og virða eignir hans, samkvæmt 2. gr.

Skýrslu þessa senda virðingarmenn að afloknu starfi sínu tafarlaust til sýslumanns. Hver virðingarmaður fær 5 krónur í þóknun fyrir starf sitt, og ber grasbýlisstofnanda að greiða gjaldið.

7. gr.

Ef grasbýlisstofnandi getur fengið keypt og kaupir land undir grasbýli til fullkominnar eignar, er hefir stærð og kosti samkvæmt því er lög þessi áskilja, þá hefir það að öllu leyti sama rétt og lönd þau, er leigð eru á erfðafestu; sama er og, ef hann síðar kaupir til fullrar eignar land það, er hann í byrjun tók á erfðafestu, þá heldur það að fullu rjetti sínum sem grasbýli.

8. gr.

Nú hefir einhver látið mæla sjer út grasbýli, og vill fá löglegan grasbýlisrjett, skal hann þá senda stjórnarráðinu umsókn, ásamt skýrslu virðingarmanna, og önnur tilheyrandi skjöl, fyrir októbermánaðarlok.

9. gr.

Fyrir 31. desember skal svo stjórnarráðið hafa ákveðið, hverjar af umsóknunum beri að taka til greina, og tilkynna það svo hlutaðeigandi umsækjendum með fyrstu póstferð eftir nýjár. Ef ekki hafa komið fram nema 10 umsóknir eða minna, skal veita þeim öllum rjett til grasbýlisstofnunar og lán samkvæmt lögum þessum, svo framt að öll skjöl og skilríki sanni, að öllu sje fullnægt, sem lög þessi heimta. En ef fleiri umsóknir koma, svo að sumum verði veittur þessi rjettur, en öðrum verði frá að vísa, þá skal aðallega lagt til grundvallar fyrir veitingunni, það sem hjer segir:

a. að grasbýlið sje sem best fallið til ræktunar, bæði fyrir tún og matjurtagarða, og að það sje sem allra stærst;
b. að það liggi sem næst kaupstað, sem hefir góða verslun;
c. að það liggi sem næst góðum akvegi;
d. ef ekki er mikill skilyrðamunur að öðru leyti, skal stjórnarráðið hafa það hugfast, að setja býlin þar niður að öðru jöfnu, sem grasbýlisbóndanum eru trygð sem bezt og þægilegust verslunarviðskifti fyrir afurðir sínar. Það skal lagt til grundvallar að verslunarvaran verði aðallega kúamjólk og garðaávöxtur, og svo hænuegg.

10. gr.

Hver grasbýlis bóndi, sem grasbýlisrjett hefir fengið, getur fengið lán úr landssjóði:

a. Til húsabygginga alt að 1000 krónur, þó aldrei nema það hálfa af virðingarverði húsanna;
b. Til girðinga um tún, engi, akra eða beitilönd alt að $^2/_3$ kostnaðar í löggiltri girðing;
c. Til ræktunar, hvort heldur er til túnræktunar eða garðræktunar, alt að 300 krónur fyrir hvern hektara;
d. Til flóðgarða alt að $^2/_3$ af því sem verkið kostar eftir mati virðingarmanna.

Lánið veitist jafnóðum og búið er að vinna, en ekkert fyrir fram. Ef grasbýlisland er 10 hektarar má veita lán til þess, ef fyrir því er unnið, alt að 3000 krónur, ef það er 15 hektarar alt að 4000 krónur, og ef landið er 20 hektarar, eða stærra, má veita því lán alt að 5000 krónur. Ekkert grasbýli, hversu stórt sem það er, getur fengið stærra lán en 5000 krónur.

11. gr.

Grasbýlis bóndi getur, hve nær sem hann vill, látið mæla jarðabætur sínar, og fengið skýrslu um þær. Skýrslu þá sendir hann svo stjórnarráðinu, og getur hann þá þegar fengið lán það, sem hann er búinn að vinna fyrir. Þegar 10 ár eru liðin frá því grasbýlið var stofnað, skipar sýslumaður tvo óvilhalla og áreiðanlega menn, til að mæla og skoða allar þær jarðabætur, er unnar hafa verið á býlinu frá byrjun. Ef þá mælist svo, að jarðabæturnar eru meiri en hann hefir fengið lán fyrir, þá getur hann þegar fengið það, sem til vantar, samkvæmt því sem lög þessi heimila. En ef svo mælist, að jarðabæturnar eru minni en hann hefir fengið lán fyrir, þá verður hann strax að endurgreiða það, sem hann hefir fengið umfram það, sem lögin ákveða. Grasbýlisbóndi er skyldur á meðan hann stendur í skuld við landssjóð, að viðhalda vel og vandlega öllum mannvirkjum og jarðabótum, sem hann hefur fengið lán fyrir.

12. gr.

Í fyrstu 10 árin frá því grasbýli er stofnað veitist lán úr landssjóði til byggingar og ræktunar landsins, samkvæmt 10. gr.; á þeim tíma er lánið afborgunarlaust, en vextir eru greiddir árlega 4%. Þegar þessi 10 ár eru liðin frá því býlið var stofnað, skal alt það lán, sem þá er ófallið, greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 30 árum, ásamt 4% í vexti, svo að þessi skuld sje að fullu greidd eftir 40 ár frá því grasbýlið var stofnað.

13. gr.

Til tryggingar fyrir greiðslu á láni því, sem þannig er veitt til stofnunar grasbýlis, skal grasbýlið veðsett landssjóði með fyrsta veðrjetti, og heldur landssjóður því veði þar til skuldin er greidd að fullu.

14. gr.

Ef grasbýlisbóndi á býli sitt og vill selja, og sömuleiðis ef hann hefir fengið það með erfðafesturjetti, og vill selja erfðafesturjett sinn, þá hefir jarðareigandi fyrsta forkaupsrjett, en annan forkaupsrjett hefir hreppurinn, þar sem býlið hefir verið bygt.

15. gr.

Ef svo skyldi reynast að ekki yrði hægt að ná samkomulagi við jarðaeigendur um, að fá sæmilega stór og góð lönd til grasbýla, þá er landsstjórninni veitt heimild til að kaupa alt að fjórar jarðir á ári í því augnamiði, að skifta þeim niður í grasbýli. Þegar um slík landakaup er að ræða, svo sem hvar jarðirnar liggja, og um hverja kosti þær hafa, skal aðallega fara eftir sömu reglum, sem ákveðið er í 9. gr. um skilyrði fyrir stofnun grasbýla.

16. gr.

Ef jörð er keypt undir grasbýli, samkvæmt 15. gr., þá skal stjórnarráðið fela sýslunefnd í þeirri sýslu sem jörðin er, að sjá um og annast, að henni sje skift niður í ákveðin grasbýli. Hverju slíku býli skulu fylgja 25—50 hektarar, eftir því hvað landið er gott og vel fallið til ræktunar. Það skal aðallega lagt til grundvallar, að grasbýli þessi hafi landsstærð af meðallagi góðu landi, um 35 hektara. Merki skal strax setja um hin fyrirhuguðu grasbýli, með litlum vörðum annaðhvort úr grjóti eða torfi. Merkin skulu vera sett eftir svo beinum línum sem hægt er. Við verk þetta skulu vera 3 menn, sem sýslunefndin kýs, og skal að minsta kosti einn þeirra vera úr sýslunefndinni. Hver þessara manna fær 4 krónur á dag í þóknun, er greiðist úr landssjóði.

17. gr.

Aðaljörðin skal, þar til öðruvísi verður ákveðið, ekki teljast eða meðhöndlast sem grasbýli. Henni fylgja öll innstæðukúgildi og allar byggingar jarðarinnar, svo og tún og matjurtagarðar, einnig eitthvað meira eða minna af öðru landi, eftir því er skiftingamenn, samkvæmt tillögum sýslunefndar, álíta best við eiga. Henni fylgja einnig hin afmældu grasbýlislönd, fleiri eða færri, þangað til að þau eru tekin til að stofna á þeim býli. Sýslunefndin hefir umráð yfir þessum jörðum, og annast um byggingu á þeim, og er hún skyld að gera það á þann hátt að hagur landssjóðs sje sem best og fullkomnast trygður. Jarðir þessar skulu teknar út og bygðar með álagsskyldu, samkvæmt gildandi ábúðarlögum. Aldrei má byggja slíkar jarðir lengur en til 10 ára.

18. gr.

Ef eitthvað er það af húsum og mannvirkjum á jörðunni, svo sem fjárhús og hesthús o. fl., sem leigjandi þykist ekki þurfa, og sem sýslunefndin álítur að alls ekki muni þurfa handa jörðinni í sjáanlegri framtíð, sökum þess hvað hún er orðin lítil, þá skal selja slík hús og mannvirki á opinberu uppboði.

19. gr.

Grasbýli þau er þannig eru stofnuð á landssjóðsjörðum, meðhöndlast á sama hátt, og hafa sama rjett og grasbýli þau, er stofnuð eru í einstakra manna löndum.

Nd. **25. Frumvarp**

til markalaga

Flutningsmaður: Jóhann Eyjólfsson.

1. gr.

Allar sýslur og allir hreppar á Íslandi skulu hafa lögákveðið mark á sauðfje og hrossum og svo á öðrum búpeningi, ef markaður er, svo sem á

kúm og geitfje. Á hægra eyra skal marka sýslumörk og hreppamörk, en á vinstra eyra skal marka eignarmörk fjáreiganda.

2. gr.

Hver sýsla hefir ákveðið sýslumark, sem er yfirmark á hægra eyra Sýslumörkin skulu vera þannig:

a. Ísafjarðarsýsla, Mýrasýsla og Vestmannaeyjar. hafa stýft hægra.
b. Barðastrandarsýsla og Borgarfjarðarsýsla . . — blaðstýft a. —
c. Snæfellsnessýsla og Skagafjarðarsýsla . . . — blaðstýft fr. —
d. Dalasýsla og Eyjafjarðarsýsla . . . . . — heilrifað —
e. Strandasýsla og Rangárvallasýsla . . . . . — sýlt —
f. Húnavatnssýsla og Skaftafellssýsla. . . . . — tvistýft a. —
g. Árnessýsla og Norðurmúlasýsla . . . . . — sneitt fr. —
h. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Suðurmúlasýsla — sneitt a. —
i. Reykjavík og Þingeyjarsýsla . . . . . — tvistýft fr. —

3. gr.

Hver hreppur hefir ákveðið hreppsmark, sem er undirben á hægra eyra, og skulu sýslunefndirnar í hverri sýslu ákveða hreppamörkin fyrir hina einstöku hreppa. Skulu allar sýslunefndir landsins hafa lokið því verki fyrir marsmánaðarlok 1915.

Sýnishorn fyrir, hvernig hreppamörkin megi vera:

Í N. N. sýslu

1.	hreppur	biti	fr.	hægra.
2.	hreppur	biti	a.	—
3.	hreppur	gagnbitað		—
4.	hreppur	fjöður	fr.	—
5.	hreppur	fjöður	a.	—
6.	hreppur	gagnfjaðrað		—
7.	hreppur	hangfjöður	fr.	—
8.	hreppur	hangfjöður	a.	—
9.	hreppur	gagnhangfjaðrað		—
10.	hreppur	tvíbitað	fr.	—
11.	hreppur	tvíbitað	a.	—
12.	hreppur	tvífjarðað	fr.	—
13.	hreppur	fjöður fr. biti	a.	—
14.	hreppur	biti fr. fjöður	a.	hægra.
15.	hreppur	biti og fjöður	fr.	—
16.	hreppur	biti og fjöður	a.	—

4. gr.

Hreppsnefndir skulu í hreppi hverjum, í samráði við bændur og aðra fjáreigendur, ákveða fjármörk hreppsmanna, bæði með yfirmörkum og undirbenjum á vinstra eyra. Þessu starfi skal lokið fyrir aprílmánaðarlok 1915.

1. gr.

Hver sýsla gefur út markaskrá, eins og áður hefir tíðkast, á kosnað marka-

eiganda 5.—10. hvert ár, eftir því er sýslunefndin álítur þörf á. Í hverri markaskrá skal skrásetja öll sýslumörk landsins og svo hreppamörk sýslunnar, og svo eignarmark hvers fjáreiganda í sýslunni. Hver markeigandi skal fá eitt eintak ókeypis af markaskránni.

6. gr.

Þegar kindur eru keyptar úr öðrum hreppi eða annari sýslu, skulu þær vera markaðar á hornum með sýslu- og hreppsmarki á hægra horni, og með marki fjáreiganda á vinstra horni, eða þá að þær sjeu brennimerktar með sýslu- og hreppsmarki á hægra horni og með marki fjáreiganda á vinstra horni. Einnig má soramarka fje, ef það verður gert nokkurn veginn lýtalaust, en enginn má gera slíkt, nema í votta viðurvist, og varðar slíkt sektum, ef útaf er brugðið, frá 10—50 króna, nema stærri sekt liggi við, samkvæmt hegningarlögunum. Kollóttar kindur og einhyrndar, eða þær kindur, sem af einhverjum ástæðum ekki er hægt að merkja á hornum og ekki verða soramarkaðar, skal merkja með málmplötu, sem er fest í annaðhvort eyrað. Öðru megin á plötunni er sýslu- og hreppsmerki en hinum megin merki fjáreiganda.

7. gr.

Nú flytur maður sig búferlum í annan hrepp eða aðra sýslu, og er hann þá skyldur, að merkja allt sitt fje með því sýslumarki og hreppsmarki sem þar er, eins og allur fjenaður hans væri aðkeyptur. Einnig verður hann að taka upp nýtt eignarmark í samráði við hreppsnefndina, nema ef enginn fjáreigandi í hreppnum hefir sama mark og hann hafði áður, þá getur hann haldið sínu fyrra eignarmarki, ef hann vill. Þegar einhver flytur burt úr hrepp eða sýslu, samkvæmt því sem hjer er sagt, þá má enginn í hans fyrverandi dvalarhreppi taka upp eignarmark hans, nema með hans leyfi um næstu 8 ár. Í þessi átta ár skal þetta mark hans vera skrásett í markaskrá sýslunnar, eins og áður. Flytji maður af landi burt eða í fjarlægan landshluta, svo að alls engin hætta sje á, að fjenaður hans gangi á fyrri stöðvar, þá hverfur þessi rjettur.

8. gr.

Mark helgar eignarrjettinn, en ef kind er með eyrnamarki og hornamarki, þá á sá kind, sem á hornamark, og ef hún er líka með brennimarki, þá er hún eign þess, sem á brennimarkið. Ef kind er með öllum þessum merkjum, eða einhverju af þeim og jafnframt með málmplötu í eyra, þá er það málmplatan, sem helgar eignarrjettinn.

9. gr.

Allar þær kindur, sem ekki er hægt að finna rjettan eiganda að, af hvaða ástæðu sem er, hvort heldur af því, að þær eru svo illa merktar, að ekki er hægt að sanna eignarrjett af marki, svo og ómerkingar og mýjetningar, þá skulu slíkar kindur ákveðast sveitarfje, og eru meðhöndlaðar samkvæmt reglugerð í því hjeraði, þar sem þær koma fyrir, en þó er sú undantekning, að ef sýslu- og hreppsmark er glöggt annaðhvort á eyra eða horni, en eignarmarkið ópekkjanlegt, eða t. a. m. af því að vinstra eyra er mýjetið, eða

af því að vinstra horn er brotið af, þá eru slíkar kindur, eða andvirði þeirra, eign þess hrepps, sem hreppsmarkið á, hvar sem þær koma fyrir.

10. gr.

Mark eða merki á hornum og eyrum helgar eignarrjett á sauðfje og öðrum búpeningi, samkvæmt því er segir í 8. gr., en allur sá fjenaður, sem er ómarkaður eða með ólæsilegu marki, er sveitarfje, samkvæmt ákvæðum rjettareglugerða. Þó geta menn helgað sér eignarrjett á slíkum fjenaði, ef þeir með vottum geta sannað eignarrjett sinn af sjerstökum einkennum eða ástæðum, og altaf er það nægilegt til að sanna eignarrjett, ef ær tekur eða helgar sjer lamb, hvort heldur það er marklaust eða með marki.

11. gr.

Vorið 1915 skulu öll lömb í landinu mörkuð eins og lög þessi skipa fyrir, og í fardögum 1916 skal hver maður sömuleiðis hafa merkt allan fjenað sinn samkvæmt lögum þessum, eins og aðkeyptur fjenaður væri.

Nd. **26. Frumvarp**

til laga um afnám fátækratíundar.

Flutningsmaður Jóhann Eyjólfsson.

Fátækra tíund af fasteign og lausafje, er hjer með úr lögum numin.

Skal því er sveitarsjóður þannig missir í við þessa lagabreytingu jafnað niður á hreppsbúa eftir efnum og ástæðum, eins og öðrum sveitarútsvörum.

Nd. **27. Frumvarp**

til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson 2. þingm. Eyf.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju og byggingar og svæði í sambandi við bryggjuna.

Undanteknar eru þó hafnarbryggjur þær, sem fyrir eru, og vörugeymsluhús við bryggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í hreppsnefndinni.

Sveitarsjóður Hvanneyrarhrepps greiðir allan matskostnað.

3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er trygt hefir verið nægilegt fje til hafnarbryggjugerðarinnar.

Nd. 28. Frumvarp

til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Hvanneyrarhrepp.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson 2. þm. Eyf.

1. gr.

Fyrir Hvanneyrarhrepp eða nokkurn hluta hans, má gera lögreglusamþykt og byggingarsamþykt. Semur hreppsnefnd frumvarp til hvorrar samþyktar fyrir sig og sendir stjórnarráðinu, er staðfestir frumvarpið eða synjar því staðfestingar. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur stjórnarráðið þá málið af nýju fyrir hreppsnefndina með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gera, til þess að frumvarpið verði staðfest.

2. gr.

Samþyktirnar staðfestar skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Fyrir brot gegn samþyktunum, má í þeim ákveða sektir, er renni í sýslusjóð.

4. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn samþyktum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. 29. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um Bjargráðasjóð Íslands, frá 10. nóv. 1913.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Einar Arnórsson.

1. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Alt það fje, sem rennur úr landsjóði í Bjargráðasjóðinn samkvæmt 3. gr., að vöxtum meðtöldum, skal vera sameign allra landsmanna.

Hins vegar skal það alt vera sjereign hvers hrepps og kaupstaðar, sem þaðan rennur í sjóðinn, að vöxtum meðtöldum.

Skrifstofukostnað bjargráðastjórnar skal gjalda af sameigninni.

2. gr.

Eftir að lög þessi hafa verið staðfest, skal færa meginmál þeirra (1. gr.) inn í teksta bjargráðasjóðslaganna.

Nd. 30. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll.

Flutningsmenn: Pjetur Jónsson, M. J. Kristjánsson og Matth. Ólafsson.

Allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, eru undanþegnar vörutolli, þó því að eins, að þær sjeu endursendar í hinum sömu umbúðum, sem þær voru sendar í frá landinu.

Afhenda skal gjaldheimtumanni landssjóðs á þeim stað, þar sem heimsend vara er sett á land, vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara.

Ed. 31. Frumvarp

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Magnús Pjetursson.

66. gr. sveitarstjórnarlaga frá 10. nóv. 1905 hljóði þannig:

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

Ed. **32. Frumvarp**

til laga um bann gegn útflutningi á lifandi refum.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Það er öllum bannað að flytja lifandi refi hjeðan af landi til útlanda.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum ekki lægri en 100 krónum fyrir þann, sem refina lætur flytja til útlanda, og jafnháum fyrir skipstjóra þann, sem flytur þá.

Ed. **33. Tillaga**

til þingsályktunar um reikningsskil og fjárheimtur fyrir landssjóðinn og sjerstaka tollgæslu.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Efri deild ályktar að skipa 5 manna nefnd til að athuga og koma fram með tillögur um aukið eftirlit með fjárheimtum og reikningsskilum þeirra embættis- og sýslunarmanna, er hafa á hendi innheimtur opinberra gjalda og meðferð þeirra á því fje. Sömuleiðis skal nefndin athuga, hvort ekki sje tiltækilegt, að setja á fót sjerstaka tollgæslu í öllum kaupstöðum landsins og leggja tillögur sínar um það fyrir deildina.

Nd. **34. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907 um skipun prestakalla.

Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson, þm. Snæf.

1. gr.

1. grein X., 49 orðist þannig:
Nesþing: Ólafsvíkur-, Brimilsvalla-, Ingjaldshóls- og Hellnasóknir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1915.

Nd. **35. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson, þm. Snæf.

1. gr.

Hnappadalssýsla og syðsti hreppur Snæfellsnessýslu skal vera eitt læknishjerað og heita Hnappdælahjerað. Í hjeraði þessu er: Kolbeinsstaðahreppur, Eyjarhreppur, Miklaholtshreppur og Staðarsveit. Læknissetur skal vera í austanverðum Miklaholtshreppi.

2. gr.

Þá er Hnappdælahjerað verður lækni skipað, skal sú breyting ger á Borgarneshjeraði, að það taki eigi lengra vestur en að Hítará, á Stykkishólmshjeraði, að til þess liggi ekki Miklaholtshreppur, og á Ólafsvíkurhjeraði, að það taki ekki lengra austur sunnanfjalls en á mörk Staðarsveitar og Breiðavíkurhrepps.

Nd. **36. Frumvarp**

til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík.

Flutningsmenn: Sveinn Björnsson og Jón Magnússon.

1. gr.

Er meta skal verðmæti lóða eða landa Reykjavíkurkaupstaðar, sem bæjarstjórn Reykjavíkur selur öðrum, lætur á leigu eða erfðafestu, eða lætur til einhverra sjerstakra afnota, svo og er meta skal leiguna eða afnotagjaldið, skal það gert af sjerstakri matsnefnd.

2. gr.

Matsnefndina skipa þrír menn, sem kosnir sjeu til 6 ára í senn; kýs bæjarstjórnin 2 þeirra, en stjórnarráðið einn og er sá formaður nefndarinnar. Gengur einn úr nefndinni annaðhvort ár. Fyrstu tvö skiftin ræður hlutkesti, hver úr skuli ganga.

Á sama hátt kýs stjórnarráðið einn varamann, er taki sæti í nefndinni, ef formaður hennar forfallast, og bæjarstjórnin tvo varamenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna.

Nefndarmenn, hvort sem er aðalmaður eða varamaður, sem úr gengur, má kjósa aftur svo oft sem vill.

3. gr.

Hver nefndarmaður fær 4 krónur fyrir hvern dag, sem hann er að mati. Kostnaðurinn við mat hvert greiðist úr bæjarsjóði, nema öðruvísi sje um samið.

4. gr.

Hver nefndarmaður skal, áður en hann tekur til starfa í nefndinni, vinna eið að því, að hann skuli framkvæma starf sitt í nefndinni eftir bestu samvisku.

5. gr.

Hvert land og hverja lóð, sem metin er, skal meta eins og þau mundu sanngjarnlega seld, leigð eða látin til sjerstakra afnota. Við matið skal sjerstaklega taka tillit til legu hins metna, hve mikill hluti þess liggur við götu eða alfaraveg, eða ef ekki liggur við götu, nálægðar við götu eða alfaraveg, hvort hið metna er sjerstaklega hæft til sjerstakra afnota, hverju verði lóðir eða lönd, sem liggja að lóð þeirri eða landi, sem meta á eða í nágrenninu hafa síðast verið seld eða metin, eða hver leiga eða afnotagjald er goldin, eða hefir síðast verið goldin fyrir nágrannalóðirnar og löndin, ef leigumálinn er ekki eldri en 5 ára.

6. gr.

Ef nefndarmenn greinir á um matið, ræður afl atkvæða.

7. gr.

Bæjarstjórnin setur ítarlegar reglur um mat á lóðum og löndum í Reykjavíkurkaupstað.

8. gr.

Matsnefnd sú, sem skipuð verður samkvæmt lögum þessum, skal framkvæma mat á lóðum og löndum einstakra manna, sem taka þarf að nokkru eða öllu undir götur, vegi, torg eða til annara þarfa bæjarfjelagsins lögum samkvæmt, svo og önnur möt, sem bæjarstjórnin vill fela henni.

Nd. **37. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 57, frá 22. nóv. 1907 um vegi, og lögum um breyting á þeim lögum nr. 41, frá 11. júlí 1911.

Flutningsm.: Einar Arnórsson, Sigurður Sigurðsson, Eggert Pálsson og Einar Jónsson.

1. gr.

1. gr. í lögum nr. 41, frá 11. júlí 1911, orðist þannig:

Landssjóður kostar, frá 1. jan. 1915, viðhald flutningsbrautarinnar frá Reykjavík austur um Árnessýslu, austur yfir Ytri-Rangá í Rangárvallasýslu, svo og viðhald brúnna á þeirri leið.

2. gr.

Þegar lög þessi hafa fengið staðfesting konungs, skal færa þau inn í texta laga nr. 41, 11. júlí 1913, um breyting á lögum nr. 57, frá 27. nóv. 1907 um vegi.

Ed. **38. Frumvarp**

til viðaukalaga við tolllög nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Auk sekta þeirra, sem ákveðnar eru í 8. gr. tolllaganna frá 11. júlí 1911, skal hver sá kaupmaður, sem uppvís verður að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga yfirlýsing þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, hafa fyrirgert verslunarleyfi sínu.

Ed. **39. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 86, 6. apr. 1898, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson.

Sekt sú, sem ákveðin er í 2. gr. í lögum nr. 8, 6. apr. 1898, um bann gegn botnvörpuveiðum, skal í stað 1000—4000 kr. vera 2000—6000 kr. og í stað 200—2000 kr. í 3. gr. sömu laga skal koma 400—3000 kr.

Nd. **40. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rjett til að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

2. gr.

Ef maður vill öðlast þann rjett, sem getur í 1. gr., skal hann hafa sannað fyrir stjórnarráðinu, að hann hafi næga þekkingu á þeirri tungu, sem hann vill öðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á. Heimilt er stjórnarráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup.

3. gr.

Nú hefir maður öðlast rjett þann, er getur í 1. gr., og skal hann þá skyldur að vera túlkur á dómþingum, þýða skjöl fyrir menn og stofnanir og

vinna eið að því, að ljósta eigi upp leyndarmálum nje halla máli í þýðingum sínum.

4. gr.

Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda.

Nd. **41. Frumvarp**

til laga um löggilta endurskoðendur.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Með lögum þessum er stjórnarráði Íslands veitt heimild til þess að löggilda endurskoðendur. Þá er maður beiðist löggildingar til þess starfa, má veita honum hana, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í þessum lögum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur um í 1. gr.:

1. Löggiltur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri; hann skal vera fullráði fjár síns og hafa óflekkað mannorð.
2. Hann skal sanna fyrir stjórnarráðinu, eða fyrir nefnd, er stjórnin skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiftum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur.

3. gr.

Ef löggiltur endurskoðandi er eigi lengur fjár síns ráðandi, eða mannorð hans flekkast, þá skal stjórnarráðið taka af honum löggildinguna. En er hann fær aftur umráð yfir fje sínu, skal hann mega fá aftur löggilding sína.

4. gr.

Nú láta opinberir sjóðir, hlutafjelög eða sameignarfjelög löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga sína, og skal þá sú endurskoðun gilda, sem opinber endurskoðun væri.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eður á þrotabúum, skal til þeirrar skoðunar hafa löggilta endurskoðendur, ef til þess næst.

6. gr.

Stjórnarráðið tiltekur nánar verksvið löggiltra endurskoðenda og setur kaupskrá (taxta) fyrir störf þeirra.

Nd. **42. Frumvarp**

til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 44 frá 10. nóv. 1913 um forðagæslu.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Einar Arnórsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú vanrækja hreppsmenn að kjósa forðagæslumenn, og skal þá oddviti hreppsnefndar tafarlaust senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tilkynning um það, ásamt tillögum sínum um það, hverja skipa skuli til starfans. Síðan skal lögreglustjóri tafarlaust skipa forðagæslumenn handa því forðagæsluumdæmi.

2. gr.

11. gr. 1. kafli orðist svo:

Ef búandi er í fóðurþröng og fer eigi að ráðum forðagæslumanns, hvorki um öflun fóðurs nje förgun fjenaðar, þá skal forðagæslumaður tafarlaust skýra hreppstjóra frá öllum málavöxtum. Getur hreppstjóri með ráði forðagæslumanns eða forðagæslumanna þá aflað eða látið afla gegn ábyrgð hreppssjóðs, en á kostnað búanda, fóðurs handa skepnum hans eða komið þeim fyrir til fóðurs annarsstaðar, nema búandi kjósi heldur að leggja af svo mikið af fjenaði sínum, sem nægilegt þykir að áliti forðagæslumanns, til þess að því sje borgið, sem eftir er. Endurgjald fyrir fóðurkostnað, samkvæmt þessari grein, má taka lögtaki í eignum búanda næsta ár eftir, enda skal það trygt með lögveðrétti í öllu búfje hans næstu 2 ár.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal 1. og 2. gr. þeirra færð inn í texta forðagæslulaga nr. 44, frá 10. nóv. 1913, og getur konungur gefið út þau lög þannig breytt sem lög um forðagæslu.

Nd. **43. Tillaga**

til þingsályktunar um fækkun sýslumannaembætta.

Flutningsmaður: Guðmundur Hannesson.

Neðri deild Alþingis skorar á landsstjórnina að taka til athugunar, hvort eigi megi fækka sýslumannsembættum, og ef svo virðist, leggja frumvarp til laga í þá átt fyrir næsta Alþingi.

Nd. **44. Tillaga**

til þingsályktunar um birtingu fyrirhugaðra löggjafarmála.

Flutningsmaður: Guðmundur Hannesson.

Neðri deild Alþingis skorar á landsstjórnina, að hún gefi sveitastjórnum kost á, að ræða og gera tillögur um þau atriði í ábúðarlöggjöf, atvinnumálum og skattamálum, sem hún hefir í hyggju að leggja fyrir Alþingi.

Ed. **45. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913 um árekstur og björgun.

Nefnd sú er sett var í Ed. í fyrra, til að athuga siglingalögin, tekur það fram í nefndaráliti sínu, að hún treysti því, að ákvæðum þess frumvarps um árekstur og björgun verði breytt í samræmi við samninga, er 24 þjóðir gerðu í Brüssel 1910 um þetta efni, jafnskjótt og unt er, eftir að þeir samningar eru staðfestir eða fullgiltir.

Þessi staðfesting hefir farið fram í Danmörku með tilskipun 16. júní 1913, og ennfremur hafa samningarnir verið fullgiltir í helstu ríkjum Norðurálfu.

Frumvarp þetta inniheldur áminstar breytingar á siglingalögunum, og leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi breytingum, sem að nokkru að eins eru orðabreytingar, en að nokkru gerðar til þess, að fá betra samræmi í ákvæði frumvarpsins við ákvæði samninganna.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna í annari línu 1. málsgrein: »annað þeirra var eitt saman sök í árekstrinum«
komi: sökin liggur öll annars vegar,
og í stað orðanna á sama stað síðar í línunni: »hið seka skip«
komi: hinn seki.
2. — 1. — Fyrsta setning annarar málsgreinar orðist svo:
Nú er sökin beggja megin, og skal þá skaðinn bættur að rjettri tiltölu við sök hvers þeirra.
3. — 1. — Endir sömu málsgreinar frá orðunum »þá bæta« til enda, orðist svo:
Þá bæta hinir seku tjónið að jöfnum hlutum.
4. — 1. — Í stað orðanna í upphafi þriðju málsgreinar: »Hvort hinna seku skipa«
komi: hver hinna seku,

og í stað sömu orða í annari setningu sömu málsgreinar komi: hvern hinna seku.

5. Við 1. gr. Sama málsgrein frá orðunum: »Ef eitthvert« og til enda hljóði svo:
Ef einhver hinna seku hefir af þessum ástæðum orðið að greiða meiri bætur heldur en í hans hlut áttu að koma að rjettri tiltölu, þá á hann endurgjaldsrjett á hendur hinum á þeirri upphæð, sem hann varð að greiða umfram sinn hlut.

6. — 1. — Orðin »hvors skips þá« í síðustu málsgrein falli burtu.

7. — 3. — Í stað orðanna: »tjón af árekstri«
komi: árekstur.

Alþingi 7. júlí 1914.

Eiríkur Briem, formaður. Karl Einarsson, skrifari og framsögum. Sigurður Stefánsson.

Kristinn Daníelsson. H. J. Kristófersson.

Nd. **46. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 86, 22. nóv. 1907.

Flutningsmenn: Sveinn Björnsson, Einar Arnórsson og Benedikt Sveinsson.

1. gr. orðist svo:

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar, auk borgarstjóra. Bæjarstjórnin kýs sjer forseta úr flokki bæjarfulltrúanna.

Borgarstjóri skal kosinn af atkvæðisbærum borgurum kaupstaðarins til 6 ára í senn, enda hafi að minsta kosti 50 kjósendur mælt með kosningu hans. Stjórnarráðið setur nánari reglur um kosningu eftir tillögum bæjarstjórnar. Borgarstjóri hefir 4500 kr. á ári að launum og 1500 kr. í skrifstofufje, og greiðist hvorttveggja úr bæjarsjóði.

2. gr.

Upphaf 2. gr. orðist svo:
Bæjarfulltrúarnir skulu vera 15 að tölu o. s. frv.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem hjer ræðir um, inn í meginmál laga nr. 86, 22. nóv. 1907.

Nd. **47. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um þingsköp handa Alþingi nr. 45, 10. nóv. 1905.

Flutningsmenn: Einar Arnórsson, Sveinn Björnsson, Sigurður Gunnarsson, Guðm. Hannesson, Sigurður Sigurðsson og Stef. Stefánsson, Eyf.

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein svolátandi:

Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyrirmælum 36. og 40. gr.

2. gr.

Í stað síðari málsgreinar 10. greinar komi:

Forsetar beggja deildanna standa í sameiningu fyrir reikningum Alþingis, meðan þing stendur, en lengur ekki. Ávísa þeir þá báðir saman fje í allar greiðslur þingsins. Þó getur forseti hvorrar deildar ávísað þingmönnum í henni fje því, er þeir eiga að fá í daglaun og endurgjald fyrir ferðakostnað.

Að þinglausnum ber forsetum beggja deildanna að skila fjármálaskrifstofu stjórnarráðsins reikningum þingsins, og skulu reikningarnir vera þá svo færðir, að sjeð verði, hver alþingiskostnaðurinn sje. Milli þinga annast stjórnarráðið reikningsfærsluna og greiðslur á öllum ógreiddum alþingiskostnaði, þar á meðal prentunarkostnaði, borgun fyrir ritstjórn og prófarkalestur Alþingistíðindanna, viðhaldi á húsi og munum, og því öðru, er með þarf.

Forsetar beggja deildanna ráða útsölumann Alþingistíðindanna og gera ráðstöfun um útsendingu þeirra. Þeir hafa umsjón með Alþingishúsinu, munum Alþingis og þinghúsgarðinum, jafnt milli þinga sem um þingtímann, og sjá um, að alt sje í lagi í þinghúsinu, þegar þing kemur saman (við þingsetning).

Forsetar ráða mann til að annast upplag Alþingistíðindanna, skjalasafn þingsins og bókasafn, nema þeir geri það sjálfir. Þeir ráða og starfsmenn þingsins og semja um laun þeirra.

Forsetar hafa umsjón með prentun Alþingistíðindanna, og ráða mann eða menn til þess, að annast ritstjórn og prófarkalestur þeirra, en hvorki mega þeir hafa þann starfa sjálfir á hendi nje nokkur annar þingmaður. Aldrei má borga meira en 7 kr. fyrir ritstjórn og prófarkalestur hverrar prentaðrar arkar þingtíðindanna, og ekki meira en 50 kr. fyrir samningu og prófarkalestur hverrar prentaðrar arkar efnisyfirlits.

3. gr.

Aftan við 12. gr. bætist:

Milliþingaforsetar hafa allra sömu skyldna að gæta og njóta allra sömu rjettinda sem aðalforsetar, er þeir gegna forsetastörfum milli þinga.

4. gr.

Á eftir orðunum »meðal þingmanna« í annari málsgrein í 17. gr. bætist inn:

á fundi.

5. gr.

Á eftir orðunum »það prentað og því útbýtt« í fyrrri málsgrein 24. gr. bætist inn:

meðal þingmanna á fundi.

Á eftir orðunum »ákvæðum 22. gr.« í síðari málsgrein sömu greinar, komi:

þó eigi fyr en tveim nóttum eftir að því hefir verið útbýtt meðal þingmanna á fundi.

6. gr.

Á eftir orðunum »og skal þá prenta hana og útbýta« í fyrstu málsgrein 29. gr. bætist inn:

meðal þingmanna á fundi.

7. gr

Á eftir orðunum »skulu vera prentaðar og þeim útbýtt« í fyrstu málsgrein 30. gr. bætist inn:

meðal þingmanna á fundi.

Önnur málsgrein sömu greinar orðist svo:

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp, en skylt er honum, að hafa skilað henni til prentunar eigi síðar en á miðjum aftni daginn áður en aðalbreytingartillagan skal tekin til umræðu; enda skal síðari breytingartillögunni þá hafa verið útbýtt í fundarbyrjun. Nefndir geta þó borið upp breytingartillögur með styttri fresti.

Á eftir orðunum »Breytingartillögu um atriði« í upphafi þriðju málsgreinar sömu greinar bætist inn:

að efni og orðfæri.

Á eftir orðunum í sömu málsgrein »má þó eigi gjöra breytingartillögur« bætist inn:

að efni og orðfæri.

8. gr.

Í stað orðanna »og forseti skýra frá henni á fundi« í fyrri málsgrein 31. gr. komi:

meðal þingmanna á fundi jafnframt því, að forseti skýrir þá frá henni.

Aftan við aðra málsgrein sömu greinar bætist:

hvorki með rökstuddri dagskrá nje annan veg.

9. gr.

Aftan við seinni málsgrein 34. gr. bætist:

Fer um mál þau, sem vikið er frá umræðum með rökstuddri dagskrá, svo sem um fallin frumvörp (sbr. 27. gr.).

10. gr.

Orðin »Eftir ákvæðum — — — þingsetningarfundum« í niðurlagi 40. gr. falli burt.

11. gr.

Aftan við fyrstu málsgrein 41. gr. bætist:
áður en fundi sje slitið.
Í stað »dagskránni« í upphafi annarar málsgreinar sömu greinar komi:
dagskrá þeirri, er forseti hefir ákveðið.

12. gr.

Aftan við 43. gr. bætist:
Þó þarf ekki að koma fram með þá uppástungu fyr en á þeim fundi, er atkvæðagreiðslan á að fara fram.

13. gr.

Í stað orðsins »jafnan« í niðurlagi fyrri málsgreinar 44. gr. komi:
alt af.

14. gr.

Aftan við 49. gr. bætist ný málsgrein:
Í Alþingistíðindunum má ekkert undanfella, það er þar á að standa og fram hefir komið í þinginu og gjörðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sjer. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu, nema að leiðrjetta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má heldur bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það heldur varðar menn eða málefni, nema þess sje óhjákvæmileg þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrjetting.

15. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast konungs staðfestingu, skal fella þau inn í texta laga um þingsköp handa Alþingi nr. 45, 10. nóv. 1905, og getur konungur þá gefið þau lög út þannig breytt.

16. gr.

Lög þessi koma í gildi þegar, er þau hafa öðlast staðfestingu.

Nd. **48. Frumvarp**

til laga um varadómara í hinum konunglega íslenska landsyfirrjetti.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi og Sveinn Björnsson.

1. gr.

Prófessorarnir í lagadeild Háskóla Íslands eru sjálfkjörnir varadómarar í landsyfirrjettinum, hvort sem heldur losnar þar sæti, dómari forfallast um stundarsakir eða víkur úr dómarasæti.

2. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, dómari víkur úr sæti eða forfallast, og tekur þá dómstjóri eða sá, er veitir dómi forstöðu í hans stað, einn prófessoranna með hlutkesti í rjettinn. Ef enginn hinna reglulegu yfirdómara skipar sæti sitt, þá ganga 3 prófessorar lagadeildarinnar í rjettinn.

3. gr,

Sá af prófessorunum, sem hverju sinni verður kjörinn í dóminn, tekur hið auða sæti. Nú eru fleiri sæti auð en eitt, og fleiri prófessorar kjörnir í einu en einn, og taka þeir sæti í dóminum eftir embættisaldri.

4. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, og tekur þá varadómari helming launa þeirra, er því sæti fylgja, þar til skipað er í embættið.

Ef dómari forfallast eða víkur sæti, fær varadómari 10 krónur fyrir hvert rjettarhald og 30 kr. þar að auki, ef hann tekur þátt í dómsuppkvaðningu í máli. Þá er varadómari gegnir störfum yfirdómara, án þess að hann sje forfallaður, greiðir yfirdómari þóknunina. Ella greiðist hún úr landsjóði.

5. gr.

Ef eigi er unt að taka varadómara úr lagadeild Háskólans, setur landsstjórnin dómara í hið auða sæti.

6. gr.

2. málsgr. 6. gr. í tilsk. 11. júlí 1800 er úr gildi numin með lögum þessum.

Nd. 49. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Í 2. gr. laga um vegi 22. nóv. 1907 skal bætt flutningabraut frá Búðardal í Hvammsfirði til Borðeyrar í Hrútafirði.

2. gr.

Annan tölulið í 3. gr. sömu laga skal orða svo:

Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku, Sökkólfsdal, Miðdali, Breiðamel, milli Saura og Sauðhúsa, Búðardal og þaðan inn svo nefnt Land, fyrir neðan Ljárskóga að Fáskrúð, um Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kring um Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.

Nd. **50. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um friðun fugla og eggja nr. 59, 10. nóv. 1913.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Ernir skulu taldir í 2. gr. laga um friðun fugla og eggja 10. nóv. 1913.

2. gr.

Stafliður e. í 3. gr. sömu laga er numinn úr lögum.

Nd. **51. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um ritsíma- og talsímakerfi Íslands nr. 25, 22. okt. 1912.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Í 3. gr. laga um ritsíma- og talsímakerfi Íslands 22. október 1912, skal talin talsímalína frá Búðardal um Staðarfell og Skarð til Tjaldaness.

2. gr.

Samkvæmt 5. gr. sömu laga skal framlag sýslunnnar ákveðið 2000 krónur.

Nd. **52. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. nóv. 1907, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík.

Nefnd sú, sem kosin var til þess að athuga mál þetta, hefir orðið á eitt mál sátt um að ráða deildinni til þess, að samþykkja frumvarpið með lítilsháttar breytingu, sem að eins er orðabreyting.

BREYTINGARTILLAGA

nefndarinnar er þessi:

Í stað setningarinnar: »sömuleiðis skal . . . . . greiddir verði með lánsfje« komi:

Einnig skal taka í áætlunina sem sjerstakan gjaldlið tekjuhalla þann er orðið hefir á reikningi bæjarsjóðs næsta ár áður en áætlunin var samin, nema tekjuhallinn stafi af kostnaði af verki, sem greiða skal með lánsfje.

Alþingi 8. júlí 1914.

Jón Magnússon, formaður. Sveinn Björnsson, skrifari og framsögumaður.

Björn Hallsson. Einar Arnórson. Sigurður Sigurðsson.

Nd. 53. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Nefnd sú, sem kosin var til að athuga frumvarp þetta, hefir orðið á það sátt, að ráða deildinni til þess að samþykkja frumvarpið með nokkrum breytingum og viðaukum, er hjer skulu greindir:

Frumvarpið, eins og það var lagt fyrir deildina, byggist á því, að merkjadómurinn sje eins konar gerðardómur, án dómsvalds. Er aðiljum þó heimilt, samkvæmt frv., að leggja mál sitt undir úrlausn dómstólanna. Þetta skipulag mundi oft gera það að verkum, að ágreiningi um lóðamörk í Reykjavík yrði seinna til lykta ráðið en almennum einkamálum, þar sem hjer yrði fyrst að láta merkjadóm gera um sakarefnið, síðan mætti fara með það fyrir bæjarþingið, til yfirdóms þar eftir og loks til hæstarjettar. Nú mundu mál þessi þarfnast bráðari úrlausnar en flest önnur mál, og tilgangi frv. yrði því tæplega náð með þessu skipulagi. Enn er þess að geta, að málskostnaðarákvæði í gerðardómsúrskurði er eigi aðfararhæft, og gæti því svo farið, að aðili neyddist til að höfða mál á hendur gagnaðilja sínum til þess að geta fengið málskostnaðarákvæðinu fullnægt.

Af þessum ástæðum hefir nefndin talið rjettara að láta merkjadóm hafa dómsvald og heimila málskot frá honum til yfirdómsins.

Breytingar þær, sem nefndin stingur upp á, að gerðar sjeu á frumvarpinu, stafa flestar af þessari ástæðu. Verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu málsins.

Samkvæmt framanskráðu leyfir nefndin sjer að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið með breytingum þeim, er nú skal greina:

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

1. Í fyrstu málsgr. 3. gr. bætist á eftir orðunum »og skulu eigendur lóða«: eða umboðsmenn þeirra.

2. Önnur málsgrein sömu gr. orðist þannig:

Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda sjeu þeir heimilisfastir í Reykjavík eða þar staddir, viðvart með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hve nær merki verði ákveðin. Er þeim rjett að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún þá og lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóða.

Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi rjettar síns til að vera þar við, og ákveður mælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðareigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum.

Eigendur eða umboðsmenn lóða, er eigi hafa sótt merkjastefnu, geta, ef þeir vilja eigi hlíta merkjasetningu, gert mælingamanni innan 4 vikna eftir merkjastefnu viðvart, og fer um dómsvald á ágreiningi lóðarmerkja, þegar svo stendur á, eftir lögum þessum.

3. 6. gr. orðist svo:

Nú verður ágreiningur um lóðamörk, og sendir þá mælingamaður formanni merkjadóms uppdrátt af þrætulóðunum og skýrslu um það, í hverju ágreiningurinn sje fólgin. Formaður merkjadóms kveður málsaðilja síðan til þess að sækja merkjadómþing með hæfilegum fyrirvara, er venjulega sje eigi lengri en 3 sólarhringar. Skal einn löggiltur stefnuvottur birta fyrirkallið. Á merkjadómþingi leggja málsaðiljar fram gögn sín og leiða vitni, ef með þarf. Dómendur ganga á merki, ef þeim þykir það nauðsynlegt, áður eða eftir að vitnaleiðsla hefir fram farið.

Vitnum er skylt að mæta fyrir merkjadómi með einnar nætur fyrirvara. Ákvæði N. L. 1—13—13 gildir eigi. Frestir skulu sem styttstir vera, og eigi lengri en 3 sólarhringar, nema brýna nauðsyn beri til. Merkjamál þarf ekki að leggja til sátta.

Nú sækja aðilar eigi merkjadómþing, og skal þá málið fara eftir rjettarfarsreglum einkamála. Þó gilda ákvæðin í tilsk. 15. ág. 1832, 9. og 14. gr. um endurupptöku (reassumtion) máls eigi.

4. Eftir 6. gr. komi ný gr. (7.) svohljóðandi:

Dómur í merkjamáli skal uppkveðinn innan 3 sólarhringa eftir dómtöku, nema mál sje óvenjulega umfangsmikið, enda má dómsuppsögn aldrei dragast lengur en 14 daga.

Í merkjadómi skulu lóðamerki ákveðin. Tilkynnir formaður merkjadóms málsaðiljum og mælingamanni, hvar og hve nær dómur verði uppkveðinn. Mælingamaður afmarkar síðan lóðina á uppdrættinum, eins og merkjadómur hefir ákveðið hana, og innfærir í lóðamerkjabók.

Merkjadómur kveður og á um greiðslu málskostnaðar, þar á meðal greiðslu á kaupi dómenda. Merkjadómi má fullnægja sem öðrum dómum. Fullnægjufrestur er 3 sólarhringar eftir dómsuppsögn.

5. 7. gr. verði 8. gr. og hljóði svo:

Merkjadómi má skjóta til landsyfirdóms áður liðnar sjeu 4 vikur frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að 3 mánuðir eru liðnir frá dómsuppsögn. Ákvæði N. L. 1—2—3 um stefnu til dómara gilda eigi um þetta málskot, enda sje merkjadómöndum eigi stefnt til ábyrgðar fyrir dóm sinn eða málsmeðferð. Að öðru leyti gilda almennar rjettarfarsreglur einkamála um meðferð merkjamála bæði fyrir merkjadómi og yfirdómi, að því leyti sem við á.

Greinatalan breytist samkvæmt framanskráðu.

6. 10. gr. orðist svo:

Nú verða eigandaskifti að skrásettri lóð, hvort sem heldur er fyrir samning eða nauðungarráðstöfun, og er afsal þá eigi gilt, enda má eigi þinglýsa því, nema lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á það um það, að eigandaskiftanna sje getið í lóðaskrá.

Ef skrásettri lóð er skift í hluta, má eigi þinglýsa skjali um skiftinguna, nema því fylgi vottorð lóðaskrárritara um samþykki hans á skiftingunni.

7. Í 13. gr. frv. komi 7. gr. í stað »6. gr.«.

Neðri deild Alþingis, 8. júlí 1914.

Jón Magnússon, formaður.	Sveinn Björnsson, skrifari.	Einar Arnórsson, framsögumaður.

Björn Hallsson. Sigurður Sigurðsson.

Nd. **54. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 5 frá 19. febr. 1886 um friðun á laxi.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Einar Arnórsson.

1. gr.

Eigi má lax veiða í sjó, ám eða vötnum, nema 3 mánuði á hverju sumri. Sýslunefnd skal í hverju hjeraði setja fastar reglur um það, hve nær veiðitíminn skuli þar byrja og enda.

2. gr.

Með þessum lögum er 1. gr. í lögum nr. 5 frá 19. febr. 1886 um friðun á laxi úr gildi numin.

Nd. **55. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 66, 22. nóv. 1913, um girðingar (þgskj. 23).

Flutningsmenn: Einar Arnórsson og Sigurður Sigurðsson.

1. Fyrir »liggur« í upphafi 1- gr. komi: liggja.
2. Í 1. gr., fyrstu málsgr. falli orðið »þá«, næst á undan »meta«, úr setningunni: Skulu úttektartarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppamótum, þá meta notagildi girðingarinnar. o. s. frv.
3. Í 3. gr falli orðið. »þannig« niður á fyrra staðnum í greininni.

Ed. **56. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á póstlögum 16 nóv. 1907.

Nefndin leggur til að frumvarp þetta verði samþykt óbreytt.

Þó skal það tekið fram, að nefndinni þótti í fyrstu varhugarvert, að láta ákvæði þetta ná til allra ábyrgðarsendinga, þannig að ekki yrði framvegis hægt að fá tryggð hjá póststjórninni ábyrgðarbrjef, peningabrjef, peningasendingar og fleira af því tagi. Vildi nefndin því helst láta þessa breytingu á póstlögunum ná einungis til böggla, sem ekki væri í peningar eða verðbrjef.

En eftir að nefndin hafði átt tal við póstmeistara um þetta efni, fjell hún frá því áformi sínu.

Ástaðan til þess var sú, að póstmeistari fullvissaði nefndina um, að jafnskjótt og þetta frumvarp yrði að lögum, þá semdi stjórnarráðið reglugjörð, þar sem undan yrði skilið þetta: Verðmæt skjöl, víxlar, ávísanir, vaxtamiðar, peningar, dýrir málmar, gimsteinar og perlur.

Þessi orð póstmeistara álítur nefndin næga tryggingu fyrir því, að þessu verði þannig fyrir komið framvegis, og hefir hún til frekari fullvissu látið póstmeistara lesa yfir nefndarálitið, svo orð hans yrðu rjett hermd.

Alþingi 8. júlí. 1914.

J. Havsteen, formaður.	Magnús Pjetursson, skrifari og framsögumaður.	Karl Finnbogason.

Nd. **57. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um undanþágu frá ákvæðum 1. gr. í siglingalögum frá 22. nóv. 1913.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og hefir komist að þeirri niðurstöðu, að naumast muni vera því neitt til fyrirstöðu, að skip h/f Eimskipafjelags Íslands muni verða tekin á skipaskrá samkvæmt lögum um skrásetningu skipa frá 13. des. 1895, bæði hjer og í Danmörku, og að þeim verði, þrátt fyrir undanþáguna sem farið er fram á í frv., heimilt að nota danskan kaupfána. Það er að vísu svo, að skip Eimskipafjelagsins mundu eigi fullnægja bókstaflega ákvæðum 1. gr. dönsku siglingalaganna frá 1. apríl 1892, sbr. 1. gr. 2. málsgr. dönsku skipaskrásetningarlaganna dags. s. d., um skilyrði til þess að mega sigla undir dönskum kaupfána. En það er bæði, að nefndin verður að telja löggjafarvaldi Íslands (Alþingi og konungi) skýlausan rjett til þess að setja íslenskum skipum þau skilyrði, sem í þessu efni skulu heimtuð, og svo það, að ákvæði 1. gr. siglingalaga vorra, er um nefnd skilyrði fjalla, eru í verulegu atriði ósamhljóða áðurnefndum ákvæðum dönsku laganna, þar sem vor lög setja hlutafjelögum vægari skilyrði en dönsku lögin. Og er þó eigi kunnugt, að þessi ósamhljóðun vorra laga við dönsku lögin hafi valdið nokkrum baga á nokkurn veg.

Það getur staðið Eimskipafjelaginu á nokkru fjárhagslega, að undanþága sú, er frv. fer fram á, fáist. En Eimskipafjelagið er velferðarmál allra landsmanna, og er þinginu því skylt að hlynna að því eftir föngum. Leyfir nefndin sjer því að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frv. óbreytt.

Við 1. umræðu málsins í deildinni mæltist ráðherra til þess, að nefndin tæki jafnframt til íhugunar, hvort deildinni þætti ástæða til að krefjast þess, að sú breyting yrði gerð á lögum Eimskipafjelagsins, að atkvæðamagn landssjóðs á fjelagsfundum yrði aldrei minna en atkvæðamagn fulltrúa Vestur-Íslendinga.

Í 10. gr. laga fyrir h/f Eimskipafjelag Íslands, sjá fskj. II, er svo ákveðið að eitt atkvæði sje fyrir hverjar 25 kr., þó hafi enginn einn hluthafi fleiri atkv. en 500 fyrir sjálfan sig og aðra. Tvær undantekningar eru gerðar frá þessu:

1. Um umboðsmenn Vestur-Íslendinga, sbr. 3. málsgr. greinarinnar, og
2. Um landssjóð er ákveðið, að ef þeir samningar verði að landssjóður gerist hluthafi í fjelaginu fyrir 400,000 krónur, megi semja svo um, að landssjóður skuli hafa 4000 atkvæði þegar í byrjun, en atkvæðamagnið aukist eftir því sem hlutafje fjelagsins ykist fram úr 1 miljón króna eftir hlutfallinu 1 : 5.

Eftir að lög fjelagsins höfðu verið samþykt, gerði ráðherra svo samning við stjórn Eimskipafjelagsins um hlutakaup fyrir 400,000 kr. með atkvæðisrjetti samkvæmt 10. gr. fjelagslaganna, en í 5. gr. samningsins, fskj. III, er varnagli, sem ætlað er að halda opnum rjetti fyrir Alþingi til þess að krefjast þess, að landssjóður hafi aldrei minna atkvæðamagn á fundi en fulltrúi Vestur-Íslendinga, ef það kynni að óska þess.

Jafnframt fjekk ráðherra loforð umboðsmanns Vestur-Íslendinga, hr. J. J. Bíldfells, um að beitast fyrir því meðal hluthafa í Vesturheimi, að fjelagslögum Eimskipafjelagsins verði breytt þannig, að enginn hluthafi eða umboðsmaður hluthafa geti á fundi farið með fleiri atkvæði en umboðsmaður landssjóðs.

Nefndinni er kunnugt um, að þessi varnagli var sleginn af ráðherra eingöngu vegna þess, að hann taldi efasamt, hvort í meðferð þessa máls á síðasta Alþingi fælist nógu skýr heimild fyrir stjórnina til þess að ganga inn á takmörkun þá á atkvæðisrjetti landssjóðs, sem hjer er um að ræða, ef svo færi, að einhver einstakur hluthafi gæti haft meira atkvæðamagn á fundi en landssjóður. Vildi hann því láta standa opnar dyr fyrir aukaþingið að gera kröfu um frekari atkvæðisrjett fyrir landssjóðs hönd, ef það óskaði að gera þá kröfu.

Í fyrra nefndaráliti samgöngumálanefndar Nd. á þinginu 1913 (Alþt. 1913, A, þgskj. 368) segir svo: »Að öðru leyti álitu nefndirnar, að rjettast væri að gefa stjórninni sem frjálsastar hendur til að semja við fjelagið, bæði um fyrirkomulag strandferðanna, ferðaáætlun og taxta og á hvern hátt stjórnin ætti að beita atkvæði sínu fyrir hönd landssjóðs sem hluthafa í fjelaginu eða hafa hönd í bagga með stjórn þess«. Í síðara nefndaráliti sömu nefndar (Alþt. 1913, A, þgskj. 505) er því lýst, að það hafi verið »hugsun nefndanna, að 100,000 kr. af þessari upphæð skyldi vera hluttaka landssjóðs í fjelaginu alment tekið, til þess að styðja það til að kaupa millilandaskip og halda uppi millilandaferðum«. Í sameiginlegu áliti samgöngumálanefnda Nd. og Ed. (Alþt. 1913, A, þgskj. 835) taka nefndirnar það fram, að þær álíti, »að ekki beri að krefjast atkvæðisrjettar fyrir hönd landssjóðs eftir krónutali í hluttöku hans, sem gæti leitt til þess, að landsstjórnin yrði allsráðandi í fjelaginu, þar sem hún ein gæti neytt atkvæðisrjettar síns til fulls, en aðrir hluthafar ekki, með því þeir eru dreyfðir um land alt og gætu því fæstir sótt hluthafafundi«.

Þótt eigi komi beint fram í lögum þeim um strandferðir, er síðasta Alþingi samþykti, að þingið vildi láta sjer nægja, að landssjóður fengi ekki fullan atkvæðisrjett í fjelaginu eftir krónutali hlutafjár síns, þá hefir það þó komið svo greinilega fram sem vilji þingsins, meðal annars í hinum tilvitnuðu umræðum samgöngumálanefnda síðasta þings — en þær báru fram frumvarp til laga um strandferðir — að varla getur verið vafi um vilja þingsins í því efni.

Nefndin er sammála samgöngumálanefndum síðasta þings um þetta atriði og finnur eigi ástæðu til þess, að þingið geri kröfu til frekari atkvæðisrjettar fyrir landssjóðs hönd en um ræðir í fjelagslögum Eimskipafjelagsins og það ekki, þótt fyrir gæti komið undir sjerstökum kringumstæðum, að fulltrúar Vestur-Íslendinga hefðu meira atkvæðamagn á fjelagsfundi.

Nefndin sjer því eigi ástæðu til þess að ráða deildinni til þess að krefjast frekari atkvæðisrjettar fyrir landssjóð, sem hluthafa í h/f Eimskipafjelagi Íslands, en ákveðið er í núgildandi lögum fjelagsins.

Alþingi 8. júlí 1914.

Sveinn Björnsson, formaður.	Einar Arnórsson, skrifari.

M. J. Kristjánsson. Þorleifur Jónsson. Matth. Ólafsson.

Fylgiskjal I.

1. gr. dönsku sjólaganna 1. apríl 1892:

For at et Skib kan sejle under dansk Flag, maa det enten mindst for $^2/_3$ Dele ejes af Personer, som have Indfödsret og ikke ere blevne Statsborgere i fremmed Stat, eller som ere og i mindst 5 Aar have været bosiddende i den danske Stat, eller tilhöre Aktieselskab, hvis Bestyrelse har sit Sæde i den danske Stat og bestaar af Aktieejere, som fyldestgöre de nævnte Betingelser.

Registreringslov 1. apríl 1892, 1. gr. 2. kafli:

For at et Skib skal kunne anses som hjemmehörende her i Riget og som Fölge der af indföres i Kongerigets Skibsregister, maa dets Ejer eller Ejere fyldestgöre de i Sölovens § 1 krævede Betingelser for at lade Skibet sejle under dansk Flag.

1. gr. íslensku siglingalaganna frá 22. nóv. 1913:

Þau skip teljast íslensk, sem heimili eiga á Íslandi og, að tveim þriðju hlutum minst, eru eign manna, sem heimilisfastir eru á Íslandi eða í Danmörku eða þar innbornir, án þess að vera ríkisborgarar annarstaðar. Nú er skip hlutafjelags eign, og skal þá hver stjórnarnefndarmaður þess fullnægja skilyrðum þeim, er nú voru talin um heimilisfestu eða rjett innborinna manna, enda sje meiri hluti stjórnarinnar búsettur á Íslandi og heimilisfang fjelagsins þar.

Fylgiskjal II.

10. gr. laga fyrir h/f Eimskipafjelag Islands:

Rjett til að sækja fundi fjelagsins hafa þeir einir, sem staðið hafa sem hluthafar á hluthafaskrá 10 daga næstu áður en fundurinn er haldinn. Hluthafar geta falið öðrum atkvæðisbærum hluthöfum að fara með atkvæði sín á fundum; þó geta þeir, sem sæti eiga í stjórn fjelagsins, eigi farið með umboð fyrir aðra. Nú veitir hluthafi umboð til þess að sækja fyrir sig fundi og telst umboðsmaðurinn þá hafa umboð til að sækja fyrir hönd hans einnig fundi fjelagsins framvegis, þangað til umbjóðandinn tilkynnir fjelagsstjórninni, að umboðið sje afturkallað. Hætti umboðsmaður að vera atkvæðisbær hluthafi, getur hann ekki farið með umboðið á fundum. Hluthafar, sem eiga rjett á að sækja og vilja sækja eða láta sækja fundi, skulu fyrir fundinn, á þeim tíma sem stjórnin auglýsir, sjálfir eða umboðsmenn þeirra með gildum umboðum, snúa sjer til skrifstofu fjelagsins í Reykjavík og fá þar aðgöngumiða til fundarins, undirritaðan af ritara fjelagsins, en á honum skal tilgreint nafn hluthafans eða umboðsmanns hans, ef um umboð er að ræða, og hversu mörg atkvæði hann hafi samkvæmt því á fundinum.

Eitt atkvæði er fyrir hverjar 25 krónur, sem hluthafi á í fjelaginu. Þó getur enginn hluthafi átt fleiri atkvæði en 500 alls fyrir sjálfan sig og aðra.

Ef hluthafar í Vesturheimi fela á fundi þeim í Winnipeg, er um ræðir í 17. grein, umboðsmanni eða umboðsmönnum búsettum í Vesturheimi að fara með atkvæði sín, og hlutaeign þeirra að meðtalinni hlutaeign umboðsmannsins eða umboðsmannanna sjálfra samsvarar alls meiru en 500 atkvæðum, skal atkvæðatala slíks umboðsmanns eða umboðsmanna þó eigi vera takmörkuð sem að framan greinir, heldur getur hún orðið jafnmikill hluti af samanlagðri tölu allra atkvæða umboðsmannsins fyrir sjálfan sig og aðra, eins og aðgöngumiðar hafa verið afhentir að fundinum fyrir miklum hluta af atkvæðisbæru hlutafje annara en Vestur-Íslendinga, þannig t. d., að ef aðgöngumiðar hafa verið afhentir fyrir $^3/_5$ alls atkvæðisbærs hlutafjár annars en Vestur-Íslendinga, þá getur umboðsmaðurinn eða umboðsmennirnir neytt á fundinum $^3/_5$ af þeim atkvæðum, sem hann eða þeir eiga eða þeim hafa verið falin. Af hlutafje landssjóðs telst svo mikið atkvæðisbært, sem nemur 25 krónum fyrir hvert atkvæði, sem landssjóður hefir.

Farið skal eftir skýrslu, er ritari fjelagsstjórnarinnar gefur um afhendingu aðgöngumiða.

Ef þeir samningar verða, að landssjóður gerist hluthafi í fjelaginu fyrir 400,000 krónur (sbr. 4. gr.) má semja svo um, að atkvæðisrjettur hans verði, sem hjer segir:

Á meðan hlutafje fjelagsins að meðtöldu hlutafje landssjóðs (kr. 400.000) fer eigi fram úr einni miljón króna, skal landssjóður hafa 4000 atkvæði. Þar eftir fær landssjóður enn fremur eitt atkvæði fyrir hverjar 125 krónur af hlutafje, sem við bætist, uns öll hlutafjárupphæð fjelagsins nemur svo miklu, að landssjóður hefir fengið eitt atkvæði fyrir hverjar 25 krónur af hlutafje sínu. Um þátttöku landssjóðs í kosningu stjórnar og endurskoðenda fer eftir ákvæðunum í 13. og 17. gr.

Fylgiskjal III.

Samningur

milli

landstjórnarinnar og Eimskipafjelags Íslands.

Ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs og h/f *Eimskipafjelag Íslands* gjöra hjermeð svofeldan bráðabirgðasamning:

1. gr.

Samkvæmt þar til gefinni heimild í lögum nr. 53, 10. nóv. 1913, um strandferðir, og gegn þeirri skuldbindingu, sem fyrri málsgrein 2. gr. samnings þessa ræðir um, kaupir ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs hluti í h/f Eim skipafjelagi Íslands fyrir 400, 000 — fjögur hundruð þúsund — krónur. Af upphæð þessari skulu 100, 000 — eitt hundrað þúsund — krónur greiddar til fjelagsins 1. júní næstkomandi, en eftirstöðvarnar skulu greiddar fyrir 1. febrúar 1915, nema öðruvísi um semjist, sbr. 5. gr.

2. gr.

H/f Eimskipafjelag Íslands tekst á hendur að halda uppi, frá því í apríl 1916, strandferðum umhverfis Ísland, með 2 eða fleiri strandferðaskipum, og sjeu ferðirnar eigi lakari að skipakosti nje óhentugri en strandferðir þær, er verið hafa að undanförnu síðan 1911, gegn því að fjelaginu sje greiddur til ferða þessara sanngjarn styrkur úr landssjóði, og lætur fjelagið byggja í tæka tíð tvö hæfileg skip í þessu skyni.

Um stærð skipanna, fyrirkomulag ferðanna, ferðaáætlanir og taxta, og jafnframt um styrkinn úr landssjóði á hverjum tíma sem er, fer eftir síðari samningum milli landssjóðs og fjelagsins.

3. gr.

Um atkvæðisrjett landssjóðs sem hluthafa, samkvæmt framanrituðu í h/f Eimskipafjelagi Íslands og hluttöku í stjórn fjelagsins, skal fara sem hjer segir:

Á meðan hlutafje fjelagsins að meðtöldu hlutafje landssjóðs (kr. 400,000) fer eigi fram úr einni miljón króna, skal landssjóður hafa 4000 — fjögur þúsund — atkvæði. Þar eftir fær landssjóður enn fremur eitt atkvæði fyrir hverjar 125 krónur af hlutafje, sem við bætist, uns öll hlutafjárupphæð fjelagsins nemur svo miklu, að landssjóður hefir fengið eitt atkvæði fyrir hverjar 25 kr. af hlutafje sínu.

Ráðherra skipar einn mann í stjórn fjelagsins til eins árs í senn, enda hefir landssjóður ekki að öðru leyti atkvæði um stjórnarkosningu. Ennfremur skipar ráðherra einn endurskoðanda fjelagsins til eins árs í senn.

4. gr.

Nú kemur það fyrir, fyr eða síðar, að fjelagið vilji eigi fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða af landssjóðs hálfu um fyrirkomulag strandferðanna, ferðaáætlanir og taxta, gegn þeim styrk, sem fjárveitingarvaldið sjer sjer fært að veita í því skyni, og á þá landssjóður rjett á því, að taka við strandferðaskipum fjelagsins til eignar fyrir það verð, sem þau hafa kostað fjelagið að frádregnum hæfilegum afslætti fyrir fyrningu, þannig að landssjóður tekur að sjer lán þau, sem kunna að hvíla á strandferðaskipunum, en þau mega samtals ekki nema hærri upphæð en 60% af upprunalegu verði skipanna að frádregnum $^1/_{15}$ hluta hinnar upphaflegu lánsupphæðar fyrir hvert ár, frá því er skipin voru full smíðuð, en eftirstöðvar kaupverðsins greiðir landssjóður með hlutabrjefum í fjelaginu með nafnverði. Sjeu kaupverðseftirstöðvar þessar minni en 300, 000 — þrjú hundruð þúsund — krónur, getur landssjóður jafnframt krafist þess að fjelagið innleysi mismuninn með nafnverði á 10 — tíu — árum næstu þar eftir með jöfnum árlegum greiðslum.

5. gr.

Ef næsta Alþingi krefst, að það ákvæði sje sett inn í fjelagslögin, að enginn hluthafi eða umboðsmaður hluthafa geti farið með fleiri atkvæði á fundi en umboðsmaður landssjóðs, skuldbindur fjelagsstjórnin sig til þess, að gera sitt ítrasta til þess að slíkt ákvæði sje sett inn í fjelagslögin. En samþykki fjelagið ekki slíka lagabreyting á fundi, sem haldinn skal svo fljótt sem unt er eftir að næsta Alþingi er slitið, þá er landstjórninni fyrir landssjóðs hönd heimilt að afturkalla kaupin á 300, 000 — þrjú hundruð þúsund — krónum af hlutafjárupphæð þeirri, sem um ræðir í 1. gr., enda falli þá og niður skuldbinding fjelagsins samkvæmt 2. gr. Um það verður fullnaðarákvörðun að vera tekin fyrir 1. febrúar 1915.

Reykjavík, 4. febrúar 1914.

Ráðherra Íslands.
H. Hafstein.

Jón Hermannsson

Stjórn h/f Eimskipafjelag Íslands.

Sveinn Björnsson. Halldór Daníelsson. Jón Gunnarsson.
Ólafur Johnson. Garðar Gíslason. Eggert Claessen.

Nd. **58. Frumvarp**

til laga um sölu á þjóðjörðinni Núpi í Öxarfirði.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja ábúandanum á Núpi í Öxarfirði ábýlisjörð hans Núp, með þeim kostum, er lög um þjóðjarðasölu ákveða.

Öxarfjarðarhreppur á rjett til engis, fimtíu til hundrað hesta, á jörðinni árlega, gegn sanngjörnu eftirgjaldi.

Nd. **59. Tillaga**

til þingsályktunar um hlutafjelagalög og endurskoðun á 26. kafla hinna almennu hegningarlaga.

Flutningsmaður: Sveinn Björnson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um hlutafjelög og jafnframt að taka til endurskoðunar 26. kafla hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og leggja fyrir sama Alþingi frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum í þessum kafla hegningarlaganna sem telja má nauðsynlegar, með sjerstöku tilliti til hlutafjelaga.

Nd. **60. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 64, frá 22. nóv. 1913 um sjódóma og rjettarfar í sjómálum.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

1. gr.

Í 2. málsgr. 1. gr. falli burt orðin: »sem sjerþekkingu hafa á siglingamálefnum«.

2. gr.

Aftan við 5. gr. bætist:
Kostnaður við sjódóma greiðist úr landssjóði.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga um sjódóma og rjettarfar í sjómálum, nr. 64, 22. nóv. 1913.

Nd. **61. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um ritsíma- og talsímakerfi Íslands nr. 35, 20. okt. 1913.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson.

23. töluliður 3. greinar verði svo:

23. Hliðartalsímar til Hafnar í Bakkafirði, Þórshafnar, Raufarhafnar og Kópaskers.

4. gr. breytist samkvæmt þessu.

Nd. **62. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Hvanneyrarhrepp.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, og ræður háttv. Nd. til að samþykkja það, þó með þeirri athugasemd, að eigi þykir nefndinni ástæða til þess að hafa í frv. heimild til byggingarsamþyktar fyrir Hvanneyrarhrepp eða hluta af honum, með því að slík heimild er veitt eitt skifti fyrir öll í lögum nr. 19 frá 20. okt. 1905, 3. gr.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að koma fram með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Í heiti frumvarpsins falli brott: »og byggingarsamþykt«.
2. Í 1. setningu 1. gr. falli brott orðin: »og byggingarsamþykt«.
3. Í 2. setningu 1. gr. komi fyrir orðin: »hvorrar samþyktar fyrir sig«: samþyktarinnar.
4. 2. gr. orðist svo:
   Samþyktin staðfest skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.
5. 3. gr. orðist svo:
   Fyrir brot gegn samþyktinni má ákveða í henni sektir, er renni í sveitarsjóð.
6. Í 4. gr. komi fyrir orðin: »samþyktum þessum«: samþykt þessari.

Alþingi 9. júlí 1914.

Björn Hallsson, formaður — Stefán Stefánsson Eyf. skrifari og framsögum.

Einar Arnórsson. Sveinn Björnsson. Eggert Pálsson.

Nd. **63. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Nefndin hefir athugað frv., og hefir eigi fundið neitt sjerstakt við það að athuga. Nefndin er því fylgjandi, að málið nái fram að ganga á þinginu, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi 9. júlí 1914.

Björn Hallsson, formaður. Stefán Stefánsson Eyf., skrifari og framsögumaður.

Sveinn Björnsson. Einar Arnórsson. Eggert Pálsson.

Nd. **64. Frumvarp**

til laga um landsdóm.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi og Einar Arnórsson.

1. gr.

Á Íslandi skal vera landsdómur. Samkomustaður hans skal að jafnaði vera í Reykjavík.

2. gr.

Landsdómur fer með og dæmir mál þau, er Alþingi lætur höfða gegn ráðherra út af embættisrekstri. Undir landsdóm ber einnig þau mál, er Alþingi lætur höfða gegn landritara út af embættisrekstri hans, þá er hann gegnir ráðherrastörfum á sjálfs síns ábyrgð.

3. gr.

Landsdóm skipa 9 sjálfkjörnir lögfræðingar: Dómararnir í Landsyfirdóminum 3, kennararnir í lagadeild Háskólans 3, og enn fremur 3 lögfræðingar, þeir er í embættum sitja og elstir eru í embætti. Enginn má skipa landsdóm samkvæmt þessari grein, sem á sæti á Alþingi eða er í Stjórnarráðinu.

4. gr.

Enn fremur skipa landsdóm 20 dómendur, kjörnir á Alþingi. Af þeim kýs efri deild 7, og neðri deild 13.

Enginn er kjörgengur í landsdóm samkvæmt þessari grein, sem

1. er yngri en 30 ára eða eldri en 60 ára,
2. á sæti á Alþingi,
3. hefir verið dæmdur fyrir verknað, sem svívirðilegur er að almennings áliti,
4. hefir mist fjárráð,

5. hefir þegið af sveit og eigi endurgoldið styrkinn eða fengið eftirgjöf á honum,
6. er öðrum háður sem hjú,
7. er útlendingur eða í þjónustu annars ríkis,
8. á heima í öðru landi.

Enginn kjörgengur maður getur skorast undan kosningu.

5. gr.

Auk þeirra dómenda, sem 4. gr. ræðir um, skulu kjörnir á Alþingi 20 varamenn í landsdóm, 7 í efri og 13 í neðri deild. Skulu þeir taka sæti í dóminum, ef dómandi deyr eða forfallast.

6. gr.

Kosning dómenda, bæði aðalmanna og varamanna, gildir um 6 ára bil.

7. gr.

Dómendum skal goldið sama dagkaup sem alþingismönnum og endurgjald fyrir ferðakostnað eftir reikningi, sem dómurinn úrskurðar sjálfur. Allur dómskostnaður greiðist úr landssjóði.

8. gr.

Ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra eða landritara skal gjörð með þingsályktun í sameinuðu þingi. Til þess að slík ákvörðun verði löglega gjörð, verður meira en helmingur hvorrar þingdeildar að vera á fundi, enda greiði meira en helmingur þingmanna á fundi atkvæði með ályktuninni.

Í þingsályktuninni skulu kæruatriðin tilgreind nákvæmlega, enda sje sókn málsins og dómur bundinn við þau.

Um leið og ályktun er tekin um málshöfðun kýs sameinað Alþingi mann, til þess að sækja málið af sinni hendi, og annan til vara, ef hinn kynni að forfallast.

9. gr.

Forseti Landsyfirdómsins er forseti landsdóms, uns forseti er kjörinn samkvæmt 13. gr.

10. gr.

Sóknari skal tafarlaust senda forseta landsdóms ályktun þingsins um málshöfðun í frumriti og eftirriti. Forseti sendir ákærðum eftirritið með áritaðri áskorun um að ryðja dóminn, og ákveður með nægilegum fyrirvara, stað og stund til þess. Jafnframt gerir forseti sóknara skriflega viðvart um stað og stund til ruðningar og skorar á hann, að ryðja þá dóminn af sinni hálfu.

Dómruðning fer svo fram, að sóknari og ákærður eða verjandi hans, koma fyrir forseta á tilteknum stað og tíma, og ryður hvor 2 af hinum lögskipuðu og 5 af hinum kjörnu dómöndum.

Eftir að dómruðning hefir farið fram, skipar forseti ákærðum verjanda, og skal taka til þess mann heimilisfastan á Íslandi, enda er ákærðum rjett að tilnefna sjer verjanda, ef hann vill. Rjett er ákærðum og að halda sjálfur uppi vörn fyrir sig.

Nú ryður aðili eigi dóm, og skal forseti þá taka með hlutkesti svo marga sem ryðja átti. Við dómruðning skal hafa 4 votta, óvilhalla og valinkunna menn.

Nú lætur annarhvor aðilja þess getið við dómruðning, að hann þurfi að afla upplýsinga um kæruatriðin utan Reykjavíkur, og skal forseti þá kveðja dómendur þá, er dæma eiga málið, saman með 3—6 mánaða fyrirvara eftir því sem ástæður þykja til. En ef hvorugur aðilja óskar að leita sannana utan Reykjavíkur, kveður forseti dómendur saman með hæfilegum fyrirvara, þó eigi lengri en 3 mánaða. Stefnu skal forseti gefa út á hendur ákærðum með sama fresti sem dómöndum er veittur, en sóknari lætur birta stefnuna á venjulegan hátt og svo fljótt, að ákærður fái að minsta kosti svo langan stefnufrest, sem hann ætti heimtingu á í einkamáli til yfirdóms, þó þarf frestur aldrei að vera lengri en 3 mánuðir.

Stefna skal rituð á frumrit þingsályktunar.

11. gr.

Sóknara er skylt að leita allra gagna og færa þau fram gegn ákærðum, og verjanda er skylt að færa fram alt það, er sýkna má ákærðan eða mýkja málstað hans, enda er ákærðum sjálfum jafnan rjett að gæta hagsmuna sinna á-samt verjanda. Um vitni og vitnaskyldu gilda almennar reglur einkamála.

12. gr.

Þá er leita þarf vitna utan Reykjavíkur, skal vitnaleiðsla fara fram með venjulegum hætti fyrir hjeraðsdómi, enda skal til hennar stefnt með sama hætti og sama fresti sem málið væri einkamál milli sóknara og ákærðs. Vitnaleiðsla í Reykjavík fer fram fyrir landsdómi sjálfum. Forseti á, ef þess er krafist, að gefa út stefnu til vitna þeirra, sem krafin eru vitnisburðar fyrir landsdómi.

13. gr.

Nú eru dómendur komnir á dómstað, og skulu þeir þá vinna dómaraeið, er eigi hafa unnið hann áður. Því næst kjósa dómendur forseta, er jafnan skal vera lögfróður maður.

Eigi er dómur lögmætur, nema 3 hinna lögskipuðu og 8 hinna kjörnu dómenda, hinir sömu, hlýði á alla sókn og vörn og taki þátt í dómsuppsögn.

Nú sækir dómari eigi dómþing eða vanrækir á annan hátt skyldu sína, og varðar honum það sektum frá 500—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að landslögum.

14. gr.

Málflutningur fyrir landsdómi fer fram í heyranda hljóði, þannig að sóknari leggur fram fyrir dóminn sönnunargögn sín: afrit af vitnaleiðslum utan Reykjavíkur og önnur skjöl, færir síðan fram vitni sín, er nærstödd eru, og spyr hann þau sjálfur, enda er ákærðum og verjanda heimilt að leggja fyrir þau gagnspurningar. Dómurinn á engan þátt í vitnaleiðslunni, en heimilt er bæði vitni og aðiljum að skjóta ágreiningi um alt það, er vitnamál varðar, til úrskurðar forseta, enda ber þeim að hlíta úrskurði hans um þau efni. Bóka skal dómurinn öll svör vitna á sama hátt sem í almennum einkamálum tíðkast.

Á sama hátt leggur verjandi fram varnargögn sín, leiðir vitni, sem nærstödd eru, enda er sóknara rétt að leggja gagnspurningar fyrir vitni verjanda. Fer um þessa vitnaleiðslu svo sem fyrr er mælt um vitnaleiðslu sóknara.

Þá er gögn hafa framfærð verið, fer fram sókn máls og vörn munnlega. Rjett er hvorum aðilja að tala tvisvar, en oftar eigi, nema dómsforseta þyki sjerstök ástæða til. Ákærðum sjálfum er og jafnan rjett að tala tvisvar, enda þótt verjandi hans hafi einnig talað svo oft, og jafnan er verjanda eða ákærðum rjett að tala síðast, áður mál sje tekið til dóms.

15. gr.

Dómur skal uppkveðinn áður liðnir sjeu 3 sólarhringar eftir dómtöku.

Ákærðum verður eigi gjörð refsing, nje heldur verða skaðabætur lagðar á hann nje málskostnaður, nema $^3/_5$ þeirra, er taka þátt í dómsuppsögn, sjeu á eitt sáttir.

Í dóminum skal ákveða sóknara og verjanda hæfilega þóknun fyrir málflutning. Þóknun verjanda má eigi minni vera en sóknara. Að öðru fer um málskostnaðargreiðslu eftir almennum reglum.

Dómurinn skal bygður á forsendum, en án fullnægingarfrests.

Sóknari annast um birtingu dómsins á venjulegan hátt.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um landsdóm nr. 11, 20. okt. 1905, svo og önnur ákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Nd. **65. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um ritsíma og talsímakerfi Íslands nr. 25, 22. okt. 1912.

Flutningsmenn: Jón Jónsson, Björn Hallsson og Þórarinn Benediktsson.

Í 3. grein laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands 22. okt. 1912, skal talin talsímalína frá Egilstöðum um Unaós til Borgarfjarðar í Norðurmúlasýslu.

Samkvæmt 5. grein sömu laga skal framlag sýslnanna ákveðið 5000 kr.

Ed. **66. Breytingartillaga**

við frumvarp, til laga um breyting á sveitastjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Magnús Pjetursson.

Í stað orðanna »66. gr. sveitastjórnarlaga frá 10. nóv. 1905 hljóði þannig« komi:

Fyrri málsgrein 66. gr. sveitastjórnarlaga frá 10. nóv. 1905 hljóði þannig.

Nd. **67. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um ritsíma- og talsímakerfi Íslands nr. 35, 20. okt. 1913.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson Eyf.

Á eftir 7. tölulið í 2. gr. laga nr. 35, 20. okt. 1913 bætist inn nýr töluliður, er hljóðar þannig:

8. Talsímalínan Sauðárkrókur — Siglufjörður.

Jafnframt falli burt 8. töluliður í 3. gr. sömu laga og eftirfarandi töluliðir þeirrar greinar breytast samkvæmt því.

Nd. **68. Tillaga**

til þingsályktunar um ráðstafanir gegn útlendingum út af notum þeirra á íslenskri landhelgi og höfnum hjer á landi við ýms verkunarstörf á fiskifangi (síld).

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson Eyf.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landstjórnina, að rannsaka með hverju móti verði girt fyrir það, að útlendingar vinni að ýmsum verkunarstörfum á fiskifangi (síld) á útlendum skipum á íslenskum höfnum og í íslenskri landhelgi, án leyfis og án þess, að þeir greiði önnur opinber gjöld, af atvinnu sinni en útflutningsgjald af því, er þeir taka á höfnum úr öðrum skipum.

Heimili gildandi lög að kippa þessu í lag, skorar deildin á stjórnina að hlutast til um, að það verði gjört. En þurfi nýja lagaheimild til þess er skorað á stjórnina, að undirbúa hana og leggja fyrir næsta Alþingi lagafrumvarp í þá átt.

Nd. **69. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands nr. 17 frá 3. okt. 1903.

Flutningsmenn: G. Eggerz, Björn Hallsson, Jón Jónsson, Þórarinn Benediktsson, Þorleifur Jónsson og Stefán Stefánsson Eyf.

1. gr.

Eftirlaun ráðherra skulu afnumin þegar hin nýju stjórnarskipunarlög ganga í gildi.

2. gr.

Úr lögum er numin 3. gr. laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, frá 3. okt. 1903.

Nd. **70. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 60, 30. júlí 1909.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Ísafjarðarlæknishjeraði skal skift í tvö læknishjeruð, svo sem hjer segir:

1. Ísafjarðarhjerað: Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, og Vigur í Ögurhreppi.
2. Hólshjerað: Hólshreppur (ásamt Bolungarvíkurverslunarstað) í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Lög þessi ganga þá fyrst í gildi, er sjerstakur læknir er skipaður í Hólshjerað.

Nd. **71. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, nr. 25, frá 22. okt. 1912.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður- Ísfirðinga.

Aftan við 3. gr. bætist:

Símalínan til Æðeyjar og Snæfjalla í Norður- Ísafjarðarsýslu, og þaðan að Höfða í Grunnavík, til Látra í Aðalvík (um Hesteyri), og frá Hesteyri að Höfn á Hornströndum.

4. gr. breytist samkvæmt fyrgreindu.

Nd. **72. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um skipun prestakalla nr. 45, frá 16. nóv. 1907.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður- Ísfirðinga.

1. gr.

Hóls-sókn í Bolungarvík í Norður- Ísafjarðarprófastsdæmi skal vera sjerstakt prestakall.

2. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er prestaskifti verða í Ísafjarðar-prestakalli, sem nú er. —

Ed. **73. Frumvarp**

til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913 um árekstur og björgun.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

225. gr. siglingalaganna 22. nóv. 1913 orðist svo:

Ef tjón verður á skipi, góssi eða mönnum, af því að skip rákust á, og sökin liggur öll annars vegar, þá bætir hinn seki skaða þann allan, er af hlaust. Nú hefir mannsbani hlotist af árekstrinum, og má þá, ef þess er krafist, dæma hinn seka, þótt eigi verði álitið að hann hafi unnið til hegningar, til að gjalda manni eða konu hins dána eða börnum hans bætur fyrir missi þess, sem átti að standa straum af þeim, og skal ákveða í bæturnar tiltekna upphæð eitt skifti fyrir öll. Hvorki þessar bætur nje bætur fyrir líkamstjón mega fara fram úr 4200 krónum.

Nú er sökin beggja megin, og skal þá skaðinn bættur að rjettri tiltölu við sök hvers þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins, að ekki verður bygð á þeim skifting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum, þá bæta hinir seku tjónið að jöfnum hlutum.

Hver hinna seku ábyrgist einungis sinn hluta skaðabótanna, nema manns bani hafi hlotist af árekstrinum eða tjón á líkama eða heilbrigði. Þá má sá, er skaðabótarjettinn á, krefja hvern hinna seku um allar skaðabæturnar. Ef einhver hinna seku hefir af þessum ástæðum orðið að greiða meiri bætur heldur en í hans hlut áttu að koma að rjettri tiltölu, þá á hann endurgjaldsrjett á hendur hinum á þeirri upphæð, sem hann varð að greiða umfram sinn hlut.

Þá er meta skal sök, skal dómari einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

2. gr.

228. gr. sömu laga orðist svo:

Nú rekast skip á, og er þá hvorumtveggja skipstjóra skylt, að svo miklu leyti sem það má verða, án þess að stofna í verulega hættu skipi sínu, skipshöfn þess eða farþegum, að veita hinu skipinu, skipshöfn þess og farþegum alla þá hjálp, sem veita má og þeim er nauðsyn á til bjargar sjer úr háska þeim, sem árekstrinn stofnaði þeim í. Skylt er og þeim skipstjóra, að segja hinum skipstjóranum til nafns á skipi sínu og til heimkynnis þess, úr hverjum stað eða höfn það kom og hvert því er ætlað að fara.

3. gr.

Á eftir 228. gr. sömu laga komi ný grein, 228 gr. a), svohljóðandi:

Það, sem fyrir er mælt í þessum kapítula um árekstur skipa, kemur einnig til greina, þá er skip veldur tjóni á öðru skipi, eða á mönnum

eða góssi, sem á því eru, með siglingu sinni eða á annan hátt, þó ekki hafi skipin rekist á.

4. gr.

Fyrirsögn 10. kapítula sömu laga orðist svo: Um björgun.

5. gr.

229. gr. sömu laga orðist svo:

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefir eða er statt í neyð, eða góssi sem á því er, eða nokkru af því skipi eða góssi því, sem á því var, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rjett á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Sá, sem bjargar mönnum af skipinu, meðan það var statt í neyð þeirri, sem var tilefni til björgunarinnar, eða veitir að björgun mannanna, á rjett á hluta úr björgunarlaununum.

Nú tekur einhver þátt í björguninni gegn beru og rjettmætu banni þess, sem hefir stjórn skipsins á hendi, og á hann þá engan rjett á björgunarlaunum.

Krefja má björgunarlauna jafnt, þó það skip, sem bjargaði, sje eign sama manns, eins og hitt, sem bjargað var.

Nú hefir maður tekist á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita því aðstoð á annan líkan hátt, og skipinu hlekkist síðan á, og á sá maður þá að eins rjett á björgunarlaunum að því leyti, sem talið verður, að aðstoð sú, sem hann veitir, hafi farið fram úr því, sem honum bar skylda til samkvæmt því, er honum bar af hendi að inna.

Nú verða málsaðiljar ekki á eitt sáttir um, hve mikil björgunarlaunin skuli vera, og sker þá dómur úr.

Lög um skipströnd mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umboðsmaður hans.

6. gr.

230. gr. sömu laga orðist svo:

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt:

1. Fyrst og fremst:
   a, Að hve miklu leyti björgunin tókst;
   b, Verklagni þeirrar og atorku, sem björgunarmenn unnu með að björguninni, og tíma þess og fyrirhafnar, sem til hennar var varið;
   c, Hættu þeirrar, sem skipið sem bjargað var, var statt í, skipshöfn þess, farþegar eða góss;
   d, Hættu þeirrar, sem björgunarmönnum og eign þeirra var stofnað í;
   e, Áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt;
   f, Skaða þess, sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar, sem þeir hafa haft, og verðmætis björgunartækja þeirra, sem notuð voru;
   g, Þess, hvort skipið, sem bjargaði, var sjerstaklega útbúið til björgunar.

2. Þar næst:

Verðmætis þess, sem bjargað var.

Nú kemur það í ljós, að björgunarmaður var sjálfur sök í neyð þeirri, sem var tilefni björgunarinnar, eða hefir orðið sekur um þjófnað, hilming eða aðra sviksamlega meðferð á munum þeim, sem bjargað var, og má dómurinn þá færa niður björgunarlaun þess manns eða svifta hann björgunarlaunum með öllu.

7. gr.

231. gr. sömu laga orðist svo:

Ekki má gera björgunarlaun hærri en verðmæti þess, sem bjargað var, að meðtöldu flutningsgjaldi fyrir farm og farþega, en að frádregnum tolli og öðrum opinberum gjöldum svo og kostnaði við geymslu, virðingargjörð og sölu.

Í björgunarlaununum felst og þóknun fyrir að flytja góssið, sem bjargað var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru til þess.

8. gr.

232. gr. sömu laga orðist svo:

Ef björgunarsamningur hefir verið gerður meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar, þá má hver aðilja, sem er, krefjast þess, að dómur ónýti samninginn eða breyti honum, ef telja verður, að skilmálar hans sjeu ósanngjarnir.

Rjett er og dómi að ónýta björgunarsamning eða breyta honum ávalt, þá er telja verður, að umsamin björgunarlaun sjeu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá sem veitt var, ef sá aðilja, sem á var hallað, krefst þess.

Ákvæðið í síðustu málsgrein 230. gr. kemur einnig til greina, þá er samningur hefir verið gjörður um björgun.

Máli til ónýtingar björgunarsamnings eða breytingar á honum, skal vera stefnt til dóms áður en þrír mánuðir sjeu liðnir frá því, er samningurinn var gjörður.

9. gr.

1. málsgrein 233. gr. sömu laga orðist svo:

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skifti björgunarlauna, þá skal skift með dómi og gætt þeirra atvika, sem 230. gr. greinir.

10. gr.

Í 4. tölulið 236. gr. sömu laga breytist punkturinn á eftir orðunum »greiðslu á« í kommu, og komi ný setning svohljóðandi: og loks endurgjaldskrafa sú, sem um er rætt í 3. málsgrein 225. greinar.

11. gr.

251. gr. sömu laga orðist svo:

Kröfur, sem kröfuhafi getur eftir þessum lögum, eigi leitað sjer fullnægingar fyrir í öðrum munum en þeim, sem hann á sjóveðrjett í, missast

hver um sig, ef þeim er ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, sem hjer segir:

1. Kröfur um framlag til sameiginlegs sjótjóns og til kostnaðar, sem jafna skal niður á líkan hátt (sbr. síðari málsgrein 166. gr. og 2. málsgrein 223. gr.) áður ár sje liðið frá dagsetningu úrslitagjörðar sjótjónsins.
2. Kröfur til skaðabóta fyrir glataðan eða skemdan farm áður ár sje liðið frá því, er affermt var.
3. Kröfur til allra annara skaðabóta áður tvö ár sjeu liðin frá því, er tjónið bar að.
4. Kröfur um björgunarlaun áður tvö ár sjeu liðin frá því, er björgunarstarfinu var lokið.
5. Endurgjaldskrafan samkvæmt 3. málsgrein 225. gr. áður ár sje liðið frá því, er greitt var þeim, sem tjónið beið.
6. Allar aðrar sjóveðrjettarkröfur áður ár sje liðið frá því, er þær komu í gjalddaga.

Nú á kröfuhafi auk þess rjett á að ganga að útgjörðarmanni, farmeiganda eða öðrum sem sjálfskuldarmönnum fyrir kröfu sinni um skaðabætur fyrir tjón af árekstri eða fyrir einhverjum þeim kröfum, sem taldar eru í 4. og 5. tölulið hjer að framan, og taka þá fyrningarákvæði þau, sem þar eru nefnd, einnig til þess rjettar kröfuhafa. Um aðrar framangreindar kröfur, sem kröfuhafi á rjett á að ganga jafnframt að einhverjum fyrir, sem skuldunaut, fer eftir hinum almennu fyrningarákvæðum laga.

Ávalt, þá er málið til fullnægingar kröfunni er höfðað fyrir íslenskum dómi, skal farið eftir fyrningarlögum þeim, sem gilda hjer á landi, um það, hverjar athafnir rifta fyrningunni.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **74. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll.

Flutningsmenn: G. Eggerz og Þórarinn Benediktsson.

Aftan við frumvarpið bætist:
Þá eru og skip og bátar undanþegnir vörutolli.

Ed. **75. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22, nóv. 1907.

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson

Auk þeirra flutningabrauta, sem taldar eru í 2. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, skal vera flutningabraut frá Reykjavík til Hafnarfjarðar.

Viðhald þeirrar flutningabrautar skal landssjóður kosta að öllu.

SÝSLUMAÐURINN Í GULLBRINGU- OG KJÓSARSÝSLU.

Hafnarfirði 9. júlí 1914.

Eins og meðfylgjandi útdrættir af fundargjörðum Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 15. og 17. apríl þ. á. bera með sjer, hafa sýslurnar hvor um sig veitt 300 kr. á þessu ári til aðgerðar á sýsluveginum á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, báðum sýslunum til heyrandi, sem liggur á milli bæjarlandanna, eða frá Hafnarfjarðarhrauni að Fossvogi, þar af sýsluvegur Kjósarsýslu frá Kópavogi að Fossvogi; en við fjárveiting Kjósarsýslu er hnýtt þeirri ályktun sýslunefndarinnar, að vegur þessi frá næstu áramótum skuli feldur úr tölu sýsluveganna, þar vegarspotti þessi sje mjög lítið notaður af sýslubúum, og sýslunni á hinn bóginn ofvaxið að gera hann svo úr garði sem fjölfarna akbraut, að hann sem slíkur komi að fullum notum, og það sama er að segja um, og engu síður að því er Gullbringusýslu snertir, þar óbærilegar byrðar, eingöngu út af kostnaði til sýsluvega, hvíla á sjóði sýslunnar, og vegur sá, sem hjer er um að ræða — frá Hafnarfjarðarhrauni að Kópavogi — er alllangur, og mundi kosta mjög mikið, ef lagður væri sem flutningabraut, sem bráðnauðsynlegt er að gert verði hið allra bráðasta, helst nú þegar á þessu sumri, þar bifreiðarferðir um veginn, auk mjög mikillar umferðar af öðrum vögnum vetur sem sumar, eru orðnar svo tíðar, að enginn vegarspotti landsins er svo fjölfarinn, eins og gefur að skilja, þar sem vegurinn liggur á milli 2ja náinna kaupstaða, og auk þess er hann farinn af öllum þeim fjölda manna, er Vífilstaðaheilsuhælið sækja, og þungaflutningur frá og til hælisins allur er yfir veg þenna eða beggja sýslnanna á þessu svæði. Hefir nú undanfarið af sýslunefndum og svo bæjarstjórn Hafnarfjarðar verið skorað á Alþingi að taka veg þennan upp í tölu flutningabrauta, og samkvæmt meðf. útdrætti af fundargjörð Gullbringusýslu er áskorun þessi á síðasta aðalfundi hennar endurnýjuð.

Þar sem nú fyrirsjáanlegt er, að hjer um ræddir vegakaflar sýslnanna, þótt sýsluvegir yrðu framvegis kallaðir, með framlagi eingöngu úr sýslusjóðunum, ekki geta fullnægt hinni miklu umferð um þá, og þeir báðir hlutfallslega mjög lítið eru notaðir af sýslubúum, heldur miklu fremur af íbúum kaupstaðanna beggja og landsmönnum öllum yfir höfuð, leyfi jeg mjer virðingarfylst að fela yður, háttvirti herra alþingismaður, nú þegar á þessu yfirstandandi aukaþingi, fyrir hönd og í umboði sýslunefndanna, að gera yðar ítrasta til þess, annaðhvort í frumvarpsformi eða á annan hátt, er yður þykir best við eiga, að fá lögun á þessu vandræða ástandi, að því er umferð um veg þennan snertir, þannig að á landssjóðskostnað verði sem fyrst með aukafjárveitingu, ef þess væri kostur, lagður vegur á milli kaupstaðanna, Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, er fullnægjandi sje nú og framvegis. — Þess skal getið að nú eru auglýstar 22 ferðir daglega með bifreiðum á milli kaupstaðanna, sem þó eigi, að sögn bifreiðamanna, er fullnægjandi, og daglega koma kvartanir yfir að vegurinn á einn eða annan hátt sje ófær, og hefir þó þegar verið varið til aðgerðar á honum þ. á. um 500 kr. úr sýslusjóði Gullbringusýslu og um 200 kr. úr sýslusjóði Kjósarsýslu, og

óhjákvæmilegt verður nú á þessu sumri, að endurbæta allar brýr á veginum, sem lífshætta er að nota til bifreiðaferða, enda eigi bygðar í því skyni upprunalega, bæði ofmjóar, eins og einnig vegur sjálfur, og veigalitlar. —

Magnús Jónsson.

Til
herra alþingismanns, prófessors síra Kristins Daníelssonar
Alþingi.

Nd. **76 Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 66, 22. nóv. 1913, um girðingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

8. gr. orðist þannig:

Nú liggja tún eða engjar tveggja eða fleiri manna saman, eða tún eða engjar jarðar liggja að beitilandi annara, og landeigandi eða ábúandi í samráði við landeiganda vill leggja á mörkum löggarð, slíkan sem í 1. gr. segir, og samkomulag næst eigi við þann ábúanda eða landeiganda, er land á á móti, um þátttöku í girðingunni, þá getur sá, er girða vill, engu að síður gert það. Skulu úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppamótum, meta notagildi girðingarinnar fyrir alla, sem hlut eiga að máli, og jafna niður girðingarkostnaði að tiltölu við gagn hvers um sig.

Nú liggur bithagi jarðar að landi kauptúns og verður að áliti úttektarmanna fyrir miklum ágangi af beit frá kauptúninu, og er þá landeiganda eða ábúanda heimilt að girða landið gegn endurgjaldi frá kauptúninu, eða þess, er land á undir því, svo sem áður er um mælt. Um viðhald fer og eftir sömu reglum.

Úttektarmenn skulu meta verð girðingar. Kaup úttektarmanna telst til girðingarkostnaðar.

2. gr.

Aftan við 9. gr. bætist:

Hverjum þeim, er þykir rjetti sínum hallað af úttektarmönnum, þá er mat fer fram á girðing eða girðingarkostnaði, er heimilt að krefjast yfirúttektar. Fer um þá úttekt svo sem fyrir er mælt um yfirúttekt í lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella þau inn í texta girðingalaga nr. 66, 22. nóv. 1913, og getur konungur þá gefið þau lög út þannig breytt.

Ed. **77. Tillaga**

til þingsályktunar um að skipa nefnd í stjórnarskrármálið.

Flutningsmenn: Björn Þorláksson, Sigurður Stefánsson, Karl Finnbogason, Magnús Pjetursson, Jósef Björnsson og Karl Einarsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga stjórnarskrármálið.

Ed. **78. Tillaga**

til þingsályktunar um að skipa nefnd í fjáraukalögin.

Flutningsmenn: Björn Þorláksson, Sigurður Stefánsson, Jósef Björnsson, Karl Einarsson, Karl Finnbogason, Magnús Pjetursson.

Efri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Ed. **79. Tillaga**

til þingsályktunar um íslenska fánann.

Flutningsmenn: Björn Þorláksson, Jósef Björnsson, Magnús Pjetursson, Karl Einarsson, Kristinn Daníelsson, H. J. Kristófersson, Karl Finnbogason, Guðm. Ólafsson.

Efri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga fánamálið og koma fram með tillögur, er þar að lúta.

Nd. **80. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. október 1912.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna skulu setjast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Soda, krít, leir, karbíd, bensin, þakhellur, netakúlur og tómar flöskur.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Olíufóðurkökur, melasse og melassemjöl, kjötfóðurmjöl, hjólklafar (blakkir), saumur, brýni, hverfisteinar, kvarnarsteinar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, kvíslar, bátavjelar (mótorar), gufukatlar, gufuvjelar, gufuvagnar, bifreiðar, lausar umbúðir, tómir pokar, húsapappi alls konar, akkeri og akkerisfestar (keðjur), kokolit, járnbitar, ofnar, eldavjelar, járnpípur, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður, gólfdúkar (Linoleum) og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn alls konar skófatnaður), tvinna og alls konar garni, öðru en alls konar seglgarni, 0,30 kr. af hverjum 5 kilogr.

Sjötti liður 1. málsgr. 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,10 kr. af hverjum 5 kílogr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Auk vörutegunda þeirra, sem undanþegnar eru vörutolli undir 6. lið 1. gr. nefndra laga, skal pappír, tilbúin áburðarefni, leirpípur og sandur vera undanskilin vörutolli.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 22, 20. október 1913, um breyting á lögum um vörutoll úr lögum numin.

Nd. **81. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um beitutekju (Þingskj. 22).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild Alþingis skipaði til að athuga þetta frumvarp, hefir eigi getað orðið á eitt sátt.

Minni hlutinn heldur því fram, að engin þörf sje að setja lög um þetta efni, frekar en gert er með lögum nr. 60, 10. nóv. 1905.

En þar sem þau lög hafa ekki nein sektarákvæði, virðist meiri hlutanum að brýna nauðsyn beri til að setja lög, er hafi ákvæði um sektir, ef lögin yrði brotin.

Sú mótbára minni hlutans, að frumvarp þetta íþyngi sjómannastjett landsins, virðist oss næsta kynleg. Með sama rjetti mætti þá álykta, að öll sektaákvæði

væri óþörf og til þess að íþyngja þeim, er lögin brjóta, en það teljum vjer með öllu rangt.

Þá álítur minni hlutinn, að með ákvæðum 3. gr. laga nr. 60, 10. nóv. 1905 sje nægilega gætt rjettar landeiganda, en vjer verðum að álíta, að þau ákvæði snerti að eins ágang á þurru landi, svo sem á graslendi eða mannvirkjum, en nái alls ekki til þess að netlögin sje hagnýtt í leyfisleysi.

Meiri hlutinn getur ekki verið sammála minni hlutanum um að gjaldið fyrir að leggja áhöld og farvið á land annars manns sje of hátt sett.

Meiri hlutinn telur sektarákvæði 2. gr. frumvarpsins hæfileg, en telur aftur sektarákvæðið í 3. gr. mikils til of lágt, og leggur til að það sje ákveðið alt að 200 kr.

Þá telur og meiri hlutinn sjálfsagt að sektin falli til sveitarsjóðs þar sem brotið er framið.

Af ofangreindum ástæðum ræður meiri hlutinn háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 3. gr. Í stað »20 kr.« komi:
200 kr.

Við 5. gr. Í stað síðustu orða greinarinnar: »af hinna hálfu« komi:
af þeirra hálfu.

Neðri deild Alþingis, 10. júlí 1914.

Matth. Ólafsson, form. og skrifari meiri hlutans. Skúli Thoroddsen.

M. J. Kristjánsson. Stefán Stefánsson, þm. Eyf.

Álit minni hluta nefndarinnar.

Minni hlutinn getur ekki fallist á frumvarp þetta af þeim ástæðum, er nú skal greina:

Til eru ákvæði um sama efni og frumvarp þetta fjallar í lögum um beitutekju, nr. 60, 10. nóv. 1905. Breytingar frumvarpsins miða allar í sömu átt, þá að gera sjómönnum beitutekjuna örðugri. Í fyrsta lagi er sú breyting, að samkvæmt frumvarpinu á sjómaðurinn að greiða 2 kr. í hvert skifti sem hann tekur beitu í stað 1 kr. áður. Í skjótu bragði kann svo að virðast, sem þessi hækkun sje ekki þýðingarmikil, en helmingshækkun er það þó, og taka má tillit til þess, að oft er beitan fyrsta skilyrði fyrir að nokkur aflavon sje, auk þess að mikill kostnaður og erfiðleikar eru beitutekjunni samfara. Verður því hækkunin samkvæmt frumvarpinu all-tilfinnanleg fyrir sjómenn, því að »safnast þegar saman kemur«.

Enn fremur eru allþungar sektir samkvæmt frumvarpinu lagðar bæði við því, ef hlutaðeigandi sjómaður vanrækir að gera ábúanda aðvart um

beitutekjuna sem og fyrir önnur brot á lögunum. En engin sektarákvæði eru í núgildandi lögum um þetta. Virðist heldur ekki ástæða til slíks, þar sem rjettur landeiganda gagnvart sjómanninum er mjög vel trygður með því að honum er bönnuð beitutekjan, án leyfis jarðeiganda, 60 faðma á sjó út frá stórstraumsfjörumáli. Enn skal þess getið, að minni hlutanum virðist lítt við unandi að breyta tiltölulega nýjum lögum, vegna atriða sem ekki skifta því meira máli. Slíkt gerir löggjöfina óstöðuga og rýrir skilning og traust almennings á henni.

Samkvæmt þessu leggur minni hlutinn til að frumvarpið sje felt.

Neðri deild Alþingis, 10. júlí 1914.

G. Eggerz.

Nd. **82. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, nr. 17 frá 3. október 1903.

Flutningsmaður: M. J. Kristjánsson.

1. gr. orðist þannig:

Þegar ný stjórnarskipunarlög eru gengin í gildi, skulu eftirlaun ráðherra falla niður þrem árum eftir að þeir fara frá völdum.

Ed. **83. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um varnarþing í einkamálum (stjórnarfrumv.).

Vjer, sem höfum verið kosnir í nefnd til að athuga frumvarp þetta, höfum orðið sammála um, að ráða háttvirtri deild frá að samþykkja það.

Að vísu erum vjer samdóma stjórninni um, að hið gamla fyrirkomulag með margar dómþinghár í hverju lögsagnarumdæmi, sje óheppilegt og úrelt; en vjer sjáum eigi að frumvarpið, þó það verði að lögum, bæti nægilega úr þessu. Hins vegar óttumst vjer, að breytingin mundi auka málaferli, og teljum vjer það ekki æskilegt.

Með lögum nr. 59, 10. nóv. 1905, um varnarþing í skuldamálum er ljett mjög innheimta verslunarskulda, og með lögum nr. 32, 11. júlí 1911 er sáttanefndum veitt úrskurðarvald í smáum skuldamálum.

Við þetta viljum vjer láta sitja þangað til landsstjórnin og þing sjá sjer fært, að gera gagngerða breyting á fyrirkomulaginu öllu.

Það hefir verið talað um, að leggja niður manntalsþingin. Verði frumvarp þetta að lögum, virðist oss þau hafa litla þýðingu sem dómþing og þá einnig

lítil ástæða til að halda þeim vegna þinglýsinga og innheimtu manntalsbókargjaldanna.

Eins og vikið er að í athugasemdum stjórnarinnar er mjög æskilegt, að gerðar verði gagngerðar breytingar á þessum varnarþingsreglum, og hyggjum vjer að þá sje rjett, að gera hin minni lögsagnarumdæmi að einni dómþinghá hvert, en skifta hinum víðlendari í 2 eða 3 dómþinghár.

Væntum vjer að stjórnin undirbúi þetta mál svo fljótt sem unt er og leggi það síðan fyrir alþingi.

Alþingi, 11. júlí 1914.

Björn Þorláksson, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögum.

Jósef J. Björnsson.

Nd. **84. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsmaður: Guðm. Hannesson.

Í 2. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907 falli þessar setningar burtu:

»Auk þess skulu skipaðir aðstoðarlæknar hjeraðslækninum í Ísafjarðarhjeraði og Akureyrarhjeraði. Aðstoðarlækna þessa skipar ráðherra«.

Í 3. gr. falli burtu setningin:

»Aðstoðarlæknum — — ári«.

Ed. **85. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913, um árekstur og björgun.

Frá nefndinni.

Við 1. gr. 2. málsgrein: Í stað orðanna: »skal þá skaðinn bætur« komi: skulu þá hinir seku bæta skaðann.

Nd. **86. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um viðauka við lög um skipströnd 14. janúar 1876.

Nefnd sú, er háttv. Nd. hefir skipað til að athuga frumvarp þetta, hefir komist að þeirri niðurstöðu að frumvarpið sje góð og þörf rjettarbót.

Að vísu voru sumir nefndarmenn í vafa um, hvort rjett væri að ákveða, að skipsleifar, sem eigi eru fluttar af fjöru innan 2ja ára, frá því er skipið strandaði, yrði eign fjörueiganda. En þar sem vænta má, að hjer sje sjaldan um verulega fjemæta muni að ræða, sem kæmust í nokkuð verð að ráði, þótt reynt yrði að selja til ágóða fyrir hið opinbera, fann nefndin eigi ríka ástæðu til að breyta þessu.

Aftur á móti hefir nefndin gert smábreytingar við 1. og 2. gr. frv.

Og ráðum vjer háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Við 1. gr.
   Á eftir orðunum »selja flakið« í 3. línu, bætist inn í:
   og annað það, er skipinu fylgir og finst á strandstaðnum.
2. Við 2. gr.
   Á eftir orðunum í 4. línu »þar sem skipið átti heima« bætist inn í:
   svo og hjerlendum umboðsmanni ábyrgðarsala.
3. Við sömu gr.
   Á eftir orðunum í 5. línu: »Andvirði hins selda« bætist inn í:
   að frádregnum uppboðskostnaði og öðrum kostnaði.

Alþingi 11. júlí 1914.

Sveinn Björnsson, formaður	Þorleifur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

G. Eggerz. Eggert Pálsson. Einar Jónsson.

Nd. **87. Frumvarp**

til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913 um árekstur og björgun.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

225. gr. siglingalaganna 22. nóv. 1913 orðist svo:

Ef tjón verður á skipi, góssi eða mönnum, af því að skip rákust á, og sökin liggur öll annars vegar, þá bætir hinn seki skaða þann all-

an, er af hlaust. Nú hefir mannsbani hlotist af árekstrinum, og má þá, ef þess er krafist, dæma hinn seka, þótt eigi verði álitið að hann hafi unnið til hegningar, til að gjalda manni eða konu hins dána eða börnum hans bætur fyrir missi þess, sem átti að standa straum af þeim, og skal ákveða í bæturnar tiltekna upphæð eitt skifti fyrir öll. Hvorki þessar bætur nje bætur fyrir líkamstjón mega fara fram úr 4200 krónum.

Nú er sökin beggja megin, og skulu þá hinir seku bæta skaðann að rjettri tiltölu við sök hvers þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins, að ekki verður bygð á þeim skifting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum, þá bæta hinir seku tjónið að jöfnum hlutum.

Hver hinna seku ábyrgist einungis sinn hluta skaðabótanna, nema manns bani hafi hlotist af árekstrinum eða tjón á líkama eða heilbrigði. Þá má sá, er skaðabótarjettinn á, krefja hvern hinna seku um allar skaðabæturnar. Ef einhver hinna seku hefir af þessum ástæðum orðið að greiða meiri bætur heldur en í hans hlut áttu að koma að rjettri tiltölu, þá á hann endurgjaldsrjett á hendur hinum á þeirri upphæð, sem hann varð að greiða umfram sinn hlut.

Þá er meta skal sök, skal dómari einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

2. gr.

228. gr. sömu laga orðist svo:

Nú rekast skip á, og er þá hvorumtveggja skipstjóra skylt, að svo miklu leyti sem það má verða, án þess að stofna í verulega hættu skipi sínu, skipshöfn þess eða farþegum, að veita hinu skipinu, skipshöfn þess og farþegum alla þá hjálp, sem veita má og þeim er nauðsyn á til bjargar sjer úr háska þeim, sem árekstrinn stofnaði þeim í. Skylt er og þeim skipstjóra, að segja hinum skipstjóranum til nafns á skipi sínu og til heimkynnis þess, úr hverjum stað eða höfn það kom og hvert því er ætlað að fara.

3. gr.

Á eftir 228. gr. sömu laga komi ný grein, 228 gr. a), svohljóðandi:

Það, sem fyrir er mælt í þessum kapítula um árekstur skipa, kemur einnig til greina, þá er skip veldur tjóni á öðru skipi, eða á mönnum eða góssi, sem á því eru, með siglingu sinni eða á annan hátt, þó ekki hafi skipin rekist á.

4. gr.

Fyrirsögn 10. kapítula sömu laga orðist svo: Um björgun.

5. gr.

229. gr. sömu laga orðist svo:

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefir eða er statt í neyð, eða góssi sem á því er, eða nokkru af því skipi eða góssi því, sem á því var, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rjett á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Sá, sem bjargar mönnum af skipinu, meðan það var

statt í neyð þeirri, sem var tilefni til björgunarinnar, eða veitir að björgun mannanna, á rjett á hluta úr björgunarlaununum.

Nú tekur einhver þátt í björguninni gegn beru og rjettmætu banni þess, sem hefir stjórn skipsins á hendi, og á hann þá engan rjett á björgunarlaunum.

Krefja má björgunarlauna jafnt, þó það skip, sem bjargaði, sje eign sama manns, eins og hitt, sem bjargað var.

Nú hefir maður tekist á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita því aðstoð á annan líkan hátt, og skipinu hlekkist síðan á, og á sá maður þá að eins rjett á björgunarlaunum að því leyti, sem talið verður, að aðstoð sú, sem hann veitir, hafi farið fram úr því, sem honum bar skylda til samkvæmt því, er honum bar af hendi að inna.

Nú verða málsaðiljar ekki á eitt sáttir um, hve mikil björgunarlaunin skuli vera, og sker þá dómur úr.

Lög um skipströnd mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umboðsmaður hans.

6. gr.

230. gr. sömu laga orðist svo:

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt:

1. Fyrst og fremst:
   a, Að hve miklu leyti björgunin tókst;
   b, Verklagni þeirrar og atorku, sem björgunarmenn unnu með að björguninni, og tíma þess og fyrirhafnar, sem til hennar var varið;
   c, Hættu þeirrar, sem skipið sem bjargað var, var statt í, skipshöfn þess, farþegar eða góss;
   d, Hættu þeirrar, sem björgunarmönnum og eign þeirra var stofnað í;
   e, Áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt;
   f, Skaða þess, sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar, sem þeir hafa haft, og verðmætis björgunartækja þeirra, sem notuð voru;
   g, Þess, hvort skipið, sem bjargaði, var sjerstaklega útbúið til björgunar.

2. Þar næst:
   Verðmætis þess, sem bjargað var.

Nú kemur það í ljós, að björgunarmaður var sjálfur sök í neyð þeirri, sem var tilefni björgunarinnar, eða hefir orðið sekur um þjófnað, hilming eða aðra sviksamlega meðferð á munum þeim, sem bjargað var, og má dómurinn þá færa niður björgunarlaun þess manns eða svifta hann björgunarlaunum með öllu.

7. gr.

231. gr. sömu laga orðist svo:

Ekki má gera björgunarlaun hærri en verðmæti þess, sem bjargað var, að meðtöldu flutningsgjaldi fyrir farm og farþega, en að frádregnum tolli

og öðrum opinberum gjöldum svo og kostnaði við geymslu, virðingargjörð og sölu.

Í björgunarlaununum felst og þóknun fyrir að flytja góssið, sem bjargað var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru til þess.

8. gr.

232. gr. sömu laga orðist svo:

Ef björgunarsamningur hefir verið gerður meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar, þá má hver aðilja, sem er, krefjast þess, að dómur ónýti samninginn eða breyti honum, ef telja verður, að skilmálar hans sjeu ósanngjarnir.

Rjett er og dómi að ónýta björgunarsamning eða breyta honum ávalt, þá er telja verður, að umsamin björgunarlaun sjeu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá sem veitt var, ef sá aðilja, sem á var hallað, krefst þess.

Ákvæðið í síðustu málsgrein 230. gr. kemur einnig til greina, þá er samningur hefir verið gjörður um björgun.

Máli til ónýtingar björgunarsamnings eða breytingar á honum, skal vera stefnt til dóms áður en þrír mánuðir sjeu liðnir frá því, er samningurinn var gjörður.

9. gr.

1. málsgrein 233. gr. sömu laga orðist svo:

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skifti björgunarlauna, þá skal skift með dómi og gætt þeirra atvika, sem 230. gr. greinir.

10. gr.

Í 4. tölulið 236. gr. sömu laga breytist punkturinn á eftir orðunum »greiðslu á« í kommu, og komi ný setning svohljóðandi: og loks endurgjaldskrafa sú, sem um er rætt í 3. málsgrein 225. greinar.

11. gr.

251. gr. sömu laga orðist svo:

Kröfur, sem kröfuhafi getur eftir þessum lögum, eigi leitað sjer fullnægingar fyrir í öðrum munum en þeim, sem hann á sjóveðrjett í, missast hver um sig, ef þeim er ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, sem hjer segir:

1. Kröfur um framlag til sameiginlegs sjótjóns og til kostnaðar, sem jafna skal niður á líkan hátt (sbr. síðari málsgrein 166. gr. og 2. málsgrein 223. gr.) áður ár sje liðið frá dagsetningu úrslitagjörðar sjótjónsins.
2. Kröfur til skaðabóta fyrir glataðan eða skemdan farm áður ár sje liðið frá því, er affermt var.
3. Kröfur til allra annara skaðabóta áður tvö ár sjeu liðin frá því, er tjónið bar að.
4. Kröfur um björgunarlaun áður tvö ár sjeu liðin frá því, er björgunarstarfinu var lokið.

5. Endurgjaldskrafan samkvæmt 3. málsgrein 225. gr. áður ár sje liðið frá því, er greitt var þeim, sem tjónið beið.
6. Allar aðrar sjóveðrjettarkröfur áður ár sje liðið frá því, er þær komu í gjalddaga.

Nú á kröfuhafi auk þess rjett á að ganga að útgjörðarmanni, farmeiganda eða öðrum sem sjálfskuldarmönnum fyrir kröfu sinni um skaðabætur fyrir tjón af árekstri eða fyrir einhverjum þeim kröfum, sem taldar eru í 4. og 5. tölulið hjer að framan, og taka þá fyrningarákvæði þau, sem þar eru nefnd, einnig til þess rjettar kröfuhafa. Um aðrar framangreindar kröfur, sem kröfuhafi á rjett á að ganga jafnframt að einhverjum fyrir, sem skuldunaut, fer eftir hinum almennu fyrningarákvæðum laga.

Avalt, þá er málið til fullnægingar kröfunni er höfðað fyrir íslenskum dómi, skal farið eftir fyrningarlögum þeim, sem gilda hjer á landi, um það, hverjar athafnir rifta fyrningunni.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 88. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 25. 11. júlí 1911 um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild Alþingis skipaði til að athuga frumvarp þetta, hefir haldið allmarga fundi um málið.

Þegar á fyrsta fundi nefndarinnar kom það í ljós, að nefndin hefði aðallega á tvennt að líta. Annars vegar, að skortur á vjelstjórum eigi gæti orðið gufuskipaútgerð landsmanna að baga, og hins vegar, að ofmiklar undanþágur frá ákvæðum laganna eigi leiddi til þess, að menn kynokuðu sjer við, að leita sjer þekkingar í vjelfræði við vjelafræðideild sjómannaskólans.

Eftir tilmælum útgerðarmanna hafði stjórnin síðastliðinn vetur útvegað bráðabirgðalög um undanþágu frá ofannefndum lögum, og eru þau samhljóða frumvarpi því, er nefndin hefir fengið til athugunar.

Áður en stjórnin fór þess á leit við konung, að hann gæfi bráðabirgðalög um þetta efni, hafði hún leitað álits vjelstjórafjelags Íslands, og fengið það svar, að fjelagið væri meðmælt bráðabirgðalögum, en með ákveðnum skilyrðum, er tekin eru fram í brjefi fjelagsins til stjórnarráðsins, dags. 15. jan. þ. á.

En þegar bráðabirgðalögin voru fengin mótmælti vjelstjórafjelagið þeim harðlega, með því að þau eigi fæli í sjer skilyrði þau, er þeir hefðu sett fyrir meðum sínum.

Nefndinni virtist sem nokkur ágreiningur væri milli útgerðarmannanna annars vegar og vjelstjórafjelagsins hins vegar, og boðaði því á fund með sjer af hálfu útgerðarmanna þá Jón skipstjóra Ólafsson og Halldór skipstjóra Þorsteinsson,

og af hálfu vjelstjórafjelagsins Ólaf Jónsson vjelstjóra á botnvörpungnum »Íslendingur« og einn í stjórn fjelagsins.

Þeir Jón og Halldór mættu svo á nefndarfundi með oss, og skýrðu oss frá skoðunum sínum á málinu, og Ólafur mætti einnig á öðrum fundi og skýrði fyrir oss málið frá sínu sjónarmiði og vjelstjórafjelagsins.

Kom það þá í ljós, að hjer var um sára lítinn ágreining að ræða, og að hvorirtveggja vildu ná því markmiði, sem nefndin frá öndverðu hafði álitið að lögin ættu að stefna að.

Nefndin sá þá og, að til þess að gjöra lögin svo úr garði, að báðir aðiljar mættu vel við una og frumvarp það, sem liggur fyrir deildinni næði tilgangi sínum, varð jafnframt að gjöra nokkrar smávægilegar breytingar á lögunum um vjelgæslu á íslenskum gufuskipum 11. júlí 1911.

Breytingar þær, er vjer leggjum til að gerðar sjeu á frumvarpinu, sem fyrir deildinni liggur og lögunum frá 1911 eru svo auðskildar, þegar tillit er tekið til þess, er vjer teljum aðalmarkmið frumvarpsins, að eigi virðist þörf að skýra þær nánar.

Vjer leyfum oss því að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Fyrirsögn frumvarpsins verði þannig:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum og viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum.
2. Aftan við fyrri málsgrein frumvarpsins, sem verður 1. gr., bætist:
   enda hafi þeir meðmæli eftirlitsmanns með vjelum skips þess, er þeir ætla að verða vjelstjórar á og vjelfræðikennarans við stýrimannaskólann.
3. Ný grein bætist við, sem verður 2. gr. frumv. og hljóði svo:
   Með lögum þessum eru úr gildi numin bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911 um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum, dags. 2. mars 1911.
4. Bætist við ný 3. gr. svo hljóðandi:
   b. liður 3. gr. laga frá 11. júlí 1911 orðist svo:
   Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár á einhverju því verkstæði hjer á landi, sem stjórnarráðið mælir með fyrir slíka iðnnema, eða hafi stundað járnsmíði á slíku verkstæði í 1 ár og síðan verið undirvjelstjóri með undanþágu í 2 ár, enda hafi hann fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.
5. Komi svo hljóðandi ný 4. gr.:
   Aftan við 6. gr. laganna frá 1911 bætist:
   eða hafi siglt 2 ár sem yfirvjelstjóri með undanþágu.

Alþingi 11. júlí 1914.

Sveinn Björnsson, formaður.	Matth. Ólafsson, skrifari.

Benedikt Sveinsson. Guðm. Hannesson. Björn Hallsson.

Nd. **89. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um afnám fátækratíundar (þingskjal 26).

Álit meiri hlutans.

Nefndin hefir ekki orðið sammála. Meiri hlutinn álítur, að þessu máli eigi ekki að ráða til lykta á þessu þingi. Við játum reyndar, að frumvarpið hafi við talsverð rök að styðjast, en teljum rangt, að fastar tekjur sveitarsjóðanna sjeu skertar, álítum miklu fremur þörf á að auka þær. Má búast við, að skattalöggjöf landsins verði allrækilega athuguð á næsta þingi. Koma þá væntanlega fram tillögur um breyting og aukning á föstum tekjum sveitarsjóðanna. Fyr en slík breyting er gerð, getum við ekki fallist á afnám fátækratíundar. Útgjöld sveitarsjóðanna eru altaf að aukast. Ef jafna á niður á gjaldendur hvers hrepps öllu útsvarinu árlega, eykst vandi og ábyrgð á sveitarstjórnum. Er hætt við, að meiri óánægja og rekstur verði þá út af útsvörunum en nú er. En öll slík óánægja spillir bróðurlegri samvinnu íbúa hvers sveitarfjelags um nytsemdarmálin. Þá er það og tryggilegra til frambúðar og meiri menningarvottur, að allmikill hluti af tekjunum sje fastákveðinn með lögum. Þessi skoðun okkar er í samræmi við tillögur milliþinganefndarinnar í skattamálum, er skipuð var árið 1907. Sú nefnd samdi frumvarp til laga um sveitargjöld. Skyldi fátækratíund af fasteign og lausafje afnumin, en í stað hennar skyldi koma ýmsir skattar, er gæfi sveitarsjóðum þrefalt meiri fastar tekjur en tíundin, eða rúman þriðjung allra sveitarútsvara.

Ef þingið fjellist nú á afnám fátækratíundar, án þess nokkuð kæmi í staðinn, liti út fyrir, að það teldi rétt, að niðurjöfnunargjöld hreppsnefndanna yrði í framtíðinni einu tekjur sveitarsjóðanna eða því sem nær. En þá stefnu álítum við allvarhugaverða.

Af þessum ástæðum ráðum við háttvirtri deild frá að samþykkja frumvarpið nú, en leggjum til, að það verði afgreitt með svohljóðandi

Rökstuddri dagskrá:

Þar sem búast má við, að skattamál landsins verði tekin til rækilegrar athugunar á næsta Alþingi, og að breyting verði jafnframt gerð á sveitargjöldum í samræmi við aðrar breytingar á skattalöggjöfinni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi 13. júlí 1914.

Eggert Pálsson, formaður. Jón Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Hjörtur Snorrason. Þórarinn Benediktsson.

Álit minni hlutans.

Jeg hefi ekki getað orðið samferða hinum háttvirtu meðnefndarmönnum mínum í þessu máli.

Meiri hluti nefndarinnar telur rangt að afgreiða málið á þessu þingi, og skerða á þann hátt hinar föstu tekjur sveitarsjóðanna, heldur bíða þar til eins mikið, eða meira verður fengið í staðinn.

Jeg get ekki sjeð að þessar ástæður hafi við mikið að styðjast. Eins og öllum er ljóst, kemur þessi skattur óeðlilega og ranglátlega niður á gjaldendur, sem hefir leitt til þess, að margir samviskusamir og rjettsýnir menn hafa ekki beitt lögunum nema að forminu til, og það út af fyrir sig sýnir að þau eru úrelt og óviðeigandi, því að þau lög, sem heiðarlegir menn fást ekki til að framfylgja, eiga ekki og mega ekki vera til. Þar að auki hafa þessi gjöld í för með sjer mikla fyrirhöfn, sem kostar landsmenn mikinn tíma, og mikla vinnu.

Ef maður því lítur þannig rjettlátlega á málið, þá er ekki hægt að sjá, að þetta gjald hafi neinn rjett til að standa lengur í gildi, og að því beri að afnema það tafarlaust.

Ef það skyldi síðar reynast, að hægt yrði að útvega góðan og heppilegan tekjustofn handa sveitarsjóðunum, þá er það ekki nema gott og ágætt, en fyrir því er ekkert spilt þó þetta frumvarp sje samþykt, en aftur á móti hætt við að slíkt geti dregist.

Jeg verð því að ráða hinni háttvirtu deild til að fella dagskrána, en samþykkja frumvarpið.

Alþingi 13. júlí 1914.

Jóhann Eyjólfsson.

Nd. **90. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um varadómara í hinum konunglega íslenska landsyfirrjetti.

Nefnd sú, er háttv. neðri deild Alþingis kaus til þess að athuga mál þetta, leyfir sjer hjer með að láta uppi það álit sitt, er nú skal greina:

Það sjest á 44. gr. stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874, að stjórnarskrárgjafinn vill, að dómendur sjeu sem allra óháðastir umboðsvaldinu. Í grein þessari er svo fyrir mælt, að þeim dómendum, sem hafi ekki að auki (o: að auki við dómstörfin) umboðsstörf á hendi, — en þetta á, samkvæmt núverandi skipulagi, að eins við yfirdómarana — verði eigi vikið úr embætti án dóms, nje fluttir í annað embætti, nema þegar svo stendur á, að verið sje að koma nýrri skipun á dómstólana.

Til þess enn fremur að tryggja það eftir föngum, að í landsyfirrjettinn sjeu skipaðir sem hæfastir menn, er svo fyrir mælt í tilsk. 26. jan. 1821, 16. gr., að

enginn verði skipaður dómari í yfirrjettinum, nema hann hafi tekið fullkomið embættispróf í lögfræði með fyrstu einkunn.

Löggjafinn hefir því haft aðallega tvent fyrir augum í ákvæðum sínum um landsyfirdóminn:

1) Að dómendur þar væru sem óháðastir umboðsvaldinu, og
2) Að sem best væri til dómsins vandað.

Hvorttveggja þetta skiftir enn meira máli, þegar um yfirdóminn íslenska er að ræða, en um yfirdómana í Danmörku. Eins og kunnugt er, er bæði mikill kostnaður og mikil tímatöf samfara málskotum hjeðan af landi til hæstarjettar Dana. En af þessu er sú óhjákvæmilega afleiðing, að vorum málum verður þangað sjaldan skotið. Landsyfirrjetturinn er því í framkvæmdinni lang-oftast æðsti dómstóll landsins. En af því leiðir aftur, að til hans ber að vanda sem best í hvívetna.

Þegar sæti losnar nú í yfirdómi, hvort sem er í einstöku máli, t. d. sakir vanhæfis dómara, eða af öðrum ástæðum, setur landsstjórnin einhvern, sem hún getur til þess fengið, enda er þá eigi fylgt kröfunni um, að dómandi hafi fengið lofseinkunn við embættispróf sitt. Og vitanlega getur hverri stjórn missýnst mjög í því vali sínu.

Svo er á það að líta, að landsstjórnin getur verið sjálf við mál riðin, þar sem setja þarf dómara. Og er þá eigi sem viðkunnanlegast, að hún sje bæði málsaðili og setji dómendur sjerstaklega til þess að dæma það mál. Ef slíkt mál væri kappsmál og æsinga — og það getur jafnan borið við — er meira að segja hætt við því, að val á dómara verði eigi óhlutdrægt, enda þótt hlutdrægnin þurfi auðvitað eigi að vera vísvitandi. Enn fremur er það stundum vanda og erfiðleikum bundið, að fá menn til þess að setjast í dóminn í einstökum málum.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er fram borið í því skyni, að ráða bót á ofannefndum annmörkum, og er gerð með því tilraun til þess, að fullnægja betur áðurnefndum kröfum löggjafans um sjálfstæði og þekkingu þeirra, sem í yfirdómi sitja og settir eru til bráðabirgða eða til dómsuppsögu í einstökum málum. Það verður að gera ráð fyrir því, að lagakennarar Háskólans sjeu manna færastir um það lagaþekkingar sinnar vegna, að sitja í yfirdómi, þegar þar þarf mann til bráðabirgða, af því að hinir reglulegu dómendur mega eigi skipa sæti sín. Í annan stað er það einnig svo, að kennarar við Háskóla munu hvarvetna nú orðið vera í raun rjettri allra embættismanna óháðastir, enda hafa Háskólar víðast allriflega sjálfstjórn, og skoðana- og kenningafrelsi í fullum mæli. Og svo er það einnig um Háskóla vorn. Fyrir því mun eigi auðið — auk yfirdómaranna — að fá hjer á landi nokkra embættismenn, er svo óháðir sjeu æðsta umboðsvaldinu sem háskólakennarana.

Enn má benda á það, að það ætti að vera yfirdóminum fremur vegsauki en hitt, að háskólakennararnir í lögfræði taki þar lögskipað sæti, ef með þarf. Svo er og litið á það í öðrum löndum. Í hæstarjetti Dana eru t. d. varadómarar (extraordinære Assesorer) flestir teknir meðal kennara í lögum við Kaupmannahafnarháskóla. Og sama regla gildir í Noregi. Þar sitja ýmsir af háskólakennurum í hæstarjetti sem varadómarar, og taka þar alloft þátt í meðferð mála og dómsuppsögu. Háskóli vor er að vísu ungur enn þá, og hefir eðlilega eigi mikið afrekað. En þó má vænta þess, að hann vinni nokkuð í þágu íslenskra lagavís-

inda. Og ætti þá að verða fremur vegur og vinningur fyrir landsyfirdóminn, að lagakennararnir tækju þar sæti, þegar með þyrfti.

Nefndin ræður því háttv. deild til þess að samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 4. gr. Setningin í 2. málsgr.: »Þá er varadómari gegnir . . . . greiðir yfirdómari þóknunina« orðist svo:
Þá er varadómari gegnir störfum yfirdómara, án þess að hann sje forfallaður eða hafi orðið að víkja úr dómi, greiðir yfirdómari þóknunina.

Alþingi 13. júlí 1914.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Einar Arnórsson, skrifari og framsögumaður.

Eggert Pálsson. Björn Hallsson. Jóhann Eyjólfsson.

Nd. **91. Frumvarp**

til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefndina í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, að því er snertir jörðina Ytribúðir i Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, og fleiri jarðir þar.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

1. gr.

Hreppsnefndinni í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild, til að láta eignarnám fram fara, að því er snertir jarðirnar Ytribúðir, Árbæ, Grundarhól og Meirihlíð, allar í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, og hverja um sig með öllum mannvirkjum, vertollum, búða- eða grunnleigum, ítökum, og hverjum öðrum hlunnindum eða rjettindum, er jörðunum fylgja, fylgt hafa, eða fylgja eiga, og hverju nafni, sem nefnast.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim óvilhöllum, dómkvöddum, mönnum, er ekki eiga sæti í hreppsnefndinni.

Sveitarsjóður Hólshrepps greiðir allan matskostnaðinn.

Nd. **92. Frumvarp**

til laga um breyting á 6. gr. í lögum nr. 86, 22. nóv. 1907, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

6. gr. í lögum 22. nóv. 1907 um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík orðist svo:

Innan loka nóvembermánaðar ár hvert skal samin áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár. Í áætluninni skal talin sem sjerstakur tekjuliður tekjuafgangur sá, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður. Einnig skal taka í áætlunina sem sjerstakan gjaldalið tekjuhalla þann, er orðið hefir á reikningi bæjarsjóðs næsta ár áður en áætlunin var samin, nema tekjuhallinn stafi af kostnaði af verki, sem greiða skal með lánsfje. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með hálfs mánaðar millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein út af fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eftir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar. Áætlun þessa skal leggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en 14 daga í desembermánuði ár hvert. —

Nd. **93. Frumvarp**

til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Reykjavíkur og gera nákvæman uppdrátt af þeim.

Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni.

2. gr.

Mælikvarði uppdráttarins skal ekki vera minni en 1 : 500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða, og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

3. gr.

Bæjarstjórnin ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna meðan

á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir að láta þeim í tje þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa til þess að geta framkvæmt starf sitt.

Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda sjeu þeir heimilisfastir í Reykjavík eða þar staddir, viðvart með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hve nær merki verði ákveðin. Er þeim rjett að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún þá og lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóða.

Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi rjettar síns til að vera þar við, og ákveður mælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðareigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum.

Eigendur eða umboðsmenn lóða, er eigi hafa sótt merkjastefnu, geta, ef þeir vilja eigi hlíta merkjasetningu, gert mælingamanni innan 4 vikna eftir merkjastefnu viðvart, og fer um dómsvald á ágreiningi lóðarmerkja, þegar svo stendur á, eftir lögum þessum.

4. gr.

Bæjarstjórnin löggildir bók, sem nefnist lóðamerkjabók. Skal mælingamaður rita í hana lýsing á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit af aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar, eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, bygðra og óbygðra. Mælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra, skulu undirskrifa lýsinguna, en rjett er lóðaeigendum að gera fyrirvara um ágreining, ef samkomulag fæst eigi um merkin, og skal þá sýna á eftirritinu af uppdrættinum svo greinilega sem unt er, hvað milli ber um merkin. Mælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur rjettari, eða geti hann á hvoruga fallist, hvar hann telur merki rjettast eftir öllum atvikum.

5. gr.

Úr öllum þrætum um merki lóða sker merkjadómur. Merkjadóm þenna skipa 3 menn. Kýs stjórnarráðið einn; skal hann vera lögfræðingur, og er hann formaður dómsins. Annan hinna tveggja kýs landsyfirdómurinn, en bæjarstjórnin hinn. Þrír varamenn skulu og kosnir á sama hátt. Varamaður tekur sæti í dóminum, ef aðalmaður deyr, eða forfallist sá, sem hann er varamaður fyrir. Ef bæði aðalmaður og varamaður deyja eða forfallast, skal sá, sem kaus þá, velja mann í staðinn. Í dóminum ræður afl atkvæða úrslitum. Um óhæfi (inhabilitet) merkjadómara gilda sömu reglur sem um óhæfi reglulegra dómara, samkvæmt landslögum. Áður en merkjadómari byrjar störf sín í dóminum, skal hann skrifa undir eiðspjall. Hverjum merkjadómara ber 4 kr. í þóknun fyrir hvern dag, er hann situr að merkjadómi.

6. gr.

Nú verður ágreiningur um lóðamörk, og sendir þá mælingamaður formanni merkjadóms uppdrátt af þrætulóðunum og skýrslu um það í hverju ágreiningurinn sje fólginn. Formaður merkjadóms kveður málsaðilja síðan til þess að sækja merkjadómþing með hæfilegum fyrirvara, er venjulega sje eigi lengri en 3 sólarhringar. Skal einn löggiltur stefnuvottur birta fyrirkallið. Á merkjadómþingi leggja málsaðiljar fram gögn sín og leiða vitni, ef með þarf. Dómendur ganga á merki, ef þeim þykir það nauðsynlegt, áður eða eftir að vitnaleiðsla hefir fram farið.

Vitnum er skylt að mæta fyrir merkjadómi með einnar nætur fyrirvara. Ákvæði N. L. 1—13—13 gildir eigi. Frestir skulu sem stytstir vera, og eigi lengri en 3 sólarhringar, nema brýna nauðsyn beri til. Merkjamál þarf ekki að leggja til sátta.

Nú sækja aðiljar eigi merkjadómþing, og skal þá málið fara eftir rjettarfarsreglum einkamála. Þó gilda ákvæðin í tilsk. 15. ág. 1832, 9. og 14. gr. um endurupptöku (reassumption) máls eigi.

7. gr.

Dómur í merkjamáli skal uppkveðinn innan 3 sólarhringa eftir dómtöku, nema mál sje óvenjulega umfangsmikið, enda má dómsuppsögn aldrei dragast lengur en 14 daga.

Í merkjadómi skulu lóðamerki ákveðin. Tilkynnir formaður merkjadóms málsaðiljum og mælingamanni, hvar og hve nær dómur verði uppkveðinn. Mælingamaður afmarkar síðan lóðina á uppdrættinum, eins og merkjadómur hefir ákveðið hana, og innfærir í lóðamerkjabók.

Merkjadómur kveður og á um greiðslu málskostnaðar, þar á meðal greiðslu á kaupi dómenda. Merkjadómi má fullnægja sem öðrum dómum. Fullnægjufrestur er 3 sólarhringar eftir dómsuppsögn.

8. gr.

Merkjadómi má skjóta til landsyfirdóms áður liðnar sjeu 4 vikur frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að 3 mánuðir eru liðnir frá dómsuppsögn. Ákvæði N. L. 1—2—3 um stefnu til dómara gilda eigi um þetta málskot, enda sje merkjadómöndum eigi stefnt til ábyrgðar fyrir dóm sinn eða málsmeðferð. Að öðru leyti gilda almennar rjettarfarsreglur einkamála um meðferð merkjamála bæði fyrir merkjadómi og yfirdómi, að því leyti sem við á.

9. gr.

Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa í kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af stjórnarráði Íslands. Stjórnarráðið setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnarinnar, reglur um, hvernig skrásetningunni skuli hagað.

10. gr.

Í skrá þessa og á aðaluppdráttum skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin mann til að hafa starfa þenna á hendi.

11. gr.

Nú verða eigandaskifti að skrásettri lóð, hvort sem heldur er fyrir samning eða nauðungarráðstöfun, og er afsal þá eigi gilt, enda má eigi þinglýsa því, nema lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á það um það, að eigandaskiftanna sje getið í lóðaskrá.

Ef skrásettri lóð er skift í hluta, má eigi þinglýsa skjali um skiftinguna, nema því fylgi vottorð lóðaskrárritara um samþykki hans á skiftingunni.

12. gr.

Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í tje staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir hvert eftirrit greiðist 2 kr. Sama gjald greiðist fyrir vottorð þau, er ræðir um í 10. gr.

13. gr.

Bæjarstjórnin getur á sama hátt látið skrásetja og mæla lóðir og lönd utan kaupstaðarlóðarinnar, en innan lögsagnarumdæmisins, er þá færist á aukaskrá. Um aukaskrána gilda hin sömu ákvæði, sem hjer að framan eru sett um aðalskrána.

14. gr.

Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 7. gr.

15. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar bæjarstjórnin veitir fje það, sem til þess er nauðsynlegt.

Nd. 94. Þingsályktun

um birtingu fyrirhugaðra löggjafarmála.

(Samþykt í Nd. 14. júlí).

Neðri deild Alþingis skorar á landsstjórnina, að hún gefi sveitastjórnum kost á, að ræða og gera tillögur um þau atriði í ábúðarlöggjöf, atvinnumálum og skattamálum, sem hún hefir í hyggju að leggja fyrir Alþingi.

Ed. **95. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um hvalveiðamenn nr. 67, 22. nóv. 1913.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Bannákvæði laga um hvalveiðamenn frá 22. nóv. 1913 koma eigi til framkvæmda gagnvart þeim hvalveiðamönnum, sem nú reka hvalveiðar hjer og hafa fastar stöðvar hjer á landi til hagnýtingar á hvalafurðum.

Þó mega þeir eigi auka tölu hvalveiðaskipa sinna fram úr því, sem nú er.

Nd. **96. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar, til þess að athuga strandferða fyrirkomulagið.

Frá ráðherra.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa 7 manna nefnd, til þess að athuga framkomnar tillögur frá samgöngumálaráðunaut stjórnarinnar um fyrirkomulag strandferðanna eftirleiðis, og gera tillögur viðvíkjandi stærð og tilháttan skipa þeirra, er ætlast er til að landsstjórnin semji nánar um við stjórn Eimskipafjelags Íslands.

Ed. **97. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar, til þess að athuga strandferða fyrirkomulagið.

Frá ráðherra.

Efri deild Alþingis ályktar að kjósa 5 manna nefnd, til þess að athuga framkomnar tillögur frá samgöngumálaráðunaut stjórnarinnar um fyrirkomulag strandferðanna eftirleiðis, og gjöra tillögur viðvíkjandi stærð og tilháttan skipa þeirra, er ætlast er til að landsstjórnin semji nánar um við stjórn Eimskipafjelags Íslands.

Nd. **98. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um ritsíma og talsímakerfi Íslands nr. 25, 22. okt. 1912.

Flutningsmaður: Þorleifur Jónsson.

Í 4. gr. laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands 22. okt. 1912, skal talin talsímalína frá Hornafirði um Hólm og Kálfafellsstað til Svínafells í Öræfum.

Nd. **99. Frumvarp**

til laga um breytingu á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla

Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson, þm. Snæf.

1. gr.

Breytingar á lögum um skipun prestkalla eru þær, er nú skal greina:

I. Mýraprófastsdæmi.

1. Staðarhraun: Staðarhrauns- og Akrasóknir.

II. Snæfellsnessprófastsdæmi.

2. Miklaholt: Miklaholts-, Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir.
3. Staðastaður: Staðastaðar- og Búðasóknir.

2. gr.

Prestakallaskipun þessi kemur í stað þeirrar, er sett er með lögum um skipun prestakalla nr 45. 16. nóv. 1907, 1. gr. IX. 47 og X. 48.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi skal færa breytingar þær, er ræðir um í þeim, inn í lögin nr. 45, 16. nóv. 1907 um skipun prestakalla.

Nd. **100. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

Nefndin í frv. til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur telur lögin eiga að ganga fram, en leggur til að gera þessar

BREYTINGAR:

1. Aftan við 2. gr. skal bæta:
er greiðist úr landsjóði. Stjórnarráðið skipar fyrir um prófið.

2. Síðari hluti 3. gr. frá »stofnanir« skal vera svo:
Hann skal og heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund og að ljósta eigi upp leyndarmálum.

3. Svolátandi 4. gr. skal bæta inn í frv.:
Dómtúlkar og skjalþýðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

4. 4. gr. verður 5. gr.

Alþingi 14. júlí 1914.

Jón Magnússon, formaður. Bjarni Jónsson frá Vogi, skrifari.

Einar Arnórsson. Pjetur Jónsson. Þórarinn Benediktsson.

Nd. **101. Nefndarálit**

um frv. til laga um löggilta endurskoðendur.

Nefndin í frv. til laga um löggilta endurskoðendur telur málið eiga fram að ganga með þessum

BREYTINGUM

1. Fyrstu grein skal orða svo:
Stjórnarráði Íslands skal heimilt að löggilda endurskoðendur, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.
2. a. Orðið »um« í upphafi 2. gr. skal fella burt.
b. »fullráði fjár síns« verði:
fjár síns ráðandi.
3. Niðurlag 4. gr. frá »og skal þá« skal orða svo:
Sú endurskoðun jafngild endurskoðun dómkvaddra manna.
4. Í endi 5. gr. skal fella burt orðið »þess«.
5. Skjóta skal inn í tveim nýjum greinum:

6. gr.

Löggildur endurskoðandi skal heita því við drengskap sinn, að vinna verk sitt eftir bestu vitund og að ljósta eigi upp leyndarmálum.

7. gr.

Löggildir endurskoðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.
6. Sjötta grein verður 7. grein.

Alþingi 14. júlí 1914.

Jón Magnússon, formaður. Bjarni Jónsson frá Vogi, skrifari.

Einar Arnórsson. Pjetur Jónsson. Þórarinn Benediktsson.

Nd. **102. Frumvarp**

til laga um lögreglusamþykt fyrir Hvanneyrarhrepp.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir Hvanneyrarhrepp eða nokkurn hluta hans, má gera lögreglusamþykt. Semur hreppsnefnd frumvarp til samþyktarinnar og sendir stjórnarráðinu, er staðfestir frumvarpið eða synjar því staðfestingar. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur stjórnarráðið þá málið af nýju fyrir hreppsnefndina með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gera, til þess að frumvarpið verði staðfest.

2. gr.

Samþyktin staðfest skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Fyrir brot gegn samþyktinni, má ákveða í henni sektir, er renni í sveitarsjóð.

4. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn samþykt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **103. Frumvarp**

til laga um breyting á póstlögum 16. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Á eftir staflið b. í 16. gr. í póstlögunum 16. nóvember 1907 komi nýr stafliður svo hljóðandi:

c. Þegar skaðinn stafar af óviðráðanlegum atburðum, hernaði eða borgarastyrjöld (vis major).

Stjórnarráðið getur gert undantekning frá þessu ákvæði með reglugjörð.

Nd. **104. Frumvarp**

til laga um beitutekju.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sjerhver sá, er heimild hefir til fiskiveiða í landhelgi, má setja á land skelfisksbeituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða árós, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða 2 krónur fyrir hvern sólarhring í hvert skifti, sem hann tekur beitu.

Fyrir skemri tíma greiðist sama gjald.

2. gr.

Eigi má taka beitu í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar á sjó út frá stórstraumsfjörumáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart í hvert skifti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans samkvæmt 1. gr.

Nú vanrækir formaður að gera ábúanda aðvart í hvert skifti, sem hann ætlar að taka skelfisk fyrir landi hans, og varðar það alt að 20 kr. sekt fyrir hvert skifti.

3. gr.

Nú tekur maður í óleyfi skelfisk í netlögum annars manns, og varðar það alt að 200 króna sekt, og borga skal hann allan þannig upptekinn skelfisk tvöföldu gangverði.

4. gr.

Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eftir mati óvilhallra manna.

5. gr.

Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr., áður en hann fer af beitufjöru, nema öðruvísi sje umsamið. Sjeu ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af þeirra hálfu.

6. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

7. gr.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um beitutekju nr. 60, 10. nóv. 1905.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1915.

Ed. **105. Tillaga**

til þingsályktunar um breytingu á lögum nr. 28, 16. nóv. 1907 um veitingu prestakalla.

Flutningsmenn: Guðm. Ólafsson, Jósef J. Björnsson, H. J. Kristófersson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi þá breytingu á lögum nr. 28, 16. nóv. 1907 um veitingu prestakalla, að prestskosning fari fram í hverri sókn.

Nd. **106. Tillaga**

til þingsályktunar um stofnun útibús frá Landsbankanum á Austurlandi.

Flutningsmaður: Jón Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að samkvæmt fyrirmælum laga um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885 og laga um breyting á nefndum lögum nr. 28, 22. okt. 1912 verði ekki lengur dregið að koma á fót útibúi frá Landsbankanum á Austurlandi.

Ed. **107. Tillaga**

til þingsályktunar um stofnun útibús frá Landsbankanum á Austurlandi.

Flutningsmaður: Karl Finnbogason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að samkvæmt fyrirmælum laga um stofnun Landsbanka, 18. sept. 1885, og laga um breytingu á nefndum lögum nr. 28, 22. okt. 1912, verði ekki lengur dregið að koma á fót útibúi frá Landsbankanum á Austurlandi.

Nd. **108. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um sauðfjárbaðanir nr. 46, 10. nóv. 1913.

Alit meiri hlutans.

Nefnd sú er háttvirt Nd. Alþingis kaus til þess að athuga framangreint frumvarp hefir ekki getað orðið samferða. Meiri hlutanum virðist á aðra hlið

sem óskir þær, er fram hafa komið um breyting á sauðfjárböðunarlögunum í þá stefnu, sem frumvarpið fer fram á, megi að mikla leyti skoðast sem óþörf málaleitun. Á hina hliðina óttast meiri hlutinn fyrir það, að eftirlit það, sem hreppsnefndunum er ætlað að hafa, með því að allir baði sitt sauðfje, veikist um of, ef ekki hafi þær jafnframt hönd í bagga með pöntun baðlyfjanna, og nýtur hann þar stuðnings í áliti dýralæknis.

Af þessum tveimur ástæðum sjerstaklega, ræður meiri hlutinn hinni háttvirtu deild til þess að fella frumvarpið.

Alþingi 14. júlí 1914.

Eggert Pálsson, skrifari. Einar Jónsson. Hjörtur Snorrason.

Alit minni hlutans.

Við gátum ekki orðið meðnefndarmönnum okkar samferða í þessu máli. Meiri hlutinn færir þær ástæður fyrir máli sínu, að frumvarpið veiki eftirlit hreppsnefnda með því, að allir baði sauðfje sitt, og óskir þær, er fram hafi komið um breyting á sauðfjárböðunarlögunum sjeu óþarfar. En við teljum frumvarp á þingskjali 17 mikla bót á lögum síðasta þings um sauðfjárbaðanir. Breytingin er sú, að stjórnarvöld eru leyst frá öllum afskiftum af pöntun og útvegun baðlyfja. Er ætlast til, að baðlyfin verði frjáls verslunarvara, eins og að undanförnu, með þeirri takmörkun, að lögákveðið sje, hvaða baðlyfjategundir megi nota. Getur hver fjáreigandi keypt eftir frumvarpi þessu baðlyfin sjálfur, hvar og hvenær sem hann vill. Virðist okkur ástæðulaust að ætla, að menn óhlýðnist lögunum frekar, þó að þeim sje gefið meira frjálsræði um framkvæmd þeirra. Auk þess ber hreppsnefndum og bæjarstjórnum að hafa eftir sem áður eftirlit með, að allir baði, svo hjer er ekki minsta hætta á ferðum. Þó að reynslu vanti í þessu máli, þarf ekki nema heilbrigða skynsemi og opin augu til að sjá, að það er óþarft og óheppilegt að baka stjórnarvöldum mikla fyrirhöfn í jafneinföldu máli og þessu böðunarmáli. Þá liggur það og í augum uppi, að almenningur muni fella sig betur við að annast sjálfur kaup á baðlyfjum, enda erfitt að segja til þess löngu fyrirfram, hve mikið af baðlyfjum hver maður þarfnist, auk þess sem fyrirfram borgun á vissum tíma fyrir baðlyfin getur komið mönnum óþægilega. Hjer er lagt til að útiloka skriffinskuleg afskifti stjórnarvaldanna og sýna almenningi nærgætni, án þess dregið sje úr framkvæmd laganna á nokkurn hátt.

Að svo mæltu ráðum við háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Stefán Stefánsson, formaður (framsögum. minni hlutans). Jón Jónsson.

Ed. **109. Tillaga**

til þingsályktunar um afnám eftirlauna.

Flutningsmaður: H. J. Kristófersson.

Efri deild Alþingis skorar á landsstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi, eftir að hin nýju stjórnarskipunarlög hafa öðlast gildi, frumvarp til laga um afnám allra eftirlauna, og koma jafnframt með þær tillögur um breytingu á launalöggjöfinni, sjerstaklega að því er snertir jöfnuð launanna, er þurfa þykir.

Ed. **110. Frumvarp**

til laga um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Flutningsmenn: Karl Einarsson, Magnús Pjetursson og Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna kennarastól í klassiskum fræðum (grísku og latínu ásamt þeim fræðum, er þar til teljast).

2. gr.

Sá er skipar kennarastól þann, er í 1. gr. segir, skal verða allra sömu rjettinda aðnjótandi sem dósentar við Háskólann, enda hvíla á honum samsvarandi skyldur.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar 1. okt. 1914.

Fylgiskjal I.

Vjer undirritaðir, sem hið íslenska Stúdentafjelag í Reykjavík kaus í vetur, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um tilhögun kenslumála hjer á landi, leyfum oss að snúa oss til háttv. Alþingis með eftirfarandi erindi:

Vjer teljum það illa farið, að kensla í klassiskum fræðum er alls engin við Háskólann. Með því skipulagi, sem nú er á hinum almenna Mentaskóla,

kann enginn stúdent neitt í grískri tungu, og latínukunnáttan er einnig af skornum skamti. Mun því eigi á löngu líða, þar til er mjög lítill kostur verði latínu- og grísku kunnandi manna eða jafnvel alls enginn. Auk þess er á það að líta, að ef til vill verður Garðsstyrkur bráðlega tekinn af íslenskum stúdentum í Kaupmannahöfn, og yrði vorum löndum þá eigi auðsótt að afla sjer kunnáttu erlendis. En þetta mundi leiða til þess, að bráðlega yrði skortur á hæfum mönnum til þess að kenna latínu í Mentaskólanum. Enn er þess að geta, að guðfræðingum sýnist vera allmikil nauðsyn á því, að komast svo niður í grísku, að þeir megi lesa Nýja testamentið á frummálinu. Ef grískukunnátta legðist með öllu niður, mundi einnig reka að því á sínum tíma, að varla fengist hæfur maður til kenslu í guðfræðisdeild Háskólans, þegar þar yrði kennara vant.

Fyrir því leyfum vjer oss að fara þess á leit, að löggjafarvaldið hlutist til um það, að til fastrar kenslu verði stofnað við Háskólann í klassiskum fræðum sem allra fyrst.

Reykjavík 10. júlí 1914.

Virðingarfylst

Jón Þorkelsson. Einar Arnórsson. Árni Pálsson.

Ólafur Ólafsson. Guðm. Finnbogason. G. T. Zoëga.

Til

hins háa Alþingis.

Fylgiskjal II.

Háskóli Íslands.
Reykjavík 12. júlí 1914.

Útaf brjefi yðar, háttv. alþingismenn, dags. í gær, samþykti Háskólaráðið á fundi í dag með 3 atkv. gegn 1, að »mæla með stofnun fasts kenslustóls í klassiskum fræðum við Háskólann«.

Þetta tilkynnist yður hjer með.

Lárus H. Bjarnason. Einar Arnórsson.

Til

alþingismanna Karls Einarssonar, Benedikts Sveinssonar og Magnúsar Pjetursonar

Nd. **111. Viðaukatillögur**

við frumv. til laga um breyting á lögum um Bjargráðasjóð Íslands frá 10. nóv. 1913 (þgskj. 29).

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. frumv. bætist ný grein, er verði 2. gr. svo hljóðandi:
   Í lögum um Bjargráðasjóð Íslands nr. 45, 10. nóv. 1913, 10. gr. 2. málsgr. orðist setningin: »Nú á sýsla eða kaupstaður« o. s. frv. svo:
   Nú á hreppur eða kaupstaður o. s. frv.

2. Við 1. gr. bætist ný grein, er verði 3. gr. svo hljóðandi:
   Í sömu laga 11. gr. fyrstu málsgrein komi fyrir setninguna: »sem sýslan eða kaupstaðurinn á í Bjargráðasjóðnum«:
   sem hreppurinn eða kaupstaðurinn á í Bjargráðasjóðnum.

3. Við frumv. bætist enn ný grein, er verði 4. gr. svo hljóðandi:
   Í 12. gr. 1. málsgr. sömu laga, komi fyrir »hvert hjerað«:
   hver hreppur eða kaupstaður.

4. Í sömu grein (12.), 2. málsgr. 1. línu að ofan, komi fyrir »einhverju hjeraði«:
   einhverjum hreppi eða kaupstað

5. Í sömu grein (12.), sömu málsgr. 2. línu að ofan, komi fyrir »hjeraðið«:
   hreppur eða kaupstaður.

6. Í sömu gr. (12.), 3. málsgr. komi fyrir »hjeraðs«:
   hrepps eða kaupstaðar.

7. Í sömu málsgrein verði »því hjeraði«:
   þeim hreppi eða kaupstað.

8. Í endi sömu málsgr.: »hjeraðsins« verði:
   hreppsins eða kaupstaðarins.

9. 2. gr. verði 5. gr.

Nd. **112. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum um Bjargráðasjóð Íslands frá 10. nóv. 1913.

Nefnd sú, er neðri deild Alþingis kaus til að athuga frumvarp þetta, telur breytingu þessa til bóta, og líklegt að hún auki vinsældir laganna. Henni er kunnugt um að víða bólaði á óánægju yfir því, að fje það, sem hreppar gjalda, skyldi ekki vera sjereign þeirra, einkum vegna þess, að landsjóðsgjaldið væri ærin sam-

eign til þess að þau sveitarfjelög, sem harðast verða úti, fengju ríflegan styrk í hallæri. Hún vill því mæla með að deildin samþykki frv.

Þá er og nefndinni kunnugt um, að ýmsar aðrar breytingar á lögum þessum hafa komið til tals, þó að ekki þyki ástæða til að hreyfa þeim í þetta sinn. Hún teldi það vel til fallið, að stjórn Bjargráðasjóðsins leitaði álits sveitarstjórna og sýslunefnda um álit þeirra og óskir í þessa átt, þótt hún gangi hins vegar að því vísu, að flestir muni, við nánari athugun, vera á einu máli um það, að meginatriði laganna, fjársöfnunin, sje nauðsynleg, til þess að afstýra hallæri og bæta beðinn skaða, ef það ber að höndum.

Ef breyting sú, sem frv. hefir að geyma, nær fram að ganga, þarf aðrar smábreytingar að gera á fordagæslulögunum, til þess að setja þau í samræmi við breytingu þá, sem gerð yrði á þeim með frv.

Kemur nefndin því með breytingartillögur á þgskj. 111.

Alþingi 16. júlí 1914

Guðm Hannesson, skrifari. Einar Arnórsson, formaður.

Hjörtur Snorrason. Sigurður Sigurðsson.

Skúli Thoroddsen.

(Gerir þó grein fyrir ágreiningi af sinni hálfu — við umræðurnar um málið).

Við erum ósamþykkir samnefndarmönnum okkar um þetta mál að því leyti, að við álítum óþarft og óheppilegt, að gera þær breytingar, sem frumv. fer fram á, á þessu þingi. Við höldum því fram, að heppilegra væri áður en nokkur breyting er ger á lögunum, að Bjargráðastjórnin beri það undir hjeraðs og sveitarstjórnir. Að því búnu myndu bæði lögin sjálf og breytingar þær, er kynnu að vera gerðar á þeim, verða vinsælli. En á hinn bóginn liggur ekki á þeirri breytingu, sem frv. fer fram á.

Pjetur Jónsson. M. J. Kristjánsson.

Nd. **113. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um skipströnd 14. janúar 1876.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þá er strandað skip hefur legið á strandstaðnum eitt ár frá því er strandið varð, og eigi verið selt við opinbert uppboð, samkvæmt strandlögunum, sökum ákvörðunar eiganda um að annast björgunina sjálfur, getur lögreglustjóri látið selja flakið og annað það, er skipinu fylgir og finst á strand-

staðnum, við opinbert uppboð, ef óráðlegt þykir, af ástæðum er almenning varða, að láta það liggja lengur óselt, sbr. þó 4. gr.

2. gr.

Uppboð, er haldin verða samkvæmt 1. gr., skal lögreglustjóri jafnan tilkynna þeim, er lýst hafa eignarrjetti að skipinu, og öðrum, er þar hafa hagsmuna að gæta, ef kunnugt er um heimilisfang þeirra. Að öðrum kosti skal ræðismanni eða öðrum hjerlendum umboðsmanni þess lands, þar sem skipið átti heima, svo og hjerlendum umboðsmanni ábyrgðarsala, gjört aðvart um uppboðið. Andvirði hins selda, að frádregnum uppboðskostnaði og öðrum kostnaði, greiðist þeim, er sannar eignarrjett sinn samkvæmt ákvæðum 23.—24. gr. strandlaganna.

3. gr.

Í söluskilmálum við uppboð samkvæmt 1. gr. sem og við uppboð á strönduðu skipi samkvæmt strandlögunum, skal það ákvæði sett, að skipsleifar, sem eigi eru fluttar burt úr fjörunni, þá er 2 ár eru liðin frá því er skipið strandaði, teljist óskilafje og verði eign fjörueiganda.

4. gr.

Nú hefur eigandi eða ábyrgðarsalar strandaðs skips hafið björgun áður en ár sje liðið frá því er strandið varð og gefið lögreglustjóra til kynna, að björguninni verði haldið áfram að árinu liðnu, og skal þá eigi haldið uppboð samkvæmt 1. gr., heldur er hlutaðeigendum heimilt að halda björguninni áfram um alt að tveggja ára tíma frá því er strandið varð, en þá verður flakið eign fjörueiganda samkvæmt 3. gr. En sýni eigandi eða ábyrgðarsalar stjórnarráðinu fram á, að örðugleikum hafi verið bundið að ljúka björguninni á tveim árum og lýsi því jafnframt yfir, að þeir vilji halda björguninni áfram, skal þeim þó veittur nægur frestur til þess. Þegar eins stendur á, getur uppboðskaupandi samkvæmt 3. gr. fengið samþykki stjórnarráðsins til nauðsynlegrar framlengingar á björgunarfresti, þeim sem þar er áskilinn.

5. gr.

Nú sekkur skip þar sem af því getur stafað hætta eða verulegur farartálmi fyrir siglingar og sjósókn, og getur stjórnarráðið þá látið auðkenna staðinn; jafnframt skal það spyrja þann, er tilkall á til flaksins, hvort björgunartilraunir verði gjörðar, og gjöra honum um leið aðvart um, innan hvers tíma flakið skuli gjört óskaðvænt.

Hafi stjórnarráðið eigi getað fengið vitneskju um, hver tilkall á til flaksins, eða ef hann vill eigi gjöra það óskaðvænt samkvæmt fyrirsögn stjórnarráðsins, getur það sjálft látið gjöra flakið óskaðvænt. Einnig getur stjórnarráðið látið gjöra flak óskaðvænt þegar eftir strandið eða skipbrotið, ef slík ráðstöfun verður að teljast óhjákvæmileg nauðsyn sökum þeirrar hættu, er stafar af flakinu.

6. gr.

Til tryggingar fyrir útgjöldum við yfirvaldaráðstafanir samkvæmt 5. gr.

er skipið og það, sem því fylgir, og enda farmurinn, ef hann er þess eðlis, að af honum stafi hætta eða verulegt óhagræði fyrir siglingar og sjósókn. Stjórnarráðið getur því látið gjöra kyrsetning á þessum munum og skal gjörðinni haldið til dóms við sjódóm strandstaðarins. Hafi stjórnarráðið látið gjöra flak óskaðvænt og sje nokkru bjargað af skipi eða skipsgögnum má selja það við opinbert uppboð, og taka kostnaðinn af andvirðinu án undangenginnar kyrsetningargjörðar.

Ed. **114. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, eru undanþegnar vörutolli, þó því að eins, að þær sjeu endursendar í hinum sömu umbúðum, sem þær voru sendar í frá landinu.

Afhenda skal gjaldheimtumanni landssjóðs á þeim stað, þar sem heimsend vara er sett á land, vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara.

Ed. **115. Frumvarp**

til laga um undanþágu frá ákvæðum 1. gr. í siglingalögum frá 22. nóvember 1913.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Sú undanþága veitist frá ákvæðum 1. gr. siglingalaga frá 22. nóvember 1913, að í stjórn hlutafjelagsins »Eimskipafjelag Íslands« í Reykjavík, sem stofnað var 17. janúar 1914, megi tveir af sjö mönnum í stjórn fjelagsins vera Íslendingar búsettir í Vesturheimi, þótt eigi fullnægi þeir skilyrðum fyrri hluta tjeðrar greinar.

Ed. **116. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 86, 22. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr. orðist svo:

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir

bæjarfulltrúar, auk borgarstjóra. Bæjarstjórnin kýs sjer forseta úr flokki bæjarfulltrúanna.

Borgarstjóri skal kosinn af atkvæðisbærum borgurum kaupstaðarins til 6 ára í senn, enda hafi að minsta kosti 50 kjósendur mælt með kosningu hans. Stjórnarráðið setur nánari reglur um kosningu eftir tillögum bæjarstjórnar. Borgarstjóri hefir 4500 kr. á ári að launum og 1500 kr. í skrifstofufje, og greiðist hvorttveggja úr bæjarsjóði.

2. gr.

Upphaf 2. gr. orðist svo:

Bæjarfulltrúarnir skulu vera 15 að tölu o. s. frv.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem hjer ræðir um, inn í meginmál laga nr. 86, 22. nóv. 1907.

Ed. **117. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 66, 10. nóv. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Vjer undirritaðir, sem háttvirt efri deild skipaði í nefnd til að íhuga mál þetta, höfum nú rætt það með oss á nokkrum fundum, og leyfum oss hjer með að láta uppi álit vort.

Frumvarpið er borið fram af stjórninni, eftir ósk Íslandsbanka, og fer fram á, að seðlaútgáfurjettur bankans sje aukinn úr $2^1/_2$ miljón, sem hann nú er, upp í 5 miljónir.

Vjer nefndarmenn höfum að vísu ekki verið allsendis samdóma um ýms atriði þessa máls, en höfum þó eftir atvikum getað komist að einni niðurstöðu, að ráða háttvirtri efri deild til að samþykkja fyrir sitt leyti aukning seðlaútgáfurjettarins og gefa með því háttvirtri neðri deild kost á, að fá málið í hendur sínar til meðferðar.

Nefndarmenn eru samdóma um, að á viðskiftaþörf landsins og landsmanna sje aðallega að líta í þessu máli, og að það sje hlutverk Alþingis, að stuðla til að henni sje trygt svo nægilegt veltufje, að efling atvinnuvega og framfaravænlegra fyrirtækja heftist ekki. Einnig kannast allir nefndarmenn við, að viðskiftaþörfin sje allmjög vaxin síðan 1901, er upphæð seðlaútgáfu Íslandsbanka var ákveðin, svo að það muni að minsta kosti brátt líða að því, að nauðsyn sje á aukinni seðlaútgáfu.

Meiri hluta nefndarinnar þykir þá ráðlegt að þeirri nauðsyn sje fullnægt, með því að fá Íslandsbanka rjett til meiri seðlaútgáfu en hann nú hefir, og gera það nú þegar, og minni hlutinn, meðundirritaður Björn Þorláksson, og skritari nefndarinnar, geta eftir atvikum fallist á það, þó með þeim athugasemdum, sem á eftir verður greint frá.

Aftur hefir nefndin ekki viljað taka það ráð, að binda seðlaútgáfuaukann við ákveðna upphæð, svo sem farið er fram á í brjefi bankastjórnarinnar, því er frumvarpinu fylgir, heldur láta hana vera óákveðna og miðast við það annars vegar hvað veltu- og viðskiftaþörfin krefur, og hins vegar að fullnægileg trygging sje sett fyrir útgáfunni. Þykir hæfilega tekið tillit til þessa hvorstveggja með því að ákveða, að seðlaupphæð sú, sem úti er í hvert skifti, fari ekki meira en 2 miljónir fram úr verði málmforðans, sem bankinn hefir. Getur þá bankinn gefið út 3200 þúsund, eða 700 þúsundum meira en nú, með sömu hlutfallslegri málmforðatrygging, sem nú er, $^{8}/_{8}$ af seðlaupphæðinni, en hvað sem hann gefur meira út af seðlum, þá fer málmforðatryggingin hækkandi.

Þó vill formaður nefndarinnar láta þess getið, að honum þyki þetta ofmikil takmörkun á seðlaútgáfu bankans, og vill leggja til, að hann megi gefa út 3 miljónir eða að minsta kosti $2^{1}/_{2}$ miljón umfram málmforða.

Aftur vill minni hlutinn (B. Þ. og Kr. D.) taka það fram, að þótt við eins og að framan er greint, göngum að því, sem verður aðaltillaga í nafni allrar nefndarinnar, þá hefir okkur í sjálfu sjer þótt og þykir ærið varhugavert, að landið nú selji nokkuð meira af hendi af seðlaútgáfurjetti sínum en þegar er orðið; því að hann er vitanlega sú fjeþúfa, sem landið ætti sjálft að uppskera allan ávöxt af.

Íslandsbanka hefir að vísu verið veittur einkarjettur til seðlaútgáfu hjer á landi, en jafnframt í upphafi takmörkuð seðlaupphæðin, sem út mætti gefa, og var það ekki af einu saman tilliti til þess, sem landið gæti borið. Meiri hluti nefndarinnar, sem skipuð var í bankamálið á Alþingi 1901, var þeirrar skoðunar, »að landið gæti þolað meiri seðlaútgáfu en $2^{1}/_{2}$ miljón, en vill þó ekki að svo komnu gefa rjett til meiri útgáfu«. Án efa hefir vakað fyrir nefndinni að tryggja það, að Alþingi á sínum tíma gæti haft hönd í bagga með að ráðstafa frekari seðlaútgáfu á þann hátt, er best hagaði fyrir landið. Að minsta kosti er nú, þegar til tals kemur, að auka seðlaútgáfu, tækifæri komið til að íhuga þetta rækilega, með hverjum skilyrðum til hagsmuna fyrir landið afhenda skuli bankanum rjett til frekari seðlaútgáfu. Ýmislegt gæti komið þar til greina, t. d. að landssjóður gæfi sjálfur út seðla, en sjerstaklega viljum við benda á, að beint liggur við, að um leið og seðlaútgáfa er aukin, komi það einnig til góða Landsbankanum, sem er eign landsins, og vitanlega sjer til eflingar hefir sömu þörf fyrir aukna seðlafúlgu, þar sem jafnvel hefir fyrir komið, að hann hafi þurft að grípa til þess að fá útlenda seðla. Á það hefir verið bent, að aukin seðlaútgáfa Íslandsbanka muni verða til nota einnig fyrir Landsbankann, og hann geta fengið seðla Íslandsbanka með betri kjörum en að fá útlenda seðla. Enda höfum við viljað bæta nokkru skilorði um það inn í frumvarpið, en viljum þó ekki fara lengra en að lýsa yfir því, sem allir nefndarmenn eru sammála um, að nefndin gengur út frá því gefnu, að Íslandsbanki á hverjum tíma, er viðskifti hans og seðlavelta leyfir, miðli Landsbankanum seðlum eftir þörfum hans með hæfilegum kjörum.

Í annan stað viljum við láta þess getið, að sú er skoðun okkar, að ekki sje að vísu brýn nauðsyn orðin enn á að seðlaútgáfa bankans sje aukin nú þegar á þessu þingi. Að jafnaði hefir hann ekki haft seðla í umferð meiri en nokkuð yfir 1 miljón, hæst samkv. reikningi hans í síðastl. október 2,105,285 kr., sem undir eins lækkaði í næsta mánuði, og komst aftur í mars þ. á. niður í 1,201,910 kr. Þá hefir bankinn heldur ekki enn aukið veltufje sitt á þann hátt, sem honum var heimilað með lögum nr. 81, 22. nóv. 1907, að auka hlutafje sitt

um 2 miljónir. Samkvæmt þeim lögum var á aðalfundi hluthafa bankans 7. mars 1908, gerð á reglugerð bankans sú breyting, og staðfest af ráðherra 30. jan. 1909, að: »hlutafje bankans *skal* aukið« um 2 miljónir króna. En sú aukning hefir eigi verið framkvæmd, og sje það af þeirri orsök, að hlutabrjef bankans hafa staðið í svo lágu verði, og standa, þá getur það ekki annað en hvatt fremur til varygðar í að auka seðlaútgáfurjett hans um skör fram, því að þó að þetta þurfi ekki að benda á eða bendi í raun og veru á, að hagur bankans standi á völtum fæti, þá minnir það þó á að óhugsandi er eigi, að svo færi, og yrði þá landssjóður að bera veg og vanda af seðlum hans, og greiða ef til kæmi þann hluta seðlafúlgunnar, sem ekki er gulltryggður, þar sem með lögum er boðið, að seðlarnir skuli vera gjaldgengir sem gull væri.

Enn viljum við láta í ljósi þá skoðun, að öruggast hefði verið, að málmforðatrygging væri áskilin 50%, eins og til var ætlast í upphafi, þó að hitt yrði úr að láta nægja $^3/_8$, sem tryggingin nú er. En ganga verður þá að því sjálfsögðu, að fyrirmælum laganna um málmforðann sje vandlega fylgt, bæði að því er snertir þá $^3/_4$ hluti málmforðans, er vera skulu í gjaldgengri mynt og gulli, og þann $^1/_4$ hluta, er telja má til málmforðans í verðbrjefum og erlendum seðlum.

Með þessum athugasemdum til íhugunar fyrir háttvirta deild, álítum við þó rjettara, að hindra það eigi, að frumvarpið fái að ganga til háttvirtrar neðri deildar, og höfum, eins og að framan er getið, orðið ásáttir við meðnefndarmenn okkar, að ráða til að samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Orðin í 1. málsgrein: »nemi alt að 5 miljónum króna og« falli burt.

2. — 1. — Aftan við 1. grein bætist:
og 3) gegn því, að seðlaupphæð sú, sem úti er í hvert skifti, fari ekki meira en 2 miljónir króna fram úr verði málmforða þess, er bankinn hefir í vörslum sínum.

Alþingi, 16. júlí 1914.

J. Havsteen, formaður. Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögum. Björn Þorláksson.

Eiríkur Briem. Steingrímur Jónsson.

Nd. **118. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landstjórnina, til þess að ábyrgjast fyrir hönd landsjóðs skipaveðlán h/f »Eimskipafjelag Íslands«.

Flutningsmenn: Sveinn Björnsson, Björn Kristjánsson, Bjarni Jónsson frá Vogi, Þorleifur Jónsson og Sigurður Gunnarsson.

Landstjórninni veitist heimild til þess, að ábyrgjast greiðslu á 1/4 hluta veðláns, að upphæð 600,000 krónur, sem h/f Eimskipafjelag Íslands tekur í erlendum banka, til þess að kosta smíði á tveim millilandaskipum, sem fjelagið hefir nú samið um smíði á. Lánið endurborgist á 12 árum, með jöfnum árlegum afborgunum og sje trygt með 1. veðrjetti í umræddum tveim millilandaskipum.

Nd. **119. Nefndarálit**

um frv. til laga um friðun fugla og eggja nr. 59, 10. nóv. 1913.

Nefndin í frv. til laga um breyting á lögum um friðun fugla og eggja nr. 59, 10. nóv. 1913, leggur til að frv. verði samþykt.

Alþingi 15. júlí 1914.

M. J. Kristjánsson, formaður. Bjarni Jónsson frá Vogi, skrifari.

Þórarinn Benediktsson. Hjörtur Snorrason. Einar Jónsson.

Nd. **120. Frumvarp**

til laga um afhendingu á landi til stækkunar á kirkjugarðinum í Reykjavík.

Flutningsmenn: Jón Magnússon og Sveinn Björnsson.

1. gr.

Skylt er hverjum manni, er land á að kirkjugarðinum í Reykjavík, að láta af hendi nauðsynlegt land til stækkunar kirkjugarðinum, gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.

2. gr.

Ráðherra Íslands í samráði við biskup ákveður, hvað mikið land þurfi að taka til viðbótar kirkjugarðinum og hve nær eignarnám skuli fram fara. Ef

ekki geta komist á samningar milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka til viðbótar kirkjugarðinum, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Við matið skal tekið tillit til verðmætis landsins, þar á meðal þess, hvort það er útmæld byggingarlóð eða ekki, og sjeu hús eða önnur mannvirki á landinu skulu þau bætt að fullu.

Nd. **121. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. *Við 2. gr.:*
   a) Í a-lið falli burt orðin: »hlutafje eða«
   b) Á eftir d-lið komi:
   Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar sinnum í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fresti, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

2. *Við 3. gr.:*
   a) Orðið »hlutafje« falli burt.
   b) Orðin »nema því að eins« og út greinina falli burt.

3. *Við 6. gr.:*
   Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
   Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir sjeu stjórnendur o. s. frv.

4. *Við 8. gr.:*
   Fyrri málsgrein greinarinnar:
   »Um stjórnarkosning . . . . . eigi fullnægjandi« falli burt.

5. *10. gr.* falli burt og greinatalan þar á eftir breytist samkvæmt því.

6. *Við 12. gr.:*
   Síðasta málsgrein greinarinnar orðist svo:
   Stjórnarráðið setur reglur um bókfærslu sparisjóða og ákveður fyrirmynd allra skjala, eftir tillögum umsjónarmanns.

7. *Við 13. gr.:*
   a) 2. málsgr. greinarinnar:
   »Eigi má . . . greiddu hlutafje« falli burt.
   b) 3. málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Sjáltskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má eigi veita nema í lengsta lagi til eins árs, og eigi má endurnýja þau oftar en svo, að innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.

8. *Við 14. gr.:*
   Byrjun greinarinnar orðist svo:
   Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar mega sparisjóðir ekki taka lán o. s. frv.

9. *Við 16. gr.:*
   a) Orðin: »til innlausnar á hlutafje eða« falli burt.
   b) Orðin: »og umsjónarmanns sparisjóðanna« í síðustu málsgr. greinarinnar falli burt.

10. *Við 21. gr.:*
   a) Orðin: »alt að tveim þriðjungum af« falli burt.
   b) Orðin: »Afgangurinn rennur í landssjóð« falli burt.

11. *Við 22. gr.:*
   Aftan við greinina bætist:
   Og ferðakostnaður eftir reikningi.

12. *Við 23. gr.:*
   a) »á landinu« á tveim stöðum í greininni breytist í:
   í landinu.
   b) 3. málsgr. greinarinnar: »Heimilt er . . . ákvörðun stjórnarráðsins«, falli burt.

13. *24. gr.* falli burt og greinatalan á eftir breytist eftir því.

14. *29. gr.* orðist svo:
   Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánstofnana þeirra, sem nú hafa rjett til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sjerstökum lögum.

Nd. **122. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá meiri hlutanum.

Nefndin hefir íhugað mál þetta rækilega á mörgum fundum, allir nefndar-

mennirnir. Svo fór þó að lokum, að þrír nefndarmenn treystust eigi til þess, að fylgjast með meiri hlutanum. Gera þeir grein fyrir ástæðum sínum í sérstöku nefndaráliti, og skal því eigi hjer farið frekar út í það í hverju ágreiningurinn felst, heldur að eins skýrt frá niðurstöðu meiri hlutans og ástæðum fyrir henni.

Eins og ástæður stjórnarinnar, sem frumvarpinu fylgja, bera með sjer, lá mál þetta fyrir Alþingi 1913. Var málið tekið til meðferðar í báðum deildum og fjell svo við 3. umr. í neðri deild með litlum atkvæðamun.

Meiri hlutinn felst á þá skoðun, sem virðist hafa verið ríkjandi á þinginu 1913 og hjá stjórninni, að þörf sje á löggjöf um sparisjóði. Sparisjóðum hefir fjölgað á síðustu árum og fje það, sem þeim er trúað fyrir, eykst óðfluga ár frá ári; aukningin skiftir miljónum á stuttu árabili. Sýnir þetta það hvorttveggja, að velmegun eykst í landinu og að menn eru farnir að hafa hug á því, að leggja fyrir til geymslu af aflafje sínu. Þá viðleitni ber löggjafarvaldinu að styðja, svo sem því verður við komið.

Eitt ráðið, til þess að styðja þessa viðleitni, er að tryggja sem best, að fyrirkomulagi og starfsháttum sparisjóðanna sje þannig hagað, að menn fái það traust á þeim, að óhætt sje að trúa þeim fyrir fje sínu. Að þessu teljum vjer miða frumvarp það, sem fyrir deildinni liggur, og viljum vjer því ráða deildinni til að samþykkja það, en þó með talsverðum breytingum.

Aðalhlutverk sparisjóðanna er að taka við fje manna til geymslu og ávaxta það á sem tryggastan hátt. En reynslan hefir sýnt það hjer á landi, að vegna hins ófullkomna bankafyrirkomulags í landinu, hafa sparisjóðirnir getað gert mikið gagn með því að vera jafnframt lánsstofnanir fyrir hjeraðsbúa, hver í sínu hjeraði. Þessa starfsemi sparisjóðanna má eigi hefta að nauðsynjalausu. Það mundi baka landsmönnum alt of tilfinnanleg óþægindi. En einmitt af þessari ástæðu verður því nauðsynlegra, að þess sje krafist af sparisjóðunum, að þeir starfi eftir fyrirfram ákveðnum reglum og sjeu háðir nákvæmu eftirliti hins opinbera.

Því hefir að vísu verið haldið fram af sumum, að þessi sparisjóðalöggjöf sje ótímabær. Sparisjóðirnir hafi starfað eftirlitslaust af hálfu hins opinbera hingað til og ekkert eða lítið tjón af hlotist. Að vísu liggja eigi fyrir svo nákvæmar skýrlsur um starfsemi sparisjóða þeirra, sem starfað hafa í landinu hingað til, að nokkuð ákveðið verði fullyrt um þetta atriði, hvorki til nje frá. Eitthvað mun þó hafa þótt ábótavant einstöku sparisjóðum; tjón geta þegar hafa orðið, án þess komin sjeu fram í dagsbirtuna og tjón geta orðið á hverri stundu. En auk þess, sem slík sparisjóðalöggjöf mun auka traust á sparisjóðunum hjá almenningi, og þar með hvetja menn til frekari sparisjóðainnlaga, þá getur það eigi skoðast löggjöfinni óskylt að gera ráðstafanir, til þess að fyrirbyggja að tjón geti hlotist í þessu efni, að »byrgja brunninn áður en barnið dettur í hann«. Og það mun mega fullyrða, enda sýnir reynslan það í öðrum löndum, að eftir því sem sparisjóðirnir stækka, vex hættan á að tjón verði.

Það hefir nú vakað fyrir oss, að reyna að koma lagafrumv. í það horf, að tryggingarákvæðin verði sem haldbest, án þess þó að hefta um of starfsemi sparisjóðanna sem lánsstofnana í sínu hjeraði. Að þessu miða flestar breytingartillögur vorar.

Að stefnan ætti að vera þessi, voru allir nefndarmenn sammála um. Það, sem aðallega greindi á um, var það, hvort þörf væri á umsjónarmanni eða eigi.

Meiri hlutinn er eindregið þeirrar skoðunar, að ekki verði náð tilgangi laganna, nema jafnframt sje sjeð fyrir sjerstöku eftirliti, með því að ákvæðum laganna sje fylgt og eftirliti með starfsemi sparisjóðanna yfirleitt. Og meiri hlutinn álítur að þessu eftirliti verði best fyrir komið í höndum eins manns, sem hafi eftirlit með öllum sparisjóðum í landinu.

Það, sem meiri hlutinn byggir þessa skoðun sína á, er í stuttu máli það, sem hjer segir:

Það sem öryggi sparisjóðanna verður að byggjast á, er m. a. það, *að* öll bókfærsla sje með heppilegu fyrirkomulagi, regluleg og áreiðanleg; *að* fylgt sje ákveðnum reglum um lánveitingar, innborganir og útborganir, vörslu sjóðfjárins og afskifti starfsmanna af störfum sjóðsins; *að* gengið sje lögformlega frá öllum skjölum sparisjóðsins, skuldbindingum og tryggingarbrjefum lántakenda, og þeim haldið í fullu gildi; *að* tryggingar fyrir lánum sjeu góðar.

Um 3 atriðin, sem fyrst voru talin, er engin vafi, að þau eru jafnáríðandi sem hið síðasttalda. En þar þarf einmitt stöðugt, að minsta kosti árlegt eftirlit, og til þess þarf nokkuð hæfan bankamann. Ef þessi maður er einn og sami, maður fyrir alt landið, þá getur hann komið á og haldið við samræmi í þessum greinum milli allra sparisjóða í landinu, en það er talsvert þýðingarmikið atriði. Auk þess fær hann smátt og smátt svo góða æfingu í að líta eftir, að hann sjer fljótar og glöggar, ef einhverjir misbrestir eru, heldur en vænta mætti af fleiri eftirlitsmönnum, ef það ráð væri tekið, að láta marga menn hafa eftirlitið á hendi, hvern með fáum sparisjóðum. Auk þessa mun slíkur maður hafa skilyrði til þess, að geta dæmt talsvert glögt um tryggingar fyrir lánum, þótt eigi væri hann persónulega kunnugur lántakendum og ábyrgðarmönnum. Slíkir menn fá fljótt æfingu í því, að finna á ýmsum ytri merkjum hvort ástæða sje að gruna um að trygging sje eigi nægileg (t. d. lánað hátt út á 2. veðrjett eða 3. veðrjett í fasteign, sömu menn í mörgum ábyrgðum, samflæktir í ábyrgðir o. s. frv.), og munu þá ganga úr skugga um það, hvort nokkuð sje þar athugavert. Hann stendur oft betur að vígi en innanhjeraðsmenn bæði að sjá galla og kippa þeim í lag, með því að hann verður venjulega ekkert við þá riðinn, sem við sjóðinn eiga skifti eða við hann starfa.

Meiri hlutinn leggur því til að haldið sje að mestu fyrirkomulagi því um eftirlitið, sem gert er ráð fyrir í stjórnarfrumv. En meiri hlutinn álítur, að rjett sje að kostnaður við eftirlitið verði greiddur af almanna fje, og vill því sleppa sparisjóðunum við árgjald það, sem frumv. gerir ráð fyrir, enda kæmi það fullhart niður á sparisjóðunum.

Meiri hlutinn álítur ekki rjett að heimila, að sparisjóðir sjeu hlutafjelagseign. Hlutafjelög eru eftir almennri málvenju nefnd fjelög með takmarkaðri ábyrgð. En slíkt teljum vjer afaróheppilegt og ekki geta samrýmst hugsun þeirri, er liggur bak við frumv. þetta.

Að öðru leyti þykir eigi þörf á, að fara út í einstakar breytingartillögur nefndarinnar, enda mun gerð nokkuð frekari grein fyrir þeim í framsögu málsins.

Alþingi 16. júlí 1914.

Sigurður Gunnarsson, formaður.	Sveinn Björnsson, skrifari og framsögumaður.
M. J. Kristjánsson.	Matth. Ólafsson.

Nd. **123. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík.

Frá Sveini Björnssyni og Jóni Magnússyni.

1. Í 1. málsgr. 2. greinar fyrir »annaðhvort ár« komi:
annaðhvert ár.
1. Í 4. gr. fyrir »eið« komi:
drengskaparheit.

Nd. **124. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 66, 22. nóv. 1913, um girðingar.

Flutningsm: Stefán Stefánsson Eyf.

Við 1. gr. Í stað orðanna í fyrstu málsgrein: »meta notagildi girðingarinnar .... um sig« komi:

meta notagildi girðingarinnar fyrir allar jarðir, sem hlut eiga að máli, og jafna niður girðingarkostnaði á jarðeigendur, að tiltölu við gagn hverrar jarðar um sig. Ábúandi er skyldur að halda við girðingu og greiða árlega 2% af girðingarkostnaði, nema öðruvísi sje um samið.

Í stað orðana í næstu málsgrein: »svo sem áður er ummælt« komi:

og greiðir þá kauptúnið eða landeigandi helming girðingarkostnaðar.

Ed. **125. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Stóra-Fjarðarhorni við Kollafjörð í í Strandasýslu.

Flutningsmaður: Magnús Pjetursson.

1. gr.

Að Stóra-Fjarðarhorni við Kollafjörð í Strandasýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvbr. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **126. Frumvarp**

til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Er meta skal verðmæti lóða eða landa Reykjavíkurkaupstaðar, sem bæjarstjórn Reykjavíkur selur öðrum, lætur á leigu eða erfðafestu, eða lætur til einhverra sjerstakra afnota, svo og er meta skal leiguna eða afnotagjaldið, skal það gert af sjerstakri matsnefnd.

2. gr.

Matsnefndina skipa þrír menn, sem kosnir sjeu til 6 ára í senn; kýs bæjarstjórnin 2 þeirra, en stjórnarráðið einn og er sá formaður nefndarinnar. Gengur einn úr nefndinni annaðhvert ár. Fyrstu tvö skiftin ræður hlutkesti, hver úr skuli ganga.

Á sama hátt kýs stjórnarráðið einn varamann, er taki sæti í nefndinni, ef formaður hennar forfallast, og bæjarstjórnin tvo varamenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna.

Nefndarmenn, hvort sem er aðalmaður eða varamaður, sem úr gengur, má kjósa aftur svo oft sem vill.

3. gr.

Hver nefndarmaður fær 4 krónur fyrir hvern dag, sem hann er að mati. Kostnaðurinn við mat hvert greiðist úr bæjarsjóði, nema öðruvísi sje um samið.

4. gr.

Hver nefndarmaður skal, áður en hann tekur til starfa í nefndinni, vinna drengskaparheit að því, að hann skuli framkvæma starf sitt í nefndinni eftir bestu samvisku.

5. gr.

Hvert land og hverja lóð, sem metin er, skal meta eins og þau mundu sanngjarnlega seld, leigð eða látin til sjerstakra afnota. Við matið skal sjerstaklega tekið tillit til legu hins metna, hve mikill hluti þess liggur við götu eða alfaraveg, eða ef ekki liggur við götu, nálægðar við götu eða alfaraveg, hvort hið metna er sjerstaklega hæft til sjerstakra afnota, hverju verði lóðir eða lönd, sem liggja að lóð þeirri eða landi, sem meta á eða í nágrenninu hafa síðast verið seld eða metin, eða hver leiga eða afnotagjald er goldin, eða hefir síðast verið goldin fyrir nágrannalóðirnar og löndin, ef leigumálinn er ekki eldri en 5 ára.

6. gr.

Ef nefndarmenn greinir á um matið, ræður afl atkvæða.

7. gr.

Bæjarstjórnin setur ítarlegar reglur um mat á lóðum og löndum í Reykjavíkurkaupstað.

8. gr.

Matsnefnd sú, sem skipuð verður samkvæmt lögum þessum, skal framkvæma mat á lóðum og löndum einstakra manna, sem taka þarf að nokkru eða öllu undir götur, vegi, torg eða til annara þarfa bæjarfjelagsins lögum samkvæmt, svo og önnur möt, sem bæjarstjórnin vill fela henni.

Ed. **127. Frumvarp**

til laga um breyting á 6. gr. í lögum nr. 86, 22. nóv. 1907, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

6. gr. í lögum 22. nóv. 1907 um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík orðist svo:

Innan loka nóvembermánaðar ár hvert skal samin áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár. Í áætluninni skal talin sem sjerstakur tekjuliður tekjuafgangur sá, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður. Einnig skal taka í áætlunina sem sjerstakan gjaldalið tekjuhalla þann, er orðið hefir á reikningi bæjarsjóðs næsta ár áður en áætlunin var samin, nema tekjuhallinn stafi af kostnaði af verki, sem greiða skal með lánsfje. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með hálfs mánaðar millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein út af fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eftir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar. Áætlun þessa skal leggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en 14 daga í desembermánuði ár hvert. —

Ed. **128. Frumvarp**

til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Reykjavíkur og gera nákvæman uppdrátt af þeim.

Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni.

2. gr.

Mælikvarði uppdráttarins skal ekki vera minni en 1 : 500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða, og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

3. gr.

Bæjarstjórnin ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir að láta þeim í tje þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa til þess að geta framkvæmt starf sitt.

Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda sjeu þeir heimilisfastir í Reykjavík eða þar staddir, viðvart með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hve nær merki verði ákveðin. Er þeim rjett að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún þá og lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóða.

Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi rjettar síns til að vera þar við, og ákveður mælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðareigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum.

Eigendur eða umboðsmenn lóða, er eigi hafa sótt merkjastefnu, geta, ef þeir vilja eigi hlíta merkjasetningu, gert mælingamanni innan 4 vikna eftir merkjastefnu viðvart, og fer um dómsvald á ágreiningi lóðarmerkja, þegar svo stendur á, eftir lögum þessum.

4. gr.

Bæjarstjórnin löggildir bók, sem nefnist lóðamerkjabók. Skal mælingamaður rita í hana lýsing á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit af aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar, eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, bygðra og óbygðra. Mælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra, skulu undirskrifa lýsinguna, en rjett er lóðaeigendum að gera fyrirvara um ágreining, ef samkomulag fæst eigi um merkin, og skal þá sýna á eftirritinu af uppdrættinum svo greinilega sem unt er, hvað milli ber um merkin. Mælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur rjettari, eða geti hann á hvoruga fallist, hvar hann telur merki rjettast eftir öllum atvikum.

5. gr.

Úr öllum þrætum um merki lóða sker merkjadómur. Merkjadóm þenna skipa 3 menn. Kýs stjórnarráðið einn; skal hann vera lögfræðingur, og er hann formaður dómsins. Annan hinna tveggja kýs landsyfirdómurinn, en bæjarstjórnin hinn. Þrír varamenn skulu og kosnir á sama hátt. Varamaður tekur sæti í

dóminum, ef aðalmaður deyr, eða forfallist sá, sem hann er varamaður fyrir. Ef bæði aðalmaður og varamaður deyja eða forfallast, skal sá, sem kaus þá, velja mann í staðinn. Í dóminum ræður afl atkvæða úrslitum. Um óhæfi (inhabilitet) merkjadómara gilda sömu reglur sem um óhæfi reglulegra dómara, samkvæmt landslögum. Áður en merkjadómari byrjar störf sín í dóminum, skal hann skrifa undir eiðspjall. Hverjum merkjadómara ber 4 kr. í þóknun fyrir hvern dag, er hann situr að merkjadómi.

6. gr.

Nú verður ágreiningur um lóðamörk, og sendir þá mælingamaður formanni merkjadóms uppdrátt af þrætulóðunum og skýrslu um það í hverju ágreiningurinn sje fólginn. Formaður merkjadóms kveður málsaðilja síðan til þess að sækja merkjadómþing með hæfilegum fyrirvara, er venjulega sje eigi lengri en 3 sólarhringar. Skal einn löggiltur stefnuvottur birta fyrirkallið. Á merkjadómþingi leggja málsaðiljar fram gögn sín og leiða vitni, ef með þarf. Dómendur ganga á merki, ef þeim þykir það nauðsynlegt, áður eða eftir að vitnaleiðsla hefir fram farið.

Vitnum er skylt að mæta fyrir merkjadómi með einnar nætur fyrirvara. Ákvæði N. L. 1—13—13 gildir eigi. Frestir skulu sem stytstir vera, og eigi lengri en 3 sólarhringar, nema brýna nauðsyn beri til. Merkjamál þarf ekki að leggja til sátta.

Nú sækja aðiljar eigi merkjadómþing, og skal þá málið fara eftir rjettarfarsreglum einkamála. Þó gilda ákvæðin í tilsk. 15. ág. 1832, 9. og 14. gr. um endurupptöku (reassumption) máls eigi.

7. gr.

Dómur í merkjamáli skal uppkveðinn innan 3 sólarhringa eftir dómtöku, nema mál sje óvenjulega umfangsmikið, enda má dómsuppsögn aldrei dragast lengur en 14 daga.

Í merkjadómi skulu lóðamerki ákveðin. Tilkynnir formaður merkjadóms málsaðiljum og mælingamanni, hvar og hve nær dómur verði uppkveðinn. Mælingamaður afmarkar síðan lóðina á uppdrættinum, eins og merkjadómur hefir ákveðið hana, og innfærir í lóðamerkjabók.

Merkjadómur kveður og á um greiðslu málskostnaðar, þar á meðal greiðslu á kaupi dómenda. Merkjadómi má fullnægja sem öðrum dómum. Fullnægjufrestur er 3 sólarhringar eftir dómsuppsögn.

8. gr.

Merkjadómi má skjóta til landsyfirdóms áður liðnar sjeu 4 vikur frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að 3 mánuðir eru liðnir frá dómsuppsögn. Ákvæði N. L. 1—2—3 um stefnu til dómara gilda eigi um þetta málskot, enda sje merkjadómöndum eigi stefnt til ábyrgðar fyrir dóm sinn eða málsmeðferð. Að öðru leyti gilda almennar rjettarfarsreglur einkamála um meðferð merkjamála bæði fyrir merkjadómi og yfirdómi, að því leyti sem við ...

9. gr.

Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa í kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af stjórnarráði Íslands. Stjórnarráðið setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnarinnar, reglur um, hvernig skrásetningunni skuli hagað.

10. gr.

Í skrá þessa og á aðaluppdráttum skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin mann til að hafa starfa þenna á hendi.

11. gr.

Nú verða eigandaskifti að skrásettri lóð, hvort sem heldur er fyrir samning eða nauðungarráðstöfun, og er afsal þá eigi gilt, enda má eigi þinglýsa því, nema lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á það um það, að eigandaskiftanna sje getið í lóðaskrá.

Ef skrásettri lóð er skift í hluta, má eigi þinglýsa skjali um skiftinguna, nema því fylgi vottorð lóðaskrárritara um samþykki hans á skiftingunni.

12. gr.

Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í tje staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir hvert eftirrit greiðist 2 kr. Sama gjald greiðist fyrir vottorð þau, er ræðir um í 10. gr.

13. gr.

Bæjarstjórnin getur á sama hátt látið skrásetja og mæla lóðir og lönd utan kaupstaðarlóðarinnar, en innan lögsagnarumdæmisins, er þá færist á aukaskrá. Um aukaskrána gilda hin sömu ákvæði, sem hjer að framan eru sett um aðalskrána.

14. gr.

Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 7. gr.

15. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar bæjarstjórnin veitir fje það, sem til þess er nauðsynlegt.

Nd. **129. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum og viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Meðan vöntun er á íslenskum vjelstjórum, sem fullnægja ákvæðum laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum frá 11. júlí 1911, getur stjórnarráð Íslands veitt mönnum, er til þess teljast hæfir, leyfi til þess að vera vjelstjórar á íslenskum gufuskipum, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum nefndra laga enda hafi þeir meðmæli eftirlitsmanns með vjelum skips þess, er þeir ætla að verða vjelstjórar á, og vjelfræðikennarans við stýrimannaskólann.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911 um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum, dags. 2. mars 1914.

3. gr.

b-liður 3. gr. laga frá 11. júlí 1911 orðist svo:

Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár á einhverju því verkstæði hjer á landi, sem stjórnarráðið mælir með fyrir slíka iðnnema, eða hafi stundað járnsmíði á slíku verkstæði í 1 ár og síðan verið undirvjelstjóri með undanþágu í 2 ár, enda hafi hann fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.

4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna frá 1911 bætist:
eða hafi siglt 2 ár sem yfirvjelstjóri með undanþágu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **130. Nefndarálit**

um frv. til laga um notkun bifreiða.

Frumvarpið er í fullu samræmi við lög Norðmanna (21. júní 1912); þau hefir nefndin kynt sér og líka bifreiðalög Dana (29. apr. 1913); enn fremur þær meginsetningar, sem nú má kalla alþjóðalög.

En það kom fljótt í ljós, að hjer varð á fleira að líta. Hjer á landi er ferðum og flutningum öðru vísi háttað en alment gerist erlendis. Urðum við líka varir við kærur og kvartanir úr ýmsum áttum, mikinn ímugust á bifreiðunum,

og sáum okkur ekki fært, að dæma um þau kærumál vegna ókunnugleika; rjeðum því af, að fara sjálfir rannsóknarferðir, til þess að athuga alt með eigin augum. Bifreiðaeigendur hjer í bæ kviðu því, að þingið kynni að þröngva kosti þeirra, vegna ókunnugleika flestra þingmanna, og fögnuðu þessari fyrirætlan nefndarinnar og lögðu til vagnana. Nú eru hjer tvenskonar bifreiðar (Ford og Overland). Fórum við (allir nema formaður) á Ford-vagni 14. júlí austur að Þjórsá, og fylgir hjer með skýrsla um þá ferð. Síðan fórum við 16. júlí í Overland-vagni austur yfir fjall og upp í Grímsnes, og munum síðar láta í tje skýrslu um þá rannsóknarferð. Varð okkur ljóst, að alls engin ástæða er til að gera mun á þessum tvenskonar bifreiðum í lagafyrirmælum um notkunina.

Þessar rannsóknir nefndarinnar hafa leitt í ljós, að kærurnar yfir bifreiðunum eru ekki á fullum rökum bygðar, og alls engin ástæða til að beita öðrum eða harðari lögum hjer en annarsstaðar um notkun þeirra.

Þess vegna leggjum við til, að frumvarpið verði samþykt með þeim fáu breytingum, sem nefndin ber upp og mun gera grein fyrir í umræðum um frv.

Jafnframt leyfir nefndin sjer, að vekja athygli Alþingis og stjórnarinnar á þeim miklu annmörkum, sem nú eru á austurveginum, fjölförnustu flutningabrautinni, og ýmiskonar ólagi á umferðinni um hana, einkum kerruflutningunum; er því lýst í ferðaskýrslu nefndarinnar.

Þess skal geta, að Ford-vagninn, sem nefndarmenn fengu til afnota, var 163 cm. á breidd, c. 700 kgr. á þyngd, og vjelin 20 hesta maki.

Overland-vagninn var $169^1/_2$ cm. á breidd, c. 1250 kgr. á þyngd, og vjelin talin 30 hesta maki.

Þessir vagnar eru jafn-gleiðgengir (sama hjólabil), en hjólskuplurnar eru ögn breiðari á Overland-vagninum.

Efri deild Alþingis 17. júlí 1914.

J. Havsteen, formaður.	G. Björnsson, ritari og framsögumaður.

Guðm. Ólafsson. Karl Finnbogason. Magnús Pjetursson.

Fylgiskjal með nefndaráliti á þingskjali 130.

Rannsókn á umferð um flutningabrautina milli Reykjavíkur og Þjórsártúns 14. dag júlím. 1914.

Við nefndarmenn lögðum upp í Ford-vagni kl. $10^1/_4$ árd., og hjeldum sem leið liggur austur á Eyrarbakka, þaðan aftur að Ölfusá, síðan að Þjórsárbrú, snerum þar við, hjeldum heim beina leið og komum til Reykjavíkur um kvöldið kl. $8^1/_2$.

Þjóðvegurinn austur að Þjórsá er mjög víða skemdur; ofan til í Svínahrauni er hann orðinn grýttur og ósljettur; frá hrauninu upp að fjalli var þennan dag

sökkvandi for, líkt og í leysingum á vordag; austan til á fjallinu er vegurinn nú bæði grýttur og holóttur; milli brúnna (í Flóanum) eru *mjög* víða hvörf og djúp vagnför. Þessir kaflar eru verstir, en smá-skemdir alstaðar og hvergi langt í milli. Hefir vegurinn ekki í mörg ár verið svo illa út leikinn, að dómi ritara nefndarinnar, sem því er kunnugastur.

Þennan dag, 14. júlí, kvað langmest að *vagnferðum* um veginn (kaupstaðarferðum); alt voru það fjaðralausar tvíhjóla kerrur með 1 hesti fyrir, nema örfáir póstvagnar og »smjörvagnar«; þeir einir voru ferhjóla, á fjöðrum, og ökumaður í vagninum; kerruhestar eru jafnan teymdir. Mjög oft eru lausir hestar með kerrunum til skiftanna, en mjög fáa hesta sáum við undir áburði. Fátt sást af fólki á reið, annað en það, sem fylgdi kerrunum.

Fer hjer á eftir skýrsla um alt það, sem varð á vegi nefndarmanna í þessari ferð:

14. dag júlímán. 1914.	Sauðfje	Bifreiðar	Vagnar	Göngumenn	Hjólreiðamenn	Nautgripir	Reiðmenn	Lausirh. (flestir) og klyfjah. (fáir)	Hestar samtals
1. *Rvík*—Ölfusá (kl. 10^{14} árd.—1^{10} síðd.)	...	1	63	...	...	...	50	24	141
2. Ölfusá—Eyrab. (kl. 1^{50}—2^{38})	1[1])	1	20	...	...	...	12	10	44
3. Eyrarb.—Ölfusá (kl. 2^{47}—3^{15})	...	...	16	...	...	...	10	4	31
4. Ölfusá—Þjórsá (kl. 3^{20}—3^{58})	...	1	23	...	...	...	18	10	54
5. Þjórsá—Ölfusá (kl. 5^{34}—6^{18})	...	...	33	...	...	...	33	14	80
6. Ölfusá—*Rvík* (kl. 6^{18}—8^{28})	...	1	55	...	1	...	54	20	130
Samtals	1	4	210	15-20	1	21	177	82	480

En mest reið á því, að við gætum fært þinginu glögga og ljósa vitneskju um það, hvernig menn hátta ferðum sínum á þessum fjölfarna þjóðvegi, hvað helst veldur töfum og tálma og mestu varðar, að bannað sje með lögum, og auðsætt að þá verður að hafa umferðinni í heild sinni fyrir augum, og ekki einblína á bifreiðarnar.

Það er þá auðsætt að klyfjaflutningur er að miklu leyti úr sögunni hjer um slóðir, svo að hans gætir ekki að neinum mun. Umferð af lausríðandi fólki virðist líka fara óðum þverrandi; á sumrum fer nú fjöldi fólks á póstvögnunum fram og aftur — við mættum 4 póstv., fullum af fólki. Og *austanmenn* eru þegar teknir að nota bifreiðarnar til suðurferða, þótt þeir eigi nóg af ferðahestum; vekur það undrun hversu mikið kveður að þeirri notkun bifreiðanna.

Hjer er því aðallega um vagnferðir að ræða; austurvegurinn er orðinn sannnefndur vagnvegur.

Það leynir sjer nú ekki að vagnferðir bænda hjer á landi eru harla ólíkar því, sem tíðkast erlendis. Þar hafa bændur allajafna ferhjóla fjaðravagna (eiga líka oftast tvíhjóla ljettivagna) til flutninga og ýmist 1 eða 2 hesta fyrir; sitja þeir á vagninum, og þá líka þeir aðrir, sem í ferð eru með þeim.

Hjer hafa bændur allir luralegar og fjaðralausar, tvíhjóla kerrur (jarðyrkju kerrur) til flutninga, ríða sjálfir og teyma kerruhestana; og sjeu fleiri í ferð með þeim (heimafólk), ríða þeir líka, eins og áður með lest; oftast eru lausir hestar

1) Lambahópur.

með, ef langt er farið. Það er ekki um að villast, að hjer á austurveginum eru þessar kerrur langmesti og versti meinbugurinn á allri umferð, af því, að hjer er það leyft, sem hvergi líðst í öðrum löndum, að hnýta vagnhestunum í lest, eins og klyfjahestum, og þar aftan í lausum hestum eða nautum.

Á austurleiðinni (Rvík — Eyrarb.) og heimleiðinni (Þjórsártúni — Rvík) hittum við á ferð um veginn: 32 ríðandi menn með 1 kerruhest í taumi (15 á austurl., 17 á heiml.), en af þeim höfðu átta 1 lausan hest aftan í kerrunni, tveir trússahest, einn 2 lausa hesta, þrír höfðu 1 nautgrip í eftirdragi (á eftir kerrunni) og einn 2 nautgripi, svo að þeir voru ekki nema 17 af 32, sem teymdu kerruhestinn einan. — 22 hittum við ríðandi með 2 kerrur í taumi (10 á austurl., 12 á heiml.); af þeim höfðu fimm 1 lausan hest aftan í, og einn 2 lausa. — Átta sáum við (3 á austurl., 5 á heiml.) með 3 kerrur í lest; hafði einn þeirra 3 lausa hesta þar aftan í. — Fjórir urðu fyrir okkur, hver með 4 kerrur í lest; einn hafði 1 lausan hest, annar 2 lausa þar aftan í. — Tvisvar rákumst við á 5 kerrur í lest, og 2 lausir hestar þar aftan í annari vagnrununni.

Það er nú fljótsjeð og fljótreynt, að *þessar kerrulestir valda langmestum farartálma*, tefja stórum alla umferð, en einkum þó allan akstur, ef fara skal harðar en fetið, og á það jafnt við hestvagna (fólksvagna) sem bifreiðar, og mun koma enn ver niður á hestvögnum á hraðri ferð, af því að þeir eru ekki líkt því eins liðugir í snúningum eins og bifreiðarnar. *Einn* kerruhestur tefur ekki umferðina; en sje annar þar aftan í, er óleikurinn vís, án þess við verði ráðið. Vagnmaður víkur taumhestinum til hliðar en sá aftari strekkir þá oft í öfuga átt, inn á veginn, eða of langt út, svo að aftari kerran veltur út af veginum, og þessi vandræði aukast svo, að yfir gengur, ef kerrurnar eru 3 eða fleiri. Þetta var langstærsta ólagið á umferðinni þennan dag, og brýn þörf að athuga það nánar. Ef vagnarnir voru 3 í lest eða fleiri, sáum við ávalt með þeim 2 menn eða fleiri, og má vera að samferðamenn bindi oft vagna sína í lest til þess að geta ~~riðið~~ samsíða.

Þá er að segja af því, hvernig ferðin gekk í bifreiðinni.

Við mættum nokkrum *gangandi mönnum*, og olli engum vanda; þar er þess eins að gæta að hægja ferð, ef blautt er, því að bifreið slettir vatni meir *útundan* sjer en aðrir vagnar (vegna ávalans á hjólgjörðunum).

Mannareið um veginn sýndist okkur vandræðalítil; allott urðu hestarnir hvopulegir, aldrei svo að þeir tækju á rás af fælni; sumir riðu út af vegi fyrir óttasakir, allmargir stigu af baki, enginn fjell af baki. Ökumaðurinn (sá elsti hjer) hafði farið undir 20 ferðir austur, alls einu sinni sjeð stúlku fleigja sjer af baki — meira hrædda en hestinn.

Það er ekki að sjá, að hestar fælist bifreiðarnar neitt frekar en áður hestvagnana, þegar þær vagnferðir hófust, og fullreynt að hestarnir venjast mjög fljótt bifreiðunum, hætta fljótt að hræðast þær.

Áburðarhesta í lest sagði ökumaður aldrei gera sjer örðugt, hefðu aldrei fælst að meini, aldrei tafið bifreiðina lengi eða hún þær lestir, og kvað miklu auðveldara að renna fram hjá áburðarlest, en vagnalest, þó ekki væru nema 2 kerrurnar; þó væru dröguhestar meinlegir fyrir bifreiðar, eins og alla aðra umferð.

Fjárrekstrar fælast ekki; bifreið sígur löturhægt gegnum þá; sagðist ökumaður eitt sinn hafa hitt 52 rekstra í sömu austurferð. Við mættum einum rekstri, og fór sem hann hafði sagt okkur.

Kerrulestirnar (2 í lest eða fleiri) eru langversti farartálminn fyrir *alla* aðra umferð, teppa stórum alla aðra vagna. Þær töfðu okkar ferð svo, að okkur fanst sem ekkert um allan annan tálma. Ökumaður sagði líka, að þar yrði ekki óhöppum varnað — að aftari hestur gæti hrökklast út af vegi og kerran oltið, kvaðst hann hafa sjeð þess dæmi tvisvar þrátt fyrir ítrustu varkárni, og oft hafa orðið að hjálpa til að leysa sundur kerrurnar og víkja öllu í lag, hefði ekkert mein hlotiststst af, og þetta einu óhöppin, sem hann hefði af að segja,

Það er líka að okkar dómi engum efa bundið, að kerrulestirnar eru sá siðurinn, sem um fram alt þarf að afnema, ef unt er.

Hjer hefur farið stórfje í flutningabrautir og aðra vagnfæra vegi, og virðist nefndinni sem þingi og stjórn hafi sjest yfir í því, að ætla sveitamönnum að finna upp tilsagnarlaust vagnflutningstæki við sitt hæfi. Eins og fyr var sagt, urðum við mest varir við menn ríðandi með einn kerruhest í taumi og mjög oft lausan hest aftan í. Þarf þá 1 mann með 3 hesta og kerru til að koma 800 pd. (alls á 600—800) milli Rvíkur og sveitanna austanfjalls; ef sami maður hefði hentugan ferhjóla fjaðravagn og 2 hesta fyrir, gæti hann setið í vagninum og flutt þriðjungi meiri flutning og ferðin öll greiðari, bæði fyrir hann og aðra.

Nautgripir fældust hvergi bifreiðina. Það er nú orðið altítt að binda þá aftan í kerrur á leið í kaupstað. Mættum við þremur, sem voru á suðurleið með kerru og naut aftan í, einn þeirra með 2 nautgripi, sem gengu samsíða í bandi á eftir kerrunni. Þó er enn uppi sú ósvinna, að binda nautgripi í tagl á hestum. Hittum við einn mann ríðandi með hest í taumi og naut bundið í taglið á þeim hesti. Annar rak lausan hest og naut í taglinu. Í einni hersingunni reið unglingspiltur og hafði naut bundið í taglið á reiðhesti sínum. Loks sáum við nokkra samferðamenn reka 4 ungneyti laus á undan sjer.

Það er víst, að umferðin um austurveginn hefir verið með meira móti þennan dag, og mjög margir þar óvanir að mæta bifreiðum. Þó gekk okkur vel og vandræðalaust; hliðruðu allir til á veginum eins og vera ber, ummælalaust, amaðist enginn við ferð okkar einu orði, nema einn maður sem stóð kyr á veginum hjá vögnum og hestum (í Flóanum), þegar bifreiðin rann fram hjá, án þess að hann eða hestar hans vikju úr sporunum; hann kallaði birstur á eftir okkur: »Burt með bifreiðarnar«.

Merkur maður úr Ölfusi tjáði okkur, að Árnesingum væri mjög í nöp við bifreiðarnar og vildu margir banna þeim allar leiðir. Spurðum við um ástæður. Færði hann tvent til, að þær fældu hesta og skemdu vegina; annað væri ekki til saka fundið, sagði hann.

Nú sáum við þess ljós merki, að hestar hjer nærlendis, sem vanir eru orðnir nýjunginni, hvekkjast ekki vitund. Ökumaður okkar sagði hesta yfirleitt hafa verið hrædda í fyrstu — og fólkið líka —, en þau vandkvæði færu óðum þverrandi; sáum við sjálfir glögg merki þess.

Þá er hitt, að bifreiðarnar skemmi vegina, vegna þyngslanna og hraðrar ferðar. Uppi hjá Kolviðarhól var hin versta ófærð af for og bleytu. Þar gáðum við að vandlega og sáum að bifreiðarhjólin ristu *ekki* líkt því eins djúpt í veginn eins og kerrurnar; kemur það af því, að hjólgjarðirnar eru margfalt breiðari en á kerrum, og gangurinn miklu mýkri og rykkjaminni. Til eru bifreiðar, sem eru miklu þyngri en þessar hjer, vjelin 70 hesta maki, eða þar yfir, og hjólgjarðirnar járnaðar með járnbólum eða göddum; þær bifreiðar róta upp vegum og skemma

þá, þótt þurrir sjeu og harðir. En þessar ljettu bifreiðar, sem hjer eru í gangi, með sljettar, mjúkar hjólgjarðir, þær skemma síst vegi allra vagna, og er að því leyti enginn verulegur munur á Overland-vögnunum og Ford-vögnunum, þrátt fyrir þyngdarmuninn. Eigi að verja vegina hjer skemdum vor og haust, þá er þess vegna ekkert vit í því, að banna alla bifreiða-umferð, en leyfa allar kerruferðir, sem bersýnilega umturna vegunum miklu meir, og þeim líka oft draslað um vegina svo gljúpa, að kerruhjólin sökkva í upp á miðja speli, eða þaðan af dýpra þar sem verst er — og engri bifreið þá fært um veginn, eða unt að gera slíkan usla.

Tíðustu og verstu skemdir hjer á vegum eru hvörfin; ber jafnan mest á traðkholum í miðjum vegi eftir hesta og djúpum skorum eftir vagnhjól; þessi hvörf stækka og dýpka því fljótar, sem umferðin er meiri. Þar er nú bifreiðunum síst um að kenna; þær *forðast* hvörfin, stikla milli þeirra á hávöðunum, og furða að sjá hvað vönum ökumanni tekst það líðlega.

Á þurrum vegum þyrla bifreiðar upp miklu ryki, miklu meiru en hestvagnar, rjett á borð við jóreyk, þegar hart er riðið.

Má sjá, að svo hefir farið um þessa nýjung sem margar aðrar, að meira hefir kveðið að umtali og ímugust en eftirtekt og varfærni.

Alþingi 17. júlí 1914.

G. Björnsson. Karl Finnbogason. Magnús Pjetursson.

Guðmundur Ólafsson.

Ed. **131. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um notkun bifreiða.

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr.:
   Fyrir »einstökum . . . ef slík« komi:
   vegum eða vegaköflum með öllu eða um tiltekinn tíma, ef slík.

2. Við 3. gr.:
   a) Fyrir »2. gr.« (prentvilla) komi: 3. gr.
   b) Aftan við 1. tölulið bætist:
   (35 km), og umbúnað, sem varni því, að vagninn geti runnið forbrekkis, ef annarhvor hemillinn orkar ekki.

3. Við 4. gr.:
   a) Fyrir »sem setja skal á vagninn« (í 1. málsgr.) komi:
   sem setja skal aftan á vagninn.
   b) Fyrir »honum þykir þurfa« (í 2. málsgr.) komi:
   ástæða er til.

4. Við 5. gr., 1. málsgr.:
Orðin »eða . . . fyrir borgun« falli burt.

5. Við 7. gr.:
a) Fyrir »mönnum . . . meðferðis« (í 1. málsgr.) komi:
vegfarendum.
b) Aftan við 1. málsgr. bætist:
Hins vegar skulu vegfarendur jafnan víkja úr vegi, fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum og aldrei tefja för þeirra að óþörfu.

6. Við 11. gr.:
Greinin orðist þannig:
Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, þurfa ekki að hafa nema einn sterkan hemil og eitt skært ljós í dimmu (sbr. 3. gr.).

7. Við 13. gr.:
Aftan við 1. málsgr. komi:
eða uppvíst verður að slysið hlaut að vilja til, þrátt fyrir þá aðgæslu og varkárni, sem ökumanni er skylt að gæta. —

Nd. 132. Frumvarp

til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rjett til að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

2. gr.

Ef maður vill öðlast þann rjett, sem getur í 1. gr., skal hann hafa sannað fyrir stjórnarráðinu, að hann hafi næga þekkingu á þeirri tungu, sem hann vill öðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á. Heimilt er stjórnarráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup, er greiðist úr landssjóði. Stjórnarráðið skipar fyrir um prófið.

3. gr.

Nú hefir maður öðlast rjett þann, er getur í 1. gr., og skal hann þá skyldur að vera túlkur á dómþingum og þýða skjöl fyrir menn og stofnanir. Hann skal og heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund og að ljósta eigi upp leyndarmálum.

4. gr.

Dómtúlkar og skjalþýðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

5. gr.

Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda.

Nd. **133. Frumvarp**

til laga um löggilta endurskoðendur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráði Íslands skal heimilt að löggilda endurskoðendur, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri; hann skal vera fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.
2. Hann skal sanna fyrir stjórnarráðinu, eða fyrir nefnd, er stjórnin skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiftum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur.

3. gr.

Ef löggiltur endurskoðandi er eigi lengur fjár síns ráðandi, eða mannorð hans flekkast, þá skal stjórnarráðið taka af honum löggildinguna. En er hann fær aftur umráð yfir fje sínu, skal hann mega fá aftur löggilding sína.

4. gr.

Nú láta opinberir sjóðir, hlutafjelög eða sameignarfjelög löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga sína, og skal þá sú endurskoðun jafngilda endurskoðun dómkvaddra manna.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eða á þrotabúum, skal til þeirrar skoðunar hafa löggilta endurskoðendur, ef til næst.

6. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal heita því við drengskap sinn, að vinna verk sitt eftir bestu vitund og að ljósta eigi upp leyndarmálum.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

8. gr.

Stjórnarráðið tiltekur nánar verksvið löggiltra endurskoðenda og setur kaupskrá (taxta) fyrir störf þeirra.

Nd. **134. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir gegn útlendingum út af notum þeirra á íslenskri landhelgi og höfnum hjer á landi við ýms verkunarstörf á fiskifangi (síld).

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

Aftan við tillöguna bætist:

Jafnframt ályktar neðri deild, að skora á landsstjórnina að hlutast til um að gengið sje eftir greiðslum á innflutningsgjaldi (þar á meðal vörutolli) og útflutningsgjaldi af vörum, sem útlendingar ferma úr skipi í skip á íslenskum höfnum eða í íslenskri landhelgi.

Ed. **135. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 8, 6. apr. 1898, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frumvarp þetta fer fram á, að hækka sektirnar fyrir brot gegn botnvörpulögunum og er framkomið að ósk Fiskifjelagsins og fiskimanna, sem eiga harða baráttu, til þess að geta notið að gagni fiskimiða sinna fyrir útlendum og innlendum yfirgangi af botnvörpuskipum, svo að í sumum veiðistöðum vofir yfir að gjöreyðist aflabrögð landsmanna fyrir þá sök.

Vjer höfum leitað álits stjórnarinnar um málið, og telur hún að vísu viðsjárvert, að hækka sektirnar vegna óánægju útlendra ríkja. Kvartanir yfir strangleika botnvörpulaganna geta þó varla verið sprotnar af upphæð sektanna, sem fiskimönnum hafa jafnan þótt vera of lágar, og lögbrotsmönnum sjálfum ekki þótt mest um þær vert, heldur hitt, er afli þeirra og veiðarfæri er gjört upptækt Höfum vjer því komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje rjett að hafa að engu þær óskir landsmanna, sem koma fram í frumvarpi þessu, og ráða háttvirtri deild til að samþykkja þau ákvæði frumvarpsins, að hækka lágmark sektanna og sjerstaklega fyrir brot gegn lögum nr. 18, 8. júlí 1902, er komu í stað 3. greinar í lögunum frá 1898, þar sem engin hegning er við brotinu, önnur en sektin.

Án þess að gjöra of mikið úr áhrifum, er slík hækkun sektanna mundi hafa, teljum vjer hana þó verulegt spor í áttina, þar sem hún annars vegar miðar til að auka fjárhæð þá, er vinst á sektunum, sem nú er ákveðið að verja öllum til hagsmuna fyrir fiskiveiðar og landhelgisvarnir, og hins vegar sýnir bæði lögbrotsmönnum og landsmönnum, að löggjafarvaldinu er það alvöru- og áhugamál, að vernda atvinnugrein þá, er hjer á hlut að máli, og er ein hin mikilsverðasta af atvinnugreinum landsmanna, bátfiskið, gegn skaðsemd þeirri, sem henni er langmest hætta búin af.

En um leið og vjer athuguðum lagaákvæðin um bann gegn botnvörpuveiðum, sem nú er í fernum lögum og þetta yrðu hin fimtu, leist oss að hagkvæmast mundi vera, að draga þessi ákvæði saman í eitt, og með því að það er ekki mikið verk, höfum vjer tekið oss fyrir hendur að gjöra það og leyfum oss að leggja til, að háttv. deild gjöri þá breyting á, að samþykkja í stað frumvarpsgreinarinnar 9 lagagreinar, sem meðal annars innihalda ákvæði frumvarpsins þannig breytt, sem að framan er greint, og öll önnur ákvæði botnvörpulaganna með þeim viðaukum og úrfellingum, sem oss þykir nauðsynlegt að ráða til og hjer skal stuttlega bent á.

Í 1. gr. þykir oss nauðsynlegt, að skilgreina brotið, með því að lögbrotsmenn hafa reynt að firra sig hegningu með því, að þykjast ekki hafa verið að veiðum, ef þeir eru ekki staðnir að vörpudrætti, þótt varpa þeirra sje í sjó og komast þannig undan ákvæðum 2 gr., sem brot þeirra heyrir undir, og undir hegningarákvæði 3. greinar, þar sem ekki er lögð við upptekt afla og veiðarfæra.

Í 3. gr. viljum vjer hafa ákvæði um að tillit sje tekið til þess, hvar skip hittist innan landhelgi með veiðarfæri sín ekki í búlka, með því að mikill munur er á, hvort það er á fiskimiði, og þá einatt mjótt á milli, hvort brotið heyrir undir 2. eða 3. gr., eða annarsstaðar, þar sem aðeins ætti að grípa til lægstu sektar, en lágmark sektarinnar eftir þessari grein viljum vjer hækka að mun fyrir þá sök, að þar liggur engin önnur hegning við, og hitt annað, sem áður er sagt, að þar heggur oft nærri, að brotið heyri undir hina strangari hegningu 2. greinar.

Þá viljum vjer, að úr gildi sjeu numin lög nr. 56, 30. júlí 1909 og undanþága sú, sem þau veita íslenskum botnvörpungum. Liggur þar til sú ástæða, að undanþága þessi hefur valdið afarmikilli óánægju hjá hvorum tveggja málsaðila, sem hjer eiga hlut að máli, útlendum botnvörpungum, sem þykir sjer vera misrjetti sýnt með þessu, og innlendum fiskimönnum, sem telja sig hafa fulla reynslu fyrir því — þótt leitt sje frásagnar — að landar þeirra sjeu engu hlífnari við fiskimið þeirra en útlendingar og þá þeim muninum skaðlegri, sem þeir eru kunnugri miðum og fiskistöðvum. Hins vegar telja vel kunnugir menn víst, að undanþága þessi sje til engra gagnsmuna eða eflingar fyrir rekstur innlendra botnvörpuveiða, fyrirhöfnin svo lítil og fljótunnið að koma veiðarfærunum í búlka, og miði þetta því til einskis annars en að gjöra þeim hægra fyrir, ef bráðan bèr að, að komast hjá að verða uppvísir að broti eða tilgangi til að brjóta Og sú tortrygni ein, bæði hjá útlendingum og landsmönnum, ætti að nægja til þess, að undanþága þessi eigi sjer alls ekki stað.

Aðrar athugasemdir en þessar geymum vjer framsögu málsins.

Samkvæmt framanrituðu er það breytingartillaga vor, að í stað frumvarpsgreinarinnar sje samþyktar grein fyrir grein 9 lagagreinar með fyrirsögn laganna frá 6 apr. 1888, þannig hljóðandi:

FRUMVARP

til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

1. gr.

Í landhelgi við Ísland skulu vera bannaðar fiskiveiðar með botnvörpum, og telst það brot gegn ákvæði þessu, er varpa er í sjó komin.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 2000—4000 kr., er renna í landssjóð; skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstengir, svo og afli innanborðs, upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð. Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi til lúkningar sektum og kostnaði.

3. gr.

Nú hittist fiskiveiðaskip í landhelgi með botnvörpu, og er þó eigi að veiðum, þá varðar það 500—2000 kr. sekt til landssjóðs, nema öll veiðarfæri sje höfð í búlka innanborðs þann tíma allan, er skipið er í landhelgi. Taka skal þó, þegar sekt er metin, sjerstakt tillit, sektinni til hækkunar, til þess, hvort skip hittist þannig á fiskimiði eða annarsstaðar.

Leggja má löghald á skip, afla og veiðarfæri, og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar sektum og kostnaði, eftir þessari grein.

4. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til þess að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta 50—1000 kr. sektum, er renna í landssjóð.

5. gr.

Hjerlendur maður, er leggur það í vana sinn, að dvelja á útlendum botnvörpuskipum við veiðar þeirra við Ísland, skal, ef eitthvert þessara skipa á því ári gjörir sig sekt í fiskiveiðum í landhelgi, sæta sektum eftir 4. gr. Sömu hegningu skal hver sá hjerlendur maður sæta, sem er í útlendu botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi, nema hann geti gjört þá grein fyrir dvöl sinni þar, að auðsætt er eða að minsta kosti sennilegt, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

6. gr.

Ákvæði 4. og 5. greinar gilda eigi um þá menn, sem er lögskráðir skipverjar a botnvörpuskipinu.

7. gr.

Skipstjóra þann, sem gjörir sig sekan í ítrekuðu broti, eða broti er mjög mikið kveður að, gegn 1. gr. þessara laga, má auk hegningar þeirrar, sem getur um í 2. grein, dæma í fangelsi (sbr. alm. hegningarlög handa Íslandi 26. gr.)

8. gr.

Mál þau, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með, sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 8, 6. apr. 1898, lög nr. 18, 8. júlí 1902, lög nr. 27, 25. sept. 1902 og lög nr. 56, 30. júlí 1909.

Alþingi 17. júlí 1914.

Jósef J. Björnsson, form. Kristinn Daníelsson, skrifari.

Karl Einarsson, framsögum.

Nd. **136. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þgskj. 43.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Jón Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að taka til rækilegrar athugunar, hvort unt sje, að aðskilja umboðsvald og dómsvald og fækka sýslumönnum að miklum mun, og ef svo virðist, að það sje hagkvæmt og að mun kostnaðarminna en það fyrirkomulag sem nú er, að leggja þá frumvarp til laga í þá átt fyrir næsta Alþingi.

Nd. **137. Álit**

minni hluta nefndarinnar.

um frv. til laga um sparisjóð.

Vjer höfum eigi geta orðið samdóma meiri hluta nefndarinnar um meginatriði frv., *umsjónarmann sparisjóða*. Vjer fáum eigi sjeð að brýna nauðsyn beri til að stofna nýja stöðu í þessu augnamiði, og hyggjum auk þess, að slíkur umsjónarmaður kæmi naumlega að tilætluðum notum.

Fyrst má geta þess, að sparisjóðir vorir hafa reynst öllum vonum framar og njóta yfirleitt almenningstrausts, að svo miklu leyti sem oss er kunnugt. Athugasemdir stjórnarinnar bera það og með sjer, að henni hefir hvorki verið kunn-

ugt um margar nje miklar misfellur hjá sjóðunum. Til þess að fá nokkru frekari vitneskju um þetta atriði, höfum vjer spurst fyrir hjá þingmönnum um hag og ástand 26 sparisjóða, sem þeim hefir verið vel kunnugt um. Eftir svörum þeirra að dæma eru þeir allir í góðra manna höndum og fyllilega tryggir, að einum fráskyldum, sem hefir sett meginhluta af innstæðufje sínu í verslun. Eigi að síður var þó talið, að hann myndi fyllilega geta staðið í skilum við alla. Oss virðist þetta benda til þess, að eftirlitsþörfin sje ekki brýn, að minsta kosti ekki allstaðar.

Þá teljum vjer sjálfsagt að áhætta og eftirlitsþörf fari mjög eftir *stærð sjóðanna.* Við lítinn sparisjóð er trygging ábyrgðarmanna þýðingarmikil og auk þess er almenningi kunnugt um allan hag sjóðsins. Miklu minni er hún við stóra sjóði. Þá er ólíku auðveldara að reka smásjóði, sem hafa fá útlán og óbrotin, en stóra sparisjóði með margbreyttum viðskiftum, víxlum og sjálfsskuldarábyrgðun.

Vjer teljum það fyrst um sinn nægilegt eftirlit, ef þeir sparisjóðir stæðu undir eftirliti, sem eiga fullar 100,000 kr., en minni sparisjóðir væru því að eins athugaðir, ef grunsamir þættu að einhverju leyti. 100,000 kr. eignir eiga nú að eins 3 sparisjóðir eftir skýrslum frá 1910 að dæma (Hafnarfjarðar, Árnessýslu og Sauðárkróks) en tveir aðrir ná innan skamms þeirri upphæð (Blönduós og Stykkishólms). Engin vandkvæði myndu vera á því, að fá hæfan mann til þess að líta eftir sjóðum þessum, þó eigi væri hann fastur starfsmaður, og sama manninn mætti venjulega nota til þess ár eftir ár. Hvað þessa sjóði snertir, ætti því eftirlitið að verða jafntryggilegt en að mun ódýrara, en frv. gjörir ráð fyrir.

En hversu sem á mál þetta er litið, þá dylst oss eigi, að þó frumv. næði fram að ganga, þá verður eftir sem áður margt athugavert við fyrirkomulag sparisjóða vorra. Eins og frv. tekur fram er hlutverk þeirra umfram allt, að taka við fje manna og ávaxta það á sem tryggastan hátt. Hjer er mest á það litið að sjóðirnir reki allskonar bankastörf og bæti úr peningaleysi hjeraðanna. Í raun og veru þyrfti helst að *greina sundur eiginlega sparisjóði og banka,* en nú eru sparisjóðir vorir hvorttveggja í senn. Einfalda sparisjóði er auðvelt að reka vel og tryggilega. Fram úr banka og peningaþörf hjeraðanna hefði helst þurft að greiða útaf fyrir sig. Eins og nú er háttað fá sjóðirnir fje sitt úr sama hjeraðinu og útlán ganga til. Ef óáran gengur yfir hjeraðið er viðbúið að fje tæmist úr hverjum sjóði, þegar verst gegnir.

Af þessum ástæðum og ýmsum öðrum, virðist oss frumvarpið að miklu leyti bót á gamalt fat, sem ekki geti orðið til frambúðar. En sökum þess að hæpið er, að bót verði á þessu ráðin í fljótu bili, viljum vjer koma á eftirliti með *stærstu sjóðunum* og leggjum til að eftirfarandi breytingar, er lúta að *eptirliti sparisjóða,* sjeu geurðar á frumvarpinu. Um aðrar breytingar erum vjer sammála meiri hluta nefndarinnar. Þó sumar þeirra rýri ef til vill að nokkru tryggingu sjóðanna, þá teljum vjer þær sem stendur nauðsynlegar, vegna staðháttu vorra, og áhættulitlar.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 7. gr. Á eftir orðunum »lán úr sjóðnum« komi: nema aðalfundur leyfi.
2. — 8. gr. Í stað síðustu orðanna: »umsjónarmanni sparisjóða« komi: stjórnarráðinu.
3. — 12. gr. Orðin »eftir tillögum umsjónarmanns« falli burt.
4. — 16. gr. Orðin »og umsjónarmanni sparisjóðanna« falli burt.
5. — 19. gr. Orðin »Ella sendi — misfellurnar« falli burt.
6. — 20. gr. Orðin »að dómi umsjónarmanns sparisjóða« falli burt.
7. — 20. gr. »Umsjónarmanni — síðan« falli burt.
8. — 22. og 23. grein falli burt; í stað þeirra komi:

21. gr.

Stjórnarráðið hefir eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra. Það lætur svo oft sem nauðsyn krefur bankafróðan mann athuga nákvæmlega allan hag, starfsemi og fyrirkomulag þeirra sparisjóða, sem eiga 100,000 kr. eignir eða meira. Að loknu eftirliti gefur hann stjórninni nákvæma skýrslu um alt ástand sjóðanna og hag þeirra. Aðra sparisjóði skal og athuga, ef sjerstök nauðsyn þykir bera til.

Eftirlitsmaður getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóðanna, allan hag þeirra og fyrirkomulag. Skylt er og stjórnendum og starfsmönnum sparisjóða, að láta stjórnarráðinu í tje, allar skýrslur um rekstur sparisjóða og allan hag þeirra, sem nauðsyn þykir að krefjast, og getur stjórnarráðið látið beita dagsektum, alt að 5 kr. á dag, ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutaðeigenda. Sektarfjeð rennur í landssjóð og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjalddaga.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa eftirlitsmanni.

Í fjárlögum skal veita hæfilega upphæð til eftirlits með sparisjóðum.

8. 24. gr. orðist þannig:

Fyrir eftirlit greiðir hver sparisjóður 1 af 1000 af sparisjóðsinnstæðufjenu hvert það ár, sem eftirlitsmaður athugar sjóðinn. Gjaldið fellur í landssjóð og má taka það lögtaki.

Alþingi, 17. júlí 1914.

Guðm. Hannesson, framsögum. minnihl. Guðm. Eggerz.

Stefán Stefánsson 2. þm. Eyf., með fyrirvara.

Ed. **138. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sjóvátrygging.

Nefndin hefir nákvæmlega athugað frumvarp þetta, og verður að ráða háttv. deild til þess, að samþykkja það með þeim breytingum, sem hjer fara á eftir. Breytingar þessar eru að eins orðabreytingar, með fram til samræmis við siglingalögin, að einni undantekinni, sem sje fyrri hluta 37. breytingartill., þar sem nefndin leggur til, að vátrygður skuli á 2ja mánaða fresti skýra ábyrgðarsala frá því, hvort hann vill afhenda honum óbætandi skip eða ekki, í stað 4 mánaða frests er frumvarpið ákveður. Í dönsku siglingalögunum er frestur þessi að eins einn mánuður.

Efri deild Alþingis 17. júlí 1914.

Eiríkur Briem, formaður. G. Björnsson.

Karl Einarsson, skrifari og framsögum.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til laga um sjóvátrygging.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins »vátryggjandi« komi: ábyrgðarsali og svo **hvervetna** *í frumvarpinu.*

2. — 2. — 2. málsgrein: Í stað orðanna »sem vátrygt var til handa« komi: sem vátryggja átti fyrir.

3. — 4. — Greinin orðist svo: Sannvirði hvers hlutar er það verðmæti hans, sem vátryggja má (vátryggingarverð).

4. — 5. — Í stað orðanna: »hagsmuni fyrir hærri upphæð en rjett vátryggingarverð þeirra er« komi: einhvern hlut til meiri skaðabóta en vátryggingarverði hans nemur, og í stað orðanna »ef fleiri« til enda greinarinnar komi: ef fleiri en einn sjerstakur samningur var gerður um vátrygginguna.

5. Við 6. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
Ef maður vátryggir einhvern hlut fram yfir vátryggingarverð, en eftir bestu vitund, þá er sú vátrygging lögmæt, en þó ekki fram úr vátryggingarverðinu.

6. — 6. — Upphaf 2. málsgreinar aftur að orðunum »svo mikinn hluta« orðist svo:
Nú vátryggir maður hjá fleiri en einum sömu hluti gegn sama háska, og eru allar vátryggingarnar teknar sama dag, þá ábyrgist hver ábyrgðarsali.

7. — 6. — Í stað »hagsmuna« í sömu málsgrein komi:
hluta,
og í stað »muna« komi:
hluta.

8. — 6. — Í 2. tölulið í stað »ógjaldfær« komi:
ekki borgunarfær.

9. — 6. — 3. töluliður orðist svo frá orðinu »vátrygðs«:
án skipunar hans, en yngri vátryggingin var tekin að hans fyrirlagi, án þess að hann vissi þá af hinni eldri eða hann hefir afsalað sjer henni.

10. — 7. — Á eftir orðinu »engir« bætist við:
eða minni en ætlað var.

11. — 7. — Aftan við greinina bætist:
Þá á vátrygður kröfu til endurgreiðslu iðgjalds, samkvæmt 37. gr.

12. — 8. — Í stað »rjett vátryggingarverð« komi:
vátryggingarverðið.

13. — 8. — Í stað »nemur af rjettu« komi:
er mikill hluti af.

14. — 10. — 2. málsgr. Í stað »Ef kröfuhafi vátryggir skuldakröfur« komi:
Nú vátryggir maður skuldakröfu sína.

15. — 10. — Í sömu málsgrein í stað »kröfuhafa« komi:
hans
og í sömu gr. í 3. málsgrein í stað »skuldara« komi:
skuldunaut

16. — 11. — Upphaf greinarinnar aftur að »eða hann hefir« hljóði svo:
Nú hefir ábyrgðarsali orðið gjaldþrota eða komið hefir fram við fjárnám, að hann átti ekki fyrir skuldum.

17. Við 11. gr. Síðari setning frá orðinu »háska« orðist svo:
Þá hefir ábyrgðarsali rjett til að halda eftir af iðgjaldinu að tiltölu við þá áhættu, sem um er liðin.

18. — 12. — Í stað »meðalgöngumaður« komi:
milligöngumaður.

19. — 15. — Í stað »hagsmuna« komi:
fjármuna,
í stað »kostum« komi:
skilyrðum
og í stað »hagsmunum« komi:
fjármununum.

20. — 16. — Fyrir »sem felst . . . . tilskipana hans« komi:
sem ábyrgðarsali á að bæta, hefir orðið á hinum vátrygða hlut, skal hann skýra honum frá tjóninu og beiðast fyrirskipana hans.

21. — 16. — Frá orðinu »sína« orðist endir greinarinnar svo:
Þá ábyrgist hann það tjón, er af hlýst.

22. — 18. — »Tilskilið« verði:
til skilið.

23. — 20. — Í stað »þá er um er að ræða« komi:
þegar um er að ræða **alstaðar** *í greininni.*

24. — 21. — Í stað orðanna »af þeim, sem skyldir voru til að leggja fram« komi:
hjá þeim, sem skaðabótaskyldir voru.

25. — 21. — Fyrir orðin »sje gerður« til enda 1. málsgreinar komi:
í niðurjöfnuninni sje metinn fram yfir vátryggingarverð.

26. — 23. — Fyrir orðin »sem á því varð«, komi:
sem af því hlaust,

27. — 23. — Fyrir orðin »þann, sem verður við það« komi:
við.

28. — 24. — Í stað »33. gr.« komi:
23. gr.

29. — 27. — Fyrir »Ef um« á tveim stöðum í fyrri málsgrein komi:
Ef um er að ræða
og orðin »er að ræða« á 2 stöðum í sömu málsgr. falli burt.

30. — 25. — Fyrir orðið »hagsmunum« komi:
hlutum.

31. Við 25. gr. Orðin »að eðli og nothæfi sem slíkt« falli burtu, en í stað komi til þess, sem það var ætlað.

32. — 27. — Í 3. tölulið. Í stað: »til ætlunarstaðar síns« komi: þangað, sem hún átti að fara.

33. — 28. — Fyrir: »Hins rjetta vátryggingarverðs« komi: vátryggingarverðsins.

34. — 28. — 2. málsgr. eftir orðinu »skemmist« bætist inn: vátrygt.

35. — 29. — Fyrir »ætlunarstaðar« komi: ákvörðunarstaðar.

36. — 30. — Í stað »sjeu« á eftir »mánuðir« *á 3 stöðum* í greininni komi: eru.

37. — 31. — Í stað »4 mánuðir sjeu« komi: en 2 mánuðir eru.

Í stað »sjeu« á eftir »9 mánuðir« komi: eru.

Og »er« á undan »frestur« falli burtu.

38. — 33. — Í stað: »það skal auk þess« komi: og

39. — 33. — Í stað »fjemunir« komi: fjármunir

og í stað »rjett vátryggingarverð« komi: vátryggingarverðið.

40. — 34. — Fyrir »fái honum . . . . þau skjöl« komi: afsali honum skriflega öllum þeim rjettindum, sem hann á að fá ábyrgðarsala í hendur, svo og afhendi honum öll þau skjöl.

41. — 37. — Á eftir orðunum »voru engir« bætist inn: eða minni en ætlað var.

Nd. **139. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum (þgskj. 129).

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 3. gr. b. Á eftir orðunum »í 3 ár á einhverju því verkstæði hjer á landi« komi: eða erlendis.

Ed. **140. Frumvarp**

til laga um beitutekju.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sjerhver sá, er heimild hefir til fiskiveiða í landhelgi, má setja á land skelfisksbeituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða árós, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða 2 krónur fyrir hvern sólarhring í hvert skifti, sem hann tekur beitu.

Fyrir skemri tíma greiðist sama gjald.

2. gr.

Eigi má taka beitu í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar á sjó út frá stórstraumsfjörumáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart í hvert skifti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans samkvæmt 1. gr.

Nú vanrækir formaður að gera ábúanda aðvart í hvert skifti, sem hann ætlar að taka skelfisk fyrir landi hans, og varðar það alt að 20 kr. sekt fyrir hvert skifti.

3. gr.

Nú tekur maður í óleyfi skelfisk í netlögum annars manns, og varðar það alt að 200 króna sekt, og borga skal hann allan þannig upptekinn skelfisk tvöföldu gangverði.

4. gr.

Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eftir mati óvilhallra manna.

5. gr.

Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr., áður en hann fer af beitufjöru, nema öðruvísi sje umsamið. Sjeu ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af þeirra hálfu.

6. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

7. gr.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um beitutekju nr. 60, 10. nóv. 1905.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1915.

Nd. **141. Frumvarp**

til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju og byggingar og svæði í sambandi við bryggjuna.

Undanteknar eru þó hafnarbryggjur þær, sem fyrir eru, og vörugeymsluhús við bryggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í hreppsnefndinni.

Sveitarsjóður Hvanneyrarhrepps greiðir allan matskostnað.

3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er tryggt hefir verið nægilegt fje til hafnarbryggjugerðarinnar.

Ed. **142. Frumvarp**

til laga um lögreglusamþykt fyrir Hvanneyrarhrepp.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir Hvanneyrarhrepp eða nokkurn hluta hans, má gera lögreglusamþykt. Semur hreppsnefnd frumvarp til samþyktarinnar og sendir stjórnarráðinu, er staðfestir frumvarpið eða synjar því staðfestingar. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur stjórnarráðið þá málið af nýju fyrir hreppsnefndina með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gera, til þess að frumvarpið verði staðfest.

2. gr.

Samþyktin staðfest skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Fyrir brot gegn samþyktinni, má ákveða í henni sektir, er renni í sveitarsjóð.

4. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn samþykt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **143. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 66, 22. nóv. 1913, um girðingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

8. gr. orðist þannig:

Nú liggja tún eða engjar tveggja eða fleiri manna saman, eða tún eða engjar jarðar liggja að beitilandi annara, og landeigandi eða ábúandi í samráði við landeiganda vill leggja á mörkum löggarð, slíkan sem í 1. gr. segir, og samkomulag næst eigi við þann ábúanda eða landeiganda, er land á á móti, um þátttöku í girðingunni, þá getur sá, er girða vill, engu að síður gert það. Skulu úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppamótum, meta notagildi girðingarinnar fyrir allar jarðir, sem hlut eiga að máli, og jafna niður girðingarkostnaði á jarðeigendur, að tiltölu við gagn hverrar jarðar um sig. Ábúandi er skyldur að halda við girðingu og greiða árlega 2% af girðingakostnaði, nema öðru vísi sje um samið.

Nú liggur bithagi jarðar að landi kauptúns og verður að áliti úttektarmanna fyrir miklum ágangi af beit frá kauptúninu, og er þá landeiganda eða ábúanda heimilt að girða landið gegn endurgjaldi frá kauptúninu, eða þess, er land á undir því, og greiðir þá kauptúnið eða landeigandi helming girðingarkostnaðar. Um viðhald fer og eftir sömu reglum.

Úttektarmenn skulu meta verð girðingar. Kaup úttektarmanna telst til girðingarkostnaðar.

2. gr.

Aftan við 9. gr. bætist:

Hverjum þeim, er þykir rjetti sínum hallað af úttektarmönnum, þá er mat fer fram á girðing eða girðingarkostnaði, er heimilt að krefjast yfirúttektar. Fer um þá úttekt svo sem fyrir er mælt um yfirúttekt í lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella þau inn í texta girðingalaga nr. 66, 22. nóv. 1913, og getur konungur þá gefið þau lög út þannig breytt.

Nd. 144. Frumvarp

til laga um varadómara í hinum konunglega íslenska landsyfirrjetti.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Prófessorarnir í lagadeild Háskóla Íslands eru sjálfkjörnir varadómarar í landsyfirrjettinum, hvort sem heldur losnar þar sæti, dómari forfallast um stundarsakir eða víkur úr dómarasæti.

2. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, dómari víkur úr sæti eða forfallast, og tekur þá dómstjóri eða sá, er veitir dómi forstöðu í hans stað, einn prófessoranna með hlutkesti í rjettinn. Ef enginn hinna reglulegu yfirdómara skipar sæti sitt, þá ganga 3 prófessorar lagadeildarinnar í rjettinn.

3. gr.

Sá af prófessorunum, sem hverju sinni verður kjörinn í dóminn, tekur hið auða sæti. Nú eru fleiri sæti auð en eitt, og fleiri prófessorar kjörnir í einu en einn, og taka þeir sæti í dóminum eftir embættisaldri.

4. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, og tekur þá varadómari helming launa þeirra, er því sæti fylgja, þar til skipað er í embættið.

Ef dómari forfallast eða víkur sæti, fær varadómari 10 krónur fyrir hvert rjettarhald og 30 kr. þar að auki, ef hann tekur þátt í dómsuppkvaðningu í máli. Þá er varadómari gegnir störfum yfirdómara, án þess að hann sje forfallaður eða hafi orðið að víkja úr dómi, greiðir yfirdómari þóknunina.

5. gr.

Ef eigi er unt að taka varadómara úr lagadeild Háskólans, setur landsstjórnin dómara í hið auða sæti.

6. gr.

2. málsgr. 6. gr. í tilsk. 11. júlí 1800 er úr gildi numin með lögum þessum.

Nd. **145. Þingsályktun**

um hlutafjelagalög og endurskoðun á 26. kafla hinna almennu hegningarlaga.

(Samþykt í Nd. 18. júlí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um hlutafjelög og jafnframt að taka til endurskoðunar 26. kafla hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og leggja fyrir sama Alþingi frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum í þessum kafla hegningarlaganna sem telja má nauðsynlegar, með sjerstöku tilliti til hlutafjelaga.

Ed. **146. Nefndarálit**

um frumvarp til viðaukalaga við tolllög nr. 54, 11. júlí 1911.

Frumvarp þetta er komið fram fyrir þá skuld, að sá orðrómur hefir á legið, að talsvert mundi vera um undandrátt á tolli, einkanlega í Reykjavík. Nú er það kunnugt, að mestur hluti af tekjum landssjóðs er tolltekjur, svo að ef hjer væri um nokkurn verulegan undandrátt að ræða, þá hlyti landssjóður að bíða við það tilfinnanlegan skaða.

Nefnd sú, er kosin var í þetta mál, hefir nú reynt að afla sjer upplýsinga um, hvort sá orðrómur, er áður er um getið, sje á rökum bygður, og hefir því fengið til viðtals við sig bæjarfógetann í Reykjavík. Af viðtali við hann, hefir nefndin sannfærst um, að í Reykjavík er miklu minna um undandrátt á tolli en orð fer af, og að miklu færri menn eru við það mál riðnir eða grunaðir um undandrátt en almenningur tilnefnir.

Í annan stað hefir nefndin þó við rannsóknir sínar komist að þeirri niðurstöðu, að nokkuð talsvert muni þó vera um tollundandrátt í landinu, eða að

að honum kveði að minsta kosti svo mikið, að fullkomin ástæða sje til þess, að herða nokkuð á þeim hegningarákvæðum, er gildandi lög hafa við tollundandrætti.

Nefndin lítur svo á, að þar sem talsvert er farið að bera hjer á landi á tollsvikum, þá sje það tvent, er þegar varði miklu að gera. Annað er það, að hlutaðeigandi yfirvöld sýni af sjer röggsemi í slíkum málum, og leiði þau svo skjótt til lykta, sem verða má. Hitt er það, að sektarákvæði laganna um slík brot sjeu gerð skýr og glögg, svo að almenningi sje ljóst, hvað við liggur, ef brotið er.

Um hið fyrra er það að segja, að nefndin treystir því, að tollheimtumenn og dómarar láti það ekki undir höfuð leggjast, að koma upp tollsvikum og að hegna fyrir þau, því að annars er í veði sómi alþjóðar og einstakra manna.

Út af síðara atriðinu skal það fram tekið, að nefndin hefir orðið ásátt um, að taka upp allan fyrri hluta 8. greinar tolllaganna frá $^{11}/_{7}$ 1911 með nokkrum viðbótum og fyllri ákvæðum. Og er það fólgið í þessu:

Lágmark sekta viljum vjer ákveða 50 kr. Í gildandi lögum vantar lágmarkið. En víða mun sú venja vera á komin, að dæma ekki í lægri sekt fyrir tolllagabrot en hjer er til tekið.

Þá viljum vjer leggja til að þeim, er uppvísir verði að tollsvikum, skuli refsað eftir 155. grein hinna almennu hegningarlaga, þegar svo stendur á, að greinin á við, nefnil. þegar maður vísvitandi gefur ranga skýrslu í þeim tilgangi að svíkja toll.

Og loks leggjum vjer til, að brot í þriðja sinni varði missi verslunarleyfis, hvort sem um kaupmann er að ræða eða einhvern annan, sem hefir slíkt leyfi. Er það í líkingu og samræmi við hegningarákvæði í 14. og 15. gr. laga um verslun og veitingar áfengra drykkja frá 11. nóv. 1894.

Samkvæmt þessu leggjum vjer þá til, að þessar breytingar verði samþyktar.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Fyrir grein frumvarpsins komi:

Fyrri liður 8. greinar tolllaga frá 11. júlí 1911 hljóði þannig:

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga yfirlýsing um það, eða ekki skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá tollskyldum vörum, er hann hefir inn flutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 4. gr., og skal hann þá sæta sektum frá 50 til 1000 kr., og gjaldi auk þess þrefalda þá upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan. Auk þess skal hver sá, er uppvís verður að tollsvikum, sæta hegningu eftir 155. grein almennra hegningarlaga, þegar svo á stendur, sem þar segir. Hafi hinn seki verslunarleyfi, fyrirgerir hann því við 3. brot, og getur ekki fengið nýtt verslunarleyfi fyr en eftir 5 ár.

2. Fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frumvarp til laga um breytingu á tolllögum nr. 54, 11. júlí 1911.

Alþingi 18. júlí 1914.

Steingrímur Jónsson, formaður. Björn Þorláksson, skrifari og framsögum. Karl Einarsson.

Sigurður Stefánsson. Karl Finnbogason.

Nd. **147. Þingsályktun**

um ráðstafanir gegn útlendingum út af notum þeirra á íslenskri landhelgi og höfnum hjer á landi við ýms verkunarstörf á fiskifangi (síld).

(Samþykt í Nd. 18. júlí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landstjórnina, að rannsaka með hverju móti verði girt fyrir það, að útlendingar vinni að ýmsum verkunarstörfum á fiskifangi (síld) á útlendum skipum á íslenskum höfnum og í íslenskri landhelgi, án leyfis og án þess, að þeir greiði önnur opinber gjöld, af atvinnu sinni en útflutningsgjald af því, er þeir taka á höfnum úr öðrum skipum.

Heimili gildandi lög að kippa þessu í lag, skorar deildin á stjórnina að hlutast til um, að það verði gjört. En þurfi nýja lagaheimild til þess er skorað á stjórnina, að undirbúa hana og leggja fyrir næsta Alþingi lagafrumvarp í þá átt.

Jafnframt ályktar neðri deild, að skora á landsstjórnina að hlutast til um að gengið sje eftir greiðslum á innflutningsgjaldi (þar á meðal vörutolli) og útflutningsgjaldi af vörum, sem útlendingar ferma úr skipi í skip á íslenskum höfnum eða í íslenskri landhelgi.

Ed. **148. Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um bann gegn útflutningi á lifandi refum.

Nefnd sú, er háttv. Ed. kaus til að athuga þetta mál, hefir ekki orðið sammála.

Meiri hluti nefndarinnar álítur:

1. Að enginn þörf sje á banni þessu, þar sem þeir, er ala vilja eða rækta refi, geta fengið þá, hvort sem útflutningar þeirra er bannaður eða ekki.
2. Að bannið tryggi alls ekki hátt verð á íslenskum refaskinnum, þar sem útlendir refaræktarmenn geta fengið refi annarsstaðar en hjer á landi, af sama tagi eða engu síðri.
3. Að bannið yrði fáum mönnum til hagnaðar eu fleirum til tjóns, og að slíku eigi löggjöfin ekki að styðja að nauðsynjalausu.
4. Að bannið sje ónauðsynleg skerðing á umráðarjetti manna yfir eign sinni.

Meiri hluti nefndarinnar ræður því háttv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi 17. júlí 1914.

Jósef J. Björnsson
form.

Karl Finnbogason
framsögum. meiri hlutans.

Jeg er heiðruðum meðnefndarmönnum mínum ekki samdóma um framangreind atriði, og mun gera grein fyrir áliti mínu við umræður málsins í deildinni.

Alþingi 18. júlí 1914.

Sigurður Stefánsson,
framsögum. minni hlutans.

Nd. **149. Nefndarálit**

um frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Sú rödd kom fram við umræðu frumv. í deildinni, að óheppilegt væri að samþ. aukafjárlög á þessu þingi og enda óþarft. Tók nefndin því fyrst af öllu þessa spurningu til yfirvegunar. Varð sú skoðun í meiri hl., að rjettara mundi að halda frumv. fram með þeim breytingum, sem nefndinni kæmi saman um. En nefndin var samhuga í því, að varna öllum þeim fjárveitingum framgangs að þessu sinni, sem hjákvæmilegar virtust í bráð.

Nefndinni hafa borist ýmsar málaleitanir, bæði skriflegar og munnlegar og hefir hún haft þær ásamt frv. til meðferðar á 9 fundum. Leyfir nefndin sjer að gera nokkrar breytingar og viðaukatill. við frumvarpið, og lætur þeim fylgja þessar athugasemdir:

1.

Stjórn Heilsuhælisins á Vífilsstöðum kom á fund nefndarinnar þess erindis, að skýra henni frá hag hælisins og kringumstæðum, og fá nefndina til þess, að bæta á fjáraukalagafrumv. bráðnauðsynlegum styrk til hælisins, til þess að það gæti haldið áfram.

Aðaltillaga heilsuhælis-stjórnarinnar var þessi:

Landssjóður taki að sjer Heilsuhælið að fullu og öllu á þessu ári, jafnframt því, að nú sje tekin á fjáraukalög hæfileg upphæð, til þess að standast tekjuhalla hælisins, bæði á næstl. og yfirstandandi fjárhagstímabili. Varatillaga: að nefndin tæki nú upp í frumv. 20,000—24,000 kr. fjárveiting til hælisins, til þess að standast óhjákæmilegar skuldagreiðslur og önnur útgjöld, sem tekjur þess hrökkva eigi fyrir.

Nefndinni er það ljóst af skýrslum framkvæmdarstjórnarinnar, að henni mun vera alveg um megn, að halda hælinu uppi með þeim tekjum, sem hælið nú hefir, bæði þeim sem vísar eru og óvísar, svo að ekki verður hjá komist, að hlaupa undir baggann, ef hælinu á ekki að verða lokað fyrir sjúklingum þegar á næsta ári. Nefndinni virðist einnig líkur til, að fjárveitingarvaldið verði áður langt líður, að taka að sjer fulla ábyrgð á rekstri hælisins. En hún álítur ekki heppilegt, að ráðast í slíkt nú á þessu þingi, undirbúningslaust og skilyrðislaust. Heilsuhælisfjelagið má ekki leggjast niður, nje hin almenna fjársöfnun hælinu til styrktar. Nefndin vill því leggja það til, að nú sje í frumv. bætt 20,000 kr. fjár-

veiting til heilsuhælisins á Vífilsstöðum, án nokkurrar frekari skuldbindingar af landssjóðs hálfu að þessu sinni.

2.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að járnbrautarlagning hjer austur í Rangárvallasýslu sje svo athugavert fyrirtæki, að það verði að bíða að m. k. nokkur ár; þess vegna sje engin þörf á því, að taka á aukafjárlög nú fjárveiting til undirbúnings og rannsóknar þessu máli. Það gæti jafnvel skilist svo að þetta þing færi að ýta undir næsta þing að ráðast í fyrirtækið sjálft og stjórnina, að búa það undir. — Jafnvel þótt nefndin sje alls eigi á einu máli um þetta leggur meiri hl. til, að ofannefnd fjárveiting sje feld.

3.

Eftir að stjórnarfrumv. var fullgert kom til stjórnarráðsins tillaga frá Krabbe landsverkfræðingi um nokkuð fullkomnari tilhögun á leiðarljósum við Steingrímsfjörð, heldur en á upphafl. áætlun hans um Grímseyjarvitann. Skaut stjórnarráðið þessari tillögu til nefndarinnar, en hún kostar 3000 kr. hækkun á fjárveitingunni til nefnds vita. Nefndinni virðist tillagan á fullum rökum bygð, og leggur því til að þessi hækkun sje gerð á fjárveitingunni. —

4.

Eftir brjeflegri ósk stjórnarráðsins leggur nefndin það til, að bætt sje við fje það, sem veitt er nú á fjárlögum til rannsóknar og undirbúnings á skrásetningu fornmenja (15. gr. 3. f.) 400 kr. — Ástæðan til þess er sú, að fornmenjavörðurinn hefir með ráði stjórnarráðsins ferðast til útlanda nú í sumar, þar á meðal á sýninguna í Kristjaníu, til þess að kynnast fornleyfarannsóknum og söfnum erlendis. Þegar nú ferðakostnaður er tekinn af fje því, sem veitt er á þessum lið fjárlaganna, verður oflítið afgangs til annars kostnaðar.

5.

Skrifstofustjórinn í 3. deild stjórnarráðsins, herra Indriði Einarsson, hefir mælst til við nefndina, með brjefi 16. þ. m., að hún tæki upp á fjáraukalögin fjárveitingu, að upphæð kr. 386,76, til Fossvalla-rjómabúsins í Árnessýslu. Þegar smjerverðlaunum fyrir 1913 var útbýtt, var eigi komin nein skýrsla frá nefndu fjelagi, svo það misti alveg af verðlaunum fyrir þetta ár. Var það að nokkru leyti af vangá formanns smjörbúsins, en að nokkru leyti af því, að verðlaununum var í þetta sinn útbýtt lítið eitt fyr en árin á undan. Með því að þetta í rauninni kemur niður á saklausum mönnum, virðist nefndinni rjett, að veita smjörbúi þessu 300 kr.

6.

Nefndin hefir ekki getað fallist á, að fjárveitingin til hins íslenska prentarafjelags væri sjerlega nauðsynleg eða heppileg, og leggur því til að hún sje feld, enda hefir hún neitað að taka til greina ýmsar óskir um fjárstyrk, sem eigi minna virðist hafa mælt með.

Stjórnarráðið sendi nefndinni erindi frá prestinum á Siglufirði viðvíkjandi skemdum sem Siglufjarðareyri liggur undir af sjógangi, og það svo, að hús og

allar bryggjur eru í veði þar á eyrinni, ef svo heldur áfram sem nú hefir að gert hin síðari ár. Erindi þessu fylgir og brjef Þorv. Krabbe verkfræðings ásamt uppdráttum og áætlun um varnargarð á eyrinni. Telur hann nauðsynlegt og jafnframt vel kleift, að koma hjer vörnum við. Garð í því skyni áætlar verkfr. 9700 kr.

Nefndin telur nauðsyn á, að fyrirtæki þetta komist á sem fyrst, og vill því verða við tilmælum stjórnarráðsins um, að taka upp á aukafjárlög fjárveiting til þessa.

En með því, að Hvanneyrarhreppur tekur gjöld af skipum, og hefir allmiklar tekjur, en viðhald eyrarinnar er skilyrði fyrir því, að þarna haldist við bryggjur, þá leggur nefndin það til, að úr hafnarsjóði Siglfirðinga komi fjórðungstillag til þessa varnargarðs á móti tillagi landssjóðs.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu fer þess á leit við Alþingi, fyrir hönd verksmiðjufjelagsins »Gefjun« á Akureyri, að lánum þeim, er verksmiðjan hefir úr landssjóði, verði breytt þannig, að þau megi borgast á 40 árum, eða þá ef það fæst eigi þá á 28 árum.

Lán þessi eru:

1. Lán veitt 1908, 50,000 kr. gegn 1. veðrjetti í verksmiðjunni. Afborgunarlaust til 1915, en borgist svo á 15 árum.
2. Lán veitt 1912, 60,000 kr. gegn ábyrgð sýslufjelags Eyfirðinga og bæjarfjelags Akureyrar. Afborgunarlaust til 1917, en borgist það af á 15 árum.

Afborganir af báðum þessum lánum verða því kr. 7333,33 árl. Nefndinni virðist auðsætt, að verksmiðjan geti als ekki, nema með auknum hlutafjárinnlögum, greitt svona stóra afborgun á ári. En hlutafjársöfnun virðist ganga mjög dræmt, enda skortur á veltufje til baga, svo að þangað gengur það, sem safnast. Nefndin leggur því til, að afborgunarkjörum þess lánsins, sem hún telur betur tryggt, þ. e. síðara lánsins, sje breytt þannig, að það borgist með 1600 króna árl. afborgun frá árinu 1917 að telja.

Stjórn Búnaðarfjel. Íslands hefir ritað nefndinni þess efnis, að mikil þörf myndi vera til þess, að auka lánsheimild þá til kornforðabúra, sem nú er á fjárlögunum úr 10,000 kr. (5000 kr. hvort árið) á fjárhagstímabilinu uppí 50,000 kr., og bendir þar til hinna hörðu áminninga, sem síðasti vetur og vor hefir veitt landsmönnum, til þess að efla fóðurtryggingar sínar á allan hátt, betur en að undanförnu.

Nefndin er sammála búnaðarfjelagsstjórninni um það, að fjárveitingarvaldið megi ekki sitja aðgerðalaust hjá, þegar varna skal allsherjar-vandræðum, en þinginu hafa engar aðrar tillögur borist nú í þá átt, en þessi frá búnaðarfjelagsstjórninni. Leggur nefndin til, að áminnst lánsheimild til kornforðabúra verði hækkuð um helming frá því sem nú er á fjárlögunum. Telur nefndin engar líkur til, að meira verði notað.

Nefndin hefir þá gert grein á þeim breytingartillögum við frumvarpið, sem hún gerir. En hún vill einnig taka fram viðvíkjandi nokkrum öðrum erindum, sem hún hefir haft til meðferðar, það sem hjer fer á eftir:

Stjórnarráðið hefir sent nefndinni erindi frá Olgeiri Friðgeirssyni, fyrv. verslunarstjóra á Vopnafirði, þar sem hann fer fram á endurgreiðslu á 1000 kr. af því fje, sem Vopnfirðingar á sínum tíma lögðu til símalínunnar milli Hofs og Vopnafjarðar. Nefndin álítur í alla staði sanngjarnt, að ofannefnd upphæð sje

endurgreidd, af þeim ástæðum: 1. að tillagið frá Vopnfirðingum til nefndrar línu var hærra að tiltölu en tíðast hefir verið um slík tillög úr hjeraði, og 2. að nú við færslu símalínunnar af Smjörvatnsheiði á Hellisheiði, verður þessi Vopnafjarðarlína partur af aðallínunni. En þó virðist og nefndinni rjett, að telja endurgreiðslu þá er hjer um ræðir, sem kostnað við hina nýju línu á Hellisheiði.

Enn fremur hefir stjórnarráðið sent nefndinni erindi landssímastjórans viðvíkjandi bráðnauðsynlegri aukningu á bæjartalsímakerfinu á Akureyri. Er kostnaður við þetta áætlaður kr. 7160,00. Nefndin er því meðmælt, að þessar aðgerðir á talsímakerfi Akureyrar sje gerðar sem fyrst eftir fyrirætlun landssímastjóra. En telur ekki nauðsynlegt, að taka hina áætluðu upphæð á aukafjárlög, með því hún telur stjórninni heimilt að taka til þess fje af ritsímaláninu, samkvæmt 5. gr. símalaganna frá 22. okt. 1912, samanborið við 8. gr.

Breytingartillögur þær, er nefndin gerir samkvæmt framansögðu, eru á sjerstöku þingskjali.

Alþingi 18. júlí 1914.

Eggert Pálsson, formaður.	Pjetur Jónsson, skrifari og framsögum.	Björn Hallsson.

Hjörtur Snorrason. Jón Jónsson. Sigurður Sigurðsson. G. Eggerz.

Nd. 150. Breytingartillögur

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjáraukalaganefndinni.

1. *Á eftir 1. gr.* frv. komi ný gr. sem verður 2. gr. svohljóðandi:
Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna 11. tölulið veitast:
(Til Heilsuhælisins á Vífilsstöðum) kr. 20,000.

2. *Við 2. gr.*, sem verður 3. gr.:
liðurinn 1. við B. (járnbrautarrannsókn) falli burt.

3. Við sömu grein (Grímseyjarviti) fyrir: »14100«
komi: 17100.

4. Á eftir þessari grein komi ný grein, sem verður 4. gr. svohljóðandi:
Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna 3. lið f. veitast (Til rannsóknar og undirbúnings á skrásetning fornmenja) kr. 400,00.

5. *Við 3. gr.*, sem verður 5. gr.:
Á eftir inngangi greinarinnar komi nýr liður:
Við 16. gr. Til smjörbúsins á Fossvöllum í Árnessýslu, smjörverðlaun fyrir 1913 kr. 300.

6. Við sömu grein:
liðurinn: »Til hins íslenska prentarafjel. o. s. frv. kr. 800« falli burt.

7. Við sömu gr. Í enda greinarinnar bætist nýr liður:
Við 16. gr. Til varnargarðs á Siglufjarðareyri í Siglufirði gegn tillagi að 1/4 annarsstaðar að kr. 7300.

8. Aftan við frumvarpið bætist þessi athugasemd:
Landstjórninni heimilast að breyta afborgunarkjörum á láni úr viðlagasjóði til ullarverksmiðjunnar »Gefjun« á Akureyri að upphæð 60,000 kr., teknu 1912, þannig að lánið endurborgist með 1600 króna árlegri afborgun frá árinu 1917 að telja, til þess því er lokið.

9. Enn fremur komi þessi athugasemd:
Til viðbótar lánum þeim, sem stjórninni er heimilað að veita í 21. gr. fjárlaganna 7. tölulið heimilast stjórninni enn fremur að veita 5000 kr. hvort árið.

Nd. **151. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 64 frá 22. nóv. 1913 um sjódóma og rjettarfar í sjómálum.

Nefndin hefir íhugað frumvarpið og ræður hinni hv. deild til að samþykkja frumv. með þessari breytingu:

2. gr. frv. orðist svo:

Aftan við 5. gr. bætist:
Þóknun meðdómenda greiðist úr landssjóði.

Alþingi 18. júlí 1914.

M. J. Kristjánsson. Sveinn Björnsson, skrifari og framsögum.

Matth. Ólafsson. Einar Arnórsson. Þorleifur Jónsson.

Ed. **152. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10 nóv. 1905.

Nefndin hefir orðið sammála um að ráða hinni háttv. deild til þess, að samþykkja þá breytingu á sveitarstjórnarlögunum, sem flutningsm. frumvarpsins fer fram á.

Enn fremur kom fram frá einum nefndarmanna, að hann óskaði eftir að 36. og 37. gr. sveitarstjórnarlaganna yrði breytt á þann veg, sem viðaukatillögurnar 1. og 2. gr. á þgskj. 153 fara fram á.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt mál sátt um þessar breytingar, og vill einn nefndarmanna, 3. kgk. þm. (Stgr. Jónsson), láta þess getið að hann skrifi undir nefndarálitið með fyrirvara, að því er snertir 1. gr. af þessum viðaukatillögum og mun hann gera grein fyrir þeim fyrirvara við umræður málsins.

Annars skal það tekið fram, að þessar tillögur eru framkomnar vegna mjög ákveðinna og margítrekaðra óska manna í sumum kjördæmum. Margt hefir einnig tekið stórum breytingum, að því er snertir ýmsan atvinnurekstur síðan sveitarstjórnarlögin voru samin, og því ekki að búast við að þau sje allstaðar í fullu samræmi við núverandi ástand, þó þau sje ekki gömul.

Þess má og geta, að líkar breytingar hafa nú á síðustu þingum legið fyrir til umræðu og getið sjer meira og minna fylgi. Þó þær ekki hafi náð fram að ganga, þá sýnir það að margir hafa á síðari árum álitið nauðsyn á þeim.

Þá hefir þm. Vestmannaeyinga, samkv. þingmálafundargerð úr Vestmannaeyjum óskað þess, að þegar næst verða prestaskifti í Eyjunum, þá sje presturinn ekki lengur lögboðinn í sýslunefnd.

Nefndin vill ráða hinni háttv. deild til þess, að verða við ósk þessari, því henni virðist eðlilegra að eyjarskeggjar ráði sjálfir vali sýslunefndarmanna sinna, eins og sýslubúar í öðrum sýslum landsins, heldur en að presturinn sje þeim lögboðinn, hvort sem hann er því vaxinn eða ekki.

Alþingi 20. júlí 1914.

Kristinn Daníelsson,	Magnús Pjetursson,
form. og framsögumaður.	skrifari.

Steingrímur Jónsson.

Ed. **153. Viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frá nefndinni.

Á undan frumvarpsgreininni komi þrjár nýjar greinar:

1. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti sem fátækratíundin og aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili, eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft

fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar, þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Á hvalveiði, síldveiði með nót, laxveiðaafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot, af jörð, þótt engin ábúð fylgi og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Nú stundar aðkomumaður bátfiski á útveg annara en þarsveitarmanna og dvelur í veiðistöð sama hrepps 4 vikur eða lengur, og má þá jafna á hann útsvari hæfilegu, eftir tímalengd og í samanburði við innsveitarmenn, en ekki má leggja hundraðsgjald á afla. Útsvarinu skal formaður hafa lokið fyrir skip sitt, áður en hann fer á brott. Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppum í sama sýslufjelagi, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

3. gr.

Í Vestmannaeyjasýslu er sýslumaðurinn og fjórir kjörnir menn í nefndinni.

Þessi breyting á skipun sýslunefndar Vestmannaeyjasýslu kemur þó ekki til framkvæmda fyr en við næstu prestaskifti eftir að lög þessi hafa öðlast gildi.

Frumvarpsgreinin verði 4. gr.

Á eftir frumvarpsgreininni komi ný grein, sem verði:

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 36. gr. og fyrri málsgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga frá 10. nóv. 1905, svo og þau ákvæði 55., 56. og 61. gr. sem snerta sýslunefnd Vestmannaeyjasýslu sjerstaklega og fara í bága við lög þessi; enn fremur er úr gildi numin fyrri málsgrein 66. gr. ofannefndra laga.

Ed. **154. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rjett til að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

2. gr.

Ef maður vill öðlast þann rjett, sem getur í 1. gr., skal hann hafa sannað fyrir stjórnarráðinu, að hann hafi næga þekkingu á þeirri tungu, sem hann vill öðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á. Heimilt er stjórnarráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup, er greiðist úr landssjóði. Stjórnarráðið skipar fyrir um prófið.

3. gr.

Nú hefir maður öðlast rjett þann, er getur í 1. gr., og skal hann þá skyldur að vera túlkur á dómþingum og þýða skjöl fyrir menn og stofnanir. Hann skal og heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund og að ljósta eigi upp leyndarmálum.

4. gr.

Dómtúlkar og skjalþýðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

5. gr.

Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda.

Ed. **155. Frumvarp**

til laga um löggilta endurskoðendur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráði Íslands skal heimilt að löggilda endurskoðendur, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri; hann skal vera fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.
2. Hann skal sanna fyrir stjórnarráðinu, eða fyrir nefnd, er stjórnin skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiftum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur.

3. gr.

Ef löggiltur endurskoðandi er eigi lengur fjár síns ráðandi, eða mannorð hans flekkast, þá skal stjórnarráðið taka af honum löggildinguna. En er hann fær aftur umráð yfir fje sínu, skal hann mega fá aftur löggilding sína.

4. gr.

Nú láta opinberir sjóðir, hlutafjelög eða sameignarfjelög löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga sína, og skal þá sú endurskoðun jafngilda endurskoðun dómkvaddra manna.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eða á þrotabúum, skal til þeirrar skoðunar hafa löggilta endurskoðendur, ef til næst.

6. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal heita því við drengskap sinn, að vinna verk sitt eftir bestu vitund og að ljósta eigi upp leyndarmálum.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

8. gr.

Stjórnarráðið tiltekur nánar verksvið löggiltra endurskoðenda og setur kaupskrá (taxta) fyrir störf þeirra.

Ed. **156. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907 um skipun prestakalla.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. grein X., 49 orðist þannig:
Nesþing: Ólafsvíkur-, Brimilsvalla-, Ingjaldshóls- og Hellnasóknir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1915.

Ed. **157. Frumvarp**

til laga um afnám fátækratíundar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Fátækra tiund af fasteign og lausafje er hjer með úr lögum numin.

Skal því, er sveitarsjóður þannig missir í við þessa lagabreytingu, jafnað niður á hreppsbúa eftir efnum og ástæðum, eins og öðrum sveitarútsvörum,

Ed. **158. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum og viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Meðan vöntun er á íslenskum vjelstjórum, sem fullnægja ákvæðum laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum frá 11. júlí 1911, getur stjórnarráð Íslands veitt mönnum, er til þess teljast hæfir, leyfi til þess að vera vjelstjórar á íslenskum gufuskipum, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum nefndra laga enda hafi þeir meðmæli eftirlitsmanns með vjelum skips þess, er þeir ætla að verða vjelstjórar á, og vjelfræðikennarans við stýrimannaskólann.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911 um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum, dags. 2. mars 1914.

3. gr.

b-liður 3. gr. laga frá 11. júlí 1911 orðist svo:

Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár á einhverju því verkstæði hjer á landi eða erlendis, sem stjórnarráðið mælir með fyrir slíka iðnnema, eða hafi stundað járnsmíði á slíku verkstæði í 1 ár og síðan verið undirvjelstjóri með undanþágu í 2 ár, enda hafi hann fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.

4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna frá 1911 bætist:
eða hafi siglt 2 ár sem yfirvjelstjóri með undanþágu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **159. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um skipströnd 14. janúar 1876.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þá er strandað skip hefur legið á strandstaðnum eitt ár frá því er strandið varð, og eigi verið selt við opinbert uppboð, samkvæmt strandlögunum, sökum ákvörðunar eiganda um að annast björgunina sjálfur, getur lög-

reglustjóri látið selja flakið og annað það, er skipinu fylgir og finst á strandstaðnum, við opinbert uppboð, ef óráðlegt þykir, af ástæðum er almenning varða, að láta það liggja lengur óselt, sbr. þó 4. gr.

2. gr.

Uppboð, er haldin verða samkvæmt 1. gr., skal lögreglustjóri jafnan tilkynna þeim, er lýst hafa eignarrjetti að skipinu, og öðrum, er þar hafa hagsmuna að gæta, ef kunnugt er um heimilisfang þeirra. Að öðrum kosti skal ræðismanni eða öðrum hjerlendum umboðsmanni þess lands, þar sem skipið átti heima, svo og hjerlendum umboðsmanni ábyrgðarsala, gjört aðvart um uppboðið. Andvirði hins selda, að frádregnum uppboðskostnaði og öðrum kostnaði, greiðist þeim, er sannar eignarrjett sinn samkvæmt ákvæðum 23.—24. gr. strandlaganna.

3. gr.

Í söluskilmálum við uppboð samkvæmt 1. gr. sem og við uppboð á strönduðu skipi samkvæmt strandlögunum, skal það ákvæði sett, að skipsleifar, sem eigi eru fluttar burt úr fjörunni, þá er 2 ár eru liðin frá því er skipið strandaði, teljist óskilafje og verði eign fjöreigenda.

4. gr.

Nú hefur eigandi eða ábyrgðarsalar strandaðs skips hafið björgun áður en ár sje liðið frá því er strandið varð og gefið lögreglustjóra til kynna, að björguninni verði haldið áfram að árinu liðnu, og skal þá eigi haldið uppboð samkvæmt 1. gr., heldur er hlutaðeigendum heimilt að halda björguninni áfram um alt að tveggja ára tíma frá því er strandið varð, en þá verður flakið eign fjöreigenda samkvæmt 3. gr. En sýni eigandi eða ábyrgðarsalar stjórnarráðinu fram á, að örðugleikum hafi verið bundið að ljúka björguninni á tveim árum og lýsi því jafnframt yfir, að þeir vilji halda björguninni áfram, skal þeim þó veittur nægur frestur til þess. Þegar eins stendur á, getur uppboðskaupandi samkvæmt 3. gr. fengið samþykki stjórnarráðsins til nauðsynlegrar framlengingar á björgunarfresti, þeim sem þar er áskilinn.

5. gr.

Nú sekkur skip þar sem af því getur stafað hætta eða verulegur farartálmi fyrir siglingar og sjósókn, og getur stjórnarráðið þá látið auðkenna staðinn; jafnframt skal það spyrja þann, er tilkall á til flaksins, hvort björgunartilraunir verði gjörðar, og gjöra honum um leið aðvart um, innan hvers tíma flakið skuli gjört óskaðvænt.

Hafi stjórnarráðið eigi getað fengið vitneskju um, hver tilkall á til flaksins, eða ef hann vill eigi gjöra það óskaðvænt samkvæmt fyrirsögn stjórnarráðsins, getur það sjálft látið gjöra flakið óskaðvænt. *Einnig getur stjórnarráðið látið gjöra flak óskaðvænt þegar eftir strandið eða skipbrotið, ef slík ráðstöfun verður að teljast óhjákvæmileg nauðsyn sökum þeirrar hættu, er stafar af flakinu.*

6. gr.

Til tryggingar fyrir útgjöldum við yfirvaldaráðstafanir samkvæmt 5. gr. er skipið og það, sem því fylgir, og enda farmurinn, ef hann er þess eðlis, að af honum stafi hætta eða verulegt óhagræði fyrir siglingar og sjósókn. Stjórnarráðið getur því látið gjöra kyrsetning á þessum munum og skal gjörðinni haldið til dóms við sjódóm strandstaðarins. Hafi stjórnarráðið látið gjöra flak óskaðvænt og sje nokkru bjargað af skipi eða skipsgögnum má selja það við opinbert uppboð, og taka kostnaðinn af andvirðinu án undangenginnar kyrsetningargjörðar.

Nd. **160. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 20. júlí (Frv. til laga um breyting á lögum um Bjargráðasjóð Íslands frá 10. nóv. 1913, þgskj. 29, sbr. þgskj. 111 og 112).

Í því trausti, að bjargráðastjórnin leiti fyrir næsta þing eftir skoðun allra sveitarstjórna á landinu á fyrirliggjandi frumvarpi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **161. Þingsályktun**

um breytingu á lögum nr. 28, 16. nóv. 1907 um veitingu prestakalla.

(Samþykt í Ed. 20. júlí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi þá breytingu á lögum nr. 28, 16. nóv. 1907 um veitingu prestakalla, að prestskosning fari fram í hverri sókn.

Ed. **162. Þingsályktun**

um stofnun útibús frá Landsbankanum á Austurlandi.

(Samþykt í Ed. 20. júlí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að samkvæmt fyrirmælum laga um stofnun Landsbanka, 18. sept. 1885, og laga um breytingu á nefndum lögum nr. 28, 22. okt. 1912, verði ekki lengur dregið að koma á fót útibúi frá Landsbankanum á Austurlandi.

Nd. **163 Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaga 22. nóv. 1913 um árekstur og björgun.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, sem komið er frá háttv. efri deild, og borið það saman bæði við fyrirmynd þess, breytingar þær, er gerðar voru á tilsvarandi ákvæðum dönsku siglingalaganna með lögum nr. 103 frá 29. apríl 1913, og milliríkjasamninga þá, er prentaðir eru sem fylgiskjal I og II með frv. Telur nefndin ekkert athugavert við frv., og ræður háttv. deild til þess að samþykkja það.

Þegar siglingalögin íslensku voru samin og sett, virðist svo sem dönsk lög frá 4. febr. 1898, (sjá fylgiskjal) um breytingar á dönsku skipskráningarlögunum frá 1. apríl 1892, hafi eigi verið þekt. Í 2. gr. laga 4. febr. 1898 segir svo, að dómsmálaráðherra skuli heimilt að veita til þess leyfi, að skip, sem eru eign hlutafjelaga, megi setja á skipaskrá konungsríkisins, ef meiri hluti stjórnarnefndarmanna er búsettur í Danmörku.

Nefndinni þykir nú rjett að grípa færið til þess að gera tilraun til þess að koma samskonar ákvæði í siglingalög vor, þannig að landsstjórninni verði veitt samskonar heimild á Íslandi, sem dómsmálaráðherra Dana í Danmörku. Stingur nefndin því upp á því að setja nýja grein í frv. Þó telur nefndin rjett, að sett sje það skilyrði, að $^2/_3$ hlutar stjórnarnefndarmanna, að minsta kosti, í stjórn hvers hlutafjelags fullnægi skilyrðum siglingalaganna, til þess að heimilt sje, að veita leyfið.

Loks telur nefndin rjett, að bætt verði annari grein í frv. um það, að fella skuli texta frv. þessa í texta siglingalaganna. Ef svo er gert, er hægara að nota lögin en ef leita þarf ákvæða um siglingaefni á mörgum stöðum.

Leyfir nefndin sjer því að bera upp við frv. þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Heiti frv. verði: Frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913 um skip, árekstur og björgun.

2. Við frv. bætist ný gr., er verði 1. gr. og hljóði svo:

1. gr. siglingalaganna orðist svo:

Þau skip teljast íslensk, sem heimili eiga á Íslandi og að tveim þriðju hlutum minnst eru eign manna, sem heimilisfastir eru á Íslandi eða í Danmörku eða þar innbornir, án þess að vera ríkisborgarar annarsstaðar. Nú er skip hlutafjelagseign, og skal þá meiri hluti stjórnarnefndarmanna vera búsettur á Íslandi og heimilisfang fjelagsins þar, enda fullnægi hver stjórnarnefndarmaður framangreindum skilyrðum um heimilisfestu eða rjett innborinna manna; þó má ráðherra Íslands veita hlutafjelögum undanþágu frá síðastnefndum ákvæðum, þegar að minsta kosti $^2/_3$ hlutar stjórnarnefndarmanna fullnægja skilyrðunum um heimilisfestu.

Greinatalan breytist eftir því.

3. Í 5. gr. frv., 3. málsgr., verði »sama manns, eins og«:
sama manns sem.

4. Aftan við 12. gr. frv. komi ný grein, er verður 14. gr., svohljóðandi:
Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra í meginmál siglingalaga 22. nóv. 1913, og getur konungur gefið þau lög út þannig breytt sem siglingalög Íslands.

Alþingi 19. júlí 1914.

Sveinn Björnsson, formaður. Einar Arnórsson, skrifari og framsögumaður.

Þorleifur Jónsson. Matth. Ólafsson. M. J. Kristjánsson.

Fylgiskjal.

LOV
om Ændringer i Lov af 1ste April 1892 om danske Skibes Registrering m. m.

VI CHRISTIAN DEN NIENDE o. s. v.
Göre vitterligt: Rigsdagen har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet följende Lov:

Paragraf 1.

Til Paragraf 1., 1ste Stykke, i Lov af 1ste April 1892 om danske Skibes Registrering föjes följende Tillæg:

Dog kan der ved kongelig Resolution meddeles Tilladelse til, at Skibe, der gaa i fast Fart paa oversöiske Havne, som Nationalitets-Mærke före det danske Splitflag med et foreskrevet særligt Mærke. Denne Tilladelse skal til enhver Tid kunne tages tilbage. Endvidere kan der ved kongelig Resolution fastsættes nærmere Bestemmelser, hvorefter Skibe, der gaa i Postfart for Staten, kunne före et særligt Postflag.

Paragraf 2.

Til samme Paragrafs 3dje Stykke föjes följende Tillæg:

Justitsministeren skal dog være bemyndiget til at tillade, at Skibe, der tilhöre Aktieselskaber, indföres i Kongerigets Skibsregister, naar Flertallet af Bestyrelsesmedlemmerne er bosat her i Riget.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 4de Februar 1898.
Under Vor Kongelige Haand og Segl.

CHRISTIAN R.
(L. S.)

Rump.

Ed. **164. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907. (Þingskj. 75).

Frumvarp þetta fer fram á, að vegurinn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar sje tekinn í tölu flutningabrauta, og að þeirri flutningabraut sje að öllu leyti haldið við á kostnað landssjóðs.

Að því er fyrra atriðið snertir, að taka veg þenna í tölu flutningabrauta, þá er nefndin sammála um að ráða til að þetta verði gert. Þessi tillaga nefndarinnar styðst við eftirfarandi atriði:

1. Vegur þessi er afar-fjölfarinn, eins og tekið er fram í brjefi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem prentað er sem fylgiskjal með frumvarpinu. Og eins og nú er komið er umferðin eigi að eins umferð gangandi og ríðandi manna og umferð með lestir og hestvagna, heldur einnig umferð með bifreiðar. Þörfin á góðum akvegi er því augljós, en ekki við því að búast, að þeirri þörf verði fullnægt, nema vegurinn verði tekinn í tölu flutningabrauta.

2. Eigi umræddur vegur að vera vel hæfur til að þola hina miklu umferð, þá verður eigi hjá því komist að leggja fram mikið fje honum til umbóta. Að vísu er hann vel akfær eins og nú stendur, þótt hann sje sumstaðar allójafn og sumar brýr á honum ljelegar. Þegar blautt er um, er hann aftur á móti víða afar-illur umferðar, bæði fyrir hesta og vagna, af því hann veðst þá upp, og það því fremur sem umferðin er meiri. Í þessu efni eru þeir kaflar vegarins verri, að áliti nefndarinnar, sem liggja innan Kjósar- og Gullbringusýslu, en hinir, sem liggja í landi Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og því verða notin svo lítil af því, þótt allmiklu fje sje varið til ofaníburðar á þessum vegarspottum eða til annara smá-viðgerða á þeim. Nú vilja sýslunefndirnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu eigi leggja fram það fje, sem hjer er þörf á, og telja sjer það ekki fært. Meira að segja hefir sýslunefnd Kjósarsýslu gengið svo langt, að ákveða að vegurinn frá Fossvogi að Kópavogi skuli falla úr sýsluvegatölu frá byrjun ársins 1915, eins og útdráttur sá úr gerðabók sýslunefndarinnar, frá 15. apríl þ. á., sýnir, sem prentaður er hjer með sem fylgiskjal I. Sýslunefnd Gullbringusýslu hefir þar á móti á fundi sínum 17. apríl þ. á. skorað á Alþingi, að taka veginn í tölu flutningabrauta, eins og útdráttur sá úr gerðabók sýslunefndarinnar sýnir, sem prentaður er hjer með sem fylgiskjal II.

Nefndin getur því ekki sjeð, að nokkur von sje til þess, að það fje fáist frá sýslufjelögunum, sem þörf er á, enda ekki sanngjarnt að þau leggi fjeð fram, þar sem Kjósarsýsla hefir sýnilega engin eða því nær engin not af sínum vegkafla (veginum yfir Kópavogsháls) og Gullbringusýsla engin veruleg not vegarins milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur umfram það, sem allur almenningur hefir.

Eins og hjer stendur á, finst nefndinni því eigi annað liggja fyrir en að landssjóður leggi fram það fje, sem þörf er á til að gera veginn góðan.

Um síðara atriði frumvarpsins er nefndin einnig sammála, og vill leggja til, að viðhald á flutningabraut á umræddum vegkafla frá Reykjavík til Hafnar-

fjarðar, verði kostað af landsjóði að 1/3 hluta, og braut þessi þannig gerð jafn rjetthá þeim brautum, sem nú hafa þessi rjettindi.

Samkvæmt framansögðu, leggur nefndin til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið á þingskjali 75 ásamt eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Í stað orðsins »öllu« í niðurlagi frumvarpsgreinarinnar komi: 1/3.

Alþingi 18. júlí 1914.

Kristinn Daníelsson, formaður. Jósef J. Björnsson, skrifari. J. Havsteen.

G. Björnsson. Guðm. Ólafsson.

Fylgiskjal I.

ÚTDRÁTTUR
úr gerðabók sýslunefndarinnar í Kjósarsýslu.

... ...

23. gr.

Samþykt að veita alt að 300 krónum til bráðabirgðaraðgerðar á sýsluveginum yfir Kópavogsháls frá Skotmannsmóa til Fossvogsbrúar á yfirstandandi ári. En með því að vegur þessi kemur Kjósarsýslu mjög lítið að notum, og henni ofvaxið að gera hann svo úr garði, eins og þyrfti sem fjölfarna akbraut, ákveður sýslunefndin að fella veg þennan úr tölu sýsluvega frá næsta nýjári (1915).

... ...

Fundi slitið. —

Magnús Jónsson. Halldór Jónsson. Guðmundur Ólafsson.

Kr. Þorkelsson. Björn Bjarnarson

* * *

Rjettan útdrátt staðfestir

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu 9. júlí 1914.

Magnús Jónsson.

Fylgiskjal II.

ÚTDRÁTTUR
úr gerðabók sýslunefndarinnar í Gullbringusýslu.

... ...

22. gr., 8. lið.

— Samþykt var að veita 300 kr. til aðgerðar á sýsluveginum frá Hafnarfjarðarhrauni að »Skotmóa«, um leið og ánýjuð er áskorun til Alþingis um, að vegur þessi verði tekinn í tölu flutningabrauta, og viðhald hans kostað að öllu leyti úr landssjóði. —

... ...

Fundi slitið.

Magnús Jónsson. Kristinn Daníelsson. Jóh. J. Reykdal. Magnús Pálsson.
Eiríkur Árnason. Klemens Jónsson. Ágúst Jónsson.
Árni Þorsteinsson. Einar G. Einarsson.

* * *

Rjettan útdrátt staðfestir

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu 9. júlí 1914.

Magnús Jónsson.

Nd. 165. Breytingartillögur

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmenn: Matth. Ólafsson, Einar Arnórsson og Sigurður Sigurðsson.

1. Aftan við 3. gr. frumvarpsins bætist:
Styrkur til vjelabátahafnar í Þorlákshöfn 20,000 kr.

2. Aftan við frumvarpið bætist ný grein, er verður 4. grein og hljóði svo:
Landsstjórninni veitist heimild til að veita alt að 60 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til hafnargerðar í Þorlákshöfn gegn veði í eigninni og tekjum hennar og $4^1/_2$% vöxtum.

Nd. **166. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912.

Nefnd sú, sem kosin var til að athuga frumvarp þetta, leggur til að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við fyrstu grein:

1. Á eftir nafninu »kjötfóðurmjöl« í 4. málsgrein 1. línu komi: fiskifóðurmjöl.

2. Á eftir orðunum »tómir pokar« í sömu málsgrein, 4. línu komi: netagarn, tilbúin segl, kaðlar allskonar og færi, olíur á tunnum og í dunkum, aðrar en steinolía og bensín, strigaábreiður (Presseninger) og járnbrautarteinar.
Fyrir orðið »keðjur« í þessari málsgrein komi: hlekkjafestar.

3. Aftan við 5. málsgrein komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu þar bátar taldir.

4. Á eftir orðunum tilbúin »áburðarefni«, í síðustu málsgrein komi: hey, steinlímspípur.

5. Á eftir 3. gr. komi ný 4. gr. svohljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Alþingi 22. júlí. 1914.

Matth. Ólafsson, formaður.	Björn Kristjánsson, skrifari og framsögum.

Þórarinn Benediktsson. M. J. Kristjánsson, Benidikt Sveinsson, með fyrirvara.

Nd. **167. Þingsályktunartillaga**

um lögskipaða skoðun á útfluttri ull.

Flutningsmenn: Pjetur Jónsson, Einar Jónsson og Björn Hallsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina, að taka til athugunar málið um lögskipaða skoðun á útfluttri ull, og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um þetta efni.

Athugasemdir.

Það er eftir ítarlegt samtal við herra Sigurgeir Einarsson og með hans ráði, að vjer flytjum þessa þingsályktunartillögu, og ráðum til að koma hjer á lögskipuðu eftirliti á allri útfluttri ull. Viljum vjer gera grein fyrir því, hvernig vjer hugsum oss innihald laga um þetta efni og framkvæmdina á ullarskoðuninni eða matinu:

1. Yfirmatsmenn skulu vera 3 eða 4, og öllu landinu skift í umdæmi milli þeirra, ekki stærri en það, að hver þeirra um sig geti farið um umdæmi sitt á ullartökutímunum ár hvert. Stjórnin setur reglur fyrir starfi þeirra í erindisbrjefi, og verður þar að líkindum tekið fram, hverjar kröfur þeir skuli gera til útfluttrar ullar af hverri tegund.
2. Starfslaun yfirmatsmanna og ferðakostnaður, borgist úr landsjóði, miðuð við starfstíma þeirra, sem væntanlega verður um 2 mánuði á ári.
3. Undirmatsmenn sjeu á hverjum ullartökustað á landinu, einn eða fleiri, eftir þörfum, og eru þeir valdir af yfirmatsmanni, með samráði við sýslunefnd. Þeir skulu hafa fast ákveðið dagkaup á meðan á ullarmatinu stendur, og greiðist það af ullareiganda (kaupm. eða kaupfjel.).
4. Sameiginlegt merki skal vera á allri íslenskri ull, en þar að auki skal skylt að hafa undirmerki fyrir hverja þá verslun eða kaupfjelag, sem flytur út ull eða selur til útflutnings. Loks skulu og vera greinileg merki, er greini að ullartegundir eða flokka. Færir undirmatsmaður sjerstaka bók yfir þetta, eftir formi, er yfirmatsmaður semur, enda líti hann eftir að bók sú sje rjett færð.
5. Skriflegt vottorð undirmatsmanns skal og fylgja hverri ullarsending um að ullin sje skoðuð og flokkuð eftir rjettum reglum. Enn fremur skírteini frá sýslumanni eða hreppstjóra, að löglega skipaður matsmaður hafi undirskrifað vottorðið í hans viðurvist.

Fylgiskjal við þingskjal 149.

Nd. **168. Ýms erindi,**

sem fjáraukalaganefndin gat ekki tekið til greina.

1. Umsókn um launahækkun frá Lárusi Rist kennara við gagnfræðaskólann á Akureyri (Nd. 8).

2. Umsókn Jónathans Jónssonar vitavarðar í Vestmannaeyjum um launahækkun (Ed. 8).

3. Brjef frá sýslunefndaroddvita Norður-Ísafjarðarsýslu, þar sem skorað er á þingm. kjördæmisins að sjá um, að Arnarnesvitinn verði gerður að blossvita (Nd. 32).

4. Erindi frá Sigfúsi Einarssyni organista um 800 kr. utanfararstyrk, til þess að kynna sjer söng og organslátt í útlöndum (Nd. 33).

5. Erindi frá Vigfúsi Sigurðssyni Grænlandsfara um 2000 kr. styrk úr landssjóði til bifreiðarferða um Fagradalsbrautina (Nd. 46).

6. Erindi frá Páli sundkennara Erlingssyni um 1400 kr. styrk af landsfje til uppihalds sundkenslu alt árið, með meðmælaáritun borgarstjóra Reykjavíkur (Nd. 65).

7. Brjef frá Bjarna Jónssyni, þm. Dalamanna, þar sem farið er fram á alt að 7000 kr. lán úr viðlagasjóði, til þess að reisa læknissetur í Búðardal við Hvammsfjörð (Nd. 93).

8. Erindi til fjáraukalaganefndar frá Skúla Thoroddsen alþm., þar sem hann vekur athygli nefndarinnar á eftirfarandi málaleitunum:
   a. að veitt verði fje til þess að breyta Arnarnesvitanum í blossvita;
   b. að Þorvaldi lækni Jónssyni verði veitt svo ríflég eftirlaun sem unt sje (Nd. 94).

9. Erindi frá þingmönnum Gullbringu- og Kjósarsýslu um eftirlit með fiskiveiðum í landhelgi (Nd. 95).

10. Brjef frá fiskifjelagsdeildinni »Neptunus« í Norðfirði, þar sem farið er fram á, að veitt verði fje til vitabyggingar á Norðfjarðarhorni (Nd. 96).

11. Brjef frá Guðm. Hannessyni alþm., ásamt erindi frá íbúum Vindhælishrepps, um lagningu síma frá Blönduósi til Kálfshamarsvíkur; 1. flgskj. (Nd. 97)

12. Brjef stjórnarráðsins, ásamt erindi frá Magnúsi skipasmið

Guðmundssyni, þar sem hann fer fram á að fá úr landssjóði 1500 kr. styrk, til þess að kynnast erlendis byggingu þilskipa og mótorbáta; 6 flgskj. (Nd. 98).

13. Brjef sama, ásamt erindi frá þm. Snæfellinga þar sem farið er fram á fjárveitingu, til þess að mæla upp skipaleið inn á Skógarneshöfn í Hnappadalssýslu (Nd. 99).

14. Brjef sama, ásamt erindi frá Bjarna Jenssyni fyrv. hjeraðslækni, þar sem hann fer fram á, að eftirlaun hans verði hækkuð úr 925 kr. upp í 1000 kr. (Nd. 100).

Nd. **169. Breytingartillaga**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen og Matth. Ólafsson.

Aftan við frumvarpið bætist:

Ennfremur veitist stjórn Landsbankans og heimild til þess, að greiða Þorvaldi Jónssyni á Ísafirði, fyrverandi Landsbankaútibúsforstöðumanni, 1200 kr. árlega í eftirlaun, frá þeim tíma er hann ljet af forstöðu Landsbankaútibúsins.

Nd. **170. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um sauðfjárbaðanir nr. 46, 10. nóv. 1913.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

3. gr. orðist þannig:

Stjórnarráðið gefi með ráði dýralæknis út fyrirskipun um það, hvaða baðlyfja tegundir skuli nota og jafnframt greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra.

Nd. **171. Þingsályktun**

um fækkun sýslumannaembætta.

(Samþykt í Nd. 21. júlí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að taka til rækilegrar athugunar, hvort unt sje, að aðskilja umboðsvald og dómsvald og fækka sýslumönnum að miklum mun, og ef svo virðist, að það sje hagkvæmt og að mun kostnaðarminna en það fyrirkomulag sem nú er, að leggja þá frumvarp til laga í þá átt fyrir næsta Alþingi.

Nd. **172. Þingsályktun**

um stofnun útibús frá Landsbankanum á Austurlandi.

(Samþykt í Nd. 21. júlí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að hlutast til um að samkvæmt fyrirmælum laga um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885 og laga um breyting á nefndum lögum nr. 28, 22. okt. 1912, verði ekki lengur dregið að koma á fót útibúi frá Landsbankanum á Austurlandi.

Ed. **173. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 66, 10 .nóvember 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

(Eftir 2. umr, í Ed).

1. gr.

Íslandsbanka skal heimilt, eftir því sem viðskiftaþörfin krefur, að gefa út seðla, er greiðist handhafa með gullmynt, þegar krafist er, gegn því að bankinn

1) hafi í vörslum sínum málmforða, er ekki nemi minna verði en $^{3}/_{5}$ af seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti;
2) hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlafúlgunnar, sem ekki er trygður með málmforðanum, svo og öðrum kröfum, er á bankanum hvíla, er nemi jafnmiklu verði;
3) gegn því, að seðlaupphæð sú, sem úti er í hvert skifti, fari ekki meira en 2 miljónir króna fram úr verði málmforða þess, er bankinn hefir í vörslum sínum.

2. gr.

4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, er úr lögum numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **174. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breytingar á lögum um sauðfjárbaðanir nr. 46, 10. nóv. 1913 (þgskj. 170).

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson Eyf.

1. Frumvarpsgreinin verði: 1. gr.

2. Aftan við hana bætist tvær nýjar greinar svo látandi:

2. gr.

4. gr. orðist þannig:

Fyrirskipanir um það, hver baðlyf skuli nota, skulu birtar í blaði því, sem flytur stjórnarvalda auglýsingar, fyrir 1. dag júnímánaðar ár hvert.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu hver í sínu umdæmi hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfje sitt, svo snemma að böðin geti farið fram samkv. 1. gr.

Nd. **175. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Jóhann Eyjólfsson, þm. Mýram.

Næst á eftir síðustu málsgrein frumvarpsins »Stjórn Landsbankans — — hvern ársfjórðung« komi svo hljóðandi ný málsgrein:

Heimilt er að verja þegar í stað af fjárveitingu til Stykkishólmsvegar (fjárlög fyrir árin 1914 og 1915, 13. gr. B. III. 1.) tveim þriðjungum af kostnaði við að gera járnbenta steinsteypubrú á Langá hjá Langárfossi í Mýrasýslu, gegn einum þriðjung kostnaðarins frá hlutaðeigandi hjeraði.

Fylgiskjal 1.

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.
Arnarholti 11. júlí 1914.

Sumarið 1897 var sett trjebrú á Langá á Mýrum, hjá Langárfossi. Hún kostaði 1457 kr. 88 a., og lagði landssjóður til hennar 1000 kr., en hitt lagði Mýrasýsla fram. Brúin er nú svo úr sjer gengin og fúin orðin og útlitsljót, að almennur ótti er fyrir því, að

hún kunni að bila þá og þegar. Eg ljet þess vegna tvo menn skoða hana í síðastliðnum febrúarmánuði og lagði vottorð frá þeim fyrir sýslunefndina í Mýrasýslu á fundi hennar 23. — 26. marz þ. á. Sýslunefndin ályktaði að fara þess á leit við Alþingi, að það veitti fje til nýrrar brúar.

Eg leyfi mjer nú að bera þessa málaleitun sýslunefndarinnar fram við hið háa þing, um leið og eg vísa til alþingismanns sýslunnar og landsverkfræðingsins um allar upplýsingar, er óskað kann að verða eftir.

Vottorð skoðunarmanna fylgir hjer með.

Sigurður Þórðarson.

Til
Alþingis 1914.

Fylgiskjal 2.

Samkvæmt beiðni sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðarsýslu um að við undirritaðir skoðuðum og gæfum álit okkar um styrkleika brúarinnar á Langá hjá Lángárfossi, höfum við í dag skoðað fyrnefnda brú.

Og með því að ekki er einn partur brúarinnar öðrum sterkari, heldur er öll brúin meira og minna fúin, þá er það álit okkar, að hún geti alls ekki dugað til afnota næsta ár, og sje því bráð nauðsyn að byggja þegar á næsta sumri nýja brú í stað þessarar sem nú er lítt farandi.

Enn fremur teljum við þörf á því, að setja nú þegar auglýsingu við báða brúarendana, um að ekki sje farið með ofmarga hesta eða vagna í einu á brúna.

Borgarnesi 23. febr. 1914.

Guðjón J. Bachmann. Andrjes Gilsson.

Til
Sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Fylgiskjal 3.

Útskrift úr brjefi Sigurðar sýslumanns Þórðarsonar.

Arnarholti 11. júlí 1914.

Herra Jóhann Eyjólfsson.

Eg sendi yður nú bónarbrjef til Alþingis um nýja Langárbrú. Brjefið kann að þykja nokkuð stutt, en eg ætla yður að flytja málið, lýsa nákvæmar þörfinni og háska þeim, sem stafað getur af bilun brúarinnar; meira ætti Alþingi ekki að þurfa til að vakna við og setja fljótt undir lekann. Það hefir víst ekkert á móti því að kosta brúna. Það er að eins

um að gera að fá það til að slá ekki málinu á frest. Hjer er svo mikið undir því komið, hvað verkfræðingur landsins leggur til. Þjer verðið að finna hann upp á málið. Sýslan á nóg með viðhald veganna sjálfra, þó hún fari ekki að kosta steinbrú þarna.

Ef yður vantar upplýsingar, þá látið mig vita.

. . . . . .

Yðar

Sigurður Þórðarson.

Fylgiskjal 4.

Við undirskrifaðir leyfum okkur hjermeð að skora á háttv. Alþingi Íslendinga, að veita nægilegt fje nú á yfirstandandi þingi til viðgerðar, eða til að steypa nýja brú á Langá í Mýrasýslu, hjá Langárfossi.

Á ánni er nú gömul trjebrú, sem er orðin maukfúin, og er ekki sjáanlegt að hún geti hangið lengi uppi enn þá, en um hana er afar-mikil umferð alla tíma árs, og því mjög hætt við að stór slys hljótist af, ef ekki er bráðlega gert við hana á tryggilegan hátt.

Borgarnesi 16. júlí 1914

Jón Björnsson, frá Svarfhóli, póstafgreiðslumaður og kaupmaður.
Þórarinn Bjarnason, bóndi, Rauðanesi.
Sig. B. Runólfsson, kaupfjelagsstjóri, Borgarnesi.
Edvard Runólfsson, sparisjóðsstjehirðir, Borgarnesi.
Jón Björnsson, frá Bæ, kaupmaður.
Gísli Jónsson, kaupmaður í Borgarnesi.
Jósef Björnsson, óðalsbóndi, Svarfhóli.
Hallgrímur Nielsson, óðalsbóndi, Grímsstöðum.
Bjarni Einarsson, bóndi, Fornaseli.
Þórmundur Vigfússon, óðalsbóndi, Langholti.
Daníel Fjeldsteð, bóndi, Hvítárósi.
Einar Hjálmsson, óðalsbóndi, Munaðarnesi.
Einar Friðgeirsson, prestur, Borg.
Kristján F. Björnsson, bóndi, Steinum.
Helgi J. Jónsson, bóndi, Þursstöðum.
Jónas E. Jónsson, óðalsbóndi, Sólheimatungu.
Sveinn Nielsson, óðalsbóndi, Lambastöðum.
Sigurður Erlendsson, óðalsbóndi, Lambastöðum.
Helgi Jónsson, bóndi, Jarðlangsstöðum.

Ed. **176. Frumvarp**

til laga um varadómara í hinum konunglega íslenska landsyfirrjetti.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Prófessorarnir í lagadeild Háskóla Íslands eru sjálfkjörnir varadómarar í landsyfirrjettinum, hvort sem heldur losnar þar sæti, dómari forfallast um stundarsakir eða víkur úr dómarasæti.

2. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, dómari víkur úr sæti eða forfallast, og tekur þá dómstjóri eða sá, er veitir dómi forstöðu í hans stað, einn prófessoranna með hlutkesti í rjettinn. Ef enginn hinna reglulegu yfirdómara skipar sæti sitt, þá ganga 3 prófessorar lagadeildarinnar í rjettinn.

3. gr.

Sá af prófessorunum, sem hverju sinni verður kjörinn í dóminn, tekur hið auða sæti. Nú eru fleiri sæti auð en eitt, og fleiri prófessorar kjörnir í einu en einn, og taka þeir sæti í dóminum eftir embættisaldri.

4. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, og tekur þá varadómari helming launa þeirra, er því sæti fylgja, þar til skipað er í embættið.

Ef dómari forfallast eða víkur sæti, fær varadómari 10 krónur fyrir hvert rjettarhald og 30 kr. þar að auki, ef hann tekur þátt í dómsuppkvaðningu í máli. Þá er varadómari gegnir störfum yfirdómara, án þess að hann sje forfallaður eða hafi orðið að víkja úr dómi, greiðir yfirdómari þóknunina.

5. gr.

Ef eigi er unt að taka varadómara úr lagadeild Háskólans, setur landsstjórnin dómara í hið auða sæti.

6. gr.

2. málsgr. 6. gr. í tilsk. 11. júlí 1800 er úr gildi numin með lögum þessum.

Ed. **177. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Flutningsm.: Karl Einarsson.

1. Við 1. gr. Aftan við tölulið 2 komi nýr töluliður:
   3) hafi aukið hlutafje sitt upp í minst 4 miljónir króna.
2. — 1. — 3. töluliður verði 4. tölul.

Ed. **178. Frumvarp**

til laga um sjóvátrygging.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

FYRSTI HLUTI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Vátryggja má hverja þá lögmæta hagsmuni, sem virða má til peninga og velta á því, að skip eða farmur, sem stofnað er í háska á sjó, týnist ekki eða rýrni af þeim háska.

Einkanlega má vátryggja: Skip, farmgjald, skipsútbúnað, farm, væntanlegan verslunararð og umboðslaun af vörum, sjólánskröfur, sjótjónsframlög og aðrar kröfur, sem fullnægja skal með skipi, farmgjaldi eða farmi. Ábyrgðarsali getur endurtrygt aftur þá áhættu, sem hann tókst á hendur (reassurance).

2. gr.

Vátryggja má fyrir sína hönd og annara, svo og þótt hvorugt sje tiltekið (svo sem »fyrir hönd þess, sem í hlut á« eða því um líkt).

Nú tekur maður vátryggingu fyrir hönd annars manns án umboðs hans, og skal vátryggingartaki þá geta þess berum orðum, að hann hafi ekki umboð til. Nú vanrækir hann þetta, og er vátryggingin þá ógild, jafnvel þótt sá, sem vátryggja átti fyrir (vátrygður), samþykki hana síðar, en vátryggjandi á heimting á iðgjaldinu engu að síður.

3. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að fá vátryggingartaka skriflega viðurkenningu fyrir vátryggingunni (vátryggingarskírteini), ef hann æskir þess.

4. gr.

Sannvirði hvers hlutar er það verðmæti hans, sem vátryggja má (vátryggingarverð).

5. gr.

Nú vátryggir maður í sviksamlegum tilgangi einhvern hlut til meiri skaðabóta en vátryggingarverð hans nemur og er sá vátryggingarsamningur þá ógildur, eða þeir samningar allir, ef fleiri en einn sjerstakur samningur var gerður um vátrygginguna.

6. gr.

Ef maður vátryggir einhvern hlut fram yfir vátryggingarverð, en eftir bestu vitund, þá er sú vátrygging lögmæt, en þó ekki fram úr vátryggingarverðinu.

Nú vátryggir maður hjá fleiri en einum sömu hluti gegn sama háska, og eru allar vátryggingarnar teknar sama dag, þá ábyrgist hver ábyrgðarsali svo mikinn hluta af rjettu vátryggingarverði hinna vátrygðu hluta, sem vátryggingarfjárhæð hans er mikill hluti af öllum hinum teknu vátryggingarfjárhæðum samantöldum. Nú voru vátryggingarnar ekki teknar sama dag, og heldur þá hin yngri vátrygging gildi sínu að eins að svo miklum hluta, sem rjett vátryggingarverð hinna vátrygðu hluta er meira en hin eldri vátrygging nam. Þó heldur hin yngri vátrygging fullu gildi sínu:

1. Þegar þau rjettindi, sem hin eldri vátrygging veitir, eru framseld ábyrgðarsala jafnframt því að yngri vátryggingarsamningurinn er gerður.

2. Þegar svo er tiltekið við hinn nýja samning, að tilkall verði að eins gert eftir honum að svo miklu leyti sem vátrygður fær ekki skaða sinn bættan eftir hinum eldra vátryggingarsamningi, annaðhvort af því að hann var ógildur eða ábyrgðarsali er ekki borgunarfær.

3. Þegar eldri vátryggingin var tekin fyrir hönd vátrygðs án skipunar hans, en yngri vátryggingin var tekin að hans fyrirlagi, án þess að hann vissi þá af hinni eldri eða hann hefir afsalað sjer henni.

7. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru eða öllu af því að tryggingarhagsmunir voru engir eða minni en ætlað var, eða sakir oftryggingar eða tvítryggingar, og getur ábyrgðarsali þá krafist iðgjalds engu að síður, nema honum væri kunnugt, þá er hann tókst á hendur vátrygginguna, um þau atvik, sem ónýttu hana. Þó á vátrygður kröfu til endurgreiðslu iðgjalds, samkvæmt 37. gr.

8. gr.

Ef vátryggingarfjárhæðin er minni en vátryggingarverðið, greiðir ábyrgðarsali að eins svo mikinn hluta af skaðanum, sem vátryggingarfjárhæðin er mikill hluti af vátryggingarverði þess, sem vátrygt var.

9. gr.

Nú hafa aðilar samið um ákveðið verð á vátrygðum hlut (verðsett vátryggingarskirteini), og skal þá það verðmat haldast; þó á ábyrgðarsali rjett á að það verð sje lækkað, ef það sannast, að það sje hærra en sanngjarnt var að telja rjett verð þess hlutar, þá er þeir virtu hann.

10. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali greitt fyrir tjón, sem vátrygður á rjett á skaðabótum fyrir af þriðja manni, og eignast þá ábyrgðarsali þann rjett vátrygðs.

Nú vátryggir maður skuldakröfu sína, sem trygð er með einhverjum hlut, sem er í áhættu á sjó, og sá hlutur skemmist að öllu eða glatast, þá fær ábyrgðarsali rjett hans á hendur skuldunaut að hlut í kröfunni jöfnum því fje, sem hann greiddi í skaðabætur.

Vátrygður á rjett á að heimta skaða sinn bættan af ábyrgðarsala, þótt hann hafi ekki fyrst sótt rjett sinn á hendur þeim, sem skyldur var til að greiða skaðabætur, nje á hendur skuldunaut, sbr. þó 21. gr.

11. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali orðið gjaldþrota eða komið hefir fram við fjárnám, að hann átti ekki fyrir skuldum eða hann hefir stöðvað greiðslur sínar, og er vátrygðum þá heimilt að rifta vátryggingarsamningnum og fá iðgjald sitt endurgreitt, nema ábyrgðarsali setji trygging, ef krafist er, fyrir því, að samningnum verði að öllu fullnægt. Nú ber þetta að eftir að hinum vátrygða hlut hefir verið stofnað í háska, þá hefir ábyrgðarsali rjett til að halda eftir af iðgjaldinu að tiltölu við þá áhættu, sem um er liðin.

ANNAR HLUTI.

Um skyldur vátrygðs.

12. gr.

Nú er samningur gerður um vátrygging, og er þá vátrygðum skylt að skýra nákvæmlega og rjett frá öllum atvikum, sem honum eru kunn og máli geta skift, þá er meta skal þá áhættu, sem ábyrgðarsali tekst á hendur, og þau skilyrði sem ábyrgðartakan er háð; skyldu vátrygðs um þetta skal einnig sá gæta, sem vátrygging tekur fyrir hans hönd, svo og hver annar milligöngumaður, sem aðstoðar við samningsgerðina.

13. gr.

Nú er vanrækt að segja til þess, sem 12. gr. segir fyrir um, og ábyrgðarsala var ókunnugt um þau atvik, sem látið var ógetið við samningsgerðina, og ekki var sanngjarnt að ætlast til, að honum væru þau kunn, og er honum þá ekki skylt að halda samninginn, en iðgjaldið á hann engu að síður, sbr. þó 37. gr.

Nú hefir vátrygður, eða sá, er skyldur var til að skýra frá atvikum, fengið svo seint vitneskju um eitthvað það, er segja skyldi til um, að hann hefði orðið að gera öldungis óvanalegar ráðstafanir til að geta gert ábyrgðarsala það kunnugt áður samningurinn var fullgerður, og skal þá þessi vanræksla hans ekki ógilda samninginn. Nú var vátrygging tekin án skipunar og vitundar vátrygðs, og er hún þá ekki ógild þótt ábyrgðarsala sje ekki sagt til atvika, sem að vísu voru kunn vátrygðum, en ekki þeim, er um vátrygging samdi.

14. gr.

Nú var sagt rangt til um eitthvað það, sem ræðir um í 12. gr., og er þá samningurinn ógildur og fyrirgert iðgjaldinu, sbr. þó 37. gr., þó sagt hafi verið til eftir bestu vitund, nema ábyrgðarsali hafi vitað um það, sem rangt var til sagt, þegar samningurinn var gerður.

15. gr.

Nú var vanrækt að segja til, eða sagt rangt til, um atvik, sem snerta að eins nokkurn hluta hinna vátrygðu fjármuna, og helst þá samningurinn

að þeim hluta, sem þau atvik snerta ekki, nema ef telja má víst, að ábyrgðarsali mundi ekki hafa tekist á hendur vátrygging á þeim hluta einum, með sömu skilyrðum, sem hann tókst vátrygginguna á hendur á öllum fjármunum, ef honum hefðu þá verið kunn öll atvik.

16. gr.

Þegar vátrygður veit, að tjón, sem ábyrgðarsali á að bæta, hefir orðið á hinum vátrygða hlut, skal hann skýra honum frá tjóninu og beiðast fyrirskipana hans um þær ráðstafanir, sem gera skal til bjargar og verndar hinum trygðu munum og hefta meira tjón; en þangað til hann fær slíkar fyrirskipanir frá ábyrgðarsala, er hann sjálfur skyldur að aðhafast í þessu það, sem þörf krefur. Nú vanrækir vátrygður þessa skyldu sína, þá ábyrgist hann það tjón, er af hlýst.

17. gr.

Nú er ábyrgðarsala skylt að bæta skaða, sem vátrygður á rjett á, að annar maður bæti honum, og skal vátrygður þá um þann rjett gera þær ráðstafanir, sem þörf er á eftir atvikum, þangað til ábyrgðarsali getur sjálfur sjeð þar fyrir hagsmunum sínum. Nú vanrækir vátrygður þetta, og ábyrgist hann þá það tjón, sem álíta má, að ábyrgðarsali bíði við vanrækslu hans.

18. gr.

Vátrygður er skyldur að greiða iðgjaldið gegn afhendingu vátryggingarskírteinis, jafnskjótt sem samningurinn er fullgerður, nema annað sje til skilið.

ÞRIÐJI HLUTI.

Um skyldur ábyrgðarsala.

19. gr.

Ábyrgðarsali ábyrgist afleiðingar af hverjum þeim háska, sem hinum trygðu munum er stofnað í á vátryggingartímanum og vátrygður er ekki valdur að sjálfur, nema einhver háski hafi verið sjerstaklega undanskilinn. Ekki leysir það ábyrgðarsala undan ábyrgð, þótt skipstjóri sje valdur að tjóninu eða skipverjar.

20. gr.

Í þessum tilfellum ábyrgist ábyrgðarsali ekki skaðann:

1. Þegar um er að ræða vátrygging á skipi og farmgjaldi fyrir hönd útgerðarmanns, og tjónið hlýst af því að skipið var ekki sjófært þá er það ljet út í ferðina, eða það var ekki nægilega vel búið eða mannað, eða hafði ekki nægileg skipsskjöl, eða það var óhæfilega hlaðið, eða skaðinn verður af því að gengið er að hinum trygðu munum til fullnægingar tjóni, sem yfirsjón-

ir eða hirðuleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra baka öðrum mönnum, þó koma þar ekki til greina bætur fyrir tjón, sem leiðir af árekstri.

2. Þegar um er að ræða vátrygging á skipi og skaði á skipi eða skipsbúnaði stafar einungis af sliti, elli, fúa eða maðkátu, eða af því, að það, sem skemdist, var ekki í viðunandi lagi, þegar skipið fór á stað.

3. Þegar um er að ræða vátrygging á farmi, farmgjaldi eða verslunarhagnaði á farmi og skaðanum valda gallar á umbúðum vörunnar, eða sá eiginlegleiki hennar sjálfrar, sem 147. gr. siglingalaganna 22. nóvbr. 1913 getur um; þó bætir ábyrgðarsali skaða þann, sem síðast var nefndur, ef ferðin hefir dregist óvanalega lengi vegna óhappa, sem ábyrgðarsali ábyrgist, nema ætla megi, að skaðinn hafi ekki verið drættinum að kenna.

4. Þegar um er að ræða vátrygging á farmi eða verslunarhagnaði á farmi eða fyrirframgreiðslu á farmgjaldi, sem ekki skal endurgreiða þó óhapp beri að, og tjón á þessu, sem nú var talið, er farmsendara eða viðtakanda að kenna sem slíkum.

21. gr.

Þá er fullnaðarreikningur sameiginlegs sjótjóns hefir verið gerður á lögmætum stað og eftir þess lands lögum, er ábyrgðarsali skyldur að greiða eftir niðurjöfnuninni, bæði sjótjónsframlag það, sem kemur á hinn vátrygða hlut, og þau framlög til skaðabóta, sem aðrir hluttakendur í sjótjóninu eru skyldir til að greiða fyrir skemdir á hinum vátrygða hlut, en sannanlegt er, að ekki hefir verið náð hjá þeim, sem skaðabótaskyldir voru. Ábyrgðarsali er jafnskyldur til þessa fyrir því, þótt hinn vátrygði hlutur í niðurjöfninni sje metinn fram yfir vátryggingarverð.

Nú hefir sjótjóni ekki verið jafnað niður, og það er ekki vátrygðum að kenna, og getur hann þá krafist bóta fyrir alt tjónið, svo sem vátryggingarsamningurinn tiltekur.

22. gr.

Nú hefir fullnaðarreikningur sjótjóns verið gerður á lögmætum stað og af þeim, sem opinbert umboð hafði til þess starfa, og getur þá ábyrgðarsali ekki borið það fyrir sig við vátrygðan, að öðrum manni hafi verið vilnað í við sjótjónsreikninginn vátrygðum til tjóns og gagnstætt lögum á þeim stað, þar sem sjótjóninu var jafnað niður, nema vátrygður hafi sjálfur verið sök í því, að ekki var nægilega sjeð fyrir hagsmunum hans. Þó er vátrygður skyldur til að framselja ábyrgðarsala kröfu sína á hendur þeim, sem þannig var í vilnað.

23. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að bæta það, sem lagt var í sölurnar eftir bestu vitund til að forðast háska, sem hann ábyrgðist, og kostnað þann, sem af því hlaust, svo og það sem varið var til bjargar og verndar vátrygðum munum og til að forða meira tjóni, eftir að slys bar að, og er honum skylt að bæta þetta þótt það verði ekki talið til sameiginlegs sjótjóns, svo og kostnað við að ákveða eigin ábyrgð ábyrgðarsala, þegar svo ber undir sem hjer var sagt.

24. gr.

Nú ber fleiri en eitt sjótjón að á þeim tíma, sem vátrygging ábyrgðarsala tekur yfir, og bætir hann skaðann, þótt bæturnar allar samantaldar verði meiri en vátryggingarfjárhæðin var. Ennfremur skal bæta fullum bótum þann kostnað, sem 23. gr. ræðir um, þótt hann fari fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

25. gr.

Ef breytt er ferð þeirri, sem tilgreind var, þegar vátryggingarsamningurinn var gerður, og sú breyting verður áður en ábyrgðarsali á neitt á hættu, þá er ábyrgðarsali úr allri ábyrgð, ef um er að ræða vátryggingu á skipi og farmgjaldi fyrir hönd útgerðarmanns. Ef um er að ræða vátryggingu á öðrum hlutum eða um vátryggingu á skipi eða farmgjaldi fyrir hönd annara manna, þá heldur vátryggingin gildi sínu, ef ferðinni var breytt án samþykkis vátrygðs.

Nú er vátrygðu gósi stofnað í hættu áður en áhætta ábyrgðarsala hefst, og á öðru skipi en tilgreint var við vátryggingartökuna, og er ábyrðgarsali þá laus allra mála.

26. gr.

Nú er breytt til um ferð, eða sú áhætta, sem tekin var vátrygging fyrir, eykst eða breytist á annan hátt eftir að áhætta ábyrgðarsala hófst, og er hann þá úr ábyrgð á hverju því tjóni, sem ber að eftir að breytt var til um ferðina, nema breytingin hafi verið gerð án samþykkis vátrygðs eða í nauðsyn, til þess að forðast háska, sem ábyrgðarsali ábyrgist, eða til að bjarga lífi manna.

FJÓRÐI HLUTI.

Um skaða og greiðslu skaðabóta.

27. gr.

Vátrygður á rjett á bótum fyrir algert tjón:

1. Þá er vátrygt er skip eða gós og annað tveggja ferst með öllu, eða er gert upptækt eða skemmist svo mjög, að það má telja ónýtt til þess, sem það var ætlað.
2. Þá er vátrygt er farmgjald og þess missir með öllu.
3. Þá er verslunarðar er vátrygður eða umboðslaun, og varan kemst ekki þangað, sem hún átti að fara.
4. Þá er vátrygðar eru sjótjónsbætur eða sjólánsfje, og veðið, sem fyrir var, ferst með öllu eða ekkert fæst af því til lúkningar bótunum eða fjenu.

28. gr.

Þá er algert tjón verður, skal ábyrgðarsali greiða að fullu vátryggingarfjárhæðina; þó skal dregið frá henni það, sem sparast af kostnaði þeim, sem vátryggingin nær til; svo á ábyrgðarsali og rjett á að taka til sín alt það, sem bjargað kann að verða. Nú voru munirnir aðeins vátrygðir að nokkrum hluta verðmætis þeirra, og skal þá það, sem dregið er frá vátryggingarfjárhæð-

inni, talið eftir rjettri tiltölu milli vátryggingarfjárhæðarinnar og als vátryggingarverðsins, og fær ábyrgðarsali eftir sama mæli hlut í því, sem bjargað var.

Nú skemmist vátrygt skip og það er dæmt óbætandi með lögmætri skoðunargjörð, og á vátrygður þá rjett á að fá bætur, sem algert tjón væri, enda selur hann skipið af hendi til ábyrgðarsala.

29. gr.

Nú hefir ekki spurst til skips svo lengi, að seglskip fer að jafnaði þrisvar sinnum á þeim tíma frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til skipsins, til ákvörðunarstaðar þess, þó ekki skemri tíma en 3 mánuði, og ber þá að telja skipið týnt, og á þá vátrygður rjett á að krefjast bóta fyrir algert tjón, enda afsalar hann sjer í hendur ábyrgðarsala rjetti sínum á hinum vátrygða hlut.

30. gr.

Ef lagt er farbann (embargo) á skip eða gós, eða því er haldið á annan hátt eftir ráðstöfun yfirvalda, eða sjóræningjar taka það, eða skipverjar skilja við vátrygt skip, þá getur vátrygður, gegn því að láta af hendi við ábyrgðarsala rjett sinn á hinum vátrygðu hlutum, krafist bóta, sem fyrir algert tjón, ef skipið eða gósið hefir ekki verið látið laust, eða hann hefir ekki fengið umráð yfir þeim:

Áður 6 mánuðir eru liðnir, ef þessi atburður gerðist í Norðurálfuhöfum eða á þeim hluta Miðjarðarhafs, Svartahafs eða Asóvshafs, sem telst til Norðurálfu,

áður 9 mánuðir eru liðnir, ef atburðurinn varð í öðrum höfum hjernamegin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða í Suður-Ameríku, og

áður 12 mánuðir eru liðnir, ef það varð í þeim höfum, sem eru hinumegin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða.

Telja skal tímann frá þeim degi, er vátrygður sagði ábyrgðarsala til tjónsins.

31. gr.

Nú vill vátrygður láta hinn vátrygða hlut af hendi og svo er háttað sem segir í síðari málsgrein 28. gr., og skal hann þá skýra ábyrgðarsala frá fyrirætlan sinni áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því er hann vissi úrslit skoðunargjörðarinnar, en ef svo er háttað, sem 29. og 30. gr. ræða um, skal hann hafa skýrt frá fyrirætlun sinni áður en 9 mánuðir eru liðnir frá því frestur sá er á enda, sem þær greinar tiltaka, eftir hinum sjerstöku atvikum í hvert sinn.

32. gr.

Nú er frestur sá á enda, sem segir í 31. gr., og vátrygður hefir ekki neytt rjettar síns til að láta hinn vátrygða hlut af hendi, og týnir hann þá þeim rjetti, þegar svo er háttað sem segir í síðari málsgrein 28. gr. og 30. gr.

Þá er svo liggja atvik til, sem segir í 29. gr., getur vátrygður krafist bóta sem fyrir algert tjón, jafnvel eftir að afsalsfresturinn er liðinn, en komi hinn vátrygði hlutur síðar fram, skal hann endurgreiða vátryggingarfjeð, ef

ábyrgðarsali krefst þess, með $^1/_2$ af hundraði í mánaðarvöxtu, en afsala skal ábyrgðarsali sjer þá hinum vátrygða hlut og bæta þann skaða, sem orðið kann að hafa á honum og ábyrgðin náði til.

33. gr.

Afsal á trygðum munum skal vera skilyrðislaust og óriftandi, og ná til allra hinna vátrygðu fjármuna eða þess hluta þeirra, sem hafður var í hættu á þeim tíma, er slysið bar að.

Ef fjármunir eru aðeins trygðir að nokkrum hluta af verðmæti þeirra, er vátrygður að eins skyldur að láta af hendi svo mikinn hluta þeirra, sem vátryggingarfjárhæðin er að tiltölu við vátryggingarverðið.

34. gr.

Þá er ábyrgðarsali greiðir bætur, getur hann krafist þess, að vátrygður afsali honum skriflega öllum þeim rjettindum, sem hann á að fá ábyrgðarsala í hendur, svo og afhendi honum öll þau skjöl, sem fylgja eiga hinum afsalaða hlut og eru í vörslum vátrygðs.

35. gr.

Hver sú krafa, sem styðst við vátryggingarsamning, týnir gildi sínu, ef henni er ekki fylgt með lögsókn áður 4 ár sje liðin frá því, er hún varð til.

FIMTI HLUTI.

Um endurgreiðslu iðgjalds (ristorno).

36. gr.

Ef vátrygðum hlut er ekki stofnað í neina þá hættu, sem ábyrgðarsali skyldi tryggja, getur vátrygður krafist, að vátryggingin falli niður og iðgjaldið sje endurgreitt; þó á ábyrgðarsali rjett á þóknun og skal hún vera $^1/_4$ af hundraði af vátryggingarfjárhæðinni, ef ekki var annað tilskilið, en helmingur hins umsamda iðgjalds, ef það var minna en $^1/_2$ af hundraði.

37. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru leyti eða öllu, vegna þess að tryggingarhagsmunir voru engir eða minni en ætlað var, eða vegna oftryggingar eða tvítryggingar, eða vegna þess að rangt var sagt til eða ekki nægilega, eða af öðrum slíkum sökum, en vátryggingartaki fór eftir bestu vitund sinni um þau atvik, sem urðu til ónýtingar vátryggingunni, og eins var ástatt með vátrygðan, er hann veitti umboðið til vátryggingarinnar, ef um vátrygging fyrir hönd annars manns er að tefla, og má þá krefjast endurgreiðslu á iðgjaldinu að því frádregnu, sem áður var talið; þó skal þessa krafist áður en hinum trygðu munum er stofnað í hættu.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Ed. **179. Frumvarp**

til laga um notkun bifreiða.

Eftir 2. umr. í Ed.

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum hver sá vagn, sem er knúinn áfram með aflvjel í vagninum sjálfum, og ætlaður til að flytja fólk eða varning. Lögin ná ekki til vagna, sem renna á spori, eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

2. gr.

Stjórnarráðið getur, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum eða vegaköflum með öllu, eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð álíst hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð.

3. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugðum og auðvelt sje að snúa þeim. Sje bifreið þyngri en 350 kg., skal aflvjelin geta knúið hana aptur á bak sem áfram. Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo, að mesta breidd utanmáls sje 1,75 metrar; þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá þessu að því er sjerstaka vegarkafla snertir.

Á hverri bifreið skulu vera:

1. tvennir hemlar svo sterkir, að með hvorum þeirra megi stöðva vagninn innan tveggja vagnlengda, þó hann renni með fullum hraða (35 km.), og umbúnaður, sem varni því, að vagninn geti runnið forbrekkis, ef annarhvor hemillinn orkar ekki.
2. horn, til þess að gefa með hljóðmerki.
3. ennfremur þegar dimt er:
   a. tvö tendruð ljósker, sitt á hvorri hlið bifreiðarinnar framantil, og í sömu hæð, sem lýsa svo, að ökumaður sjái að minsta kosti 12 metra fram á veginn.
   b. eitt ljós, sem ber skæra birtu á merki vagnsins.

Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð bifreiða, þar á meðal sjerstaklega um þyngd þeirra.

4. gr.

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum, og greiðir vagneigandinn kostnaðinn við skoðunina. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn, og ekki má taka af honum meðan hann er

notaður. Verði eigandaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytji bifreiðareigandi úr einu lögsagnarumdæmi í annað, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna, og skal þá lögreglan taka ákvörðun um, hvort breyta þurfi merki vagns hans.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið, og komi það þá í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar, og tekið merkið af henni.

5. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 18 ára að aldri, og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið.

Til þess að öðlast slíkt ökuskírteini, verður hlutaðeigandi að sýna vottorð frá lækni um að hann hafi fulla sjón, og vottorð tveggja valinkunnra manna um að hann sje áreiðanlegur og samviskusamur. Enn fremur verður hann að standast próf, samkvæmt ákvæðum, er stjórnarráðið setur með reglugerð; þó má í þeirri reglugerð ákveða að sá þurfi ekki að taka próf, sem hefir skírteini frá erlendum stjórnarvöldum.

Lögreglustjóri getur svift hvern þann ökuskírteini um tiltekinn tíma eða fyrir fult og alt, sem er dæmdur í refsingu fyrir brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt þeim, og sömuleiðis hvern þann, sem álitið er að hafi ekki lengur þá eiginleika, er útheimtast til þess að fá ökuskírteini.

6. gr.

Ökuhraðann skal ávalt tempra svo, að komist verði hjá slysum og ekki sje trufluð umferðin.

Í kaupstöðum, kauptúnum og ámóta þjettbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund, nema stjórnarráðið hafi leyft meiri hraða eftir tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn og ökumaður samt sem áður getur fullnægt öllum skyldum sínum, þó aldrei meiri en 35 km. á klukkustund. Í dimmu má hraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund.

Þar sem ökumaður sjer ekki langt fram á veginn, í kröppum bugum, við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðara en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sje for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

7. gr.

Ef bifreið mætir vegfarendum, skal hún halda sjer vinstra megin á veginum. Bifreiðin skal þegar nema staðar, ef sá sem hún mætir gefur merki, eða ökumaður sjer að hestur hræðist eða verður órór, og skal hann gera það, sem í hans valdi stendur til þess að hestarnir komist fram hjá bifreiðinni án þess að fælast. Sömu varúðar skal bifreiðarstjóri gæta, er hann vill fara fram fyrir vegfarendur, sem eru á undan honum, en þá skal bifreiðin

vera hægra megin á veginum. Hins vegar skulu vegfarendur jafnan víkja úr vegi fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum, og aldrei tefja för þeirra að óþörfu.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að ekki komast hvorir fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast fram hjá henni.

8. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa merki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum á veginum.

9. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiðar, skal ökumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi ef krafist er, og hjálpa þeim, er slasast hefir, ef þörf gerist.

10. gr.

Óski útlendingur að nota um stuttan tíma bifreið, sem hann hefir með sjer frá útlöndum, getur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann fyrst vill nota vagninn, veitt honum tímabundið leyfi til þess að nota bifreiðina, þó ekki lengur en 3 mánuði, með skilyrðum þeim, er þurfa þykir til þess að ná tilgangi þessara laga. Leyfi þetta getur lögreglustjórinn í hverju því lögsagnarumdæmi, sem bifreiðin er notuð í, afturkallað ef honum þykir ástæða til.

11. gr.

Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, þurfa ekki að hafa nema einn sterkan hemil og eitt skært ljós í dimmu (sbr. 3. gr.).

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10 til 500 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

13. gr.

Hljótist slys eða tjón af notkun bifreiðar, annaðhvort beinlínis af akstri hennar, eða af því að hestur vegfaranda fælist, eða á annan svipaðan hátt, er sá, sem ber ábyrgð á bifreiðinni, skaðabótaskyldur, nema sá, sem fyrir slysinu eða tjóninu varð, eða einhver þriðji maður, hafi orðið valdur að slysinu eða tjóninu af ásettu ráði eða með vítaverðri óvarkárni, eða uppvíst verður að slysið hlaut að vilja til, þrátt fyrir þá aðgæslu og varkárni, sem ökumanni er skylt að gæta.

Framanskráð regla gildir þó ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreiðin flytur, nema ræða sje um bifreið, sem er til afnota fyrir almenning gegn borgun. Að öðru leyti fer um skaðabótaskyldu fyrir slík slys eða tjón eftir almennum reglum.

14. gr.

Eigandi bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 13. gr. Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi færist skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

15. gr.

Með framangreindum ákvæðum um skaðabótaskyldu er ekki skertur neinn sá rjettur til skaðabóta, sem leiðir af almennum reglum.

Ed. 180. Frumvarp

til laga um breytingu á tolllögum nr. 54, 11. júlí 1911.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Fyrri liður 8. greinar tollaga frá 11. júlí 1911 hljóði þannig:

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga yfirlýsing um það, eða ekki skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 4. gr., og skal hann þá sæta sektum frá 50 til 1000 kr., og gjaldi auk þess þrefalda þá upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan. Auk þess skal hver sá, er uppvís verður að tollsvikum, sæta hegningu eftir 155. grein almennra hegningarlaga, þegar svo á stendur, sem þar segir. Hafi hinn seki verslunarleyfi, fyrirgerir hann því við 3. brot, og getur ekki fengið nýtt verslunarleyfi fyr en eftir 5 ár.

Nd. 181. Frumvarp

til laga um sparisjóði.

Eftir 2. umr. í Nd.

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið, að taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrirskipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda stjórnarráði Íslands lög sjóðsins eða reglugerð til staðfestingar og má sjóðurinn eigi taka til starfa fyr en slík staðfesting er fengin.

Í lögum eða reglugerð sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði um:

a. trygging sjóðsins: Hvað sje greitt tryggingarfje, ábyrgð einstakra manna eða fjelaga;
b. hvernig stjórn sjóðsins skuli vera fyrir komið, hvernig hana skuli kjósa og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli vera hagað;
c. um móttöku sparisjóðsfjár og útborgun á því, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, lán úr sjóðnum, ágóða sjóðsins og varasjóð, endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins;
d. hvernig lögum sjóðsins eða reglugerð geti orðið breytt svo að löglegt sje.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar sinnum í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fresti, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

Sparisjóðir þeir, sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1915 sækja til stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eða reglugerðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur, er stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara, eða veita hæfilega ríflegan frest til að kippa í lag því, sem á það brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfje eða greitt ábyrgðarfje, mega ekki fá hærri arð eða vexti af slíku fje en 6 af hundraði á ári.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar eða leyfis stjórnarráðsins mega engir aðrir en sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Í öllum viðskiftabókum sparisjóða skal vera prentað ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins, svo og einnig lög eða reglugerð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn hvers sparisjóðs mega eigi vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn, og hverjir þeirra geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn gagnvart viðskiftamönnum hans.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir vítavert hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóða og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

8. gr.

Hverjir kosnir eru í stjórn sparisjóðs, skal jafnan tafarlaust tilkynna stjórnarráðinu.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu jafnan vera að minsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókari.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má fjehirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess annar starfsmaður sje viðstaddur, en skuldbindandi er kvittun hans því að eins fyrir sjóðinn, að hún sje meðundirrituð af bókara. Sömuleiðis getur fjehirðir greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsgr.

10. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei greiða neina upphæð, nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hinsvegar veita móttöku, þótt viðskiftabók sje eigi sýnd. Skal þá gefin sjerstök kvittun fyrir innlögunum og þess getið í kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

11. gr.

Innstæðueigandi hver skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilgreind hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eða bækur skal jafnan halda yfir öll lán úr sjóðnum og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig halda um allar eigur sparisjóðs, svo sem

verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá um alla skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Stjórnarráðið setur reglur um bókfærslu sparisjóða, og ákveður fyrirmynd allra skjala.

12. gr.

Aldrei má veita lán úr sparisjóði, nema því að eins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má eigi veita nema í lengsta lagi til eins árs, og eigi má endurnýja þau oftar en svo, að innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.

Sparisjóðum þeim, er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eða meira, er skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs, (sbr. 16. gr.), innistandandi í bönkum að minsta kosti 5% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eða að hafa í vörslum sínum ríkisskuldabrjef, bankavaxtabrjef eða önnur jafntrygg verðbrjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð. Nú kemur það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

Þegar verðbrjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá brjefin sem eign sparisjóðs. Verðbrjefaforða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

13. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður lán taka, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabrjef sín eða verðbrjef til tryggingar slíkum lánum, sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar brjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

14. gr.

Eigi mega sparisjóðir gefa út handhafaávísanir á sjálfa sig.

15. gr.

Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði frádregnum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef eigur sparisjóðs nema meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður sjóðsins hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða, nema því að

eins, að eignir hans nemi að minsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fje úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir.

16. gr.

Af eignum varasjóðs hvers einstaks sparisjóðs skal jafnan vera svo mikið handbært í peningum, innieign hjá bönkum eða í auðseldum tryggum verðbrjefum, að það nemi að minsta kosti 5% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan. Þó gilda um þetta sömu undantekningar og fram eru teknar í 12. gr., 3. málsgr.

17. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýári til nýárs. Ársreikningur hvers sparisjóðs skal vera saminn fyrir marsmánaðarlok.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd fyrir reikningum sparisjóða.

18. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi gætur að því, svo oft sem þörf er á, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugerð sparisjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

19. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins, og ábyrgðarmenn eða aðrir þeir, sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks, þegar á þarf að halda, þá getur stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins taka þá ákvörðun um það, hvort sjóðurinn skuli tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður eigi muni fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það stjórnarráðinu.

20. gr.

Ef sparisjóður af einhverjum ástæðum legst niður, og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugerð ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins,

þær er afgangs eru skuldum, getur stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að af eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjeraði því, er sjóðurinn var stofnaður í.

21. gr.

Heimilt er að geyma um stundarsakir fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

22. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið kyrsetning og löghaldi, meðan það stendur þar.

23. gr.

Sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum sínum, eða ábyrgðarmönnum, eru undanþegnir tekjuskatti og sömuleiðis útsvari, enda sje ekki heimilt, samkvæmt lögum eða reglugerð sparisjóðsins, að verja fje úr varasjóði til annars en að bæta tjón það, er sjóðurinn kann að bíða, eða til nytsemdarfyrirtækja í almenningsþarfir.

24. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú hafa rjett til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sjerstökum lögum.

25. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við.

Sektir allar renna í landssjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

27. gr.

Tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi er úr lögum numin.

Ed. **182. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. nóv. 1907.

Flutningsmenn: Björn Þorláksson og G. Björnsson.

Við 1. gr.

Fyrir: »Borgarstjóri skal . . . eftir tillögu bæjarstjórnar« komi: Borgarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 6 ára í senn.

Nd. **183. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskjali 174.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

1. Við 2. lið 3. gr.
   Fyrir orðin í niðurlagi greinarinnar: »svo snemma að böðin geti farið fram samkv. 1. gr.« komi:
   svo snemma að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem verður 4. gr. þannig orðuð:
   Þá er lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skulu þau færð inn í texta laganna um sauðfjárbaðanir nr. 46 frá 10. nóv. 1913, og getur konungur gefið út þau lög þannig breytt sem lög um sauðfjárbaðanir.

Nd. **184. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðstjórn Íslands, nr. 17 frá 3. okt. 1903.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Vjer undirritaðir höfum eigi getað orðið að öllu leyti samferða háttvirtum samnefndarmönnum vorum í þessu máli. Áskilnaðurinn er að eins fólginn í því, að vjer teljum rjettara, að ráðherra eigi kost á að njóta eftirlauna næstu tvö ár eftir að hann hefir slept embætti. Vjer ætlum, að stundum geti svo staðið á, að engin staða honum hæfileg sje til í svipinn, eða þá, að hann hafi eigi tök á að taka neina stöðu í almennings þarfir. Og virðist oss þá hart aðgöngu, að fara þeim mun verr með ráðherra en aðra embættismenn landsins, er konungsveitingu hafa, að láta hann vera alveg eftirlaunalausan. Hins vegar teljum vjer ólíklegt, að eftirlaun samkvæmt almennum eftirlaunalögum mundu nema nokkru, sem um munaði, sjerstaklega þar sem vjer ætlumst til þess, að ráðherra verði þegar að taka hverja þá stöðu í almennings þarfir, sem við hans hæfi verði metin, nema hann kjósi heldur að afsala sjer eftirlaunum fyrir þau tvö ár, er vjer viljum annars láta hann verða þeirra aðnjótandi.

Ef eftirlaun verða alment afnumin eða ef þeim verður breytt, þá gengur eitt yfir ráðherra og aðra embættismenn, samkvæmt uppástungum vorum, nema að því leyti sem tveggja ára tímatakmarkið myndi standa, nema önnur skipun væri á því gerð.

Ef ráðherra hefir áður gegnt eftirlaunuðu embætti og getur eigi tekið það, þá viljum vjer láta hann njóta þeirra eftirlauna, er því embætti hefir fylgt, og er það í samræmi við skoðun minni hluta nefndarinnar og tillögur Alþingis 1911 (Alþt. A. 1911, bls. 289—290, 344, 356, 749).

Samkvæmt framanskráðu leyfum vjer oss að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGAR- OG VIÐAUKATILLÖGUM:

1. 1. gr. frv. orðist svo:
   Þegar hin nýju stjórnarskipunarlög ganga í gildi, skal ráðherra hafa eftirlaun samkvæmt hinum almennu eftirlaunalögum að eins næstu tvö ár eftir að hann slepti ráðherraembætti.
2. Við 1. gr. frv. komi ný grein er verði 2. gr. svo látandi:
   Nú fer maður úr embætti, er eftirlaunarjettur fylgir, í ráðherraembætti, eða tekur slíkt embætti eftir að hann hefir slept ráðherraembætti, þá fær hann að eins þau eftirlaun, er því embætti fylgja.
3. Þá komi ný grein, er verði 3. gr., svo látandi:
   Hvarvetna þess, er maður lætur af ráðherraembætti, er honum skylt að taka þegar embætti eða opinberan starfa, er við hans hæfi sje, enda tálmi því eigi ástæður, er honum verður eigi sök á gefin, nema hann kjósi heldur að afsala sjer eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. En njóta skal hann, er hann sleppir því embætti eða þeirri sýslan, eftirlauna af fyrra embætti sínu samkvæmt eftirlaunalögunum.
4. 2. gr. frv. verði 4. gr.

Alþingi 23. júlí 1914.

Einar Arnórsson. M. J. Kristjánsson.

Jóhann Eyjólfsson.

Nd. **185. LÖG**

um breyting á póstlögum 16. nóv. 1907.

(Afgreidd frá Nd. 23. júlí).

Á eftir staflið b. í 16. gr. í póstlögunum 16. nóvember 1907 komi nýr stafliður svo hljóðandi:

c. Þegar skaðinn stafar af óviðráðanlegum atburðum, hernaði eða borgarastyrjöld (vis major).
   Stjórnarráðið getur gert undantekning frá þessu ákvæði með reglugjörð.

Ed. **186. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um beitutekju.

Þegar lögin nr. 60 frá 10. nóv. 1905 voru samin, var sú aðferð tíðust við beitutekju, að gangspil voru notuð á landi við beitutekjuna, er um kúskeljatekju var að ræða. Síðan hefir sú aðferð orðið tíðari að taka þessa beitu algerlega á floti með spili eða vindu í beitutekjubátunum sjálfum. Þessi aðferð hefir gjört landeigendum örðugra fyrir um að gæta þess, að netlagarjettur þeirra sje ekki brotinn, með því líka sumstaðar hagar svo til, að ekki sjest frá heimilum landeiganda til beitutekjumanna, og geta þeir því bæði komið og farið án vitundar landeigenda og tekið beituna í netlögum þeirra. Til þess að koma í veg fyrir þetta, hefir háttv. neðri deild tekið upp í frumvarp þetta allströng sektarákvæði, sem engin eru í beitutekjulögunum, og getur nefndin fallist á þær tillögur hennar. Þó þykir nefndinni rjettara að ákveða lágmark sektanna og vill því ráða háttv. deild til að samþykja eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarpið:

1. Við 2. gr. Fyrir »alt að« í síðari málsgrein komi: 10 til
2. Við 3. gr. Fyrir »alt að« komi: 20 til

Alþingi 23. júlí 1914.

Björn Þorláksson, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður.

Magnús Pjetursson.

Nd. **187. Frumvarp**

til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913 um skip, árekstur og björgun.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. siglingalaganna 22. nóv. 1913 orðist svo:

Þau skip teljast íslensk, sem heimili eiga á Íslandi og að tveim þriðju hlutum minst eru eign manna, sem heimilisfastir eru á Íslandi eða í Danmörku eða þar innbornir, án þess að vera ríkisborgarar annarsstaðar. Nú er skip hlutafjelagseign, og skal þá meiri hluti stjórnarnefndarmanna vera búsettur á Íslandi og heimilisfang fjelagsins þar, enda fullnægi hver stjórnar-

nefndarmaður framangreindum skilyrðum um heimilisfestu eða rjett innborinna manna; þó má ráðherra Íslands veita hlutaðjelögum undanþágu frá síðastnefndum ákvæðum, þegar að minsta kosti $^2/_3$ hlutar stjórnarnefndarmanna fullnægja skilyrðunum um heimilisfestu.

2. gr.

225. gr. sömu laga orðist svo:

Ef tjón verður á skipi, gósi eða mönnum, af því að skip rákust á, og sökin liggur öll annars vegar, þá bætir hinn seki skaða þann allan, er af hlaust. Nú hefir mannsbani hlotist af árekstrinum, og má þá, ef þess er krafist, dæma hinn seka, þótt eigi verði álitið að hann hafi unnið til hegningar, til að gjalda manni eða konu hins dána eða börnum hans bætur fyrir missi þess, sem átti að standa straum af þeim, og skal ákveða í bæturnar tiltekna upphæð eitt skifti fyrir öll. Hvorki þessar bætur nje bætur fyrir líkamstjón mega fara fram úr 4200 krónum.

Nú er sökin beggja megin, og skulu þá hinir seku bæta skaðann að rjettri tiltölu við sök hvers þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins, að ekki verður bygð á þeim skifting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum, þá bæta hinir seku tjónið að jöfnum hlutum.

Hver hinna seku ábyrgist einungis sinn hluta skaðabótanna, nema manns bani hafi hlotist af árekstrinum eða tjón á líkama eða heilbrigði. Þá má sá, er skaðabótarjettinn á, krefja hvern hinna seku um allar skaðabæturnar. Ef einhver hinna seku hefir af þessum ástæðum orðið að greiða meiri bætur heldur en í hans hlut áttu að koma að rjettri tiltölu, þá á hann endurgjaldsrjett á hendur hinum á þeirri upphæð, sem hann varð að greiða umfram sinn hlut.

Þá er meta skal sök, skal dómari einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

3. gr.

228. gr. sömu laga orðist svo:

Nú rekast skip á, og er þá hvorumtveggja skipstjóra skylt, að svo miklu leyti sem það má verða, án þess að stofna í verulega hættu skipi sínu, skipshöfn þess eða farþegum, að veita hinu skipinu, skipshöfn þess og farþegum alla þá hjálp, sem veita má og þeim er nauðsyn á til bjargar sjer úr háska þeim, sem árekstrinn stofnaði þeim í. Skylt er og þeim skipstjóra, að segja hinum skipstjóranum til nafns á skipi sínu og til heimkynnis þess, úr hverjum stað eða höfn það kom og hvert því er ætlað að fara.

4. gr.

Á eftir 228. gr. sömu laga komi ný grein, 228 gr. a), svohljóðandi:

Það, sem fyrir er mælt í þessum kapítula um árekstur skipa, kemur einnig til greina, þá er skip veldur tjóni á öðru skipi, eða á mönnum eða góssi, sem á því eru, með siglingu sinni eða á annan hátt, þó ekki hafi skipin rekist á.

5. gr.

Fyrirsögn 10. kapítula sömu laga orðist svo: Um björgun.

6. gr.

229. gr. sömu laga orðist svo:

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefir eða er statt í neyð, eða gósi sem á því er, eða nokkru af því skipi eða gósi því, sem á því var, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rjett á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Sá, sem bjargar mönnum af skipinu, meðan það var statt í neyð þeirri, sem var tilefni til björgunarinnar, eða veitir að björgun mannanna, á rjett á hluta úr björgunarlaununum.

Nú tekur einhver þátt í björguninni gegn beru og rjettmætu banni þess, sem hefir stjórn skipsins á hendi, og á hann þá engan rjett á björgunarlaunum.

Krefja má björgunarlauna jafnt, þó það skip, sem bjargaði, sje eign sama manns sem hitt, sem bjargað var.

Nú hefir maður tekist á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita því aðstoð á annan líkan hátt, og skipinu hlekkist síðan á, og á sá maður þá að eins rjett á björgunarlaunum að því leyti, sem talið verður, að aðstoð sú, sem hann veitir, hafi farið fram úr því, sem honum bar skylda til samkvæmt því, er honum bar af hendi að inna.

Nú verða málsaðiljar ekki á eitt sáttir um, hve mikil björgunarlaunin skuli vera, og sker þá dómur úr.

Lög um skipströnd mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umboðsmaður hans.

7. gr.

230. gr. sömu laga orðist svo:

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt:

1. Fyrst og fremst:
   a, Að hve miklu leyti björgunin tókst;
   b, Verklagni þeirrar og atorku, sem björgunarmenn unnu með að björguninni, og tíma þess og fyrirhafnar, sem til hennar var varið;
   c, Hættu þeirrar, sem skipið sem bjargað var, var statt í, skipshöfn þess, farþegar eða gós;
   d, Hættu þeirrar, sem björgunarmönnum og eign þeirra var stofnað í;
   e, Áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt;
   f, Skaða þess, sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar, sem þeir hafa haft, og verðmætis björgunartækja þeirra, sem notuð voru;
   g, Þess, hvort skipið, sem bjargaði, var sjerstaklega útbúið til björgunar.
2. Þar næst:

   Verðmætis þess, sem bjargað var.

Nú kemur það í ljós, að björgunarmaður var sjálfur sök í neyð þeirri, sem var tilefni björgunarinnar, eða hefir orðið sekur um þjófnað, hilming

eða aðra sviksamlega meðferð á munum þeim, sem bjargað var, og má dómurinn þá færa niður björgunarlaun þess manns eða svifta hann björgunarlaunum með öllu.

8. gr.

231. gr. sömu laga orðist svo:

Ekki má gera björgunarlaun hærri en verðmæti þess, sem bjargað var, að meðtöldu flutningsgjaldi fyrir farm og farþega, en að frádregnum tolli og öðrum opinberum gjöldum svo og kostnaði við geymslu, virðingargjörð og sölu.

Í björgunarlaununum felst og þóknun fyrir að flytja gósið, sem bjargað var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru til þess.

9. gr.

232. gr. sömu laga orðist svo:

Ef björgunarsamningur hefir verið gerður meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar, þá má hver aðilja, sem er, krefjast þess, að dómur ónýti samninginn eða breyti honum, ef telja verður, að skilmálar hans sjeu ósanngjarnir.

Rjett er og dómi að ónýta björgunarsamning eða breyta honum ávalt þá er telja verður, að umsamin björgunarlaun sjeu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá sem veitt var, ef sá aðilja, sem á var hallað, krefst þess.

Ákvæðið í síðustu málsgrein 230. gr. kemur einnig til greina, þá er samningur hefir verið gjörður um björgun.

Máli til ónýtingar björgunarsamnings eða breytingar á honum, skal vera stefnt til dóms áður en þrír mánuðir sjeu liðnir frá því, er samningurinn var gjörður.

10. gr.

1. málsgrein 233. gr. sömu laga orðist svo:

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skifti björgunarlauna, þá skal skift með dómi og gætt þeirra atvika, sem 230. gr. greinir.

11. gr.

Í 4. tölulið 236. gr. sömu laga breytist punkturinn á eftir orðunum »greiðslu á« í kommu, og komi ný setning svohljóðandi: og loks endurgjaldskrafa sú, sem um er rætt í 3. málsgrein 225. greinar.

12. gr.

251. gr. sömu laga orðist svo:

Kröfur, sem kröfuhafi getur eftir þessum lögum, eigi leitað sjer fullnægingar fyrir í öðrum munum en þeim, sem hann á sjóveðrjett í, missast hver um sig, ef þeim er ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, sem hjer segir:

1. Kröfur um framlag til sameiginlegs sjótjóns og til kostnaðar, sem jafna

skal niður á líkan hátt (sbr. síðari málsgrein 166. gr. og 2. málsgrein 223. gr.) áður ár sje liðið frá dagsetningu úrslitagjörðar sjótjónsins.
2. Kröfur til skaðabóta fyrir glataðan eða skemdan farm áður ár sje liðið frá því, er affermt var.
3. Kröfur til allra annara skaðabóta áður tvö ár sjeu liðin frá því, er tjónið bar að.
4. Kröfur um björgunarlaun áður tvö ár sjeu liðin frá því, er björgunarstarfinu var lokið.
5. Endurgjaldskrafan samkvæmt 3. málsgrein 225. gr. áður ár sje liðið frá því, er greitt var þeim, sem tjónið beið.
6. Allar aðrar sjóveðrjettarkröfur áður ár sje liðið frá því, er þær komu í gjalddaga.

Nú á kröfuhafi auk þess rjett á að ganga að útgjörðarmanni, farmeiganda eða öðrum sem sjálfskuldarmönnum fyrir kröfu sinni um skaðabætur fyrir tjón af árekstri eða fyrir einhverjum þeim kröfum, sem taldar eru í 4. og 5. tölulið hjer að framan, og taka þá fyrningarákvæði þau, sem þar eru nefnd, einnig til þess rjettar kröfuhafa. Um aðrar framangreindar kröfur, sem kröfuhafi á rjett á að ganga jafnframt að einhverjum fyrir, sem skuldunaut, fer eftir hinum almennu fyrningarákvæðum laga.

Ávalt, þá er málið til fullnægingar kröfunni er höfðað fyrir íslenskum dómi, skal farið eftir fyrningarlögum þeim, sem gilda hjer á landi, um það, hverjar athafnir rifta fyrningunni.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

14. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra í meginmál siglingalaga 22. nóv. 1913, og getur konungur gefið þau lög út þannig breytt sem siglingalög Íslands.

Ed. 188. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 64 frá 22. nóv. 1913 um sjódóma og rjettarfar í sjómálum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í 2. málsgr. 1. gr. falli burt orðin: »sem sjerþekkingu hafa á siglingamálefnum«.

2. gr.

Aftan við 5. gr. bætist:

Þóknun meðdómenda greiðist úr landssjóði.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga um sjódóma og rjettarfar í sjómálum, nr. 64, 22. nóv. 1913.

Nd. 189. Frumvarp

til heimildarlaga fyrir landsstjórnina, til þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau á landssjóðs kostnað.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi, Sveinn Björnsson, Björn Kristjánsson, Einar Arnórsson, Skúli Thoroddsen, Jón Jónsson, Sigurður Gunnarsson og Hjörtur Snorrason.

Stjórninni er heimilt að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau á landssjóðs kostnað.

Nd. 190. Frumvarp

til laga um að landsstjórninni heimilist að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum nauðsynlegan styrk úr landssjóði til reksturs hælisins.

Flutningsmaður: Jón Jónsson.

Landsstjórninni heimilast að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum nauðsynlegan styrk úr landssjóði til reksturs hælisins fram að næsta reglulegu Alþingi, þó ekki yfir 20 þúsund krónur.

Nd. 191. Frumvarp

til laga um að landsstjórninni veitist heimild til að láta reisa hornvita á Grímsey í Steingrímsfirði.

Flutningsmaður: Jón Jónsson.

Landsstjórninni veitist heimild til að láta reisa hornvita á Grímsey í Steingrímsfirði.

Nd. **192. Tillaga**

til þingsályktunar um að heimilt sje að verja til brúargerðar á Langá í Mýrasýslu af fjárveitingu til Stykkishólmsvegar, sem er í núgildandi fjárlögum.

Flutningsmaður: Jóhann Eyjólfsson, þingm. Mýramanna.

Alþingi ályktar, að heimilt sje að verja þegar í stað af fjárveitingu til Stykkishólmsvegar (fjárlög fyrir árin 1914 og 1915, 13. gr. B. III. 1.) tveim þriðjungum af kostnaði við að gera járnbenta steinsteypubrú á Langá hjá Langárfossi í Mýrasýslu, gegn einum þriðjung kostnaðarins frá hlutaðeigandi hjeraði.

Fylgiskjal 1.

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.
Arnarholti 11. júlí 1914.

Sumarið 1897 var sett trjebrú á Langá á Mýrum, hjá Langárfossi. Hún kostaði 1457 kr. 88 a., og lagði landssjóður til hennar 1000 kr., en hitt lagði Mýrasýsla fram. Brúin er nú svo úr sjer gengin og fúin orðin og útlitsljót, að almennur ótti er fyrir því, að hún kunni að bila þá og þegar. Eg ljet þess vegna tvo menn skoða hana í síðastliðnum febrúarmánuði og lagði vottorð frá þeim fyrir sýslunefndina í Mýrasýslu á fundi hennar 23. — 26. marz þ. á. Sýslunefndin ályktaði að fara þess á leit við Alþingi, að það veitti fje til nýrrar brúar.

Eg leyfi mjer nú að bera þessa málaleitun sýslunefndarinnar fram við hið háa þing, um leið og eg vísa til alþingismanns sýslunnar og landsverkfræðingsins um allar upplýsingar, er óskað kann að verða eftir.

Vottorð skoðunarmanna fylgir hjer með.

Sigurður Þórðarson.

Til
Alþingis 1914.

Fylgiskjal 2.

Samkvæmt beiðni sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðarsýslu um að við undirritaðir skoðuðum og gæfum álit okkar um styrkleika brúarinnar á Langá hjá Langárfossi, höfum við í dag skoðað fyrnefnda brú.

Og með því að ekki er einn partur brúarinnar öðrum sterkari, heldur er öll brúin meira og minna fúin, þá er það álit okkar, að hún geti alls ekki dugað til afnota næsta ár, og sje því bráð nauðsyn að byggja þegar á næsta sumri nýja brú í stað þessarar sem nú er lítt farandi.

Enn fremur teljum við þörf á því, að setja nú þegar auglýsingu við báða brúarendana, um að ekki sje farið með ofmarga hesta eða vagna í einu á brúna.

Borgarnesi 23. febr. 1914.

Guðjón J. Bachmann. Andrjes Gilsson.

Til
Sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Fylgiskjal 3.

Útskrift úr brjefi Sigurðar sýslumanns Þórðarsonar.

Arnarholti 11. júlí 1914.

Herra Jóhann Eyjólfsson.

Eg sendi yður nú bónarbrjef til Alþingis um nýja Langárbrú. Brjefið kann að þykja nokkuð stutt, en eg ætla yður að flytja málið, lýsa nákvæmar þörfinni og háska þeim, sem stafað getur af bilun brúarinnar; meira ætti Alþingi ekki að þurfa til að vakna við og setja fljótt undir lekann. Það hefir víst ekkert á móti því að kosta brúna. Það er að eins um að gera að fá það til að slá ekki málinu á frest. Hjer er svo mikið undir því komið, hvað verkfræðingur landsins leggur til. Þjer verðið að finna hann upp á málið. Sýslan á nóg með viðhald veganna sjálfra, þó hún fari ekki að kosta steinbrú þarna.

Ef yður vantar upplýsingar, þá látið mig vita.

. . . . . .

Yðar
Sigurður Þórðarson.

Fylgiskjal 4.

Við undirskrifaðir leyfum okkur hjermeð að skora á háttv. Alþingi Íslendinga, að veita nægilegt fje nú á yfirstandandi þingi til viðgerðar, eða til að steypa nýja brú á Langá í Mýrasýslu, hjá Langárfossi.

Á ánni er nú gömul trjebrú, sem er orðin maukfúin, og er ekki sjáanlegt að hún geti hangið lengi uppi enn þá, en um hana er afar-mikil umferð alla tíma árs, og því mjög hætt við að stór slys hljótist af, ef ekki er bráðlega gert við hana á tryggilegan hátt.

Borgarnesi 16. júlí 1914

Jón Björnsson, frá Svarfhóli, póstafgreiðslumaður og kaupmaður.
Þórarinn Bjarnason, bóndi, Rauðanesi.
Sig. B. Runólfsson, kaupfjelagsstjóri, Borgarnesi.

Edvard Runólfsson, sparisjóðsfjehirðir, Borgarnesi.
Jón Björnsson, frá Bæ, kaupmaður.
Gísli Jónsson, kaupmaður í Borgarnesi.
Jósef Björnsson, óðalsbóndi, Svarfhóli.
Hallgrímur Nielsson, óðalsbóndi, Grímsstöðum.
Bjarni Einarsson, bóndi, Fornaseli.
Þórmundur Vigfússon, óðalsbóndi, Langholti.
Daníel Fjeldsteð, bóndi, Hvítárósi.
Einar Hjálmsson, óðalsbóndi, Munaðarnesi.
Einar Friðgeirsson, prestur, Borg.
Kristján F. Björnsson, bóndi, Steinum.
Helgi J. Jónsson, bóndi, Þursstöðum.
Jónas E. Jónsson, óðalsbóndi, Sólheimatungu.
Sveinn Nielsson, óðalsbóndi, Lambastöðum.
Sigurður Erlendsson, óðalsbóndi, Lambastöðum.
Helgi Jónsson, bóndi, Jarðlangsstöðum.

Ed. **193. Breytingartillaga**

við tillögur til þingsályktunar um afnám eftirlauna.

Frá nefndinni.

Tillagan orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa 5 manna milliþinganefnd, til þess að íhuga rækilega óskir þjóðarinnar um afnám lögákveðinna eftirlauna.

Jafnframt skal nefndin rannsaka launakjör embættismanna og annara starfsmanna landssjóðs og sjerstaklega gera ráðstafanir til þeirrar skipunar á þeim, er nauðsynleg og sanngjörn virðist í sambandi við afnám eftirlauna.

Tillögur, sem lúta að þessu, leggur stjórnin síðan fyrir Alþingi.

Ed. **194. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um afnám eftirlauna.

Eftir að nefndin hafði íhugað mál þetta vandlega, þá komst hún að þeirri niðurstöðu, að það væri ofætlun hverri stjórn að semja frumvarp í þá átt, sem þingsályktunartillagan ætlast til. Til þess er tíminn alt of naumur og málið of umfangsmikið.

En hitt er sannfæring nefndarinnar, að ekki megi hafa að engu þær óskir þjóðarinnar, sem altaf verða háværari með ári hverju, um að eftirlaun sjeu alveg úr lögum numin.

Nefndin vill því koma hinni upphaflegu tillögu í það horf að skipuð verði milliþinganefnd til þess að taka mál þetta til rækilegrar íhugunar.

En jafnframt telur nefndin það sjálfsagt, að slík þingsályktunartillaga, sem hefir í för með sjer fjárútlát fyrir landssjóðinn, sje einnig látin koma til umsagnar og atkvæða í háttv. neðri deild.

Eins og breytingartillagan ber með sjer, er það tilætlunin, að launakjör embættismanna og annara starfsmanna landssjóðs verði einnig vandlega rannsökuð af þessari milliþinganefnd.

Okkur dylst það eigi að slík nefndarskipun hafi talsverðan kostnað í för með sjer, en þegar þess er gætt hve mál þau sem nefndin á um að fjalla eru altaf ofarlega á baugi hjá þjóðinni og hversu ákaft er hrópað um afnám eftirlauna, jöfnuð launanna og þesskonar, þá virðist okkur ekki áhorfsmál að eitthvað sje leggjandi í sölurnar til þess að verða við þessum óskum þjóðarinnar og fá ítarlega rannsókn á málum þessum.

Finst okkur að allir málsaðiljar, hverja skoðun sem þeir hafa um afnám eftirlauna, megi verða fegnir að bundinn verði einhver endir á þessi deilumál.

Þetta mál er heldur ekkert nýmæli hjer á þingi. Á þinginu 1911 samþykti neðri deild þingsályktunartillögu um að skora á stjórnina að taka til rækilegrar athugunar afnám eftirlauna og koma fram með tillögur um það. Þó þetta hafi engan sýnilegan árangur haft, þá er það góð bending í þá átt, að nái þessi tillaga ekki fram að ganga nú, sem við hljótum að telja sjálfsagt að hún geri, þá yrði það að eins til að herða á kröfunum. Þær verða ekki niðurbældar með sliku, að eins tafið fyrir framgangi þeirra. Mikill meiri hluti þjóðarinnar mun standa fast á þessum kröfum og bera þær fram til sigurs þó síðar verði.

Nefndin vill einnig láta þess getið, að þar sem nú hefir verið afgreidd til stjórnarinnar frá háttv. neðri deild þingsályktunartillaga um að athuga hvort unt sje að aðskilja umboðsvald og dómsvald, þó finst oss eðlilegt og sjálfsagt að þessi sama milliþinganefnd verði einnig látin taka það mál til meðferðar. Mundi þá fengið svo mikið verkefni fyrir hana að flestum mun nóg þykja. Og ekki væri sú nefnd til einskis skipuð, sem leysti þessi verkefni sæmilega af hendi.

Alþingi 23. júlí 1914.

H. J. Kristófersson, form. Magnús Pjetursson, skrifari og framsögumaður.

Jósef Björnsson.

Ed. **195. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Flutningsm.: Karl Einarsson.

3. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi, þegar skilyrðinu í 1. gr. 3. tölulið er fullnægt.

Nd. **196. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landstjórnina til að veita 20 þúsund króna styrk af landsjóði til hafnargerðar í Þorlákshöfn og til að veita allt að 40 þúsund króna lán af viðlagasjóði til sama fyrirtækis.

Flutningsmaður: Matth. Ólafsson.

1. gr.

Landstjórninni veitist heimild til að veita 20 þúsund króna styrk af landsjóði til hafnargerðar í Þorlákshöfn.

2. gr.

Sömuleiðis veitist landstjórninni heimild til að veita allt að 40 þúsund króna lán af viðlagasjóði til sama fyrirtækis með $4^1/_2$% ársvöxtum og veði í Þorlákshöfn og tekjum hennar.

Nd. **197. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands nr. 17 frá 3. okt. 1903.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Nefnd sú, sem háttvirt neðri deild Alþingis skipaði til þess að athuga frumvarp á þgsk. 69, hefir athugað málið á allmörgum fundum, og að síðustu ekki getað fylgst að í þessu máli.

Meiri hluti nefndarinnar, sem mun gefa út sjerstakt nefndarálit og lýsa þar afstöðu sinni til þessa máls, vill gera verulegar breytingar á frumvarpi því, sem fram var borið á þgsk. 69. Er þar vikið frá þeirri stefnu, sem það frumvarp var bygt á. En sú stefna er afnám allra embættismanna eftirlauna. Sú stefna er, sem kunnugt er, mjög að ryðja sjer til rúms hjer á landi, og minni hluti nefndarinnar verður að telja hana fyllilega rjettmæta og á rökum bygða. Hann verður að halda því fram, að hyggilegast sje, að hafa þá aðferð, að launa starfsmönnum þjóðarinnar svo fyrir störf sín, að þeir megi vel við una, en að þau laun sjeu ekki að jafnaði greidd lengur, en meðan starfað er fyrir þjóðfjelagið.

Þá er að líta á það í þessu sambandi, að stjórnarskifti hafa verið mjög tíð hjer á landi, síðan þjóðin tjekk innlenda ráðherrastjórn. Stundum hafa farið fram árleg stjórnarskifti. Af því leiðir það, óhjákvæmilega, að það fyrirkomulag sem er, hlýtur að verða tilfinnanleg byrði fyrir þjóðina. Verða margir sem gegnt hafa ráðherrastörfum, að eins stuttan tíma hver, samtímis á eftirlaunum. Gildir þetta því fremur, sem búast má við, að sú verði reynd, ef til vill mjög bráðlega, að greina verði stjórnarstörfin meira sundur en verið hefir, og fjölga ráðherrum

þar af leiðandi, en engin vissa er hins vegar fyrir, að þeir verði fastari í sessi fyrir það.

Þess var getið hjer að framan, að sú stefna væri að ryðja sjer til rúms, að afnema eftirlaun embættismanna. Má í því sambandi geta þess, að nálega allar þingmálafundargerðir, frá þeim fundum, sem hafa tekið eftirlaunamálið til athugunar, sem borist hafa Alþingi því, sem nú stendur yfir, óska þess eindregið að eftirlaun ráðherra verði afnumin, og sumar ganga enn lengra, vilja að öll eftirlaun verði numin úr lögum.

Þess viljum við geta, að það er meining minni hluta nefndarinnar, að embættismaður, sem verður ráðherra, haldi að sjálfsögðu þeim eftirlaunarjetti, þegar hann lætur af ráðherraembætti, sem hans fyrra embætti veitti honum, meðan almennur eftirlaunarjettur er lögheimilaður. En hins viljum við geta, að það teljum við ekki rjett, að telja þann tíma með, sem hlutaðeigandi maður hefir gengt ráðherrastöðu, er þau eftirlaun eru ákveðin.

Að svo mæltu viljum við leggja til að frumvarpið á þgsk. 69 verði samþykt óbreytt.

Alþingi 23. júlí 1914.

G. Eggerz, form.	Þórarinn Benediktsson, skrifari.

Ed. **198. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um viðauka við lög um hvalveiðamenn nr. 67, 22. nóv. 1913.

Nefndin hefir ekki getað orðið samdóma um frumvarp þettta. Meiri hlutinn telur rjett að samþykkja frumvarpið; með því telur hann landssjóð losast algerlega við allar skaðabóta kröfur frá hvalveiðamönnum þeim, sem enn hafa bækistöð sína hjer á landi, en hinsvegar telur hann tilgangi laganna náð, þrátt fyrir þessa ívilnun, með því að þessir tveir hvalveiðamenn, sem eru hjer á landi, muni bráðlega hverfa hjeðan. En til þess að koma algerlega í veg fyrir alla aukning á útvegi þeirra leggur meiri hlutinn til, að háttv. deild samþykki svohljóðandi

VIÐAUKATILLÖGU

við frumvarpið

Aftan við síðari málsgrein frumvarpsgreinarinnar bætist:
nje flytja inn nýjar vjelar eða hluta úr vjelum til hagnýtingar hvalafurða.

Alþingi 22. júlí 1914

Jósef J. Björnsson, formaður.	Sigurður Stefánsson, skrifari og frsm. meiri hlutans.

Eg er ósamþykkur hv. meðnefndarmönnum mínum í þessu máli og mun gera grein fyrir ástæðum til þess við 2. umr.

Karl Finnbogason,
framsögumaður minni hlutans.

Nd. 199. Breytingar- og viðaukatillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum um þingsköp handa Alþingi nr. 45, 10. nóv. 1905.

Frá nefndinni.

1. Næst eftir 1. gr. frv. komi ný gr., er verði 2. gr., svohljóðandi:
1. setning 2. málsgr. 2. gr. orðist svo:
Rjett kjörinn forseti er sá, er hefir meira en helming greiddra atkvæða, þeirra er á fundi eru.

2. Þá komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:
5. gr. orðist svo:
Eftir kosningar þær, sem talað er um í 2. og 3. gr., skal kjósa 8 alþingismenn kjördæmakosna, til efri deildar, eftir reglunum um nefndarkosningar.

3. Þá komi ný grein, er verði 4. gr., svohljóðandi:
8. gr. orðist þannig:
Ef sæti kjördæmakosins þingmanns í efri deild losnar á kjörtímabilinu, skal fara eftir ákvæðum stjórnarskipunarlaganna.
Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

4. Við 2. gr. frv.: Fyrir »viðhaldi« í 2. málsgr., síðari setningu komi: greiðslu á viðhaldskostnaði.

5. Við sömu gr.: Síðasta málsgr. orðist svo:
Forsetar hafa umsjón með prentun Alþingistíðindanna, og ráða mann eða menn til þess að annast ritstjórn þeirra og prófarkalestur, nema þeir vilji sjálfir gera það. Aldrei má borga meira en 8 krónur fyrir ritstjórn og prófarkalestur hverrar prentaðrar arkar þingtíðindanna, og ekki meira en 50 kr. fyrir samningu og prófarkalestur hverrar prentaðrar arkar efnisyfirlits.

6. 3. gr. frv. orðist svo:
Aftan við 12. gr. bætist:
Á milliþingaforsetum hvíla allar sömu skyldur sem á aðalforsetum, er þeir gegna forsetastörfum milli þinga, enda njóta þá hvorirtveggja sömu rjettinda.

7. Hjer á eftir komi ný gr. í frv., er verði 7. gr. svolátandi:

Í 16. gr. 1. setningu verði setningin: »og telst auður seðill greitt atkvæði«. og að eins hjer telst auður seðill greitt atkvæði.

8. Við 5. gr. frv.:
Síðari málsgr.: »Á eftir orðunum . . . á fundi«, falli burt.

9. 7. gr. frv. falli burt.

10. Við 8. gr. frv.: Setningarnar: »Aftan við aðra málsgrein . . . dagskrá nje annan veg« falli burt.

11. Aftan við 8. gr. frv. komi ný málsgrein svohljóðandi:
Síðasta setning 2. málsgr. 31. gr. falli burt.

12. Aftan við 11. gr. frv. komi ný grein, svohlj.:
42. gr. 1. málsgrein orðist svo:
Ávalt þarf meiri hluta atkvæða, þeirra er á fundi eru, til þess að þingdeild geti ráðið máli til lykta, enda sje meira en helmingur þingmanna á fundi og greiði atkvæði (11. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903).
Greinatalan breytist eftir þessu.

13. 13. gr. frv. falli burt.

14. Í 14. gr. frv. annari setningu verði »nema að« nema.

15. Í sömu gr. 3. setningu falli orðið »heldur« burt á tveim stöðum.

Nd. 200. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum um þingsköp handa Alþingi nr. 45, 10. nóvember 1905.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og orðið ásátt um það að ráða háttv. deild til þess að samþykkja það með þeim breytingum og viðaukum, sem á þingskjali 199 getur.

Í sambandi við 2. gr. frumv., er fer fram á breytingar á 2. málsgr. 10. gr. þingskapanna, vill nefndin taka það fram, er nú skal greina.

Eins og fylgiskjalið (I. a. o.s.frv.) ber með sjer, hefir ritstjórn og prófarkalestur Alþingistíðindanna orðið nokkru dýrari að tiltölu síðari þingin en áður var. Vill nefndin koma í veg fyrir það, að þessi kostnaður hækki að mun, og telur því rjett, að lögákveðin sje sú borgun fyrir þetta starf, er sæmileg sje og samkvæm venjulegri borgun fyrir samskonar störf hjer á landi.

Um útgáfu Alþingistíðindanna að öðru leyti telur nefndin rjett að taka það fram, að henni þykir hentugra, að hverju máli sje skipað sjer, en að eigi sje efni þeirra skipað eftir fundum, eins og nú er gert, því að á þann hátt er erfiðara og tafsamara að nota þau. Að vísu er eigi unt að byrja á prentun

þeirra jafn fljótt sem annars mundi vera, ef þessi skipun er á þeim höfð, sem nefndin stingur upp á; en hún hyggur þetta atriði þó eigi skifta svo miklu máli. Nú er hjer tekið að nota setjaravjelar svo nefndar og má væntanlega setja þingtíðindin í þeim. Ætti drátturinn því eigi að koma að baga.

Þá vill nefndin geta þess, að hún telur þann sið, er áður hefur tíðkast, að prentsmiðja sú, er annast prentun þingskjalanna, geri eigi reikningsskil vikulega, óbafandi, og væntir þess því, að þeim sið, sem nú á þessu þingi hefur verið upptekinn um vikuleg reikningsskil, verði haldið eftirleiðis. Það hefur sem sje komið í ljós, að prentsmiðjan hefur, að því er virðist, sett óhæfilega upp fyrir ýmsar smá prentanir fyrir þingið, en í veg fyrir slíkt yrði miklu betur komið með vikulegum reikningsskilum.

Eins og fylgiskjalið II sýnir, hefir núverandi skrifstofustjóri þingsins kannað birgðir þess af Alþingistíðindum. Skýrsla hans hjer að lútandi sýnist benda í þá átt, að fulla gát þurfi að hafa á því eftirleiðis, að upplagið sje ekki haft of lítið.

Þá þykir nefndinni hentugt, að framan við hverja umræðu máls sje vísað til þingskjala þeirra, er málið varða.

Fyrir breytingar- og viðaukatillögum nefndarinnar verður gerð nánari grein í framsögu málsins.

Alþingi 23. júlí 1914.

Björn Kristjánsson, formaður.	Einar Arnórsson, skrifari.	Benedikt Sveinsson.

Bjarni Jónsson frá Vogi. Jón Magnússon. Pjetur Jónsson. Þorleifur Jónsson.

Fylgiskjal I. a.

Ritstjórn og prófarkalestur

á umræðuparti Alþingistíðindanna 1909—1913.

1909.

Þetta ár er reiknað fyrir ritstjórn og prófarkalestur 6 kr. fyrir hverja örk, eins og hjer segir:

a, fyrir umræður í Nd. (fylgiskj. I. b.)	kr.	750,00
b, — — - Ed. og Sþ. (fylgiskj. I. c.)	—	410,25
Auk þess er reiknað fyrir að semja yfirlit og lesa prófarkir af því (fylgiskj. I. d.)	—	150,00
	kr.	1310,25

1911.

Þá er reiknað fyrir ritstjórn og prófarkalestur umræðupartsins 7 kr. fyrir hverja örk:

a, fyrir umræður í Nd. (fylgiskj. I. e.)	kr.	938,00
b, — — - Ed. og Sþ. (fylgiskj. I. f.)	—	455,00
Auk þess er reiknað fyrir samningu og prófarkalestur á yfirliti (fylgiskj. I. e.)	—	160,00
	kr.	1553,00

1912.

Á þessu ári er reiknað fyrir ritstjórn og prófarkalestur, svo sem hjer segir:

a, fyrir umræður í Nd. (fylgiskj. I. g.)	kr.	615,00
b, — — - Ed. og Sþ. (fylgiskj. I. h.)	—	316,00
Auk þess er reiknað fyrir samningu á yfirliti (sama fylgiskj.)	—	130,00
	kr.	1061,00

Það virðist því koma í ljós að ritstjórn og prófarkalestur á umræðupartinum þetta ár hafi kostað:

a, á umræðum í Nd. á hverja örk...	8 kr.	78½ e.
b, á umræðum í Ed. og Sþ. á hverja örk..	8 —	78 a.

1913.

Í fylgiskjölum við ávísanabók þingsins finnast ekki reikningar yfir ritstjórn og prófarkalestur á umræðupartinum þetta ár. Það verður því að láta sér nægja sem skilagrein í því efni útdrátt úr ávísanabók þingsins (á fylgiskj. I. i. og I. j.). Sá útdráttur sýnir, að greitt hefir verið fyrir ritstjórn og prófarkalestur á umræðum í Nd. (fylgiskj. I. i.) ... ... kr. 1580,00
og að borgað hefir verið fyrir sama starf við umræður í Ed. og Sþ. (fylgiskj. I. j.) .. .. — 900,00
Auk þess virðist vera greitt fyrir samningu registurs og prófarkalestur á því 180 kr. + 32 kr. (fylgiskj. I. j.) ... ... — 212,00
kr. 2692,00

Þetta ár er arkafjöldi umræðupartsins, sem hjer segir:

1. umræður í Nd.	158	arkir
2. — - Ed. og Sþ. (5½ + 73½ örk)...	79	—

Það virðist því koma í ljós, að ritstjórn og prófarkalestur á umræðupartinum hafi kostað:

a, á umræðum í Nd. á hverja örk..	kr.	10,00
b, - — - Ed. og Sþ. á hverja örk hjer um bil ...	—	11,39

Yfirlit

Ár	Arkafjöldi	Ritstjórn og prófarkalestur á hverja örk	Ritstjórn og prófarkalestur alls		Samning efnisyfirlits og prófarkalestur á því		Ritstjórn, prófarkalestur og samning yfirlits, samtals		Hækkun á borgun fyrir ritstjórn, prófarkalestur og samningu efnisyfirlits frá næsta ári á undan
			kr.	au.	kr.	au.	kr.	au.	
1909	193 3/8	6,00	1160	25	150	00	1310	25	
1911	199	7,00	1393	00	160	00	1553	00	16%
1912	106	8/78 og 8/78 1/2	931	00	130	00	1061	00	25%
1913	237	10/00 og 11/39 = 21/39 : 2 = 10/70	2480	00	212	00*	2692	00	22%

*) Þessi tala er tekin eftir því, sem næst verður komist.

Fylgiskjal I. b.

Reikningur.

Ritstjórn og prófarkalestur á umræðuparti neðri deildar (B II. Alþingistíðindanna) 1909. Alls 125 arkir, 6 kr. fyrir hverja = 6×125 . . . . . = kr. 750,00

Reykjavík 9. október 1909.

Hannes Þorsteinsson
forseti Nd.

Fylgiskjal I. c.

Reikningur

fyrir ritstjórn og prófarkalestur á Alþingistíðindum 1909 B. I. (umræðum í sameinuðu Alþingi og efri deild).

Fyrir 68³/₈ örk á 6 kr. pr. örk . . . . . = kr. 410,25
Meðtekið upp í þetta:
150 kr. + 150 kr. = ... — 300,00
Eftir kr. 110,25

er eg óska ávísunar fyrir.

Reykjavík 25. okt. 1909.

Kristján Jónsson
forseti Ed. Alþ.

Fylgiskjal I. d.

Reikningur.

Fyrir að semja registur við öll Alþingistíðindin 1909 ásamt prófarkalestri, alls . . . . . kr. 150,00

Reykjavík 25. nóv. 1909.

Hannes Þorsteinsson.

Fylgiskjal I. e.

Reikningur.

Ritstjórn og prófarkalestur á umræðuparti neðri deildar (B. II. Alþ.tíð. 1911) alls 134 arkir á 7,00 . . . . . kr. 938,00
Samning og prófarkalestur á yfirliti yfir öll Alþingistíðindin . . . . — 160,00
Alls kr. 1098,00
Áður greitt (³/₈, 200,00 og ²⁶/₁₀, 300,00) . . . . . — 500,00
Eftir kr. 598,00

Reykjavík 8. desember 1911.

Hannes Þorsteinsson.

Fylgiskjal I. f.

Reikningur

til forseta Alþingis 1911.

Fyrir ritstjórn og prófarkalestur á Alþingistíð. 1911 B. I. fyrir hönd Alþingisforseta sjera Jens Pálssonar, 65 arkir á 7,00 . . . . . kr. 455,00
Áður meðtekið kr. 90,00 + 78,00 + 120,00 . . . . . kr. 288,00
Skuld kr. 167,00

Reykjavík 15. nóv. 1911.

Einar Hjörleifsson.

Fylgiskjal I. g.

Reikningur

yfir ritstjórn og prófarkalestur Alþ.tíð. 1912.

Ritstjórn á umr. n. d. (B. III) . . . . . kr. 195,00
Prófarkalestur á 70 örkum á 6,00 . . . . . — 429,00
Fyrir reikningshald og ávísanir (ca 2 pro °/₀₀) . . . . . — 14,00 *)
kr. 629,00
Áður meðt. — 552,00
kr. 77,00

Reykjavík $^{28}/_{3}$. 1913.

Jón Ólafsson.

Fylgiskjal I. h.

Reikningur

til Alþingis 1912 frá undirrituðum forseta efri deildar þingsins.

1. Ritstjórn á umræðunum í sameinuðu þingi (B. I.) og efri deild (B. II.) . . kr. 100,00
2. Prófarkalestur á umræðunum í sameinuðu þingi (B. I.) og efri deild (B. II.) alls 36 arkir á 6 kr. . . . . — 216,00
3. Samning á yfirlitum yfir öll Alþingistíðindin 1912 . . . . . — 130,00

Alls kr. 446,00
Áður greitt — 230,00
Eftir kr. 216,00

Reykjavík 26. febr. 1913.

J. Havsteen.

*) Eins og sjá má kemur þessi liður íhvorki við ritstjórn nje prófarkalestri. En reikningurinn er birtur eins og hann liggur fyrir.

Fylgiskjal I. i.

Greitt

fyrir ritstjórn og prófarkalestur á umræðum neðri deildar 1913, samkvæmt ávísanabók þingsins.

1913		Kr.	au.
6. sept.	Ávís. Jóni Ólafssyni upp í borgun fyrir ritstjórn Alþ.tíð. C. 1913	50	00
20. —	Jón Ólafsson, ritstjórn þingtíðinda	150	00
27/9	Sami do.	60	00
4/10	Jón Ólafsson (ritstj. & prófarkalestur)	60	00
11/10	Jón Ólafsson (ritstjórn Alþ.t. C.)	60	00
18/10	Jón Ólafsson (ritstj. Alþ.t. C.)	70	00
25/10	Jón Ólafsson (Alþ.t. C.)	60	00
1/11	Sami do.	70	00
8/11	Jón Ólafsson (ritstj. Alþ.tíð. C.)	50	00
15/11	Jón Ólafsson ritstj. Alþ.t. C.	50	00
22/11	Jón Ólafsson (ritstj. Alþ.t. C.)	60	00
29/11	Jón Ólafsson ritstj. Alþ.t. C.	60	00
5/12	Jón Ólafsson (ritstj. &c.)	60	00
13/12	Jón Ólafsson ritstj. &c	60	00
20/12	Jón Ólafsson ritst. &c	60	00
Des. 27.	Jón Ólafsson ritstj. &c	30	00
10/1 1914	Jón Ólafsson (Alþ.t. C. 1913)	70	00
17/1	Jón Ólafsson (Alþ.t. C. 1913)	60	00
24/1	Jón Ólafsson (Alþ.t. 1913 C, ritstj. og prófarkal.)	60	00
31/1 1914	Jón Ólafsson (ritstj. l. &c)	60	00
6/2	Jón Ólafsson (ritstj. &c)	60	00
14/2	Sami (do)	60	00
21/2	Jón Ólafsson (Alþ.t. ritstj.)	60	00
28/2	Jón Ólafsson ritstj. Alþt. &c	60	00
7/3	Jón Ólafsson	80	00
	Kr.	1580	00

Fylgiskjal I. j.

Greitt

fyrir ritstjórn og prófarkalestur á umræðum í efri deild og sameinuðu þingi 1913 og samningu efnisyfirlits við Alþingistíðindin (umræðupartinn) s. á., samkvæmt ávísanabók þingsins.

1913		Kr.	au.
24. sept.	Júl. Havsteen amtm. (ritstj.)	150	00
22/10	Júl. Havsteen (ritstj. Alþ.t. B.)	50	00
7/11	Júl. Havsteen (ritstj. Alþ.tíð. B.)	50	00
26/11	Júl. Havsteen (ritstj. & prófarkir)	50	00
24/1 1914	Júl. Havsteen (Alþ.t. 1913 B, ritstj. og prófarkal.)	50	00
14/2	Júl. Havsteen (ritstj. &c)	550	00
28/3	Júl. Havsteen (ritl., prófarkal. & registur)	180	00
16/4	Amtm. Júl. Havsteen (redaktion, registur &c.)	32	00
	Kr.	1112	00

Fylgiskjal II.

Útdráttur

úr skrá um Alþingistíðindi, þau er geymd eru á efsta lofti Alþingishússins.

1845	72 eintök	1883	131 eintök
1847	175 —	1885	146 —
1849	333 —	1886	270 —
1851		1887	279 —
(Þjóðfundartíð.) .	496 —	1889	261 —
1853	180 —	1891	203 —
1855	185 —	1893	46 —
1857	235 —	1894	162 —
1859	194 —	1895	75 —
1861	227 —	1897	72 —
1863	249 —	1899	87 —
1865	212 —	1901	47 —
1867	212 —	1902	56 —
1869	182 —	1903	44 —
1871	317 —	1905	63 —
1873	368 —	1907	109 —
1875	158 —	1909	19 —
1877	196 —	1911	24 —
1879	160 —	1912	87 —
1881	128 —	1913	49 —

Við útdrátt þennan vildi jeg hafa mátt hnýta nokkurum athugunarorðum.

Eins og góðir menn vita, lagði landsstjórnin fyrir Alþingi 1913 frumvarp til laga um hagstofu Íslands, og kom það mál fyrst undir efri deild. Skipaði deildin nefnd til að fjalla um það. Var nefndin sú ekki valin af verri endanum, því að hana sátu þeir Sigurður prestur Stefánsson, þingmaður Ísfirðinga, Guðmundur landlæknir Björnsson, 6. konungkjörinn þingmaður, og Steingrímur sýslumaður Jónsson, 3. konungkjörinn þingmaður.

Hagstofumálið var að vonum viðkvæmt.

Öllum vitrum mönnum, framsýnum og þjóðræknum, duldist það ekki, að hjer var fyrir höndum eitt af þeim nytjamálum vorum, er ekki mátti undir höfuð leggjast, svo þjóðvansalaust væri.

En til voru og þeir menn, sem ekki síður en aðrir vilja sjá og vita sæmd og gagn þjóðar vorrar, er töldu þetta mál ekki til brýnustu nauðsynjamálanna; sögðu það of snemma upp borið; töldu ekki fjármálaskrifstofu stjórnarráðsins ofvaxið, að hrista fram úr erminni hjer eftir, sem hingað til, hagskýrslur landsins, og drógu nokkuð í efa ástæður landsstjórnarinnar fyrir frumvarpinu. Og síðast en ekki síst festu þeir sömu menn auga á kostnaðinum, er hagstofan mundi baka landssjóði. Og sú varð reyndar Grýlan sýnilegust og munntömust.

Nefndin hafði því við mörgu að sjá. Nauðsyn málsins var henni svo ljós, að ekki þurfti þar um framar orð eftir að senda. Og þá var henni ekki síður það ljóst, að þess bar að gæta, að ekki yrði hagstofan ofurmögnuð gleypihít um kostnaðinn. Var þar við því að sjá, auk annars, að hagstofunni yrði fengin sú húsavistin, er ekki kostaði offjár. Hendi næst varð þá, að gefa gætur að því, hvort ekki mætti fá henni viðsamandi vist í einhverju því húsinu, sem er eign landsins. Öllum rjettsýnum mönnum voru vitanleg þrengslin í stjórnarráðshúsinu, svo ekki var þangað að leita vistar hagstofunni. Nefndinni varð því eðlilega það, að svipast um í alþingishúsinu.

Það var nefndinni ódulið, að ekki var vistarinnar að leita í stofubygð þinghússins, af því að þar er háskólinn og dyravörður hans, og ekki var heldur slíks að leita í annari bygð hússins, þingherbergjunum. Það varð því að gefa gætur að því, hversu umhorfs væri á þriðju og efstu bygð hússins. Og það ljet nefndin ekki undir höfuð leggjast.

Efstu bygð hússins leiddi nefndin sjónum, og farast henni svo orð um heimkynni það: »En við höfum litið á efstu bygð Alþingishússins; þar er nú bókasafn Alþingis, alt í óreiðu og umgengnin herfileg«. (Alþ.tíð. 1913. A, bls. 292, þgskj. 54).

Nú mun eg ekki framar rekja starf hagstofunefndar efri deildar 1913, en víkja heldur að því, hver varð afleiðing af skoðun nefndarinnar á efstu bygð þinghússins.

Þó að hagstofunefndin nefni í áliti sínu »bókasafn Alþingis«, þá er þess að gæta, að með því er einnig, eða öllu fremur, átt við forða þann (upplag) af Alþingistíðindunum, sem geymdur er á efsta lofti þinghússins.

Nefndinni mun ekki hafa sýnst fordi sá, er þar lá hingað og þangað í haugum og hrúgum, grautruglaður, orpinn ryki og öðrum óþverra, svo fansaður, að hann væri allgirnilegur til fróðleiks.

Þetta varð til þess, að forsetar beggja þingdeilda 1913, gerðu rannsókn nokkura um þetta efni.

Það mun þá hafa komið í ljós, að á bókasafni þingsins var að vísu ekki eins góð regla og best varð ákosið. En á því var þegar ráðin bót, með því að herra rithöfundur Jón Ólafsson, þáverandi alþingismaður og 1. varaforseti neðri deildar, sem allra mest núlifandi Íslendinga hefir fengist við röðun og skrásetning bókasafna, tók að sjer að koma skipulagi á bókasafn þingsins.

En um birgðir Alþingistíðindanna var alvarlega öðru máli að gegna. Á óreiðuna

þar og óhirðuna þarf varla að minnast framar en gert hefir verið. A það þarf varla heldur að drepa, að hjer voru að lenda í fylstu eyðileggingu margir tugir þúsunda króna af landsfje. Og loks ætti varla að þurfa að leiða að því orð, að slík óhirða og af henni leiðandi nærfeld gereyðing dýrrar og mikilsverðrar bókar, Alþingistíðindanna, gat vart orðið til þess, að auka sæmd löggjafarþings Íslendinga, nje til þess, að efla og auka virðing þjóðarinnar út á við.

Jafnframt og forsetunum varð þetta alvarlega efni nægilega ljóst, urðu þeir og þess vísari, að á skipulagi þingskjalasafnsins var ekki sú regla, sem nauðsyn bar til.

Það safn er að sönnu að miklu leyti komið í varanlega geymslu í Landsskjalasafninu fyrir tilhlutan landsskjalavarðar. En þó að þingskjalasafninu, því er í landsskjalasafnið var komið, væri að y t r i skipan raðað þar nokkuð, og landsskjalavörður væri búinn að hlynna að því á marga lund, meðal annars með því að binda inn suma flokka í því, þá var þó allmargt í i n n r a skipulagi þess algerlega óunnið.

Það af skjalasafni þingsins (1901—1912), sem var í alþingishúsinu, var á marga lund í skaðsamlegri óreiðu. Að vísu voru skjölin frá árunum 1909—1912 í góðum umbúðum og rjettri röð eftir dagbókum þingsins, en sá var þó ljóður þar á orðinn, að úr þeim voru horfin einstök skjöl, er ekki verður sagt um, hvar sje niður komin. Aftur á móti sýndi það sig, að skjölin frá 1901—1907 voru margvíða stórlega rugluð; margt af þeim finst ekki, og verður ekki ætlað á, hvar þau sje niður komin, og enn það, að sum af þeim eru svo skemd og skammfærð, að lítt er sæmandi. —

Því mun nú víkja svo við, að ekki heyri það beinlínis undir mig að tjá, hvað til hafi komið, að birgðir Alþingistíðindanna voru í þessari frámunalegu óreiðu og nær því ofurseldar eyðileggingunni, nje að skýra það, hvað valdið hafi regluleysinu og óhirðunni á skjalasafni þingsins, því er enn geymdist í þinghúsinu. En þó að svo sje, að mig beri ekki skylda til þessa, þá fæ jeg varla leitt hjá mjer, að segja það, sem öllum má í augum opið vera.

Skortur á umsjón og reglusemi virðist hafa verið þar aðalmeinvaldur. Því næst það, að umsjónin — hafi hún einhver verið — hafi verið eins og ofháð skilningsleysi á starfinu og nærri því að segja óþrifnaði. Af þessu hefur líka væntanlega stafað meðferðin, er ekki lýsti sjer lakast eða síst í því, að hvortveggja þessi söfn, birgðir þingtíðindanna og þingskjölin, höfðu verið flæmd á ymsa vegu og jafnvel fótum troðin. —

Þá er forsetar þingsins höfðu kynt sjer alt þetta nokkurn veg, varð þeim ljóst, að ekki mátti um þetta efni svo gert sjatna. Þeir munu hafa sjeð, að hjer var oflangt komið og að þá bar skylda til að ráða úr þessu til nokkurrar hlítar.

Það mun þá hafa orðið að ráði hjá þeim, að þeir leituðu þess við mig, að jeg kannaði birgðir Alþingistíðindanna, hreinsaði, raðaði og skrásetti.

Þessari málaleitan hreyfðu forsetar við mig í fyrstu á öndverðu síðasta þingi (um miðjan júlímánuð 1913), og var sú ósk þeirra, að jeg kæmi fram með brjefað tilboð um þetta verk.

Mjer varð ekki allgreitt um að verða við ósk forsetanna um tilboð í þetta verk. Jeg var allskostar ókunnugur birgðunum af Alþingistíðindunum. Á skjalasafni þingsins, því er geymt var í Landsskjalasafninu, kunni jeg nokkur deili, en þó fjarri því svo, að til hlítar væri. Aftur á móti var mjer kunnugt um þingskjölin 1909—1912, því þau hafði jeg handfarið. En um skjölin 1901—1907 var mjer alls ókunnugt.

Ætlan mín var sú, að kynna mjer þetta efni, svo að jeg mætti byggja á það tilboð mitt. Þó fór það svo, að þrotlaust annríki mitt við þingstörf fyrirmunaði mjer, að geta nokkurn tíma gert þá rannsókn á þessu efni, er mjer væri nægjanleg. En þá er að þinglausnum kom, kröfðu forsetar mig um álit mitt og tilboð. Varð þá sá endir á frá minni hálfu, að jeg með brjefi, dags. 13. sept. f. á., gerði kost á, að vinna þetta verk fyrir 600 kr. Og af hálfu forseta beggja deilda og beggja milliþingaforsetanna, urðu þær lyktir á málinu, að þeir allir, ásamt mjer, skrifuðu undir samning um þetta efni 15. sept. f. á., samkvæman tilboði mínu í öllum aðalefnum.

Frá starfi mínu vildi jeg nú hafa stuttlega skýrt.

Jeg hóf verk mitt í öndverðum októbermánuði síðastl. Það kom þegar í ljós, að ómögulegt var að byrja þá fyllilega á röðun, vegna þess, að Alþingistíðindin voru svo átakanlega rugluð og dreifð, sitt á hvað og hvað innan um annað um alt þinghúsloftið, innan um Landsreikninga, úrtíning úr Stjórnartíðindum, Rigsdagstidende, Ministerialtidende, Lovtidende o. m. fl., og hins, að það varð að hreinsa þingtíðindin vendilega áður en til mála gæti komið að raða þeim í skápa.

Þá kom það og í ljós, að allir þeir skápar, sem til voru í efsta lofti þinghússins, voru svo, að ekki gátu verið nokkur tiltök að nota þá, eins og þeir voru. Þeir stóðu hingað og þangað á víð og dreif, misbreiðir, flestir mikils til of hillulangir, allir með of mjóum hillum og margir með svo ruddalegum frágangi, að ekki gat verið takandi í mál, að nota þá.

Í annan stað var það, að þinghúsloftið var alt einn geimur, nema rimlagirðingar hingað og þangað, og gat varla náð nokkurri átt, að nota það svo á sig komið.

Loks sýndi það sig, að á loftinu var alls konar skran, illa til reika og óþokkalegt í alla staði, hingað og þangað innan um þingtíðindin. Var sumt af því eign þingsins, og þó minstur hluti. Langmest af skrani þessu var þinginu og þinghúsinu allsendis óviðkomandi.

Það var því óhjákvæmilegt, að vinna breyting og bætur á skápum og skjaldþiljum þar, og sá milliþingaforseti neðri deildar þegar um, að svo yrði. En engu síður varð jeg að leggja mikið verk og ófýsilegt í það þá í stað, ásamt smiðum þeim, er að breytingunum unnu, að færa til þingtíðindabirgðirnar á ýmsa lund, svo þeir mætti koma fram verki sínu, og þó gat færsla sú á engan hátt orðið til neins hægðarauka við væntanlega röðun. Síður en svo.

Smiðirnir unnu verk sinnara köllunar, eins og vænta mátti. En á meðan þeir gerðu mestu breytingarnar, fjekk jeg engu verki við komið til undirbúnings röðuninni. Og svo stóð þangað til nokkuð öndverðlega í nóvembermánuði síðastl. Þá tók jeg til starfa og vann að röðuninni, jafnt og óslitið meðan birta til vanst, hvern virkan dag, þangað til í ofanverðum aprílmánuði. Þá varð jeg af að láta, því þá var svo orðið varið heilsu minni, sakir marg-ítrekaðrar ofreynslu við verkið, og meinimagnaðrar óhollustu — að jeg hygg —, að ekki mátti jeg þar um framar aðhafast, nema þá þann veginn, að jeg stundarbrátt gyldi þar við þá skuldina, er allir menn skulu síðasta lúka. Enda er grunur minn sá, að jeg muni enn alllengi kenna hjá mjer um heilsufarið afleiðingarnar af vist minni síðastliðinn vetur í efstu bygð þinghússins.

Þá er hingað var komið, í ofanverðan aprílmánuð síðastl., hafði jeg lokið við að hreinsa, raða og skrásetja og skipa í skápa öllum birgðum þingtíðindanna 1845—1912, með þeirri reglu og röð, er það vonandi sjer líkast sýnir.

Þá hafði jeg og dregið saman úr óvísustu stöðum alt það, sem til er af Landsreikningum, nefndarálitum sumra milliþinganefnda, skrám yfir bókasafn Alþingis, bæði eftir Magnús prófast Andrjesson og Jón rithöfund Ólafsson, og ýmsum sjerprentunum frá Alþingi. Og loks var jeg þá búinn að ná saman í eina sópdyngju — ef svo má orða það — þeim mikla samtíningi af Ministerialtidende, Rigsdagstidende, Lovtidende, Stjórnartíðindum o. fl., er var hingað og þangað innan um þingtíðindin og ýmislegt skran í efstu bygð þinghússins.

Enn fremur hafði jeg tínt saman úr frámunalegum tætingi alt skjalasafn þingsins, er enn þá var geymt í þinghúsinu, raðað því nokkuð og skipað niður, fengið því viðunandi umbúðir í bili og komið því öllu í Landsskjalasafnið, nema skjölunum frá tveim síðustu þingunum, er jeg hugði að svo komnu hentara að hafa í þinghúsinu.

Það mundi síst sama, að jeg færi um það orðum, hversu verk mitt væri af hendi leyst. Þar um vil jeg hlíta dómi sanngjarnra manna.

En ekki get jeg að svo komnu fengið mig til þess, að færa fram beina afsökun um það, að ekki væri öllu verkinu lokið í ofanverðum aprílmánuði síðastl., því er samningurinn milli forsetanna og mín 15. sept. f. á. náði til.

Til þessa lágu allmargar orsakir, er nefna mætti. En jeg skal aðeins láta mjer

nægja að nefna það um sinn, að verkið var í reyndinni svo miklu meira, erfiðara og torsóttara í alla staði en jeg, áður en að því kæmi, gat gert mjer nokkura grein fyrir, og væntanlega nokkur maður, jafnt forsetarnir, er við mig sömdu, sem aðrir, að því óduldu, að verk það var að minni hyggju einhver þrældómskendasta stritvinna, jafnt og jeg hygg, að það hafi síst á baki staðið því, sem talið er sannnefnd skarnverk. Og þá mundi ekki órjett, að láta getið, hvílíkrar nákvæmni og vandvirkni varð að gæta um alla skilgreining.

Það, sem jeg átti óunnið samkvæmt samningi forsetanna við mig, þá er jeg varð að láta af starfi mínu í ofanverðum aprílmánuði, sakir heilsufars míns, var það, að jeg hafði ekki lokið við, að hreinskrifa skrá um birgðir Alþingistíðindanna, þá er svo er fyrirkomið, að hún sýnir birgðir hvers eins árgangs þeirra, jafnt og hún er eins og lykill að skápunum í því safni, og á að sýna það, hvað er úti látið af þingtíðindunum framvegis, og hvað væri til á hverjum tíma af einstökum árgöngum, ef það þá fengist, að nokkur regla væri þar á höfð.

Enn var það, að jeg hafði ekki lokið að skrásetja skjalasafn þingsins, svo sem þó var tilskilið í samningi forsetanna við mig.

Ber tvent til þess, að svo var. Það fyrst, að mjer vanst með engu móti tími til þess, og annað hitt, að mjer dylst ekki, að það væri næsta nytjalítið verk, að semja lauslega yfirlitsskrá um það safn, er væntanlega færði menn lítið nær því, að vita hvað í því geymist, nema þá í sumum efnum; en svo hefði þó sú skrá orðið að vera, sem eg hefði getað hramsað saman á svo afmörkuðum tíma.

Það er sannfæring mín, að skjalasafn Alþingis sje í flesta staði stórmerkilegt, og hafi í raun og veru að geyma margt það, er líkist helgidómum sögu vorrar, Íslendinga, frá þeim tíma, er það nær yfir. Og jeg er þess nokkurn veginn fullviss, að þeirrar skoðunar mundi og verða allir þjóðræknir og vitrir menn.

Það er því í raun og veru skylt, að sýna því safni mun meiri sóma en svo, að um það sje samin skrá, er aðeins væri lauslegt yfirlitshjóm.

Sæmd þings og þjóðar mundi það samboðnast, að unnið væri að því með nákvæmni og gaumgæfni, að semja flokkaða skrá yfir skjalasafn Alþingis, þá er svo væri háttað, að í henni mætti finna vafningalítið alt það, er í safninu geymist, og þó um leið svo, að við hana mætti skeyta síðar ritaukaskrá. Og vitanlega ætti sú skrá að vera prentuð.

Minna er ekki við unandi um þetta efni að mínu viti, og jeg hygg að á þessa sveif mundi og leggjast allir góðir menn og þjóðræknir, er þeir hefði kynt sjer málið.

En svo er því varið um þetta verk sem önnur verk, að ekki vinnur það sig sjálft, og að ekki verður því fram hrundið, án þess að til þess sje varið tíma og fje. Og mjer er óskiljanlegt annað en þar að hljóti að koma, að verkið það verði unnið.

Spurningin yrði þá sú: Hvað má lengi draga að byrja á því, að vinna þetta þingnytja- og þjóðsæmdarverk?

Jeg finn sjálfsagða skyldu mína að leggja fyrir hæstvirt Alþingi framanritaða greinagerð. Jafnt því finn jeg ástæðu til að tjá það, sem nú skal greint.

1. *Jeg mun að loknu þingi, þá er tími vinst til, skila hreinskrifaðri skrá um Alþingistíðindin, slíkri er að framan getur.*
2. *Jeg gef kost á, að koma í fast og ábyggilegt skipulag, og þar með skráselja, alt það, sem til er af Landsreikningum og skrám um bókasafn Alþingis, ef þess er æskt og um það semst.*

3. *Jeg gef kost á, að vinna úr öllum þeim mikla úrtiningi af Rigsdagstidende, Lovtidende, Ministerialtidende, Stjórnartíðindum o. fl., ef þess er æskt og um það semst.*
4. *Jeg býðst hjermeð til, að taka að mjer, að skrásetja skjalasafn Alþingis, nákvæmlega flokkað innbyrðis eftir efni, og í þeirri röð og niðurskipan, að auðvelt verði að finna í því, og við skrána megi síðan skeyta ritaukaskrá, ef þess væri æskt og um það semdist.*

Annars tel jeg mjer skylt, að láta í tje allar þær upplýsingar um framanritað efni, er jeg get, verði þess óskað.

Að lyktum vil jeg hjermeð votta milliþingaforsetunum, þeim herra amtmanni J. Havsteen, 1. konungkjörnum þingmanni, og herra rithöfundi Jóni Ólafssyni, þakkir mínar fyrir þá lipurð og nærgætni, er jeg hefi notið hjá þeim við framangreint starf mitt. Jeg átti að vísu enn þá meira saman við herra rithöfund Jón Ólafsson að sælda, enda duldist mjer ekki sá ljósi skilningur, sem hann hafði á þessu máli, lempni hans og lipurð.

Reykjavík, 2. júlí 1914.

Þegnsamlega

Einar Þorkelsson.

Til

Alþingis 1914.

Nd. **201. Nefndarálit**

á frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 5 frá 19. febr. 1886, um friðun á laxi (þingskjal 54).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin, sem kosin var í þetta mál, hefir rætt það með sjer, en eigi getað orðið á eitt mál sátt um það. Meiri hluta nefndarinnar þykir oflangt gengið með frumvarpinu í þá átt, að ófriða laxinn og telur að með afnámi 36 stunda friðunar á viku sje gengið á rjett þeirra, er búa með laxveiðaánum ofanverðum Fyrir því leggur meiri hlutinn það til, að þetta frumvarp sje felt.

Hins vegar þykir meiri hluta nefndarinnar ekki ósanngjarnt að verða við óskum laxeigenda í Ölfusá um það, að heimila sýslunefnd Árnessýslu að setja reglur um laxveiði í Hvítá og Ölfusá, er veiti undanþágu frá ákvæðum laxveiðilaganna í 1. gr um 36 klukkustunda friðun á viku. Leyfir meiri hluti nefndarinnar sjer því, að koma með nýtt frumvarp, það er hjer fer á eftir og ræður til, að það verði samþykt.

FRUMVARP

til laga um viðauka við lög nr. 5 frá 19. febr. 1886 um friðun á laxi.

Heimilt er sýslunefnd Árnessýslu að setja reglur um laxveiði í Hvítá og

Ölfusá um undanþágu frá 36 klukkustunda friðun þeirri, er um getur í 1. gr. laga nr. 5 frá 19. febr. 1886 um friðun á laxi.

Alþingi 23. júlí 1914.

Hjörtur Snorrason, formaður. Sigurður Sigurðsson, skrifari.

Eggert Pálsson. Einar Arnórsson.

Nd. **202. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 11. 20. okt. 1905, um landsdóm.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. gr.

11. gr. 1. málsgr. síðasta setning orðist svo:

Dómruðning fer þannig fram, að báðir málsaðiljar, sóknari og ákærður eða verjandi hans, koma fyrir forseta á tilteknum stað og stundu, og ryður ákærður 1 af hinum lögskipuðu dómendum og 7 af hinum kjörnu, og sóknari ryður 1 af hinum lögskipuðu og 6 af hinum kjörnu.

2. gr.

Aftan við 14. gr. fyrri málsgr. bætist:
er jafnan sje einn hinna lögskipuðu dómenda.

3. gr.

Í 16. gr. 2. málsgrein verði »$^4/_5$« að:
$^2/_3$.

Nd. **203. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 44 frá 10. nóv. 1913 um forðagæslu.

Nefndin er sammála um það, að frv. þetta sje nauðsynleg breyting á forðagæslulögunum til þess að þau komi að fullum notum og leggur til að deildin samþykki það með fáeinum breytingum.

Það hefur komið í ljós, að í sumum hreppum er algerlega vanrækt að kjósa forðagæslumenn. Forðagæslulögin frá 10. nóv. 1913, ráða ekki heppilega fram úr þessu vandkvæði og úr því er bætt með 1. gr. þessa frv.

Samkvæmt 6. gr. forðagæslulaganna skulu forðagæslumenn gefa búendum »holl *ráð* og bendingar« en eftir 10. og 11. gr. skulu þeir »*hvetja* búanda til þess að afla sjer fóðurs, ef unt er, eða *ráða* honum hverju hann skuli farga«. Þá geta þeir og *skipað* búandanum að afla sjer fóðurbirgða eða farga búpening. Nú má eflaust gera ráð fyrir að þessum hollu ráðum og skipunum sje ekki ætíð hlýtt og er þá ekki hætt við að lögin nái ekki tilgangi sínum, verði pappírslög, sem valdi kostnaði einum og fyrirhöfn. Með 2. gr. frv. er hreppstjórum og sveitastjórnum fengið nægilegt vald í hendur til þess að ráð forðagæslumanns komi að haldi og að peningur búenda falli ekki, ef nokkrum vörnum verður við komið.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. 2. gr. 2. setning 2. greinar orðist svo:
   Skal hreppstjóri ef unt er, með ráði forðagæslumanns eða forðagæslumanns og hreppsnefndaroddvita, afla eða láta afla gegn ábyrgð sveitarsjóðs, en á kostnað búanda, fóðurs handa skepnum hans eða koma þeim í fóður annarsstaðar o. s. frv.

2. Í 2. kafla 11. gr. falli burt orðin: »fóðurskorti,«.

Einar Arnórsson formaður. Guðm. Hannesson skrifari. M. J. Kristjánsson.

Hjörtur Snorrason. Skúli Thoroddsen. Pjetur Jónsson. Sigurður Sigurðsson.

Ed. **204. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þgskj. 195.

Flutningsm.: Karl Einarsson.

Í stað orðanna »3. gr. orðist svo« komi:
Verði breytingartillaga á þgskj. 177 samþykt, orðist 3. gr. svo:

Ed. **205. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Frumvarp þetta fer fram á að stofnað verði til kenslu í grísku og latínu og þeim fræðum, er þar til teljast, við Háskóla Íslands.

Fyrir nokkrum árum gerðist sú nýbreytni hjer á landi, að úr lærða skólanum var afnumin með öllu kensla í gríska tungu og latínukenslan takmörkuð svo, að hún skyldi að eins fara fram í 3 efstu bekkjum skólans. En áður var nokkur þekking í latneskri tungu skilyrði fyrir inntöku í skólann og síðan var latínunámi haldið áfram gegn um allan skólann til burtfararprófs.

Gamli latínuskólinn var ein sú þjóðstofnun, sem landið hafði haft einna mestan sóma af. Innan lands hafði hann alt af verið mikils metinn, og háskólinn í Kaupmannahöfn hafði jafnan talið hann einn hinna bestu og merkustu skóla í ríkinu. En nýungagjarnir framfaramenn hjer á landi þóttust sjá, að auðgert væri að breyta honum í betra horf.

Aðalmarkmið þeirra virðist hafa verið, að ryðja fornmálunum úr skólanum. Hitt virðist ekki jafnljóst hvað í staðinn hafi átt að koma, hvort það hafi átt að vera nýju málin eða náttúruvísindin (reynsluvísindin). Í Mentaskólanum virðist hvorttveggja jafn rjetthátt.

Hjer skal ekkert út í það farið, hvort þessi breyting hafi verið heppileg eða ekki. En það er víst, að hjer höfum við Íslendingar tekið upp nýja stefnu. Engin þjóð önnur hefur gert fornmálin svo að segja landræk. Norðmenn munu hafa verið allra þjóða fjandsamlegastir gegn fornmálunum, en þó hafa þeir sjeð fyrir því, að þau væru kend við háskólann í Kristjaníu.

Það mun vera margra skoðun, að skóli vor, sá sem nú er, sé sniðinn eftir dönsku fyrirkomulagi. En þó hafa Danir skipað skólamálum sínum á alt annan hátt en vjer. Vjer eigum einn skóla, en þeir marga. Vjer höfum gert vorn eina æðri skóla að nýtungna eða náttúruvísindaskóla — hvort sem skal nefna hann. — En árið 1903 skiftu Danir skólum sínum í 3 flokka, og eru fornmálin kend í einum þeirra. Þess þarf naumast að geta, að Dönum myndi ekki detta í hug, að háskóli þeirra væri háskóli, ef forntungunum væri rýmt burtu þaðan. Margir hinna dönsku háskólakennara, ekki síst úr læknisfræðisdeildinni, telja það hinn mesta skaða fyrir háskólann, að stúdentar án klassiskrar mentunar skuli hafa aðgang að honum.

Vel má vera að ung þjóðfjelög hallist fremur *að* reynsluvísindunum en *frá* forntungunum, en hitt er víst, að allar hinar fornu menningarþjóðir telja grísk-latneskan skólalærdóm allþýðingarmikið skilyrði fyrir fullkomnum mentunarþroska. Að vísu hefur mótspyrna gegn fornmálunum gert vart við sig bæði á Englandi, Frakklandi og Þýskalandi, en forntungufjendum í þeim löndum hefir þó orðið furðu lítið ágengt. Á Frakklandi hefir verið stofnað félag er nefnist: »Fjelagið til verndar frakkneskri menningu«, sem hefir það markmið að fá fornmálakenslu lögboðna í öllum æðri skólum. Og merkilegt er það, að forgöngumenn þessa fjelagsskapar eru einmitt ýmsir merkir kennarar í reynsluvísindum, kennarar við landbúnaðarháskóla, fjöllistaskóla o. s. frv.

Hjer á landi hafa fornmálin, sjerstaklega latínan, verið grundvöllur alls skólanáms frá því kristni kom hjer til lands. Alt fram að 1800 var latínan vísindamál Norðurálfunnar, og til þess tíma er tæpast mögulegt að skilja nokkurn áratug í sögu Íslands, án þess að kunna latínu. Flest tungumál Norðurálfunnar eru svo gegnofin latneskum og grískum orðstofnum, að mikið vandhæfi er á að skilja þau til fullnustu án kunnáttu í fornmálunum. Nýja testamentið á frummálinu er lokuð bók fyrir þá sem ekki skilja grísku, og getur það alls ekki talist hagkvæmt fyrir guðfræðisnemendur og presta landsins. Þess verður heldur ekki

mjög langt að bíða, að skortur verði á hæfum mönnum til að kenna þá litlu latínu, sem kenna á í Mentaskólanum. Sömu vandkvæðin geta orðið með guðfræðiskensluna við Háskólann, ef grískukunnátta legst alveg niður.

Nefndin lítur því svo á, að fulla nauðsyn beri til þess, að stofna kennarastól í klassiskum fræðum við Háskólann eigi á annað borð ekki að gera þessi fræði alveg landræk, en það telur nefndin alls ekki holt fyrir íslenska menning. Krötum tímans hefir ef til vill verið fullnægt, er þau voru gerð ræk úr lærða skólanum, en þeim mun eigi að síður fullnægt, ef þeim er ætlaður griðastaður í Háskólanum.

Vjer leggjum því til að frumvarpið verði samþykt með þeirri breytingu einni, að 3. gr. frumvarpsins falli burtu og mun gerð frekari grein fyrir þeirri breytingu í framsögu málsins.

BREYTINGARTILLAGA.

3. gr. frumvarpsins falli burt.

Alþingi 24. júlí 1914.

Karl Einarsson, formaður.	Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum.	H. J. Kristófersson.

Nd. **206. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913, um skip, árekstur og björgun (þgskj. 187).

Frá nefndinni.

14. gr. orðist svo:

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.—12. gr. þeirra í meginmál o. s. frv.

Nd. **207. Nefndarálit**

um frv. til laga um friðun hjera.

Nefndin er sammála fyrverandi stjórn um það, að rjett væri að flytja hjer inn hjera, ef ekki þætti líklegt, að þeir myndu valda skemdum á landi o. fl. En um þetta þýðingarmikla atriði hefir henni gengið treglega, að afla staðgóðra upplýsinga.

Eftir ýmsum bókum að dæma fer því fjarri, að hjerar sjeu algjörlega skaðlaus dýr. Hin alkunna danska búnaðarfræði »*Landmandsbogen*« telur þá

»mjög skaðleg dýr« fyrir sveitabændur. *Brüel:* »Bidrag til det praktiske Skogbrug«, segir þá nærgöngula í harðindum, eta alt, sem tönn festir á, engar girðingar halda þeim, nema þjett net, sem óvíðast verði komið við, og enga leið til þess að útrýma þeim, nema skjóta þá. *Collet:* »Norges hvirveldyr«, segir þá hafast mest við í skóglendi, eta allskonar gras, helst smára, ber, en líka mýrgresi, bíta nýgræðing í skógum, naga börk af birki og reynivið, einkum í harðindum. Þá leita þeir oft á nóttum inn í kálgarða og eru sólgnir í kál.

Eftir þessum ummælum merkra fræðimanna að dæma, þótti nefndinni það vafamál, hvort áhættulaust væri að flytja hingað hjera, og auk þess viðbúið, að rót þeirra í jarðvegi gæti valdið uppblástri í sumum hjeruðum. Hún leitaði því umsagnar Kofoed-Hansens skógræktarstjóra. Málið snertir hann flestum framar. Hann ritaði nefndinni brjef dags. 17. júlí 1914, sem prentað er með áliti nefndarinnar.

Nefndin vill ekki fullyrða, að brjef þetta taki af allan vafa, en hún átti ekki kost á því, að spyrja skógræktarstjóra K. H. frekar, vegna þess, að hann fór burtu úr bænum.

Að öllu athuguðu, telur nefndin þó líklegt, að gagn verði nokkurt af hjerunum og ekki tilfinnanlegur skaði, að hjer sem annarsstaðar kjósi menn heldur, að hafa hjerana en ekki. Hún er því ekki mótfallin, að frv. sje samþykt.

Alþingi 24. júlí 1914.

Skúli Thoroddsen, formaður. Guðm. Hannesson, ritari.

Hjörtur Snorrason. Þórarinn Benediktsson og Einar Jónsson.

Þar sem 2 alþingismenn hafa skorað á mig, að láta í ljós skoðun mína viðvíkjandi innflutningi á hjerum, skal jeg taka fram það, sem hjer segir:

Í þeim löndum, þar sem þessi veiðidýr eiga heima, álíta skógræktarmenn svo, að þau geri talsverðan usla í ræktuðum skógum, með því að bíta plönturnar í nýstofnuðum gróðrarstöðum. Þetta gera þau þó varla í stórum stýl, nema í hörðum vetrum, þegar skortur er annars fóðurs, og geta þau þá stundum líka flysjað börkinn á ungum trjám. Oft kemur fyrir, að hjerar fara á nóttum inn í kálgarða, og eta af káli og öðrum plöntum, og geta þá valdið mönnum tjóni á þann hátt. Hins vegar er óhætt að fullyrða, að hvergi mundu menn óska, að missa hjerana, þó að þessi dýr stundum geti gert skaða.

Í ræktuðum skógi hjer á landi geta hjerar gert skaða að eins í græðireitum, en hjer er um smá svæði að ræða, svo að hægt væri, að vernda þau fyrir hjerum, með því að setja upp virnet. Hið sama má segja um kálgarðana.

Að því er snertir óræktað land, þá mun sá skaði, sem hjerarnir geta gert, ávalt vera lítilvægur í samanburði við þann, sem sauðfje gerir á gróður landsins.

Loksins væri hægt að gjöreyða hjerunum, þegar menn vilja ekki hafa þá lengur í landinu, en mörg ár myndu líða, áður en slíkt yrði nauðsynlegt. Jeg vil þess vegna mæla fram með því, að hin fyrirhugaða tilraun, að flytja inn hjera í landið, sje framkvæmd sem fyrst.

Reykjavík 17. júlí 1914.
Virðingarfylst
A. F. Kofoed-Hansen.

Til
Alþingis

Nd. **208. Nefndarálit**
í

málinu: Frumvarp til laga um landsdóm.

Það hefir orðið að ráði í nefndinni, að halda eigi til streitu nú á þessu þingi frumvarpi því, er tveir nefndarmanna (B. J. og E. A). hafa flutt í deildinni, og taka þeir frv. því aftur.

Nefndin er að vísu öll þeirrar skoðunar, að þörf sje á að endurskoða lögin um landsdóm, nr. 11 frá 20. okt. 1905. En meiri hluti nefndarinnar (J. M., E. J. og Þ. J.) telur málið eigi nægilega undirbúið til þess að ný lög um það verði samþykt nú þegar á þessu þingi. Það hefir því orðið að samkomulagi, að beina málinu til landsstjórnarinnar, og vill nefndin fara fram á það, að stjórnin undirbúi málið og leggi fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um landsdóm.

Meiri hluti nefndarinnar (B. J., E. A. og Þ. J.) telur þó ekkert vera því til fyrirstöðu, að nú þegar sjeu bætur ráðnar á mestu göllunum, er mönnum virðist koma saman um, að sjeu á landsdómslögum, þeim er nú gilda. Þessir aðalgallar eru:

1. Ákvæði 11. gr. um *dómruðningu*. Fer meiri hluta nefndarinnar fram á það í frumvarpi, sem hann leyfir sjer að leggja fyrir háttv. deild, að þessu ákvæði verði þann veg breytt, að eigi sje rutt nema 2 hinna sjálfkjörnu dómanda og að jafn sje ruðningarrjettur beggja málsaðilja, svo sem við verður komið, eftir því skipulagi, sem á dóminum er samkvæmt núgildandi lögum.
2. Þá er farið fram á það, að ákveðið verði, *að forseti dómsins skuli ávalt verða tekinn úr flokki hinna lögfróðu sjálfkjörnu dómanda*. Þykir þar með fengin meiri trygging fyrir því, að dómurinn ræki löglega og skipulega starfa sinn en nú er, þar sem dómsforseti getur verið ólögfróður maður, sem ef til vill hefir aldrei í dómi setið og aldrei við dómstörf fengist.
3. Þá er ákvæði 16. gr. landsdómslaganna um það, *hvern meiri hluta þurfi til þess að dæma ráðherra til refsingar eða skaðabóta*. Nú þarf $^4/_5$ dómanda til þess, eða 12 af 15, ef dómur er fullskipaður. Nú mega hið fæsta 12 skipa dóminn. Ef dómendur eru að eins 12 eða 13 þarf 10 til að dæma ákærðan sekan. Ef þeir eru 14 þarf 11. Þetta þykir meiri hluta nefndarinnar of harðar kröfur, enda mundu miklar vera sakir og öldungis auðsæjar, ef eigi fengjust 3—4 dómendur til þess að greiða atkvæði með sýknun ákærðs.

Að þessu sinni hefir meiri hluti nefndarinnar viljað láta sjer nægja með að fara fram á þessar breytingar á landsdómslögunum. Og leyfir meiri hlutinn sjer að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frv. á þingskj. 202.

Alþingi 24. júlí 1914.

Jón Magnússon,	Einar Arnórsson,
formaður.	skrifari.

Þorleifur Jónsson. Bjarni Jónsson frá Vogi. Einar Jónsson.

Ed. **209. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um sauðfjárbaðanir nr. 46, 10. nóv. 1913.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

3. gr. orðist þannig:

Stjórnarráðið gefi með ráði dýralæknis út fyrirskipun um það, hvaða baðlyfja tegundir skuli nota og jafnframt greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra.

2. gr.

4. gr. orðist þannig:

Fyrirskipanir um það, hver baðlyf skuli nota, skulu birtar í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar fyrir 1. dag júnímánaðar ár hvert.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu hver í sínu umdæmi hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfje sitt, svo snemma að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

4. gr.

Þá er lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skulu þau færð inn í texta laganna um sauðfjárbaðanir nr. 46 frá 10. nóv. 1913, og getur konungur gefið út þau lög þannig breytt sem lög um sauðfjárbaðanir.

Nd. **210. Breytingartillaga**

við frv. til laga um sparisjóði. (þgskj. 181).

Flutningsm.: Guðm. Hannesson, Sveinn Björnsson, Sig. Gunnarsson, Matth. Ólafsson og M. J. Kristjánsson.

1. Við 9. gr. orðin: »en skuldbindandi . . . af bókara« falli burt.

2. Á eftir 20. gr. komi ný grein og greinatalan breytist eftir því:

21. gr.

Stjórnarráðið hefir eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra. Það lætur svo fljótt sem unt er bankavanan mann athuga nákvæmlega allan hag, starfsemi og fyrirkomulag sparisjóða í landinu og leiðbeina eftir þörfum í öllu því, er lög þessi krefjast um starfsemi og skipulag sparisjóða. Að loknu eftirliti gefur hann stjórnarráðinu nákvæma skýrslu um allan hag og ástand sjóðanna.

Samskonar eftirlit getur stjórnarráðið haft með nokkrum sparisjóðum á ári hverju, og skal þá einkum taka tillit til stærstu sparisjóðanna.

Eftirlitsmaður getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóða, allan hag þeirra og fyrirkomulag. Skylt er stjórnendum og starfsmönnum sparisjóða að láta stjórnarráðinu í tje allar skýrslur um rekstur sparisjóða og allan hag þeirra, er nauðsyn þykir að krefjast, og getur stjórnarráðið látið beita dagsektum alt að 5 kr. á dag, ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutaðeiganda. Sektarfjeð rennur í landssjóð og má taka það lögtaki, ef það ekki er greitt í gjalddaga.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa eftirlitsmanni.

Í fjárlögum skal veita hæfilega upphæð til eftirlits með sparisjóðum.

Nd. **211. Frumvarp**

til laga um notkun bifreiða.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum hver sá vagn, sem er knúinn áfram með aflvjel í vagninum sjálfum, og ætlaður til að flytja fólk eða varning. Lögin ná ekki til vagna, sem renna á spori, eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

2. gr.

Stjórnarráðið getur, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum eða vegaköflum með öllu, eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð álíst hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð.

3. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugðum og auðvelt sje að snúa þeim. Sje bifreið þyngri en 350 kg., skal aflvjelin geta knúið hana aptur á bak sem áfram. Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo, að mesta breidd utanmáls sje 1,75 metrar; þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá þessu að því er sjerstaka vegarkafla snertir.

Á hverri bifreið skulu vera:

1. tvennir hemlar svo sterkir, að með hvorum þeirra megi stöðva vagninn innan tveggja vagnlengda, þó hann renni með fullum hraða (35 km.), og umbúnaður, sem varni því, að vagninn geti runnið forbrekkis, ef annarhvor hemillinn orkar ekki.

2. horn, til þess að gefa með hljóðmerki.
3. ennfremur þegar dimt er:
   a. tvö tendruð ljósker, sitt á hvorri hlið bifreiðarinnar framantil, og í sömu hæð, sem lýsa svo, að ökumaður sjái að minsta kosti 12 metra fram á veginn.
   b. eitt ljós, sem ber skæra birtu á merki vagnsins.

Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð bifreiða, þar á meðal sjerstaklega um þyngd þeirra.

4. gr.

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum, og greiðir vagneigandinn kostnaðinn við skoðunina. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn, og ekki má taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigandaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytji bifreiðareigandi úr einu lögsagnarumdæmi í annað, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna, og skal þá lögreglan taka ákvörðun um, hvort breyta þurfi merki vagns hans.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið, og komi það þá í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar, og tekið merkið af henni.

5. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 18 ára að aldri, og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið.

Til þess að öðlast slíkt ökuskírteini, verður hlutaðeigandi að sýna vottorð frá lækni um að hann hafi fulla sjón, og vottorð tveggja valinkunnra manna um að hann sje áreiðanlegur og samviskusamur. Enn fremur verður hann að standast próf, samkvæmt ákvæðum, er stjórnarráðið setur með reglugerð; þó má í þeirri reglugerð ákveða að sá þurfi ekki að taka próf, sem hefir skírteini frá erlendum stjórnarvöldum.

Lögreglustjóri getur svift hvern þann ökuskírteini um tiltekinn tíma eða fyrir fult og alt, sem er dæmdur í refsingu fyrir brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt þeim, og sömuleiðis hvern þann, sem álitið er að hafi ekki lengur þá eiginleika, er útheimtast til þess að fá ökuskírteini.

6. gr.

Ökuhraðann skal ávalt tempra svo, að komist verði hjá slysum og ekki sje trufluð umferðin.

Í kaupstöðum, kauptúnum og ámóta þjettbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund, nema stjórnarráðið hafi leyft meiri hraða

eftir tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn og ökumaður samt sem áður getur fullnægt öllum skyldum sínum, þó aldrei meiri en 35 km. á klukkustund. Í dimmu má hraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund.

Þar sem ökumaður sjer ekki langt fram á veginn, í kröppum bugum, við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðara en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sje for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

7. gr.

Ef bifreið mætir vegfarendum, skal hún halda sjer vinstra megin á veginum. Bifreiðin skal þegar nema staðar, ef sá sem hún mætir gefur merki, eða ökumaður sjer að hestur hræðist eða verður órór, og skal hann gera það, sem í hans valdi stendur til þess að hestarnir komist fram hjá bifreiðinni án þess að fælast. Sömu varúðar skal bifreiðarstjóri gæta, er hann vill fara fram fyrir vegfarendur, sem eru á undan honum, en þá skal bifreiðin vera hægra megin á veginum. Hins vegar skulu vegfarendur jafnan vikja úr vegi fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum, og aldrei tefja för þeirra að óþörfu.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að ekki komast hvorir fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar sem hinir komast fram hjá henni.

8. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa merki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum á veginum.

9. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiðar, skal ökumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi ef krafist er, og hjálpa þeim, er slasast hefir, ef þörf gerist.

10. gr.

Óski útlendingur að nota um stuttan tíma bifreið, sem hann hefir með sjer frá útlöndum, getur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann fyrst vill nota vagninn, veitt honum tímabundið leyfi til þess að nota bifreiðina, þó ekki lengur en 3 mánuði, með skilyrðum þeim, er þurfa þykir til þess að ná tilgangi þessara laga. Leyfi þetta getur lögreglustjórinn í hverju því lögsagnarumdæmi, sem bifreiðin er notuð í, afturkallað ef honum þykir ástæða til.

11. gr.

Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, þurfa ekki að hafa nema einn sterkan hemil og eitt skært ljós í dimmu (sbr. 3. gr.).

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10 til 500 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

13. gr.

Hljótist slys eða tjón af notkun bifreiðar, annaðhvort beinlínis af akstri hennar, eða af því að hestur vegfaranda fælist, eða á annan svipaðan hátt, er sá, sem ber ábyrgð á bifreiðinni, skaðabótaskyldur, nema sá, sem fyrir slysinu eða tjóninu varð, eða einhver þriðji maður, hafi orðið valdur að slysinu eða tjóninu af ásettu ráði eða með vítaverðri óvarkárni, eða uppvíst verður að slysið hlaut að vilja til, þrátt fyrir þá aðgæslu og varkárni, sem ökumanni er skylt að gæta.

Framanskráð regla gildir þó ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreiðin flytur, nema ræða sje um bifreið, sem er til afnota fyrir almenning gegn borgun. Að öðru leyti fer um skaðabótaskyldu fyrir slík slys eða tjón eftir almennum reglum.

14. gr.

Eigandi bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 13. gr. Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi færist skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

15. gr.

Með framangreindum ákvæðum um skaðabótaskyldu er ekki skertur neinn sá rjettur til skaðabóta, sem leiðir af almennum reglum.

Nd. **212. Frumvarp**

til laga um breytingu á tolllögum nr. 54, 11. júlí 1911.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Fyrri liður 8. greinar tolllaga frá 11. júlí 1911 hljóði þannig:

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga yfirlýsing um það, eða ekki skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 4. gr., og skal hann þá sæta sektum frá 50 til 1000 kr., og gjaldi auk þess þrefalda þá upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan. Auk þess skal hver sá, er uppvís verður að tollsvikum, sæta hegningu eftir 155. grein almennra hegningarlaga, þegar svo á stendur, sem þar segir. Hafi hinn seki verslunarleyfi, fyrirgerir hann því við 3. brot, og getur ekki fengið nýtt verslunarleyfi fyr en eftir 5 ár.

Ed. **213. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti sem fátækratíundin og aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar, þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Á hvalveiði, síldveiði með nót, laxveiðiafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot, af jörð, þótt engin ábúð fylgi og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. A kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Nú stundar aðkomumaður bátfiski á útveg annara en þarsveitarmanna og dvelur í veiðistöð sama hrepps 4 vikur eða lengur, og má þá jafna á hann útsvari hæfilegu, eftir tímalengd og í samanburði við innsveitarmenn, en ekki má leggja hundraðsgjald á afla. Útsvarinu skal formaður hafa lokið fyrir skip sitt, áður en hann fer á brott. Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppum í sama sýslufjelagi, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

3. gr.

Í Vestmannaeyjasýslu er sýslumaðurinn og fjórir kjörnir menn í nefndinni.

Þessi breyting á skipun sýslunefndar Vestmannaeyjasýslu kemur þó ekki til framkvæmda fyr en við næstu prestaskifti eftir að lög þessi hafa öðlast gildi.

4. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 36. gr. og fyrri málsgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga frá 10. nóv. 1905, svo og þau ákvæði 55., 56. og 61. gr. sem snerta sýslunefnd Vestmannaeyjasýslu sjerstaklega og fara í bága við lög þessi; enn fremur er úr gildi numin fyrri málsgrein 66. gr. ofannefndra laga.

Nd. **214. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Stóra-Fjarðarhorni við Kollafjörð í í Strandasýslu.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Að Stóra-Fjarðarhorni við Kollafjörð í Strandasýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvbr. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **215. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

(Eftir 3. umr, í Ed).

1. gr.

Íslandsbanka skal heimilt, eftir því sem viðskiftaþörfin krefur, að gefa út seðla, er greiðist handhafa með gullmynt, þegar krafist er, gegn því að bankinn

1) hafi í vörslum sínum málmforða, er ekki nemi minna verði en $^{3}/_{5}$ af seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti;
2) hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlafúlgunnar, sem ekki er trygður með málmforðanum, svo og öðrum kröfum, er á bankanum hvíla, er nemi jafnmiklu verði;
3) hafi aukið hlutafje sitt upp í minst 4 miljónir króna;
4) gegn því, að seðlaupphæð sú, sem úti er í hvert skifti, fari ekki meira en 2 miljónir króna fram úr verði málmforða þess, er bankinn hefir í vörslum sínum.

2. gr.

4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, er úr lögum numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar skilyrðinu í 1. gr. 3. tölulið er fullnægt.

Ed. **216. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um beitutekju.

Frá nefndinni.

Aftan við 5. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Nú greiðir beitutaki ekki gjald þetta áður en hann fer af beitufjöru og skal hann þá greiða tvöfalt gjald.

Nd. **217. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Veganefndin hefur rætt á nokkrum fundum þau tvö frumvörp, er henni voru fengin til meðferðar. Þau eru á þgsk. 37. og 49.

Nefndarmenn urðu eigi á eitt mál sáttir um það, hverjir skyldi halda við slíkum vegum, er frv. á þgsk. 37 getur um. Mun minni hluti lýsa sinni skoðun á því máli.

Þess verður að geta, að nefndin átti tal við verkfræðing landsins um viðhald á vegum. Vildi hann alls engar breytingar gera, og taldi rjettast, að sýslurnar beri kostnað af viðhaldi slíkra vega, sem er Flóavegurinn, og vegurinn um Holtin, en vorkendi þó Rangæingum að eiga að halda við svo ljelegum vegi sem Holtavegurinn er. Meiri hluti nefndarinnar varð á einu máli um það, að vera mundi sanni næst, að landssjóður hjeldi við öllum vegum, sem væri viðskiftaæðar milli hjeraða og landsfjórðunga. Enn voru menn sammála um það, að flutningabrautin frá Ingólfsfelli austur eftir væri flestum vegum fremur viðskiftaæð milli landsfjórðunga, en eigi duldist mönnum, að eins stæði á víðar. Þess vegna vildu nokkrir setja í lögin algilda reglu um, að landssjóður hjeldi við öllum þjóðvegum milli hjeraða og landsfjórðunga. Þó urðu þeir fleiri, sem vildu nefna til nokkra ákveðna vegi að þessu sinni, en töldu sjálfsagt, að þar mundi allir sams konar vegir eftir fara. Þessa vegi töldu menn sfálfsagða: Árnesinga- og Rangæinga-braut, vegurinn frá Borgarnesi til Stykkishólms og Fagradalsbrautin.

Meiri hluti nefndarinnar taldi og fram eiga að ganga tillöguna um flutningabraut frá Búðardal til Borðeyrar. Þótti mönnum auðsætt, að hjer mundi vera framtíðarvegur milli Norðurlands og suð-vestur-hluta landsins. Þótti mönnum þetta og horfa til hins mesta gagns fyrir Húnvetninga og Strandamenn engu síður en fyrir Dalamenn. Heldur tvent til þess. Fyrst það, að með því einu móti væri fært að hafa góða báta til vöruflutninga og manna um Breiðafjörð og Húnaflóa. Og þá hitt, að í ísárum er þessi leið styst og hentugust til vöruflutninga til Norðurlands, og mörgum manni mundi sú braut hafa komið að haldi 1882.

Nefndin varð öll á því, að breyta þjóðvegarstefnunni í Dalasýslu með þeim hætti, sem lagt er til á þgsk. 49. Um það atriði bárust nefndinni brjef og skeyti frá sýslunefnd Dalasýslu, stjórnarráðinu og verkfræðingi landsins, fylgiskjal I. og II. og III.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að samþykt verði frumvarpið á þgsk. 37 með þeim breytingum, sem nefndin leggur til.

Alþingi 24. júlí 1914.

Sigurður Sigurðsson, formaður. Bjarni Jónsson frá Vogi, skrifari.

Eggert Pálsson. Sigurður Gunnarsson. Einar Jónsson.

Þórarinn Benediktsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

SÍMSKEYTI
til Stjórnarráðs Íslands, Reykjavík.

Harrastaðir 17/7 1914.

Sýslunefndin skorar á Alþingi, að breyta svo vegalögunum, að þjóðvegurinn, sem liggur nú um Hjarðarholt, verði framvegis ákveðinn frá Breiðamel, sem er milli Saura og Sauðhúsa, um brúna á Laxá og Búðardal og þaðan svokallað Land fyrir neðan Ljárskóga að Fáskrúð. Rjettan útdrátt úr gjörðabók sýslunefndar Dalasýslu aukafundi 22. júní 1914 vottast.

Sýslumaður Dalasýslu.

Fylgiskjal II.

VERKFRÆÐINGUR LANDSINS. Reykjavík. 18. júlí 1914.

Mjer hefur borist frá hinu háa Stjórnarráði eftirrit af ályktun sýslunefndar Dalasýslu frá fundi hennar 22. júní 1914, þar sem skorað er á Alþingi að breyta svo vegalögunum, að þjóðvegurinn, sem liggur nú um Hjarðarholt, verði framvegis ákveðinn frá Breiðamel, sem er milli Saura og Sauðhúsa, um brúna á Laxá og Búðardal, og þaðan um svokallað Land fyrir neðan Ljárskóga að Fáskrúð.

Út af þessu skal jeg virðingarfylst leyfa mjer að upplýsa, að ályktunin fer fram á, að flytja úr stað þjóðveginn á 10 km. löngum kafla, og af þessum 10 km. teljast nú 4,9 km. að vera upphleyptur vegur, en sumt af því (um 2,2 km.) er gamall vegur og fremur ljelegur. Á þessum 10 km. kafla liggur Laxá, sem er allstórt vatnsfall, og er ekki brúuð á hinum núverandi þjóðvegi. Leið sú, sem sýslunefndin fer fram á, að verði gerð að þjóðvegi, er sem næst

jafnlöng og áðurnefndur þjóðvegarkafli; á þeirri leið er trjebrú á Laxá, gömul nokkuð og þarfnast bráðrar viðgerðar; nokkur hluti þessa vegar er sýsluvegur, og munu um 3 km. af honum mega teljast í því ástandi, að viðunanlegt sje með smáviðgerðum, en um 7 km. er algerð vegleysa – frá Búðardal norður undir Fáskrúð — og mun þurfa að gera veg á þeim kafla.

Það, sem einkum mælir með breytingunni á þjóðveginum er það, að ef hann liggur um Búðardal, kemur hann hjeraðinu að beinum notum sem flutningavegur í báðar áttir frá kauptúni sýslunnar; enn fremur er Laxá of stórt vatnsfall til þess að vera óbrúuð á þjóðveginum til langframa, en hins vegar getur ekki komið til mála að setja nýja brú á hana svo nálægt hinni núverandi brú, sem þjóðvegurinn liggur.

Á móti breytingunni mælir það helst, að hún hefur nokkurn kostnað í för með sjer fyrir landssjóð. Nokkuð af þeim kostnaði, einkum endurbygging brúarinnar á Laxá, mundi lenda á sýslusjóði Dalasýslu, ef þjóðveginum yrði ekki breytt, en nokkuð, einkum vegarlagningin frá Búðardal að Fáskrúð, mundi að líkindum dragast lengi, vegna þess, að sýslan mundi líklega ekki treystast til að leggja í hana, þótt hennar sje mikil þörf.

Með því að þjóðvegurinn þannig kemur héraðinu að miklu meiri notum með því að liggja um Búðardal, og með því að kostnaður sá, sem breytingin hefir í för með sér fyrir landssjóð, verður lagður í þarflegar vegabætur, leyfi jeg mér að mæla sem best með því, að málaleitun sýslunefndarinnar verði tekin til greina nú þegar á yfirstandandi Alþingi, þannig að í 3. gr. 2. laga um vegi frá 22. nóv. 1907 falli burt orðið Hjarðarholt, og í þess stað komi „Búðardal“. Að taka hin önnur örnefni, sem greinir í sýslunefndargjörðinni, upp í vegalögin, er óþarft, því að öll tilfærsla vegarins ákvarðast af þessari einu breytingu, og slík nákvæm lýsing, með upptöku örnefna, sem ekki einu sinni finnast á landsuppdráttum herforingjaráðsins, og engir þekkja nema nákunnugir menn, er ekki í samræmi við þá reglu, sem annars er fylgt í vegalögunum að því er ákvörðun þjóðveganna snertir.

Með því að póstafgreiðsla er nú í Hjarðarholti, og óvíst að hentugt þyki að flytja hana þaðan að svo stöddu, verður pósturinn máske látinn fara eftir hinum gamla þjóðvegi fyrst um sinn; einnig af öðrum ástæðum er það æskilegt, að hinn núverandi þjóðvegur verði ekki látinn fara í algerða vanhirðu, og virðist mjer sanngjarnt, að heimtað sje, að sýslunefnd Dalasýslu taki hann í tölu sýsluvega í notum þess ljettis, sem sýslusjóðurinn verður fyrir við breytinguna að öðru leyti. Mætti annaðhvort setja það ákvæði um breytinguna, að hún gengi þá í gildi, er sýslunefndin hefði tekið hinn eldri þjóðvegarkafla í tölu sýsluvega, eða láta koma fram í nefndaráliti eða á annan hátt, að til þess væri ætlast, að hinn eldri þjóðvegur yrði tekinn í tölu sýsluvega.

Jón Þorláksson.

Til

Stjórnarráðs Íslands.

Fylgiskjal III.

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS. Reykjavík 20. júlí 1914.

Með tilvísun til þingskjals 49, frumvarps til laga um breyting á vegalögunum, skal hinni háttvirtu nefnd sent hjálagt símskeyti frá sýslumanninum í Dalasýslu frá 17. þ. m. og brjef verkfræðings landsins, dags. 18. þ. m., viðvíkjandi breyting á þjóðveginum í Dalasýslu, og skal þess jafnframt getið, að stjórnarráðið eftir atvikum getur fallist á álit og tillögur landsverkfræðingsins í þessu máli.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Til

vegalaganefndar neðri deildar alþingis

Ed. **218. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22, nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Auk þeirra flutningabrauta, sem taldar eru í 2. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, skal vera flutningabraut frá Reykjavík til Hafnarfjarðar.

Viðhald þeirrar flutningabrautar skal landssjóður kosta að 1/3.

Nd. **219. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. október 1912.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna skulu setjast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Soda, krít, leir, karbíd, bensin, þakhellur, netakúlur og tómar flöskur.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Olíufóðurkökur, melasse og melassemjöl, kjötfóðurmjöl, fiskfóðurmjöl, hjólklafar (blakkir), saumur, brýni, hverfisteinar, kvarnarsteinar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, kvíslar, bátavjelar (mótorar), gufukatlar, gufuvjelar, gufuvagnar, bifreiðar, lausar umbúðir, tómir pokar, netagarn, tilbúin segl, kaðlar allskonar og færi, olíur á tunnum og í dúnkum, aðrar en steinolía og bensín, strigaábreiður (Presenninger) og járnbrautarteinar, húsapappi alls konar, akkeri og akkerisfestar (hlekkjafestar), kokolit, járnbitar, ofnar, eldavjelar, járnpípur, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður, gólfdúkar (Linoleum) og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn alls konar skófatnaður), tvinna og alls konar garni, öðru en alls konar seglgarni, 0,30 kr. af hverjum 5 kilogr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu þar bátar taldir.

Sjötti liður 1. málsgr. 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,10 kr. af hverjum 5 kílogr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Auk vörutegunda þeirra, sem undanþegnar eru vörutolli undir 6. lið 1. gr. nefndra laga, skal pappír, tilbúin áburðarefni, hey, steinlímspípur, leirpípur og sandur vera undanskilin vörutolli.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 22, 20. október 1913, um breyting á lögum um vörutoll úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Ed. **220. Lög**

um undanþágu frá ákvæðum 1. gr. í siglingalögum frá 22. nóvember 1913.

(Afgreidd frá Ed. 24. júlí).

Sú undanþága veitist frá ákvæðum 1. gr. siglingalaga frá 22. nóvember 1913, að í stjórn hlutafjelagsins »Eimskipafjelag Íslands« í Reykjavík, sem stofnað var 17. janúar 1914, megi tveir af sjö mönnum í stjórn fjelagsins vera Íslendingar búsettir í Vesturheimi, þótt eigi fullnægi þeir skilyrðum fyrri hluta tjeðrar greinar.

Ed. **221. Lög**

um viðauka við lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll.

(Afgreidd frá Ed. 24. júl).

Allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, eru undanþegnar vörutolli, þó því að eins, að þær sjeu endursendar í hinum sömu umbúðum, sem þær voru sendar í frá landinu.

Afhenda skal gjaldheimtumanni landssjóðs á þeim stað, þar sem heimsend vara er sett á land, vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara.

Ed. **222. Viðauka- og breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

Flutningsmaður: Karl Einarsson.

Á undan meginmáli frumvarpsins komi: 1. gr.

Við bætist:

2. gr.

Sýslunefndin og hreppsnefndin í Vestmanneyjasýslu hafa á hendi sameiginlega alla stjórn vegamála innan sýslunnar.

Nefndirnar ráðstafa í sameiningu sýslu- og hreppsvegafjenu, ákveða hvar vegir skuli liggja og hafa umsjón og stjórn með vegagjörðum og viðhaldi vega.

Nd. **223. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóv. 1907 um vegi og lögum um breyting á þeim lögum nr. 41 frá 11. júlí 1911.

Frá meiri hluta veganefndar.

1. Aftan við 1. gr. skal bæta:
   enn fremur vegarins frá Borgarnesi til Stykkishólms og flutningabrautarinnar frá Búðareyri við Reyðarfjörð að Lagarfljóti við Egilsstaði.
2. Bæta skal við nýjum greinum:

2. gr.

Í 2. gr. laga um vegi 22. nóv. 1907 skal bætt flutningabraut frá Búðardal í Hvammsfirði til Borðeyrar í Hrútafirði.

3. gr.

Í öðrum tölulið 3. gr. laga um vegi 22. nóv. 1907 skal vera: Búðardal fyrir »Hjarðarholt«.

3. 2. gr. verði 4. gr.
4. Bæta skal aftan við nýrri grein:

5. gr.

Eru numin úr lögum öll eldri ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

Ed. **224. Frumvarp**

til heimildarlaga fyrir landstjórnina til að veita Ísafjarðarkaupstað alt að 60,000 kr. lán til raflýsingar.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Stjórninni veitist heimild til að lána Ísafjarðarkaupstað alt að 60,000 kr. úr viðlagasjóði til raflýsingar í bænum. Lánið ávaxtist með $4^1/_2$% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Ed. **225. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sjóvátrygging.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Í staðinn fyrir orðið »hluti« í fyrirsögnum frumvarpskaflanna komi: kafli á 5 stöðum.

Nd. **226. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá Einari Arnórssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Í 4. gr. falli burt orðin: „eða leyfis stjórnarráðsins".
2. Við fyrri málsgr. 9. greinar bætist:
   Ef samanlagt innstæðufje sparisjóðs nemur eigi 100 þúsundum króna, geta þó stjórnendur sjóðsins annast bókara- og gjaldkerastörf.

3. Í sömu málsgr. falli burt setningin: „en skuldbindandi er kvittun . . . . með undirrituð af bókara".
4. Við 11. gr. Aftan við 4. málsgr. bætist ný málsgrein svolátandi:
   Enn fremur skal hver sparisjóður hafa gjörðabók, er í sje skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánsynjanir, lántökur og annað slíkt.
5. Við 12. gr.
   a) *Aðaltillaga*: 3. málsgrein falli burt.
   b) *Til vara*: Fyrir „5%" komi: 3%.
6. Fyrsta málsgr. 15. gr. orðist svo:
   Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði og vöxtum, samkvæmt 3. gr., frádregnum, skal leggja í varasjóð.
7. Við 16. gr. Geinin orðist svo:
   Varasjóður sparisjóða skal vera í tryggum og auðseldum verðbrjefum eða í innieign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir en svo, að 5% nemi af samanlögðu innstæðufje sjóðsins, eins og það var í árslok næstu á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðs neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.
8. 2. málsgr. 19. gr. orðist þannig:
   Skuldheimtumenn sparisjóðsins geta þá tekið ákvörðun um það, hvort þess skuli krafist, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.
9. Orðin: „af einhverjum ástæðum" í 20. gr. 1. línu falli burt.
10. Í 22. gr. falli burt orðin: „kyrsetning og".

Nd. 227. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 5, 19. febrúar 1886, um friðun á laxi.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Jeg hefi ekki getað orðið samdóma hinum háttvirtu samnefndarmönnum mínum í þessu máli, þrátt fyrir það, að tillaga meiri hlutans er mjög mikið aðgengilegri en frumvarpið sjálft á þingskj. 54. Jeg álít þá stefnu, sem hjer er tekin, að gefa sýslunefndunum vald í einstökum tilfellum til að slaka til á laxafriðunarlögunum, talsvert athugaverða.

Jeg álít nefnilega, að það eigi aldrei í neinu tilfelli að slaka til á þessu friðunar ákvæði á laxalögunum, að net skuli taka úr á 36 tíma í viku hverri, nema að þá um leið sje aukin friðunin á annan hátt, sem jafni sig fullkomlega á móti þessari tilslökun.

Það er víst, að ef einni sýslunefnd er nú gefið leyfi til að gjöra slíka breytingu, þá koma fleiri sýslunefndir á eftir, sem vilja fá sama rjett, og ef þingið ætlar að vera sjálfu sjer samkvæmt, þá verður það einnig að veita hann. En með því tel jeg, að þingið sje komið út á slæma braut.

Jeg er sem sagt hræddur við að sýslunefndir muni í mörgum tilfellum

koma á slíkri samþykt, ef þær hafa nægilegt atkvæða magn til þess, jafnvel þó það gjöri mörgum búendum hjeraðsins stóran skaða, og valdi að því leyti sárri gremju; en slíkt má ekki koma fyrir.

Og þó svo kunni að koma fyrir í einu hjeraði, að engir sjeu á móti slíkri ráðstöfun, þá getur það verið illt fyrir því.

Eins og flestir vita, hrygnir laxinn og fæðist upp í smáánum og kvíslum, fram til dala og fjalla; til þess því að hann geti haldist við eða fjölgað, má ekki eyðileggja hann, eða stöðva of mikið neðan til í ánum, þegar hann er í uppgöngu; slíkt getur verið mjög hættulegt fyrir laxveiðina í framtíðinni, og til stórtjóns fyrir alla þá, er laxveiði stunda, alveg jafnt hvort þeir búa við árósa, eða upp til dala.

Jeg verð því að ráða hinni háttvirtu deild til að fella frumvarp þetta.

Alþingi 24. júlí 1914.

Jóhann Eyjólfsson.

Ed. 228. Breytingartillögur

við frumv. til laga um sjóvátrygging.

Frá Karli Finnbogasyni.

1. Við 6. gr. Fyrir orðin: »en yngri — — fyrirlagi«, í 3. tölulið, komi: en hann tók sjáltur eða ljet taka yngri vátrygginguna.

2. Við 9. gr. Fyrir orðin: »rjett verð — — virtu hann«, komi: það, þegar metið var verðmætið.

Ed. 229. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um sjóvátrygging.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. 1. málsgrein: Í stað »af þeim háska« komi: í þeim háska.

2. — - - 2. málsgrein: Fyrir »aftur þá áhættu« komi: fyrir þeirri áhættu.

3. — 2. - 2. málsgrein: Fyrir »vátryggjandi« komi: ábyrgðarsali.

4. — 6. - 2. málsgrein: Fyrir »rjettu vátryggingarverði« komi:
vátryggingarverði.

5. — - - Sömu málsgrein: Fyrir »rjett vátryggingarverð« komi:
vátryggingarverð.

6. — 10. - 3. málsgrein: Fyrir »vátryggjanda« komi:
ábyrgðarsala.

7. — 16. - Fyrir »munum« komi:
hlutum.

8. — 20. - 1. tölulið: Fyrir »munum« komi:
hlutum.

9. — 23. - Fyrir »munum« komi:
hlutum.

10. — 27. - Fyrir »þá er« í upphafi 1., 2., 3. og 4. töluliðar komi:
þegar.

11. — 35. - Fyrir »sje« komi:
eru.

12. Í stað »Hluti« í fyrirsögn hinna einstöku kafla frumvarpsins komi:
kapituli.

Nd. **230. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um sandgræðslu (stjórnarfrv.).

Nefnd sú, er háttv. Nd. skipaði til að athuga þetta mál, hefur átt með sjer allmarga fundi, og hefur komist að þeirri niðurstöðu, er nú skal greina.

Nefndin var samhuga um, að ákvæði frv., er lúta að sandgræðslunni sjálfri, sjeu hagkvæm og nauðsynleg, og einnig telur hún nauðsynlegt, að reglur sjeu settar um samband landsstjórnar, er kostar að miklu leyti sandgræðsluna, og einstaklinga þeirra, er land eiga á sandgræðslusvæðunum. Það er nú þegar búið að leggja allmikið fje í girðingar á sandgræðslusvæðum, og því er rjett og eðlilegt, að ákvæði sjeu sett um það, að landsstjórnin hafi full umráð yfir hinum girtu svæðum á meðan unnið er að sandgræðslunni á kostnað landssjóðs, og um viðhald girðinga o. s. frv. Og felst nefndin á fyrirmæli frv., er að þessu lúta.

Þá er þess að geta, að nefndin tók til rækilegrar íhugunar, hvort eigi væri vegur til, að koma umsjón sandgræðslumála fyrir á hentugri hátt en er í þessu frv. og lögum nr. 54 frá 22. nóv. 1907. Fjekk hún í því skyni meðal annars í hendur frá stjórnarráðinu skýrslur skógræktarstjórans um sandgræðslu, þar sem nokkurn veginn má sjá, hve margbrotin eru störf yfirumsjónarmanns; auk þess er einn nefndar-

manna mjög vel kunnugur þessum málum, og gat gefið nefndinni ýmsar upplýsingar, er að því lúta.

Eftir að nefndin hafði kynt sjer alt þetta rækilega, varð hún sammála um, að hentast myndi að fela stjórn Búnaðarfjelags Íslands yfirumsjón með sandgræðslunni. Virðist það mætavel geta samrýmst öðrum störfum þess. Það hefir ráðanauta í þjónustu sinni, og það myndi eigi þurfa að hafa nein veruleg útgjöld í för með sjer, þótt þeir á ferðum sínum litu eftir sandgræðslunni og segðu fyrir um alla tilhögun henni viðvíkjandi.

Maður verður þess var við að lesa skýrslur herra skógræktarstjórans, að árið 1910 er t. d. aðalverk hans, sem yfirumsjónarmanns sandgræðslunnar, að líta eftir því, hvort girðingarnar, sem búið var að setja upp, væru í standi. 1911 er aðalverkið að mæla sandfokssvæði fyrir vestan Eyrarbakka, gera ráðstöfun viðvíkjandi sandfoki í Vestmannaeyjum, er skemdi gluggana í vitanum þar, og eitthvað líklega sagt fyrir um sandgræðslu í Skeiðahreppi. 1912 mun aðalverkið hafa verið að segja fyrir um áveitu á Meðallandssand, og 1913 eftirlit með Meðallandsáveitu og skoðun á girðingum á sandgræðslusvæðunum í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Nefndinni virðist nú, að ráðanautar Búnaðarfjelags Íslands gætu framkvæmt þetta alt saman, þ. e. haft eftirlit það, sem skógræktarstjórinn nú hefur, einkanlega þar sem vjer höfum mann, sem hefir starfað að sandgræðslunni, og myndi vel geta framkvæmt þau verk, sem lagt er fyrir hann að gera, svo sem standa fyrir girðingum, sá melfræi í hin girtu svæði, og hafa eftirlit með áveitum á sanda, þar sem sú aðferð er notuð til uppgræðslunnar.

Það er nú að vísu svo, að líta mætti á það, að skógræktarstjórinn muni hafa fremur lítið starf við umsjón skógræktarmála eingöngu, ef umsjón sandgræðslunnar yrði falin Búnaðarfjelagi Íslands, og vill nefndin ekki neita því, að svo er, enda vill hún láta þess afdráttarlaust getið, hvað fyrir henni vakir, og hún vill ákveðið beina því til stjórnarinnar, að hún taki til athugunar fyrir næsta þing, hvort eigi væri tiltækilegt að fela Búnaðarfjelaginu einnig umsjón skógræktarmála. Því þar sem landssjóður ekki sjer sjer fært, að veita meira en c. 10000 kr. til skógræktar, og 5000 kr. til sandgræðslu á ári, þá virðist það ekki búmannlegt, að hafa töluvert háttlaunaðan mann til umsjónar því, að ekki stærri upphæð sje komið í lóg árlega. — Skógarverðirnir ættu að geta ferðast eitthvað um, eins og þeir hafa gert, og litið eftir skógræktinni hver í sínu umdæmi, en yfirumsjónin yrði hjá Búnaðarfjelaginu, er myndi að sjálfsögðu fá sjer hæfan mann til að framkvæma störf þau, er að þessu lúta.

Að vísu er nefndinni það ljóst, að sá maður, er haft hefir umsjón skógræktarmála hjer, hefir áhuga á því starfi, og vill, að það verði að sem bestum notum. En hvað sem því líður, hefir skógræktarmálið enn ekki getað orðið það lifandi áhugamál almennings, sem það þarf og ætti að verða í framtíðinni og menn gjörðu sjer vonir um að lög nr. 54 22. nóv. 1907 kynnu að orka.

Samkvæmt því, sem að framan er talið, hefir nefndin leyft sjer að koma með breytingartillögur á þingskjali 231 við frumvarp það um sandgræðslu, er fyrir liggur, og væntir þess, að háttv. deild aðhyllist þær.

Alþingi 25. júlí 1914.

Hjörtur Snorrason, *formaður.*	Þorleifur Jónsson, *skrifari.*

Sigurður Sigurðsson. Jón Jónsson. Sveinn Björnsson.

Nd. **231. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sandgræðslu.

Frá nefndinni.

1. Framan við frv. komi ný grein, er verður 1. gr., svo hljóðandi:
Landstjórnin hefir yfirstjórn sandgræðslumála í landinu. En öll forstjórn opinberra ráðstafana til sandgræðslu og varna gegn sandfoki eða uppblæstri lands, skal falin Búnaðarfjelagi Íslands.
Greinatalan breytist samkvæmt því.

2. við 2. gr. Fyrri hluti greinarinnar: »Stjórnarráðið ákveður . . . . . ástæður allar« orðist þannig:
Stjórnarráðið með samráði við sýslunefndir, þær er hlut eiga að máli, og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, ákveður, hvar svæði skuli tekin til girðingar og sandgræðslu. Sá, er óskar að fá girt uppblásið svæði í landeign sinni, sendir Búnaðarfjelaginu, beiðni um það, og lætur fylgja ítarlega skýrslu um ástæður allar.

3. við 7. gr. Í stað: »skógræktarstjóra« komi:
Búnaðarfjelag Íslands.

4. við 9. gr. Í stað: »Skógræktarstjóri« í upphafi greinarinnar komi:
Búnaðarfjelag Íslands.

5. við 9. gr. Í stað: »í fjarvist hans . . . . . með þeim« í 3. línu komi:
hreppstjóri skal hafa eftirlit með þeim.

6. við 9. gr. Í stað: »skógræktarstjórans« í 3 línu að neðan komi:
Búnaðarfjelaginu.

7. við 9. gr. Síðasta málsgreinin orðist þannig:
Um árslok sendir Búnaðarfjelagið landstjórninni skýrslu um það, hvernig sandgræðslugirðingar og sandgræðslusvæðin hafist við, og í hvaða ástandi þau sjeu nú.

8. Á eftir 10. gr. komi ný grein, er verður 12. gr., svo hljóðandi:
Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 54 frá 22. nóv. 1907 um afskifti forstjóra skógræktarmála og skógvarða af sandgræðslumálum og uppblæstri lands.

Ed. **232. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 66, 22. nóv. 1913 um girðingar.

Vjer, sem háttvirt efri deild hefir falið frumvarp þetta til athugunar, erum

á einu máli um það, að sumar breytingar, er það fer fram á, sjeu ekki til bóta, heldur miklu fremur hið gagnstæða, og að aðrar sjeu svo lítils virði, að þær geti ekki rjettlætt, að breyta lögunum um girðingar að öllu óreyndu.

Um einstök atriði skal þetta tekið fram.

Oss finst mjög athugavert að ekkert fast takmark sje í lögunum sem hámark fyrir endurgreiðsluskyldu á girðingarkostnaði, þar sem kostnað þennan má leggja á hlutaðeiganda, án hans samþykkis, og hvort sem hann er efnalega fær um að greiða hann eða ekki. En þetta ákvæði gildandi laga er farið fram á að nema í burtu.

Ákvæðið um skyldu ábúanda til að halda við girðingu er ónákvæmt, því að ekki mun til þess ætlast, að ábúandi kosti viðhaldið eingöngu, þótt sá er land á hinum megin girðingar vanræki það að nokkru eða öllu leyti, sjerstaklega þar sem önnur viðhaldsákvæði vantar.

Enga ástæðu sjáum vjer til þess, að breytt sje ákvæðunum um gjaldskyldu á girðingarkostnaði hvað kauptún snertir. Getur nauðsyn slíkra girðinga, sem annara, verið misjafnlega brýn, og úttektarmönnum treystandi til að meta hana eins og við aðrar girðingar.

2. gr. frumvarpsins getum vjer ekki betur sjeð en fari mjög illa sem viðbót við 9. gr., sem ekkert hefir inni að halda um mat á girðingarkostnaði eða úttektarmenn.

Auk þess sem nefndin telur frumvarpið gallagrip, getur hún ekki sjeð, að nauðsyn beri til að breyta girðingalögunum að óreyndu því, hverjir gallar kunni að koma í ljós við framkvæmd þeirra og leggur því til að háttv. deild felli frumvarp þetta.

Alþingis 25. júlí 1914.

Eiríkur Briem, form.	Guðm. Ólafsson, skrifari og framsögum.

Jósef J. Björnsson.

Nd. **233. Frumvarp**

til laga um sjóvátrygging.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

FYRSTI KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Vátryggja má hverja þá lögmæta hagsmuni, sem virða má til peninga

og velta á því, að skip eða farmur, sem stofnað er í háska á sjó, týnist ekki eða rýrni í þeim háska.

Einkanlega má vátryggja: Skip, farmgjald, skipsútbúnað, farm, væntanlegan verslunararð og umboðslaun af vörum, sjólánskröfur, sjótjónsframlög og aðrar kröfur, sem fullnægja skal með skipi, farmgjaldi eða farmi. Ábyrgðarsali getur endurtrygt fyrir þeirri áhættu, sem hann tókst á hendur (reassurance).

2. gr.

Vátryggja má fyrir sína hönd og annara, svo og þótt hvorugt sje tiltekið (svo sem »fyrir hönd þess, sem í hlut á« eða því um líkt).

Nú tekur maður vátryggingu fyrir hönd annars manns án umboðs hans, og skal vátryggingartaki þá geta þess berum orðum, að hann hafi ekki umboð til. Nú vanrækir hann þetta, og er vátryggingin þá ógild, jafnvel þótt sá, sem vátryggja átti fyrir (vátrygður), samþykki hana síðar, en ábyrgðarsali á heimting á iðgjaldinu engu að síður.

3. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að fá vátryggingartaka skriflega viðurkenningu fyrir vátryggingunni (vátryggingarskirteini), ef hann æskir þess.

4. gr.

Sannvirði hvers hlutar er það verðmæti hans, sem vátryggja má (vátryggingarverð).

5. gr.

Nú vátryggir maður í sviksamlegum tilgangi einhvern hlut til meiri skaðabóta en vátryggingarverð hans nemur og er sá vátryggingarsamningur þá ógildur, eða þeir samningar allir, ef fleiri en einn sjerstakur samningur var gerður um vátrygginguna.

6. gr.

Ef maður vátryggir einhvern hlut fram yfir vátryggingarverð, en eftir bestu vitund, þá er sú vátrygging lögmæt, en þó ekki fram úr vátryggingarverðinu.

Nú vátryggir maður hjá fleirum en einum sömu hluti gegn sama háska, og eru allar vátryggingarnar teknar sama dag, þá ábyrgist hver ábyrgðarsali svo mikinn hluta af vátryggingarverði hinna vátrygðu hluta, sem vátryggingarfjárhæð hans er mikill hluti af öllum hinum teknu vátryggingarfjárhæðum samantöldum. Nú voru vátryggingarnar ekki teknar sama dag, og heldur þá hin yngri vátrygging gildi sínu að eins að svo miklum hluta, sem vátryggingarverð hinna vátrygðu hluta er meira en hin eldri vátrygging nam. Þó heldur hin yngri vátrygging fullu gildi sínu:

1. Þegar þau rjettindi, sem hin eldri vátrygging veitir, eru framseld ábyrgðarsala jafnframt því að yngri vátryggingarsamningurinn er gerður.

2. Þegar svo er tiltekið við hinn nýja samning, að tilkall verði að eins gert eftir honum að svo miklu leyti sem vátrygður fær ekki skaða sinn bættan eftir hinum eldra vátryggingarsamningi, annaðhvort af því að hann var ógildur eða ábyrgðarsali er ekki borgunarfær.

3. Þegar eldri vátryggingin var tekin fyrir hönd vátrygðs án skipunar hans, en hann tók sjálfur eða ljet taka yngri vátrygginguna, án þess að hann vissi þá af hinni eldri eða hann hefir afsalað sjer henni.

7. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru eða öllu af því að tryggingarhagsmunir voru engir eða minni en ætlað var, eða sakir oftryggingar eða tvítryggingar, og getur ábyrgðarsali þá krafist iðgjalds engu að síður, nema honum væri kunnugt, þá er hann tókst á hendur vátrygginguna, um þau atvik, sem ónýttu hana. Þó á vátrygður kröfu til endurgreiðslu iðgjalds, samkvæmt 37. gr.

8. gr.

Ef vátryggingarfjárhæðin er minni en vátryggingarverðið, greiðir ábyrgðarsali að eins svo mikinn hluta af skaðanum, sem vátryggingarfjárhæðin er mikill hluti af vátryggingarverði þess, sem vátrygt var.

9. gr.

Nú hafa aðilar samið um ákveðið verð á vátrygðum hlut (verðsett vátryggingarskirteini), og skal þá það verðmat haldast; þó á ábyrgðarsali rjett á að það verð sje lækkað, ef það sannast, að það sje hærra en sanngjarnt var að telja það, þegar metið var verðmætið.

10. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali greitt fyrir tjón, sem vátrygður á rjett á skaðabótum fyrir af þriðja manni, og eignast þá ábyrgðarsali þann rjett vátrygðs.

Nú vátryggir maður skuldakröfu sína, sem trygð er með einhverjum hlut, sem er í áhættu á sjó, og sá hlutur skemmist eða glatast, þá fær ábyrgðarsali rjett hans á hendur skuldunaut að hlut í kröfunni jöfnum því fje, sem hann greiddi í skaðabætur.

Vátrygður á rjett á að heimta skaða sinn bættan af ábyrgðarsala, þótt hann hafi ekki fyrst sótt rjett sinn á hendur þeim, sem skyldur var til að greiða skaðabætur, nje á hendur skuldunaut, sbr. þó 21. gr.

11. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali orðið gjaldþrota eða komið hefir fram við fjárnám, að hann átti ekki fyrir skuldum eða hann hefir stöðvað greiðslur sínar, og er vátrygðum þá heimilt að rifta vátryggingarsamningnum og fá iðgjald sitt endurgreitt, nema ábyrgðarsali setji trygging, ef krafist er, fyrir því, að samningnum verði að öllu fullnægt. Nú ber þetta að eftir að hinum vátrygða hlut hefir verið stofnað í háska, þá hefir ábyrgðarsali rjett til að halda eftir af iðgjaldinu að tiltölu við þá áhættu, sem um er liðin.

ANNAR KAFLI.

Um skyldur vátrygðs.

12. gr.

Nú er samningur gerður um vátrygging, og er þá vátrygðum skylt að skýra nákvæmlega og rjett frá öllum atvikum, sem honum eru kunn og máli geta skift, þá er meta skal þá áhættu, sem ábyrgðarsali tekst á hendur, og þau skilyrði sem ábyrgðartakan er háð; skyldu vátrygðs um þetta skal einnig sá gæta, sem vátrygging tekur fyrir hans hönd, svo og hver annar milligöngumaður, sem aðstoðar við samningsgerðina.

13. gr.

Nú er vanrækt að segja til þess, sem 12. gr. segir fyrir um, og ábyrgðarsala var ókunnugt um þau atvik, sem látið var ógetið við samningsgerðina, og ekki var sanngjarnt að ætlast til, að honum væru þau kunn, og er honum þá ekki skylt að halda samninginn, en iðgjaldið á hann engu að síður, sbr. þó 37. gr.

Nú hefir vátrygður, eða sá, er skyldur var til að skýra frá atvikum, fengið svo seint vitneskju um eitthvað það, er segja skyldi til um, að hann hefði orðið að gera öldungis óvanalegar ráðstafanir til að geta gert ábyrgðarsala það kunnugt áður samningurinn var fullgerður, og skal þá þessi vanræksla hans ekki ógilda samninginn. Nú var vátrygging tekin án skipunar og vitundar vátrygðs, og er hún þá ekki ógild þótt ábyrgðarsala sje ekki sagt til atvika, sem að vísu voru kunn vátrygðum, en ekki þeim, er um vátrygging samdi.

14. gr.

Nú var sagt rangt til um eitthvað það, sem ræðir um í 12. gr., og er þá samningurinn ógildur og fyrirgert iðgjaldinu, sbr. þó 37. gr., þó sagt hafi verið til eftir bestu vitund, nema ábyrgðarsali hafi vitað um það, sem rangt var til sagt, þegar samningurinn var gerður.

15. gr.

Nú var vanrækt að segja til, eða sagt rangt til, um atvik, sem snerta að eins nokkurn hluta hinna vátrygðu fjármuna, og helst þá samningurinn að þeim hluta, sem þau atvik snerta ekki, nema ef telja má víst, að ábyrgðarsali mundi ekki hafa tekist á hendur vátrygging á þeim hluta einum, með sömu skilyrðum, sem hann tókst vátrygginguna á hendur á öllum fjármununum, ef honum hefðu þá verið kunn öll atvik.

16. gr.

Þegar vátrygður veit, að tjón, sem ábyrgðarsali á að bæta, hefir orðið á hinum vátrygða hlut, skal hann skýra honum frá tjóninu og beiðast fyrirskipana hans um þær ráðstafanir, sem gera skal til bjargar og verndar hinum trygðu hlutum og hefta meira tjón; en þangað til hann fær slíkar fyrirskipanir frá ábyrgðarsala, er hann sjálfur skyldur að aðhafast í þessu það, sem

þörf krefur. Nú vanrækir vátrygður þessa skyldu sína, þá ábyrgist hann það tjón, er af hlýst.

17. gr.

Nú er ábyrgðarsala skylt að bæta skaða, sem vátrygður á rjett á, að annar maður bæti honum, og skal vátrygður þá um þann rjett gera þær ráðstafanir, sem þörf er á eftir atvikum, þangað til ábyrgðarsali getur sjálfur sjeð þar fyrir hagsmunum sínum. Nú vanrækir vátrygður þetta, og ábyrgist hann þá það tjón, sem álíta má, að ábyrgðarsali bíði við vanrækslu hans.

18. gr.

Vátrygður er skyldur að greiða iðgjaldið gegn afhendingu vátryggingingarskírteinis, jafnskjótt sem samningurinn er fullgerður, nema annað sje til skilið.

ÞRIÐJI KAFLI.

Um skyldur ábyrgðarsala.

19. gr.

Ábyrgðarsali ábyrgist afleiðingar af hverjum þeim háska, sem hinum trygðu munum er stofnað í á vátryggingartímanum og vátrygður er ekki valdur að sjálfur, nema einhver háski hafi verið sjerstaklega undanskilinn. Ekki leysir það ábyrgðarsala undan ábyrgð, þótt skipstjóri sje valdur að tjóninu eða skipverjar.

20. gr.

Í þessum tilfellum ábyrgist ábyrgðarsali ekki skaðann:

1. Þegar um er að ræða vátrygging á skipi og farmgjaldi fyrir hönd útgerðarmanns, og tjónið hlýst af því að skipið var ekki sjófært þá er það ljet út í ferðina, eða það var ekki nægilega vel búið eða mannað, eða hafði ekki nægileg skipsskjöl, eða það var óhæfilega hlaðið, eða skaðinn verður af því að gengið er að hinum trygðu hlutum til fullnægingar tjóni, sem yfirsjónir eða hirðuleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra baka öðrum mönnum, þó koma þar ekki til greina bætur fyrir tjón, sem leiðir af árekstri.

2. Þegar um er að ræða vátrygging á skipi og skaði á skipi eða skipsbúnaði stafar einungis af sliti, elli, fúa eða maðkátu, eða af því, að það, sem skemdist, var ekki í viðunandi lagi, þegar skipið fór á stað.

3. Þegar um er að ræða vátrygging á farmi, farmgjaldi eða verslunarhagnaði á farmi og skaðanum valda gallar á umbúðum vörunnar, eða sá eiginlegleiki hennar sjálfrar, sem 147. gr. siglingalaganna 22. nóvbr. 1913 getur um; þó bætir ábyrgðarsali skaða þann, sem síðast var nefndur, ef ferðin hefir dregist óvanalega lengi vegna óhappa, sem ábyrgðarsali ábyrgist, nema ætla megi, að skaðinn hafi ekki verið drættinum að kenna.

4. Þegar um er að ræða vátrygging á farmi eða verslunarhagnaði

á farmi eða fyrirframgreiðslu á farmgjaldi, sem ekki skal endurgreiða þó óhapp beri að, og tjón á þessu, sem nú var talið, er farmsendara eða viðtakanda að kenna sem slíkum.

21. gr.

Þá er fullnaðarreikningur sameiginlegs sjótjóns hefir verið gerður á lögmætum stað og eftir þess lands lögum, er ábyrgðarsali skyldur að greiða eftir niðurjöfnuninni, bæði sjótjónsframlag það, sem kemur á hinn vátrygða hlut, og þau framlög til skaðabóta, sem aðrir hluttakendur í sjótjóninu eru skyldir til að greiða fyrir skemdir á hinum vátrygða hlut, en sannanlegt er, að ekki hefir verið náð hjá þeim, sem skaðabótaskyldir voru. Ábyrgðarsali er jafnskyldur til þessa fyrir því, þótt hinn vátrygði hlutur í niðurjöfninni sje metinn fram yfir vátryggingarverð.

Nú hefir sjótjóni ekki verið jafnað niður, og það er ekki vátrygðum að kenna, og getur hann þá krafist bóta fyrir alt tjónið, svo sem vátryggingarsamningurinn tiltekur.

22. gr.

Nú hefir fullnaðarreikningur sjótjóns verið gerður á lögmætum stað og af þeim, sem opinbert umboð hafði til þess starfa, og getur þá ábyrgðarsali ekki borið það fyrir sig við vátrygðan, að öðrum manni hafi verið vilnað í við sjótjónsreikninginn vátrygðum til tjóns og gagnstætt lögum á þeim stað, þar sem sjótjóninu var jafnað niður, nema vátrygður hafi sjálfur verið sök í því, að ekki var nægilega sjeð fyrir hagsmunum hans. Þó er vátrygður skyldur til að framselja ábyrgðarsala kröfu sína á hendur þeim, sem þannig var í vilnað.

23. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að bæta það, sem lagt var í sölurnar eftir bestu vitund til að forðast háska, sem hann ábyrgðist, og kostnað þann, sem af því hlaust, svo og það sem varið var til bjargar og verndar vátrygðum hlutum og til að forða meira tjóni, eftir að slys bar að, og er honum skylt að bæta þetta þótt það verði ekki talið til sameiginlegs sjótjóns, svo og kostnað við að ákveða eigin ábyrgð ábyrgðarsala, þegar svo ber undir sem hjer var sagt.

24. gr.

Nú ber fleiri en eitt sjótjón að á þeim tíma, sem vátrygging ábyrgðarsala tekur yfir, og bætir hann skaðann, þótt bæturnar allar samantaldar verði meiri en vátryggingarfjárhæðin var. Ennfremur skal bæta fullum bótum þann kostnað, sem 23. gr. ræðir um, þótt hann fari fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

25. gr.

Ef breytt er ferð þeirri, sem tilgreind var, þegar vátryggingarsamningurinn var gerður, og sú breyting verður áður en ábyrgðarsali á neitt á hættu, þá er ábyrgðarsali úr allri ábyrgð, ef um er að ræða vátryggingu á skipi og farmgjaldi fyrir hönd útgerðarmanns. Ef um er að ræða vátryggingu á öðrum

hlutum eða um vátryggingu á skipi eða farmgjaldi fyrir hönd annara manna, þá heldur vátryggingin gildi sínu, ef ferðinni var breytt án samþykkis vátrygðs.

Nú er vátrygðu gósi stofnað í hættu áður en áhætta ábyrgðarsala hefst, og á öðru skipi en tilgreint var við vátryggingartökuna, og er ábyrgðarsali þá laus allra mála.

26. gr.

Nú er breytt til um ferð, eða sú áhætta, sem tekin var vátrygging fyrir, eykst eða breytist á annan hátt eftir að áhætta ábyrgðarsala hófst, og er hann þá úr ábyrgð á hverju því tjóni, sem ber að eftir að breytt var til um ferðina, nema breytingin hafi verið gerð án samþykkis vátrygðs eða í nauðsyn, til þess að forðast háska, sem ábyrgðarsali ábyrgist, eða til að bjarga lífi manna.

FJÓRÐI KAFLI.

Um skaða og greiðslu skaðabóta.

27. gr.

Vátrygður á rjett á bótum fyrir algert tjón:

1. Þegar vátrygt er skip eða gós og annað tveggja ferst með öllu, eða er gert upptækt eða skemmist svo mjög, að það má telja ónýtt til þess, sem það var ætlað.
2. Þegar vátrygt er farmgjald og þess missir með öllu.
3. Þegar verslunarafurður er vátrygður eða umboðslaun, og varan kemst ekki þangað, sem hún átti að fara.
4. Þegar vátrygðar eru sjótjónsbætur eða sjólánsfje, og veðið, sem fyrir var, ferst með öllu eða ekkert fæst af því til lúkningar bótunum eða fjenu.

28. gr.

Þá er algert tjón verður, skal ábyrgðarsali greiða að fullu vátryggingarfjárhæðina; þó skal dregið frá henni það, sem sparast af kostnaði þeim, sem vátryggingin nær til; svo á ábyrgðarsali og rjett á að taka til sín alt það, sem bjargað kann að verða. Nú voru munirnir aðeins vátrygðir að nokkrum hluta verðmætis þeirra, og skal þá það, sem dregið er frá vátryggingarfjárhæðinni, talið eftir rjettri tiltölu milli vátryggingarfjárhæðarinnar og als vátryggingarverðsins, og fær ábyrgðarsali eftir sama mæli hlut í því, sem bjargað var.

Nú skemmist vátrygt skip og það er dæmt óbætandi með lögmætri skoðunargjörð, og á vátrygður þá rjett á að fá bætur, sem algert tjón væri, enda selur hann skipið af hendi til ábyrgðarsala.

29. gr.

Nú hefir ekki spurst til skips svo lengi, að seglskip fer að jafnaði þrisvar sinnum á þeim tíma frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til skipsins, til ákvörðunarstaðar þess, þó ekki skemri tíma en 3 mánuði, og ber þá að telja skipið týnt, og á þá vátrygður rjett á að krefjast bóta fyrir algert tjón,

enda afsalar hann sjer í hendur ábyrgðarsala rjetti sínum á hinum vátrygða hlut.

30. gr.

Ef lagt er farbann (embargo) á skip eða gós, eða því er haldið á annan hátt eftir ráðstöfun yfirvalda, eða sjóræningjar taka það, eða skipverjar skilja við vátrygt skip, þá getur vátrygður, gegn því að láta af hendi við ábyrgðarsala rjett sinn á hinum vátrygðu hlutum, krafist bóta, sem fyrir algert tjón, ef skipið eða gósið hefir ekki verið látið laust, eða hann hefir ekki fengið umráð yfir þeim:

Áður 6 mánuðir eru liðnir, ef þessi atburður gerðist í Norðurálfuhöfum eða á þeim hluta Miðjarðarhafs, Svartahafs eða Asóvshafs, sem telst til Norðurálfu,

áður 9 mánuðir eru liðnir, ef atburðurinn varð í öðrum höfum hjernamegin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða í Suður-Ameríku, og

áður 12 mánuðir eru liðnir, ef það varð í þeim höfum, sem eru hinumegin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða.

Telja skal tímann frá þeim degi, er vátrygður sagði ábyrgðarsala til tjónsins.

31. gr.

Nú vill vátrygður láta hinn vátrygða hlut af hendi og svo er háttað sem segir í síðari málsgrein 28. gr., og skal hann þá skýra ábyrgðarsala frá fyrirætlan sinni áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því er hann vissi úrslit skoðunargjörðarinnar, en ef svo er háttað, sem 29. og 30. gr. ræða um, skal hann hafa skýrt frá fyrirætlun sinni áður en 9 mánuðir eru liðnir frá því frestur sá er á enda, sem þær greinar tiltaka, eftir hinum sjerstöku atvikum í hvert sinn.

32. gr.

Nú er frestur sá á enda, sem segir í 31. gr., og vátrygður hefir ekki neytt rjettar síns til að láta hinn vátrygða hlut af hendi, og týnir hann þá þeim rjetti, þegar svo er háttað sem segir í síðari málsgrein 28. gr. og 30. gr.

Þá er svo liggja atvik til, sem segir í 29. gr., getur vátrygður krafist bóta sem fyrir algert tjón, jafnvel eftir að afsalsfresturinn er liðinn, en komi hinn vátrygði hlutur síðar fram, skal hann endurgreiða vátryggingarfjeð, ef ábyrgðarsali krefst þess, með $^1/_2$ af hundraði í mánaðarvöxtu, en afsala skal ábyrgðarsali sjer þá hinum vátrygða hlut og bæta þann skaða, sem orðið kann að hafa á honum og ábyrgðin náði til.

33. gr.

Afsal á trygðum munum skal vera skilyrðislaust og óriftandi, og ná til allra hinna vátrygðu fjármuna eða þess hluta þeirra, sem hafður var í hættu á þeim tíma, er slysið bar að.

Ef fjármunir eru aðeins trygðir að nokkrum hluta af verðmæti þeirra, er vátrygður að eins skyldur að láta af hendi svo mikinn hluta þeirra, sem vátryggingarfjárhæðin er að tiltölu við vátryggingarverðið.

34. gr.

Þá er ábyrgðarsali greiðir bætur, getur hann krafist þess, að vátrygður afsali honum skriflega öllum þeim rjettindum, sem hann á að fá ábyrgðarsala í hendur, svo og afhendi honum öll þau skjöl, sem fylgja eiga hinum afsalaða hlut og eru í vörslum vátrygðs.

35. gr.

Hver sú krafa, sem styðst við vátryggingarsamning, týnir gildi sínu, ef henni er ekki fylgt með lögsókn áður 4 ár eru liðin frá því, er hún varð til.

FIMTI KAFLI.

Um endurgreiðslu iðgjalds (ristorno).

36. gr.

Ef vátrygðum hlut er ekki stofnað í neina þá hættu, sem ábyrgðarsali skyldi tryggja, getur vátrygður krafist, að vátryggingin falli niður og iðgjaldið sje endurgreitt; þó á ábyrgðarsali rjett á þóknun og skal hún vera 1/4 af hundraði af vátryggingarfjárhæðinni, ef ekki var annað tilskilið, en helmingur hins umsamda iðgjalds, ef það var minna en 1/2 af hundraði.

37. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru leyti eða öllu, vegna þess að tryggngarhagsmunir voru engir eða minni en ætlað var, eða vegna oftryggingar eða tvítryggingar, eða vegna þess að rangt var sagt til eða ekki nægilega, eða af öðrum slíkum sökum, en vátryggingartaki fór eftir bestu vitund sinni um þau atvik, sem urðu til ónýtingar vátryggingunni, og eins var ástatt með vátrygðan, er hann veitti umboðið til vátryggingarinnar, ef um vátrygging fyrir hönd annars manns er að tefla, og má þá krefjast endurgreiðslu á iðgjaldinu að því frádregnu, sem áður var talið; þó skal þessa krafist áður en hinum trygðu munum er stofnað í hættu.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Ed. **234. Frumvarp**

til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913 um skip, árekstur og björgun.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. siglingalaganna 22. nóv. 1913 orðist svo:

Þau skip teljast íslensk, sem heimili eiga á Íslandi og að tveim þriðju hlutum minst eru eign manna, sem heimilisfastir eru á Íslandi eða í Danmörku eða þar innbornir, án þess að vera ríkisborgarar annarsstaðar. Nú er skip hlutafjelagseign, og skal þá meiri hluti stjórnarnefndarmanna vera búsettur á Íslandi og heimilisfang fjelagsins þar, enda fullnægi hver stjórnarnefndarmaður framangreindum skilyrðum um heimilisfestu eða rjett innborinna manna; þó má ráðherra Íslands veita hlutafjelögum undanþágu frá síðastnefndum ákvæðum, þegar að minsta kosti $^2/_3$ hlutar stjórnarnefndarmanna fullnægja skilyrðunum um heimilisfestu.

2. gr.

225. gr. sömu laga orðist svo:

Ef tjón verður á skipi, gósi eða mönnum, af því að skip rákust á, og sökin liggur öll annars vegar, þá bætir hinn seki skaða þann allan, er af hlaust. Nú hefir mannsbani hlotist af árekstrinum, og má þá, ef þess er krafist, dæma hinn seka, þótt eigi verði álitið að hann hafi unnið til hegningar, til að gjalda manni eða konu hins dána eða börnum hans bætur fyrir missi þess, sem átti að standa straum af þeim, og skal ákveða í bæturnar tiltekna upphæð eitt skifti fyrir öll. Hvorki þessar bætur nje bætur fyrir líkamstjón mega fara fram úr 4200 krónum.

Nú er sökin beggja megin, og skulu þá hinir seku bæta skaðann að rjettri tiltölu við sök hvers þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins, að ekki verður bygð á þeim skifting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum, þá bæta hinir seku tjónið að jöfnum hlutum.

Hver hinna seku ábyrgist einungis sinn hluta skaðabótanna, nema manns bani hafi hlotist af árekstrinum eða tjón á líkama eða heilbrigði. Þá má sá, er skaðabótarjettinn á, krefja hvern hinna seku um allar skaðabæturnar. Ef einhver hinna seku hefir af þessum ástæðum orðið að greiða meiri bætur heldur en í hans hlut áttu að koma að rjettri tiltölu, þá á hann endurgjaldsrjett á hendur hinum á þeirri upphæð, sem hann varð að greiða umfram sinn hlut.

Þá er meta skal sök, skal dómari einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

3. gr.

228. gr. sömu laga orðist svo:

Nú rekast skip á, og er þá hvorumtveggja skipstjóra skylt, að svo miklu leyti sem það má verða, án þess að stofna í verulega hættu skipi sínu, skipshöfn þess eða farþegum, að veita hinu skipinu, skipshöfn þess og farþegum alla þá hjálp, sem veita má og þeim er nauðsyn á til bjargar sjer úr háska þeim, sem árekstrinn stofnaði þeim í. Skylt er og þeim skipstjóra, að segja hinum skipstjóranum til nafns á skipi sínu og til heimkynnis þess, úr hverjum stað eða höfn það kom og hvert því er ætlað að fara.

4. gr.

Á eftir 228. gr. sömu laga komi ný grein, 228 gr. a), svohljóðandi:

Það, sem fyrir er mælt í þessum kapítula um árekstur skipa,

kemur einnig til greina, þá er skip veldur tjóni á öðru skipi, eða á mönnum eða gósi, sem á því er, með siglingu sinni eða á annan hátt, þó ekki hafi skipin rekist á.

5. gr.

Fyrirsögn 10. kapítula sömu laga orðist svo: Um björgun.

6. gr.

229. gr. sömu laga orðist svo:

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefir eða er statt í neyð, eða gósi sem á því er, eða nokkru af því skipi eða gósi því, sem á því var, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rjett á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Sá, sem bjargar mönnum af skipinu, meðan það var statt í neyð þeirri, sem var tilefni til björgunarinnar, eða veitir að björgun mannanna, á rjett á hluta úr björgunarlaununum.

Nú tekur einhver þátt í björguninni gegn beru og rjettmætu banni þess, sem hefir stjórn skipsins á hendi, og á hann þá engan rjett á björgunarlaunum.

Krefja má björgunarlauna jafnt, þó það skip, sem bjargaði, sje eign sama manns sem hitt, sem bjargað var.

Nú hefir maður tekist á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita því aðstoð á annan líkan hátt, og skipinu hlekkist síðan á, og á sá maður þá að eins rjett á björgunarlaunum að því leyti, sem talið verður, að aðstoð sú, sem hann veitir, hafi farið fram úr því, sem honum bar skylda til samkvæmt því, er honum bar af hendi að inna.

Nú verða málsaðiljar ekki á eitt sáttir um, hve mikil björgunarlaunin skuli vera, og sker þá dómur úr.

Lög um skipströnd mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umboðsmaður hans.

7. gr.

230. gr. sömu laga orðist svo:

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt:

1. Fyrst og fremst:
   a, Að hve miklu leyti björgunin tókst;
   b, Verklagni þeirrar og atorku, sem björgunarmenn unnu með að björguninni, og tíma þess og fyrirhafnar, sem til hennar var varið;
   c, Hættu þeirrar, sem skipið sem bjargað var, var statt í, skipshöfn þess, farþegar eða gós;
   d, Hættu þeirrar, sem björgunarmönnum og eign þeirra var stofnað í;
   e, Áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt;
   f, Skaða þess, sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar, sem þeir hafa haft, og verðmætis björgunartækja þeirra, sem notuð voru;
   g, Þess, hvort skipið, sem bjargaði, var sjerstaklega útbúið til björgunar.

2. Þar næst:

Verðmætis þess, sem bjargað var.

Nú kemur það í ljós, að björgunarmaður var sjálfur sök í neyð þeirri, sem var tilefni björgunarinnar, eða hefir orðið sekur um þjófnað, hilming eða aðra sviksamlega meðferð á munum þeim, sem bjargað var, og má dómurinn þá færa niður björgunarlaun þess manns eða svifta hann björgunarlaunum með öllu.

8. gr.

231. gr. sömu laga orðist svo:

Ekki má gera björgunarlaun hærri en verðmæti þess, sem bjargað var, að meðtöldu flutningsgjaldi fyrir farm og farþega, en að frádregnum tolli og öðrum opinberum gjöldum svo og kostnaði við geymslu, virðingargjörð og sölu.

Í björgunarlaununum felst og þóknun fyrir að flytja gósið, sem bjargað var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru til þess.

9. gr.

232. gr. sömu laga orðist svo:

Ef björgunarsamningur hefir verið gerður meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar, þá má hver aðilja, sem er, krefjast þess, að dómur ónýti samninginn eða breyti honum, ef telja verður, að skilmálar hans sjeu ósanngjarnir.

Rjett er og dómi að ónýta björgunarsamning eða breyta honum ávalt þá er telja verður, að umsamin björgunarlaun sjeu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá sem veitt var, ef sá aðilja, sem á var hallað, krefst þess.

Ákvæðið í síðustu málsgrein 230. gr. kemur einnig til greina, þá er samningur hefir verið gjörður um björgun.

Máli til ónýtingar björgunarsamnings eða breytingar á honum, skal vera stefnt til dóms áður en þrír mánuðir sjeu liðnir frá því, er samningurinn var gjörður.

10. gr.

1. málsgrein 233. gr. sömu laga orðist svo:

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skifti björgunarlauna, þá skal skift með dómi og gætt þeirra atvika, sem 230. gr. greinir.

11. gr.

Í 4. tölulið 236. gr. sömu laga breytist punkturinn á eftir orðunum »greiðslu á« í kommu, og komi ný setning svohljóðandi: og loks endurgjaldskrafa sú, sem um er rætt í 3. málsgrein 225. greinar.

12. gr.

251. gr. sömu laga orðist svo:

Kröfur, sem kröfuhafi getur eftir þessum lögum, eigi leitað sjer fullnægingar fyrir í öðrum munum en þeim, sem hann á sjóveðrjett í, missast

hver um sig, ef þeim er ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, sem hjer segir:

1. Kröfur um framlag til sameiginlegs sjótjóns og til kostnaðar, sem jafna skal niður á líkan hátt (sbr. síðari málsgrein 166. gr. og 2. málsgrein 223. gr.) áður ár sje liðið frá dagsetningu úrslitagjörðar sjótjónsins.
2. Kröfur til skaðabóta fyrir glataðan eða skemdan farm áður ár sje liðið frá því, er affermt var.
3. Kröfur til allra annara skaðabóta áður tvö ár sjeu liðin frá því, er tjónið bar að.
4. Kröfur um björgunarlaun áður tvö ár sjeu liðin frá því, er björgunarstarfinu var lokið.
5. Endurgjaldskrafan samkvæmt 3. málsgrein 225. gr. áður ár sje liðið frá því, er greitt var þeim, sem tjónið beið.
6. Allar aðrar sjóveðrjettarkröfur áður ár sje liðið frá því, er þær komu í gjalddaga.

Nú á kröfuhafi auk þess rjett á að ganga að útgerðarmanni, farmeiganda eða öðrum sem sjálfskuldarmönnum fyrir kröfu sinni um skaðabætur fyrir tjón af árekstri eða, fyrir einhverjum þeim kröfum, sem taldar eru í 4. og 5. tölulið hjer að framan, og taka þá fyrningarákvæði þau, sem þar eru nefnd, einnig til þess rjettar kröfuhafa. Um aðrar framangreindar kröfur, sem kröfuhafi á rjett á að ganga jafnframt að einhverjum fyrir, sem skuldunaut, fer eftir hinum almennu fyrningarákvæðum laga.

Ávalt, þá er málið til fullnægingar kröfunni er höfðað fyrir íslenskum dómi, skal farið eftir fyrningarlögum þeim, sem gilda hjer á landi, um það, hverjar athafnir rifta fyrningunni.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

14. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.—12. gr. þeirra í meginmál siglingalaga 22. nóv. 1913, og getur konungur gefið þau lög út þannig breytt sem siglingalög Íslands.

Ed. **235. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina, til þess að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs skipaveðlán h/f »Eimskipafjelag Íslands«.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Landsstjórninni veitist heimild til þess, að ábyrgjast greiðslu á 1/4 hluta veðláns, að upphæð 600,000 krónur, sem h/f Eimskipafjelag Íslands tekur í er-

lendum banka, til þess að kosta smíði á tveim millilandaskipum, sem fjelagið hefir nú samið um smíði á. Lánið endurborgist á 12 árum, með jöfnum árlegum afborgunum og sje trygt með 1. veðrjetti í umræddum tveim millilandaskipum.

Ed. **236. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um friðun fugla og eggja nr. 59, 10. nóv. 1913.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ernir skulu taldir í 2. gr. laga um friðun fugla og eggja 10. nóv. 1913.

2. gr.

Stafliður e. í 3. gr. sömu laga er numinn úr lögum.

Ed. **237. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907 (þingskj. 218).

Frá nefndinni.

Á eftir orðinu »Hafnarfjarðar« bætist við:
milli lögsagnarumdæmanna.

Nd. **238. Þingsályktun**

um lögskipaða skoðun á útfluttri ull.

(Samþykt í Nd. 25. júlí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina, að taka til athugunar málið um lögskipaða skoðun á útfluttri ull, og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um þetta efni.

Nd. **239. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl., þingskj. 35 (Hnappdælahjerað).

Auk ofangreinds frumvarps, sem hin háttv. N.deild Alþingis kaus oss undirritaða til þess að íhuga, hefur og verið vísað til umsagnar vorrar öðru frumvarpi til laga um breytingar á sömu lögum — þingskjali 84, er miðar til þess, að nema úr gildi ákvæðið um hina tvo lögskipuðu aðstoðarlækna, sinn á hvorum staðnum, Akureyri og Ísafirði, sem og frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 60, 30. júlí 1909 — þingskjal 70 — sem stefnir að því, að skifta hinu núverandi Ísafjarðarlæknishjeraði sundur í tvent og stofna þar með nýtt læknishjerað í Bolungarvík, svo nefnt Hólshjerað. Og þar sem öll þessi frumvörp eru þannig hvert öðru náskyld að efninu til, þá leyfum vjer oss hjer með að láta uppi í einu lagi álit vort um þau. Að því er snertir frumvarpið á þingskjali 84, er stefnir að því, að fella úr gildi ákvæðið um tvo lögskipaða aðstoðarlækna á Akureyri og Ísafirði, þá var nefndin á einu máli um það, að hepta bæri framgang þess að þessu sinni. Þessa skoðun sína byggir nefndin á aðra hlið á því, að á báðum hinum umræddu stöðum, Akureyri og Ísafirði, er allmikill mannfjöldi saman kominn, og fer jafnt og þjett vaxandi, svo að telja má þannig líklegt, að einum lækni, á hvorum staðnum fyrir sig, mundi í framtíðinni verða það því sem næst ókleift að veita þá læknishjálp, sem með þyrfti, eða viðunandi geti talist. Og það því fremur, sem í umræddum kaupstöðum er ekki, enn sem komið er, um neina praktiserandi lækna að ræða. Og á hina hliðina virtist nefndinni, að þar sem »sjúkrahús« er í báðum þessum umræddu kaupstöðum, þá bæri nauðsyn til, að jafnan væri þar einhver læknir til staðar, hvað sem í kynni að skerast. En með því að hafa aðeins einn lækni á hvorum staðnum fyrir sig, þá liggur það beint í augum uppi, að ferðir hans til sjúklings í hjeruðunum í grend við kaupstaðina kynnu að geta komið óþægilega niður á sjúklingum þeim, sem lægju á sjúkrahúsinu, eins og líka á hinn bóginn skylda þessa eina manns gagnvart sjúkrahúss-sjúklingunum gæti orðið þess valdandi, að honum væri ekki unt að veita öðrum íbúum hjeraðsins nauðsynlega læknishjálp. Af þessum ástæðum ræður nefndin hinni háttv. deild til þess, að fella umgetið frumvarp.

Að því er áhrærir frumvörpin á þingskjali 35 og þingskjali 70, þá hefir nefndin ekki getað orðið samferða. Einn nefndarmaður, háttv. 2. þm. Eyfirð., leggur til, að þau frumvörp bæði verði sömuleiðis látin detta úr sögunni og mun hann við umræðurnar gera grein fyrir þeirri tillögu sinni. Aftur á móti eru hinir nefndarmennirnir fjórir þeirrar skoðunar, að bæði þau frumvörp eigi, að efni til, að fá framgang. Að eins þykir þessum meiri hluta nefndarinnar betur á því fara, að efni beggja þessara frumvarpa sje dregið saman í eitt, og leyfir sjer því að taka aðal-innihaldið úr frumvarpinu á þingskjali 70 upp sem breytingartillögu við frumvarpið, á þingskjali 35, um leið og hann gengur þá út frá því sem sjálfsögðu, að hið upphaflega frumvarp á þingskjali 70, verði tekið aftur. Að vísu verður því ekki neitað, að á hvorum þessara staða fyrir sig, sem hjer er farið fram á að ný læknishjeruð verði sett á stofn, sjeu all frábrugðnar kringumstæður fyrir hendi. En þótt kringumstæðurnar

sjeu talsvert ólíkar, þá má segja að þörfin fyrir þessa viðbótarlækna kalli nokkurnveginn jafnt eftir á báðum stöðum.

Á svæði því, sem hinu væntanlega Hnappdælahjeraði er ætlað að ná yfir, er, eins og bæði nú og áður hefir verið upplýst hjer í deildinni og landabrjef sýnir, um afar mikla örðugleika og vegalengdir að ræða fyrir marga hjeraðsbúa, þegar leita þarf læknishjálpar, eins og nú til hagar, þar sem hana er hvergi að fá nema í Borgarnesi, Stykkishólmi eða Ólafsvík. Og þar sem því hefir hvað eftir annað verið haldið fram, og að því er virðist með allmiklum rökum — að aðsetur hinna umræddu þriggja lækna — Borgarness- Stykkishólms- eða Ólafsvíkurlæknis — sje ekki, vegna kringumstæðanna, unt að flytja til hægðarauka fyrir þá, sem miðsvæðis búa, þá er það bert, að úr örðugleikum þeim, sem þeir eiga við að etja í þessum efnum verður ekki bætt, nema með því eina móti, að hjer verði nýtt og sjerstakt læknishjerað sett á stofn, enda hefir sú nauðsyn sem á þessu er, margsinnis áður verið viðurkend í háttv. neðri deild Alþingis, bæði í nefndarálitum, umræðum og jafnvel með samþykt lagafrumvarps um stofnun þess læknishjeraðs, er hjer um ræðir.

Að því er snertir stofnun nýs læknishjeraðs í Bolungarvík (Hólshjerað), þá er þar að sönnu um minna hjerað að ræða, hvað viðáttu og vegalengdir áhrærir, en á hinu fyrnefnda svæði, með því að þessu hjeraði er að eins ætlað að ná yfir einn hrepp. En hins vegar er þess að gæta að hjer er bæði um allmikinn mannfjölda að ræða saman kominn á einn stað — rúmt þúsund manns — og örðugleikarnir við að vitja læknis inn á Ísafjarðarkaupstað, jafn oft og þess, sakir mannfjöldans, hlýtur að þurfa — því sem næst eins dæmi, þar sem heita má að eftir engri annari leið verði komist, hvað sem við liggur, en sjónum, sem vitanlega oft hefir það til að banna þær ferðir jafnt sem aðrar.

Meiri hluti nefndarinnar gengur, eins og gefur að skilja, þess alls ekki dulinn, að þegar að því kæmi að sjerstakir læknar yrðu skipaðir í þessi umræddu læknishjeruð, þá hljóti útgjöld landssjóðs til heilbrigðismálanna að aukast nokkuð frá því sem nú er. En hann álítur ekki í það horfandi, þegar ræða er um jafnbersýnilega nauðsyn og hjer á sjer stað á því að geta betur borgið lífi og limum manna, auk þess sem hann telur þessa skoðun sína hafa fullkominn stuðning í margyfirlýstum vilja þjóðarinnar.

Að svo komnu hyggjum vér að ekki þurfi frekari rök tillögum vorum til stuðnings en gerum ráð fyrir að þau geti orðið, ef með þarf, bæði fleiri og ítarlegri við sjálfar umræðurnar.

Alþingi, 25. júlí 1914.

Sigurður Gunnarsson, formaður.	Eggert Pálsson, skrifari og framsögum.	Skúli Thoroddsen.
Matth. Ólafsson,	Stefán Stefánsson.	

Nd. **240. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl. á þingskj. 35.

Frá læknaskipunarnefndinni.

1. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl. og lögum nr. 60, 30. júlí 1909.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verður 3. gr. svohljóðandi:
Ísafjarðarlæknishjeraði skal skift í tvö læknishjeruð svo sem hjer segir:
1. Ísafjarðarhjerað, Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Vigur í Ögurhreppi.
2. Hólshjerað: Hólshreppur (ásamt Bolungarvíkurverslunarstað) í Norður-Ísafjarðarsýslu.

3. Þar á eftir komi ný grein svohljóðandi, er verður 4. gr.:
Lög þessi ganga þá fyrst í gildi, að því er snertir hvort hinna nýju læknishjeraða, Hnappdælahjerað og Hólshjerað, er sjerstakur læknir er í það skipaður.

Ed. **241. Nefndarálit**

um frv. til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur (þingskjal 128).

Nefndin ræður eindregið til að þetta frv. verði samþykt, með því að kunnugt er að bæjarstjórn Reykjavíkur telur þessa rjettarbót mjög nauðsynlega og nefndin er á sama máli um það.

Hins vegar virðist nefndinni sum ákvæði frumvarpsins ekki nógu skýr og ítarleg, og úr því vill hún bæta með breytingartillögum sínum, og eru þær gerðar í samráði við þá háttvirta þingmenn neðri deildar, sem mest hafa um þetta, frumvarp fjallað. Leggur nefndin því til að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Síðasta málsgreinin orðist þannig:
Nú sækja aðiljar, einn eða fleiri, eigi merkjadómþing, enda þótt löglega sje til stefnt, og skal dómur ganga um málið alt að einu, enda skipi dómurinn þá talsmann hverjum þeim, er eigi sækir dómþingið, en að öðru leyti skal málið fara eftir rjettarfarsreglum einkamála.

2. Við 7. gr. 3. málsgr. Fyrir »merkjadómur kveður og . . . á kaupi dómenda« komi:

Merkjadómur kveður og á um það, hver málsaðilja skuli greiða málskostnað, þar á meðal um kaup til dómenda. Nú þykir merkjadómi eigi ástæða til að kveða á um greiðslu kaupsins til dómenda, og greiðist það þá úr bæjarsjóði.

3. Við 11. gr. Greinin sje þannig orðuð:

Nú verða eigandaskifti að skrásettri lóð, og má þá eigi þinglýsa skjali eða skjölum þar um, nema lóðaskráritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigandaskiftanna sje getið í lóðaskrá.

Ef skrásettri lóð er skift í hluti, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiftinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiftingunni.

4. Aftan við 13. gr. bætist:

en mælikvarði uppdráttar, sbr. 2. gr., má þó vera minni.

Alþingi 25. júlí 1914.

Eiríkur Briem, form. G. Björnsson, ritari og framsögumaður.

Karl Einarsson.

Nd. 242. Viðaukatillaga

við þingsályktunartillögu á þingskj. 192.

Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson.

Aftan við þingsályktunina bætist:

að því tilskildu, að fullum 8000 krónum hvort árið, 1914 og 1915, sé engu að síður varið til Stykkishólmsvegarins innan Hnappadalssýslu.

Nd. 243. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þgskj. 210 við frv. til laga um sparisjóði (þingskj. 181).

Frá Einari Arnórssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogi.

2. liður breyt.till. á þingskj. 210 orðist svo:

21. gr.

Stjórnarráðið hefir eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra, enda skal stjórnarráðinu árlega sendur reikningur hvers sparisjóðs fyrir næsta ár á undan, eigi síðar en fyrir lok maímánaðar, og skal birta reikningana í blaði því, er flytur stjórnarvaldabirtingar.

Stjórnarráðið lætur, svo fljótt sem unt er, bankavanan mann athuga nákvæmlega allan hag, starfsemi og fyrirkomulag sparisjóða í landinu og sjá um, að þeir fullnægi svo fljótt sem kostur er á öllum skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum um starfsemi og skipulag sparisjóða. Að loknu eftirliti gefur hann stjórnarráðinn nákvæma skýrslu um hag sparisjóða. Kostnaður við eftirlit þetta greiðist úr landssjóði.

Stjórnarráðið skal auk þess setja hverjum sparisjóði sérstakan, fastan eftirlitsmann, er búsettur sje í þeirri sýslu, er sparisjóður er. Skal eftirlitsmaður þessi rannsaka nákvæmlega á hverju ári allan hag hvers þess sparisjóðs eða sparisjóða þeirra, er hann skal líta eftir, og gefa stjórnarráðinu nákvæma skýrslu um hag hans og stjórn. Þóknun til þessara eftirlitsmanna greiðist af fje sparisjóðs þess, er hlut á að máli eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar, ef ágreiningur verður um hann.

Eftirlitsmenn sparisjóða geta heimtað allar skýrslur og skilríki sparisjóða, er nauðsynlegar eru til framkvæmdar eftirlitinu. Ef stjórnendur eða aðrir, er að sparisjóð standa, tregðast við að láta skýrslur þessar og skilríki í té, getur stjórnarráðið beitt dagsektum, alt að 5 krónum, og má ákveða þær í brjefi til þeirra, er brotlegir gerast. Sektir þessar renna í landssjóð.

Stjórnarráðið setur eftirlitsmönnum sparisjóða erindisbrjef.

Nd. 244. Viðaukatillögur

við breytingartillögur á þingskj. 226 við frv. til laga um sparisjóði.

Frá Einari Arnórssyni

1. Aftan við b-lið 5. breytingartillögu (við 12. gr.) komi nýr liður, er berist upp, ef aðaltillagan (a) fellur, og verði:
   c) Fyrir orðin: »í bönkum« komi:
   í Landsbankanum.

2. Ef 7. breytingartillagan (við 16. gr.) fellur, berist upp svohljóðandi breytingartillaga við 16. gr:
   Fyrir orðin: »hjá bönkum« komi:
   hjá Landsbankanum.

Ed. **245. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frá nefndinni.

Við 1. gr.

Orðin »fátækratíund og« í fyrstu málsgrein falli burtu.

Nd. **246. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 57 frá 22. nóv. 1907 og lögum um breytingu á þeim lögum nr. 41 frá 11. júlí 1911 (þingskjal 37 og 49).

Frá minni hluta nefndarinnar.

Veganefndin hafði til athugunar 2 frv. um breytingu á vegalögunum frá 27. nóv. 1907 og 11. júlí 1911 og skal jeg fara nokkrum orðum um hvort um sig.

I. **Flutningabrautin frá Ingólfsfjalli að Ytri-Rangá** (þingskj. 37).

Með frv. þessu er ætlast til að landssjóður kosti framvegis viðhald flutningabrautarinnar yfir Árnessýslu frá Ingólfsfjalli að Ytri-Rangá í Rangárvallasýslu og viðhald brúnna á þessari leið.

Þó hjer sje ekki að ræða um stórfeld útgjöld fyrir landssjóð (hjer um bil 3—4000 kr. á ári), þá er það auðsætt, að sje í þetta sinn vikið frá stefnu vegalaganna frá 22. nóv. 1907 og 11. júlí 1911 og viðhald flutningabrautar, sem liggur eftir þjettbýlu hjeraði, lagt á landssjóð, þá muni fleira eftir fara. Að minsta kosti hlyti alt viðhald á Húnvetningabraut að lenda á landssjóði, og svo er um fleiri flutningabrautir eða hluta þeirra. Hjer er því um ekkert smámál að ræða, því ætti landssjóður yfirleitt að halda við flutningabrautunum, myndi það kosta hann um 30,000 kr. á ári hverju. Hjer er að ræða um stefnubreytingu, sem tekur ekki eingöngu til flutningabrauta, heldur og til annara vega, sem varða miklu meira en nokkru sinni flutningabrautirnar.

Á mál þetta má líta frá 2 hliðum, alment og svo sjerstaklega hvað þessa flutningabraut snertir eða brautarhluta.

Futningabrautir þær, sem ákveðnar voru með lögum 13. apr. 1894, voru að mestu sundurlausir vegakaflar og lágu flestar frá kauptúnunum eftir þjettbýlustu hjeruðum landsins. Þó lög þessi geri ráð fyrir, að sýsluvegir, sem liggja út frá brautunum, sjeu gerðir akfærir, þar sem því verður komið við, þá duldist mönnum að mestu, hve víða yrðu gerðir upphleyptir, akfærir vegir á líkan hátt og flutningabrautir, að mikill hluti þjóðvega yrði með tím-

anum akvegir, sýsluvegir mjög víða og jafnvel margir hreppavegir. — Eftir lögunum varð ástandið þannig, er fram liðu tímar, að þjettbýlustu hjeruðunum, sem mest höfðu gagn veganna og auðveldast áttu með, bæði að leggja vegi og halda þeim við, voru algjörlega gefnir aðalvegirnir, en strjálbýlli sveitirnar urðu að leggja sína vegi styrklaust eða með tiltölulega litlum landssjóðsstyrk ($^1/_3$—$^1/_2$), án þess það kæmi til nokkurra mála, að landssjóður annaðist viðhaldið. Á þennan hátt voru fátæklingarnir látnir gefa ríkustu sveitunum að mestu leyti aðalvegina, en fengu sjálfir lítið eða ekkert í aðra hönd. Þetta var í raun og veru hróplegt ranglæti, en þó tók það út yfir, að eftir alt saman áttu þeir einnig að kosta viðhald flutningabrautanna að miklu leyti, borga sinn skerf til þess. Því má heldur ekki gleyma, að hvergi er auðveldara að leggja vegi en eftir aðalsveitunum, þar sem flutningabrautirnar liggja um, hvergi meiri not þeirra, hvergi vex land í verði við vegagjörð, ef ekki þar, hvergi jafnmikið fje og mannafli við að styðjast og þar. Aftur á móti er öll vegagerð því torveldari og dýrari sem sveitirnar eru strjálbýlli. Það er því ómótmælanlegt, að landssjóði var hálfu skyldara að styðja byggingu og viðhald vega í strjálbýlu hjeruðunum en í aðalsveitunum, ef á annað borð var að ræða um nauðsynlega vegi, sem skylt væri að leggja, styðja þá, sem mest þyrftu hjálpar við. Þá hvíldi og sú sjálfsagða skylda á landssjóði, að leggja alla nauðsynlega vegi yfir heiðar og óbygð lönd, sem tengdu saman veganet hjeraðanna, og einnig að halda vegum þessum við að öllu leyti. Flutningabrautir um þjettbýl hjeruð hefðu að eins átt að njóta einhvers styrks, að því skapi meiri sem vegagjörðin var torveldari.

Úr þessari upprunalegu rangsleitni, sem stafaði af því, hve skamt menn sáu fram í tímann 1894, er að nokkru bætt með vegalögunum frá 22. nóv. 1907. Þau leggja viðhald flutningabrauta og þjóðvega, *sem liggja um hjeruð og koma þeim að fullum notum*, á sýslufjelög þau, sem hlut eiga að máli. Eigi að síður er flutningabrautahjeruðunum gefið stórfje um fram aðra, því vegirnir voru gefnir þeim, án sjerstaks gjalds frá þeirra hálfu, og sumum alt viðhald þeirra um langan tíma.

En þessi stefnubreyting laganna styðst engan veginn eingöngu við sjálfsagða sanngirni. Hún var óhjákvæmileg af ýmsum ástæðum:

a) Ef landssjóði væri lögð sú skylda á herðar, að halda við flutningabrautum um hjeruðin, væri jafnframt sjálfsagt, að hann annaðist viðhald flestra eða allra þjóðvega. Nú eru þjóðvegir vorir fjórfalt lengri en allar flutningabrautir (flutningabr. 396,7 km., þjóðv. 1620 km.), og þó viðhaldskostnaður þeirra sje eigi talinn meiri en 50 kr. á km., næmi hann 81,000 kr. á ári. Viðhaldskostnaður flutningabrauta og þjóðvega allra færi þá fram úr 100,000 kr. á ári hverju, með öðrum orðum: gleypti meira fje en varið hefur verið árlega að meðaltali síðustu áratugi til allra vegagjörða. Þessi stefna væri því bein leið til þess að kippa úr öllum vexti veganna í landinu, og bein rangsleitni gagnvart hjeruðunum, sem lengst hafa beðið, og flesta vegi eiga eftir ógerða.

b) Viðhaldið yrði á þannan hátt miklu dýrara. Fje það, er til þess gengi, yrði fyrst að innheimtast úr vasa almennings í landssjóðinn og gjaldast þaðan til kaupháttra verkamanna og umsjónarmanna, sem senda þyrfti á ári hverju út um alt land til þess að leita uppi og endurbæta vegarkafla, sem

úr sjer væru gengnir. Bersýnilegt er, að það er miklu hagkvæmara að hver sveit haldi við sínum vegum, annaðhvort styrklaust eða með einhverjum ákveðnum styrk, enda munu öll lönd haga viðhaldi vega á þennan hátt. Jeg veit þess ekki dæmi, að ríkið annist viðhald vega um bygðar sveitir.

c) Þá er ótalin ein meginástæða, sem veldur því, að sveitir hljóta að bera viðhald vega sinna. Eins og skynsamlega lagðir vegir geta komið hjeruðunum að miklu gagni, þá geta þeir orðið landplága, en það eru þeir orðnir, ef hjeruðin rísa ekki undir viðhaldinu einu. Það er til lítils, að skella því á landssjóð. Honum verður viðhaldið dýrara og annað ekki. *Ef sveitir landsins rísa ekki undir vegagjaldinu, gerir landssjóður það vissulega ekki.* Þó Árnessýsla kunni að hafa, nú sem stendur, mesta vegi, þá koma hin hjeruðin á eftir, hvert á fætur öðru, því hver vetna aukast og lengjast vegirnir óðum, jafnvel þó viðhaldið hvíli á sveitunum, hvað þá heldur ef þær losnuðu við það, því þá myndu menn kreíjast vega miklu ákafar úr því þeim fylgdi enginn viðhaldskostnaður fyrir þær. *Viðhaldskostnaðurinn er eini vegurinn til þess að hindra óviturlega vegagjörð, þar sem hún alls ekki getur borgað sig.* Þó getur það komið til tals að landssjóður annist það viðhald á vegum sveitanna, sem stafar af sjerstökum óviðráðanlegum orsökum, t. d. skriðum og jarðskjálfta.

Frá almennu sjónarmiði og hyggilegri stefnu vegalaganna sjeð, fer því fjarri, að landssjóður eigi að halda við braut þessari. Þvert á móti er það mjög varhugavert og næsta líklegt, að það kæmi vegamálum vorum í hinn mesta vanda.

Þá er eftir að athuga, hvort hjer sje að ræða um algjörlega sjerstakar ástæður, staðhætti eða annað, sem gjöri brautarkafla þennan að undantekningu frá þeirri reglu, sem *fylgja verður* í öðrum hjeruðum. Þessu hefur verið haldið fram og eru helstu ástæður, sem jeg hef heyrt, þessar:

1) *Vegir eru svo miklir um hjeruð þessi, að sveitirnar rísa ekki undir viðhaldinu.* Ef svo er, þá bendir það til, að vegagjörðin sje meiri en vit er í. Jeg hef aðeins athugað til samanburðar aðalveg Húnavatnssýslu (þjóðveginn og flutningabrautina), sem ætlast er til að verði óslitinn akvegur, og sýslan haldi við. Hann er 117,9 km. á lengd og sumstaðar viðhaldsfrekur. Árnessýslubrautirnar eru lítlu lengri (um 120 km.), en aftur er mannfjöldi í Árnessýslu (6000), miklu meiri en í Húnavatnssýslu (4000). Það nær því engri átt, að Árnessýsla sje hjer ver sett en Húnavatnssýsla. Sama má segja um önnur hjeruð.

2) *Afnot utanhjeraðsmanna af veginum.* Það er borið fyrir, að Reykvíkingar, Rangvellingar, Skaftfellingar og útlendingar noti veginn til stórra muna. Að þessu leyti er vegur þessi engin undantekning. Neðsti hluti Borgfirðingabrautar er t. d. hálfu ver settur, því um hann fara allir Norðlendingar á leið suður og norður. Líkt má segja um Húnavatnssýsluvegina.

3) *Umrenningaferðir* er sagt að spilli svo vegunum, að viðhaldskostnaður vaxi stórum. Þetta er ósannað mál hvað lítla og ljetta umrenninga

snertir, eins og hjer eru notaðir, en líklegast algjörlega rangt. Svo leit umrenninganefnd efri deildar á málið, eftir allnákvæma athugun.

4) *Ástand brautarinnar við afhendingu.* Það hefur verið fullyrt, að brautin hafi verið í illu ástandi við afhendingu til sýslnanna, og sje landssjóði skylt að bæta úr því. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg fjekk, var Flóabrautin, að litlum kafla frátöldum, í mjög góðu ástandi (grýtt), en Holtavegurinn lakari, en þó nýbættur svo vel, sem kostur þótti á. Jeg fæ því ekki betur sjeð, en að vegir þessir hafi verið í engu lakara ástandi en aðrar brautir, sem afhentar eru sýslufjelögunum.

5) *Strandferðaleysið.* Sú krafa er fyllilega rjettmæt, að Árnes- og Rangárvallasýsla sjeu í engu afskiftar í samanburði við önnur hjeruð landsins, en svo þykir hafa verið um strandferðirnar. Eftir hinum nýju strandferðaáætlunum, verður naumlega sagt, að þær sjeu það, þó hafnleysi og brim kunni að valda því, að ferðirnar komi ekki að tilætluðum notum. Nú eru ibúar í Árnes- og Rangárvallasýslum um 10,000 og bæri þeim af strandferðastyrknum 6—7000 kr. á ári. Þetta hafa þeir í raun og veru fengið fyllilega uppborið, því til vega og brúa og viðhalds á þeim um fram önnur hjeruð hafa sveitir þessar fengið svo mikið fje, að vextir þess nema fyllilega þessari fjárupphæð. *Þessi skuld er því goldin.* Svo hafa hjeruð þessi strandferðir að auki líkt og aðrir.

Að öllu athuguðu virðist mjer full ástæða til að fella frv. á þingskjali 37.

II. Flutningabraut frá Búðardal í Hvammsfirði til Borðeyrar (þingskj. 49).

Í fljótu bili sýnist það mjög álitlegt að gjöra vegarkafla þennan að flutningabraut, bæði vegna viðskifta Dalamanna við Borðeyri og einkum vegna vöruflutninga í ísaárum frá Hvammsfirði norður í Húnavatnssýslu. Við nánari athugun er hagurinn vafasamur.

Einhver sjálfsagðasta vegagerð á landinu, þegar núverandi flutningabrautum sleppir, er að gjöra óslitinn akveg úr Borgarnesi og norður á Akureyri, eða öllu heldur Húsavík, að tengja þjóðvegi og flutningabrautir á þessari leið saman í eina óslitna heild. Þetta má heita óumflýjanleg nauðsyn, hvort sem braut er lögð frá Búðardal til Borðeyrar eða ekki. Mismunurinn á vegalengd á brautinni frá Búðardal til Borðeyrar og veginum frá Borgarnesi til Grænumýrartungu í Hrútafirði er að eins 35 km.

Hvað mannflutninga snertir á sumrum, má telja, að ferð frá Rvík norður í Húnavatnssýslu taki *3 daga* með hraðferðum nýju strandbátanna, nálega *2 daga* með Hvammsfjarðarbát og umrenning yfir til Borðeyrar, en hjer um bil *6 tíma* með bát upp í Borgarnes og umrenning þaðan til Hrútafjarðar. Það eru því allar líkur til, að flestir myndu nota leiðina yfir Holtavörðuheiði eða með strandbátunum, sem eflaust verða betur úr garði gerðir en Hvammsfjarðarbáturinn.

Flutningur á þungavöru í ísaárum er að sjálfsögðu auðveldari eftir Hvammsfjarðarbraut. Þó má fullyrða, að hún muni lítt notuð til þessa, því

bæði er það sjálfsagða leiðin fyrir norðursveitirnar að *eiga nægar birgðir í kauptúnum sínum, eða heima fyrir,* og svo eru hross ekki til erfiðra langferða í harðindaárum. Það má heita, að Norðursýslunum sje það ókleift, að sækja þungavöru til Hvammsfjarðar, nema Hrútfirðingum einum. Nú er vaknaður mikill áhugi á því, að hafa nægar vörubirgðir í kauptúnum sýslnanna og er því ekki að vænta, að braut þessi verði notuð að mun til vöruflutninga.

Af framangreindum ástæðum *tel jeg rangt að taka veg þennan í tölu flutningabrauta,* og margfalt nauðsynlegra, að verja fjenu til þess að flýta fyrir óslitnum akvegi frá Borgarnesi og norður.

III. Stykkishólmsvegur og Fagradalsbraut (þingskj. 217 og 223).

Meiri hluti veganefndar leggur til, að landssjóður taki að sjer viðhald þessara vega, en telur sjálfsagt, að fjöldi annara vega fari á eftir (allir »þjóðvegir milli hjeraða og landsfjórðunga«).

A. *Stykkishólmsvegur.* Vegur þessi er 96,5 km. að lengd og liggur að mestu yfir hjeruð, sem hafa hans full not. Jeg hef áður fært ástæður fyrir því, að það geti naumlega komið til mála, að viðhald slíkra vega hvíli á landssjóði, síst nema þá að einhverjum hluta, ef sjerstök nauðsyn ber til þess um einstaka vegarkafla. Um veg þennan er því sama að segja og Flóabrautina.

Jeg tel því sjálfsagt, að fella breytingartillöguna um Stykkishólmsveginn á þingskjali 223.

B. *Fagradalsbrautin.* Braut þessi liggur *nálega öll í óbygð* og opnar stórum sveitum leið til sjávar og kauptúns líkt og Hellisheiðarvegurinn. Hellisheiðarveginum heldur landssjóður við að öllu leyti, Fagradalsbrautinni að einum þriðja, sýslurnar að $^2/_3$. Þetta er misrjetti, sem nokkur ástæða væri til að bæta úr, annaðhvort með því, að landssjóður legði ríflegar til viðhaldsins eða lengdi brautina fyrir hjeraðsbúa. Nú mun það svo, að hjeruð þessi telja ekki viðhaldið eftir, og una sæmilega þeirri skipun sem nú er. Jeg sje því *ekki brýna þörf í svipinn að breyta þessum ákvæðum,* þó jeg sjái, að sýslurnar eigi, í samanburði við aðra, nokkra hönk í baki landssjóðs.

Ef haldið er út á þá braut, sem meiri hlutinn leggur til um viðhald þessara þriggja vega, dregur það á eftir sjer um **100,000 krónu árleg útgjöld** *fyrir landssjóð og truflar alla vegagerð landsins.*

Minni hlutinn leggur því hiklaust til, **að sveitirnar annist viðhald þessara vega, svo sem núgildandi lög mæla fyrir.**

Af þessum 3 vegum (Flóabrautinni, Stykkishólmsvegi og Fagradalsbraut) *er ástæðulaust, að landssjóður haldi við tveim fyrstu vegunum, en* **sanngjarnt, að hann kosti viðhald Fagradalsbrautar, að minsta kosti að hálfu.**

Engin gild ástæða er til þess, að taka, að svo stöddu, veg frá Búðardal til Borðeyrar upp í tölu flutningabrauta.

Alþingi 27. júlí 1914.

Guðm. Hannesson.

Nd. **247. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 226.

Frá umboðsmanni ráðherra.

Við 2. brtill.: Í staðinn fyrir: 100 þúsundum króna, komi 50 þúsundum króna.

Ed. **248. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þgskj. 193.

Frá nefndinni.

Í stað orðanna »gera ráðstafanir« í annari málsgrein komi: koma fram með tillögur.

Nd. **249. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar, þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Á hvalveiði, síldveiði með nót, laxveiðiafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot, af jörð, þótt engin ábúð fylgi og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Nú stundar aðkomumaður bátfiski á útveg annara en þarsveitarmanna og dvelur í veiðistöð sama hrepps 4 vikur eða lengur, og má þá jafna á hann útsvari hæfilegu, eftir tímalengd og í samanburði við innsveitarmenn, en ekki má leggja hundraðsgjald á afla. Útsvarinu skal formaður hafa lokið fyrir skip sitt, áður en hann fer á brott. Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppum í sama sýslufjelagi, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

3. gr.

Í Vestmannaeyjasýslu er sýslumaðurinn og fjórir kjörnir menn í nefndinni.

Þessi breyting á skipun sýslunefndar Vestmannaeyjasýslu kemur þó ekki til framkvæmda fyr en við næstu prestaskifti eftir að lög þessi hafa öðlast gildi.

4. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 36. gr. og fyrri málsgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga frá 10. nóv. 1905, svo og þau ákvæði 55., 56. og 61. gr. sem snerta sýslunefnd Vestmannaeyjasýslu sjerstaklega og fara í bága við lög þessi; enn fremur er úr gildi numin fyrri málsgrein 66. gr. ofannefndra laga.

Nd. 250. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um þingsköp handa Alþingi nr. 45, 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein svolátandi:

Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyrirmælum 36. og 40. gr.

2. gr.

1. setning 2. málsgr. 2. gr. orðist svo:

Rjett kjörinn forseti er sá, er hefir meira en helming greiddra atkvæða, þeirra er á fundi eru.

3. gr.

5. gr. orðist svo:

Eftir kosningar, þær sem talað er um í 2. og 3. gr., skal kjósa 8 alþingismenn kjördæmakosna, til efri deildar, eftir reglunum um nefndarkosningar.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Ef sæti kjördæmakosins þingmanns í efri deild losnar á kjörtímabilinu, skal fara eftir ákvæðum stjórnarskipunarlaganna.

5. gr.

Í stað síðari málsgreinar 10. greinar komi:

Forsetar beggja deildanna standa í sameiningu fyrir reikningum Alþingis, meðan þing stendur, en lengur ekki. Ávísa þeir þá báðir saman fje í allar greiðslur þingsins. Þó getur forseti hvorrar deildar ávísað þingmönnum í henni fje því, er þeir eiga að fá í daglaun og endurgjald fyrir ferðakostnað.

Að þinglausnum ber forsetum beggja deildanna að skila fjármálaskrifstofu stjórnarráðsins reikningum þingsins, og skulu reikningarnir vera þá svo færðir, að sjeð verði, hver alþingiskostnaðurinn sje. Milli þinga annast stjórnarráðið reikningsfærsluna og greiðslur á öllum ógreiddum alþingiskostnaði, þar á meðal prentunarkostnaði, borgun fyrir ritstjórn og prófarkalestur Alþingistíðindanna, greiðslu á viðhaldskostnaði á húsi og munum, og því öðru, er með þarf.

Forsetar beggja deildanna ráða útsölumann Alþingistíðindanna og gera ráðstöfun um útsendingu þeirra. Þeir hafa umsjón með Alþingishúsinu, munum Alþingis og þinghúsgarðinum, jafnt milli þinga sem um þingtímann, og sjá um, að alt sje í lagi í þinghúsinu, þegar þing kemur saman (við þingsetning).

Forsetar ráða mann til að annast upplag Alþingistíðindanna, skjalasafn þingsins og bókasafn, nema þeir geri það sjálfir. Þeir ráða og starfsmenn þingsins og semja um laun þeirra.

Forsetar hafa umsjón með prentun Alþingistíðindanna, og ráða mann eða menn til þess að annast ritstjórn þeirra og prófarkalestur, nema þeir vilji sjálfir gera það. Aldrei má borga meira en 8 krónur fyrir ritstjórn og prófarkalestur hverrar prentaðrar arkar þingtíðindanna, og ekki meira en 50 kr. fyrir samningu og prófarkalestur hverrar prentaðrar arkar efnisyfirlits.

6. gr.

Aftan við 12. gr. bætist:

Á milliþingaforsetum hvíla allar sömu skyldur sem á aðalforsetum, er þeir gegna forsetastörfum milli þinga, enda njóta þá hvorirtveggja sömu rjettinda.

7. gr.

Í 16. gr. 1. setningu verði setningin: »og telst auður seðill greitt atkvæði« og að eins hjer telst auður seðill greitt atkvæði.

8. gr.

Á eftir orðunum »meðal þingmanna« í annari málsgrein í 17. gr. bætist inn:

á fundi.

9. gr.

Á eftir orðunum »það prentað og því útbýtt« í fyrri málsgrein 24. gr. bætist inn:

meðal þingmanna á fundi.

10. gr.

Á eftir orðunum »og skal þá prenta hana og útbýta« í fyrstu málsgrein 29. gr. bætist inn:

meðal þingmanna á fundi.

11. gr.

Í stað orðanna »og forseti skýra frá henni á fundi« í fyrri málsgrein 31. gr. komi:

meðal þingmanna á fundi jafnframt því, að forseti skýrir þá frá henni.

Síðasta setning 2. málsgr. 31. gr. falli burt.

12. gr.

Aftan við seinni málsgrein 34. gr. bætist:

Fer um mál þau, sem vikið er frá umræðum með rökstuddri dagskrá, svo sem um fallin frumvörp (sbr. 27. gr.).

13. gr.

Orðin »Eftir ákvæðum — — — þingsetningarfundum« í niðurlagi 40. gr. falli burt.

14. gr.

Aftan við fyrstu málsgrein 41. gr. bætist:

áður en fundi sje slitið.

Í stað »dagskránni« í upphafi annarar málsgreinar sömu greinar komi: dagskrá þeirri, er forseti hefir ákveðið.

15. gr.

42. gr. 1. málsgrein orðist svo:

Ávalt þarf meiri hluta atkvæða, þeirra er á fundi eru, til þess að þingdeild geti ráðið máli til lykta, enda sje meira en helmingur þingmanna á fundi og greiði atkvæði (11. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903).

16. gr.

Aftan við 43. gr. bætist:

Þó þarf ekki að koma fram með þá uppástungu fyr en á þeim fundi, er atkvæðagreiðslan á að fara fram.

17. gr.

Aftan við 49. gr. bætist ný málsgrein:

Í Alþingistíðindunum má ekkert undanfella, það er þar á að standa og fram hefir komið í þinginu og gjörðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sjer. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu, nema leiðrjetta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sje óhjákvæmileg þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrjetting.

18. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast konungs staðfestingu, skal fella þau inn í texta laga um þingsköp handa Alþingi nr. 45, 10. nóv. 1905, og getur konungur þá gefið þau lög út þannig breytt.

19. gr.

Lög þessi koma í gildi þegar, er þau hafa öðlast staðfestingu.

Ed. **251. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um beitutekju.

Frá Karli Finnbogasyni.

Við 3. gr. Orðið: »manns«, falli burt.

Ed. **252. Frumvarp**

til laga um beitutekju.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sjerhver sá, er heimild hefir til fiskiveiða í landhelgi, má setja á land skelfisksbeituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða árós, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða 2 krónur fyrir hvern sólarhring í hvert skifti, sem hann tekur beitu.

Fyrir skemri tíma greiðist sama gjald.

2. gr.

Eigi má taka beitu í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar á sjó út frá stórstraumsfjörumáli. Gera skal formaður ábúanda

viðvart í hvert skifti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans samkvæmt 1. gr.

Nú vanrækir formaður að gera ábúanda aðvart í hvert skifti, sem hann ætlar að taka skelfisk fyrir landi hans, og varðar það 10 til 20 kr. sekt fyrir hvert skifti.

3. gr.

Nú tekur maður í óleyfi skelfisk í netlögum annars manns, og varðar það 20 til 200 króna sekt, og borga skal hann allan þannig upptekinn skelfisk tvöföldu gangverði.

4. gr.

Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eftir mati óvilhallra manna.

5. gr.

Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr., áður en hann fer af beituſjöru, nema öðruvísi sje umsamið. Sjeu ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af þeirra hálfu.

Nú greiðir beitutaki ekki gjald þetta áður en hann fer af beituſjöru og skal hann þá greiða tvöfalt gjald.

6. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

7. gr.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um beitutekju nr. 60, 10. nóv. 1905.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1915.

Ed. **253. LÖG**

um afnám fátækratiundar.

(Afgreidd frá Ed. 27. júlí).

Fátækra tiund af fasteign og lausafje er hjer með úr lögum numin.

Skal því, er sveitarsjóður þannig missir í við þessa lagabreytingu, jafnað niður á hreppsbúa eftir efnum og ástæðum, eins og öðrum sveitarútsvörum.

Ed. **254. LÖG.**

um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

(Afgreidd frá Ed. 27. júlí).

1. gr.

1. grein X., 49 orðist þannig:
Nesþing: Ólafsvíkur-, Brimilsvalla-, Ingjaldshóls- og Hellnasóknir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1915.

Ed. **255. LÖG**

um lögreglusamþykt fyrir Hvanneyrarhrepp.

(Afgreidd frá Ed. 27. júlí).

1. gr.

Fyrir Hvanneyrarhrepp eða nokkurn hluta hans, má gera lögreglusamþykt. Semur hreppsnefnd frumvarp til samþyktarinnar og sendir stjórnarráðinu, er staðfestir frumvarpið eða synjar því staðfestingar. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur stjórnarráðið þá málið af nýju fyrir hreppsnefndina með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gera, til þess að frumvarpið verði staðfest.

2. gr.

Samþyktin staðfest skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Fyrir brot gegn samþyktinni, má ákveða í henni sektir, er renni í sveitarsjóð.

4. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn samþykt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **256. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands nr. 17 frá 3. okt. 1903.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Eftirlaun ráðherra skulu afnumin þegar hin nýju stjórnarskipunarlög ganga í gildi.

2. gr.

Nú fer maður úr embætti, er eftirlaunarjettur fylgir, í ráðherraembætti eða tekur slíkt embætti eftir að hann hefir slept ráðherraembætti, þá fær hann að eins þau eftirlaun, er því embætti fylgja.

3. gr.

Úr lögum er numin 3. gr. laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, frá 3. okt. 1903.

Ed. **257. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju (þingskj. 141).

Frumvarp þetta er borið fram í neðri deild af þingmanna hálfu. Var það athugað þar í nefnd og samþykt óbreytt, enda er það samhljóða tvennum lögum, frá 1909 og 1913, um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar.

Vjer, sem háttvirt efri deild hefir kosið í nefnd til að athuga frumvarpið, erum háttvirtri neðri deild samdóma um, að málið eigi fram að ganga á þessu þingi. En oss virðist rjett að taka upp í frumvarpið ákvæði um, að báðir málsaðiljar eigi kost á að fá yfirmat, ef þeir eru óánægðir með mat hinna dómkvöddu manna. Að vísu eru engin slík ákvæði í tvennum áminstum lögum fyrir Ísafjarðarkaupstað, og er orsökin að líkindum, að þá hefir verið litið svo á, að þennan rjett hafi málsaðiljar samkvæmt almennum löggjafarreglum. En þar sem nokkur vafi getur verið á, að svo sje, virðist oss rjett og öruggast að taka þetta fram með berum orðum í frumvarpinu, enda eru samskonar ákvæði tekin upp í hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað 11. júlí 1911 og hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar 10. nóv. 1913.

Samkvæmt þessu ráðum vjer háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið.

Alþingi 25. júlí 1914.

J. Havsteen, formaður.

Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Karl Finnbogason.

Nd. **258. Tillaga**

til þingsályktunar um mæling á skipaleið inn á Syðra-Skógarneshöfn í Hnappadalssýslu.

Flutningsmenn: Sigurður Gunnarsson og Bjarni Jónsson frá Vogi.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leita vitneskju um, hve mikið fje mæling á skipaleið inn á Syðra-Skógarneshöfn muni kosta, og gera síðan ráðstafanir til að nauðsynlegt fje verði veitt í næstu fjárlögum til mælingarinnar og hún framkvæmd svo fljótt sem tök eru á.

Nd. **259. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um sparisjóði.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Við fyrri málsgr. 9. gr. bætist:

Heimilt er að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

Ed. **260. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. október 1912.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna skulu setjast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Soda, krít, leir, karbíd, bensin, þakhellur, netakúlur og tómar flöskur.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Olíufóðurkökur, melasse og melassemjöl, kjötfóðurmjöl, fiskfóðurmjöl, hjólklafar (blakkir), saumur, brýni, hverfisteinar, kvarnarsteinar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, kvíslar, bátavjelar (mótorar), gufukatlar, gufuvjelar, gufuvagnar, bifreiðar, lausar umbúðir, tómir pokar, netagarn, tilbúin segl, kaðlar allskonar og færi, olíur á tunnum og í dúnkum, aðrar en steinolía og bensín, strigaábreiður (Presenninger) og járnbrautarteinar, húsapappi alls konar, akkeri og akkerisfestar (hlekkjafestar), kokolit, járnbitar, ofnar, eldavjelar, járnpípur, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður, gólfdúkar (Linoleum) og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn alls konar skófatnaður), tvinna og alls konar garni, öðru en alls konar seglgarni, 0,30 kr. af hverjum 5 kilogr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu þar bátar taldir.

Sjötti liður 1. málsgr. 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,10 kr. af hverjum 5 kílogr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Auk vörutegunda þeirra, sem undanþegnar eru vörutolli undir 6. lið 1. gr. nefndra laga, skal pappír, tilbúin áburðarefni, hey, steinlímspípur, leirpípur og sandur vera undanskilin vörutolli.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 22, 20. október 1913, um breyting á lögum um vörutoll úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Ed. **261. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum og viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og ástæður þær, sem stjórnin hefir fært fyrir því, og getur eftir atvikum fallist á að frumvarpið verði samþykt, með þeim breytingum, sem það hefir tekið hjá háttv. neðri deild, sem virðast vera til bóta. Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykt eins og það liggur fyrir.

Alþingi 28. júlí 1914.

Eiríkur Briem, formaður. Karl Einarsson, skrifari og framsögumaður.

G. Björnsson.

Ed. **262. Frumvarp**

til laga um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna kennarastól í klassiskum fræðum (grísku og latínu ásamt þeim fræðum, er þar til teljast).

2. gr.

Sá er skipar kennarastól þann, er í 1. gr. segir, skal verða allra sömu rjettinda aðnjótandi sem dósentar við Háskólann, enda hvíla á honum samsvarandi skyldur.

Nd. **263. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Auk þeirra flutningabrauta, sem taldar eru í 2. gr. laga 22. nóv. 1907, um vegi, skal vera flutningabraut frá Reykjavík til Hafnarfjarðar milli lögsagnarumdæmanna.

Viðhald þeirrar flutningabrautar skal landssjóður kosta að $^1/_3$.

2. gr.

Sýslunefndin og hreppsnefndin í Vestmanneyjasýslu hafa á hendi sameiginlega alla stjórn vegamála innan sýslunnar.

Nefndirnar ráðstafa í sameiningu sýslu- og hreppsvegafjenu, ákveða hvar vegir skuli liggja og hafa umsjón og stjórn með vegagjörðum og viðhaldi vega.

Nd. **264. Tillaga**

til þingsályktunar um afnám eftirlauna.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa 5 manna milliþinganefnd, til þess að íhuga rækilega óskir þjóðarinnar um afnám lögákveðinna eftirlauna.

Jafnframt skal nefndin rannsaka launakjör embættismanna og annara starfsmanna landssjóðs og sjerstaklega koma fram með tillögur til þeirrar skipunar á þeim, er nauðsynleg og sanngjörn virðist í sambandi við afnám eftirlauna.

Tillögur, sem lúta að þessu, leggur stjórnin síðan fyrir Alþingi.

Ed. **265. LÖG**

um breytingu á lögum nr. 86, 22. nóv. 1907.

(Afgreidd frá Ed. 28. júlí).

1. gr. orðist svo:

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar, auk borgarstjóra. Bæjarstjórnin kýs sjer forseta úr flokki bæjarfulltrúanna.

Borgarstjóri skal kosinn af atkvæðisbærum borgurum kaupstaðarins til 6 ára í senn, enda hafi að minsta kosti 50 kjósendur mælt með kosningu hans. Stjórnarráðið setur nánari reglur um kosningu eftir tillögum bæjarstjórnar. Borgarstjóri hefir 4500 kr. á ári að launum og 1500 kr. í skrifstofufje, og greiðist hvorttveggja úr bæjarsjóði.

2. gr.

Upphaf 2. gr. orðist svo:

Bæjarfulltrúarnir skulu vera 15 að tölu o. s. frv.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem hjer ræðir um, inn í meginmál laga nr. 86, 22. nóv. 1907.

Ed. **266. Rökstudd dagskrá**

feld í Ed. 28. júlí (frumvarp til laga um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands, þgskj. 110).

Deildin skorar á stjórnina að leita til Háskólaráðsins, og engu síður til íslenskra fræðimanna í þeim fræðum, sem eru ekki enn þá kend í Háskólanum, og afla sjer álits allra þeirra merkustu íslensku fræðimanna um það, hvaða Háskólafræðigreinar þeir telji nauðsynlegastar hjer á landi af þeim, sem enn eru ekki kendar í Háskólanum, og hver tök muni vera á því, að kenna þær greinar, sem rök benda til að eigi að sitja í fyrirrúmi, þegar á alt er litið, mentalíf og bjargræðisvegi þjóðarinnar, og tekur því deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **267. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Frá nefndinni.

Aftan við 2. gr. komi svolátandi málsgrein:

Kennarastarfið veitist eftir tillögum Háskólaráðsins.

Ed. **268. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breytingu á 6. gr., í lögum nr. 86, 22. nóv. 1907, um breytingu á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík (þingskj. 127).

Þessi lagarjetting er talin nauðsynleg af því, að fjárhagsáætlanir og reikningar Reykjavíkurkaupstaðar hafa reynst óglöggir, svo að nýjum bæjarfulltrúum hefir veitt mjög erfitt að átta sig á efnahag bæjarins, og bæjarbúar ekki fengið nægilega ljósa vitneskju um fjármál bæjarins í þeim prentuðu ársreikningum.

Þetta er illa farið. En hitt er þó verra, að af þessu hefir leitt í bæjarstjórn, að þegar gjaldeyrir hefur gengið til þurðar, þá hefir lán verið tekið, einu sinni 30,000 kr., til að hafa eitthvað í sjóði; en síðan hefir svo lánsfjeð gengið upp í það, sem vantað hefir til venjulegra útgjalda, verið gert að *eyðslufje* í stað þess að jafna niður á bæjarbúa á næsta ári því sem á hefir vantað til að standast útgjöldin undanfarið ár. Hefir svo þannig notað lánsfje loðað við fjárhagsáætlanir bæjarins ár eftir ár og heitið tekjumegin »eftirstöðvar frá fyrra ári«, en gjaldamegin »eftirstöðvar til næsta árs«. Þessir liðir á áætlaninni 1914 nema hver um sig 30,000 kr.

Þetta má nú fyrir engan mun svo til ganga, að lán sjeu tekin til venjulegra ársútgjalda, til að hlífa bæjarbúum við útsvarshækkun. Það hafa núverandi bæjarfulltrúar gert sjer ljóst og allir bæjarbúar, sem gefið hafa gætur að þessu.

Í þessu frumvarpi er nú stefnt að því, að koma betra skipulagi á reikningsskil bæjarins.

En nefndinni fundust ekki fyrirmæli frumvarpsins nógu skýr og greinileg, og hefir því samið breytingartillögu, sem hún álitur að taki af allan vafa; hefir nefndin átt tal við suma helstu stuðningsmenn frumv. í Nd. og þann af bæjarfulltrúunum utanþings, sem mest hefir um þetta fjallað.

Vjer teljum meðal annars mjög mikilsvert, að áætlanir bæjarstjórnar sjeu gerðar eftir skipulegri fyrirmynd, sem stjórnarráðið samþykkir. Þetta ákvæði stóð í 18. gr. tilsk. 1872, en virðist hafa fallið burtu í lögum nr. 86, 1907, án þess til væri ætlað, því að 29. gr. tilskipaninnar stendur óhögguð og er þar boðið að ársreikningana skuli gera eftir fyrirmynd, sem landsstjórnin samþykkir.

Nefndin leggur því til að frv. verði samþykt með þessari

BREYTINGARTILLÖGU:

Fyrir orðin »Innan loka . . . . skal með lánsfje« komi:

Innan loka nóvembermánaðar ár hvert skal samin áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið hefir samþykt, og skal henni fylgja yfirlit yfir afgang og halla í einstökum liðum síðasta reiknings. Í áætluninni skal talinn sem sjerstakur tekjuliður jafnmikil upphæð eins og tekjuafgangur sá nam, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður. Einnig skal taka í áætlunina sem sjerstakan gjaldalið jafn mikla upphæð eins og tekjuhalli sá nam, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður en á-

ætlunin var samin, nema tekjuhallinn stafi af kostnaði sem upphaflega var ákveðið að greiða skyldi með lánsfje.

Alþingi 28. júlí 1914.

Eiríkur Briem, formaður. G. Björnsson skrifari og framsögumaður.

Karl Einarsson.

Ed. **269. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um beitutekju.

Flutningsm.: H. J. Kristófersson.

Við 2. gr. Setningin: »Netlög eru . . . . . fjörumáli« falli burt.

Nd. **270. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun grasbýla (þgskj. 24).

Nafnið grasbýli hefir tæplega enn fengið ákveðna merking eða hefð í löggjöf vorri eða á annan hátt. Það er tekið upp á síðari árum um smábýli þau, sem ekki eru kölluð þurrabúðir, en ná því ekki heldur að kallast jarðir eða hjáleigur eða nýbýli (sbr. t. d. Nýbýlalögin $^{6}/_{11}$ 1897). Venjulega hafa grasbýlin, eins og þurrabúðirnar, útmældan mjög takmarkaðan jarðarblett, sem kallast »lóð«, og þá einkum lagaðan og ætlaðan til túnræktar og garðræktar. En takmörkin á milli þeirra og þurrabúða eru alls eigi föst, því ýmsar, eða jafnvel flestar þurrabúðir eru sannkölluð grasbýli, að m. k. þær, sem þurrabúðarlánin hafa gengið til.

Í raun rjettri á ekki nafnið þurrabúð við um neitt býli, sem hefur grasnyt svo mikla, að þar af fóðrist kýr eða annar málnytupeningur; því þurrabúðarnafnið mun af því dregið, að hafa enga málnytu. En sú merking orðsins mun hafa ruglast smámsaman, og einkum með lögunum um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, $^{22}/_{11}$ 1907. Rjettast er því, ef *grasbýlisnafnið er lögfest, að hafa það um hvert það smábýli, sem litið eða ekkert land hefir til umráða annað en það, sem hæft er og fyrirhugað er til ræktunar og til framleiðslu einhverrar málnytu.* Frábrugðin slíkum býlum eru nýbýli þau, sem víða risu hjer á landi um og eftir miðja næstliðna öld, líklega meira í Norðurlandi. Það voru einkum býli til heiða eða afdala, með nóg landrými til beitar og slægna, oftast góða landkostí til málnytu, en lítt löguð til jarðræktar. Víðast voru þetta gömul eyðibýli og eru nú mörg þeirra komin í eyði á ný. Þau virðast ekki eiga uppreisnarvon á ný,

þótt í sama bygðarlagi sje mjög kvartað um skort ábýla. Nefndin mun nú leggja þá merking í orðið grasbýli, sem að framan er stungið upp á.

Það, sem fyrir höfundi fyrirliggjandi frumvarps vakir, er smábýli, sem eingöngu eru bygð á grasrækt og garðrækt, en engum verulegum grasnytjum utan við hið afmælda og umgirta land grasbýlisins. Þess konar grasbýli vill hann að geti staðið til boða, eða þá greiður vegur til að stofna þau, þeim mönnum, sem smámsaman eru að flytja, eða jafnvel flýja, úr sveitunum fyrir þá sök, að þeir una ekki við, eða þykjast eigi draga uppi með, að vera í vinnumensku eða ljelegri húsmensku í sveit, en fá ekkert ábýli til þess að stofna á sjálfstætt heimili. Þeir flæmast því, meira og minna nauðugir, til kauptúna eða kaupstaða, eða til Ameríku. Jafnframt vakir það fyrir honum, að víða hjer á landi sjeu til mjög góðir blettir, og sumstaðar jafnvel heil flæmi af frjósömu graslendi, sem einungis eru höfð til beitar, og þessi lönd sjeu mörg einkar vel fallin til ræktunar. Þegar nú fólkið, sem ella flýi frá landbúnaði og jarðrækt, sæi sjer fært að setjast að á þessum blettum og rækta þá, svo það gæti að miklu leyti framfleytt sjer á þeim, þá væri þetta jafnframt hin mesta framför fyrir ræktun landsins. Hann heldur því fram, að grasbýli með 60—100 dagslátta landi, vel í sveit komið, þar sem ljett er að koma í verð mjólk og öðrum afurðum býlanna, geti, þegar mikið af landinu er komið í sæmilega rækt, veitt meðal-fjölskyldu engu lakari afkomu, heldur en mörg sveitajörðin, þar sem fleytingsbúskapur er rekinn.

Þessum grundvallarskoðunum er nefndin að miklu leyti sammála. Hún er sammála, því að ef löggjafar og fjárveitingarvaldið gæti búið svo í haginn, að því fólki færi fjölgandi en ekki fækkandi, sem framfleytti sjer og yndi hag sínum í sveitunum, og næmi þar ný lönd til ræktunar, þá væri tullnægt hinni mestu þjóðarnauðsyn. Og þá liggur hitt í augum uppi, hvílík framför í menning og velmegun landsins af því sprytti, ef það sannaðist, að heilar fjölskyldur gætu framfleytt sjer hjer á ræktuðu landi í sveit, mestmegnis eða eingöngu.

En það er þetta síðara atriði, sem er svo vafasamt. Verulegar rannsóknir á því eru engar til, og opinber kunnugleiki er enginn til um það, hvernig þau grasbýli eru löguð, sem þegar eru til, eða hvernig þau hafa reynst. Það virðist að vísu sannað, að grasrækt og garðrækt á þessum smábýlum er mikið hagræði fyrir menn, sem lifa að allmiklu leyti á sjávarafla eða á handafla. Aukning grasbýla á síðari árum, er því mikils verð framför. En nákvæm skýrsla um þessi smábýli, sem ýmislega eru tilkomin og á sig komin, eru engin til. Verður því að svo stöddu mjög lítið bygt á þeirri reynslu um það, hve sjálfstæð þau gætu orðið til þess að fæða heilar fjölskyldur.

En jafnframt því, sem þetta er órannsakað og óreynt, blasir við sá agnúi fyrir hvern grasbýlismann sem ætlar að hafa grasbýlið mestmegnis eða eingöngu sjer og fjölskyldu til framfæris, það er örðugleikinn á meðan verið er að koma býlinu í rækt. Af nýstofnuðu býli eru litlar afurðir fyrstu árin, eins og auðsætt er, áburður fellur að sama skapi lítill til, en áburðarþörfin tvöföld eða meiri á meðan verið er að sljetta jarðveginn og koma nægri rækt í hann. Og svo loks, þegar alt er nú samt komið í kring, þá er óleyst sú spurningin: geta þær skepnur, sem framfleytast á grasbýlinu eingöngu teðjað tún þess og garða? eða með öðrum orðum: getur t. d. kýrin teðjað kýrfóðursvöllinn? Þessum spurningum er ósvarað að mestu. Það er ljóst, að með venjulegri áburðarhirðingu er víða mjög fjarri, að þetta náist. En hve fullkomin meðferð áburðar getur drýgt hann, og

hve besta túnjörðin er nægjusöm um áburð er ósvarað, og þarf víst langa reynslu og ítarlega athugun til þess að svara því rækilega. Áburðarskortinum mun þó nokkuð mega hjálpa við með aðfluttum áburðarefnum, þar sem hægt er um flutninga frá kaupstað. Það hefir því tvöfalda þýðingu, sem frumv. gerir ráð fyrir, að grasbýlin sje einkum stofnuð þar sem flutningar eru auðveldir og vel er í sveit komið. Þá er hægra að útvega aðfenginn áburð og eldsneyti og þar er hægra að koma afurðum býlisins í hátt verð.

En þótt reynslu og þekkingu skorti svo mjög enn í þessu máli, sem að framan er drepið á, þá virðist nefndinni rangt, að þing og stjórn vísi því á bug. Málið er í sjálfu sjer svo mikilvægt, samkvæmt því sem að framan er tekið fram, og það er svo víða, sem menn hafa sett talsverðar vonir til þess, að þing og stjórn eru skyldug til að sinna því, og sinna því á þann hátt:

1. Stuðla að rannsóknum og jafnvel tilraunum í þessu máli, og
2. Styðja sem fyrst að stofnun grasbýla með fjárstyrk og hagkvæmum lagafyrirmælum.

Viðvíkjandi fyrra atriðinu vill nefndin fara fram á það, að stjórnin láti safna skýrslum um land alt um öll smábýli, sem samkvæmt framansögðu geta talist til grasbýla, hvort sem þau kallast þurrabúðir, eða eitthvað annað. Samskonar skýrslum var safnað úr öllum hreppum skömmu áður en milliþinganefndin í landbúnaðarmálinu tók til starfa 1904, um jarðir og ábúð þeirra. Grasbýlisskýrslurnar þurfa að innihalda a. m. k. það, er hjer segir:

1. Nafn grasbýlisins og hvenær það var stofnað.
2. Stærð á afmældu landi þess og hverskonar jarðvegur.
3. Hver hús eru á grasbýlinu.
4. Hvort grasbýlismaður á landið eða húsin eða hvorutveggja.
5. Um leiguskilmála, ef hann er leiguliði (afgjald, ábúðartíma, jarðabótakvöð).
6. Hvort landið er girt alt eða partur, lengd og tilhögun girðingar, hver girðinguna á, eða hvort hún fylgir grasbýlinu.
7. Hve mikið af landinu er ræktað (tún, garðar).
8. Um afurðir grasbýlisins að jafnaði síðustu árin.
9. Hvort for og haughús er á býlinu.
10. Hvort grasbýlismaður hefir notað aðrar landsnytjar jafnframt (engi, beit eða hvorttv.).
11. Hve mikið vantar á, að skepnur þær, sem grasbýlið sjálft fóðrar, teðji tún þess.

Spurningar um þessi efni þarf að leggja fyrir svo ljóst og liðlega, og með þeim skýringum, að greið og ótvíræð svör geti legið sem beinast við. Þegar þær upplýsingar eru fengnar, sem nefndar eru í þessum 11 liðum, er nokkur grundvöllur fenginn til að byggja á. En búast má við, að svörin viðvíkjandi síðasta lið verði fá og ekki vel ábyggileg. Væri því nauðsynlegt, að búnaðarfjelag Íslands, búnaðarsamböndin og búnaðarskólarnir söfnuðu sem mestum upplýsingum í því efni; enda er það skylt þessum stofnunum, því hjer er einhver mikilvægasta spurningin viðvíkjandi ræktun landsins.

Hitt atriðið, að löggjafarvaldið styðji að stofnun grasbýla með fjárstyrk og lagasetning, er í rauninni ekki annað en það, sem þegar hefir átt sjer stað, þó í smáum stíl hafi verið. — Með þurrabúðarlögunum frá 12. jan. 1888, er vikið inn á þá braut, þótt lög þau væru smástíg í því efni. Með breytingu lag-

anna 1907, er stigið nokkru stærra spor. Þá er lágmark þurrabúðarlóðar hækkað úr 400 □ föðm. í 900, nema sýslunefnd heimili lægra takmark. Á fjárlögum hefir í mörg ár stöðugt staðið heimild til stjórnarinnar um að veita hin alkunnu þurrabúðarlán, og þau hafa víst öll gengið til smá grasbýla. Fyrsta lánið var veitt 1902, og nú er alls búið að veita af þurrabúðarlánum um 27000 kr.

Þá eru ræktunarsjóðslögin. Við breytingu þá, sem á þeim var gerð 1905, eftir tillögu milliþingan. í landbúnaðarmálinu, kom það ákvæði inn í lögin, að lána mætti af fje sjóðsins til ábýliskaupa, og hafði nefndin þá einkum fyrir augum grasbýlin. Ennfremur var og þá bætt í lögin heimild til þess, að »styrkja menn til lífsábyrgðarkaupa til viðbótar lántryggingum til ábýliskaupa«, og þessi styrkur var beinlínis hugsaður grasbýlismönnum. Til þess að sýna hvað ræktunarsjóðurinn hefir gert síðustu 5 árin í þessa átt, og hvers hann er megnugur, fylgir hjer með skýrsla um allar lánveitingar úr sjóðnum á þessu tímabili.

En þessar aðgerðir fara mjög á dreif og hafa alls eigi haft nógu fastákveðið mark. Ákvæði laganna 22. nóv. 1907 um þurrabúðirnar miða sig að vísu við rjettnefnd grasbýli, en svo smá, að þau geta ekki gefið af sjer nema aðeins stuðning handa þeim, sem stunda aðra atvinnu. Þau gera ráð fyrir því aðallega, að þurrabúðarmenn sjeu leiguliðar, en tryggja þeim hvorki varanlega ábúð nje borgun fyrir það, sem þeir eru lögskyldaðir til að gera, þ. e. að girða og rækta lóðina á 7 árum. Þeir hafa fasta ábúð einungis á meðan, og til þóknunar fyrir að girða og rækta leigulausa ábúð sama tímabil. Þurrabúðarlánin hafa verið svo smá, að ekki kemur til mála, að binda grasbýli fyrsta veðrjetti, gegn svo litlu láni, nema grasbýlið sje mjög lítið. Lán og styrkveitingar úr ræktunarsjóði geta eftir lögunum náð jafnt til stærri jarða sem til smábýla, og geta því farið svo á dreif, að lítill árangur sjáist fyrir grasbýlamálið. Alls hefir verið lánað til ábýliskaupa á síðustu 5 árum, að þessu meðtöldu, sem yfir stendur, 19550 kr. eða tæpar 4000 kr. á ári. Það er til svo sem tveggja grasbýla á ári, ef þau væri sæmilega stór. Af þurrabúðarlánum úr landssjóði koma rúmlega 2000 kr. á hvert ár. Þótt það, sem svarar báðum þessum upphæðum, væri árlega lánað til grasbýla eingöngu, sem sjálfsagt væri rjettast, þá myndi fremur skamt miða áfram með þau, og sjerstaklega með þau grasbýli, sem hugsuðu svo hátt, að þau gætu orðið sjálfstæð til að framfleyta fjölskyldu.

Tillögur frumv. um lánveitingar til grasbýla virðist nefndinni þar á móti nokkuð djarfar, að m. k. á meðan ekki er fengin meiri reynsla. Lán þau og láns fyrirkomulag gæti máski teygt menn full ört út í óvissu. Mun því heppilegra, að fara hjer nokkuð bil beggja. En þar á móti virðist nefndinni ekki rjett, að láta mál þetta bíða við svo búið ótiltekin tíma þangað til sú eða sú rannsókn og reynsla sje fengin. Besta reynslan og þekkingin fæst með stofnun sjálfra grasbýlanna, grasbýla sem hafi það markmið að verða sem sjálfstæðust til þess að framfleyta fjölskyldum. Raunar búast fæstir af oss nefndarmönnum við því, að grasbýlismaður mundi komast af með þá grasnyt eina, sem ræktað land grasbýlisins hefir, nema hann hefði aðra atvinnu með, til þess bæði að framfleyta sjer og sínum, og standast rentu og afborgun á skuldum, sem á hvíla. En þá er líka þess að gæta jafnframt, að á hverju því smábýli, sem kvorki hefir engi til afnota nje sauðfjárrækt að stunda, verður alls ónóg að starfa fyrir grasbýlismann og skyldulið hans ýmsa tíma árs, bæði sumar og vetur, nema aukavinna sje höfð: veiðiskapur, sjósókn, daglaunavinna, heimaiðnaður. Best samrýmdist heimaiðnaður.

Og það er engin vafi á því, að heimaiðnaður, stundaður með elju og áhuga, er skilyrði fyrir almennri farsæld þessara smábýla hjer á landi, eins og annarsstaðar.

Enda þótt nú nefndin hafi fallist á margt í fyrirliggjandi frumvarpi og til fulls á aðal tilgang þess, þykir henni svo mjög skorta á allan undirbúning til þess að semja lög um grasbýli, að slíkt komi eigi til mála á þessu þingi. Þar á móti vill hún að stjórnin taki málið til rækilegrar meðferðar, og hafi til þess aðstoð Búnaðarfjelags Íslands, búnaðarsambandanna og annara búnaðarstofnana í landinu.

Með skýrskotun til framanritaðra skýringa og athugasemda leggur því nefndin til að samþykt sje þessi

ÞINGSÁLYKTUNARTILLAGA.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um að safnað sje skýrslum um smábýli á landinu, þau er ekki teljast jarðir eða hjáleigur. Og ef tiltækilegt þykir, að því búnu, að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um grasbýli, er að mestu leyti styðjist við ræktað land.

Alþingi 28. júlí 1914.

Jón Magnússon, formaður.	Pjetur Jónsson, framsögumaður.	Jóhann Eyjólfsson, skrifari.
Guðm Hannesson.	Hjörtur Snorrason.	Jón Jónsson.

Sigurður Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Yfirlit

yfir Ræktunarsjóðslán, sem Búnaðarfélag Íslands hefir lagt til að veitt væri árin 1910—1914.

Ár.	Til samgirðinga eingöngu kr.	Til sérgirðinga eingöngu kr.	Til girðinga eingöngu samtals kr.	Til ýmissa jarðabóta (þar í nokkrar girðingar) kr.	Til jarðabóta alls kr.	Til ábýliskaupa kr.	Lán alls kr.
1910	1200	3600	4800	3700	8500	5700	14200
1911	2700	4450	7150	3600	10750	5800	16550
1912	24600	12450	37050	10750	47800	2450	50250
1913	17400	25850	43250	12150	55400	4600	60000
1914	15100	13300	28400	10250	38650	1000	39650
Samtals:	61000	59650	120650	40450	161100	19550	180650

Reykjavík 20. júlí 1914.

Guðmundur Helgason.

Ed.

271. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um þingsköp handa Alþingi nr. 45, 10. nóv. 1905

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein svolátandi:

Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyrirmælum 36. og 40. gr.

2. gr.

1. setning 2. málsgr. 2. gr. orðist svo:

Rjett kjörinn forseti er sá, er hefir meira en helming greiddra atkvæða, þeirra er á fundi eru.

3. gr.

5. gr. orðist svo:

Eftir kosningar, þær sem talað er um í 2. og 3. gr., skal kjósa 8 alþingismenn kjördæmakosna, til efri deildar, eftir reglunum um nefndarkosningar.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Ef sæti kjördæmakosins þingmanns í efri deild losnar á kjörtímabilinu, skal fara eftir ákvæðum stjórnarskipunarlaganna.

5. gr.

Í stað síðari málsgreinar 10. greinar komi:

Forsetar beggja deildanna standa í sameiningu fyrir reikningum Alþingis, meðan þing stendur, en lengur ekki. Ávísa þeir þá báðir saman fje í allar greiðslur þingsins. Þó getur forseti hvorrar deildar ávísað þingmönnum í henni fje því, er þeir eiga að fá í daglaun og endurgjald fyrir ferðakostnað.

Að þinglausnum ber forsetum beggja deildanna að skila fjármálaskrifstofu stjórnarráðsins reikningum þingsins, og skulu reikningarnir vera þá svo færðir, að sjeð verði, hver alþingiskostnaðurinn sje. Milli þinga annast stjórnarráðið reikningsfærsluna og greiðslur á öllum ógreiddum alþingiskostnaði, þar á meðal prentunarkostnaði, borgun fyrir ritstjórn og prófarkalestur Alþingistíðindanna, greiðslu á viðhaldskostnaði á húsi og munum, og því öðru, er með þarf.

Forsetar beggja deildanna ráða útsölumann Alþingistíðindanna og gera ráðstöfun um útsendingu þeirra. Þeir hafa umsjón með Alþingishúsinu, munum Alþingis og þinghúsgarðinum, jafnt milli þinga sem um þingtímann, og sjá um, að alt sje í lagi í þinghúsinu, þegar þing kemur saman (við þingsetning).

Forsetar ráða mann til að annast upplag Alþingistíðindanna, skjalasafn þingsins og bókasafn, nema þeir geri það sjálfir. Þeir ráða og starfsmenn þingsins og semja um laun þeirra.

Forsetar hafa umsjón með prentun Alþingistíðindanna, og ráða mann eða menn til þess að annast ritstjórn þeirra og prófarkalestur, nema þeir vilji

sjálfir gera það. Aldrei má borga meira en 8 krónur fyrir ritstjórn og prófarkalestur hverrar prentaðrar arkar þingtíðindanna, og ekki meira en 50 kr. fyrir samningu og prófarkalestur hverrar prentaðrar arkar efnisyfirlits.

6. gr.

Aftan við 12. gr. bætist:

Á milliþingaforsetum hvíla allar sömu skyldur sem á aðalforsetum, er þeir gegna forsetastörfum milli þinga, enda njóta þá hvorirtveggja sömu rjettinda.

7. gr.

Í 16. gr. 1. setningu verði setningin: »og telst auður seðill greitt atkvæði« og að eins hjer telst auður seðill greitt atkvæði.

8. gr.

Á eftir orðunum »meðal þingmanna« í annari málsgrein í 17. gr. bætist inn:

á fundi.

9. gr.

Á eftir orðunum »það prentað og því útbýtt« í fyrri málsgrein 24. gr. bætist inn:

meðal þingmanna á fundi.

10. gr.

Á eftir orðunum »og skal þá prenta hana og útbýta« í fyrstu málsgrein 29. gr. bætist inn:

meðal þingmanna á fundi.

11. gr.

Í stað orðanna »og forseti skýra frá henni á fundi« í fyrri málsgrein 31. gr. komi:

meðal þingmanna á fundi jafnframt því, að forseti skýrir þá frá henni.

Síðasta setning 2. málsgr. 31. gr. falli burt.

12. gr.

Aftan við seinni málsgrein 34. gr. bætist:

Fer um mál þau, sem vikið er frá umræðum með rökstuddri dagskrá svo sem um fallin frumvörp (sbr. 27. gr.).

13. gr.

Orðin »Eftir ákvæðum — — — þingsetningarfundum« í niðurlagi 40. gr. falli burt.

14. gr.

Aftan við fyrstu málsgrein 41. gr. bætist:

áður en fundi sje slitið.

Í stað »dagskránni« í upphafi annarar málsgreinar sömu greinar komi: dagskrá þeirri, er forseti hefir ákveðið.

15. gr.

42. gr. 1. málsgrein orðist svo:

Ávalt þarf meiri hluta atkvæða, þeirra er á fundi eru, til þess að þingdeild geti ráðið máli til lykta, enda sje meira en helmingur þingmanna á fundi og greiði atkvæði (11. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903).

16. gr.

Aftan við 43. gr. bætist:

Þó þarf ekki að koma fram með þá uppástungu fyr en á þeim fundi, er atkvæðagreiðslan á að fara fram.

17. gr.

Aftan við 49. gr. bætist ný málsgrein:

Í Alþingistíðindunum má ekkert undanfella, það er þar á að standa og fram hefir komið í þinginu og gjörðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sjer. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu, nema leiðrjetta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sje óhjákvæmileg þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrjetting.

18. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast konungs staðfestingu, skal fella þau inn í texta laga um þingsköp handa Alþingi nr. 45, 10. nóv. 1905, og getur konungur þá gefið þau lög út þannig breytt.

19. gr.

Lög þessi koma í gildi þegar, er þau hafa öðlast staðfestingu.

Ed. **272. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um viðauka við lög um skipströnd 14. jan. 1876. (Þingskj. 159).

Í lög um skipströnd 14. janúar 1876 vanta ákvæði um, hvernig fara skuli með skipsflök, sem liggja í greinarleysi á strandfjöru löngu eftir að skipið strandaði, og annarstaðar eru engin lagafyrirmæli um þetta. Þetta er óviðkunnanlegt, stundum beinlínis bagalegt, og á frumvarp þetta, sem borið er fram í neðri deild af hálfu stjórnarinnar, að bæta úr þessu.

Vjer nefndarmennirnir erum sammála um, að þessi viðauki við strandlögin sje nauðsynlegur og að frumvarpið eigi að verða að lögum. En jafnframt álítum vjer að ákvæði 5. og 6. gr. frumvarpsins geti ekki verið fullnægjandi, nje ætið átt við þegar um löggiltar hafnir er að ræða. Þá eiga að gilda um

þetta efni ákvæði hafnarreglugerðar, ef til er, og viljum vjer að þetta sje tekið fram berum orðum.

Samkvæmt þessu ráðum vjer háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með svohljóðandi:

VIÐBÓT.

Aftan við 6. gr. komi ný grein svohljóðandi:

7. gr.

Fyrirmæli þessara laga hagga þó eigi reglum þeim um skipsflök á höfnum inni, sem settar eru eða settar kunna að verða í löggiltum reglugerðum kaupstaða eða kauptúna.

Alþingi 29. júlí 1914.

J. Havsteen, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Karl Einarsson.

Ed. **273. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um varadómara í hinum konunglega íslenska landsyfirrjetti. (þgskj. 176)

Frumvarp þetta er komið frá háttv. neðri deild og höfum vjer, sem háttv. efri deild kaus í nefnd til að íhuga það, orðið ásáttir um að ráða deildinni til að samþykkja frumvarpið.

Að eins viljum vjer ráða til að gera lítilfjörlega breyting á 4. gr., og mun gerð grein fyrir henni við framsögu málsins.

Þess skal getið, að skrifari nefndarinnar (S. J.) hafði frekar kosið, að stjórnarráðið, en ekki hlutkesti, rjeði hver varadómaranna tæki sæti í rjettinum þegar sæti losnar, dómari víkur sæti eða forfallast. En þessari breytingu vildi hann ekki halda til streitu gegn vilja hinna nefndarmanna.

BREYTINGARTILLAGAN

er svohljóðandi:

Við 4. gr. Fyrir orðin: »Ef dómari — — — í máli« komi:

Þá er yfirdómari forfallast eða víkur sæti fær varadómari 40 kr. fyrir hvert mál, er hann tekur þátt í dómsuppkvaðningu þess.

Alþingi 29. júlí 1914.

Jósef J. Björnsson, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögmaður.

Magnús Pjetursson.

Nd. **274. Frumvarp**

til laga um beitutekju.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sjerhver sá, er heimild hefir til fiskiveiða í landhelgi, má setja á land skelfisksbeituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða árós, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða 2 krónur fyrir hvern sólarhring í hvert skifti, sem hann tekur beitu.

Fyrir skemri tíma greiðist sama gjald.

2. gr.

Eigi má taka beitu í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar á sjó út frá stórstraumsfjörumáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart í hvert skifti, er hann ætlar að taka beitu fyrirlandi hans samkvæmt 1. gr.

Nú vanrækir formaður að gera ábúanda aðvart í hvert skifti, sem hann ætlar að taka skelfisk fyrir landi hans, og varðar það 10 til 20 kr. sekt fyrir hvert skifti.

3. gr.

Nú tekur maður í óleyfi skelfisk í netlögum annars manns, og varðar það 20 til 200 króna sekt, og borga skal hann allan þannig upptekinn skelfisk tvöföldu gangverði.

4. gr.

Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eftir mati óvilhallra manna.

5. gr.

Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr., áður en hann fer af beitufjöru, nema öðruvísi sje umsamið. Sjeu ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af þeirra hálfu.

Nú greiðir beitutaki ekki gjald þetta áður en hann fer af beitufjöru og skal hann þá greiða tvöfalt gjald.

6. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

7. gr.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um beitutekju nr. 60, 10. nóv. 1905.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1915.

Nd. **275. Frumvarp**

til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í landhelgi við Ísland skulu vera bannaðar fiskiveiðar með botnvörpum, og telst það brot gegn ákvæði þessu, er varpa er í sjó komin.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 2000—4000 kr, er renna í landssjóð; skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli innanborðs, upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð. Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi til lúkningar sektum og kostnaði.

3. gr.

Nú hittist fiskiveiðaskip í landhelgi með botnvörpu, og er þó eigi að veiðum, þá varðar það 500—2000 kr. sekt til landssjóðs, nema öll veiðarfæri sje höfð í búlka innanborðs þann tíma allan, er skipið er í landhelgi. Taka skal þó, þegar sekt er metin, sjerstakt tillit, sektinni til hækkunar, til þess, hvort skip hittist þannig á fiskimiði eða annarsstaðar.

Leggja má löghald á skip, afla og veiðarfæri, og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar sektum og kostnaði, eftir þessari grein.

4. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til þess að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta 50—1000 kr. sektum, er renna í landssjóð.

5. gr.

Hjerlendur maður, er leggur það í vana sinn, að dvelja á útlendum botnvörpuskipum við veiðar þeirra við Ísland, skal, ef eitthvert þessara skipa á því ári gjörir sig sekt í fiskiveiðum í landhelgi, sæta sektum eftir 4. gr. Sömu hegningu skal hver sá hjerlendur maður sæta, sem er í útlendu botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi, nema hann geti gjört þá grein fyrir dvöl sinni þar, að auðsætt er eða að minsta kosti sennilegt, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

6. gr.

Ákvæði 4. og 5. greinar gilda eigi um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu.

7. gr.

Skipstjóra þann, sem gjörir sig sekan í ítrekuðu broti, eða broti er mjög mikið kveður að, gegn 1. gr. þessara laga, má auk hegningar þeirrar, sem getur um í 2. grein, dæma í fangelsi (sbr. alm. hegningarlög handa Íslandi 26. gr.)

8. gr.

Mál þau, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með, sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 8, 6. apr. 1898, lög nr. 18, 8. júlí 1902, lög nr. 27, 25. sept. 1902 og lög nr. 56, 30. júlí 1909.

Ed. **276. Frumvarp**

til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Reykjavíkur og gera nákvæman uppdrátt af þeim.

Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni.

2. gr.

Mælikvarði uppdráttarins skal ekki vera minni en 1 : 500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða, og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

3. gr.

Bæjarstjórnin ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir að láta þeim í tje þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa til þess að geta framkvæmt starf sitt.

Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda sjeu þeir heimilisfastir í Reykjavík eða þar staddir, viðvart með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hve nær merki verði ákveðin. Er þeim rjett að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún þá og lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóða.

Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi rjettar síns til að vera þar við, og ákveður mælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðareigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum.

Eigendur eða umboðsmenn lóða, er eigi hafa sótt merkjastefnu, geta, ef

þeir vilja eigi hlíta merkjasetningu, gert mælingamanni innan 4 vikna eftir merkjastefnu viðvart, og fer um dómsvald á ágreiningi lóðarmerkja, þegar svo stendur á, eftir lögum þessum.

4. gr.

Bæjarstjórnin löggildir bók, sem nefnist lóðamerkjabók. Skal mælingamaður rita í hana lýsing á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit af aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar, eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, bygðra og óbygðra. Mælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra, skulu undirskrifa lýsinguna, en rjett er lóðaeigendum að gera fyrirvara um ágreining, ef samkomulag fæst eigi um merkin, og skal þá sýna á eftirritinu af uppdrættinum svo greinilega sem unt er, hvað milli ber um merkin. Mælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur rjettari, eða geti hann á hvoruga fallist, hvar hann telur merki rjettast eftir öllum atvikum.

5. gr.

Úr öllum þrætum um merki lóða sker merkjadómur. Merkjadóm þenna skipa 3 menn. Kýs stjórnarráðið einn; skal hann vera lögfræðingur, og er hann formaður dómsins. Annan hinna tveggja kýs landsyfirdómurinn, en bæjarstjórnin hinn. Þrír varamenn skulu og kosnir á sama hátt. Varamaður tekur sæti í dóminum, ef aðalmaður deyr, eða forfallist sá, sem hann er varamaður fyrir. Ef bæði aðalmaður og varamaður deyja eða forfallast, skal sá, sem kaus þá, velja mann í staðinn. Í dóminum ræður afl atkvæða úrslitum. Um óhæfi (inhabilitet) merkjadómara gilda sömu reglur sem um óhæfi reglulegra dómara, samkvæmt landslögum. Áður en merkjadómari byrjar störf sín í dóminum, skal hann skrifa undir eiðspjall. Hverjum merkjadómara ber 4 kr. í þóknun fyrir hvern dag, er hann situr að merkjadómi.

6. gr.

Nú verður ágreiningur um lóðamörk, og sendir þá mælingamaður formanni merkjadóms uppdrátt af þrætulóðunum og skýrslu um það í hverju ágreiningurinn sje fólginn. Formaður merkjadóms kveður málsaðilja síðan til þess að sækja merkjadómþing með hæfilegum fyrirvara, er venjulega sje eigi lengri en 3 sólarhringar. Skal einn löggiltur stefnuvottur birta fyrirkallið. Á merkjadómþingi leggja málsaðiljar fram gögn sín og leiða vitni, ef með þarf. Dómendur ganga á merki, ef þeim þykir það nauðsynlegt, áður eða eftir að vitnaleiðsla hefir fram farið.

Vitnum er skylt að mæta fyrir merkjadómi með einnar nætur fyrirvara. Ákvæði N. L. 1—13—13 gildir eigi. Frestir skulu sem stytstir vera, og eigi lengri en 3 sólarhringar, nema brýna nauðsyn beri til. Merkjamál þarf ekki að leggja til sátta.

Nú sækja aðiljar, einn eða fleiri, eigi merkjadómþing, enda þótt löglega sje til stefnt, og skal þá dómur ganga um málið alt að einu, enda skipi dómurinn þá talsmann hverjum þeim, er eigi sækir dómþingið, en að öðru leyti skal málið fara eftir rjettarfarsreglum einkamála.

7. gr.

Dómur í merkjamáli skal uppkveðinn innan 3 sólarhringa eftir dómtöku, nema mál sje óvenjulega umfangsmikið, enda má dómsuppsögn aldrei dragast lengur en 14 daga.

Í merkjadómi skulu lóðamerki ákveðin. Tilkynnir formaður merkjadóms málsaðiljum og mælingamanni, hvar og hve nær dómur verði uppkveðinn. Mælingamaður afmarkar síðan lóðina á uppdrættinum, eins og merkjadómur hefir ákveðið hana, og innfærir í lóðamerkjabók.

Merkjadómur kveður og á um það, hver málsaðilja skuli greiða málskostnað, þar á meðal um kaup til dómenda. Nú þykir merkjadómi eigi ástæða til að kveða á um greiðslu kaupsins til dómenda, og greiðist það þá úr bæjarsjóði. Merkjadómi má fullnægja sem öðrum dómum. Fullnægjufrestur er 3 sólarhringar eftir dómsuppsögn.

8. gr.

Merkjadómi má skjóta til landsyfirdóms áður liðnar sjeu 4 vikur frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að 3 mánuðir eru liðnir frá dómsuppsögn. Ákvæði N. L. 1—2—3 um stefnu til dómara gilda eigi um þetta málskot, enda sje merkjadómöndum eigi stefnt til ábyrgðar fyrir dóm sinn eða málsmeðferð. Að öðru leyti gilda almennar rjettarfarsreglur einkamála um meðferð merkjamála bæði fyrir merkjadómi og yfirdómi, að því leyti sem við á.

9. gr.

Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa í kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af stjórnarráði Íslands. Stjórnarráðið setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnarinnar, reglur um, hvernig skrásetningunni skuli hagað.

10. gr.

Í skrá þessa og á aðaluppdráttum skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin mann til að hafa starfa þenna á hendi.

11. gr.

Nú verða eigandaskifti að skrásettri lóð, og má þá eigi þinglýsa skjal eða skjölum þar um, nema lóðarskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigandaskiftanna sje getið í lóðaskrá.

Ef skrásettri lóð er skift í hluta, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiftinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiftingunni.

12. gr.

Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í tje staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir hvert eftirrit greiðist 2 kr. Sama gjald greiðist fyrir vottorð þau, er ræðir um í 10. gr.

13. gr.

Bæjarstjórnin getur á sama hátt látið skrásetja og mæla lóðir og lönd utan kaupstaðarlóðarinnar, en innan lögsagnarumdæmisins, er þá færist á aukaskrá. Um aukaskrána gilda hin sömu ákvæði, sem hjer að framan eru sett um aðalskrána, en mælikvarði uppdráttar, sbr. 2. gr., má þó vera minni.

14. gr.

Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 7. gr.

15. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar bæjarstjórnin veitir fje það, sem til þess er nauðsynlegt.

Ed. **277. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjón Íslands nr. 17 frá 3. okt. 1903.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Eftirlaun ráðherra skulu afnumin þegar hin nýju stjórnarskipunarlög ganga í gildi.

2. gr.

Nú fer maður úr embætti, er eftirlaunarjettur fylgir, í ráðherraembætti eða tekur slíkt embætti eftir að hann hefir slept ráðherraembætti, þá fær hann að eins þau eftirlaun, er því embætti fylgja.

3. gr.

Úr lögum er numin 3. gr. laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, frá 3. okt. 1903.

Nd. **278. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um afhendingu á landi til stækkunar á kirkjugarðinum í Reykjavík.

Nefndin hefir íhugað málið á mörgum fundum, og auk þess gengið á staðinn og athugað staðhætti við kirkjugarðinn hjer í Reykjavík.

Það er augljóst, að kirkjugarður sá, sem er nú, er nær útgrafinn.

Nefndin átti tal við Bjarna Matthíasson hringjara, sem er umsjónarmaður kirkjugarðsins. Tjáði hann nefndinni, að sá hluti, sem eftir væri ógrafinn af garðinum, mundi eigi endast lengur en fram á næsta haust, fram undir nýár. Mun þetta vera á rjettum rökum bygt.

Nefndin álítur því bráða nauðsyn bera til, að aukið verði við kirkjugarðinn.

Sú spurning var vakin í nefndinni, hvort landssjóði bæri að kosta aukning kirkjugarðsins. Eftir rækilega íhugun komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að það gæti eigi verið vafamál, að landssjóði bæri að kosta aukninguna. Samkvæmt lögum um kirkjugarða frá 8. nóv. 1901 ber kirkjueiganda að leggja til land undir kirkjugarð. Landssjóður er eigandi Reykjavíkurkirkju og hann hefir eigi, hvorki með samningum, löggjöf eða á annan hátt, verið leystur frá skyldunni að leggja til land undir kirkjugarðinn. Enda hefir landssjóður lagt til landið undir garðinn, bæði er núverandi kirkjugarður var fyrst settur á fót (sbr. konungsúrsk. frá $^{28}/_{4}$ 1837), og er hann síðar var aukinn (sbr. fjárlög 1903, 13. gr. A, 8).

Nefndin lítur svo á, að fá verði land það, sem liggur að kirkjugarðinum að vestanverðu, til aukningar garðinum. Land það er hið svonefnda Nýjatún og svo dálítil skák af öðru landi. Að Nýjatúni eru margir sameigendur. Hefir eigi hingað til getað orðið samkomulag milli þeirra um það, hverju verði þeir vilji láta af hendi land undir garðinn, ef til þarf að taka. Meðal annars af þeim ástæðum, þarf eignarnámsheimild þá, sem farið er fram á í frumv.

Ef taka ætti nú land, sem entist um mjög langan tíma, (t. d. 40—50 ár) með þeirri greftrunaraðferð og greftrunarþörf, sem nú er og heldur fer í vöxt, eftir því, sem bærinn stækkar, mundi eigi af veita að tekið væri alt Nýjatúnið, sem mun vera kringum 12 dagsláttur, eða sem næst 100,000 faðalnum. Má búast við, að það mundi kosta afarmikla fjárhæð.

En bæði er það, að til tals gæti komið, að heppilegra væri, að skifta kirkjugarðinum, leggja nýjan kirkjugarð á öðrum stað í bænum, eða við bæinn, og svo hitt, að ef til vill þætti tiltækilegt, að leggja niður þá greftrunaraðferð, sem nú er höfð, og taka upp líkbrenslu í staðinn. Af þessum ástæðum telur nefndin heppilegt, að stækkunarheimildin sje í þetta skifti takmörkuð nokkuð.

Um *líkbrenslu* skal það sjerstaklega tekið fram, að nefndin er öll á einu máli um það, að æskilegt sje, að hjer verði komið á líkbrenslu sem allra fyrst. Nefndin hefir látið spyrjast fyrir í útlöndum, símleiðis, um hve mikið kosta mundi að koma upp slíkri líkbrenslustofnun hjer. Samkvæmt því svari, sem nefndinni hefir borist úr ábyggilegum stað, mun kostnaður þessi verða um 30,000 krónur; af þeirri upphæð kostar brensluofninn sjálfur 10,000 kr.; hitt nauðsynlegar byggingar. Kostnaður við brenslu á hverju líki mundi ekki verða meiri en við greftrun, eins og nú er hún framkvæmd; byggir nefndin það meðal annars á skýrslum, sem landlæknir hefir aflað sjer um þetta efni.

Þótt nefndin sje nú á því máli, að æskilegt sje að koma á líkbrenslu hjer sem fyrst, þá telur hún þó það mál eigi svo vel undirbúið, að þetta þing geti tekið nokkra endanlega ákvörðun um það. En nefndin ber fram þings-

ályktunartillögu um, að skora á stjórnina, að undirbúa málið fyrir næsta alþingi og koma þá fram með lög um líkbrenslu og líkbrenslustofnun hjer í Reykjavík. Nefndin gerir ráð fyrir því, að í þeim lögum verði eigi ákveðin skyldubrensla á öllum líkum hjer í Reykjavík; telur sjálfsagt, að tekið sje tillit til tilfinninga og hugsana þeirra, sem af trúarástæðum, eða öðrum ástæðum, hafa á móti líkbrenslu. En hins vegar vill nefndin beina því til stjórnarinnar, að ákveðin verði í slíku lagafrumvarpi, að brenna skuli öll lík hjer í Reykjavík, *nema* hinn látni hafi látið uppi ósk um, að verða eigi brendur, *eða* nánasti eftirlifandi vandamaður hins látna óski, að líkið verði ekki brent.

Af ástæðum þeim, er að framan greinir, vill nefndin leggja til, að eigi verði með frumvarpinu heimilað að taka meira land undir kirkjugarð nú en alt að 2 dagsláttum; nefndin gerir ráð fyrir, að hver dagslátta muni rúma h. u. b. 1000 eins manns grafir og 2 dagsláttur því endast 8—9 ár með þeirri greftrunaraðferð og þeim andlátafjölda, sem nú er hjer í bænum. Sumir í nefndinni vilja þó, að stjórnin reyni að ná kauptilboði á öllu Nýjatúninu fyrir hæfilegt verð, og mætti þá leggja undir úrskurð næsta alþingis, hvort keypt skyldi alt túnið, og hafa hinir nefndarmennirnir viljað fallast á, að það sje reynt.

Þótt svo lítið sje tekið í einu, hefir aukning kirkjugarðsins í för með sjer talsverðan kostnað fyrir landssjóð, án þess að hann fái nokkuð í aðra hönd nú síðan legkaup var úr lögum numið með söknargjaldalögunum frá 1909. Meiri hluti nefndarinnar álítur sanngjarnt, að um leið og lögð eru á landssjóð þau útgjöld, sem eru samfara kirkjugarðsaukningunni, sje lagt á legkaup, sem eigi sje tilfinnanlega hátt.

Í samræmi við það, sem að framan greinir, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með þeim breytingum, sem hjer fara á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um afhendingu á landi til stækkunar á kirkjugarðinum í Reykjavík:

1. 1. málsgr. 2. greinar orðist svo:

   Ráðherra Íslands, í samráði við biskup, ákveður, hve nær eignarnám skuli fram fara, hvar land skuli tekið, og hve mikið, þó eigi meira en 2 dagsláttur.

2. Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 3. grein, svohljóðandi:

   Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í Reykjavíkurkirkjugarði, 2 krónur fyrir börn yngri en 1 árs, en 4 krónur fyrir aðra. Legkaupið rennur í landssjóð.

Enn fremur ber nefndin fram sjerstaka þingsályktunartillögu um líkbrenslu á þingskj. 279.

Alþingi 29. júlí 1914.

Jón Magnússon, formaður. Sveinn Björnsson, skrifari og framsögumaður.

Einar Arnórsson. Benedikt Sveinsson. Björn Hallsson.

Pjetur Jónsson. Sigurður Sigurðsson.

Nd. **279. Tillaga**

til þingsályktunar um líkbrenslu í Reykjavík.

Frá nefndinni í málinu: Frv. til laga um afhendingu á landi til stækkunar á kirkjugarðinum í Reykjavík.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina að afla allra nauðsynlegra skýrslna um kostnað við að koma á líkbrenslustofnun í Reykjavík, og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um líkbrenslustofnun og líkbrenslu í Reykjavík, ef tiltækilegt þykir.

Nd. **280. Frumvarp**

til laga um sandgræðslu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Landstjórnin hefir yfirstjórn sandgræðslumála í landinu. En öll forstjórn opinberra ráðstafana til sandgræðslu og varna gegn sandfoki eða uppblæstri lands, skal falin Búnaðarfjelagi Íslands.

2. gr.

Heimilt er landsstjórninni að láta girða uppblásin svæði, sem uppblásturshætta getur stafað af, í þeim tilgangi, að þar verði unnið að sandgræðslu, bæði til þess að græða þau svæði að fullu og til þess að koma í veg fyrir, að uppblásturinn færist út. Allan þann tíma, sem að sandgræðslunni er unnið, hefir landsstjórnin full umráð yfir sliku svæði, og getur eigandi eða sá, er afnotarjett hefir yfir svæðinu, eigi krafist endurgjalds fyrir þau afnot, sem hann annars kynni að hafa af því.

3. gr.

Stjórnarráðið með samráði við sýslunefndir þær, er hlut eiga að máli, og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, ákveður, hvar svæði skuli tekin til girðingar og sandgræðslu. Sá, er óskar að fá girt uppblásið svæði í landeign sinni, sendir Búnaðarfjelaginu beiðni um það, og lætur fylgja ítarlegar skýrslur um ástæður allar.

Þau svæði skulu að öðru jöfnu vera látin ganga fyrir, þar sem eigendur eða aðrir, þeir er að standa, vilja sjálfir leggja fram fje nokkurt til girðingarinnar.

4. gr.

Kostnað við girðing, umfram það er eigandi eða aðrir, þeir er að standa, leggja fram, skal greiða úr landssjóði að $^3/_4$, en úr sýslusjóði að $^1/_4$. Á sama hátt skal greiða kostnaðinn við viðhald girðingarinnar þar til er fram er farin afhending sú, sem getur um í 7. gr.

5. gr.

Á þeirri jörð, þar sem sandgræðsla fer fram, er þeim, er umsjón hafa með verkinu fyrir hönd landsstjórnarinnar, heimilt að taka endurgjaldslaust það efni, sem nota má við sandgræðsluna, svo sem grjót, grassvörð, hrís, víðikvisti og lyng, valdi það engum landsspjöllum. Sje hinsvegar um landsspjöll að ræða og krefjist eigandi eða nothafi bóta fyrir þau, má greiða þær eftir mati óvilhallra manna.

6. gr.

Ef einstakir menn setja girðingar fast við sandgræðslugirðinguna, skulu hlið vera á þeim, eigi fjær henni en 40 metra, svo að ganga megi tálmunarlaust kring um alt sandgræðslusvæðið til eftirlits.

7. gr.

Ekki má óupphleyptur vegur liggja um girt sandgræðslusvæði, og ekki svo nærri girðingunni, utanvert við hana, að umferðin geti valdið þar uppblæstri. Ef af þessum ástæðum þarf að breyta um veg, eða gera upphleyptan veg, skal kostnaðinn við það greiða á sama hátt sem girðingarkostnaðinn.

8. gr.

Þá er sandfokið er heft og svæðið gróið upp, fær eigandi umráð yfir því aftur, en skylt er honum að hlíta reglum þeim um notkun þess, er stjórnarráðið setur eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands til varnar því, að uppblásturinn byrji af nýju. Landeigandi eignast þá og girðinguna, en er síðan skyldur til að halda henni við á sinn kostnað, þar til stjórnarráðið kann að gefa leyfi til að taka hana upp, af því að svæðið er orðið svo vel gróið, að full vissa þykir um það, að uppblásturinn byrji ekki af nýju.

9. gr.

Ef uppblástur skyldi byrja af nýju eftir að eigandi hefir aftur fengið svæðið til umráða, samkæmt 7. gr., þá er honum skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sje að engu leyti meðferð

hans að kenna, og vanræki hann það, hefir landstjórnin rjett til að láta vinna verkið á hans kostnað.

10. gr.

Búnaðarfjelag Íslands skal hafa yfirumsjón með sandgræðslusvæðunum og girðingunum um þau, einnig eftir það að þau eru afhent eiganda til umráða. En hreppstjóri skal hafa eftirlit með þeim. Ef girðing skemmist áður en svæðið er afhent eiganda til umráða, skal eigandi jarðarinnar eða ábúandi skýra hreppstjóra tafarlaust frá skemdunum, og er þá hreppstjóra skylt að sjá um, að gert verði við girðinguna svo fljótt sem hægt er, en ábúandi skal verja svæðið fyrir ágangi af skepnum á meðan. Verði hreppstjóri þess var, að ábótavant sje meðferð sandgræðslusvæðisins eða að aftur sje farið að votta fyrir uppblæstri á því, eftir að það er gróið, skal hann gjöra Búnaðarfjelaginu aðvart um það svo fljótt sem kostur er. Um árslok sendir Búnaðarfjelagið landsstjórninni skýrslu um það, hvernig sandgræðslugirðingar og sandgræðslusvæðin hafist við, og í hvaða ástandi þau sjeu nú.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til landssjóðs, 5 til 100 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 54 frá 22. nóv. 1907 um afskifti forstjóra skógræktarmála og skógvarða af sandgræðslumálum og uppblæstri landsins.

Ed. **281. Frumvarp**

til laga um sparisjóði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið, að taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrirskipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda stjórnarráði Íslands lög sjóðsins eða reglugerð til staðfestingar, og má sjóðurinn eigi taka til starfa fyr en slík staðfesting er fengin.

Í lögum eða reglugerð sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði um:

a. trygging sjóðsins: Hvað sje greitt tryggingarfje, ábyrgð einstakra manna eða fjelaga;
b. hvernig stjórn sjóðsins skuli vera fyrir komið, hvernig hana skuli kjósa og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli vera hagað;
c. um móttöku sparisjóðsfjár og útborgun á því, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, lán úr sjóðnum, ágóða sjóðsins og varasjóð, endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins;
d. hvernig lögum sjóðsins eða reglugerð geti orðið breytt svo að löglegt sje.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar sinnum í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fresti, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur sparisjóði, þeim sem í hlut á.

Sparisjóðir, þeir sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1915 sækja til stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eða reglugerðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur, er stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara, eða veita hæfilega ríflegan frest til að kippa í lag því, sem á það brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfje eða greitt ábyrgðarfje, mega ekki fá hærri arð eða vexti af slíku fje en 6 af hundraði á ári.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar mega engir aðrir en sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Í öllum viðskiftabókum sparisjóða skal vera prentað ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins, svo og einnig lög eða reglugerð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn hvers sparisjóðs mega eigi vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn, og hverjir þeirra geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn gagnvart viðskiftamönnum hans.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir vítavert hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóða og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

8. gr.

Hverjir kosnir eru í stjórn sparisjóðs, skal jafnan tafarlaust tilkynna stjórnarráðinu.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu jafnan vera að minsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókari.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má fjehirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess annar starfsmaður sje viðstaddur. Sömuleiðis getur fjehirðir greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsgr. Heimilt er að stjórnendur sjóðsins hafi þess störf með höndum.

10. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei greiða neina upphæð, nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hinsvegar veita móttöku, þótt viðskiftabók sje eigi sýnd. Skal þá gefin sjerstök kvittun fyrir innlögunum og þess getið í kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

11. gr.

Innstæðueigandi hver skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilgreind hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eða bækur skal jafnan halda yfir öll lán úr sjóðnum og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig halda um allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá um alla skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Enn fremur skal hver sparisjóður hafa gjörðabók, er í sje skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánssynjanir, lántökur og annað slíkt.

Stjórnarráðið setur reglur um bókfærslu sparisjóða, og ákveður fyrirmynd allra skjala.

12. gr.

Aldrei má veita lán úr sparisjóði, nema því að eins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má eigi veita nema í lengsta lagi til eins árs, og eigi má endurnýja þau oftar en svo, að innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.

Sparisjóðum, þeim er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eða meira, er skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs (sbr. 16. gr.), innistandandi í Landsbankanum að minsta kosti 3% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eða að hafa í vörslum sínum ríkisskuldabrjef, bankavaxtabrjef eða önnur jafntrygg verðbrjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð. Nú kemur það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

Þegar verðbrjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá brjefin sem eign sparisjóðs. Verðbrjefaforða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

13. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður lán taka, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabrjef sín eða verðbrjef til tryggingar slíkum lánum, sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar brjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

14. gr.

Eigi mega sparisjóðir gefa út handhafaávísanir á sjálfa sig.

15. gr.

Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði og vöxtum, frádregnum, samkvæmt 3. gr., skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef eigur sparisjóðs nema meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður sjóðsins hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða, nema því að

eins, að eignir hans nemi að minsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fje úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir.

16. gr.

Varasjóður sparisjóða skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum eða í inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir en svo, að 5% nemi af samanlögðu innstæðufje sjóðsins, eins og það var í árslok næstu á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðs neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborguna, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

17. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýári til nýárs. Ársreikningur hvers sparisjóðs skal vera saminn fyrir marsmánaðarlok.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd fyrir reikningum sparisjóða.

18. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi gætur að því, svo oft sem þörf er á, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugerð sparisjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

19. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins, og ábyrgðarmenn eða aðrir, þeir sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks, þegar á þarf að halda, þá getur stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins geta þá tekið ákvörðun um það, hvort þess skuli krafist, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður muni eigi fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það stjórnarráðinu.

20. gr.

Ef sparisjóður legst niður, og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugerð

ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins, þær er afgangs eru skuldum, getur stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að af eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjeraði því, er sjóðurinn var stofnaður í.

21. gr.

Stjórnarráðið hefir eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra. Það lætur svo fljótt sem unt er bankavanan mann athuga nákvæmlega allan hag, starfsemi og fyrirkomulag sparisjóða í landinu og leiðbeina eftir þörfum í öllu því, er lög þessi krefjast um starfsemi og skipulag sparisjóða. Að loknu eftirliti gefur hann stjórnarráðinu nákvæma skýrslu um allan hag og ástand sjóðanna.

Samskonar eftirlit getur stjórnarráðið haft með nokkrum sparisjóðum á ári hverju, og skal þá einkum taka tillit til stærstu sparisjóðanna.

Eftirlitsmaður getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóða, allan hag þeirra og fyrirkomulag. Skylt er stjórnendum og starfsmönnum sparisjóða að láta stjórnarráðinu í tje allar skýrslur um rekstur sparisjóða og allan hag þeirra, er nauðsyn þykir að krefjast, og getur stjórnarráðið látið beita dagsektum alt að 5 kr. á dag, ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutaðeiganda. Sektarfjeð rennur í landssjóð og má taka það lögtaki, ef það ekki er greitt í gjalddaga.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa eftirlitsmanni.

Í fjárlögum skal veita hæfilega upphæð til eftirlits með sparisjóðum.

22. gr.

Heimilt er að geyma um stundarsakir fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

23. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi, meðan það stendur þar.

24. gr.

Sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum sínum, eða ábyrgðarmönnum, eru undanþegnir tekjuskatti og sömuleiðis útsvari, enda sje ekki heimilt, samkvæmt lögum eða reglugerð sparisjóðsins, að verja fje úr varasjóði til annars en að bæta tjón það, er sjóðurinn kann að bíða, eða til nytsemdarfyrirtækja í almenningsþarfir.

25. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú hafa rjett til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sjerstökum lögum.

26. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við.

Sektir allar renna í landssjóð.
Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

28. gr.

Tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi er úr lögum numin.

Nd. 282. Tillaga

til þingsályktunar um sambandsmálið o. fl.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á ráðherra Íslands:

I. Að gera danska löggjafar- og framkvæmdar-valdinu, sem og dönsku þjóðinni yfirleitt, sem allra kunnastar kröfur, og óskir, íslensku þjóðarinnar, að því er til sambandsmálsins kemur, eins og þær komu fram í sambandslögunum, er samþykt voru á Alþingi árið 1909.

II. Að gera danska löggjafar- og framkvæmdar-valdinu, sem og dönsku þjóðinni yfirleitt, eigi síður kunnan skilning Íslendinga á yfirlýsingum, tilboðum, eða loforðum, og viðurkenningum, danska löggjafarvaldsins sjálfs, í stöðulögunum frá 2. janúar 1871, Íslendingum til handa, sbr. þingsályktunartillöguna, er borin var fram í neðri deild Alþingis árið 1912, þingskjal 264.

Alþingismönnum, og öðrum, til glöggvunar, þá er þingsályktunartillagan, sem skírskotað er til hjer að ofan, prentuð hjer orðrjett.
Hún var svolátandi:

Nd. **264. Þingsályktunartillaga**

lútandi að ýmsum ríkisrjettindum Íslands, er viðurkend verða að teljast af danska löggjafarvaldsins hálfu.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Bjarni Jónsson, frá Vogi, Benedikt Sveinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar:

A, að lýsa yfir því:

I. *að* þar sem danska löggjafarvaldið hefir — í 3. gr. stöðulaganna frá 2. janúar 1871 — *viðurkent:*

a, *að* „fiskiveiðarnar" sjeu íslenskt sjermál, þá hefir það og þar með viðurkent, að það sje *íslenska löggjafarvaldið* er *eitt* ræður allri lagasetningu, er að fiskiveiðum í landhelgi Íslands lýtur, — og ræður því þá og einnig, *hvort* og *hve lengi* þegnar Danakonungs, sem ekki eru búsettir á Íslandi, njóta jafnrjettis við Íslendinga í þeirri grein, sem og hvort endurgjaldslaust skuli vera, eða gegn endurgjaldi.

b, *að* meðan íslenska löggjafarvaldið lætur þegna Danakonungs, sem ekki eru búsettir á Íslandi, njóta jafnrjettis við Íslendinga, að því er til fiskveiðanna í landhelgi Íslands kemur, þá eru strandvarnir Dana hjer við land eigi að eins í þágu Íslendinga framkvæmdar, heldur og í þágu annara, fyrgreindra þegna Danakonungs.

c, *að* meðan svo hagar, sem nú er, að því er til fyrgreinds jafnrjettis, hvað fiskiveiðarnar snertir, kemur, *verður* þá og að líta svo á, sem ríkissjóður Dana framkvæmi landhelgisvörnina alls eigi endurgjaldslaust.

II. *að* þar sem danska löggjafarvaldið hefir — í 3. gr. stöðulaganna — enn fremur *viðurkent*, að „verslunin" sje íslenskt sjermál, þá felst þar í:

a, *viðurkenning* þess af danska löggjafarvaldsins hálfu, að það sje þá og á valdi íslenska löggjafarvaldsins *eins*, að skipa íslenska verslunarræðismenn („konsúla") í öðrum löndum, er svo sýnist, og ráða öllu, er þar að lýtur.

b, felst og þar í: *loforð* — eða skuldbinding — af hálfu danska löggjafarvaldsins, að hlutast til um, að engin mótspyrna, eða fyrirstaða, verði, ef til kemur, af annara ríkja hálfu, að því er snertir viðurkenningu íslenskra konsúla, sem slíkra.

III. *að* þar sem danska löggjafarvaldið — í 3. gr. nefndra stöðulaga —, hefir enn fremur *viðurkent*, að „siglingarnar" sjeu íslenskt sjermál, þá felst og þar í:

a, *viðurkenning* þess af danska löggjafarvaldsins hálfu, að það sje íslenska löggjafarvaldsins eins, en eigi annara, að kveða á um það, hvaða *fána* Ísland skuli hafa á skipum sínum, hvar í heiminum sem stödd eru.

Sbr. þá og — hinu sama til enn frekari styrkingar — orðið „verslun" í nefndri grein stöðulaganna.

b, felst og í tjeðu ákvæði stöðulaganna („siglingar") *loforð* — eða skuldbinding — af danska löggjafarvaldsins hálfu í þá átt, að það ætli sjer að sjá um, að ekki verði á neinn hátt nokkur fyrirstaða, af annara ríkja hálfu, að því er snertir alþjóðlega viðurkenningu íslenska fánans, er til kemur.

IV. *að* þar sem danska löggjafarvaldið hefir — í 3. gr. stöðulaganna frá 2. janúar 1871 — *viðurkent*, að „lögreglumálefnin" sjeu íslenskt sjermál — sbr. þá og: viðurkent „fiskiveiðarnar" íslenskt sjermál að vera —, þá felst þar í:

a, *viðurkenniug* þess af danska löggjafarvaldsins hálfu, að það sje íslenska löggjafarvaldið, sem eitt á að ráða öllu, að því er strandvarnirnar (gæslu fiskiveiðanna m. m.) snertir.

b, felst þar í: *loforð* — eða skuldbinding — af danska löggjafarvaldsins hálfu, að hlutast skuli til um, eða að það ætli sjer að sjá um, að ekki verði á neinn hátt nein fyrirstaða, af hálfu annara ríkja, gegn því, að Ísland geti framkvæmt þetta vald sitt á þann hátt, sem íslenska löggjafarvaldinu þykir best henta.

V. *að* þar sem danska löggjafarvaldið hefir enn fremur *viðurkent* — sbr. oftnefnda grein stöðulaganna —, að „atvinnuvegirnir" sjeu yfirleitt íslenskt sjermál — (sbr. og „vegir og póstgöngur á Íslandi") —, þá felst þar í:

a, *viðurkenning* þess af danska löggjafarvaldsins hálfu — sem og leiðir af hlutarins eðli —, að um loftskeytastöðvar hjer eigi íslenska löggjafarvaldið *eitt* atkvæði, — þ. e. ráði eigi að eins öllu um það, hvar reisa megi þær á Íslandi, heldur og

öllu um hagnýtingu þeirra, hvort er um skeytasendingar innan lands, eða til annara landa ræðir.

b, *að* í viðurkenningu þess, að „atvinnumálin“ — sbr. og hið annað, sem vitnað var í hier að ofan — sjeu íslensk sjermál, felst þá og *loforð* — eða skuldbinding — af danska löggjafarvaldsins hálfu, að sjá skuli um, að Ísland geti — alfyrirstöðulaust af öðrum þjóðum — hagnýtt tjeðan, af danska löggjafarvaldinu viðurkendan, rjett sinn.

VI. *að* þar sem danska löggjafarvaldið hefir í stöðulögunum frá 2. janúar 1871 *viðurkent,* að Ísland hafi „sjerstök landsrjettindi“, sem og, að það hafi „sjerstakleg málefni“ — sbr. 1. og 3. gr. stöðulaganna —, og *þar sem* í 1. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. janúar 1874 (gefin Íslendingum af kgl. einveldi) enn fremur er *viðurkent,* að í „sjerstaklegu málefnunum“ hafi Ísland „löggjöf sína, og stjórn, út af fyrir sig“, þá leiðir af þessu:

a, *viðurkenningu* þess af danska löggjafarvaldsins hálfu, að *af sjermálum Íslands eigi danskir ráðherrar alls engin afskifti að hafa, nje heldur eigi þeir nokkurt atkvæði um þau.*

b, felst þá og í fyrgreindu *loforð* — eða skuldbinding — í þá átt, að sjeð skuli um, að svo verði hagað, sem í næsta stafliðnum hjer á undan segir.

B, Ennfremur ályktar þingdeildin:

að skora á ráðherra Íslands, að gera danska löggjafar- og framkvæmdar-valdinu, sem og dönsku þjóðinni framanskráða ályktun þingdeildarinnar kunna.

Skjal þetta er, að áliti undirritaðs, þess eðlis, að mjög áríðandi er, að dönsku þjóðinni verði í heild sinni gert það sem allra ljósast.

Alþingi 30. júlí 1914.

Skúli Thoroddsen,
þm. Norður-Ísfirðinga.

Ed. **283. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

Nefndin er skipuð var í þetta mál, leyfir sjer að leggja til, að það verði samþykt eins og það kom frá neðri deild, þó með nokkrum breytingum sem fremur eru orða- en efnisbreytingar, með því að vitað er, að fyrir nefndinni í

neðri deild, er fjallaði um frumvarpið, vakti það sem 1. og 3. breytingartillaga hjer á eftir taka fram. Fyrir þessu mun gerð nánari grein í framsögunni.

Alþingi 29. júlí 1914.

Eiríkur Briem	Björn Þorláksson
formaður.	skrifari.

H. J. Kristófersson.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Í staðinn fyrir »Ef maður vill . . . skjöl úr og á«, komi:
Ef maður vill öðlast þann rjett, er um er rætt í 1. gr., skal hann hafa sannað fyrir Stjórnarráðinu, að hann kunni nægilega vel þá tungu, sem hann vill öðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á, og að hann hafi að öðru leyti þá þekkingu til að bera, er ætla má, að fullnægjandi sje til að leysa þau störf vel af hendi.

2. — 3. - Í staðinn fyrir »er getur« komi:
er um er rætt.

3. — 3. - Aftan við greinina bætist:
Rjett er þó, að aðrir menn sjeu dómtúlkar og skjalþýðendur, ef þeir eru dómkvaddir til þess í hvert skifti.

Nd. 284. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Matth. Ólafsson.

Aftan við 4. gr. frumvarpsins bætist:
Oddviti hefir því að eins atkvæðisrjett, að hann eigi heima í sýslufjelaginu.

Ed. 285. Frumvarp

til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps veitist heimild til að láta eignarnám fara

fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju og byggingar og svæði í sambandi við bryggjuna.

Undanteknar eru þó hafnarbryggjur þær, sem fyrir eru, og vörugeymsluhús við bryggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í hreppsnefndinni.

Sveitarsjóður Hvanneyrarhrepps greiðir allan matskostnað.

Nú vill annaðhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið.

3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er trygt hefir verið nægilegt fje til hafnarbryggjugerðarinnar.

Ed. **286. Frumvarp**

til laga um friðun hjera.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, að hjerar skuli friðaðir vera, nokkurn hluta árs eða alt árið.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum þeim, er sett verða samkvæmt 1. gr., varða 20 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem drepið er eða veitt; rennur helmingur sektarinnar í sjóð þeirrar sveitar, þar sem brotið var framið, en hinn helmingurinn til uppljóstrarmanns.

Með mál út af brotum á friðunarákvæðunum skal farið sem opinber lögreglumál.

Nd. **287. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breytingu á tolllögum nr. 54, 11. júlí 1911.

Frá nefndinni.

1. Heiti frv. verði:

Frumvarp til laga um breytingu á tolllögum nr. 54, 11. júlí 1911 og lögum um vörutoll nr. 30, 22. nóv. 1912.

2. Frumvarpsgreinin verði
1. gr.
og hljóði svo:

Nú verður maður uppvís að því, að hafa vanrækt að skýra innheimtumanni, áður lögmæltur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða að því, að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess, að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 segir, skal hann sæta frá 50 til 1000 króna sektum.

Nú hefur maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 100 króna.

Ennfremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum þeim, er undan hefur verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru, dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verslunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum, frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó fengið slík leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá, er eigi hefir slík leyfi, er hann verður brotlegur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

3. Aftan við frv. komi ný grein, er verði
3. gr.
og hljóði svo:

Með mál út af brotum gegn 1. málsgr. 2. gr., skal fara sem almenn lögreglumál, en mál út af brotum gegn 2. málsgr. 1. gr. sæta almennri sakamálameðferð.

4. Þá komi ný grein, er verði
4. gr.
og hljóði svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1. málsgr. 8. gr. tolllaga nr. 54, 11. júlí 1911 og 1. málsgr. 8. gr. laga um vörutoll nr. 30, 22. nóv. 1912.

Nd. 288. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um breytingu á tolllögum nr. 54, 11. júlí 1911 (þingskj. 212).

Frumvarp þetta er komið til neðri deildar frá háttv. efri deild, og leyfir nefnd sú, er háttv. neðri deild kaus í málið, hjer með að láta uppi álit sitt um það.

Nefndin telur að vísu rjett að setja harðari refsiákvæði við brotum gegn tolllögunum en þau ákvæði eru, sem nú gilda. Og í þessa átt stefnir frv. það, er hjer greinir. En að áliti nefndarinnar fer frv. að sumu leyti of skamt, en að öðru leyti of langt. Með frumv. er einungis farið fram á að breyta ákvæðum 8. gr. tolllaga nr. 54, 11. júlí 1911. En í lögum um vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912, 8. gr. 1. málsgrein eru öldungis samskonar ákvæði um refsingar fyrir brot gegn vörutollslögunum frá 1912 sem það fyrirmæli í tolllögunum frá 11. júlí 1911, er hér er tilætlunin að breyta. Nefndin telur auðsætt, að sömu viðurlögum skuli beita, hvort sem brotið er framið gegn ákvæðum almennu tolllaganna frá 11. júlí 1911 eða hinum sérstöku lögum um vörutollinn.

Af þessum ástæðum stafar fyrsta breytingartilllaga nefndarinnar á þingskj. 287 við frv.

Í eðli sínu eru þau brot, er hér um ræðir, samskonar sem röng skýrsla um skattskyldar tekjur og rangt framtal til tíundar, og frá því sjónarmiði ættu samsvarandi reglur að gilda um hvorttveggja. Þegar nú maður, sem hefir fengið tollskyldar vörur, hefir vanrækt að gefa innheimtumanni skýrslu um þetta á réttum tíma eða að öllu leyti, eða hann hefir gefið skýrslu um það án þess, að hún sé á þann hátt gefin, sem 155. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 segir, þá virðist nefndinni rétt að setja ákvæði um það sérstaklega. Hinsvegar vill nefndin einnig setja alveg sérstakt refsiákvæði, ef brotið heyrir undir 155. gr. En þá telur nefndin rangt og fara í bága við grundvallarreglur refsirjettarins, sbr. 63. gr. alm. hegningarl., að dæma sama manninn fyrir sama afbrot *bæði* í sekt samkvæmt refsiákvæðum tolllaganna *og* í fangelsi samkvæmt 155. gr. alm. hegningarlaga, eins og til er ætlast í frv. Einnig færi þá svo, ef frumvarpið yrði samþykt óbreytt, að refsimálin hlytu að verða tvö gegn sama manni fyrir sama brot. Málið til refsingar samkvæmt refsiákvæði tolllaganna yrði alment lögreglumál, en málið til refsingar samkvæmt 155. grein hegningarlaganna yrði alment sakamál. Þetta þykir nefndinni bæði harðdrægt í garð afbrotamanns og mjög svo óviðkunnanlegt frá rjettarfarslegu sjónarmiði. Nefndin hefir því tekið þann upp, að greina milli brotanna, eftir því hvort þau geta talist tolllagabrot að eins eða brot, er heimfærð verði undir 155. gr. alm. hegningarlaganna.

Hins vegar getur nefndin fallist á það, að sekta-lágmarkið sje fært upp frá því sem það er nú sett í 8. gr. beggja ofannefndra tolllaga. En þá verður jafnframt, samræmisins vegna, að færa upp refsilágmark 155. gr. hegningarlaganna, þannig að það geti aldrei orðið lægra en refsilágmark fyrir hreint tolllagabrot, heldur nokkru hærra. Því er stungið upp á því, að lægsta fangelsisrefsing verði 30 daga einfalt fangelsi, en það svarar, samkvæmt tilsk. um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum frá 25. júní 1869, til 100 króna sektar.

Sektir samkvæmt refsiákvæði 155. gr. hegningarlaganna afplánast að vísu samkvæmt 31. gr. sömu laga, en þar er einnig veitt heimild til að beita 30 daga einföldu fangelsi í stað 100 kr. sektar, ef hún er eigi öll greidd í tæka tíð. Og kemur því alt sæmilega heim hvað við annað.

Ákvæði frv. um það, að sá er brotið hefir þrisvar, skuli við 3. brot missa verslunarleyfi eða leyfi til umboðssölu, getur nefndin fallist á, þó að því viðbættu, að miklar sakir þurfi til.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að ráða háttv. deild til þess að sam-

þykkja frv. með breytingartillögum þeim, sem nefndin stingur upp á og skráðar eru á þingskj. 287.

Alþingi 30. júlí 1914.

H. Hafstein, form. Einar Arnórsson, skrifari.

Skúli Thoroddsen. Sigurður Sigurðsson.

Jóhann Eyjólfsson.

Nd. **289. Rökstudd dagskrá**

feld í Nd. 30. júlí. (frumv. til laga um friðun hjera, stj. frv., bls. 110—111).

Með því að mál þetta virðist ekki horfa til neinnar verulegrar gagnsemi landi og lýð, enda eigi nægilega upplýst, þykir deildinni eigi ástæða til að taka ákvörðun um það, og tekur hún því fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **290. Frumvarp**

til laga um ráðstafanir, til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

Flutningsm.: Einar Arnórsson, Matth. Ólafsson, Björn Kristjánsson og Sveinn Björnsson.

1. gr.

Sameinað alþingi kýs jafnskjótt, sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn hættu, sem því geti stafað af ófriði stórvelda í Norðurálfu.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist að dómi ráðherra og með ráði nefndarinnar:

1. að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðs hönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum, sbr. þó 4. lið.
3. Að taka enn fremur alt að 500 þúsund króna lán til slíkra kaupa.
4. Að stöðva fjárgreiðslur þær, sem taldar eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og

1915 í 13. grein, B. II — XVIII, svo og allar lánveitingar úr viðlagasjóði, er heimilaðar eru í fyrgreindum fjárlögum.

3. gr.

Enn fremur skal landsstjórninni með ráði nefndarinnar heimilt að leggja bann við útflutningi og sölu til manna, sem eigi eru hér búsettir, allrar nauðsynjavöru, hvort sem íslensk er eða innflutt, svo sem matvæla, veiðarfæra, kola, salts o. s. frv., ef slík ráðstöfun skyldi reynast nauðsynleg að einhverju leyti eða öllu vegna yfirvofandi eða hafins Norðurálfuófriðar.

Heimilt er stjórninni enn fremur að ákveða í reglugerð refsingar fyrir brot gegn þessari grein.

4. gr.

Landstjórnin ákveður með ráði nefndarinnar, hvort gjöra skuli framangreindar ráðstafanir og þá hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða og kveða á um verð á nauðsynjavörum í verslun.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda þar til næsta Alþingi kemur saman.

Sþ. **291. Tillaga**

til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að víxla handbæru fje landssjóðs í gull.

Flutningsmenn: Einar Arnórsson, Matth. Ólafsson, Björn Kristjánsson, Sveinn Björnsson, Ólafur Briem, Magnús Pétursson, Stgr. Jónsson og Sigurður Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að víxla öllu handbæru fje landssjóðs í gull, svo sem unt er og nauðsyn krefur, vegna innkaupa fóðurs eða annara birgða, er nauðsynleg kunna að verða sökum yfirvofandi eða byrjaðrar Norðurálfu-styrjaldar.

Sþ. **292. Breytingartillaga**

við till. til þingsályktunar á þgskj. 291.

Flutningsm.: Pjetur Jónsson.

1. Í stað orðanna í fyrirsögninni »skora á landsstjórnina« komi:
heimila landsstjórninni.

2. Fyrir orðin »skora á landsstjórnina að víxla öllu«
komi:
heimila landsstjórninni að koma

3. Aftan við tillöguna bætist:
og geyma gullið hjer á landi eða í Englandsbanka.

Sþ. **293. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að víxla handbæru fje landssjóðs í gull.

Frá flutningsmönnum.

Tillagan orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um að heimila landsstjórninni að víxla handbæru fje landssjóðs í gull.

Alþingi ályktar, að heimila landsstjórninni að víxla handbæru fje landssjóðs í gull, svo sem unt er, og nauðsyn krefur, vegna innkaupa matvæla eða annara birgða, er nauðsynleg kunna að verða sökum yfirvofandi eða byrjaðrar Norðurálfustyrjaldar, og geyma gullið hjer á landi eða í Englandsbanka.

Ed. **294. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913 um skip, árekstur og björgun.

Nefndin, sem hv. Ed. skipaði til að íhuga þetta frumvarp, sem fyrst var lagt fyrir þá háttv. deild, hefir athugað viðauka þá, sem hv. N.deild hefir samþykt við frumvarpið og orðið sammála um, að þeir megi standa.

Viðaukar þessir eru: *að* 1. gr. siglingalaganna er orðuð upp, án þess sjeð verði, að efni hennar sje að neinu breytt, og bætt við ákvæðum, sem eru samhljóða viðbót við 1. gr. sjólaganna dönsku frá 4. febrúar 1898, nema í frumvarpinu er krafist, að $^2/_3$ stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga fullnægi skilyrðunum um heimilisfang og rjett innborinna manna, en dönsku lögin heimta aðeins, að það sje meiri hlutinn, sem uppfylli tjeð skilyrði, og virðist þetta ákvæði frumvarpsins tryggilegra; og *að* frumvarpsgreinarnar verði feldar inn í texta siglingalaganna, og virðist 14. gr. frumvarpsins þannig orðuð nú, eftir bendingu frá nefndinni í E.deild, að þetta sje hægt svo vel fari.

Þá hefir fyrirsögn frumvarpsins verið breytt vegna upptekningar 1. gr. siglingalaganna í frumvarpið og viðaukanna við hana.

Annars hefir aðeins verið gerð ein orðabreyting á frumvarpinu, eins og það

var er það fór úr hv. E.deild, sem sje orðin: „sama manns sem", í 3ju málsgrein 6. greinar sett í stað: „sama manns eins og".

Nefndin ræður því til að hv. deild samþykki frumvarpið, eins og það liggur fyrir.

Alþingi 30. júlí 1914.

Eiríkur Briem, form. | Karl Einarsson, skrifari og framsögum. | Sigurður Stefánsson.

Kristinn Daníelsson. | H. J. Kristófersson.

Nd. **295. Breytingartillaga**

við frumvarp á þingskjali nr. 290.

Frá umboðsmanni ráðherra.

Við 3. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist:
Þó má ekki meina útlendum skipum að fá kol, olíu og nauðsynlegar vistir til þess að komast heim.

Sþ. **296. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 293.

Frá Karli Einarssyni.

Fyrir orðin í niðurlagi breytingartillögunnar »og geyma gullið hér á landi eða í Englandsbanka« komi:

og skal það gert á þann hátt, að landssjóður skifti á handbæru fje sínu og fje því, er bankarnir hjer eiga eða kunna að geta útvegað í útlöndum og koma því í geymslu í Englandsbanka.

Nd. **297. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

Frá flutningsmönnum.

1. Aftan við 2. gr. 4. lið bætist:

þó svo, að eigi komi í bága við þegar gjörða samninga og ráðstafanir um verk eða loforð um lánveitingar á þessu ári.

2. Í stað fyrri málsgr. 3. gr. komi:

Landsstjórninni er og heimilt, með ráði nefndarinnar, að leggja bann að einhverju leyti eða öllu við útflutningi eða sölu úr landi á öllum aðfluttum nauðsynjavörum, svo sem matvælum, veiðarfærum, salti, kolum o. s. frv., ef slík ráðstöfun skyldi reynast nauðsynleg vegna yfirvofandi eða hafins Norðurálfu-ófriðar. — Þó má eigi meina skipum að taka hjer kol eða aðrar birgðir, er þeim eru nauðsynlegar til þess að komast heim til sín.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni, með ráði nefndarinnar, að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef aðflutningur til landsins af útlendum matvörum heftist svo, að til voða horfi fyrir landsmenn.

3. 4. gr. orðist svo:

Landsstjórnin ákveður, með ráði nefndarinnar, hvort gera skuli framangreindar ráðstafanir og hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, og hvernig skuli selja þær.

Ennfremur má landsstjórnin, með ráði nefndarinnar og ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi krefur, taka eignarnámi matvæli hjá kaupmönnum eða framleiðendum, enda komi fult endurgjald fyrir.

Nd. 298. Frumvarp

til laga um ráðstafanir, til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sameinað Alþingi, kýs jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn hættu, sem því geti stafað af ófriði stórvelda í Norðurálfu.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist að dómi ráðherra og með ráði nefndarinnar:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðs hönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum, sbr. þó 4. lið.
3. Að taka enn fremur alt að 500 þúsund króna lán til slíkra kaupa.
4. Að stöðva fjárgreiðslur þær, sem taldar eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915 í 13. grein, B. II—XVIII, svo og allar lánveitingar úr viðlagasjóði, er

heimilaðar eru í fyrgreindum fjárlögum, þó svo að eigi komi í bága við þegar gjörða samninga og ráðstafanir um verk eða loforð um lánveitingar á þessu ári.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt, með ráði nefndarinnar, að leggja bann að einhverju leyti eða öllu við útflutningi eða sölu úr landi á öllum aðfluttum nauðsynjavörum, svo sem matvælum, veiðarfærum, salti, kolum o. s. frv., ef slík ráðstöfun skyldi reynast nauðsynleg vegna yfirvofandi eða hafins Norðurálfu-ófriðar. — Þó má eigi meina skipum að taka hjer kol eða aðrar birgðir, er þeim eru nauðsynlegar til þess að komast heim til sín.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni, með ráði nefndarinnar, að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef aðflutningur til landsins af útlendum matvörum heftist svo, að til voða horfi fyrir landsmenn.

Heimilt er stjórninni enn fremur að ákveða í reglugerð refsingar fyrir brot gegn þessari grein.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður, með ráði nefndarinnar, hvort gera skuli framangreindar ráðstafanir og hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, og hvernig skuli selja þær.

Enn fremur má landsstjórnin, með ráði nefndarinnar og ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi krefur, taka eignarnámi matvæli hjá kaupmönnum eða framleiðendum, enda komi fult endurgjald fyrir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda þar til næsta Alþingi kemur saman.

Sþ. 299. Þingsályktun

um að heimila landsstjórninni að koma handbæru fje landssjóðs í gull.

(Samþykt í sameinuðu þingi 31. júlí).

Alþingi ályktar, að heimila landsstjórninni að koma handbæru fje landssjóðs í gull, svo sem unt er, og nauðsyn krefur, vegna innkaupa matvæla eða annara birgða, er nauðsynleg kunna að verða, sökum yfirvofandi eða byrjaðrar Norðurálfustyrjaldar, og skal það gert á þann hátt, að landssjóður skifti á handbæru fje sínu og fje því, er bankarnir hjer eiga eða kunna að geta útvegað í útlöndum og koma því til geymslu í Englandsbanka.

Nd. **300. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um beitutekju.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Háttvirt efri deild hefir gjört nokkrar smávægilegar breytingar á frumvarpinu og teljum vjer þær fremur til bóta.

Vjer ráðum því háttvirtri neðri deild til að samþykkja frumvarpið eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi 31. júlí 1914.

Matth. Ólafsson, skrifari. Skúli Thoroddsen.

Stefán Stefánsson Eyf. M. J. Kristjánsson.

Ed. **301. Frumvarp**

til laga um ráðstafanir, til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs, jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn hættu, sem því geti stafað af ófriði stórvelda í Norðurálfu.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðs hönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum, sbr. þó 4. lið.
3. Að taka enn fremur alt að 500 þúsund króna lán til slíkra kaupa.
4. Að stöðva fjárgreiðslur þær, sem taldar eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915 í 13. grein, B. II—XVIII, svo og allar lánveitingar úr viðlagasjóði, er heimilaðar eru í fyrgreindum fjárlögum, þó svo að eigi komi í bága við þegar gjörða samninga og ráðstafanir um verk eða loforð um lánveitingar á þessu ári.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt, að leggja bann að einhverju leyti eða

öllu við útflutningi eða sölu úr landi á öllum aðfluttum nauðsynjavörum, svo sem matvælum, veiðarfærum, salti, kolum o. s. frv., ef slík ráðstöfun skyldi reynast nauðsynleg vegna yfirvofandi eða hafins Norðurálfu-ófriðar. — Þó má eigi meina skipum að taka hér kol eða aðrar birgðir, er þeim eru nauðsynlegar, til þess að komast heim til sín.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni, að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef aðflutningur til landsins af útlendum matvörum heftist svo, að til voða horfi fyrir landsmenn.

Heimilt er stjórninni enn fremur að ákveða í reglugerð refsingar fyrir brot gegn þessari grein.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður, hvort gera skuli framangreindar ráðstafanir og hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, og hvernig skuli selja þær.

Enn fremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi krefur, taka eignarnámi matvæli og eldsneyti hjá kaupmönnum eða framleiðendum, enda komi fult endurgjald fyrir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda þar til næsta Alþingi kemur saman.

Nd. **302. Breytingartillögur**

við frv. á þgskj. 298.

Frá flutningsmönnum.

1. Í 2. gr., 1. málsgr. falli burt orðin: »að dómi ráðherra . . . nefndarinnar«.
2. Í 3. gr., fyrri málsgr. falli burt orðin: »með ráði nefndarinnar«.
3. Í 4. gr., 1. og 2. málsgr. falli burt orðin: »með ráði nefndarinnar«, og orðið »og« falli burt á síðari staðnum.
4. Í 4. gr., 2. málsgr. bætist eftir orðinu »matvæli«: og eldsneyti.

Nd. **303. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

Frá Jóni Jónssyni, 2. þm. N.-Múl.

1. gr. orðist svo:

Landsstjórninni er heimilt að gera ráðstafanir til að tryggja landið gegn hættu, sem því geti stafað af ófriði stórvelda í Norðurálfu.

Ed. **304. LÖG**

um ráðstafanir, til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

(Afgreidd frá Ed. 31. júlí).

1. gr.

Sameinað Alþingi, kýs jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn hættu, sem því geti stafað af ófriði stórvelda í Norðurálfu.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðs hönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavörum, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum, sbr. þó 4. lið.
3. Að taka enn fremur alt að 500 þúsund króna lán til slíkra kaupa.
4. Að stöðva fjárgreiðslur þær, sem taldar eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915 í 13. grein, B. II—XVIII, svo og allar lánveitingar úr viðlagasjóði, er heimilaðar eru í fyrgreindum fjárlögum, þó svo að eigi komi í bága við þegar gjörða samninga og ráðstafanir um verk eða loforð um lánveitingar á þessu ári.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt að leggja bann að einhverju leyti eða öllu við útflutningi eða sölu úr landi á öllum aðfluttum nauðsynjavörum, svo sem matvælum, veiðarfærum, salti, kolum, o. s. frv., ef slík ráðstöfun skyldi reynast nauðsynleg vegna yfirvofandi eða hafins Norðurálfu-ófriðar. — Þó má eigi meina skipum að taka hjer kol eða aðrar birgðir, er þeim eru nauðsynlegar til þess að komast heim til sín.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef aðflutningur til landsins af útlendum matvörum heftist svo, að til voða horfi fyrir landsmenn.

Heimilt er stjórninni enn fremur að ákveða í reglugerð refsingar fyrir brot gegn þessari grein.

4. gr.

Landstjórnin ákveður, hvort gjöra skuli framangreindar ráðstafanir og hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, og hvernig skuli selja þær.

Enn fremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi krefur, taka eignarnámi matvæli og eldsneyti hjá kaupmönnum eða framleiðendum, enda komi fult endurgjald fyrir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda þar til næsta Alþingi kemur saman.

Nd. 305. Frumvarp

til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Reykjavíkur og gera nákvæman uppdrátt af þeim.

Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni.

2. gr.

Mælikvarði uppdráttarins skal ekki vera minni en 1 : 500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða, og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

3. gr.

Bæjarstjórnin ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir að láta þeim í tje þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa til þess að geta framkvæmt starf sitt.

Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda sjeu þeir heimilisfastir í Reykjavík eða þar staddir, viðvart með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hve nær merki verði ákveðin. Er þeim rjett að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún þá og lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóða.

Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi rjettar síns til að vera þar við, og ákveður mælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðareigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum.

Eigendur eða umboðsmenn lóða, er eigi hafa sótt merkjastefnu, geta, ef þeir vilja eigi hlíta merkjasetningu, gert mælingamanni innan 4 vikna eftir merkjastefnu viðvart, og fer um dómsvald á ágreiningi lóðarmerkja, þegar svo stendur á, eftir lögum þessum.

4. gr.

Bæjarstjórnin löggildir bók, sem nefnist lóðamerkjabók. Skal mælingamaður rita í hana lýsing á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit af aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar, eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, bygðra og óbygðra. Mælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra, skulu undirskrifa lýsinguna, en rjett er lóðaeigendum að gera fyrirvara um ágreining, ef samkomulag fæst eigi um merkin, og skal þá sýna á eftirritinu af uppdrættinum svo greinilega sem unt er, hvað milli ber um merkin. Mælingamáður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur rjettari, eða geti hann á hvoruga fallist, hvar hann telur merki rjettast eftir öllum atvikum.

5. gr.

Úr öllum þrætum um merki lóða sker merkjadómur. Merkjadóm þenna skipa 3 menn. Kýs stjórnarráðið einn; skal hann vera lögfræðingur, og er hann formaður dómsins. Annan hinna tveggja kýs landsyfirdómurinn, en bæjarstjórnin hinn. Þrír varamenn skulu og kosnir á sama hátt. Varamaður tekur sæti í dóminum, ef aðalmaður deyr, eða forfallist sá, sem hann er varamaður fyrir. Ef bæði aðalmaður og varamaður deyja eða forfallast, skal sá, sem kaus þá, velja mann í staðinn. Í dóminum ræður afl atkvæða úrslitum. Um óhæfi (inhabilitet) merkjadómara gilda sömu reglur sem um óhæfi reglulegra dómara, samkvæmt landslögum. Áður en merkjadómari byrjar störf sín í dóminum, skal hann skrifa undir eiðspjall. Hverjum merkjadómara ber 4 kr. í þóknun fyrir hvern dag, er hann situr að merkjadómi.

6. gr.

Nú verður ágreiningur um lóðamörk, og sendir þá mælingamaður formanni merkjadóms uppdrátt af þrætulóðunum og skýrslu um það í hverju ágreiningurinn sje fólginn. Formaður merkjadóms kveður málsaðilja síðan til þess að sækja merkjadómþing með hæfilegum fyrirvara, er venjulega sje eigi lengri en 3 sólarhringar. Skal einn löggiltur stefnuvottur birta fyrirkallið. Á merkjadómþingi leggja málsaðiljar fram gögn sín og leiða vitni, ef með þarf. Dómendur ganga á merki, ef þeim þykir það nauðsynlegt, áður eða eftir að vitnaleiðsla hefir fram farið.

Vitnum er skylt að mæta fyrir merkjadómi með einnar nætur fyrirvara. Ákvæði N. L. 1—13—13 gildir eigi. Frestir skulu sem stytstir vera, og eigi lengri en 3 sólarhringar, nema brýna nauðsyn beri til. Merkjamál þarf ekki að leggja til sátta.

Nú sækja aðiljar, einn eða fleiri, eigi merkjadómþing, enda þótt löglega sje til stefnt, og skal þá dómur ganga um málið alt að einu, enda skipi dómurinn þá talsmann hverjum þeim, er eigi sækir dómþingið, en að öðru leyti skal málið fara eftir rjettarfarsreglum einkamála.

7. gr.

Dómur í merkjamáli skal uppkveðinn innan 3 sólarhringa eftir dómtöku, nema mál sje óvenjulega umfangsmikið, enda má dómsuppsögn aldrei dragast lengur en 14 daga.

Í merkjadómi skulu lóðamerki ákveðin. Tilkynnir formaður merkjadóms málsaðiljum og mælingamanni, hvar og hve nær dómur verði uppkveðinn. Mælingamaður afmarkar síðan lóðina á uppdrættinum, eins og merkjadómur hefir ákveðið hana, og innfærir í lóðamerkjabók.

Merkjadómur kveður og á um það, hver málsaðilja skuli greiða málskostnað, þar á meðal um kaup til dómenda. Nú þykir merkjadómi eigi ástæða til að kveða á um greiðslu kaupsins til dómenda, og greiðist það þá úr bæjarsjóði. Merkjadómi má fullnægja sem öðrum dómum. Fullnægjufrestur er 3 sólarhringar eftir dómsuppsögn.

8. gr.

Merkjadómi má skjóta til landsyfirdóms áður liðnar sjeu 4 vikur frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að 3 mánuðir eru liðnir frá dómsuppsögn. Ákvæði N. L. 1—2—3 um stefnu til dómara gilda eigi um þetta málskot, enda sje merkjadómöndum eigi stefnt til ábyrgðar fyrir dóm sinn eða málsmeðferð. Að öðru leyti gilda almennar rjettarfarsreglur einkamála um meðferð merkjamála bæði fyrir merkjadómi og yfirdómi, að því leyti sem við á.

9. gr.

Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa í kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af stjórnarráði Íslands. Stjórnarráðið setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnarinnar, reglur um, hvernig skrásetningunni skuli hagað.

10. gr.

Í skrá þessa og á aðaluppdráttum skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin mann til að hafa starfa þenna á hendi.

11. gr.

Nú verða eigandaskifti að skrásettri lóð, og má þá eigi þinglýsa skjal eða skjölum þar um, nema lóðarskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigandaskiftanna sje getið í lóðaskrá.

Ef skrásettri lóð er skift í hluta, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiftinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiftingunni.

12. gr.

Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í tje staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir hvert eftirrit greiðist 2 kr. Sama gjald greiðist fyrir vottorð þau, er ræðir um í 10. gr.

13. gr.

Bæjarstjórnin getur á sama hátt látið skrásetja og mæla lóðir og lönd utan kaupstaðarlóðarinnar, en innan lögsagnarumdæmisins, er þá færist á aukaskrá. Um aukaskrána gilda hin sömu ákvæði, sem hjer að framan eru sett um aðalskrána, en mælikvarði uppdráttar, sbr. 2. gr., má þó vera minni.

14. gr.

Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 7. gr.

15. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar bæjarstjórnin veitir fje það, sem til þess er nauðsynlegt.

Ed. **306. Frumvarp**

til laga um breyting á 6. gr. í lögum nr. 86, 22. nóv. 1907, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

6. gr. í lögum 22. nóv. 1907 um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík orðist svo:

Innan loka nóvembermánaðar ár hvert skal samin áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið hefir samþykt, og skal henni fylgja yfirlit yfir afgang og halla í einstökum liðum síðasta reiknings. Í áætluninni skal talin sem sjerstakur tekjuliður jafnmikil upphæð eins og tekjuafgangur sá nam, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður. Einnig skal taka í áætlunina sem sjerstakan gjaldalið jafn mikla upphæð eins og tekjuhalli sá nam, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður en áætlunin var samin, nema tekjuhallinn stafi af kostnaði sem upphaflega var ákveðið að greiða skyldi með lánsfje. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með hálfs mánaðar millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein út af fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eftir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar. Áætlun þessa skal leggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en 14 daga í desembermánuði ár hvert. —

Ed. **307. Frumvarp**

til laga um sandgræðslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Landstjórnin hefir yfirstjórn sandgræðslumála í landinu. En öll for-

stjórn opinberra ráðstafana til sandgræðslu og varna gegn sandfoki eða uppblæstri lands, skal falin Búnaðarfjelagi Íslands.

2. gr.

Heimilt er landsstjórninni að láta girða uppblásin svæði, sem uppblásturshætta getur stafað af, í þeim tilgangi, að þar verði unnið að sandgræðslu, bæði til þess að græða þau svæði að fullu og til þess að koma í veg fyrir, að uppblásturinn færist út. Allan þann tíma, sem að sandgræðslunni er unnið, hefir landsstjórnin full umráð yfir slíku svæði, og getur eigandi eða sá, er afnotarjett hefir yfir svæðinu, eigi krafist endurgjalds fyrir þau afnot, sem hann annars kynni að hafa af því.

3. gr.

Stjórnarráðið með samráði við sýslunefndir þær, er hlut eiga að máli, og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, ákveður, hvar svæði skuli tekin til girðingar og sandgræðslu. Sá, er óskar að fá girt uppblásið svæði í landeign sinni, sendir Búnaðarfjelaginu beiðni um það, og lætur fylgja ítarlegar skýrslur um ástæður allar.

Þau svæði skulu að öðru jöfnu vera látin ganga fyrir, þar sem eigendur eða aðrir, þeir er að standa, vilja sjálfir leggja fram fje nokkurt til girðingarinnar.

4. gr.

Kostnað við girðing, umfram það er eigandi eða aðrir, þeir er að standa, leggja fram, skal greiða úr landssjóði að $^3/_4$, en úr sýslusjóði að $^1/_4$. Á sama hátt skal greiða kostnaðinn við viðhald girðingarinnar þar til er fram er farin afhending sú, sem getur um í 8. gr.

5. gr.

Á þeirri jörð, þar sem sandgræðsla fer fram, er þeim, er umsjón hafa með verkinu fyrir hönd landsstjórnarinnar, heimilt að taka endurgjaldslaust það efni, sem nota má við sandgræðsluna, svo sem grjót, grassvörð, hrís, víðikvisti og lyng, valdi það engum landsspjöllum. Sje hinsvegar um landsspjöll að ræða og krefjist eigandi eða nothafi bóta fyrir þau, má greiða þær eftir mati óvilhallra manna.

6. gr.

Ef einstakir menn setja girðingar fast við sandgræðslugirðinguna, skulu hlið vera á þeim, eigi fjær henni en 40 metra, svo að ganga megi tálmunarlaust kring um alt sandgræðslusvæðið til eftirlits.

7. gr.

Ekki má óupphleyptur vegur liggja um girt sandgræðslusvæði, og ekki svo nærri girðingunni, utanvert við hana, að umferðin geti valdið þar uppblæstri. Ef af þessum ástæðum þarf að breyta um veg, eða gera upphleyptan veg, skal kostnaðinn við það greiða á sama hátt sem girðingarkostnaðinn.

8. gr.

Þá er sandfokið er hefl og svæðið gróið upp, fær eigandi umráð yfir því aftur, en skylt er honum að hlíta reglum þeim um notkun þess, er stjórnarráðið setur eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands til varnar því, að uppblásturinn byrji af nýju. Landeigandi eignast þá og girðinguna, en er síðan skyldur til að halda henni við á sinn kostnað, þar til stjórnarráðið kann að gefa leyfi til að taka hana upp, af því að svæðið er orðið svo vel gróið, að full vissa þykir um það, að uppblásturinn byrji ekki af nýju.

9. gr.

Ef uppblástur skyldi byrja af nýju eftir að eigandi hefir aftur fengið svæðið til umráða, samkæmt 7. gr., þá er honum skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sje að engu leyti meðferð hans að kenna, og vanræki hann það, hefir landstjórnin rjett til að láta vinna verkið á hans kostnað.

10. gr.

Búnaðarfjelag Íslands skal hafa yfirumsjón með sandgræðslusvæðunum og girðingunum um þau, einnig eftir það að þau eru afhent eiganda til umráða. En hreppstjóri skal hafa eftirlit með þeim. Ef girðing skemmist áður en svæðið er afhent eiganda til umráða, skal eigandi jarðarinnar eða ábúandi skýra hreppstjóra tafarlaust frá skemdunum, og er þá hreppstjóra skylt að sjá um, að gert verði við girðinguna svo fljótt sem hægt er, en ábúandi skal verja svæðið fyrir ágangi af skepnum á meðan. Verði hreppstjóri þess var, að ábótavant sje meðferð sandgræðslusvæðisins eða að aftur sje farið að votta fyrir uppblæstri á því, eftir að það er gróið, skal hann gjöra Búnaðarfjelaginu aðvart um það svo fljótt sem kostur er. Um árslok sendir Búnaðarfjelagið landsstjórninni skýrslu um það, hvernig sandgræðslugirðingar og sandgræðslusvæðin hafist við, og í hvaða ástandi þau sjeu nú.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til landssjóðs, 5 til 100 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 54 frá 22. nóv. 1907 um afskifti forstjóra skógræktarmála og skógvarða af sandgræðslumálum og uppblæstri landsins.

Ed. 308. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sauðfjárbaðanir, nr. 46, 10. nóv. 1913 (þingskj. 209).

Nefndin, er háttvirt deild kaus til að íhuga frumvarp þetta, hefir ekk getað orðið fyllilega sammála.

Nefndarmenn eru að vísu allir sammála um, að þeir, eftir atvikum, geti fallist á, að stjórnarráðið sje losað undan þeirri kvöð, að standa fyrir kaupum á baðlyfjum þeim, sem landsmenn þurfa að nota. Hins vegar var skoðanamunur í nefndinni um, hvort rjett væri að ætla hverjum einstökum fjáreiganda að gera innkaupin. Það virðist ljóst, að hægra væri fyrir hreppsnefndirnar að hafa eftirlit með böðununum, ef þær hefðu innkaup baðefnanna á hendi. Meiri hluti nefndarinnar telur þó sennilegt, að hreppsnefndir muni geta haft sæmilegt eftirlit, þótt ákvæði frumvarpsins komi til framkvæmda. Og með því kunnugt er, að óskir hafa komið fram frá fjáreigendum um breytingar á gildandi lögum, er fari í þá átt, sem frumvarpið gerir, þá vill meiri hlutinn leggja til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Minni hlutinn (Sigurður Stefánsson) er þessu ekki samþykkur og leggur til, að frumvarpið verði ekki samþykt.

Alþingi 31. júlí 1914.

Guðm. Ólafsson, form.	Jósef J. Björnsson, skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson.

Ed. **309. Tillaga**

til þingsályktunar um baðefni.

Frá Sauðfjárböðunarmálsnefndinni.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að taka Coopers-baðefni upp í tölu þeirra baðefna, er sveitarstjórnum veitist leyfi til að velja úr.

Nd. **310. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Annan tölulið í 3. gr. laga nr. 57, 22. nóv. 1907, skal orða svo:

Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku, Sökkólfsdal, Miðdali, Breiðamel, milli Saura og Sauðhúsa, Búðardal og þaðan inn svo nefnt Land, fyrir neðan Ljárskóga að Fáskrúð, um Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kring um Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.

Nd. **311. Frumvarp**

til heimildarlaga fyrir landsstjórnina til að láta byggja varnargarð á Siglufjarðareyri.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson Eyf.

Stjórninni veitist heimild til að láta byggja garð til varnar landbroti á Siglufjarðareyri.

Nd. **312. Tillaga**

til þingsályktunar um baðefni.

Flutningsmenn: Jón Jónsson, Stefán Stefánsson Eyf,
Þorleifur Jónsson, Þórarinn Benediktsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að taka Coopers-baðefni upp í tölu þeirra baðefna, er sveitastjórnum veitist leyfi til að baða úr.

Nd. **313. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Frumvarpsgreinin verður 1. gr.

2. Fyrir »Breiðamel — Fáskrúð« komi:
Búðardal.

3. Bæta skal við:

2. gr.

Þessi breyting á stefnu þjóðvegarins er bundin því skilyrði, að sýsluvegur verði gerður úr þeim kafla hans, sem fellur úr.

Nd. **314. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um notkun bifreiða (þgskj. 211).

Vjer, sem hin háttv. Nd. Alþingis kaus í nefnd til þess að athuga ofangreint frumvarp leyfum oss hjer með að láta uppi álit vort.

Frumvarpið, sem er upphaflega stjórnarfrumvarp og komið nú frá háttv. Ed., eftir vandlega íhugun þess, að því er virðist, er að skoðun vorri fullkomlega tímabært og til þess lagað að það verði gert að lögum með þeim smábreytingum, sem hjer fara á eftir.

Að vísu var því hreyft í nefndinni að eigi kynni að vera fjarri vegi að gera víðtækari breytingar á frumvarpinu og voru þær breytingar aðallega tvær, sem til orða komu.

Önnur breytingin, sem rætt var um að gerð yrði á frumvarpinu var sú, að fyrirbjóða bifreiðaferðir á aðalþjóðvegunum víst tímabil á árinu, þegar vænta má að önnur umferð sje sem mest, sem sje um sumar-hálestirnar. En meiri hluti nefndarinnar leit svo á, að úr því að ekki þætti heppilegt eða viðeigandi, að hefta notkun bifreiða á þjóðvegunum yfir höfuð, þá gæti heldur ekki komið til mála að banna að brúka þær á vissu tímabili á árinu, og það því síður sem ræða væri um það tímabil ársins, sem helst mætti vænta að þær gætu að einhverjum teljandi notum komið, auk þess sem ekki væri ástæða til að gera ráð fyrir hlutfallslega meira tjóni eða slysi af bifreiðaferðum á þessu tímabili ársins en öðrum, svo framarlega sem allrar þeirrar varúðar er gætt, sem frumvarpið ætlast til.

Hin breytingin, sem til orða kom í nefndinni að gerð yrði á frumvarpinu, var gagngerð breyting á 13. gr. frumvarpsins. Eins og nefnd grein ber með sjer, hvílir skaðabótaskyldan, ef slys verður, á þeim, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, nema sá, sem fyrir slysinu varð eða einhver þriðji maður hafi valdið því, af ásettu ráði eða með vítaverðri óvarkárni, eða slysið hafi verið eftir atvikum óumflýjanlegt. Þetta ákvæði þótti einum nefndarmanna koma í bága við allar aðrar gildandi farreglur á landi og sjó og að rjettast mundi því vera að láta skaðabótaskylduna hvíla á þeim, sem ábyrgð hefði á bifreiðinni, því að eins að sannað væri að tjónið eða slysið hefði orðið eingöngu af hans völdum. Meiri hluti nefndarinnar kannaðist að vísu við það, að ákvæði nefndrar greinar mundi ekki vera í fullu samræmi við aðrar almennar gildandi farreglur, en þótti samt ekki full ástæða til að breyta því. Bygði hann þá skoðun sína að einu leyti á því, að samskonar ákvæði og hjer um ræðir er í bifreiðalögum annara þjóða, að minsta kosti bæði norskum og dönskum bifreiðalögum. Og þar sem svo vaxið ákvæði hefði þar verið talið nauðsynlegt eða heppilegt, þá mundi mega líta svo á sem það væri það ekki síður hjer á landi. Hins vegar sýndist meiri hluta nefndarinnar einnig, að svo gagngerð breyting á frumvarpinu, sem hjer væri um að tefla, kynni að geta orðið þess valdandi, að háttv. Ed. gæti ekki gengið að frumvarpinu eins og það kæmi úr höndum Nd. og það kæmi því til að hröklast á milli deildanna og verða að lokum í því að falla eða verða óútrætt mál. En slíkt taldi nefndin illa farið eins brýn og sú nauðsyn er, sem á eftir kallar, að sett verði lög um það efni, sem hjer um ræðir.

Samkvæmt framansögðu, ræður því nefndin hinni háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðanna í fyrri málsgrein 4. gr.: »Flytji bifreiðareigandi . . . merki vagns hans« komi:
   Flytjist bifreiðareigandi búferlum úr einu lögsagnarumdæmi í annað með bifreið sína, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal lögreglustjóri lögsagnarumdæmis þess, er hann flytst í, ákveða merki það, er bifreið hans þá skal hafa og afhenda honum það.
2. Á eftir orðunum í annari málsgrein 4. gr.: »Nýja skoðun á bifreið« komi: Á kostnað eiganda.
3. Fyrsta málsgrein 6. greinar falli burt.
4. Síðasta setningin í þriðju málsgrein 6. gr.: »Sje for á veginum . . . . . aðra vegfarendur« falli burt.
5. Í stað orðanna í síðari málsgrein 7. gr.: »Að ekki komast hvorir fram hjá öðrum« komi:
   Að hvorugir komast fram hjá öðrum«.
6. Á eftir 7. grein bætist við ný málsgrein svohljóðandi:
   Ef ferðamenn með hlaðna vagna hafa neyðst til að víkja út af vegi fyrir bifreið, skal bifreiðarstjóri veita liðsinni sitt, ef þörf gerist, til að koma vögnunum aftur á veginn.
7. Orðin í 9. gr.: »Ef krafist er« falli burt.

Alþingi 1. ágúst 1914.

Sveinn Björnsson, formaður, með fyrirvara.	Eggert Pálsson, skrifari.	Guðm. Hannesson.
Benedikt Sveinsson.		Sigurður Sigurðsson, með fyrirvara.

Nd. **315. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um sjóvátrygging.

Nefndin leyfir sjer að ráða háttv. neðri deild til þess að samþykkja frumv. þetta, sem komið er til neðri deildar frá háttv. efri deild með eftirfarandi orðabreytingum:

1. Í 1. gr. 1. málsgr., verði »sem stofnað er í háska«:
   sem lagður er í hættu.

2. 4. gr. orðist svo:
Hverja hagsmuni má vátryggja svo hátt sem sannvirði þeirra nemur (vátryggingarverð).
3. Í 5. gr. verði »einhvern hlut«:
eitthvað.
4. Í sömu grein verði »hans«:
þess.
5. Í 6. gr. 1. málsgr. verði »einhvern hlut«:
eitthvað.
6. Í sömu gr. 2. málsgr. verði »sömu hluti«:
hið sama.
7. Í sömu málsgr. verði »hinna vátrygðu hluta« á 2 stöðum:
hins vátrygða.
8. Í sömu gr. undir 2. lið komi fyrir »við hinn nýja samning«:
í hinum nýja samningi.
9. Í 9. gr. verði: »á vátrygðum hlut«:
á vátrygðum hagsmunum.
10. Í 10. gr. 2. málsgr. komi fyrir »einhverjum hlut«:
einhverjum hagsmunum.
11. Í sömu málsgrein verði »sá hlutur skemmist eða glatast«:
og þeir hagsmunir rýrna eða glatast.
12. Í 2. setningu 11. gr. verði »hinum vátrygða hlut hefir verið stofnað í háska« o. s. frv.
hinir vátrygðu hagsmunir hafa verið lagðir í hættu.
13. Í 16. gr. verði »hinum vátrygða hlut« á 2 stöðum:
hinum vátrygðu hagsmunum.
14. Síðasta setning sömu greinar verði:
Nú vanrækir vátrygður þessa skyldu sína, og ábyrgist hann þá o. s. frv.
15. Í síðari setningu 17. gr. verði »við«:
af.
16. 19. gr. orðist svo:
Ábyrgðarsali ábyrgist afleiðingar af hverri þeirri hættu, sem hinir trygðu hagsmunir eru lagðir í á vátryggingartímanum, og vátrygður er eigi valdur að sjálfur, nema o. s. frv.
17. Upphaf 20. gr. orðist svo:
Í þessum greinum ábyrgist o. s. frv.
18. Upphaf 1. liðs sömu gr. orðist svo:
Þegar skip og farmgjald er vátrygt fyrir hönd o. s. frv.
19. Í sömu gr. sama lið verði »hinum trygðu hlutum«:
hinum trygðu fjármunum.
20. Í sama lið sömu gr. verði »til fullnægingar tjóni«:
til bóta á tjóni.
21. Í sama lið sömu gr. verði »mönnum, þó«:
mönnum. Þó.
22. Upphaf 2. liðs sömu greinar verði:
Þegar skip er vátrygt og skaði á skipi o. s. frv.

23. Upphaf 3. liðs sömu gr. orðist svo: Þegar vátrygður er farmur, farmgjald eða verslunarhagnaður á farmi o. s. frv.
24. Í sama lið verði »eiginlegleiki«:
eiginleiki.
25. Í sama lið verði »getur um; þó«:
getur um. Þó.
26. Upphaf 4. liðs sömu greinar orðist svo:
Þegar vátrygður er farmur eða verslunarhagnaður á farmi eða fyrirframgreiðsla á farmgjaldi o. s. frv.
27. Í 21. gr. 1. málsgr. verði »á hinn vátrygða hlut«
á hina vátrygðu hagsmuni.
28. Í sömu málsgr. sömu gr. verði »á hinum vátrygða hlut«:
á þeim.
29. Í sömu málsgr. sömu gr. verði »þótt hinn vátrygði hlutur í niðurjöfnuninni sje metinn«:
Þótt hið vátrygða sje metið í niðurjöfnuninni.
30. Í 23. gr. verði »forðast háska, sem hann ábyrgðist«:
forðast háska, sem hann trygði gegn
31. Í 23. gr. verði »vátrygðum hlutum«:
vátrygðum hagsmunum.
32. Í 25. gr. 1. setningu 1. málsgreinar verði »ef um er að ræða vátryggingu á skipi og farmgjaldi fyrir hönd útgerðarmanns«:
ef skip og farmgjald hefir verið vátrygt fyrir hönd útgerðarmanns.
33. Í 25. gr. 1. málsgr. 2. setning orðist svo:
Nú er farmgjald vátrygt fyrir hönd annars manns eða aðrir hagsmunir en skip og farmgjald, og heldur þá vátryggingin gildi sínu, enda sje ferðinni breytt án samþykkis vátrygðs.
34. 2. málsgr. sömu gr. orðist svo:
Nú eru vátrygðir hagsmunir lagðir í hættu áður en áhætta ábyrgðarsala hefst eða á öðru skipi en tilgreint var o. s. frv.
35. Í 26. gr. verði »forðast háska, sem ábyrgðarsali ábyrgist« o. s. frv.:
forðast áhættu, sem ábyrgðarsali trygði gegn o. s. frv.
36. 27. gr. 1. liður orðist svo:
Þegar vátrygt skip eða góss ferst með öllu, eða er gert upptækt eða skemmist svo, að það má telja ónýtt til þess, sem það var ætlað til.
37. Í 28. gr. 2. málsgr. verði »selur«:
selji.
38. Í 29. gr. verði »afsalar«:
afsali.
39. Í sömu málsgr. sömu gr. verði »á hinum vátrygða hlut«:
á hinu vátrygða.
40. Í 30. gr. 1. málsgr. verði »á hinum vátrygðu hlutum«:
á hinu vátrygða.
41. Í 2., 3. og 4. málsgr. sömu gr. verði »áður«:
áður en.
42. Í 31. gr. verði »hinn vátrygða hlut«:
hið vátrygða.

43. Í 36. gr. upphafinu verði »Ef vátrygðum hlut« o. s. frv.:
Ef vátrygðir hagsmunir eru eigi lagðir í neina þá áhættu, er ábyrgðarsali skyldi tryggja gegn, getur o. s. frv.

44. Í 37. gr. verði »ef um vátrygging fyrir hönd annars manns er að tefla«:
ef vátrygging var tekin fyrir hönd annars manns.

45. Í sömu grein verði síðasta setningin:
Þó skal þessa krafist áður en hin vátrygðu verðmæti eru lögð í hættu.

Alþingi 31. júlí 1914.

Einar Arnórsson, skrifari.	H. Hafstein, form.
Stefán Stefánsson, Eyf.	Matth. Ólafsson,

Bjarni Jónsson frá Vogi.

Nd. **316. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um notkun bifreiða.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Eigi er leyfilegt að nota bifreiðar á vegum fyr en klaki er farinn úr þeim og vegirnir orðnir þurir.

Á veginum frá Reykjavík og austur yfir Hellisheiði er umferð bifreiða, á tímabilinu frá 20. júní til 10. júlí, og frá 20. sept. til 20. okt., bönnuð frá kl. 6 að morgni til kl. 10 síðdegis, nema að eins 2 daga í viku, sunnudaga og miðvikudaga. Að öðru leyti getur stjórnarráðið, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum eða vegaköflum með öllu, eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð álítst hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð.

2. Við 7. gr.

Á eftir orðunum í fyrri málslið greinarinnar: »gefur merki« komi: með því að rjetta upp hægri hendina.

Nd. **317. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um afnám eftirlauna (þingskj. 264).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Tillagan orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela stjórninni að íhuga rækilega óskir þjóðarinnar um afnám lögákveðinna eftirlauna, og koma fram með tillögur um það eða frumvarp, er síðan verði lagt fyrir Alþingi.

Ed. **318. Fyrirspurn til ráðherra.**

Flutningsmaður: G. Björnsson.

Hefir utanríkisráðaneytið samið eða gert tilraun til samninga við Bretaveldi eða nokkurt annað ríki um það, að áreita ekki íslensk skip, sem rækja öll alþjóðaboðorð um hlutleysi, enda þótt til óvináttu kæmi eða ófriðar milli þess ríkis og Danmerkur, og hvaða ráðstafanir hafa nú verið gerðar um meðferð á utanríkismálum Íslands, ef svo færi, sem vel getur hugsast í þesum nýtilkomna geigvæna ófriði, að brýnasta nauðsyn yrði á skjótum málaleitunum fyrir Íslands hönd um samkomulag eða samninga við eitthvert annað ríki, en stjórnarráðinu ókleift að ná til utanríkisráðaneytisins í Danmörku, eða þess milliganga ógerleg af einhverjum ófriðarástæðum?

Nd. **319. Frumvarp**

til laga um ráðstafanir á gullforða banka landsins, innstæðufje og póstávísunum.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Hannes Hafstein, Jón Magnússon, Matth. Ólafsson og Sveinn Björnsson.

1. gr.

Ef stjórn Íslands banka óskar þess, skal bankinn leystur undan þeirri skyldu, að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr., gegn því, að hann afhendi landsstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a og b, til ráðstöfunar, enda taki landsstjórnin fyrir landssjóðs hönd jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og lög þessi ganga úr gildi, eða ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður af ljett, afhendir landsstjórnin bankanum aftur gullforðann.

2. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, heimilast landsstjórninni að banna póststjórninni að nokkru eða öllu að afgreiða póstávísanir til annara landa.

3. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, er landsstjórninni heimilt að ákveða, hversu mikið fje megi taka út úr hverri sparisjóðs eða innlánsbók á degi, viku eða mánuði í bönkunum, útbúum þeirra og öðrum sparisjóðum landsins.

4. gr.

Lög þess öðlast gildi þegar í stað og gilda til októberloka 1914.

Nd. **320. Tillaga**

til þingsályktunar um endurskoðun á vegalögunum.

Frá meiri hluta veganefndar.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina

I. *að* endurskoða vegalögin og leggja nýtt frumvarp til vegalaga fyrir næsta þing, og

II. *að* leita tekjustofna handa sýslunum til viðhalds á vegum og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um það efni.

Nd. **321. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 1. ágúst 1914 um ráðstafanir, til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Hannes Hafstein, Jón Magnússon, Matth. Ólafsson og Sveinn Björnsson.

Á eftir orðunum »framleiðendum« í 2. málsgr. 4. gr. komi:
eða öðrum.

Ed. **322. Frumvarp**

til laga um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og póstávísunum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Íslands banki skal, með samþykki bankastjórnarinnar, leysturundan þeirri

skyldu, að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr., gegn því, að hann afhendi landsstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a og b, til ráðstöfunar, enda taki landssjórnin fyrir landssjóðs hönd jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og lög þessi ganga úr gildi, eða ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður af ljett, afhendir landsstjórnin bankanum aftur gullforðann.

2. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi heimilast landsstjórninni að banna póststjórninni að nokkru eða öllu leyti að afgreiða póstávísanir og póstkröfuávísanir til annara landa.

3. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, er landsstjórninni heimilt að ákveða, hversu mikið fje megi taka út úr hverri sparisjóðsbók eða innlánsbók á degi, viku eða mánuði í bönkunum, útibúum þeirra og öðrum sparisjóðum landsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til októberloka 1914.

Ed. **323. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 1. ágúst 1914 um ráðstafanir, til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir orðunum »framleiðendum« í 2. málsgr. 4. gr. komi:
eða öðrum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **324. Breytingartillaga**

við frv. til laga um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Íslandsbanki skal, með samþykki bankastjórnarinnar, leystur o. s. frv,

Nd. **325. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ráðstafanir á gullforða þanka landsins, innstæðufje og póstávísunum.

Frá flutningsmönnum.

1. Við 2. gr. Aftan við orðið »póstávísanir« komi:
   og póstkröfuávísanir
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum.

Nd. **326. Breytingartillaga**

við frv. til laga um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum.

Frá Einari Jónssyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:
þó svo að engum sje varnað að taka út af innieign sinni 30 kr. á dag.

Nd. **327. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög 1. ágúst 1914, um ráðstafanir til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

Frá flutningsmönnum.

Frumvarpsgreinin verði 1. gr.
Aftan við hana bætist ný grein, sem verður 2. gr. svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **328. LÖG**

um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum, og á póstávísunum.

(Afgreidd frá Ed. 2. ágúst).

1. gr.

Íslands banki skal, með samþykki bankastjórnarinnar, leystur undan þeirri

skyldu, að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr., gegn því, að hann afhendi landsstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a og b, til ráðstöfunar, enda taki landsstjórnin fyrir landssjóðs hönd jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og lög þessi ganga úr gildi, eða ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður af ljett, afhendir landsstjórnin bankanum aftur gullforðann.

2. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi heimilast landsstjórninni að banna póststjórninni að nokkru eða öllu leyti að afgreiða póstávísanir og póstkröfuávísanir til annara landa.

3. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, er landsstjórninni heimilt að ákveða, hversu mikið fje megi taka út úr hverri sparisjóðsbók eða innlánsbók á degi, viku eða mánuði í bönkunum, útbúum þeirra og öðrum sparisjóðum landsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til októberloka 1914.

Ed. **329. LÖG**

til laga um viðauka við lög 1. ágúst 1914 um ráðstafanir, til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

(Afgreidd frá Ed. 2. ágúst).

1. gr.

Á eftir orðunum »framleiðendum« í 2. málsgr. 4. gr. komi:
eða öðrum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **330. Nefndarálit**

um frumvarp till laga um breyting á lögum nr. 64 frá 22. nóv. 1913 um sjódóma og rjettarfar í sjómálum.

Eftir skýrslu flutningsmanns þessa frumvarps er það framkomið, vegna þess, að bæjarfógetinn í Reykjavík og Stjórnarráðið hafa skilið ákvæði þau í 2.

grein ofannefndra laga, sem eftir 1. grein þessa frumvarps eiga að falla burtu, þannig, að meðdómendur í sjódómi geti að eins þeir orðið skipaðir, sem hafa tekið stýrimannspróf. Nefndin hefir orðið samdóma um það, að sje þetta ákvæði skilið svo, þá komi lögin ekki að tilætluðum notum eins og hagar til hjer á landi, en álítur hinsvegar að ákvæði þetta sje óþarft, þar sem skýrt er tekið fram í 2. grein tjeðra laga um sjódóma og rjettarfar í sjómálum, hverja megi skipa í sjódóm, eða hvaða almennum og hvaða sjerstökum skilyrðum þeir skuli fullnægja, er sjódóm skipa sem meðdómendur. Nefndinni finst og eðlilegt og sjálfsagt að landssjóður greiði þóknun fyrir starf meðdómenda í sjómálum, eins og fyrir dómarastörf annara dómara landsins.

Nefndin leggur því til að hv. deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi 3. ágúst 1914.

M. Pjetursson, formaður.	Guðm. Ólafsson,	Karl Einarsson, skrifari og framsögum.

Nd. **331. Frumvarp**

til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju og byggingar og svæði í sambandi við bryggjuna.

Undanteknar eru þó hafnarbryggjur þær, sem fyrir eru, og vörugeymsluhús við bryggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í hreppsnefndinni.

Sveitarsjóður Hvanneyrarhrepps greiðir allan matskostnað.

Nú vill annaðhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið.

3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er trygt hefir verið nægilegt fje til hafnarbryggjugerðarinnar.

Nd. **332. LÖG**

um beitutekju.

(Afgreidd frá Nd. 3. ágúst).

1. gr.

Sjerhver sá, er heimild hefir til fiskiveiða í landhelgi, má setja á land skelfisksbeituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða árós, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða 2 krónur fyrir hvern sólarhring í hvert skifti, sem hann tekur beitu.

Fyrir skemri tíma greiðist sama gjald.

2. gr.

Eigi má taka beitu í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar á sjó út frá stórstraumsfjörumáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart í hvert skifti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans samkvæmt 1. gr.

Nú vanrækir formaður að gera ábúanda aðvart í hvert skifti, sem hann ætlar að taka skelfisk fyrir landi hans, og varðar það 10 til 20 kr. sekt fyrir hvert skifti.

3. gr.

Nú tekur maður í óleyfi skelfisk í netlögum annars manns, og varðar það 20 til 200 króna sekt, og borga skal hann allan þannig upptekinn skelfisk tvöföldu gangverði.

4. gr.

Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eftir mati óvilhallra manna.

5. gr.

Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr., áður en hann fer af beitufjöru, nema öðruvísi sje umsamið. Sjeu ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af þeirra hálfu.

Nú greiðir beitutaki ekki gjald þetta áður en hann fer af beitufjöru og skal hann þá greiða tvöfalt gjald.

6. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

7. gr.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um beitutekju nr. 60, 10. nóv. 1905.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1915.

Nd. **333. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um notkun bifreiða.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

13. gr. frumv. orðist svo:

Ef slys eða tjón hlýst af notkun bifreiða fer um bætur fyrir það eftir almennum skaðabótareglum.

14. og 15. gr. falli burt.

Ed. **334. Nefndarálit**

í málinu: Tillaga til þingsályktunar um fjárheimtur fyrir landssjóðinn og sjerstaka tollgæslu.

Nefndin hefir átt 9 fundi um mál þetta, og leitað sjer upplýsinga um ýms atriði, er að því lúta, en hefir þó hvergi nærri getað rannsakað það og athugað, eins og þörf hefði verið á.

Það var tekið fram í umræðunum um mál þetta í deildinni, hve óregla og vanskil í opinberum reikningsskilum og fjárheimtum hefði farið í vöxt á undanfarandi árum. Þetta dylst nefndinni ekki. Af þessari óreglu og vanskilum hefir bæði landssjóður og einstakir menn orðið fyrir tilfinnanlegu fjártjóni. En af þessu leiðir einnig, að embættismannastjettin glatar því trausti og virðingu, sem hún á að hafa hjá þjóðinni, og nær það ekki einungis til þeirra embættismanna, sem óskilunum og tjóninu valda, heldur og til landsstjórnarinnar, sem eftirlitið hefir með embættisfærslu þeirra.

Bæði landsstjórninni og löggjafarvaldinu hlýtur því að vera það áhugamál, að fá stemt stigu fyrir því, að þessi misferli aukist. Annars má ekki á milli sjá, hvílíkt fjárhagslegt tjón landssjóður geti beðið af þessu, auk virðingarhnekkisins fyrir embættismannastjettina.

Að þessu leyti hlýtur öllum góðum mönnum, að vera þetta hið mesta áhyggjuefni.

Tillaga þessi skiftist í tvo liði, annan um aukið eftirlit með gjaldheimtumönnum landssjóðsins, og hinn um sjerstaka tollgæslu í öllum kaupstöðum landsins.

Gildandi lög um gjaldheimtur fyrir landssjóðinn og eftirlit með þeim, eru reglugjörð um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi 13. febr. 1873, reglugjörð 25. maí 1878 um aukatekjur, auk landshöfðingjabrjefs 16. maí 1876 og margra annara stjórnarbrjefa frá landshöfðingjatímabilinu.

Nefndin taldi það sitt fyrsta verk, að komast eftir, hvernig sýslumenn og bæjarfógetar yfirleitt fylgdu þessum fyrirmælum, og hvernig eftirlitinu frá landsstjórnarinnar hálfu væri varið.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var því ákveðið, að senda stjórnarráðinu eftirfylgjandi fyrirspurnir:

1. Hvort allir eða hve margir sýslumenn og bæjarfógetar landsins haldi bækur þær, sem þeim ber að halda samkvæmt reglugjörð 13. febr. 1873 og 25. maí 1878 og öðrum gildandi fyrirmælum, og hvort þeir sendu á tilteknum tíma þau eftirrit af þessum bókum, sem fyrir er mælt?
2. Hvenær stjórnarráðinu hafi borist ársreikningar sýslumanna og bæjarfógeta síðastliðið reikningsár, og hvort þeir hafi að fullu verið borgaðir, og ef svo var ekki, þá af hvaða ástæðum?
3. Hvort hálfs missiris endurrit af gjaldabókunum, er reglugjörðin 13. febrúar 1873 mælir fyrir um, eru komin til stjórnarráðsins fyrir þann tíma, sem liðinn er af þessu ári?
4. Hvort stjórnarráðinu er kunnugt um, að sýslumenn og bæjarfógetar fylgi þeim fyrirmælum reglugjörðarinnar, að halda öllu opinberu og einstakra manna fje, sem er í vörslum þeirra á hverjum tíma út af fyrir sig og eigi saman við það fje, er þeir sjálfir eiga?
5. Hvort eftirlitsferðir stjórnarráðsins eru að eins farnar, er því þykir grunsamt um einhverja óreglu á reikningsfærslu og gjaldheimtu sýslumanna, bæjarfógeta og þjóðjarða-umboðsmanna, eða oftar, og þá, eftir hvaða reglum?

Stjórnarráðið svaraði þessum spurningum með brjefi dagsettu 20. f. m. og brjefi landritara dagsettu 25. s. m. (Flgskj. II—III).

Af brjefum þessum kemur það berlega í ljós, að allmikið skortir á, að sýslumenn og bæjarfógetar fylgi gildandi fyrirmælum um opinber reikningsskil. Sumir þeirra halda ekki hinar fyrirskipuðu bækur; að eins fimm þeirra sendu hin fyrirskipuðu eftirrit af gjaldabókum sínum, og mikill misbrestur er á því, að þeir geri reikningsskil á lögmæltum tíma. (Flgskj. II).

Innheimta sýslumanna og bæjarfógeta fyrir landssjóðinn hefir stórum aukist hin síðari ár; valda því hinir auknu innflutningstollar og þá, ekki síst vörutollurinn nú síðast. Gjaldheimtan hefir því ár frá ári orðið margbrotnari og vandameiri. Eðlilegasta afleiðingin af því hefði auðvitað átt að vera sú, að eftirlitið hefði vaxið að sama skapi.

Samkvæmt flgskj. II hefir innheimtan tuttugu-faldast síðan 1875, og er vöxturinn mestur síðustu 10 árin. Nú er því miklu meira í húfi fyrir landssjóðinn, að innheimtan og öll reikningsskil sýslumanna og bæjarfógeta sjeu í góðri reglu en áður, meðan um svo miklu minna fje var að ræða í vörslum þessara embættismanna. En þrátt fyrir þetta kveður stjórnarráðið svo að orði (Flgskj. II), að *stórum hafi dregið úr eftirlitinu.*

Því miður verður nefndin að álíta, að þessi ummæli sjeu á ofmiklum

rökum bygð. Áður höfðu tveir amtmenn ásamt landshöfðingja og hinum umboðslega endurskoðara eftirlitið með höndum, og voru eftirlitsferðir amtmanna og landshöfðingja þá töluvert tíðari en nú í seinni tíð eða síðan stjórnarbreytingin varð. Að vísu hefir skrifstofu eftirlit stjórnarráðsins orðið auðveldara síðan síminn var lagður, að því leyti, að hægra er að reka eftir gjaldheimtumönnum með reikningsskil, en það eftirlit hlýtur þó jafnan að vera næsta ófullkomið.

Síðan stjórnarráðið var stofnað, hefir því ekki unnist tími til, að gera reglulegar eftirlitsferðir hjá öllum sýslumönnum landsins, auk heldur að árleg skoðun hafi farið fram hjá þeim. Þetta sjest af brjefi landritara (Flgskj. III). Hjá sýslumönnunum í Skaftafells-, Gullbringu- og Kjósarsýslum sjest ekki, að skoðað hafi verið á þessu tímabili.

Raddir hafa heyrst um það, að þessar eftirlitsferðir væru fremur þýðingarlitlar og mættu því enda missa sig. Nefndin er á öðru máli um þetta. Hún telur nægilegt eftirlit með embættisfærslu sýslumanna og bæjarfógeta í þessu efni lítt framkvæmanlegt án alltíðra skoðana á öllum embættisbókum þeirra og reikningsfærslu. En sjeu bækurnar vel og reglulega færðar, telur nefndin það ekki muni kosta mikinn tíma nje fyrirhöfn að rannsaka þær, eins og líka það hlýtur fljótt að koma í ljós við nákvæma skoðun, ef mikil brögð eru að óreglu í þessu efni, og er stjórninni þá innanhandar að bæta úr því.

Bæði í brjefi stjórnarráðsins og landritara er eftirlitsferðaleysið afsakað með því, að bæði sje fje veitt til þeirra af skornum skamti og endurskoðunarmenn landsreikninganna telji það jafnan eftir. Hvorttveggja þetta getur stafað af því, hve litla trú menn hafa á gagni þessara eftirlitsferða, eins og þær stundum hafa verið framkvæmdar.

Nefndin álítur, að alls ekki sje horfandi í töluvert hærri fjárveiting til þessara ferða en nú er heimiluð, sje eftirlitið framkvæmt með röksemd og vandvirkni, og það telur hún ekki vel farið, að eftirlitsferðir stjórnarráðsins sjeu látnar sitja á hakanum fyrir eftirlitsferðum biskups og landlæknis (Flgskj. II. og III.).

Nefndin telur tíðar og reglulegar eftirlitsferðir svo mikið aðhald fyrir embættismenn, þá sem hjer eiga hlut að máli, að sjálfsagt sje að auka þær töluvert frá því, sem nú er; telur hún, að þær megi ekki vera strjálli en svo, að skoðað sje hjá öllum sýslumönnum og bæjarfógetum að minsta kosti einu sinni á hverjum þremur árum, og oftar, ef sjerstök þörf gerist; má ætla, að til þess sjeu nægir starfskraftar í stjórnarráðinu.

Reglugerðin frá 13. febr. 1873 um opinber reikningsskil var ágætlega samin á sínum tíma, og þrátt fyrir það, þótt sum ákvæði hennar eigi nú ekki við og sum ákvæði vanti í hana, sem nú eru nauðsynleg, vegna hinnar stórkostlegu breytingar, sem orðið hefir hin síðari ár í þessu efni, má fullyrða, að hún hefir ekkert verið því til fyrirstöðu, að eftirlitið væri í alla staði viðunanlegt, enda skiftir það jafnan eins miklu eða meiru, hvernig á lögunum er haldið en því, hvernig lögin eru. Samt sem áður telur nefndin endurskoðun reglugerðarinnar tímabæra, enda er hún nú á döfinni hjá stjórnarráðinu og hefir nefndin átt kost á að kynna sjer frumvarpið. Viðurlög gömlu reglugerðarinnar við vanrækslu og óreiðum gjaldheimtumanna telur nefndin eðlileg og sanngjörn og væntir þess, að ekkert verði úr þeim dregið.

Að því er kemur til síðara atriðis tillögunnar, tollgæslunnar, var nefndin í töluverðum vafa um, hvað gera skyldi. Hún leitaði upplýsinga hjá stjórnarráðinu um, hve innheimtulaun af tolltekjum landssjóðs hefði numið mikilli fjárupphæð síðastliðið ár. Samkvæmt brjefi stjórnarráðsins (Flgskj. I a—b) voru innheimtulaunin það ár liðug 31 þúsund krónur; þar af koma 9721 kr. á Reykjavík, 2683 kr. á Ísafjörð og Ísafjarðarsýslu, 5683 kr. á Akureyri og Eyjafjarðarsýslu, 1595 kr. á Seyðisfjörð og Norður-Múlasýslu og 1594 kr. á Hafnarfjörð og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Í öllum kaupstöðunum, nema Reykjavík, eru innheimtugjaldsupphæðirnar að miklum mun af útfluttum og innfluttum vörum í öðrum kauptúnum í lögsagnarumdæmum hlutaðeigandi sýslumanna og bæjarfógeta; í Reykjavík einni er öll innheimtugjaldsupphæðin af vörum, sem þangað og þaðan flytjast.

Nefndinni duldist ekki, að meira fje þyrfti til sjerstakrar tollgæslu í kaupstöðunum, að Reykjavík undanskilinni, en nemur innheimtulaunum í þeim, en fram úr þeirri upphæð vildi nefndin ekki fara, og vill því ekki ráða til neinna breytinga þar í þessu efni.

Um Reykjavík er nokkuð öðru máli að gegna. Þangað og þaðan flytst alt að þriðjungi af öllum tollskyldum vörum.

Nefndin telur, að mikið megi bæta úr tolleftirlitinu í Reykjavík, þótt ekki sje varið til þess meiru fje en innheimtulaununum þar nemur. Þau ættu að duga til að launa þremur tollgæslumönnum allsæmilega og auk þess til nokkurs skrifstofukostnaðar. Með slíkri tollgæslu fengist ólíkt meiri trygging fyrir því, að öll kurl kæmi til grafar í þessum aðalkaupstað landsins, heldur en nú er. Auk þess fengist nokkur reynsla fyrir því, hvort tiltækilegt væri að færa út kvíarnar síðar meir.

Meiri hluti nefndarinnar telur því rjett, að næsta Alþingi lögskipi sjerstaka tollgæslu í Reykjavík. Einn nefndarmanna, Júlíus Havsteen, er þó ósamþykkur nefndinni um þetta atriði; vill láta ein lög ganga yfir alt landið um þetta.

Með tolleftirliti sýslumanna og bæjarfógeta, sem eru hlaðnir öðrum störfum, fæst alls ekki næg trygging fyrir því, að landssjóður fái hinar lögmæltu tolltekjur sínar. Tollarnir eru fyrir löngu orðin aðaltekjugrein landssjóðsins; því er áríðandi, að þessar tekjur komi til skila. Misbrestur á því, getur kostað landið of fjár. Fyrir því er full ástæða til þess, að fara að rannsaka það nákvæmlega, hvort ekki sje gerandi, að auka tolleftirlitið að miklum mun og á hvern hátt það megi gera. En hjer er um það vandamál að ræða, að naumast getur komið til mála, að þingið geti leyst það af hendi án rækilegs undirbúnings af hálfu stjórnarinnar eða jafnvel milliþinganefndar, er þá jafnframt ætti að athuga, hvort eftirlitinu, bæði með sýslumönnum og bæjarfógetum og öðrum starfsmönnum þjóðfjelagsins, er hafa fje landsins með höndum, yrði ekki komið fyrir á tryggari hátt en nú er. Eins og nú horfir við, vill nefndin þó ekki leggja það til, heldur að stjórnin taki tollgæslumálið til rækilegrar athugunar og rannsóknar til undirbúnings undir meðferð þingsins á sínum tíma.

Í 7. gr. póstlaganna 11. júlí 1911 er svo fyrirskipað, að hver sá maður, sem fær böggulsending með pósti frá útlöndum, láti í tje drengskapar- og samviskuvottorð um, hvort sendingin hafi inni að halda tollskyldar vörur.

Það tíðkast nú orðið mjög, að bæði kaupmenn og aðrir fái á þennan hátt vörur frá útlöndum, og með því að nefndinni var ekki grunlaust um, að nokkur misbrestur kynni að vera á því, að þessum fyrirmælum póstlaganna væri fylgt, spurðist hún fyrir um það hjá póstmeistara, og jafnframt, hvort ekki myndi tiltækilegt, að veita póststjórninni heimild til að opna grunsamar böggulsendingar um leið og þær væru afhentar.

Af svari póstmeistara (Flgskj. IV.) sjest ekki glögglega, hvort fyrirmælum póstlaganna sje alstaðar nákvæmlega fylgt í þessu efni, en hins vegar telur hann það vel gerlegt, að póstmönnum sje veitt heimild til að rannsaka grunsamar böggulsendingar.

Nefndin telur æskilegt, að þessi heimild sje veitt; muni það verða töluvert meira aðhald fyrir menn, að segja rjett til um innihald sendinganna, heldur en vottorðin ein.

Af framanrituðum ástæðum leyfir nefndin sjer að ráða háttv. deild til að samþykkja eftirfylgjandi:

TILLÖGU

til þingsályktunar um opinber reikningsskil og gjaldheimtur og aukið tolleftirlit.

Efri deild Aldingis ályktar að skora á landsstjórnina:

I. a. að hraða endurskoðun reglugjörðarinnar frá 13. febrúar 1873,
b. að draga ekkert úr gildandi ákvæðum gagnvart vanrækslu og óreglu gjaldheimtumanna landssjóðsins,
c. að gera eftirlitsferðir hjá öllum gjaldheimtumönnum landssjóðsins að minsta kosti einu sinni á hverjum þremur árum, og oftar, ef sjerstakar ástæður eru til.

II. a. að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, um sjerstaka tollgæslu í Reykjavík,
b. að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, er veiti póstmönnum heimild til að rannsaka grunsamar böggulsendingar frá útlöndum um leið og þær eru afhentar,
c, að rannsaka, hve mikið muni kosta að setja á fót sjerstaka tollgæslu á öllu landinu, og leggja skýrslu um það fyrir Alþingi.

Alþingi 3. ágúst 1914.

Jósef J. Björnsson, formaður.	Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður.	J. Havsteen, með fyrirvara.

Magnús Pjetursson. Björn Þorláksson.

Fylgiskjal I. a.

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.

Reykjavík, 18. júlí 1914.

Hin háttvirta nefnd efri deildar, sem kosin var til að athuga tillögu til þingsályktunar um fjárheimtur og reikningsskil, hefir með brjefi dagsettu í gær óskað að fá sundurliðaða skýrslu, um hve mikilli fjárupphæð innheimtulaun sýslumanna af aðflutningsgjaldi, útflutningsgjaldi og vörutolli hafi numið úr hverju lögsagnarumdæmi landsins síðast liðið ár.

Hin umbeðna skýrsla fylgir hjer innan í, og sýnir að öll þessi innheimtulaun nema 1913 eigi nema liðugu 31 þúsundi króna. Þess má geta að fremur eru líkur til að innheimtulaun af útflutningsgjaldinu lækki, þegar hvalafurðir falla burtu, og að aðflutningsgjald af vörutolli verði minna framvegis, vegna breytinganna, sem gjörðar voru á vörutollslögunum á síðasta þingi.

F. h. r.
e. u.

Indriði Einarsson.

Til

hr. alþingismanns, sjera Sigurðar Stefánssonar.

Fylgiskjal I b.

Innheimtulaun

af

aðflutningsgjaldi, útflutningsgjaldi og vörutolli 1913.

	Aðflutn-ingsgjald 2% kr.	Útflutn-ingsgjald 2% kr.	Vöru-tollur 3 % kr.
1. Reykjavík	4820,15	305,82	4595,23
2. Gullbr.- og Kjósars. og Hafnarfjörður	706,00	143,19	645,62
3. Árnessýsla	661,75	10,14	310,64
4. Rangárvallasýsla	»	»	»
5. Skaptafellssýsla	351,63	0,03	105,86
6. Vestmannaeyjasýsla	597,49	69,15	485,44
7. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	465,96	2,34	165,47
8. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	656,80	16,72	200,63
9. Dalasýsla	58,30	»	14,85
10. Barðastrandarsýsla	547,28	45,53	225,94
11. Ísafjarðarsýsla og Ísafjörður	1612,56	237,24	795,94
12. Strandasýsla	281,78	8,56	96,24
13. Húnavatnssýsla	560,38	273,10	180,34
14. Skagafjarðarsýsla	606,29	4,56	200,90
15. Eyjafjarðarsýsla og Akureyri	1707,58	2160,97	1815,34
16. Þingeyjarsýsla	609,15	172,56	263,04
17. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður	755,46	108,07	731,60
18. Suður-Múlasýsla	1146,36	205,85	627,79
Samtals kr.	16144,92	3763,83	11460,87

Fjármálaskrifstofu stjórnarráðsins,
18. júlí 1914.

Indr. Einarsson.

Fylgiskjal II.

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.

Reykjavík 20. júlí 1914.

Hin háttvirta nefnd efri deildar, sem skipuð er til að athuga tillögu til þingsályktunar um reikningsskil, hefir sent stjórnarráðinu 3 fyrirspurnir með brjefi dagsettu 17. þ. m.

1. Fyrsta fyrirspurnin er, hvort allir sýslumenn og bæjarfógetar haldi bækur þær, sem fyrirskipaðar eru í reglugerð 13. febr. 1873 og síðari ákvörðunum. Fult svar upp á þessa fyrirspurn er ekki unt að gefa; svo mikið er víst, að hafi það komið í ljós við eftirlit hjá sýslumönnum, að einhverja fyrirskipaða bók vantar, eða hún ekki verið færð eins og vera bar, þá hefir hlutaðeigandi þegar fengið skipun um að leiðrjetta það. Annars er landritara kunnugra um þetta mál en öðrum, en hann er fjarverandi að sinni. Fimm sýslumenn og bæjarfógetar senda eftirrit af bókum hingað, aðrir yfir höfuð ekki, en stjórnarráðið hefir síðustu árin heimtað skýrslur um innheimturnar á miðju ári, og í ár eftir fyrsta ársfjórðunginn, þar sem þess hefir þótt þurfa, og krafist greiðslu á þeim.

2. Innheimtur sýslumanna og bæjarfógeta hafa vaxið stórlega frá því landið fjekk löggjafarþing. 1875 voru allar tekjurnar, sem sýslumenn innheimtu fyrir landssjóð, einar 86,400 kr. á ári. Sýslumennirnir voru þá 18, reikningarnir 59, eftirlitið framkvæmt af 2 amtmönnum, landshöfðingja og einum manni sem endurskoðaði reikningana. 1913 voru tekjurnar, sem sýslumenn innheimtu fyrir landssjóðinn, 1,678,700 kr., reikningarnir sem þeir skila 164, sýslumennirnir voru 18 eins og áður. Eftirlitið framkvæmt af landritara einum og til að endurskoða reikningana er sem svarar tveim mönnum. Innheimtan hefir tuttugfaldast eftir 1875, en stórum dregið úr eftirlitinu. Því er ekki að leyna, að fleiri reikningum seinkar nú en áður, enda stendur sjaldan steinn yfir steini óhreyfður lengi í skattheimtu löggjöfinni. Viðfangsefnin fyrir innheimtuna eru ný eftir hvert þing, þótt aldrei hafi kveðið eins að breytingunum og á þinginu 1912, enda kvarta allir sýslumenn undan innheimtunni á vörutollinum, og hver byrðarauki hún sje fyrir þá. Í vetur og vor voru það vörutollsreikningarnir, sem komu síðast frá sýslumönnum.

Til þess að innheimta reikningana 1913, var 12. mars í vetur símað til 14 sýslumanna eftir 50 reikningum. 13. mars var símað til 7 sýslumanna eftir 7 kirkjujarðareikningum, sem vantaði. 7. apríl var enn símað til 8 sýslumanna eftir 9 reikningum, sem vantaði enn þá. Allir reikningarnir eru nú komnir fyrir löngu, nema einn kirkjujarðareikningur. Yfirleitt komu vörutollsreikningarnir síðast, og eins fyrir því þótt peningarnir væru greiddir í landssjóð. Það eru töluverðir erfiðleikar á að semja þá. Þegar reikningarnir komu 1913, var jafnframt borgað fjeð, sem eftir þeim átti að greiðast, nema c. 2000 kr. úr dánarbúi sýslumanns fyrir norðan, og 1—200 kr., sem eru í óvissu úr annari sýslu.

3. Fyrsta lið er svarað áður; en síðustu tvö ár hefir stjórnarráðið símað til margra sýslumanna um að greiða í landssjóð það, sem þeir hefðu innheimt 1. apríl og 1. júlí. Að sýslumenn haldi opinberum innheimtum, og einstakra manna fje út frá sínu eigin, má telja áreiðanlegt um alt land. Eftirlitsferðir stjórnar-

ráðsins hafa verið taldar svo eftir af yfirskoðunarmönnum Alþingis, að þær eru ekki farnar, nema þegar hætt er við að eitthvað sje að, en þó eru heimsóttir þeir gjaldheimtumenn, sem liggja í leiðinni, þó að ekkert sje að óttast um þá.

F. h. r.
e. u.

Indr. Einarsson.

Til
hr. alþingism. sjera Sigurðar Stefánssonar.

Fylgiskjal III.

Með brjefi, dags. 22. þ. m., hefir háttvirt nefnd, sem efri deild hefir skipað til þess að athuga tillögu til þingsályktunar um reikningsskil og fjárheimtur fyrir landssjóðinn og sjerstaklega tollgæslu, beiðst umsagnar minnar um brjef stjórnarráðsins 20. s. m.

Við brjef þetta hefi jeg ekkert verulegt að athuga, en jeg skal þó leyfa mjer að bæta eftirfylgjandi athugasemdum við það útaf fyrirspurnum nefndarinnar í brjefi 17. þ. m., er nefnt brjef stjórnarráðsins var svar upp á.

að 1. Allir sýslumenn og bæjarfógetar, sem jeg hefi skoðað hjá, halda bækur þær, sem nefndin spyr um. Tollbækurnar og útflutningsgjaldsbókin hafa yfirleitt verið færðar reglulega, nema hjá einum sýslumanni, sem nú er ekki lengur í embætti. Þó skal þess getið, að í þeim sýslum, sem margir verslunarstaðir eru, hlýtur altaf að líða nokkur tími þangað til búið er að fá nákvæma skýrslu um tollupphæð af hverju skipi, og því ekki að búast við, að allur tollur sje innfærður þegar skoðun er gerð, en hver sýslumaður heldur prívat tollbækur, svo með því að skoða þær, er þó altaf hægt að sjá, hve mikið er innborgað af tolli, sem ekki er búið að innfæra í tollbækurnar, sjeu þessar privatbækur rjett færðar. Einstaka sýslumaður hefir fyrst fært öll skipin inn í bækurnar í lok hvers ársfjórðungs, en honum hefir verið uppálagt að færa skipin inn jafnskjótt og hann var búinn að gera upp allan tollinn.

Aukatekjubækurnar voru hjá gjaldheimtumönnum færðar yfirleitt nákvæmlega og daglega innfært í þær, það sem landssjóði bar, svo við þær hefi jeg aldrei haft neitt verulegt að athuga, þó hefir það komið fyrir, hjá einum sýslumanni, að það vantaði að innfæra uppboðsgjöld og afgreiðslugjald eins skips, en það var engin ástæða til að ætla, að það hafi verið gert í þeim tilgangi að draga sjer fjeð, heldur var það eftirgangsleysi að kenna. Þar sem jeg hefi skoðað hefi jeg ætíð borið saman við aukatekjubókina, veðmálabækur, skiftabækur, dómsmála, fógeta, notarial og uppboðsbækur, en að öðru leyti en þessu er ekki auðgert að gjörreyna aukatekjubókina.

Gjaldabækur þær, sem umræðir í 12. gr. reglug. 13. febr. 1873, eru yfirleitt lakast færðar. Eftir reglugerðinni á að rita í þær, það sem sýslumanni er

goldið sem skiftaráðanda, uppboðshaldara og yfirfjárráðanda, og er það því skilið svo, sem ekki beri að innfæra í þessar bækur aðrar upphæðir, þó þær sjeu eins opinbers eðlis og hinar fyrnefndu tekjur. Það hefir því komið fyrir, að alls ekkert hefir verið fært inn í þessar bækur, af því að hlutaðeigandi sýslumenn segjast ekki hafa haft neitt skiftafje, uppboðsfje eða arf ómyndugra undir höndum, og það hefir ekki verið hægt að sjá annað en að það hafi verið rjett. Sumir sýslumenn eru aldrei innheimtumenn við lausafjáruppboð, og skiftafje stendur því venjulega inni hjá innheimtumanni þangað til skifti fara fram, og þá er ómyndugrafjeð venjulega strax sett á vöxtu í sparisjóði. Það er því áreiðanlegt, að *oftast* kemur *ekkert* af þessu fje í hendur þessara sýslumanna. *Stundum* kann það þó að vera í þeirra vörslum stutta stund, en af því þeir búast við að greiða það fljótlega af hendi og gera það líka, þykir þeim ekki taka því að innfæra það í bækurnar. Þetta er þó ekki rjett, og því hefi jeg þráfaldlega ámint þá um, að færa hverja þá upphæð inn, sem kæmi í þeirra hendur, hve stutt sem hún væri þar.

Einstöku sýslumenn hafa aftur á móti skilið þýðingu bóka þessara þannig, að í þær ætti að innfæra alt það fje, sem þeir tækju við í embættisnafni, svo sem peningasendingar frá stjórnarráðinu, t. a. m. styrk til búnaðarfjelaga, sundkenslustyrk o. s. frv., eða frá öðrum sýslumönnum, t. a. m. endurgoldinn sveitarstyrkur. Þetta virðist alveg rjett, og sjeu bækurnar nákvæmlega færðar, sem þær eru hjá þessum sýslumönnum, þá er ljett eftirlit með þessu fje.

að 2. Það hefir allajafnan verið gengið talsvert strangt eftir því, að reikningarnir kæmu í tæka tíð, og að því er reikningana fyrir síðastliðið ár snertir, hefir verið gengið mjög strangt eftir þessu, eins og brjef stjórnarráðsins 20. þ. m. sýnir. Að vörutollsreikningarnir nú í fyrsta sinni komu í seinna lagi er ekki nema alveg eðlilegt. Að öðru leyti er í stjórnarráðinu haldin bók, er sýnir nær reikningar úr hverri sýslu koma, og er hún nefndinni til sýnis.

að 3. Jeg hef ekki orðið annars var, en að sýslumenn, þeir sem jeg hefi skoðað hjá, hafi haldið opinberu og öðru fje, sem var í þeirra vörslu sem embættismanns, út af fyrir sig.

Jeg hefi gert eftirlit hjá öllum sýslumönnum og bæjarfógetum, nema í 1) Skaftafellssýslu, 2) Kjósar- og Gullbringusýslu, 3) Snæfellsnessýslu, 4) Dalasýslu, 5) Barðastrandarsýslu, 6) Ísafjarðarsýslu og 7) Eyjafjarðarsýslu. Í síðasttaldri sýslu hefi jeg aldrei formlega skoðað, en jeg hefi þó skoðað bækur þar, meðan jeg hefi dvalið á Akureyri, einkum árin 1908 og 1910, og ekki orðið annars var en að alt væri í lagi. Í sýslunum nr. 3, 5 og 6 hefir skrifstofustjóri Eggert Briem skoðað og í nr. 4 þáverandi skrifstofustjóri Jón Magnússon. Auk þess fór ráðherra Björn Jónsson árið 1910 sjerstaka rannsóknarferð í Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu.

Fjórum sinni hefi jeg farið skoðunarferð til sýslumanna, af því reikningsfærsla og önnur embættisfærsla þótti grunsöm og einu sinni fór Jón Magnússon slíka ferð. En annars hefir verið skoðað eftir því, sem tækifæri hefir verið til, stundum í sambandi við aðrar ferðir, svo sem úttekt Hóla 1907. Þegar stjórnarráðið var stofnað, var það tilætlunin að skoðun færi fram árlega, en það kom brátt í ljós, að upphæð sú, sem veitt var til eftirlitsferða, fyrst framan af 1000 kr. árlega og síðan 1500 kr., hvergi nærri hrökk til handa stjórnarráði, biskupi og

landlækni. Bæði af þessari ástæðu og fyrir eftirtölur endurskoðunarmanna, hefir stjórnarráðið orðið útundan.

Að endingu skal það tekið fram, að árið 1913 var gamla reglugerðin um reikningsskil tekin til gagngerðrar endurskoðunar í stjórnarráðinu og miklu strangari ákvæði sett um öll skil en áður og strangara eftirlit. Hin nýja reglugerð má heita fullbúin, og mun geta komið í gildi á næsta hausti.

Fylgiskjalið endursendist.

Reykjavík, 25. júlí 1914.

Virðingarfylst

Kl. Jónsson.

Til

nefndar efri deildar Alþingis, er sett hefir verið til þess að athuga tillögu til þingsályktunar um reikningsskil og fjárheimtu fyrir landssjóðinn og sjerstaka tollgæslu.

Fylgiskjal IV.

PÓSTSTOFAN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 24. júlí 1914

Með brjefi dags. 22. þ. m. hefir hin háttvirta nefnd beiðst skýrslu minnar um það:

1. hvort fyrirmælum 7. gr. tolllaganna 11. júlí 1911, um böggulsendingar frá útlöndum, sje nákvæmlega fylgt af póstmönnum og
2. hvort tiltækilegt sje að veita póstmönnum heimild til að rannsaka böggulsendingar, ef þeim þyki grunsamt að þær hafi inni að halda tollskyldar vörur.

Fyrri spurningunni skal svarað á þá leið, að mjer er eigi annað kunnugt, en að nefndri lagagrein hafi verið fylgt af póstmönum svo nákvæmlega, sem föng eru á, enda engar kvartanir komið fram frá lögreglustjórunum um það, að þar hafi verið áfátt í neinu, en það mun þó oft hafa komið fyrir, að drengskapar og samviskuvottorð, þau sem viðtakendur útlendra böggla gefa póstmönnum, taka eigi beint fram, hve mikið sje í þeim af tollskyldri vöru, heldur að eins. tilgreint, hvort í þeim sje tollskyld vara eða ekki, því að viðtakendur geta sjaldan sagt nákvæmlega til um innihaldið, fyrr en þeir hafa rannsakað það.

Hin nánari vottorð um innihaldið hafa viðtakendur svo gefið, eftir að þeir hafa átt kost á að rannsaka það, líklega oftast beint til lögreglustjóra, af því að póstmenn hafa eigi álitið sjer skylt að hafa eftirlit með áreiðanlegleik þeirra.

Síðari spurningunni get jeg svarað þannig, að jeg sje ekkert því til fyrirstöðu að póstmönnum sje veitt heimild til að rannsaka grunsamar böggulsendingar, um leið og þær eru afhentar.

Jeg veit til að slík rannsókn hefir verið gerð, auðvitað með samþykki viðtakanda. Sjerstaklega gæti sú heimild komið sjer vel, þegar viðtakandi er fjarverandi, eða á heimili langt í burtu, og annar kemur í hans stað, til að sækja böggulinn, án þess að geta vottað neitt um innihaldið.

Virðingarfylst

S. Briem.

Til

nefndar þeirrar í efri deild Alþingis, sem hefir til athugunar tillögu til þingsályktunar um reikningsskil og fjárheimtur fyrir landssjóðinn, og sjerstaka tollgæslu.

Nd. **335. Frumvarp**

til laga um breyting á 6. gr. í lögum nr. 86, 22. nóv. 1907, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

6. gr. í lögum 22. nóv. 1907 um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík orðist svo:

Innan loka nóvembermánaðar ár hvert skal samin áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið hefir samþykt, og skal henni fylgja yfirlit yfir afgang og halla í einstökum liðum síðasta reiknings. Í áætluninni skal talin sem sjerstakur tekjuliður jafnmikil upphæð eins og tekjuafgangur sá nam, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður. Einnig skal taka í àætlunina sem sjerstakan gjaldalið jafn mikla upphæð eins og tekjuhalli sá nam, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður en áætlunin var samin, nema tekjuhallinn stafi af kostnaði sem upphaflega var ákveðið að greiða skyldi með lánsfje. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með hálfs mánaðar millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein út af fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eftir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar. Áætlun þessa skal leggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en 14 daga í desembermánuði ár hvert. —

Ed. **336. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 11, 20. okt. 1905, um landsdóm.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

11. gr. 1. málsgr. síðasta setning orðist svo:

Dómruðning fer þannig fram, að báðir málsaðiljar, sóknari og ákærður eða verjandi hans, koma fyrir forseta á tilteknum stað og stundu, og ryður ákærður 1 af hinum lögskipuðu dómendum og 7 af hinum kjörnu, og sóknari ryður 1 af hinum lögskipuðu og 6 af hinum kjörnu.

2. gr.

Aftan við 14. gr. fyrri málsgr. bætist:

er jafnan sje einn hinna lögskipuðu dómenda.

3. gr.

Í 16. gr. 2. málsgrein verði »$^4/_5$« að:

$^2/_3$.

Nd. **337. LÖG**

um löggilding verslunarstaðar að Stóra-Fjarðarhorni við Kollafjörð í Strandasýslu.

(Afgreidd frá Nd. 3. ágúst).

1. gr.

Að Stóra-Fjarðarhorni við Kollafjörð í Strandasýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvbr. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **338. LÖG**

um breyting á lögum og viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum.

(Afgreidd frá Ed. 3. ágúst).

1. gr.

Meðan vöntun er á íslenskum vjelstjórum, sem fullnægja ákvæðum

laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum frá 11. júlí 1911, getur stjórnarráð Íslands veitt mönnum, er til þess teljast hæfir, leyfi til þess að vera vjelstjórar á íslenskum gufuskipum, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum nefndra laga enda hafi þeir meðmæli eftirlitsmanns með vjelum skips þess, er þeir ætla að verða vjelstjórar á, og vjelfræðikennarans við stýrimannaskólann.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911 um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum, dags. 2. mars 1914.

3. gr.

b-liður 3. gr. laga frá 11. júlí 1911 orðist svo:

Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár á einhverju því verkstæði hjer á landi eða erlendis, sem stjórnarráðið mælir með fyrir slíka iðnnema, eða hafi stundað járnsmíði á slíku verkstæði í 1 ár og síðan verið undirvjelstjóri með undanþágu í 2 ár, enda hafi hann fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.

4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna frá 1911 bætist:
eða hafi siglt 2 ár sem yfirvjelstjóri með undanþágu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 339. LÖG

um heimild fyrir landsstjórnina, til þess að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs skipaveðlán h/f »Eimskipafjelag Íslands«.

(Afgreidd frá Ed. 3. ágúst).

Landsstjórninni veitist heimild til þess, að ábyrgjast greiðslu á 1/4 hluta veðláns, að upphæð 600,000 krónur, sem h/f Eimskipafjelag Íslands tekur í erlendum banka, til þess að kosta smíði á tveim millilandaskipum, sem fjelagið hefir nú samið um smíði á. Lánið endurborgist á 12 árum, með jöfnum árlegum afborgunum og sje trygt með 1. veðrjetti í umræddum tveim millilandaskipum.

Ed. 340. Frumvarp

til laga um viðauka við lög um skipströnd 14. janúar 1876.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þá er strandað skip hefur legið á strandstaðnum eitt ár frá því er

strandið varð, og eigi verið selt við opinbert uppboð, samkvæmt strandlögunum, sökum ákvörðunar eiganda um að annast björgunina sjálfur, getur lögreglustjóri látið selja flakið og annað það, er skipinu fylgir og finst á strandstaðnum, við opinbert uppboð, ef óráðlegt þykir, af ástæðum er almenning varða, að láta það liggja lengur óselt, sbr. þó 4. gr.

2. gr.

Uppboð, er haldin verða samkvæmt 1. gr., skal lögreglustjóri jafnan tilkynna þeim, er lýst hafa eignarrjetti að skipinu, og öðrum, er þar hafa hagsmuna að gæta, ef kunnugt er um heimilisfang þeirra. Að öðrum kosti skal ræðismanni eða öðrum hjerlendum umboðsmanni þess lands, þar sem skipið átti heima, svo og hjerlendum umboðsmanni ábyrgðarsala, gjört aðvart um uppboðið. Andvirði hins selda, að frádregnum uppboðskostnaði og öðrum kostnaði, greiðist þeim, er sannar eignarrjett sinn samkvæmt ákvæðum 23.—24. gr. strandlaganna.

3. gr.

Í söluskilmálum við uppboð samkvæmt 1. gr. sem og við uppboð á strönduðu skipi samkvæmt strandlögunum, skal það ákveði sett, að skipsleifar, sem eigi eru fluttar burt úr fjörunni, þá er 2 ár eru liðin frá því er skipið strandaði, teljist óskilafje og verði eign fjöreigenda.

4. gr.

Nú hefur eigandi eða ábyrgðarsalar strandaðs skips hafið björgun áður en ár sje liðið frá því er strandið varð og gefið lögreglustjóra til kynna, að björguninni verði haldið áfram að árinu liðnu, og skal þá eigi haldið uppboð samkvæmt 1. gr., heldur er hlutaðeigendum heimilt að halda björguninni áfram um alt að tveggja ára tíma frá því er strandið varð, en þá verður flakið eign fjöreigenda samkvæmt 3. gr. En sýni eigandi eða ábyrgðarsalar stjórnarráðinu fram á, að örðugleikum hafi verið bundið að ljúka björguninni á tveim árum og lýsi því jafnframt yfir, að þeir vilji halda björguninni áfram, skal þeim þó veittur nægur frestur til þess. Þegar eins stendur á, getur uppboðskaupandi samkvæmt 3. gr. fengið samþykki stjórnarráðsins til nauðsynlegrar framlengingar á björgunarfresti, þeim sem þar er áskilinn.

5. gr.

Nú sekkur skip þar sem af því getur stafað hætta eða verulegur farartálmi fyrir siglingar og sjósókn, og getur stjórnarráðið þá látið auðkenna staðinn; jafnframt skal það spyrja þann, er tilkall á til flaksins, hvort björgunartilraunir verði gjörðar, og gjöra honum um leið aðvart um, innan hvers tíma flakið skuli gjört óskaðvænt.

Hafi stjórnarráðið eigi getað fengið vitneskju um, hver tilkall á til flaksins, eða ef hann vill eigi gjöra það óskaðvænt samkvæmt fyrirsögn stjórnarráðsins, getur það sjálft látið gjöra flakið óskaðvænt. Einnig getur stjórnarráðið látið gjöra flak óskaðvænt þegar eftir strandið eða skipbrotið, ef slík ráðstöfun verður að teljast óhjákvæmileg nauðsyn sökum þeirrar hættu, er stafar af flakinu.

6. gr.

Til tryggingar fyrir útgjöldum við yfirvaldaráðstafanir samkvæmt 5. gr. er skipið og það, sem því fylgir, og enda farmurinn, ef hann er þess eðlis, að af honum stafi hætta eða verulegt óhagræði fyrir siglingar og sjósókn. Stjórnarráðið getur því látið gjöra kyrsetning á þessum munum og skal gjörðinni haldið til dóms við sjódóm strandstaðarins. Hafi stjórnarráðið látið gjöra flak óskaðvænt og sje nokkru bjargað af skipi eða skipsgögnum má selja það við opinbert uppboð, og taka kostnaðinn af andvirðinu án undangenginnar kyrsetningargjörðar.

7. gr.

Fyrirmæli þessara laga hagga þó eigi reglum þeim um skipsflök á höfnum inni, sem settar eru eða settar kunna að verða í löggiltum reglugerðum kaupstaða eða kauptúna.

Ed. **341. Frumvarp**

til laga um varadómara í hinum konunglega íslenska landsyfirrjetti.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Prófessorarnir í lagadeild Háskóla Íslands eru sjálfkjörnir varadómarar í landsyfirrjettinum, hvort sem heldur losnar þar sæti, dómari forfallast um stundarsakir eða víkur úr dómarasæti.

2. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, dómari víkur úr sæti eða forfallast, og tekur þá dómstjóri eða sá, er veitir dómi forstöðu í hans stað, einn prófessoranna með hlutkesti í rjettinn. Ef enginn hinna reglulegu yfirdómara skipar sæti sitt, þá ganga 3 prófessorar lagadeildarinnar í rjettinn.

3. gr.

Sá af prófessorunum, sem hverju sinni verður kjörinn í dóminn, tekur hið auða sæti. Nú eru fleiri sæti auð en eitt, og fleirí prófessorar kjörnir í einu en einn, og taka þeir sæti í dóminum eftir embættisaldri.

4. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, og tekur þá varadómari helming launa þeirra, er því sæti fylgja, þar til skipað er í embættið.

Þá er yfirdómari forfallast eða víkur sæti fær varadómari 40 kr. fyrir hvert mál, er hann tekur þátt í dómsuppkvaðningu þess.

Þá er varadómari gegnir störfum yfirdómara, án þess að hann sje forfallaður eða hafi orðið að víkja úr dómi, greiðir yfirdómari þóknunina.

5. gr.

Ef eigi er unt að taka varadómara úr lagadeild Háskólans, setur landsstjórnin dómara í hið auða sæti.

6. gr.

2. málsgr. 6. gr. í tilsk. 11. júlí 1800 er úr gildi numin með lögum þessum.

Ed. **342. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rjett til að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

2. gr.

Ef maður vill öðlast þann rjett, sem um er rætt í 1. gr., skal hann hafa sannað fyrir Stjórnarráðinu, að hann kunni nægilega vel þá tungu, sem hann vill öðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á, og að hann hafi að öðru leyti þá þekkingu til að bera, er ætla má, að fullnægjandi sje til að leysa það störf vel af hendi. Heimilt er Stjórnarráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup, er greiðist úr landssjóði. Stjórnarráðið skipar fyrir um prófið.

3. gr.

Nú hefir maður öðlast rjett þann, er um er rætt í 1. gr., og skal hann þá skyldur að vera túlkur á dómþingum og þýða skjöl fyrir menn og stofnanir. Hann skal og heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund, og að ljósta eigi upp leyndarmálum. Rjett er þó, að aðrir menn sjeu dómtúlkar og skjalþýðendur, ef þeir eru dómkvaddir til þess í hvert skifti.

4. gr.

Dómtúlkar og skjalþýðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

5. gr.

Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda.

Ed. **343. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Annan tölulið í 3. gr. laga nr. 57, 22. nóv. 1907, skal orða svo:

Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku, Sökkólfsdal. Miðdali, Búðardal og þaðan um Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kring um Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.

2. gr,

Þessi breyting á stefnu þjóðvegarins er bundin því skilyrði, að sýsluvegur verði gerður úr þeim kafla hans, sem fellur úr.

Nd. **344. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur á þingskj. 287, við frv. til laga um breytingu á tolllögum nr. 54, 11. júlí 1911.

Frá nefndinni.

Við 1. gr. bætist ný grein, er verði 2. gr., og hljóði svo:

Heimilt er póstmanni að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, áður en þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að eigi sé rétt frá skýrt um innihald þeirra.

Greinatalan breytist hér eftir.

Nd. **345. Frumvarp**

til laga um afhendingu á landi til stækkunar á kirkjugarðinum í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Skylt er hverjum manni, er land á að kirkjugarðinum í Reykjavík, að láta af hendi nauðsynlegt land til stækkunar kirkjugarðinum, gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.

2. gr.

Ráðherra Íslands, í samráði við biskup ákveður, hve nær eignarnám skuli fram fara, hvar land skuli tekið, og hve mikið, þó eigi meira en 2 dagsláttur.

Ef ekki geta komist á samningar milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka til viðbótar kirkjugarðinum, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Við matið skal tekið tillit til verðmætis landsins, þar á meðal þess, hvort það er útmæld byggingarlóð eða ekki, og sjeu hús eða önnur mannvirki á landinu skulu þau bætt að fullu.

3. gr.

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í Reykjavíkurkirkjugarði, 2 krónur fyrir börn yngri en 1 árs, en 4 krónur fyrir aðra. Legkaupið rennur í landssjóð.

Nd. 346. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907 (á þingskj. 263).

Frá Guðm. Hannessyni, Einari Arnórssyni og Sigurði Sigurðssyni.

Síðari málsgr. 1. gr. falli burt.

Nd. 347. Framhalds-nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Háttv. efri deild hefir gert nokkrar breytingar á frumvarpinu eins og það var samþykt við 3. umr. hér í deildinni. Nefndin telur engar breytingarnar verulegar. Sumar telur nefndin til bóta og hinar eigi til skaða og ræður því háttv. deild til þess að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi 3. ágúst 1914.

Jón Magnússon, formaður. Sveinn Björnsson, skrifari. Björn Hallsson.

Einar Arnórsson. Sigurður Sigurðsson.

Nd. **348. Nefndarálit**

um frumvarp til l ga um sölu á þjóðjörðinni Núpi í Óxarfirði.

Frumvarp þetta er borið fram eftir beiðni ábúandans á Núpi, dags. 19. júní þ. á., herra Nikulásar Vigfússonar, og áskorun til Alþingis frá hreppsfundi Öxfirðinga, er haldinn var að Skinnastöðum 18. s. m.

Sú sök liggur til þess, að áskorunum þessum hefir verið beint til alþingis, að sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hefir synjað ábúanda um meðmæli með sölu jarðarinnar, á fundi 16.—17. maí 1914.

Ástæður sýslunefndar gegn sölunni eru þær, að jörð þessari sje „mjög vel í sveit komið, og hentug til opinberrar notkunar, enda *hefir það verið* vilji flestra hjeraðsbúa, að jörðin verði notuð sem læknissetur".

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála út af þessu atriði. Sumir nefndarmenn telja neitun sýslunefndar jafnan eiga að ráða því, að jörð sje ekki seld, en aðrir þeirra telja rjettara að athuga, á hverju neitun sýslunefndar sje bygð, og hagi þingið sjer eftir því, hvort því virðist synjunarástæðan fullgild eða eigi, því að harðla óviðfeldið sje, að gera einstökum leiguliðum landssjóðs ókleift að eignast ábýli sín meðan lögin um sölu þjóðjarða eru í gildi, nema brýna nauðsyn beri til.

Jörðin Núpur liggur á *sveitarenda*, yst í Öxarfjarðarhreppi, og getur því ekki komið til almennings-nota sem *skólajörð*, enda hefir verið synjað um sölu á annari þjóðjörð í miðri sveit, af því að augastaður hefir verið hafður á henni til skólaseturs.

Hitt er rjett, sem sýslunefnd segir, að „það *hefir verið* vilji flestra hjeraðsbúa", að jörðin yrði notuð sem *læknissetur*, og væri það fullgild ástæða til synjunar, ef þetta stæði óbreytt. En þessi ástæða *er nú fallin burt*, sakir þess, að *læknissetur hefir nú verið reist á hjeraðsins kostnað á annari jörð*, Snartarstöðum, *rjett við kauptúnið Kópasker*. Húsið er nýtt, og þar sem það er fast við kauptún, þar sem mönnum er hentugt að leita læknis um leið og þeir eiga önnur erindi í kaupstaðinn, og eins hitt, að *símastöð* verður sett á Kópasker ekki seinna en að sumri, þá eru *alls engin líkindi til*, að læknissetrið verði flutt frá kauptúni og símastöð inn í sveit (að Núpi). Slíkt væri gagnstætt allri venju og hagsýni.

Meiri hluti nefndarinnar sjer því eigi betur en þessi ástæða sýslunefndar til synjunar á sölu jarðarinnar sje ógild, og eigi ekki að valda því, að abúandanum sje synjað um kaup á jörðinni.

Um önnur „almennings not" af jörðinni, er aftrað geti sölu hennar, er ekki að ræða, enda hafa sveitarmenn óskað þess á tveim fundum í vor, að jörðin yrði seld ábúanda, með því skilyrði, að sveitinni sje tryggður rjettur til 50—100 hesta engis á jörðinni árlega gegn hæfilegu gjaldi. Þetta virðist meiri hlutanum mæla með því, að jörðin sje seld ábúanda, því að augljóst er af fundaryfirlýsingunum, að hreppsmenn vilja ekki eiga í því, að kaupa jörðina sjálfir og hafa aldrei farið fram á það.

Sýslunefndin, eða meiri hluti hennar, virðist hin síðustu ár in andstæð þjóðjarðasölu yfir höfuð, eftir því að dæma, hversu hún hefir tekið í sölu sumra jarða í Norður-Þingeyjarsýslu (Sigurðarstaða, Presthóla), og því heldur miklað fyrir sjer þau „almennings not", sem orðið gæti af þessari jörð, enda ekki ómögulegt, að ábúanda hafi orðið verr til sakir þess, að hann vildi ekki leyfa læknissetur á jörðinni, þegar þess var leitað fyrir nokkrum árum, *áður* en það varð að ráði að reisa læknisbústaðinn annarstaðar.

Á hinn bóginn hafa nokkrar allra bestu þjóðjarðirnar í Norður-Þingeyjarsýslu áður verið seldar ábúendum, með gæðakjörum, eins og í öðrum sýslum landsins. Þykir oss því rjettast, að eitt sje látið yfir alla ganga, ef það kemur ekki í bága við almennings heill.

Það skal tekið fram, að núverandi ábúandi á Núpi hefur verið þar allan sinn aldur og þeir faðir hans búið þar um sex tigu vetra. Engjar jarðarinnar hefir hann bætt til muna með áveitu, og hygst að leggja í meiri kostnað í því skyni, ef hann eignaðist jörðina, en það yrði allri sveitinni að gagni, eins og fundargerðir sveitarmanna bera vitni um.

Meiri hlutinn ræður því deildinni til að samþykkja frv. á þingskjali 58, með lítils háttar orðabreyting og ber því fram svofelda

BREYTINGARTILLÖGU:

Í stað orðanna í síðari málsgrein: „rjett til engis, fimmtíu til hundrað hesta, á jörðinni árlega“, o. s. frv. komi:

rjett til alt að hundrað hesta engis á jörðinni árlega, gegn sanngjörnu eftirgjaldi.

Alþingi 29. júlí 1914.

Sigurður Gunnarsson, formaður.	Benedikt Sveinsson, skrifari.

Eggert Pálsson.

Minni hlutinn mun gera grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli, þegar það kemur til umræðu í deildinni.

Pjetur Jónsson. Jóhann Eyjólfsson.

Ed. **349. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum um vörutoll nr. 30, 22. október 1912.

Nefndin hefir athugað frv. þetta eins og það liggur fyrir frá hv. Nd. og ræður hv. deild til þess, að samþykkja frv. með eftirfarandi breytingum, sem gerð verður grein fyrir við framsögu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. 4. málsgr.:
   a) Á eftir orðinu »kvíslar« komi:
      spaðar, steðjar, sleggjur, járnkarlar, ljáblöð.

b) Á eftir orðunum »tómir pokar« komi:
strigi, mottur, fiskinet, kork.
c) Á eftir orðunum »tilbúin segl« komi:
segldúkar.
d) Á eftir orðinu »bensin« komi:
fastur vjelaáburður.
e) Á eftir orðinu »járnbrautarteinar« komi:
spengur, rær og gaddar til járnbrautargerðar.
f) Orðin »gufukatlar, gufuvjelar, gufuvagnar, bifreiðar«, falli burtu.

2. Við 1. gr. 6. málsgrein orðist svo:
Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður), tvinna og allskonar garni, öðru en allskonar seglgarni og netagarni, 0,60 kr. af hverjum 10 kílógr.

3. Við 1. gr. 1. setning næst síðustu málsgreinar orðist svo:
Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílógr.

4. Við 1. gr. Á eftir orðinu »hey« í síðustu málsgrein komi:
síld til beitu.

Alþingi 3. ágúst 1914.

Kristinn Daníelsson, formaður með fyrirvara.
Karl Einarsson, skrifari og framsögum.

Steingrímur Jónsson.

Nd. **350. Framhaldsnefndarálit**

í málinu: Frumv. til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Við frumvarp þetta hefir háttv. efri deild bætt síðasta málslið annarar greinar, er kveður á um yfirmat á lóð og mannvirkjum, komi málsaðiljar sjer ekki saman.

Jafn vel þótt samskonar lög og hjer getur, hafi áður verið samþykt af Alþingi, er ekki hafa gjört ráð fyrir yfirmati, þá lítur nefndin svo á, að hjer sje þó breyting til bóta á frumvarpinu, og leggur til að það sje samþykt.

Alþingi 3. ágúst 1914.

Björn Hallsson, form.
Stefán Stefánsson, skrifari.

Eggert Pálsson. Sveinn Björnsson. Einar Arnórsson.

Nd. **351. Frumvarp**

til laga um breytingu á tollllögum nr. 54, 11. júlí 1911, og lögum um vörutoll nr. 30, 22. nóv. 1912.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa vanrækt að skýra innheimtumanni, áður lögmæltur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða að því, að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess, að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 segir, skal hann sæta frá 50 til 1000 króna sektum.

Nú hefur maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 100 króna.

Ennfremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum þeim, er undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru, dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verslunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó fengið slík leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá er eigi hefir slík leyfi, er hann verður brotlegur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

2. gr.

Heimilt er póstmanni að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, áður en þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að eigi sje rjett frá skýrt um innihald þeirra.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn 1. málsgr. 2. gr., skal fara sem almenn lögreglumál, en mál út af brotum gegn 2. málsgr. 1. gr. sæta almennri sakamálameðferð.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1. málsgr. 8. gr. tolllaga nr. 54, 11. júlí 1911 og 1 málsgr. 8. gr. laga um vörutoll nr. 30, 22. nóv. 1912.

Nd. **352. Frumvarp**

til laga um varadómara í hinum konunglega íslenska landsyfirrjetti.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Prófessorarnir í lagadeild Háskóla Íslands eru sjálfkjörnir varadómarar í landsyfirrjettinum, hvort sem heldur losnar þar sæti, dómari forfallast um stundarsakir eða víkur úr dómarasæti.

2. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, dómari víkur úr sæti eða forfallast, og tekur þá dómstjóri eða sá, er veitir dómi forstöðu í hans stað, einn prófessoranna með hlutkesti í rjettinn. Ef enginn hinna reglulegu yfirdómara skipar sæti sitt, þá ganga 3 prófessorar lagadeildarinnar í rjettinn.

3. gr.

Sá af prófessorunum, sem hverju sinni verður kjörinn í dóminn, tekur hið auða sæti. Nú eru fleiri sæti auð en eitt, og fleiri prófessorar kjörnir í einu en einn, og taka þeir sæti í dóminum eftir embættisaldri.

4. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, og tekur þá varadómari helming launa þeirra, er því sæti fylgja, þar til skipað er í embættið.

Þá er yfirdómari forfallast eða víkur sæti fær varadómari 40 kr. fyrir hvert mál, er hann tekur þátt í dómsuppkvaðningu þess.

Þá er varadómari gegnir störfum yfirdómara, án þess að hann sje forfallaður eða hafi orðið að víkja úr dómi, greiðir yfirdómari þóknunina.

5. gr.

Ef eigi er unt að taka varadómara úr lagadeild Háskólans, setur landsstjórnin dómara í hið auða sæti.

6. gr.

2. málsgr. 6. gr. í tilsk. 11. júlí 1800 er úr gildi numinn með lögum þessum.

Nd. **353. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rjett til að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

2. gr.

Ef maður vill öðlast þann rjett, sem um er rætt í 1. gr., skal hann hafa sannað fyrir Stjórnarráðinu, að hann kunni nægilega vel þá tungu, sem hann vill öðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á, og að hann hafi að öðru leyti þá þekkingu til að bera, er ætla má, að fullnægjandi sje til að leysa þau störf vel af hendi. Heimilt er Stjórnarráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup, er greiðist úr landssjóði. Stjórnarráðið skipar fyrir um prófið

3. gr.

Nú hefir maður öðlast rjett þann, er um er rætt í 1. gr., og skal hann þá skyldur að vera túlkur á dómþingum og þýða skjöl fyrir menn og stofnanir. Hann skal og heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund, og að ljósta eigi upp leyndarmálum. Rjett er þó, að aðrir menn sjeu dómtúlkar og skjalþýðendur, ef þeir eru dómkvaddir til þess í hvert skifti.

4. gr.

Dómtúlkar og skjalþýðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

5. gr.

Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda.

Nd. **354. Framhaldsnefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um varadómara í hinum konunglega íslenska landsyfirrjetti (þingskj. 341).

Háttvirt efri deild hefir gert eina lítilvæga breytingu á 4. gr. frv., eins og það var, er það var samþykt við 3. umræðu í neðri deild. Breytingin er sú, að eigi skuli greiddar 10 kr. fyrir hvert rjettarhald og 30 kr. fyrir dómsuppkvaðningu í máli, er varadómari tekur þátt í, heldur að eins 40 kr. fyrir hvert mál, er vara dómari tekur þátt í dómsuppkvaðningu þess. Nefndin telur þessa breytingu að-

gengilega, og leyfir sjer að ráða háttv. deild til þess, að samþykkja frv. óbreytt, eins og háttv. efri deild hefir gengið frá því.

Alþingi 4. ágúst 1914.

Sigurður Gunnarsson formaður. Einar Arnórsson skrifari. Eggert Pálsson.

Björn Hallsson. Jóh. Eyjólfsson.

Nd. 355. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

Efri deild hefir gert lítilfjörlegar orðabreytingar á frumvarpinu. Þótt ein þeirra sje til mállýta og önnur óþörf, þá leggur nefndin þó til að frv. verði nú samþykt óbreytt.

Alþingi 4. ágúst 1914.

Jón Magnússon, formaður. Bjarni Jónsson frá Vogi. skrifari.

Þórarinn Benediktsson. Einar Arnórsson. Pjetur Jónsson.

Nd. 356. Þingsályktun

um mæling á skipaleið inn á Syðra-Skógarneshöfn í Hnappadalssýslu.

(Samþykt í Nd. 4. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leita vitneskju um, hve mikið fje mæling á skipaleið inn á Syðra-Skógarneshöfn muni kosta, og gera síðan ráðstafanir til að nauðsynlegt fje verði veitt í næstu fjárlögum til mælingarinnar og hún framkvæmd svo fljótt sem tök eru á.

Nd. 357. Þingsályktun

um líkbrenslu í Reykjavík.

(Samþykt í Nd. 4. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina að afla allra nauðsynlegra skýrslna um kostnað við að koma á líkbrenslustofnun í Reykjavík, og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um líkbrenslustofnun og líkbrenslu í Reykjavík, ef tiltækilegt þykir.

Nd. **358. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frá G. Eggerz.

Við 2. gr.

Á eftir orðunum í 3. málslið greinarinnar »útvegsmenn« komi: þar með taldir þeir er síldveiði reka.

Nd. **359. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Nefnd sú, er háttv. neðri deild Alþingis skipaði til að athuga frumvarp þetta, hefir því miður eigi getað orðið sammála.

Minni hlutinn (Guðm. Eggerz) vill gera þá breytingu á frumvarpinu, að síldveiði með nót, sem um getur í 1. gr. frumvarpsins, verði látin heyra undir ákvæði 2. greinar, að því er til útsvarsskyldu kemur.

Þetta getur meiri hlutinn eigi fallist á, og með því hann telur þó nokkura rjettarbót í frumvarpinu, eins og það nú er, ef það yrði gert að lögum, en hins vegar hæpið, að það kæmist klaklaust gegnum efri deild, ef því yrði að nokkru breytt, þá ræður meiri hlutinn háttv. neðri deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi 4. ág. 1914.

Matth. Ólafsson, skrifari. Skúli Thoroddsen, nefndar-formaður.

Jón Jónsson. Stefán Stefánsson, Eyf.

Guðm. Eggerz, með fyrirvara. Þórarinn Benediktsson. Hjörtur Snorrason.

Nd. **360. Rökstudd dagskrá**

feld í Nd. 4. ágúst. (Frumv. til laga um að landsstjórninni heimilist að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum nauðsynlegan styrk úr landssjóði til reksturs hælisins, þingskj. 190).

Með því að deildin lítur svo á, að landsstjórninni sje heimilt og eftir atvikum skylt að sjá við því, að heilsuhælið eigi þurfi að hætta starfi sínu, svo engin þörf sje á sjerstökum lögum um þetta efni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **361. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá meiri hlutanum.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild Alþingis skipaði til að athuga þetta frumvarp, hefir eigi getað orðið sammála.

Meiri hlutinn getur eigi fallist á að löggjöf um þetta efni sje heppileg nú sem stendur.

Þá er og meiri hlutinn, að nokkuru leyti á þeirri skoðun, að eigi sje rjett að afnema undanþágu þá, er íslenskir botnvörpungar hafa haft að undanförnu, um meðferð á veiðarfærum innan landhelginnar.

Telur hann slíkt enga ívilnun gagnvart útlendingum, þótt Íslendingum yrði sett jafnerfið skilyrði og þeim, því útlendingar munu nú sætta sig allvel við þau ákvæði.

Það er einkum ákvæði um hækkun á lágmarki sektanna, sem meiri hlutinn telur varhugaverð. Þau mundu verða illa þokkuð meðal útlendinga og eigi styðja að vinsamlegum viðskiftum, sem oss er nú svo mikil þörf eins og hag vorum er komið, að því er snertir viðskifti við útlönd og þó einkum England, sem helst lítur út fyrir að verði hið eina land í Norðurálfu, sem við getum haft nokkur viðskifti við, á meðan á ófriði þeim stendur, sem nú geysar um Norðurálfu.

Hinsvegar hefir frumvarp þetta að eins einn kost, þann að auka tekjur landhelgissjóðins, en úr því getur meiri hlutinn ekki gert mikið. Meðan ófriðurinn stendur yfir, eru lítil líkindi til að neinir útlendir botnvörpungar verði hjer við land og gefa þá heldur engar auknar tekjur, en þegar ófriðinum ljettir af er skamms að bíða að þing komi hjer saman aftur og væri þá hægur hjá að samþykkja lög í þessa átt, ef engar breyttar kringumstæður væri því þá til fyrirstöðu.

Af framanskráðum ástæðum leyfir meiri hlutinn sjer að ráða háttvirtri neðri deild til að fella frumvarpið.

Alþingi 4. ágúst 1914.

Matth. Ólafsson, skrifari. Stefán Stefánsson, Eyf.

Benedikt Sveinsson. G. Eggerz.

Nd. **362. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um strandferðir frá 10. nóv. 1913.

Frá Strandferðanefndinni.

1. gr.

Fyrir orðin »alt að 400,000 kr. í 1. grein komi:
Alt að 500,000 kr.

2. gr.

2., 3. og 4. grein laganna falli burt.

3. gr.

5. grein laganna, sem verður 2. gr., orðist svo:

Landsstjórninni veitist heimild til að taka lán, alt að 500,000 kr., til að fullnægja ákvæðum 1. greinar.

Nd. 363. Tillaga

til þingsályktunar um strandferðir.

Frá strandferðanefndinni.

Alþingi felur landsstjórninni að semja við h/f Eimskipafjelag Íslands um strandferðir árin 1916 og 1917 á grundvelli samnings þess, er landsstjórnin gerði við Eimskipafjelagið 4. febrúar 1914, en að öðru leyti með því fyrirkomulagi og þeim kjörum, sem hjer segir:

1. Strandferðaskip sjeu tvö, bæði eins að allri gerð og fyrirkomulagi. Farmrúm hvers skips sje hjer um bil 30,000 teningsfet, ganghraði 9 mílur á vöku með fullfermi. Farrými sjeu 3 í strandferðum, er rúmi 40 manns á fyrsta farrými, 50 á öðru og um 100 á þriðja (í lest). Kælirúm sjeu í skipinu að minsta kosti 1200 teningsfet í hvoru.
2. Ferðir hefjist eigi síðar en um miðjan apríl hvort árið og hætti eigi fyr en um miðjan nóvember. Ferðaáætlun sje sem líkust áætlun þeirri, er prentuð er á þgskj. 364, fylgiskj. IX., ferðir eigi færri en þar greinir og viðkomustaðir eigi færri.
3. Farmgjöld og fargjöld sjeu eigi hærri en nú eru.
4. Fyrir ferðir þessar fái Eimskipafjelagið alt að 77,300 króna styrk úr landssjóði hvort árið.

Nd. 364. Nefndarálit

um strandferðir.

Samkvæmt ályktunum í neðri deild og efri deild Alþingis, kusu báðar deildirnar samtímis nefndir, til þess að íhuga strandferðafyrirkomulagið, neðri deild 7 manna nefnd, en efri deild 5 manna nefnd. Formaður neðri deildar nefndarinnar var kosinn Björn Kristjánsson og skrifari Sveinn Björnsson. Formaður efri deildar nefndarinnar var kosinn Björn Þorláksson og skrifari Jósef Björnsson Formenn nefndanna komu sjer þegar saman um það, að nefndirnar skyldu frá byrjun hafa sameiginlega fundi. Komu svo nefndirnar saman á sameiginlegan fund 20. júlí. Var þá kosinn fundarstjóri samvinnunefndarinnar Guðmundur Björnsson og fundarskrifari Sveinn Björnsson.

Voru svo haldnir nokkrir samvinnunefndarfundir, en því næst kaus nefndin 5 manna undirnefnd, til þess að vinna úr gögnum þeim, er fyrir lágu, og gera tillögur til samvinnunefndarinnar.

Er sú nefnd hafði lokið störfum sínum, gaf hún samvinnunefndinni skýrslu sína og kom fram með tillögur sínar.

Að því búnu fjekk samvinnunefndin stjórn h/f Eimskipafjelags Íslands á fund með sjer og ræddi málið með henni.

Bæði samvinnunefndin og undirnefndin höfðu samgöngumálaráðunaut stjórnarinnar til aðstoðar og ráða, og kom hann að jafnaði á nefndarfundi.

Í samningi, gerðum 4. febrúar þ. á. milli landsstjórnarinnar og h/f Eimskipafjelags Íslands (fylgskj. III. með *þingskj. 57)*, er svo um samið, að h/f Eimskipafjelag Íslands taki að sjer strandferðir umhverfis Ísland frá því í apríl 1916 „með 2 eða fleiri strandferðaskipum, og sjeu ferðirnar eigi lakari að skipakosti nje óhentugri en strandferðir þær, er verið hafa að undanförnu síðan 1911, gegn því að fjelaginu sje greiddur til ferða þessara sanngjarn styrkur úr landssjóði, og lætur fjelagið byggja í tæka tíð tvö hæfileg skip í þessu skyni.

Um stærð skipanna, fyrirkomulag ferðanna, ferðaáætlanir og taxta, og jafnframt um styrkinn úr landssjóði á hverjum tíma sem er, fer eftir síðari samningum milli landssjóðs og fjelagsins“ (sbr. 2. gr.).

Samkvæmt 5. gr. er gert ráð fyrir, að samningar þessir verði gerðir fyrir 1. febrúar 1915.

Samkvæmt þingsályktunartillögunum um skipun nefndanna á þgskj. 96 og 97 er nefndunum ætlað að íhuga þetta mál og koma fram með tillögur um það.

Samkvæmt fjárveitingu í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915, og eftir tillögum samgöngumálanefnda síðasta þings, skipaði ráðherra í febrúarmánuði síðastliðnum samgöngumálaráðunaut. Til starfans var skipaður Olgeir Friðgeirsson, áður verslunarstjóri á Vopnafirði. Hefir hann á þessu vori ferðast um landið, til þess að kynna sjer óskir landsmanna um strandferðir og annað þar að lútandi.

Hefir hann nú stungið upp á þrenns konar fyrirkomulagi á strandferðunum. Er gerð grein fyrir þessum uppástungum í 3 áætlunum, ásamt skýringum á þeim, fylgskj. I.—IV.

Eftir að hafa íhugað áætlanir þessar nákvæmlega, komst samvinnunefndin að þeirri niðurstöðu, að byggja á fyrirkomulagi því, sem gert er ráð fyrir í áætlun nr. 2.

Samgöngumálaráðunauturinn hefir samið áætlanir yfir kostnað við útgerðina, samkv. hverri áætlun fyrir sig, og væntanlegar tekjur skipanna. Hefir hann borið þær undir útgerðarstjóra Eimskipafjelagsins og hann fallist á þær. Fylgja áætlanirnar nefndarálitinu, fylgskj. VI. a.—VI. c.

Til glöggvunar, skal hjer sett samanburðaryfirlit yfir áætlanir þessar allar.

	Áætlað verð skipanna kr.	Stærð í smálestum nettó	Farrými: farþegar í 1. flokki	farþegar í 2. flokki	farþegar í 3. flokki	Gang-hraði á vöku	Kæli-rúm ten.fet.	Tekju-halli kr.	Tala strandferða: venjulegar strand-ferðir	hrað-ferðir	alls
Áætlun nr. 1.											
Skip A	235 þús.	350	50	50	100	9 mílur	1200	105,810 eða 78,810	9	12	*21*
— B	200 —	450	20	40	140	8 —	ekkert				
Áætlun nr. 2.											
Skip A	245 þús.	400	40	50	100	9 mílur	1200	119,200 eða 77,300	14	10	**24**
— B	245 —	400	40	50	100	9 —	1200				
Áætlun nr. 3.											
Skip A	235 þús.	350	50	50	100	9 mílur	1200	216,576	$9^1/_2$ og auk þess 6 ferðir frá Rvik til Seyðisfjarðar og aftur til baka og 11 ferðir til útlanda.	$10^1/_2$	*20*
— B	200 —	450	20	40	140	8 —	ekkert				
— C	80--250*)	225—250	18—24	ekkert	70—80	8 —	ekkert				

*) 80, ef keypt er gamalt, 250 ef bygt er að nýju.

Enn fremur fylgir nefndarálitinu samanburðaryfirlit á strandferðum 1912 (Thoreútgerðin), 1913 (Sam. fjelagsútgerðin), 1914 (Björgvinjarfjelag og Tuliniusarskip), samkvæmt áætlunum samgöngumálaráðunautarins nr. 1. 2. og 3 og samkvæmt áætlun hans nr. 2 með breytingum, sem nefndirnar leggja til að gerðar verði á þeirri áætlun, flgskj. IX. Sýnir yfirlit þetta tölu viðkoma á hverri höfn, eftir hverju fyrirkomulaginu fyrir sig.

Til enn frekari skýringa fylgir nefndarálitinu samanburðaryfirlit yfir ferðafjöldann, flgskj. VIII.

Loks fylgir nefndarálitinu ný áætlun, sem samvinnunefndin hefir samið, og leggur til, að lögð verði til grundvallar í samningum landsstjórnarinnar við Eimskipafjelagið, (flgskj. IX). Er áætlun þessi, eins og áður er getið, bygð á áætlun samgöngumálaráðunautarins nr. 2; aðalbreytingar nefndanna frá áætlun nr. 2 eru þessar:

1. Ferðirnar látnar byrja í apríl í staðinn fyrir í mars.
2. Skipin látin fara eina ferða til útlanda hvort (í júlílok og í miðjum ágúst).

Við þetta verður tekjuhallinn á ferðunum 41,900 kr. minni en verða mundi, ef hallast væri að áætlun nr. 2 óbreyttri, sbr. kostnaðaráætlun samgöngumálaráðunautarins.

Skal nú gerð hjer nokkur grein fyrir ástæðum samvinnunefndarinnar fyrir tillögu hennar.

Skip þau, sem áætlun nr. 2 gerir ráð fyrir, telur samvinnunefndin heppilegust. Skipin eiga bæði að vera nákvæmlega með sömu gerð og fyrirkomulagi. Reynslan hefir sýnt að skip, sem eru eingöngu vöruflutningaskip eða hafa aðeins rúm fyrir fáa farþega, eru óhentug til strandferða hjer. Menn þurfa að geta ferðast hafna á milli með skipunum og haft sæmilega góðan aðbúnað. Fólksflutningar með strandferðaskipunum fara stöðugt vaxandi og hafa aldrei fyr verið eins miklir og á þessu ári, með Björgvinjarskipunum. „Austri“ og „Vestri“, sem menn að öðru leyti voru ánægðir með, reyndust heldur litlir. Skip þessi eru talsvert stærri og með meira farþegarúmi í strandferðum. Gert er ráð fyrir að taka megi burt 2. farrými, er skipið siglir eigi í strandferðum, og nota þá alt skipið utan 1. farrýmis sem lestarrúm.

Fyrirkomulag ferðanna telja nefndirnar heppilegra eftir áætlun nr. 2 en hinum áætlunum. Þar sameinaðar ferðir með mörgum viðkomustöðum við skjótar hringferðir. Skipin ávalt látin fara alla leið kringum landið (nema í tveim ferðum) og ferðunum þannig hagað að hægt er venjulega að komast á hafnirnar kringum landið með öðru skipinu, og þaðan aftur eftir stuttan tíma með hinu.

Er skipin koma frá útlöndum að vorinu hafa þau meðferðis birgðir af erlendri vöru. Þegar ullin er tilbúin að sumrinu, fæst ferð til útlanda með hana frá öllum höfnum. Loks er ætlast til að skipin taki kjötið í síðustu ferðunum og flytji það beint út.

Viðkomustaðir eru alls 87, en um 25 þeirra er svo ákveðið, að þar sje að eins komið, ef talsverður flutningur er. Á þenna hátt fá mjög margar hafnir viðkomur, en þó eigi að nauðsynjalausu, og sparast við það óþarfa ferðir á staði, þar sem lítið eða ekkert er að gera, og kostnaður sá, sem af því leiðir.

Kostnaður við ferðirnar og tekjuhallinn af þeim er minstur með þessu fyrirkomulagi; sbr. kostnaðaráætlanir samgöngumálaráðunautarins. Auk þess má með þessu

fyrirkomulagi spara talsvert af fjárveitingum til flóabáta, 20 þús. kr. að minsta kosti. Um þetta atriði og fleiri vísast til brjefs samgöngumálaráðunautarins til nefndanna dags. 30. júlí þ. á, sem fylgir nefndarálitinu (fylgskj. V).

Stjórn Eimskipafjelagsins hefir tjáð sig, ef ekkert ófyrirsjáanlegt kemur fyrir, reiðubúna til þess að taka að sjer slíkar strandferðir, sem nefndirnar leggja til að samið verði um, fyrir 77,300 króna ársstyrk, eða þá upphæð, sem samgöngumálaráðunautarinn hefir áætlað að hallinn mundi verða af ferðunum. Þó áskildi stjórnin sjer rjett til, við endanlega samning áætlana, að víkja lítisháttar við brottfarar og komudögum, ef þörf væri á, til þess að hafa samband milli strandferðaskipanna og millilandaskipanna. En jafnframt hefir stjórn Eimskipafjelagsins tekið það fram, að með því að hjer er gert ráð fyrir mun dýrari skipum en höfð voru í huga er síðasta Alþingi gaf heimildina um hlutakaup landssjóðs í fjelaginu, (þá var gert ráð fyrir, að bæði skipin mundu kosta 440 þús. kr.; nú er verð þeirra áætlað 490 þús. krónur) og auk þess lán það, sem fæst gegn 1. veðrjetti í skipunum lægra en þá var ráð fyrir gert, þá muni það eigi geta tekist á hendur að láta byggja slík skip og reka strandferðir með þeim, nema landssjóður leggi til fjelagsins 50—100 þús. krónur í viðbót, eftir því hverju verði tekst að fá samið um smíðar á skipunum. Ef það skyldi koma fyrir, að skipaverð fari fram úr öllu hófi, vegna Norðurálfuófriðarins, þá er talið sjálfsagt að Eimskipafjelaginu verði eigi talið skylt að smíða skipin. Hjer er gert ráð fyrir, að verð beggja skipanna fari eigi fram úr 500 þús. krónum.

Samvinnunefndin lítur svo á, að strandferðum verði best fyrir komið í höndum þessa innlenda eimskipafjelags. Telja þær sjálfsagt og nauðsynlegt, að fjelagið bíði eigi fjárhagslegt tjón af því að taka að sjer ferðirnar. Fyrir því leggur nefndin til, að landsstjórninni verði heimilað:

1. Að semja við fjelagið um strandferðir með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í fylgskj. IX., og með skipum af þeirri gerð, sem áætlun samgöngumálaráðunautarins nr. 2 gerir ráð fyrir, fyrir árin 1916 og 1917 með alt að 77,300 króna ársstyrk úr landssjóði.

2. Að kaupa fyrir landssjóðs hönd alt að 100 þús. krónum af hlutum í fjelaginu í viðbót við þær 400 þús kr., sem landssjóður hefir þegar skuldbundið sig til að kaupa.

Hefir nefndin samið tillögu til þingsályktunar (þgskj. 363) og frumvarp (þgskj. 362), hjer að lútandi,

---

Frumvarpið felur í sjer þær breytingar á lögum síðasta þings, sem þarf til að heimila landsstjórninni aukna hluttöku í Eimskipafjelaginu og auk þess er eðlilegt, úr því að samningar eru gerðir við Eimskipafjelagið, að jafnframt sjeu feldar úr frumvarpinu þær greinar, sem eiga við landssjóðsútgerð.

Í *þingsályktunartillögunni* er skipunum lýst samkvæmt skýringu samgöngumálaráðunautarins (fylgskj. IV.), að eins er tiltekið rúmmál farmrúmsins, með því að

það er ábyggilegra um vörurúm skipsins en tala smálesta; 30,000 ten. fet samsvara 400 smál. í slíku skipi.

Að öðru leyti felast skýringar á tillögunni í því, sem áður er greint.

Um einstök önnur atriði í væntanlegum samningi milli landsstjórnarinnar og Eimskipafjelagsins leyfir samvinnunefndin sjer að koma fram með eftirfylgjandi bendingar:

1. *Samningstími.* Það er gengið út frá því sem sjálfsögðu, að *ekki verði samið í fyrstu nema fyrir tveggja ára tíma.* Þetta virðist nefndunum sjálfsagt, hvort heldur litið er á málið frá hálfu landsstjórnarinnar eða Eimskipafjelagsins, af því ekkert verður með vissu sagt um, hvort tekjuhallinn verður sá, sem ráð er gert fyrir. Hann getur orðið meiri eða minni en áætlað hefir verið. Reynslan ein getur sannað, hvernig því verður farið, er til framkvæmda kemur. Styrkur sá, er nefndirnar leggja til, að veittur verði úr landssjóði til strandferðanna, getur því reynst of mikill eða of lítill, og er hvorugt gott, ef gilda ætti fyrir lengri tíma.

2. *Umhleðsla.* Það var upplýst fyrir nefndunum, að ætti Eimskipafjelagið að annast umhleðslu á vörum, án endurgjalds frá vörueigendum, þá myndi það auka tekjuhalla strandferðaskipanna um alt að 20 þús. kr. Þótt nokkuð megi með því mæla, að umhleðslugjald sje ekki tekið af vörueigendum, þá hafa nefndirnar þó ekki viljað leggja það til, því styrkurinn úr landssjóði hefði þá orðið að hækka að miklum mun. Að því er snertir umhleðslugjaldið, vænta nefndirnar þess hins vegar, að það *verði sett svo lágt, sem fært þykir,* og að minsta kosti ekki hærra en 3—5 kr. fyrir hvert tonn.

3. *Farmgjöld.* Þegar ræða er um farmgjöld fyrir vörur milli hafna innanlands, þá virðist nefndunum æskilegt, að *þau sjeu ákveðin með hliðsjón af vegalengdinni, sem vörurnar eru fluttar,* á líkan hátt og gert er um fargjöld. Þetta myndi verða til þess að auka flutninga milli nálægra hafna og til mikilla hagsmuna fyrir viðskiftalífið á ýmsum stöðum á landinu.

4. *Fæðissala.* Þótt allmikið mæli með því, að farþegar með strandferðaskipunum sjeu ekki skuldbundnir til að kaupa fæði, heldur fari það eftir vild þeirra, hvort þeir kaupi fæði eða ekki, *þá treysta nefndirnar sjer ekki til að mæla með því, að því er snertir farþega á 1. farrými.*

Nefndirnar játa að vísu, að stundum komi þetta allhart niður, en það er þegar sjóveiki hamlar mönnum frá að neyta matar svo dögum skiftir.

En í þessu efni verður líka á það að líta, að svo framt sem ekki er fast ákveðið að farþegar á 1. farrými kaupi fæði, þá myndi reynast örðugt eða ómögulegt fyrir Eimskipafjelagið, að fá mann til að taka matsöluna að sjer fyrir eigin reikning. Óvissan um hve mikið keypt kunni að verða í þeirri eða þeirri einstakri ferð, gæti hæglega orðið þess valdandi, að matsali yrði fyrir skaða á matvælum, sem hann hefði umfram þarfir eða hann reyndist ekki nógu birgur af matvælum, sem þörf væri á. Hið fyrra af þessu myndi helst koma fyrir, þegar ilt væri í sjó og margir yrðu sjóveikir. En þetta yrði matsalinn að hafa bótalaust, ef alt væri laust um fæðissöluna. Það er því eðlilegt að matsalinn tæki alloft litlar birgðir til að firra sig skaða, og kynni þá stundum að lenda í skorti. Það, sem selt yrði af fæði, myndi og með þessu móti verða dýrara en ella.

Farþegar á 1. farrými er að jafnaði efnað fólk, sem vill láta sjer líða vel og er fúst til að borga sennilegt gjald fyrir þægindi þau, sem það nýtur. Þessi ástæða mælir því talsvert með fastákveðinni fæðisölu til slíkra farþega.

Verði kaupskilda fæðis ákveðin fyrir farþega á 1. farrými, sem sennilegt er að verði, þá vilja nefndirnar láta þess getið, sem álits síns, að *fæðið myndi geta orðið sómasamlegt þó verð á dagfæði yrði ekki sett hærra en 3 kr. fyrir manninn.*

Þess skal að lokum getið, að vakið var máls á því í samvinnunefndinni að þörf væri á að bæta samgöngur við Borgarnes. Flutningaþörf þar orðin geysimikil, en Flóabáturinn lítill og ófullkominnn, og aldrei ferðir með sama skipi frá útlöndum eða til útlanda. Nefndin leit svo á, að örðugt mundi að koma við siglingum með stærri skipum í Borgarnes, meðan leiðin þangað er ómæld og ómerkt. En nefndin vill beina því til stjórnarinnar, að gerðar verði sem fyrst ráðstafanir til að mæla leiðina inn Borgarfjörð og rannsaka, hvort eigi megi með merkjum og ljósum gera hana færa skipum jafnt í björtu sem dimmu.

Alþingi 4. ágúst 1914.

Samvinnunefnd um strandferðir.

G. Björnsson, fundarstjóri.	Sveinn Björnsson, skrifari í Nd.	Jósef J. Björnsson, skrifari í Ed.	Björn Þorláksson, form. Ed.

Hjörtur Snorrason. H. J. Kristófersson. Þorleifur Jónsson.

Stefán Stefánsson Eyf. Guðm. Ólafsson. Matth. Ólafsson.

M. J. Kristjánsson. Björn Kristjánsson, form. í Nd.

Fylgiskjal I.

Áætlun nr. I fyrir tvö nýbygð strand-

(„A“ vel útbúið fólksflutningaskip. —

Vestur um land	2	4	6	8	10	12	14	16	18	20	21
	B	A	A	B	A	A	B	A	A	B	A.
Frá Reykjavík	8/4	1/5	16/5	8/6	2/7	16/7	8/8	1/9	15/9	8/10	17/10
— Hafnarfirði	8	...	...	8	...	...	8	...	...	8	17
— Akranesi*	..	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Borgarnesi*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Skógarnesi*	..	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Búðum	8	...	...	8	...	...	8	...	...	...	18
— Sandi	9	...	...	9	...	...	9	...	...	9	18
— Ólafsvík	9	...	...	9	...	...	9	...	...	9	19
— Grundarfirði	9	...	...	9	...	...	9	..	...	...	19
— Stykkishólmi	10	2	17	10	3	17	10	2	16	10	20
— Hvammsfirði	10	...	...	10	...	..	10	...	...	...	20
— Gilsfirði	11	...	...	...	...	...	11	...	...	...	21
— Flatey	11	...	...	11	...	...	11	...	...	10	21
— Patreksfirði	12	2	17	11	3	17	12	2	16	11	22
— Tálknafirði	12	...	...	12	...	...	12	...	...	...	22
— Arnarfirði	12	...	...	12	...	...	12	...	...	11	22
— Dýrafirði	13	3	18	12	4	18	13	3	17	11	23
— Önundarfirði	13	...	...	13	...	...	13	...	...	11	23
— Súgandafirði	13	...	...	13	...	...	13	..	...	...	23
— Bolungarvík	13	...	...	13	...	...	13	...	...	...	...
Til Ísafjarðar	14/4	3/5	18/5	13/6	4/7	18/7	14/8	8/9	17/9	12/10	24/10
Frá Ísafirði	15/4	4/5	19/5	15/6	5/7	19/7	15/8	4/9	18/9	13/10	25/10
— Norðurfirði	15	...	...	15	...	...	15	...	...	...	25
— Reykjarfirði	15	...	...	15	..	...	15	...	...	13	25
— Steingrímsfirði	16	4	19	16	5	19	16	4	18	14	26
— Bitrufirði	16	...	...	16	...	...	16	...	...	...	26
— Borðeyri	16	...	...	16	...	...	16	...	...	14	27
— Hvammstanga	17	...	...	17	...	...	17	...	...	14	27
— Blönduósi	17	5	20	17	6	20	17	5	19	15	28
— Skagaströnd	17	...	...	17	...	...	17	..	...	15	28
— Kálfhamarsvík*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Sauðárkróki	18	5	20	18	6	20	18	5	19	16	29
— Grafarósi	18	...	...	...	...	...	18	...	...	...	29
— Hofsósi	...	...	...	18	...	...	...	...	...	16	...
— Haganesvík	18	...	...	18	...	...	18	...	...	17	29
— Siglufirði	19	5	20	19	6	20	19	5	19	17	30
— Ólafsfirði	19	...	...	19	...	..	19	...	...	17	30
— Dalvík	19	...	...	19	...	...	19	...	...	18	30
— Hjalteyri*	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...	...
Til Akureyrar	20/4	6/5	21/5	20/6	7/7	21/7	20/8	6/9	20/9	18/10	31/10

*) »B« kemur við á þessum höfnum, ef nægur flutningur býðst og ástæður leyfa.

-ferðaskip „A“ og „B“ árið 1916.

„B“ vöruflutningaskip með allmiklu farþegarúmi).

Vestur um land	2	4	6	8	10	12	14	16	18	20	21
	B	A	A	B	A	A	B	A	A	B	A.
Frá Akureyri	22/4	8/5	22/5	22/6	8/7	22/7	22/8	7/9	21/9	20/10	2/11
— Svalbarðseyri*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Kljáströnd	22	...	...	22	...	...	22	...	...	20	...
— Hrísey	22	...	...	22	...	...	22	...	...	20	...
— Grímsey	22	...	...	22	...	...	22	...	...	...	...
— Flatey	23	...	...	22	...	...	23	...	...	...	...
— Húsavík	23	8	22	23	8	22	23	7	21	21	2
— Fjallahöfn	23	...	...	23	...	...	23	..	...	...	...
— Kópaskeri	24	...	...	23	9	...	24	...	21	21	3
— Raufarhöfn	24	. .	23	24	...	...	24	8	22	22	3
— Þórshöfn	24	9	...	24	...	23	24	...	22	22	3
— Skálum	...	...	...	24	...	...	25	...	...	...	...
— Gunnólfsvík	25	...	...	25	...	...	25	...	...	...	...
— Bakkafirði	25	...	...	25	...	...	25	...	23	23	4
— Vopnafirði	25	9	23	25	9	23	26	8	23	23	4
— Unaósi	26	...	...	26	...	...	26	...	...	...	...
— Borgarfirði	26	...	...	26	...	...	26	...	...	23	4
— Loðmundarfirði*	...	...	...	...	...	...	. .	...	...	...	...
Til Seyðisfjarðar	26/4	10/5	24/5	26/6	10/7	24/7	26/8	9/9	23/9	24/10	5/11
Frá Seyðisfirði	28/4	11/5	25/5	28/6	11/7	25/7	28/8	10/9	24/9	25/10	7/11
— Mjóafirði	28	...	...	28	...	...	28	...	...	25	7
— Norðfirði	28	11	25	28	11	25	28	10	24	25	7
— Eskifirði	28	11	25	28	11	25	28	10	24	25	7
— Reyðarfirði	28	...	...	28	...	...	28	...	...	26	8
— Vattarnesi	29	...	...	29	...	...	29	...	...	...	...
— Fáskrúðsfirði	29	11	25	29	11	25	29	10	25	26	8
— Stöðvarfirði	29	...	...	29	...	..	29	...	...	26	...
— Breiðdalsvík	29	...	...	29	...	...	29	...	...	27	...
— Djúpavogi	30	...	25	30	...	26	30	...	25	27	8
— Hornafirði	30	...	...	30	...	...	30	...	...	28	...
— Vík	1/5	...	...	1/7	...	...	31	...	...	29	...
— Vestmannaeyjum	1	12	26	1	12	27	31	11	26	30	10
— Stokkseyri	2	...	...	2	...	...	1/9	...	...	30	...
— Eyrarbakka	...	...	...	...	...	...	...	...	...	31	...
— Þorlákshöfn	...	...	...	...	...	...	..	...	...	31	...
— Grindavík	2	...	...	2	...	...	1	..	...	1/11	...
— Sandgerði	2	...	...	2	...	...	1	...	...	1	...
— Gerðum	3	...	...	3	...	...	2	...	...	1	...
— Keflavík	3	...	...	3	...	...	2	...	...	2	...
— Hafnarfirði	3	...	...	3	...	...	2	...	...	2	...
Til Reykjavíkur	4/5	13/5	27/5	4/7	13/7	28/7	3/9	12/9	27/9	3/11	11/11

*) »B« kemur við á þessum höfnum, ef nægur flutningur býðst og ástæður leyfa.

Fylgiskjal I. (Frh).

Áætlun nr. 1 fyrir tvö nýbygð strand-
(»A« vel útbúið fólksflutningaskip. —

Austur um land	1	3	5	7	9	11	13	15	17	19
	B	A	B	A	A	B	A	A	B	A
Frá Reykjavík	8/3	15/4	8/5	1/6	16/6	8/7	1/8	17/8	8/9	1/10
— Hafnarfirði	8	...	8	...	...	8	1	...	8	...
— Keflavík	8	...	8	...	...	8	...	...	8	...
— Gerðum	8	...	8	...	...	8	...	...	8	...
— Sandgerði	9	...	9	...	...	9	...	...	9	...
— Grindavík	9	...	9	...	...	9	...	...	9	...
— Þorlákshöfn	9	...	9	...	...	9	...	...	9	...
— Eyrarbakka	10	...	10	...	...	10	2	...	10	...
— Stokkseyri	10	...	10	...	...	10	2	...	10	...
— Vestmannaeyjum	11	16	11	2	17	11	3	18	11	2
— Vík	12	...	12	...	...	12	3	...	12	...
— Hornafirði	13	...	13	...	...	13	4	...	13	...
— Djúpavogi	13	...	13	3	18	13	4	...	13	3
— Breiðdalsvík	14	...	14	...	...	14	5	...	14	...
— Stöðvarfirði	14	...	14	...	...	14	5	...	14	...
— Fáskrúðsfirði	14	17	14	3	18	14	5	19	14	3
— Vattarnesi	...	...	14	...	...	14	...	...	14	...
— Reyðarfirði	15	...	15	...	...	15	6	...	15	...
— Eskifirði	15	17	15	4	19	15	6	20	15	4
— Norðfirði	15	18	15	4	19	15	6	20	15	4
— Mjóafirði	15	...	15	...	...	15	...	...	15	...
Til Seyðisfjarðar	16/3	18/4	16/5	4/6	19/6	16/7	7/8	20/8	16/9	4/10
Frá Seyðisfirði	18/3	19/4	18/5	5/6	20/6	18/7	8/8	21/8	18/9	5/10
— Loðmundarfirði	...	...	18	...	..	18	...	...	...	...
— Borgarfirði	18	...	18	...	...	18	8	...	18	...
— Unaósi	..	...	18	...	...	18	...	...	18	...
— Vopnafirði	18	19	18	5	20	19	8	21	18	5
— Bakkafirði	19	...	19	...	...	19	9	...	19	...
— Gunnólfsvík	...	...	19	...	...	19	...	...	19	...
— Skálum	...	...	19	...	...	19	...	...	19	...
— Þórshöfn	19	20	19	...	...	20	9	22	20	6
— Raufarhöfn	20	...	20	...	21	20	9	...	20	...
— Kópaskeri	20	...	20	6	...	20	10	...	20	...
— Fjallahöfn*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Húsavík	21	20	20	6	21	21	10	22	21	6
— Flatey	...	...	21	...	...	21	...	...	21	...
— Grímsey	...	...	21	...	...	21	..	...	21	...
— Hrísey	...	...	21	...	...	21	...	...	21	...
— Kljáströnd	...	...	21	...	...	21	...	...	22	...
— Svalbarðseyri*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Til Akureyrar	21/3	21/4	21/5	7/6	22/6	22/7	10/8	23/8	22/9	7/10

*) »B« kemur við á þessum höfnum, ef nægur flutningur býðst og ástæður leyfa.

-ferðaskip »A« og »B« árið 1916.

»B« vöruflutningaskip með allmiklu farþegarúmi).

Austur um land	1	3	5	7	9	11	13	15	17	19
	B	A	B	A	A	B	A	A	B	A
Frá Akureyri	23/3	22/4	28/5	8/6	23/6	24/7	12/8	24/8	24/9	8/10
— Hjalteyri*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Dalvík	23	...	23	...	...	24	...	...	24	...
— Ólafsfirði	23	...	23	...	...	24	...	...	24	...
— Siglufirði	24	22	24	8	23	24	..	24	25	8
— Haganesvík	24	...	24	...	...	25	...	...	25	...
— Hofsósi	24	...	...	...	...	25	...	...	25	...
— Grafarósi	...	...	24	...	...	25	...	...	25	...
— Sauðárkróki	25	22	25	8	23	25	...	24	25	8
— Kálfshamarsvík*	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...
— Skagaströnd	25	...	25	...	...	26	...	...	26	...
— Blönduósi	26	23	26	9	24	26	...	25	26	9
— Hvammstanga	26	...	26	...	...	26	..	...	26	...
— Borðeyri	27	...	27	...	...	27	...	...	27	...
— Bitrufirði	...	...	27	...	...	27	...	...	27	...
— Steingrímsfirði	27	23	27	9	24	27	...	25	27	9
— Reykjarfirði	28	...	28	..	..	28	...	...	28	...
— Norðurfirði	...	...	28	...	...	28	...	...	28	...
Til Ísafjarðar	28/3	24/4	28/5	10/6	25/6	28/7	13/8	27/8	28/9	11/10
Frá Ísafirði	30/3	25/4	30/5	11/6	27/6	30/7	13/8	27/8	30/9	11/10
— Bolungarvík	...	...	...	...	...	...	...	...	30	...
— Súgandafirði	...	...	30	...	..	30	...	...	30	...
— Önundarfirði	30	...	30	..	...	30	...	...	30	...
— Dýrafirði	30	25	30	11	27	30	...	27	30	11
— Arnarfirði	31	...	31	...	...	31	...	...	1/10	...
— Tálknafirði	...	..	31	...	...	31	...	...	1	...
— Patreksfirði	31	25	31	11	27	31	..	27	1	11
— Flatey	1/4	...	1/6	...	...	1/8	...	...	2	...
— Gilsfirði	...	...	...	...	...	1	...	..	...	...
— Hvammsfirði	...	...	...	...	...	2	...	...	...	...
— Stykkishólmi	1	26	1	12	28	2	...	28	2	12
— Grundarfirði	...	...	1	...	...	3	...	...	3	...
— Ólafsvík	2	...	2	...	...	3	...	...	3	...
— Sandi	2	...	2	...	...	3	...	...	3	...
— Búðum	2	...	2	...	...	4	...	...	4	...
— Skógarnesi*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Borgarnesi*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Akranesi *	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Hafnarfirði	3	...	3	...	...	4	...	...	4	...
Til Reykjavíkur	4/4	27/4	4/6	13/6	29/6	5/8	14/8	29/8	5/10	13/10

*) »B« kemur við á þessum höfnum, ef nægur flutningur býðst og ástæður leyfa.

Fylgiskjal II.

Áætlun nr. 2 fyrir tvö nýbygð strand-
(Skipin sje jafnstór og jafnhraðskreið,

Vestur um land	A.											
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Frá Reykjavík	18/3	13/4	28/4	24/5	8/6	2/7	17/7	9/8	24/8	17/9	3/10	25/10
— Hafnarfirði	18	...	28	...	8	...	17	...	24	...	3	25
— Akranesi*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Borgarnesi*	...	...	...	...	...	...	..	...	...	...	...	...
— Skógarnesi*	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...	...	..
— Búðum	...	...	28	...	8	...	...	...	24	...	...	...
— Hellissandi	19	...	29	...	9	...	18	...	25	...	...	...
— Ólafsvík	19	...	29	...	9	...	18	...	25	...	4	26
— Grundarfirði*	..	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Stykkishólmi	19	14	29	25	9	3	18	10	25	18	4	26
— Hvammsfirði	...	..	30	...	10	...	19	...	26	...	...	27
— Gilsfirði (Salthv.,Króksf.)	...	...	30	...	...	...	...	...	26	...	...	27
— Flatey	20	...	30	...	10	...	19	...	26	...	4	28
— Patreksfirði	20	14	1/5	25	11	3	20	10	27	18	5	29
— Tálknafirði	...	...	1	...	11	...	...	...	27	...	...	29
— Arnarfirði	21	...	1	...	11	...	20	...	27	...	5	29
— Dýrafirði	21	15	2	26	12	4	20	11	28	19	5	30
— Önundarfirði	21	...	2	...	12	...	21	...	28	...	5	30
— Súgandafirði	...	...	2	...	12	...	...	...	28	...	...	30
— Bolungarvík	...	...	2	...	12	...	...	...	...	...	...	...
Til Ísafjarðar	22/3	15/4	3/5	26/5	13/6	4/7	21/7	11/8	29/8	19/9	6/10	31/10
Frá Ísafirði	23/3	16/4	4/5	27/5	14/6	5/7	22/7	12/8	30/8	20/9	7/10	2/11
— Norðurfirði	...	...	4	...	14	...	...	...	30	...	...	2
— Reykjarfirði	23	...	4	..	14	...	22	...	30	...	7	2
— Steingrímsfirði	24	16	5	27	14	5	23	12	31	20	7	3
— Bitrufirði	...	...	5	...	15	...	...	...	31	...	...	3
— Borðeyri	24	...	5	...	15	...	23	...	31	...	8	3
— Hvammstanga	24	...	5	...	15	...	23	...	31	...	8	4
— Blönduósi	25	17	6	28	15	6	24	13	1/9	21	8	4
— Skagaströnd	25	...	6	...	16	...	24	...	1	...	9	5
— Kálfhamarsvík*	..	...	...	...	...	...	...	...	...	..	...	...
— Sauðárkróki	25	17	6	28	16	6	24	13	1	21	9	5
— Grafarósi	...	...	7	...	...	...	25	...	...	...	9	6
— Hofsósi	26	...	...	...	16	...	...	...	2	...	...	6
— Haganesvík	...	...	7	...	16	...	25	...	2	...	10	6
— Siglufirði	26	17	7	28	17	6	25	13	2	21	10	7
— Ólafsfirði	26	...	8	...	17	...	25	...	2	...	10	7
— Dalvík,	26	...	8	...	17	...	26	...	3	...	10	7
— Hjalteyri*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Til Akureyrar	27/3	18/4	9/5	29/5	18/6	7/7	26/7	14/8	8/9	22/9	11/10	8/11

*) Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður, ís

ferðaskip »A« og »B« árið 1916.

bæði vel útbúin farþegaskip).

Vestur um land	A.											
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Frá Akureyri	28/3	19/4	10/5	30/5	19/6	8/7	27/7	15/8	4/9	23/9	12/10	10/11
— Svalbarðseyri*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Kljáströnd*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Hrísey*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Grímsey	...	...	...	...	19	...	...	...	...	23	...	...
— Flatey*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	..	...	...
— Húsavík	28	19	10	30	19	8	27	15	4	23	12	10
— Fjallahöfn*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Kópasker	...	...	11	30	20	..	28	...	5	24	13	...
— Raufarhöfn	...	20	11	...	20	...	28	16	5	...	13	...
— Þórshöfn	29	...	11	...	20	9	28	...	5	...	13	11
— Skálum	...	...	12	...	...	...	...	...	6	...	...	...
— Gunnólfsvík	...	...	12	...	...	...	...	...	6	...	...	...
— Bakkafirði	29	...	12	...	21	...	29	...	6	...	14	...
— Vopnafirði	30	20	13	31	21	9	29	16	7	24	14	11
— Unaósi*	...	...	...	...	...	...	..	...	...	...	...	...
— Borgarfirði	30	...	13	...	21	...	29	...	7	...	14	...
— Loðmundarfirði	...	...	13	...	...	...	..	...	...	...	...	...
Til Seyðisfjarðar	31/3	21/4	14/5	1/6	22/6	10/7	30/7	17/8	7/9	25/9	15/10	12/11
Frá Seyðisfirði	2/4	22/4	15/5	2/6	23/6	11/7	31/7	18/8	9/9	26/9	16/10	13/11
— Mjóafirði	...	...	15	...	23	...	31	...	9	...	16	...
— Norðfirði	2	22	15	2	23	11	31	18	9	26	16	13
— Eskifirði	2	22	15	2	23	11	31	18	9	26	16	13
— Reyðarfirði	2	...	16	...	24	...	1/8	...	10	...	17	...
— Vattarnesi*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Fáskrúðsfirði	3	22	16	3	24	11	1	18	10	26	17	14
— Stöðvarfirði	3	...	16	...	24	...	1	...	10	...	17	...
— Breiðdalsvík	3	...	16	..	24	...	1	..	10	...	17	...
— Djúpavogi	4	...	17	...	25	...	2	...	11	27	18	14
— Hornafirði	5	...	17	...	25	...	2	...	11	...	18	...
— Vík	...	...	18	...	26	...	3	...	12	...	19	...
— Vestmannaeyjum	7	23	18	4	26	12	3	19	12	28	19	15
— Stokkseyri	...	...	19	...	27	...	4	...	13	..	20	...
— Eyrarbakka*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Þorlákshöfn*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	..
— Grindavík	...	...	19	...	27	...	4	...	13	...	20	...
— Sandgerði*	..	...	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...
— Gerðum*	...	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...	...
— Keflavík	...	...	19	...	27	...	4	...	13	...	20	...
— Hafnarfirði	8	...	20	...	28	...	5	...	14	...	21	...
Til Reykjavíkur	9/4	24/4	20/5	5/6	28/6	13/7	5/8	20/8	14/9	29/9	21/10	16/11

eða brim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar. eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

Fylgiskjal II. (Frh.).

Áætlun nr. 2 fyrir tvö nýbygð strand-

(Skipin sje jafnstór og jafnhraðskreið,

Austur um land	B.											
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Frá Reykjavík	15/3	10/4	25/4	21/5	5/6	29/6	14/7	6/8	21/8	14/9	29/9	26/10
— Hafnarfirði	15	...	25	...	5	...	14	...	21	...	29	26
— Keflavík	15	...	25	...	5	...	14	...	21	...	29	26
— Gerðum*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Sandgerði*	...	...	...	..	...	...	...	..	...	...	...	...
— Grindavík	16	...	26	...	6	...	15	...	22	...	30	27
— Þorlákshöfn*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Eyrarbakka*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Stokkseyri	16	...	26	...	6	...	15	...	22	...	30	27
— Vestmannaeyjum	17	11	27	22	7	30	16	7	23	15	1/10	28
— Vík	17	...	27	...	7	...	16	...	23	...	1	28
— Hornafirði	18	...	28	...	8	...	17	...	24	...	2	29
— Djúpavogi	19	...	28	...	8	...	17	...	24	...	2	30
— Breiðdalsvík	19	...	29	...	9	..	18	...	25	...	3	30
— Stöðvarfirði	19	...	29	...	9	...	18	...	25	...	3	30
— Fáskrúðsfirði	20	12	29	23	9	1/7	18	8	25	16	3	31
— Vattarnesi*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Reyðarfirði	20	...	30	...	10	...	19	...	26	...	4	31
— Eskifirði	20	12	30	23	10	1	19	8	26	16	4	31
— Norðfirði	21	13	30	24	10	2	19	9	26	17	4	1/11
— Mjóafirði	21	...	30	...	10	...	19	...	26	...	4	1
Til Seyðisfjarðar	21/3	13/4	1/5	24/5	11/6	2/7	20/7	9/8	27/8	17/9	5/10	1/11
Frá Seyðisfirði	23/3	14/4	3/5	25/5	12/6	3/7	21/7	10/8	28/8	18/9	6/10	3/11
— Loðmundarfirði	..	...	3	...	12	..	...	...	...	...	...	...
— Borgarfirði	23	...	3	..	12	...	21	...	28	...	6	3
— Unaósi*	...	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...	..
— Vopnafirði	23	14	3	25	12	3	21	10	28	18	6	4
— Bakkafirði	24	...	4	...	13	...	22	...	29	...	7	4
— Gunnólfsvík	...	...	...	...	13	...	...	...	...	...	...	...
— Skálum	...	...	...	...	13	...	...	...	...	...	...	...
— Þórshöfn	24	15	4	...	13	...	22	11	29	19	7	5
— Raufarhöfn	25	...	5	26	14	...	23	...	30	..	8	5
— Kópaskeri	25	...	5	...	14	4	23	...	30	...	8	6
— Fjallahöfn*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Húsavík	25	15	5	26	14	4	23	11	30	19	8	6
— Flatey*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Grímsey	...	...	...	...	15	...	...	...	...	20	..	...
— Hrísey*	...	...	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...
— Kljáströnd*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Svalbarðseyri*	..	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Til Akureyrar	26/3	16/4	6/5	27/5	15/6	5/7	34/7	12/8	31/8	20/9	9/10	7/11

*) Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður, is

ferðaskip »A« og »B« árið 1916.

bæði vel útbúin farþegaskip.

Austur um land	B.											
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Frá Akureyri	27/3	17/4	8/5	28/5	17/6	6/7	25/7	13/8	2/9	21/9	11/10	9/11
— Hjalteyri *	...	..	...	...	...	...	...	...	...	...	..	...
— Dalvík	27	...	8	...	17	...	25	..	2	...	11	...
— Ólafsfirði	27	...	8	...	17	...	25	...	2	...	11	...
— Siglufirði	28	17	8	28	17	6	25	13	2	21	11	9
— Haganesvík	28	...	9	...	18	...	26	...	3	...	12	...
— Hofsósi	...	...	9	...	...	..	36	...	...	...	12	...
— Grafarósi	28	...	...	...	18	...	...	...	3	...	...	...
— Sauðárkróki	29	17	9	28	18	6	26	13	3	21	12	9
— Kálfshamarsvík *	...	...	...	...	...	...	..	...	..	...	...	...
— Skagaströnd	29	..	10	...	18	...	26	...	3	...	12	...
— Blönduósi	29	18	10	29	19	7	27	14	4	22	13	10
— Hvammstanga	30	...	10	...	19	...	27	...	4	...	13	...
— Borðeyri	30	...	11	...	19	...	27	...	4	...	13	...
— Bitrufirði	...	...	11	...	19	...	...	...	4	...	...	...
— Steingrímsfirði	30	18	11	29	20	7	28	14	5	22	14	10
— Reykjarfirði	31	..	11	...	20	...	28	...	5	...	14	...
— Norðurfirði	...	..	...	...	20	...	28	...	5	...	14	...
Til Ísafjarðar	31/3	18/4	12/5	30/5	21/6	8/7	29/7	14/8	6/9	22/9	15/10	11/11
Frá Ísafirði	2/4	19/4	13/5	31/5	22/6	9/7	30/7	15/8	7/9	23/9	16/10	12/11
— Bolungarvík	...	...	...	...	...	...	...	...	7	...	16	...
— Súgandafirði	...	...	13	...	22	...	...	...	7	...	16	...
— Önundarfirði	2	...	13	...	22	...	30	...	7	..	16	...
— Dýrafirði	2	19	13	31	22	9	30	15	8	23	17	12
— Arnarfirði	2	...	14	...	23	...	30	...	8	...	17	...
— Tálknafirði	...	...	14	...	23	...	...	...	...	...	17	...
— Patreksfirði	3	19	14	31	23	9	31	15	8	23	17	12
— Flatey	3	...	15	...	24	...	31	...	9	...	18	...
— Gilsfirði (Salthv., Króksf.)	...	...	...	...	...	...	31	...	...	..	...	...
— Hvammsfirði	...	...	..	...	...	...	1/8	...	9	...	..	...
— Stykkishólmi	4	20	15	1/6	24	10	1	16	10	24	18	13
— Grundarfirði *	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...	...	..
— Ólafsvík	4	...	16	...	24	...	1	...	10	...	19	...
— Sandi	4	...	16	...	24	...	2	..	10	...	19	...
— Búðum	...	...	16	...	...	...	2	...	...	...	19	...
— Skógarnesi *	...	..	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Borgarnesi *	...	...	...	...	...	...	...	...	...	..	...	...
— Akranesi *	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Hafnarfirði	5	...	17	...	25	...	2	...	11	...	20	14
Til Reykjavíkur	6/4	21/4	17/5	2/6	25/6	11/7	3/8	17/8	11/9	25/9	21/10	14/11

eða þrim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar, eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

Fylgiskjal III.

Áætlun nr. 3 fyrir þrjú strandferða-

»A« sje nýbygt, vel útbúið farþegaskip, »B« og

Vestur um land	C	B	C	C	A	C	C	A	C	C
Frá Reykjavík	...	$^{10}/_{4}$	$^{17}/_{4}$	...	$^{1}/_{5}$	$^{7}/_{5}$	...	$^{15}/_{5}$	$^{27}/_{5}$	..
— Hafnarfirði	...	10	...	...	...	...	...	...	...	...
— Akranesi	...	...	17	...	...	7	...	...	27	...
— Borgarnesi	...	...	17	...	...	7	...	...	27	...
— Skógarnesi	...	...	18	...	...	8	...	...	28	...
— Búðum	...	...	18	..	...	8	...	...	28	...
— Hellissandi	...	11	...	...	...	...	...	...	...	...
— Ólafsvík	...	11	...	...	...	...	...	...	..	...
— Grundarfirði	...	...	...	...	..	...	...	..	...	...
— Stykkishólmi	...	12	...	...	2	...	...	16	...	..
— Hvammsfirði	...	12	...	...	...	...	...	...	...	...
— Gilsfirði	...	13	...	...	...	...	...	...	...	..
— Flatey	...	13	...	...	...	...	...	...	...	...
— Patreksfirði	...	14	...	...	2	...	...	16	...	...
— Tálknafirði	...	14	...	...	...	...	...	...	...	...
— Arnarfirði	...	14	...	...	...	...	...	...	...	...
— Dýrafirði	...	15	...	...	3	...	..	17	...	...
— Önundarfirði	...	15	..	...	..	...	...	...	...	...
— Súgandafirði	...	15	...	...	..	...	...	...	...	...
— Bolungarvík	..	15	..	...	...	...	...	...	...	...
Til Ísafjarðar	...	$^{16}/_{4}$	...	...	$^{3}/_{5}$	...	...	$^{17}/_{5}$	...	...
Frá Ísafirði	...	$^{17}/_{4}$	...	...	$^{4}/_{5}$	...	...	$^{18}/_{5}$	...	...
— Norðurfirði	...	17	...	...	...	...	...	...	...	..
— Reykjarfirði	...	17	...	...	...	...	...	...	...	...
— Steingrímsfirði	...	18	...	...	4	...	...	18	...	...
— Bitrufirði	...	18	...	...	...	...	..	...	...	..
— Borðeyri	...	18	...	...	...	...	..	...	...	...
— Hvammstanga	...	19	...	...	...	...	...	...	...	...
— Blönduósi	...	19	...	...	5	...	...	19	...	...
— Skagaströnd	...	19	..	...	...	...	...	...	...	...
— Kálfshamarsvík	..	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Sauðárkróki	...	20	...	...	5	...	...	19	...	...
— Grafarósi	...	20	...	...	...	...	...	...	...	...
— Hofsósi	...	20	...	..	...	...	...	...	...	...
— Haganesvík	...	21	...	...	...	...	...	...	...	...
— Siglufirði	...	21	...	...	5	...	...	19	...	...
— Ólafsfirði	...	21	...	...	...	...	...	...	...	...
— Dalvík	...	22	...	...	...	...	...	...	...	...
— Hjalteyri	...	22	...	...	...	...	...	...	...	...
Til Akureyrar	...	$^{22}/_{4}$	...	...	$^{6}/_{5}$	...	...	$^{20}/_{5}$	...	...

skip »A«, »B« og »C« árið 1916.

»C« mættu vera brúkuð, en sterk og góð skip.

B	A	C	C	A	C	C	B	C	A	C	B	A	C	A	B	B
1/6	16/6	17/6	...	1/7	7/7	...	20/7	27/7	...	1/9	...	16/9	...	16/10	20/10	16/12
1	...	...	...	...	...	...	20	...	...	1	...	...	...	...	20	...
...	...	17	...	...	7	...	...	27	...	1	...	...	...	...	...	...
...	...	17	...	...	7	...	...	27	...	1	...	...	...	...	...	...
...	...	18	...	...	8	...	..	28	...	2	...	...	...	...	...	...
...	...	18	...	...	8	...	...	28	...	2	...	...	...	...	...	...
2	...	...	...	...	...	...	21	...	...	2	...	...	...	...	21	...
2	...	...	...	...	...	...	21	...	...	3	...	...	...	...	21	...
2	...	...	. .	...	...	...	21	...	...	...	...	...	..	...	21	...
3	17	...	...	2	...	...	22	...	...	3	...	17	...	17	22	18
3	...	...	...	...	...	...	22	...	...	4	...	...	...	...	23	...
...	...	...	...	...	...	...	23	...	...	4	. .	...	...	...	24	...
4	...	...	...	...	...	...	23	...	...	5	...	...	...	...	24	18
4	17	...	...	2	...	...	24	...	...	5	...	17	...	17	25	19
4	...	...	...	...	...	...	24	..	...	6	...	...	...	...	25	...
5	...	...	...	...	...	...	24	...	...	6	...	...	...	...	25	...
5	18	...	...	3	...	...	25	...	...	6	...	18	...	18	26	19
5	...	...	...	...	...	...	25	...	...	7	...	...	...	...	26	...
5	...	...	...	...	...	...	25	...	...	7	...	...	...	...	26	...
5	...	...	..	...	...	...	...	...	..	7	...	...	...	...	...	...
6/6	18/6	...	...	3/7	...	...	26/7	...	...	7/9	...	18/9	...	18/10	26/10	20/12
7/6	19/6	...	...	4/7	...	...	27/7	...	Frá Sauðárkróki	9/9	...	19/9	...	19/10	28/10	Þaðan beint til Rvíkur (sjá hinumegin)
7	...	...	...	...	...	...	27	...		9	...	...	...	...	28	
7	...	...	...	...	...	...	27	...		9	...	...	...	...	28	
8	19	...	...	4	...	...	28	...		10	...	19	...	19	29	
8	..	...	...	...	...	...	28	...		10	...	...	...	...	29	
8	...	...	...	..	...	...	28	...		10	...	...	...	...	30	
8	...	...	...	...	...	...	29	..		11	...	...	...	...	30	
9	20	...	...	5	..	...	29	...		11	...	20	...	20	31	
9	...	...	...	...	..	...	29	...		11	...	...	...	...	31	
9	...	..	...	...	...	...	...	...		...	...	...	...	..	...	
10	20	...	...	5	...	...	30	...		12	...	20	...	20	1/11	
10	...	..	...	...	...	...	30	...		12	...	...	. .	...	1	
10	...	...	...	...	...	...	30	..		12	...	...	...	...	1	
10	...	...	...	...	...	...	30	...		12	...	...	...	...	2	
11	20	...	...	5	...	...	31	...		13	...	20	..	20	2	
11	...	...	...	...	...	...	31	...		13	...	...	...	...	2	
11	...	...	...	...	...	...	31	..		13	...	...	...	...	3	
11	...	...	...	..	...	...	31	...		...	...	...	...	...	3	
12/6	21/6	...	...	6/7	...	...	1/8	...	20/8	14/9	...	21/9	...	21/10	4/11	

Fylgiskjal III. (Frh.)

Aætlun nr. 3 fyrir þrjú strandferða-
»A« sje nýbygt, vel útbúið farþegaskip, »B« og

Vestur um land	C	B	C	C	A	C	C	A	C	C
Frá Akureyri	...	24/4	...	...	7/5	...	...	21/5	...	...
— Svalbarðseyri	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Kljáströnd	...	...	...	...	..	...	...	...	...	...
— Hrísey	..	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Grímsey	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Flatey	...	...	...	...	..	...	...	..	...	...
— Húsavík	...	24	...	...	7	...	...	21	..	...
— Fjallahöfn	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Kópaskeri	...	24	..	...	...	..	...	...	...	...
— Raufarhöfn	...	25	...	...	...	...	...	...	...	...
— Þórshöfn	...	25	...	...	8	...	...	22	..	...
— Skálum	...	...	...	...	...	...	...	..	...	...
— Gunnólfsvík	...	...	..	...	...	...	...	...	..	...
— Bakkafirði	...	26	...	...	...	...	...	...	...	...
— Vopnafirði	...	26	...	...	8	...	...	22	...	...
— Unaós	..	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Borgarfirði	.	26	...	...	..	...	...	...	...	...
— Loðmundarfirði	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Til Seyðisfjarðar	...	27/4	...	...	9/5	...	...	23/5	...	...
Frá Seyðisfirði	9/4	28/4	...	29/4	10/5	...	19/5	24/5	...	9/6
— Mjóafirði	9	..	...	29	...	...	19	...	...	9
— Norðfirði	9	...	...	29	10	...	19	24	...	9
— Eskifirði	9	...	...	29	10	...	19	24	...	9
— Reyðarfirði	9	...	...	29	...	...	19	...	...	9
— Vattarnesi	10	...	..	30	...	...	20	...	...	10
— Fáskrúðsfirði	10	...	...	30	10	...	20	24	...	10
— Stöðvarfirði	10	...	...	30	...	...	20	...	...	10
— Breiðdalsvík	10	...	...	30	...	...	20	...	...	10
— Djúpavogi	11	...	...	1/5	...	...	21	...	...	11
— Hornafirði	11	...	...	1	...	...	21	...	...	11
— Vík	12	...	...	2	...	...	22	...	...	12
— Vestmannaeyjum	12	...	...	2	11	...	22	25	...	12
— Stokkseyri	13	...	...	...	...	...	23	...	...	13
— Eyrarbakka	...	...	...	3	...	...	...	...	...	...
— Þorlákshöfn	...	...	...	...	...	...	...	...	...	13
— Grindavík	13	...	...	...	...	..	23	...	...	13
— Sandgerði	...	...	...	3	...	...	...	...	...	13
— Gerðum	14	...	...	4	...	...	24	..	...	...
— Keflavík	14	...	...	4	...	...	24	...	...	14
— Hafnarfirði	14	...	...	4	...	...	24	...	...	14
Til Reykjavíkur	15/4	30/4	19/4	5/5	12/5	9/5	25/5	26/5	29/5	15/6

skip »A«, »B« og »C« árið 1916.

»C« mættu vera brúkuð, en sterk og góð skip.

B	A	C	C	A	C	C	B	C	A	C	B	A	C	A	B	B
13/6	22/6	...	...	7/7	...	...	2/8	...	21/8	16/9	Frá útl. með haustvörur	22/9	13/10	22/10	6/11	...
...	...	...	...	...	...	...	til útlanda, væntanlega með fullfermi.	...	...	...		...	...	...	...	...
13	...	...	...	...	...	...		...	...	16		...	13	...	6	...
13	...	...	...	...	...	...		...	...	...		...	...	...	...	...
13	...	...	...	..	...	...		...	...	16		...	...	...	...	...
14	...	...	...	...	...	...		...	...	16		...	...	...	...	...
14	22	...	...	7	...	...		...	21	17	18/9	22	14	22	7	...
14	...	...	...	..	...	...		...	...	17	...	...	...	..	...	..
15	...	...	...	...	...	. .		...	21	17	18	22	14	..	7	...
15	23	...	...	8	...	...		...	...	17	19	...	14	...	8	...
15	...	...	...	...	...	...		...	...	18	19	23	15	23	8	...
16	...	...	...	...	...	...		...	...	18	...	...	...	...	...	...
16	...	...	...	...	...	...		...	..	18	...	...	...	...	...	...
16	...	...	...	...	...	...		...	...	19	20	...	15	...	9	...
17	23	...	...	8	...	...		...	22	19	20	23	16	23	9	...
17	...	...	...	...	...	...		...	...	19	...	...	...	...	...	...
17	...	...	...	...	...	...		...	...	19	21	...	16	...	10	...
17	...	...	..	...	...	...		...	...	...	...	...	...	...	...	...
18/6	24/6	...	...	9/7	...	...		...	22/8	20/9	21/9	24/9	17/10	24/10	10/11	...

19/6	25/6	...	29/6	10/7	...	19/7	...	...	23/8	22/9	22/9	25/9	19/10	25/10	12/11	...
...	...	...	29	...	...	19	...	...	...	22	...	...	19	...	...	...
19	25	...	29	10	...	19	...	...	23	22	22	25	19	25	12	...
19	25	...	29	10	...	19	...	...	23	22	22	25	19	25	12	...
...	...	...	29	...	...	19	...	...	...	22	...	...	20	...	13	...
...	...	...	30	...	...	20	...	...	...	23	...	..	20	...	...	...
19	25	...	30	10	...	20	...	...	24	23	24	25	20	25	13	...
...	...	...	30	...	...	20	...	...	...	23		...	21	...	...	...
...	...	...	30	...	...	20	...	...	...	23		...	21	...	...	...
...	...	...	1/7	...	...	21	...	...	24	24		...	22	...	14	...
...	...	...	1	...	...	21	...	...	...	24		...	23	...	...	...
...	..	...	2	..	...	22	...	...	...	25		...	24	...	...	...
20	26	...	2	11	...	22	...	...	25	25		26	25	26	15	...
...	...	...	...	...	...	23	...	...	..	26		...	25	...	...	...
...	...	...	3	...	...	...	...	...	...	...		...	26	..	...	...
...	...	...	...	...	...	23	...	...	...	...		...	26	...	...	...
...	.	...	3	...	...	23	...	...	...	26		...	...	...	. .	...
...	...	...	...	..	...	23	...	...	..	...		..	27	...	...	...
...	...	...	4	...	...	...	...	...	...	27		...	...	...	...	...
...	...	...	4	...	...	24	...	...	...	27		...	27	...	...	...
..	...	...	4	...	...	24	...	...	...	27		...	27	...	16	...
21/6	27/6	19/6	5/7	12/7	9/7	25/7	...	29/7	26/8	27/9	*	27/9	28/10	27/10 **	17/11 ***	...

*) Frá útl. beint til Rvíkur. **) 20/10 til útl. ***) 10/11 til útl.

Fylgiskjal III. (Frh.)

Áætlun nr. 3 fyrir þrjú strandferða-
»A« sje nýbygt, vel útbúið farþegaskip, »B« og

Austur um land	C	C	C	C	A	C	B
Frá Reykjavík	Frá útlöndum	Frá útlöndum	...	1/4	15/4	21/4	5/5
— Hafnarfirði			...	1	...	21	5
— Keflavík			...	1	...	21	5
— Gerðum			...	1	...	...	...
— Sandgerði			...	...	...	21	...
— Grindavík			...	2	...	22	...
— Þorlákshöfn			...	2	...	22	...
— Eyrarbakka			...	2	...	22	...
— Stokkseyri			...	2	...	22	...
— Vestmannaeyjum			...	3	16	23	6
— Vík			...	3	...	23	...
— Hornafirði			...	4	...	24	...
— Djúpavogi	12/1		...	4	...	24	7
— Breiðdalsvík	12		...	5	...	25	...
— Stöðvarfirði	12		...	5	...	25	...
— Fáskrúðsfirði	13		...	5	17	25	8
— Vattarnesi	...		...	5	...	25	...
— Reyðarfirði	13		...	6	...	26	8
— Eskifirði	13		...	6	18	26	8
— Norðfirði	14		...	6	18	26	9
— Mjóafirði	...		...	6	...	26	9
Til Seyðisfjarðar	14/1	4/2	...	7/4	18/4	27/4	9/5
Frá Seyðisfirði	16/1	6/2	...	...	19/4	...	11/5
— Loðmundarfirði		...	...	...	...	...	11
— Borgarfirði		6	...	...	. .	...	11
— Unaósi		...	...	...	...	..	11
— Vopnafirði		7	...	...	19	...	12
— Bakkafirði		7	...	...	...	...	12
— Gunnólfsvík		...	...	...	...	...	12
— Skálum		...	...	...	...	...	13
— Þórshöfn		8	...	...	20	...	13
— Raufarhöfn		8	...	...	...	...	13
— Kópaskeri		9	...	...	...	...	14
— Fjallahöfn		...	...	...	...	...	...
— Húsavík		9	..	...	20	...	14
— Flatey		...	...	...	...	...	14
— Grímsey		...	...	...	...	...	15
— Hrísey		...	...	...	...	..	...
— Kljáströnd		...	...	...	...	...	...
— Svalbarðseyri		...	...	...	...	...	...
Til Akureyrar		10/2	4/3	...	21/4	...	15/5

skip »A«, »B« og »C« árið 1916.

»C« mættu vera brúkuð, en sterk og góð skip.

C	A	C	C	B	C	A	C	A	B	A	A	C	C	C	A	B
																...
11/5	1/6	1/6	21/6	25/6	11/7	15/7	1/8	...	...	1/9	1/10	1/10	30/10	5/11		...
11	...	1	21	25	11	...	1	...	...	...	...	1	...	5		...
11	...	1	21	...	11	...	1	...	...	...	...	1	...	5		...
11	...	...	21	...	...	...	1	...	...	...	...	. .	...	...		..
...	...	1	...	...	11	...	...	...	...	...	...	1	...	...		...
12	...	2	22	...	12	...	2	...	...	...	...	2	...	...		...
...	...	2	...	...	12	...	...	...	...	...	...	2	...	...		...
...	...	...	22	..	...	...	2	...	...	...	...	...	...	...		...
12	...	2	22	...	12	...	2	...	...	...	...	2	...	6		...
13	2	3	23	26	13	16	3	...	...	2	2	3	...	7		...
13	...	3	23	...	13	...	3	...	...	...	...	3	...	7		..
14	...	4	24	...	14	...	4	...	...	...	...	4	...	8		...
14	...	4	24	...	14	18	4	...	...	3	...	4	...	9		...
15	...	5	25	...	15	18	5	...	...	...	...	5	...	...		...
15	...	5	25	..	15	18	5	...	...	..	...	5	...	...		...
15	3	5	25	27	15	19	5	...	...	4	3	5	...	9	23/11	...
15	...	5	25	...	15	...	5	...	...	...	...	...	...	...	...	...
16	...	6	26	..	16	19	6	...	...	..	...	6	...	...	23	...
16	4	6	26	27	16	20	6	...	...	4	4	6	...	9	23	...
16	4	6	26	28	16	20	6	...	...	4	4	6	...	10	24	...
16	...	6	26	...	16	...	6	...	...	...	...	6	...	...	...	...
17/5	4/6	7/6	27/6	28/6	17/7	20/7	7/8	...	...	4/9	4/10	7/10		10/11	24/11	
...	5/6	...	..	29/6	...	22/7	9/8		..	5/9	5/10	8/10	...	13/11	25/11	...
...	...	...	...	29	...	...	...		...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	29	...	22	9		...	...	...	8	...	13	..	...
...	...	...	...	29	...	22	9		..	...	...	...	...	...	...	...
...	5	...	...	30	...	23	10		...	5	5	8	...	14	25	...
...	...	...	...	30	...	23	10		...	...	...	9	...	14	...	...
...	...	...	...	30	...	...	10		...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	30	...	...	10		...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	1/7	...	24	11		...	...	...	9	...	15	...	...
...	6	...	...	1	...	24	11		...	...	...	10	...	15	...	...
...	...	..	...	1	...	25	11		...	6	6	10	...	16	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...		...	...	...	...	...	...	...	...
...	6	...	...	2	...	25	12		...	6	6	10	...	16	26	...
...	...	...	...	2	...	...	12		...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	2	...	...	12		...	...	...	...	...	...	...	...
...	..	...	...	2	...	...	...		...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	3	...	..	...		...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...		...	...	...	...	...	...	...	...
...	7/6	...	...	8/7	...	26/7	13/8	15/8	...	7/9	7/10	11/10	...	17/11	26/11	...

Frá útlöndum

Fylgiskjal III. (Frh.)

Aætlun nr. 3 fyrir þrjú strandferða-
»A« sje nýbygt, vel útbúið farþegaskip, »B« og

Austur um land	C	C	C	C	A	C	B
Frá Akureyri	...	11/2	6/3	...	22/4	...	17/5
— Hjalteyri	...		...	...	...	..	...
— Dalvík	...		6	...	...	...	17
— Ólafsfirði	...		6	...	..	...	17
— Siglufirði	...		7	...	22	...	17
— Haganesvík	...		7	...	...	...	18
— Hofsósi	...		7	...	...	...	18
— Grafarósi	...		8	...	...	...	18
— Sauðárkróki	...	Til útlanda	9	...	22	...	19
— Kálfshamarsvík	...			...	...	...	...
— Skagaströnd	...			...	...	...	19
— Blönduósi	...			...	23	...	19
— Hvammstanga	...			...	...	...	20
— Borðeyri	...			...	...	...	20
— Bitrufirði	...			...	...	...	20
— Steingrímsfirði	...		Til útlanda	...	23	...	21
— Reykjarfirði	...			...	...	...	21
— Norðurfirði	...			...	...	...	21
Til Ísafjarðar	...			...	24/4	...	22/5
Frá Ísafirði	...	...		...	25/4	...	23/5
— Bolungarvík	..	...		...	...	...	...
— Súgandafirði	...	...		...	...	...	...
— Önundarfirði	...	...		...	...	...	23
— Dýrafirði	...	...		...	25	...	23
— Arnarfirði	...	...		...	...	...	24
— Tálknafirði	...	...		...	...	...	24
— Patreksfirði	...	...		...	25	...	24
— Flatey	...	...		...	...	...	25
— Gilsfirði	...	...		...	...	...	...
— Hvammsfirði	...	...		...	...	...	...
— Stykkishólmi	...	...		...	26	...	25
— Grundarfirði	...	...		...	...	...	...
— Ólafsvík	...	...		...	...	...	26
— Sandi	...	...		...	...	...	26
— Búðum	...	...		...	...	...	...
— Skógarnesi	...	...		...	...	...	...
— Borgarnesi	...	...		...	...	...	...
— Akranesi	...	...		...	...	...	..
— Hafnarfirði	...	...		...	...	...	27
Til Reykjavíkur	...	..		...	27/4	...	27/5

Frá útlöndum til Reykjavíkur 29. mars

skip »A«, »B« og »C« árið 1916.
»C« mættu vera brúkuð, en sterk og góð skip.

C	A	C	C	B	C	A	C	A	B	A	A	C	C	C	A	B
...	8/6	...	...	5/7	...	27/7	15/8	17/8		8/9	8/10	...	...	19/11	28/11	...
...	...	...	...	...	...		...	..		...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	5	...		15	17		...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	5	...		15	17		...	...	...	...	...	...	...
...	8	...	...	5	...		16	18		8	8	..	...	19	28	...
...	...	...	...	6	...		16	18		...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	6	...		16	18		...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	6	. .		16	19		...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	7	...		17	19		8	8	...	...	19	29	...
...	...	...	...	...	...		...			...	...	...	..	..		...
...	...	...	...	7	...		17		23/8	...	..	...	...	20		...
...	9	...	...	7	...		17		23	9	9	...	...	20		...
...	...	...	...	7	...		18		24	...	...	...	...	20		...
...	...	...	...	8	...		18		24	...	...	...	...	21		...
...	...	...	...	8	...		18		24	...	..	...	...	...		...
...	9	...	...	8	...		19		25	9	9	...	...	21		...
...	...	..	...	9	...		19		25	...	...	...	...	21		..
...	...	...	...	9	...		19		25	...	...	...	...	...		...
...	10/6	...	...	9/7	...		20/8		26/8	10/9	10/10	...	...	22/11		...

Frá útlöndum — Til útlanda — Austur um land til Reykjavikur — Til útlanda — Til baka beint til Rvikur, þar ca. 20. des.

...	11/6	...	...	11/7	...	...	22/8		28/8	11/9	11/10	...	...	23/11		21/12
...	...	...	...	11	...	...	...			...	...	...	...	...		...
...	...	...	...	11	...	...	22			...	...	..	...	...		...
...	...	...	...	11	...	...	22			...	...	...	...	23		...
...	11	...	...	12	...	...	22			11	11	...	...	23		...
...	...	...	...	12	...	...	23			...	...	...	..	24		...
...	...	...	...	12	...	...	23			...	...	...	...	...		...
...	11	...	...	12	...	...	23			11	11	...	...	24		...
...	...	...	...	13	...	...	24			...	...	...	...	25		...
...	...	...	...	...	...	...	...			...	...	...	...	...		...
...	...	...	...	...	...	...	...			...	...	...	...	...		...
...	12	...	...	13	...	...	24			12	12	...	...	25		...
...	...	...	...	13	...	...	...			...	...	...	...	...		...
...	...	...	...	14	...	...	25			...	...	...	...	...		...
...	...	...	...	14	...	...	25			...	...	...	...	...		..
...	...	...	...	..	...	...	25			...	...	...	31/10	...		...
...	...	...	...	...	...	...	26			...	...	...	31	...		...
...	...	...	...	...	...	...	26			...	...	...	1/11	...		...
...	...	...	...	..	...	...	36			...	...	...	1	...		..
...	...	...	...	15	...	. .	27			..	...	...	...	26		...
...	13/6	...	...	15/7	...	...	27/8			13/9	13/10	...	2/11	26/11 *		23/12

*) Til útl. 1. des., til baka i Reykjavik seint i des.

Fylgiskjal IV.

SKÝRING

á 3 strandferðaáætlana-frumvörpum fyrir árið 1916.

No. 1.

Áætlun fyrir tvö nýbygð eimskip »A« og »B«. »A« sje netto 350 smálestir, ganghraði 9 mílur á vöku.

Farrými sjeu 3, er rúmi 50 farþega á fyrsta, 50 á öðru og um 100 á þriðja.

Kælirúm, að minsta kosti 1200 teningsfet, sje á skipinu.

Það sje raflýst og útbúið með rafhringingatæki á fyrsta og öðru farrými.

Það sje útbúið með björgunarbáta og önnur björgunartæki, samkvæmt gildandi reglum.

Sjerstakur klefi sje fyrir póstflutning.

»B« netto 450 smálestir, ganghraði 8 mílur á vöku. Farrými sjeu 3, er rúmi 20 á fyrsta, 40 á öðru og um 140 á þriðja. Kælirúm sje ekkert í þessu skipi. Fyrsta og annað farrými sje raflýst og með rafhringingatækjum.

Björgunarbáta og önnur björgunartæki hafi það hlutfallslega við »A«. Fyrir póstflutning sje sjerstakur klefi.

Ferðum þessara skipa er samkvæmt meðfylgjandi áætlun no. 1 hagað þannig:

»A« byrjar ferðir sínar frá Reykjavík 15. apríl, fer hringferð austur, norður og vestur um land, kemur aftur til Reykjavíkur 27. sama mánaðar. Viðkomustaðir í stærri kauptúnum landsins, að undanskildum Suðurlands verslunarstöðunum. Næsta hringferð »A« byrjar fyrsta maí frá Reykjavík, vestur, norður og austur um land, kemur við á sömu stöðum, 17 alls, utan Reykjavíkur. Kemur aftur til Reykjavíkur 13. maí.

»A« fer þannig tvær hringferðir — venjulega tvisvar hvora leið, með ½ mánaðar millibili — frá Reykjavík, ýmist vestur eða austur um land, á tímabilinu frá 15. apríl til 13. október, 12 ferðir alls, 6 hvora leið.

13. og síðustu hringferðina fer »A« frá Reykjavík 17. október vestur um land, kemur þá við á 47 höfnum, á að vera hjer í bakaleið 11. nóvember.

»B« byrjar strandferðirnar frá Reykjavík 8. mars, austur, norður og vestur um land; kemur aftur til Reykjavíkur 4. apríl. Eftir það fer skipið eina hringferð mánaðarlega, ýmist vestur eða austur um land, frá Reykjavík 8. dag hvers mánaðar, 8 hringferðir alls — 4 hvora leið — á tímabilinu frá 8. mars til 3. nóvember.

Viðdvöl í Reykjavík milli ferðanna er 3—5 dagar. Gæti skipið þá skroppið til Akraness, Borgarness og Skógarness, eða til Hvalfjarðar, ef nægur farmur býðst og ástæður leyfa.

»A« og »B« mætast venjulega á Akureyri 21.—23. í hverjum mánuði.

No. 2.

Áætlun fyrir tvö nýbygð eimskip »A« og »B«, jafnstór og eins útbúin að öllu leyti.

Stærð 400 smálestir netto, ganghraði 9 mílur á vöku með fullfermi. Farrými sjeu 3, er rúmi 40 manns á fyrsta, 50 á öðru og um 100 á þriðja.

Kælirúm að minsta kosti 1200 teningsfet.

Raflýsing og rafhringingatæki á fyrsta og öðru farrými.

Klefi fyrir póstflutning.

Skipin sjeu útbúin með björgunarbáta og önnur björgunaráhöld samkvæmt gildandi reglum.

Ferðum þessara skipa er. samkvæmt meðfylgjandi áætlun no. 2, hagað þannig:

Bæði sigla 12 hringferðir — 24 ferðir alls — umhverfis landið á 8 mánuðum (3 hringferðir á mánuði).

»A« vestur, norður og austur um land á tímabilinu frá 18. mars til 16. nóvember.

»B« austur, norður og vestur um land, á tímabilinu frá 15. mars til 14. nóvember.

Bæði skipin byrja með löngum ferðum, það er að skilja, að þau koma við á mörgum höfnum, og vara þær hringferðir í 20—23 daga. Því næst fara þau hraðferðir, sem vara 11—13 daga, síðan langar ferðir o. s. frv.

Af þeim 12 hringferðum, sem hvort skipið um sig siglir, eru 7 langar en 5 stuttar (tvær síðustu ferðir beggja skipa eru langar). Í löngu ferðunum eru viðkomustaðir utan Reykjavíkur til jafnaðar 48 — fæstir 33, en flestir 57 — en í hraðferðunum 18.

Frá Reykjavík sigla skipin altaf með 3 daga millibili, bæði langar og stuttar ferðir — nema síðustu ferðina í október, þá með aðeins 1 dags millibili, — halda þau ætíð sitt í hvora áttina, austur og vestur um land. Í Reykjavík hittast skipin milli ferða, og er viðdvöl þeirra hjer venjulega 4 dagar ef þau fylgja áætlun. Gætu því, þegar ástæða er til, brugðið sjer til Hvalfjarðar eða Akraness, Borgarness og Skógarness, sbr. aths. við áætlun no. 1.

No. 3.

Áætlun fyrir 3 strandferðaskip »A« »B« og »C«.

»A« sje af sömu stærð, hafi sama ganghraða og sje að öllu eins útbúið eins og »A« sbr. áætlun no. 1.

»B« sje af sömu stærð, hafi sama ganghraða og sje að öllu leyti eins útbúið eins og »B« sbr. áætlun no. 1.

»C« stærð 225—250 smálestir netto.

Ganghraði með farm 8 mílur á vöku.

Farrými sjeu aðeins tvö, káeta er rúmi 18—24 menn, og pláss á miðþiljum fyrir 70—80 manns.

Sjerstakur klefi fyrir póstflutning.

Skýli og annar nauðsynlegur útbúnaður skal vera á þilfari fyrir 20—24 stórgripi.

Öll sjeu skip þessi útbúin með nægilega marga björgunarbáta og önnur björgunaráhöld, samkvæmt gildandi reglum.

Ferðum þessara skipa er, samkvæmt meðfylgjandi áætlun no. 3., hagað þannig:

»A« byrjar strandferðir 15. apríl frá Reykjavík, fer tvær hringferðir á mánuði umhverfis landið, ýmist austur eða vestur um land; vara þær 12—13 daga. Frá 15. apríl til 12. júlí fer skipið 6 hringferðir. 7. ferð »A« hefst frá Reykjavík 15. júlí, siglir þá austur um land til Akureyrar, kemur við á 18 höfnum. Frá Akureyri siglir það til útlanda 27. júlí. Til Akureyrar kemur það aftur frá útlöndum 15. ágúst, heldur þaðan 17. til Sauðárkróks, kemur við á 8 höfnum, snýr þar við 19. og siglir austur um land til Reykjavíkur; kemur við á ýmsum höfnum norðan lands og austan. Til Reykjavíkur kemur það 26. ágúst. Síðan siglir það 4 hringferðir í september og október. 30. október siglir það frá Reykjavík til útlanda, kemur til baka frá útlöndum 23. nóvember til Fáskrúðsfjarðar. Þaðan heldur það til Sauðárkróks, kemur við á ýmsum höfnum austan lands og norðan. Frá Sauðárkrók siglir skipið 29. nóvember til útlanda. Frá útlöndum kemur það loks um 20. desember til Reykjavíkur.

»B« byrjar strandferðir 10. apríl frá Reykjavík, fer hringferðir ýmist vestur eða austur um land; vara þær 20 daga. Skipið fer þannig 4 hringferðir á tímabilinu frá 10. apríl til 15. júlí. Fimta ferð skipsins hefst frá Reykjavík 20. júlí; siglir *vestur* um land til Akureyrar, kemur við á 32 höfnum á vestur- og norðurlandi, fer til útlanda frá Akureyri 2. ágúst. Frá útlöndum kemur það fyrst til Skagastrandar 23. ágúst, siglir þaðan á allar aðrar hafnir við Húnaflóa, síðan til Ísafjarðar og þaðan til útlanda 28. ágúst. Frá útlöndum kemur »B« í næstu ferð fyrst til Húsavíkur 18. september, þaðan siglir það til Fáskrúðsfjarðar, kemur við á 10 höfnum. Fer þaðan til útlanda 24. september. Frá útlöndum siglir »B« næst til Reykjavíkur fer þaðan í strandferð 20. október vestur, norður og austur um land, kemur aftur til Reykjavíkur 17. nóvember. Fer frá Reykjavík 20. nóvember til útlanda. Siglir til baka frá útlöndum beint til Reykjavíkur, fer þaðan 16. des. til Vestfjarða — lengst til Ísafjarðar — snýr þar við og kemur aftur til Reykjavíkur 23. des.

»C« kemur fyrst frá útlöndum til Djúpavogs 12. janúar, siglir þaðan til Seyðisfjarðar, kemur við á 8 höfnum. Fer til útlanda frá Seyðisfirði 16. janúar. Kemur aftur frá útlöndum til Seyðisfjarðar 4. febrúar, siglir þaðan til Akureyrar, kemur við á 9 höfnum. Fer til útlanda frá Akureyri 11. febrúar. Kemur aftur frá útlöndum til Akureyrar 4. mars, siglir þaðan til Sauðárkróks, kemur við á 8 höfnum. Fer til útlanda frá Sauðárkróki 9. mars. Frá útlöndum siglir »C« í næstu ferð beint til Reykjavíkur og byrjar strandferðir þaðan 1. apríl austur um land til Seyðisfjarðar. Vara þær ferðir — fram og aftur — 15 daga. Á tímabilinu frá 1. apríl til 29. júlí fer »C« 6 ferðir milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar, og 6 ferðir milli Reykjavíkur og Búða á Snæfellsnesi. Ferðina til Snæfellsness fer skipið altaf 2 dögum eftir hingaðkomu að austan. Fyrsta ágúst fer »C« frá Reykjavík *hringferð austur* um land, kemur aftur til Reykjavíkur 27. ágúst. 1. september fer það aftur *hringferð vestur* um land, kemur aftur til Reykjavíkur 27. september. 1. október fer »C« frá Reykjavík austur um land til Akureyrar, snýr þar við 13. október austur um land til Reykjavíkur. 30. október siglir það frá Reykjavík vestur að Búðum og kemur til baka 2. nóvember. Síðan fer »C« 5. nóvember frá Reykjavík hringferð austur um land, kemur aftur til Reykjavíkur 26. nóvember. Og loks frá Reykjavík til útlanda 1. desember, kemur aftur til Reykjavíkur 22. til 24. sama mánaðar.

Fylgiskjal V.

Brjef samgöngumálaráðunautarins til strandferðanefndanna.

Strandferðaáætlanir þær 3 fyrir 1916, sem nú liggja fyrir þinginu, eru allmikið mismunandi, bæði að því er snertir ferðafjölda og fyrirkomulag á þeim, stærð skipanna og útbúnað þeirra. Þar af leiðandi hljóta þær að verða mismunandi dýrar.

Skipin hefi jeg lagt til að verði stærri en búast má við að komast mætti af með í svipinn.

Reynsla undanfarandi ára hefir sannað, að fólks- og vöruflutningar vaxa allhröðum fetum, og er því full ástæða til að ætla, að þeir aukist tiltölulega meira hjer eftir, með tíðari og hagkvæmari strandferðum. — Jafnframt hefi jeg tekið tillit til þess, að verðmunurinn er tiltölulega lítill á 300 og 400 smálesta skipum. Og loks, að því stærri sem strandferðaskipin eru, þeim mun lengur fullnægja þau flutningaþörfinni sem slík, og þeim mun hentugri eru þau til millilandaferða. Tilgangur strandferðanna hlýtur fyrst og fremst að vera sá, að greiða fyrir mannflutningum og vöruflutningum milli allra þeirra staða umhverfis landið, sem skip geta áhættulítið siglt á, eftir því sem ætla má, að þarfirnar sjeu á hverjum tíma, sem áætlanir strandferðaskipanna eru samdar fyrir.

Með tilliti til flutningaþarfarinnar nú og næsta áratug, verður að ákveða stærð skipanna, farrými og annan útbúnað, svo þau nái þeim tilgangi, að uppfylla sanngjarnar kröfur almennings um vöru- og mannflutninga.

Því hagfeldari sem strandferðirnar eru, þess meiri viðkynning og viðskifti skapast og þróast milli hinna ýmsu landshluta, en innlend viðskifti eru hverri þjóð holl og nauðsynleg.

Þegar innanlandssamgöngurnar eru ordnar greiðar, þá komast afurðir landsins í eðlilegt verð í öllum sýslum landsins, til mikilla hagsmuna bæði fyrir framleiðendur og notendur.

Nú er það svo, að verðmunur á ýmsum íslenskum neysluvörum, svo sem kjöti, fiski, smjöri, skyri, mjólk o. fl., nemur frá 25—100%, eftir því, hvar á landinu vörurnar eru keyptar og seldar. Stafar þessi mikli mismunur aðallega af strjálum og óhagkvæmum samgöngum.

Þá bæta góðar samgöngur einnig mikið úr atvinnubresti á ýmsum stöðum, en fólkseklu á öðrum. Loks efla tíðar og hentugar innanlandssamgöngur iðnað þann, sem nú er í landinu, og geta ekki einungis gert hann mögulegan, heldur og arðvænlegan í afskektum hjeruðum.

Með bættum samgöngum fá framtakssamir menn uppörfun til að setja á stofn iðnað í fleiri greinum en nú eru, og á þeim stöðum, sem skilyrðin að öðru leyti eru best.

Eins og áður er fram tekið, hefir reynsla undanfarandi ára sýnt, að bæði mannflutningar og vöruflutningar með strandferðaskipunum hafa aukist að miklum mun, en þrátt fyrir það, hafa strandferðirnar, árið, sem leið, og yfirstandandi ár, verið miklu strjálli og óhagkvæmari, — þrátt fyrir jafnmikið landssjóðstillag nú og þá, — en þær voru 1910—'12, af ástæðum, sem öllum eru kunnar.

Afleiðingin af því hefir svo eðlilega leitt til afturfarar í þeim greinum, sem byggjast á tíðum og hentugum strandferðum. — Þetta sjá menn almennt og óska breytinga til bóta strax og því verður við komið. Þingið 1913 ljet sjer umhugað um, að ráða bót á þessu, og gerði þá þegar bráðabirgðaráðstafanir á strandferðunum þetta ár og það næsta. En jafnframt ljet alþingi skýrt í ljós þá skoðun sína, að strandferðunum væri eigi að fullu borgið fyr en þær kæmu í hendur innlends fjelags, eða, ef því yrði ekki komið í framkvæmd, að landssjóður tæki strandferðirnar að sjer; taldi hið síðara þó neyðarúrræði.

Niðurstaða Alþingis 1913 í þessu máli varð því sú, að veita stjórninni heimild til, fyrir landssjóðs hönd, að gerast svo stór hluthafi í „Eimskipafjelagi Íslands", að fjelagið sæi sjer fært að taka að sjer strandferðirnar vorið 1916 með 2 eða fleiri nýjum skipum.

Jeg þykist geta fullyrt, að þessi ráðstöfun sje af almenningi álitin mjög heppileg.

Til þess að samningar gætu tekist milli landsstjórnarinnar og Eimskipafjelags Íslands um strandferðirnar, var fyrst og fremst nauðsynlegt, að semja áætlun um, hvað hin fyrirhuguðu strandferðaskip mundu kosta, svo og um tekjur þeirra og gjöld, miðað við þann tíma ársins, sem þau sigla í strandferðum.

Slíkar kostnaðaráætlanir, sem jeg hefi samið með tilstyrk framkvæmdarstjóra E. Í., herra Nielsens, hef jeg þegar afhent háttvirtri samgöngumálanefnd til athugunar.

Eftir samanburð á stærð skipanna og útbúnaði, samkv. hinum ýmsu tillögum mínum, svo og á fyrirkomulagi ferðanna, verði skipanna og reksturkostnaðaráætlunum, hefir mjer skilist, að hv. samgöngumálanefnd álíti ferðaáætlun, merkt nr. 2., heppilegasta, þegar á alt er litið, og er jeg þeirri skoðun samþykkur.

Til þess að spara tillag landssjóðs til strandferðanna, hefi jeg í samráði við hv. þingnefnd breytt þeirri áætlun frá því, sem hún var upphaflega. Ferðirnar látnar byrja mánuði síðar — o: í apríl í stað marsmánaðar — og skipin látin sigla 1 ferð hvort, til skiftis, til útlanda, í mánuðunum júlí og ágúst.

Með þeim breytingum verða tekjur skipanna allmiklu meiri, og eins mánaðar útgjöld sparast.

Tekjuhallinn á ferðum skipanna, eftir að breytingin var gerð á áætluninni, nemur 77—78 þús. krónum. Þegar tekið er tillit til stærðar skipanna og útbúnaðar þeirra, svo og hinna mörgu hringferða umhverfis landið í 6½ mánuð, þá getur hann naumast talist mikill, samanborinn við styrk þann, sem landssjóður hefir orðið að greiða á fyrirfarandi árum fyrir miklu færri og óhagkvæmari ferðir með minni og lakari skipum. Hafa þó útgerðarfjelög strandferðanna að undanförnu þótst tapa á þeim með 60 þús. kr. styrk."

Nú er á það að líta, að með tíðari og hagkvæmari strandferðum má spara allmikið af styrk þeim, — samtals 49,900 kr., — sem nú er veittur til flóa- og fjarðabáta. Ýmist gerist þeirra engin þörf, eða þá minni en nú, meðan samgöngurnar eru strjálar og óhentugar.

Eftir að hin fyrirhuguðu, nýju strandferðaskip fara að sigla, virðist mjer, að

Norðurlandsbáturinn mætti missast að bagalausu (árl. styrkur 9000 kr.). Styrk Ísafjarðar—Húnaflóabátsins (nú 9000 kr.) mundi mega *lækka um 3—4000 kr.*, með því að láta hann að eins ganga um Ísafjarðardjúp, og strandferðaskipin koma við í Djúpinu, á stærri viðkomustöðum, þegar vöruflutningar eru mestir. Þá ætti og að *nægja í stór bifbátur (um 40 smálestir) á Breiðafirði, er mundi komast af með 5—6 þús. kr. styrk (nú 9000 kr. til tveggja báta).* Líklegt tel jeg, að Faxaflóabáturinn kæmist af með minni styrk en 13.500 kr., eins og hann fær nú. — Og loks mundi mega *færa allmikið niður* 6000 kr. styrk þann, sem veittur er nú til mótorbátaferða milli Vestmannaeyja, Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka.

Samkvæmt framanskrifuðu tel jeg víst, *að spara megi að minsta kosti 20 þús. kr. af styrk þeim, sem nú er veittur til flóa- og fjarðabáta.*

Yrði styrkur landssjóðs til strandferða og flóa- og fjarðabáta-ferða 1916 þannig, að minsta kosti *2—3 þús. kr. minni en nú, þrátt fyrir stórum bættar samgöngur.*

Ef háttvirt Alþingi felst á tillögur samgöngumálanefnda beggja deilda og mínar um að kjósa strandferðaáætlun nr. 2 með áorðnum breytingum, þá verður lýsing á skipunum, áætlun um verð þeirra, svo og tekjur og gjöld af strandferðunum, og loks skýring á tilhögun þeirra í stuttu yfirliti þannig:

Skipin 2, nýbygð úr stáli, af sömu stærð og eins útbúin.
Stærð um 400 smálestir netto, hvort
Ganghraði nál. 10 mílur á vöku með ljettfermi.
Farrými 3, fyrir 40 manns á 1., 50 á 2., og um 100 á 3.
Kælirúm að minnsta kosti 1200 teningsfet í hvoru skipi
Raflýsing í báðum skipum.

Verð skipanna, með öllum útbúnaði öðrum en loftskeytatækjum, er *áætlað ca. 490,000 kr.*

Útgjöld beggja skipanna á mánuði eru áætluð ... ... kr. 25,900,00.
Tekjur beggja skipanna - — í strandferðum ... ... — 13,538,46.
Tekjuhallinn á strandferðunum er áætlaður ... ... — 77,300,00.

Tekjur og gjöld við greiðasölu í skipunum er ekki tekið til greina í áætluninni.

Búist er við, að bryti verði fáanlegur til að annast greiðasöluna fyrir eiginn reikning, að líkindum þó því að eins, að skyldukostur verði á fyrsta farrými, enda virðist það hvorki ósanngjarnt nje óheppilegt fyrirkomulag. Tel æskilegra, að útgerð skipanna sje laus við greiðasöluna.

Tilhögun strandferðanna.

Á áætluninnni eru yfir 80 viðkomustaðir, þar af um 60 með ákveðnum viðkomudögum, en rúml. 20 með óákveðnum.

Bæði skipin byrja hringferðir frá Reykjavík í apríl (7. og 10.), „*A*" vestur, en „*B*" austur um land, verða væntanlega fermd útlendum vörum til hinna smærri staða, koma við á mörgum höfnum. Vara slíkar langar hringferðir í 3 vikur. — Síðan sigla þau bæði 2 stuttar hringferðir (hvort) í maí, með tilliti til hinna miklu fólksflutninga á þeim tíma ársins. Þessar hraðferðir, með 17—20 viðkomustöðum, vara í 12 daga.

Því næst sigla bæði skipin langar hringferðir í júní, síðan stuttar hringferðir.

14. og 17. júlí leggja þau af stað frá Reykjavík í langar hringferðir. „*B*“ heldur þó ekki lengra en til Akureyrar; fer þaðan til útlanda 26. júlí, væntanlega með fullfermi af ull og fleiri ísl. vörur.

„*A*“ fer þar á móti hringferð og kemur aftur til Reykjavíkur 5. ágúst. Fer aftur í hraðferð frá Reykjavík 9. ágúst vestur um land, þó ekki lengra en til Akureyrar, þaðan til útlanda 16. ágúst, væntanlega með fullfermi.

Sama dag kemur „*B*“ til Reykjavíkur frá útlöndum, að líkindum með vörur aðallega til Suðurlandshafnanna og Hornafjarðar.

Skipið fer frá Reykjavík 20. ágúst í langa hringferð austur um land; kemur aftur til Reykjavíkur 11. sept.

„*A*“ kemur frá útlöndum til Stykkishólms 6. sept, affermir útlendu vörurnar í Hvammsfirði, Gilsfirði, Flatey. Ólafsvík, Hellissandi, Stapa og Búðum og kemur til Reykjavíkur 13. sept.

14. og 17. sept. leggja skipin af stað frá Reykjavík í stuttar hringferðir, koma aftur til Rvíkur 25. og 29. sept. Eru það hentugar ferðir fyrir skólafólk og kaupafólk.

Eftir það siglir hvort skipið um sig 2 langar hringferðir umhverfis landið. Ferðir skipanna enda í Reykjavík 15. og 17. nóv.

„*A*“	siglir þannig	5	langar	hringferðir	og	4½	stutta = 9½
„*B*“	—	— 5½	—	—		4	— = 9½
	Samtals	10½	—	—		og 8½	— = 19

Samkvæmt athugasemd á ferðaáætlun skipanna er ætlast til, að þau komi einnig við á þeim höfnum, sem merktar eru með *, þegar nægur flutningur býðst og veður leyfir, ef brim eða ís er því ekki til fyrirstöðu. Viðkomur á slíkar hafnir, svo sem t. d. Skógarnes, eru þó bundnar því skilyrði, að þær sjeu mældar upp og skipin fáist vátrygð á þær.

Með tilliti til Borgarness, þá er sú höfn að vísu mæld upp, en hún er of grunn til þess að fullfermd skip geti siglt þangað og þaðan. Þess utan er skipaleiðin um Borgarfjörð mjög vandrötuð, og væri mikil þörf á að sett yrði nauðsynleg siglingamerki á þeirri leið.

Þó mjer sje kunnugt um hina miklu siglingaþörf þangað og þaðan, þá fanst mjer rjettara að ákveða ekki á áætluninni tiltekna viðkomudaga þar, meðan efi leikur á, að strandferðaskipin geti siglt þangað. Tel þó líklegt, að þeim hepnist það í góðu veðri með hálffermi. — Ef svo reynist, þá væri heppilegast fyrir kaupmenn og kaupfjelög þar, sem og á hinum minni og afskektu höfnum, er millilandaskipin koma ekki við á, að panta vörur sínar frá útlöndum með strandferðaskipunum á vorin, og á sumrin, þegar þau sigla til útlanda, til þess að komast sem mest hjá umhleðslu á vörunum og þar af leiðandi aukakostnaði.

Loks leyfi jeg mjer að láta þá skoðun mína í ljós, að greiðar og hagkvæmar strandferðir borgi sig strax óbeinlínis, þótt til þeirra sje varið allmiklu af almannafje, og að síðar, — með aukinni framleiðslu, — muni þær einnig borga sig beinlínis.

Þá er það og mikils vert, að gera landið byggilegra og þjóðina efnalega sjálfstæðari og ánægðari með kjör sín, en að því geta greiðar samgöngur mjög mikið stutt.

Reykjavík þann 30. júlí 1914.

O. Friðgeirsson.

Til

Samgöngumálanefnda Alþingis.

Fylgiskjal VI. a.

Áætlun um kostnað strandferðanna samkvæmt ferðaáætlun nr. 1 fyrir 1916. Verð skipa og áhalda 235.000+200.000=435.000 kr.

Farþegaskip „A".

				Útgjöld á mánuði: Kr. au.	Kr. au.
I.	Laun skipshafnarinnar:				
	Skipstjóri	kr.	235 00		
	1. stýrimaður	—	145 00		
	2. — —	—	120 00		
	1. vjelameistari...	—	220 00		
	2. — —	—	135 00		
	2 kyndarar, 75,00, ...	—	150 00		
	2 matrósar, 67,50, ...	—	135 00		
	1 ungur matrós	—	45 00		
	1 unglingur	—	30 00		
	1 drengur...	—	15 00	1 230 00	
II.	Fæðispeningar handa skipshöfninni:				
	5 yfirmenn, 1,50 á dag, ...	kr.	225 00		
	7 undirmenn, 1,30 á dag ...	—	273 00	498 00	
III.	Viðhald á skipi og áhöldum			500 00	
IV.	Olía tvistur og maskínuáhöld			300 00	
V.	Kol í 25 daga — 7×25=175 smál. 27/00...			4 725 00	
VI.	Vinnulaun...			450 00	
VII.	Vátryggingargjald af 225 000 kr...			1 650 00	
VIII.	Afgreiðslugjöld og hafnargjöld			1 200 00	
IX.	Vextir af kaupverðinu	kr.	225 000 00		
	Do — áhöldum (útbúnaði) ...	—	10 000 00		
	6% pr. a. af	kr.	235 000 00	1 175 00	
X.	Afborgun af 100 000 kr. láni			677 75	
XI.	Ýmisleg útgjöld (þar á meðal til stj. kostn.)			424 25	
	Samanlögð útgjöld á mánuði ...			12 830 00	
	Útgjöldin í 7 mánuði fyrir „A"				89 810 00

Vöruflutningaskipið „B".

I.	Laun skipshafnarinnar:				
	12 manns (eins og á „A") ...	kr.	1 230 00		
	Ennfremur fyrir brita, jómfrú og 1 dreng	—	200 00	1 430 00	
			Flyt:	1 430 00	89 810 00

			Útgjöld á mánuði: Kr. au.	Kr. au.
		Flutt:	1 430 00	89 810 00
II.	Fæðispeningar handa skipshöfninni kr. 498 00			
	Do. handa brita, jómfr. og dreng — 120 00		618 00	
III.	Viðhald á skipi og áhöldum		450 00	
IV.	Olía, tvistur og maskínuáhöld		275 00	
V.	Kol í 20 daga — 6×20 = 120 smál. 27/00		3 240 00	
VI.	Vinnulaun...		650 00	
VII.	Vátryggingargjald af 200 000 kr.		1 500 00	
VIII.	Afgreiðslugjöld og hafnargjöld		1 200 00	
IX.	Vextir af kaupverðinu 200 000 00, 6%		1 000 00	
X.	Afborgun af 80 000 kr. láni...		556 00	
XI.	Ýmisleg útgjöld (þar á meðal tiltölulegur stjórnarkostnaður)		401 00	
	Samanlögð útgjöld á mán. kr.		11 320 00	
	Útgjöld í 8 mánuði fyrir „B“			90 560 00
	Samanlögð útgjöld beggja skipanna í 7 og 8 mánuði			180 370 00

				Tekjur Kr. au.	Gjöld Kr. au.
„*A*“	*Tekjur:*				
a.	Fargjöld	kr.	22 000 00		
b.	Farmgjöld	—	20 000 00	42 000 00	
„*B*“	*Tekjur:*				
a.	Fargjöld	—	10 000 00		
b.	Farmgjöld	—	20 000 00		
c.	Tekjur af matsölu, drykkjarföngum o. fl.	—	2 560 00	32 560 00	
			74 560 00		
				74 560 00	180 370 00
	Tekjuhalli á strandferðum			105 810 00	
			Kr.	180 370 00	180 370 00

Aths: Ef skipið „B“ byrjar 1 mánuði síðar (8. apríl í staðinn fyrir 8. marz) mundu útgjöldin minka um ... ... ca. 11 000 00
Og ef sama skip sigldi 2 ferðir til útlanda á tímabilinu frá 20. júlí til 20. september mundi það auka tekjurnar um ... ... ca. 16 000 00
Samtals kr. 27 000 00

Yrði tekjuhallinn þá aðeins **kr. 78 810 00.**

Áætlun um kostnað strandferðanna samkvæmt ferðaáætlun nr. 2 fyrir 1916. Verð skipa og áhalda 245.000+245.000 = 490.000 kr.

Farpegaskipin „A" og „B" (hvort um sig).

				Útgjöld á mánuði: Kr. au.	Kr. au.
I.	Laun skipshafnarinnar:				
	Skipstjóri	kr.	235 00		
	1. stýrimaður	—	145 00		
	2. —»—	—	120 00		
	1. Vjelameistari	—	220 00		
	2. —»—	—	135 00		
	2 kyndarar, 75,00, ...	—	150 00		
	2 matrósar, 67,50, ...	—	135 00		
	1 ungur matrós	—	45 00		
	1 unglingur	—	30 00		
	1 drengur	—	15 00	1 230 00	
II.	Fæðispeningar handa skipshöfninni:				
	5 yfirmenn, 1,50 á dag, ...	kr.	225 00		
	7 undirmenn, 1,30 á dag, ...	—	273 00	498 00	
III.	Viðhald á skipi og áhöldum			500 00	
IV.	Olía, tvistur og maskínuáhöld			300 00	
V.	Kol í 25 daga 7×25 = 175 smál. 27/00			4 725 00	
VI.	Vinnulaun...			450 00	
VII.	Vátryggingargjald af 235 000 kr....			1 725 00	
VIII.	Afgreiðslugjöld og hafnargjöld			1 200 00	
IX.	Vextir af kaupverðinu	kr.	235 000 00		
	Do — áhöldum (útbúnaði) ..	—	10 000 00		
	6% pr. a. af	—	245 000 00	1 225 00	
X.	Afborgun af 100 000 kr. láni ...	—	677 75		
XI.	Ýms útgjöld þar á meðal tiltölulegur stjórnarkostnaður	—	419 25		
	Samanlögð útgjöld á mánuði fyrir hvort skip	—	12 950 00		
	Mánaðarleg útgjöld beggja skipanna	—	25 900 00		
	Útgjöld beggja skipanna í 8 mánuði				207 200 00
	Tekjur beggja skipanna í 8 mánuði				
	a. Fargjöld	kr.	48 000 00		
	b. Farmgjöld	—	40 000 00	88 000 00	
	Tekjuhalli á strandferðunum			119 200 00	
			Kr.	207 200 00	207 200 00

Aths.: Ef skipin byrja strandferðirnar 1 mánuði síðar (í miðjum apríl í staðinn fyrir miðjum mars) mundu útgjöldin minka um ... ... ca. kr. 25 900 00
Og ef skipin sigldu til skiftis 1 ferð til útlanda á tímabilinu frá 20. júlí til 20. september mundi það auka tekjurnar um ... ... ca. kr. 16 000 00
Samtals kr. 41 900 00

Yrði tekjuhallinn þá aðeins: **kr. 77 300 00.**

Fylgiskjal VI. c.

Áætlun um kostnað strandferðanna samkvæmt ferðaáætlun nr. 3 fyrir 1916
Verð skipa og áhalda 235.000+200.000+80.000 = 515.000 kr.

Farþegaskipið „A".

		Útgjöld á mánuði: Kr. au.	Kr. au.
I.	Laun skipshafnarinnar	1 230 00	
II.	Fæðispeningar handa skipshöfninni	498 00	
III.	Viðhald á skipi og áhöldum	500 00	
IV.	Olía, tvistur og maskínuáhöld	300 00	
V.	Kol í 25 daga — 7×25 = 175 smál. 27,00	4 725 00	
VI.	Vinnulaun...	450 00	
VII.	Vátryggingargjald af 225 000 kr. ca	1 650 00	
VIII.	Afgreiðslugjöld og hafnargjöld	1 200 00	
IX.	a. Vextir af kaupverði skipsins ... kr. 225 000 00		
	b. Do - áhöldum (útbúnaði) ... — 10 000 00		
	6% pr. a. af ... ... kr. 235 000 00	1 175 00	
X.	Afborgun af 100 000 kr. láni	677 75	
XI.	Yms útgjöld (þar á meðal tiltölulegur stjórnarkostn.)	424 25	12 830 00

Vöruflutningaskipið „B".

I.	a. Laun skipshafnarinnar	kr.	1 230 00		
	b. Do. brita, jómfrúar og drengs	—	200 00	1 430 00	
II.	a. Fæðispeningar handa skipshöfninni	kr.	498 00		
	b. Fæðispeningar handa brita, jómfrú og dreng	—	120 00	618 00	
III.	Viðhald á skipi og áhöldum			450 00	
IV.	Olía, tvistur og maskínuáhöld			275 00	
V.	Kol í 20 daga — 6×20 = 120 smál. 27,00			3 240 00	
VI.	Vinnulaun			600 00	
VII.	Vátryggingargjald af 200 000 kr.			1 500 00	
VIII.	Afgreiðslugjöld og hafnargjöld			900 00	
IX.	6% vextir af kaupverðinu 200 000 kr.			1 000 00	
X.	Afborgun af 80 000 kr. láni...			556 00	
XI.	Ýms útgjöld (þar á meðal tiltölulegur stjórnarkostn.)			401 00	10 970 00
				Flyt	23 800 00

Brúkað vöruflutningaskip „C".

			Útgjöld á mánuði: Kr. au.	Kr. au.
I.	Laun skipshafnarinnar:	Flutt:		23 800 00
	Skiptjóri ... ... kr.	200 00		
	1. stýrimaður ... ... —	120 00		
	2. —»— ... ... —	100 00		
	1. vjelameistari ... ... —	200 00		
	2. —»— ... ... —	120 00		
	2 kyndarar, 67,50 ... ... —	135 00		
	2 matrósar 67,50 ... ... —	135 00		
	1 ungur matrós ... ... —	45 00		
	1 unglingur ... ... —	20 00		
	1 drengur ... ... —	15 00	1 090 00	
II.	Fæðispeningar handa skipshöfninni		498 00	
III.	Viðhald á skipi og áhöldum		500 00	
IV.	Olía, tvistur og maskínuáhöld		225 00	
V.	Kol í 21 dag. — $6^1/_2 \times 21 = 136^1/_2$ smál. 27,00 ...		3 685 50	
VI.	Vinnulaun		400 00	
VII.	Vátryggingargjald af 80 000 kr. (skipið með áhöldum) 9% pr. a.		600 00	
VIII.	Afgreiðslugjöld og hafnargjöld		400 00	
IX.	6% vextir af skipi með áhöldum 80 000 kr.		400 00	
X.	Afborgun í 12 ár af 80 000 kr.		556 00	
XI.	Yms útgjöld þar á meðal hlutfallsl. stjórnarkostn. ...		275 50	8630 00
	Útgjöld allra skipanna á mánuði kr.			32 430 00

		Tekjur: Kr. au.	Gjöld: Kr. au.
„A"	Strandferðir í $5^1/_2$ mánuð = 12 830 × $5^1/_2$ ... ... kr. 70 565 00		
	Millilandaferðir $2^2/_3$ mán. = 10 340 × $2^2/_3$ ... ... — 27 573 00		98 138 00
„B"	Strandferðir í $4^2/_3$ mánuði = 10 970 × $4^2/_3$ ... ... kr. 51 193 00		
	Millilandaferðir $3^2/_3$ mán. = 9 626 × $3^2/_3$ ... ... — 35 295 00		86 488 00
„C"	Strandferðir í 8 mánuði = 8 630 × 8 ... ... kr. 69 040 00		
	Millilandaferðir 4 mán. = 7 715 × 4 ... ... — 30 860 00		99 900 00
	Samanlögð útgjöld allra skipanna kr.		284 526 00
	Flyt: kr.		284 526 00

			Tekjur: Kr. au.	Gjöld: Kr. au.
	Tekjur skipanna:			
	Flutt:			284 526 00
„A“	Fargjöld í strandferðum 5½ mánuð = 3200×5½	kr. 17 600 00		
	Farmgjöld í strandferðum = 3300×5½	— 18 150 00		
	Fargjöld í millilandaferðum	— 2 000 00		
	Farmgjöld í ——	— 32 000 00	69 750 00	
„B“	Fargjöld í strandferðum 4⅔ mánuði = 1300×4⅔	kr. 6 067 00		
	Farmgjöld í strandferðum = 1700×4⅔	— 7 933 00		
	Fargjöld í millilandaferðum...	— 1 200 00		
	Farmgjöld í ——	— 36 000 00	51 200 00	
„C“	Fargjöld í strandferðum	kr. 6 400 00		
	Farmgjöld í ——	— 10 000 00		
	do. - millilandaferðum	— 30 600 00	47 000 00	
		Kr.	167 950 00	284 526 00
	Tap á „*A*“	kr. 28 388 00		
	— - „*B*“	— 35 288 00		
	— - „*C*“	— 52 900 00	116 576 00	
		Kr.	284 526 00	284 526 00

Fylgiskjal VII.

Skýrsla um strandferðir árin 1912 — 1913 og 1914 og um fyrirhugaðar strandferðir 1916, samkvæmt 3 áætlanauppköstum, merktum nr. I, 2 og 3.

	Hringferðir umhverfis landið				Ferðir milli Rvíkur og Akureyrar				Ferðir milli Rvíkur og Austfjarða				Ferðir milli Reykjavíkur, Akraness, Borgarness, Skógarness og Búða	Ferðir til útlanda	Athugasemdir.
	seinar		hraðar		seinar		hraðar		seinar		hraðar				
	Tala	Viðkomustaðir til jafnaðar	Tala	Viðkomustaðir til jafnaðar	Tala	Viðkomustaðir til jafnaðar	Tala	Viðkomustaðir til jafnaðar	Tala	Viðkomustaðir til jafnaðar	Tala	Viðkomustaðir til jafnaðar			
Thore-félagið 1912 . . .	»	»	4	5	[1]) 13	[1]) 27	»	»	[1]) 8	[1]) 17	»	»	»	»	[1]) Hvora leið.
Sameinaða gufuskipafélagið 1913	»	»	6	5	[2]) 11	[2]) 22	»	»	»	»	»	»	»	»	[2]) Hvora leið.
Björgvinjar-gufuskipafélagið og Tuliníus 1914. .	[3]) 21	21,5	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	[3]) Þess utan 2 vetrarferðir milli Austur-, Suður- og Vesturlands. Viðkomustaðir 10 í hvorri.
Íslenzk strandferðaútgerð 1916 samkvæmt áætlun nr. 1 óbreyttri . . .	9	60,5	11	19	1	23	1	3	»	»	»	»	»	»	Ákvarðaðar viðkomur á 69 höfnum, en óákv. á 7 höfnum.
Samkvæmt áætlun nr. 2 breyttri . . . . *Tillaga nefndanna.*	10	50	8	20	1	28	1	10	»	»	»	»	»	[4]) 2	[4]) **Annað skipið affermir útlendar vörur á 10 höfnum við Breiðafjörð og á Snæfellsnesi frá 6. til 12. sept.**
	Aths.: Ákvarðaðar viðkomur á 62 höfnum og óákvarðaðar á 25. Á þær seinni koma skipin þegar nægilegur flutningur býðst og ástæður leyfa.														
Samkvæmt áætlun nr. 3 óbreyttri	8	52	10	18	[5]) 3	27	1	11	[6]) 6	20	»	»	[7]) 7	10	[5]) 2 að eins aðra leiðina 1 fram og tilbaka. [6]) Allar fram og til baka. [7]) Gætu að eins orðið 4 vegna ketilhreinsunar.
	Aths.: Allir viðkomustaðir — 76 — með ákveðnum ferðafjölda.														

O. Friðgeirsson.

Fylgiskjal VIII.

Samanburður á strandferðum 1912, 1913, 1914 og tillögum samgöngumálaráðunautarins ásamt tillögu strandferðanefndanna.

Viðkomustaðir	Thore		D.F.D.S.		Björgvinjarfjelagið og Tulinius		Tillögur samgöngumálaráðunautarins						Brt. nefndanna í samráði við ráðunautinn á áætlun nr. 2	
	1912		1913		1914		1916							
							nr. 1		nr. 2		nr. 3		nr. 2	
	, A	*,* V	A	V	A	V	A	V	A	V	A	V	A	V
1. Reykjavík	$\frac{1\,8}{1}$	$\frac{7}{1}$	$\frac{9}{1}$	$\frac{8}{1}$	10	11	$\frac{1\,0}{1}$	$\frac{1\,1}{1}$	12	12	** $\frac{1\,7}{1\,0}$	** $\frac{1\,8}{2\,4}$	$\frac{1\,0}{1}$	$\frac{1\,1}{1}$
2. Hafnarfjörður	10	10	»	»	»	»	9	9	7	7	15	14	6	5
3. Keflavík	8	8	4	4	»	»	4	4	7	5	10	8	6	4
4. Gerðar	»	»	»	»	»	»	4	4	»	»	4	5	*	*
5. Sandgerði	»	»	»	»	»	»	4	4	»	»	4	4	*	*
6. Grindavík	8	8	»	»	»	»	4	4	7	5	8	6	6	4
7. Þorlákshöfn	»	»	»	»	»	»	4	1	»	»	5	3	*	*
8. Eyrarbakki	8	8	»	»	»	»	5	1	»	»	4	3	6	3
9. Stokkseyri	8	8	3	2	2	1	5	4	7	5	9	6	6	2
10. Vestmanneyjar	15	15	6	6	11	10	10	11	12	12	16	17	10	9
11. Vík	10	10	4	3	2	2	5	4	7	6	9	8	6	4
12. Skinneyjarhöfði	8	8	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
13. Hornafjörður	8	8	3	2	2	3	5	4	7	6	9	8	6	5
14. Papós	8	8	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
15. Djúpivogur	12	13	6	6	4	5	8	8	7	8	13	10	7	7
16. Breiðdalsvík	8	8	6	6	3	4	5	4	7	6	10	8	6	4
17. Stöðvarfjörður	8	8	2	4	2	2	5	4	7	6	10	8	6	4
18. Fáskrúðsfjörður	15	15	6	6	12	10	10	11	12	12	18	18	10	8
19. Vattarnes	»	»	»	»	»	»	3	3	»	»	7	8	*	*
20. Reyðarfjörður	9	9	6	6	4	6	5	5	7	6	12	9	6	4
21. Eskifjörður	18	16	6	6	9	9	10	11	12	12	18	18	10	9
22. Norðfjörður	9	9	6	6	10	11	10	11	12	12	18	18	10	9
23. Mjóifjörður	9	9	6	6	3	4	4	5	7	5	9	8	6	4
24. Seyðisfjörður	12	10	9	9	14	13	10	11	12	12	19	19	10	9
25. Loðmundarfjörður	2	2	»	»	»	»	2	»	2	1	2	1	1	1
26. Borgarfjörður	7	7	6	6	3	4	5	5	7	6	7	6	6	4
27. Unaós	2	2	»	»	»	»	3	3	»	»	7	2	*	*
28. Vopnafjörður	7	7	6	6	9	10	10	11	12	12	12	13	10	9

* Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður, ís eða brim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar, eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

** Tölurnar fyrir ofan strykið þýða frá Reykjavík.
— — neðan — — til Reykjavíkur.

, »A« þýðir austur frá Reykjavík og að vestan til Reykjavíkur.
»V« — vestur — — — — austan = —

Fylgiskjal VIII. (Frh.)

Samanburður á strandferðum 1912, 1913, 1914 og tillögum samgöngumálaráðunautarins ásamt tillögu strandferðanefndanna.

Viðkomustaðir	Thore		D.F.D.S.		Björgvinjarfjelagið og Tulinius		Tillögur samgöngumálaráðunautarins						Brt. nefndanna í samráði við ráðunautinn áætlun nr. 2	
	1912		1913		1914		1916							
							nr. 1		nr. 2		nr. 3		nr. 2	
	, A	*,* V	A	V	A	V	A	V	A	V	A	V	A	V
29. Bakkafjörður	5	5	5	5	3	3	5	6	7	6	7	6	6	4
30. Gunnólfsvík	2	2	»	»	»	»	3	3	1	2	3	2	2	»
31. Skálar	»	»	»	»	»	»	3	2	1	2	3	2	2	»
32. Þórshöfn	5	7	4	6	2	4	8	8	10	8	8	10	8	6
33. Raufarhöfn	6	5	4	3	2	2	6	8	8	7	8	8	7	5
34. Kópasker	5	7	4	5	2	2	6	7	8	7	9	8	7	6
35. Fjallahöfn	1	1	»	»	»	»	»	3	»	»	»	2	*	*
36. Húsavík	7	7	6	6	10	11	10	11	12	12	12	13	10	9
37. Flatey	5	4	»	»	»	»	3	3	»	»	3	2	*	*
38. Grímsey	2	2	»	»	»	»	3	3	2	2	3	2	2	2
39. Hrísey	3	3	»	»	»	»	3	4	»	»	1	1	*	*
40. Grenivík	6	5	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
41. Kljáströnd	»	»	»	»	»	»	3	3	»	»	1	4	*	*
42. Svalbarðseyri	4	5	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
43. Akureyri	16	14	8	9	10	11	10	11	12	12	14	13	10	10
44. Hjalteyri	6	6	»	»	»	»	»	»	»	»	»	4	*	*
45. Dalvík	5	5	5	5	3	4	4	5	6	7	5	5	4	5
46. Ólafsfjörður	3	3	3	3	»	»	4	5	6	7	5	5	4	5
47. Siglufjörður	6	6	5	5	10	11	10	11	12	12	11	11	9	10
48. Haganesvík	4	3	5	4	2	4	4	5	6	6	5	5	4	5
49. Hofsós	6	6	4	4	2	4	3	2	3	4	5	5	2	2
50. Grafarós	»	»	»	»	»	»	3	3	3	4	5	5	2	3
51. Kolkuós	2	2	2	2	1	1	»	»	»	»	»	»	4	5
52. Sauðárkrókur	9	7	8	8	10	11	10	11	12	12	10	11	9	10
53. Selvík	1	1	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
54. Kálfshamarsvík	6	6	»	»	»	»	»	»	»	»	»	1	*	*
55. Skagaströnd	6	6	5	5	3	4	4	5	6	7	5	5	4	5
56. Blönduós	6	6	5	5	3	4	9	11	12	12	9	11	9	10
57. Lambhúsavík	2	2	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
58. Hvammstangi	6	6	5	5	3	4	4	5	6	7	5	5	5	5
59. Borðeyri	6	6	5	5	3	4	4	5	6	7	5	5	5	5

* Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður, ís eða brim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar, eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

, »A« þýðir austur frá Reykjavík og að vestan til Reykjavíkur.
»V« — vestur — — — — austan — —

Fylgiskjal VIII. (Frh.)

Samanburður á strandferðum 1912, 1913, 1914 og tillögum samgöngumálaráðunautarins ásamt tillögu strandferðanefndanna.

Viðkomustaðir	Thore		D.F.D.S.		Björgvinjarfjelagið og Tulinius		Tillögur samgöngumálaráðunautarins						Brt. nefndanna í samráði við ráðunautinn á áætlun nr. 2	
	1912		1913		1914		1916							
							nr. 1		nr. 2		nr. 3		nr. 2	
	*** A	*** V	A	V	A	V	A	V	A	V	A	V	A	V
60. Bitrufjörður	4	6	3	3	2	3	3	4	3	4	4	5	4	3
61. Steingrímsfjörður	6	6	5	5	10	11	9	11	12	12	9	11	9	10
62. Reykjarfjörður	4	3	3	3	2	3	4	5	6	7	5	5	4	5
63. Norðurfjörður	6	6	4	5	3	4	3	4	4	4	4	5	3	4
64. Höfn	1	1	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
65. Aðalvík	3	3	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
66. Álftafjörður	1	2	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
67. Ísafjörður	9	7	8	8	10	11	10	11	12	12	9	12	9	10
68. Bolungarvík	4	5	3	4	1	4	1	3	2	2	1	3	2	2
69. Súgandafjörður	2	2	»	»	»	»	3	4	4	4	2	5	4	3
70. Önundarfjörður	6	6	5	5	10	11	4	5	6	7	4	5	4	5
71. Dýrafjörður	6	6	5	5	10	11	9	11	12	12	8	12	9	10
72. Haukadalur	4	4	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
73. Arnarfjörður (Bíldudalur)	6	6	5	5	10	11	4	5	6	7	4	5	5	5
74. Bakkabót	6	6	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
75. Tálknafjörður	5	4	»	»	»	»	3	4	3	4	3	5	3	3
76. Patreksfjörður	6	6	5	5	10	11	9	11	12	12	8	12	9	10
77. Kollsvík	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
78. Breiðavík	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
79. Flatey	6	6	5	5	3	4	4	5	6	6	4	6	6	6
80. Gilsfjörður (Króksfj., Salth.vik)	»	»	»	»	»	»	1	3	1	3	»	4	»	3
81. Hvammsfjörður (Búðardalur)	2	4	1	3	2	1	1	4	2	5	»	5	1	5
82. Stykkishólmur	6	6	5	5	10	11	9	11	12	12	8	12	9	11
83. Grundarfjörður	4	5	»	»	»	»	3	4	»	»	1	3	*	*
84. Ólafsvík	6	6	5	5	3	4	4	5	6	7	3	5	5	6
85. Hellissandur	4	4	2	4	1	4	4	5	6	5	3	5	4	4
86. Arnarstapi	4	4	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	1	2
87. Búðir	5	5	4	4	2	4	4	5	3	3	2	7	1	3
88. Skógarnes	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	2	7	*	*
89. Borgarnes	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	2	7	*	*
90. Akranes	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	2	7	*	*

* Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður, ís eða brim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar, eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

*** »A« þýðir austur frá Reykjavík og að vestan til Reykjavíkur.
»V« — vestur — — — — austan — —

Reykjavík 1. ágúst 1914.

Olgeir Friðgeirsson.

Fylgiskjal IX.

Tillaga strandferðanefndanna 1914 um strandferðir.

Áætlun nr. 2 fyrir tvö nýbygð strand-
Skipin sjeu jafnstór og jafnhraðskreið,

Vestur um land	A.										
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
Frá Reykjavík	10/4	7/5	22/5	8/6	2/7	17/7	9/8	13/9	17/9	3/10	26/10
— Hafnarfirði	10	»	»	8	»	17	»		»	3	26
— Akranesi*	»	»	»	»	»	»	»		»	»	»
— Borgarnesi*	»	»	»	»	»	»	»		»	»	»
— Skógarnesi*	»	»	»	»	»	»	»		»	»	»
— Búðum	10	»	»	8	»	»	»	12	»	»	»
— Arnarstapa	»	»	»	8	»	»	»	12	»	»	»
— Hellusandi	11	»	»	9	»	18	»	11	»	»	»
— Ólafsvík	11	»	»	9	»	18	»	11	»	4	27
— Grundarfirði*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Stykkishólmi	11	8	23	9	3	18	10	7	18	4	27
— Hvammsfirði (Búðard)	12	»	»	10	»	19	»	8	»	»	28
— Skarðsstöð*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Gilsfirði (Salth.v., Króksfj.)	12	»	»	»	»	»	»	9	»	»	29
— Flatey	13	»	»	10	»	19	»	10	»	4	30
— Breiðuvík*	»	»	»	»	»	»	»		»	»	»
— Kollsvík*	»	»	»	»	»	»	»		»	»	»
— Patreksfirði	13	8	23	11	3	20	10		18	5	30
— Tálknafirði	14	»	»	11	»	»	»		»	»	30
— Bakkabót*	»	»	»	»	»	»	»		»	»	»
— Arnarfirði (Bíldudal)	14	»	»	11	»	20	»		»	5	31
— Haukadal*	»	»	»	»	»	»	»		»	»	»
— Dýrafirði	14	9	24	12	4	20	11		19	5	31
— Önundarfirði	15	»	»	12	»	21	»		»	5	31
— Súgandafirði	15	»	»	12	»	»	»		»	»	31
— Bolungarvík	15	»	»	12	»	»	»		»	»	»
Til Ísafjarðar	16/4	9/5	24/5	13/6	4/7	21/7	11/8		19/9	6/10	1/11
Frá Ísafirði	17/4	10/5	25/5	14/6	5/7	22/7	12/8	»	20/9	7/10	3/11
— Alftafirði*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Aðalvík*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Norðurfirði	17	»	»	14	»	22	»	»	»	»	3
— Reykjarfirði	17	»	»	14	»	22	»	»	»	7	3
— Steingrímsfirði	18	10	25	14	5	23	12	»	20	7	4
— Bitrufirði	18	»	»	15	»	»	»	»	»	»	4
— Borðeyri	18	»	»	15	»	23	»	»	»	8	4
— Hvammstanga	19	»	»	15	»	23	»	»	»	8	5
— Blönduósi	19	11	26	15	6	24	13	»	21	8	5
— Skagaströnd	19	»	»	16	»	24	»	»	»	9	5
— Kálfshamarsvík	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Selvík	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Sauðárkróki	20	11	26	16	6	24	13	»	21	9	6
— Kolkuósi	20	»	»	16	»	25	»	»	»	9	6
— Grafarósi	20	»	»	»	»	25	»	»	»	»	6
— Hofsósi	»	»	»	17	»	»	»	»	»	9	»
— Haganesvík	20	»	»	17	»	25	»	»	»	10	7
— Siglufirði	21	11	26	17	6	25	13	»	21	10	7
— Ólafsfirði	21	»	»	17	»	26	»	»	»	10	7
— Dalvík	21	»	»	18	»	26	»	»	»	10	7
— Hjalteyri*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Til Akureyrar	22/4	12/5	27/5	18/6	7/7	26/7	14/8	»	22/9	11/10	8/11

*) Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður,

ferðaskip »A« og »B« árið 1916.
bæði vel útbúin farþegaskip.

Vestur um land	A.										
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
Frá Akureyri	$\frac{2}{4}\frac{3}{}$	$\frac{1}{5}\frac{3}{}$	$\frac{2}{5}\frac{8}{}$	$\frac{1}{6}\frac{9}{}$	$\frac{8}{7}$	$\frac{2}{7}\frac{7}{}$	$\frac{1}{8}\frac{6}{}$	»	$\frac{2}{9}\frac{8}{}$	$\frac{1}{1}\frac{2}{0}$	$\frac{1}{1}\frac{0}{1}$
— Svalbarðseyri*	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Kljáströnd*	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Hrísey*	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Grímsey	»	»	»	19	»	»		»	23	»	»
— Flatey*	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Húsavík	23	13	28	19	8	27		»	23	12	10
— Fjallahöfn*	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Kópaskeri	24	13	»	20	»	28		»	24	13	»
— Raufarhöfn	24	»	29	20	»	28		»	»	13	»
— Þórshöfn	24	»	»	20	9	28		»	»	13	11
— Skálum	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Gunnólfsvík	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Bakkafirði	25	»	»	21	»	29		»	»	14	»
— Vopnafirði	25	14	29	21	9	29		»	24	14	11
— Unaósi*	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Borgarfirði	26	»	»	21	»	29		»	»	14	»
— Loðmundarfirði	»	»	»	»	»	29		»	»	»	»
Til Seyðisfjarðar	$\frac{2}{4}\frac{6}{}$	$\frac{1}{5}\frac{5}{}$	$\frac{3}{5}\frac{0}{}$	$\frac{2}{6}\frac{2}{}$	$\frac{1}{7}\frac{0}{}$	$\frac{3}{7}\frac{0}{}$		»	$\frac{2}{9}\frac{5}{}$	$\frac{1}{1}\frac{5}{0}$	$\frac{1}{1}\frac{2}{1}$
Frá Seyðisfirði	$\frac{2}{4}\frac{8}{}$	$\frac{1}{5}\frac{6}{}$	$\frac{3}{5}\frac{1}{}$	$\frac{2}{6}\frac{3}{}$	$\frac{1}{7}\frac{1}{}$	$\frac{3}{7}\frac{1}{}$		»	$\frac{2}{9}\frac{6}{}$	$\frac{1}{1}\frac{6}{1}$	$\frac{1}{1}\frac{3}{1}$
— Mjóafirði	28	»	»	23	»	31		»	»	16	»
— Norðfirði	28	16	31	23	11	31		»	26	16	13
— Eskifirði	28	16	31	23	11	31		»	26	16	13
— Reyðarfirði	29	»	»	24	»	$\frac{1}{8}$		»	»	17	»
— Vattarnesi	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Fáskrúðsfirði	29	16	31	24	11	1		»	26	17	14
— Stöðvarfirði	29	»	»	24	»	1		»	»	17	»
— Breiðdalsvík	29	»	»	24	»	1		»	»	17	»
— Djúpavogi	30	»	$\frac{1}{6}$	25	»	2		»	27	18	14
— Hornafirði	30	»	1	25	»	2		»	»	18	»
— Vík	$\frac{1}{5}$	»	»	26	»	3		»	»	19	»
— Vestmannaeyjum	1	17	2	26	12	3		»	28	19	15
— Stokkseyri	»	»	»	27	»	»		»	»	20	»
— Eyrarbakka	2	»	»	»	»	4		»	»	20	»
— Þorlákshöfn	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Grindavík	2	»	»	27	»	4		»	»	21	»
— Sandgerði	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Gerðum	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Keflavík	2	»	»	27	»	4		»	»	21	»
— Hafnarfirði	3	»	»	28	»	5		»	»	21	»
Til Reykjavíkur	$\frac{3}{5}$	$\frac{1}{5}\frac{8}{}$	$\frac{3}{6}$	$\frac{2}{6}\frac{8}{}$	$\frac{1}{7}\frac{3}{}$	$\frac{5}{8}$		»	$\frac{2}{9}\frac{9}{}$	$\frac{2}{1}\frac{2}{0}$	$\frac{1}{1}\frac{6}{1}$

Til útlanda — Frá útlöndum til Stykkishólmi 6. Sept.

eða brim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar, eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

Fylgiskjal IX. (Frh.)

Tillaga strandferðanefndanna 1914 um strandferðir.

Áætlun nr. 2 fyrir tvö nýbygð strand- Skipin sjeu jafnstór og jafnhraðskreið,

Austur um land	B.									
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Frá Reykjavík	$\frac{7}{4}$	$\frac{3}{5}$	$\frac{18}{5}$	$\frac{5}{6}$	$\frac{29}{6}$	$\frac{14}{7}$	$\frac{20}{8}$	$\frac{14}{9}$	$\frac{30}{9}$	$\frac{27}{10}$
— Hafnarfirði	7	»	»	5	»	14	20	»	30	27
— Keflavík	7	»	»	5	»	14	20	»	30	27
— Gerðum*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Sandgerði*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Grindavík	8	»	»	6	»	15	21	»	$\frac{1}{10}$	28
— Þorlákshöfn*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Eyrarbakka	8	»	»	6	»	15	21	»	1	28
— Stokkseyri	8	»	»	6	»	15	22	»	1	28
— Vestmannaeyjum	9	4	19	7	30	16	22	15	2	29
— Vík	9	»	»	7	»	16	23	»	2	29
— Hornafirði	10	»	»	8	»	17	24	»	3	30
— Djúpavogi	10	»	20	8	»	17	24	»	3	31
— Breiðdalsvík	11	»	»	9	»	18	25	»	4	31
— Stöðvarfirði	11	»	»	9	»	18	25	»	4	31
— Fáskrúðsfirði	11	5	20	9	$\frac{1}{7}$	18	25	16	4	$\frac{1}{11}$
— Vattarnesi*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Reyðarfirði	12	»	»	10	»	19	26	»	5	1
— Eskifirði	12	5	21	10	1	19	26	16	5	1
— Norðfirði	12	6	21	10	2	19	26	17	5	2
— Mjóafirði	12	»	»	10	»	19	26	»	5	2
Til Seyðisfjarðar	$\frac{13}{4}$	$\frac{6}{5}$	$\frac{21}{5}$	$\frac{11}{6}$	$\frac{2}{7}$	$\frac{20}{7}$	$\frac{27}{8}$	$\frac{17}{9}$	$\frac{6}{10}$	$\frac{2}{11}$
Frá Seyðisfirði	$\frac{15}{4}$	$\frac{7}{5}$	$\frac{22}{5}$	$\frac{12}{6}$	$\frac{3}{7}$	$\frac{21}{7}$	$\frac{28}{8}$	$\frac{18}{9}$	$\frac{7}{10}$	$\frac{4}{11}$
— Loðmundarfirði	»	»	»	12	»	»	»	»	»	»
— Borgarfirði	15	»	»	12	»	21	28	»	7	4
— Unaósi*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Vopnafirði	15	7	22	12	3	21	28	18	7	5
— Bakkafirði	16	»	»	13	»	22	29	»	8	5
— Gunnólfsvík	»	»	»	13	»	22	»	»	»	»
— Skálum	»	»	»	13	»	22	»	»	»	»
— Þórshöfn	16	8	»	13	»	22	29	19	8	6
— Raufarhöfn	17	»	23	14	»	23	30	»	9	6
— Kópaskeri	17	»	»	14	4	23	30	»	9	7
— Fjallahöfn*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Húsavík	17	8	23	14	4	23	30	19	9	7
— Flatey*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Grímsey	»	»	»	15	»	»	»	20	»	»
— Hrísey*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Kljáströnd*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Svalbarðseyri*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Til Akureyrar	$\frac{18}{4}$	$\frac{9}{5}$	$\frac{24}{5}$	$\frac{15}{6}$	$\frac{5}{7}$	$\frac{24}{7}$	$\frac{31}{8}$	$\frac{20}{9}$	$\frac{10}{10}$	$\frac{8}{11}$

*) Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður, ís

ferðaskip »A« og »B« árið 1916.
bæði vel útbúin farþegaskip.

Austur um land	B.									
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Frá Akureyri	2 0 / 4	1 0 / 5	2 5 / 5	1 7 / 6	6 / 7	2 6 / 7	2 / 9	2 1 / 9	1 2 / 1 0	1 0 / 1 1
— Hjalteyri*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Dalvík	20	»	»	17	»		2	»	12	»
— Ólafsfirði	20	»	»	17	»		2	»	12	»
— Siglufirði	20	10	25	17	6		2	21	12	10
— Haganesvík	21	»	»	18	»		3	»	13	»
— Hofsósi	21	»	»	»	»		3	»	»	»
— Grafarósi	»	»	»	18	»		»	»	13	»
— Kolkuósi	21	»	»	18	»		3	»	13	»
— Sauðárkróki	21	10	25	18	6		3	21	13	10
— Selvík*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Kálfshamarsvík*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Skagaströnd	22	»	»	19	»		4	»	14	»
— Blönduósi	22	11	26	19	7		4	22	14	11
— Hvammstanga	22	»	26	19	»		4	»	14	»
— Borðeyri	23	»	26	19	»		4	»	15	»
— Bitrufirði	23	»	»	20	»		5	»	15	»
— Steingrímsfirði	23	11	27	20	7		5	22	15	11
— Reykjarfirði	23	»	»	20	»		5	»	16	»
— Norðurfirði	»	»	»	20	»		5	»	16	»
— Aðalvík*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Álftafirði*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
Til Ísafjarðar	2 4 / 4	1 2 / 5	2 7 / 5	2 1 / 6	8 / 7		6 / 9	2 3 / 9	1 7 / 1 0	1 2 / 1 1
Frá Ísafirði	2 5 / 4	1 3 / 5	2 8 / 5	2 2 / 6	9 / 7		7 / 9	2 4 / 9	1 8 / 1 0	1 3 / 1 1
— Bolungarvík	»	»	»	»	»		7	»	18	»
— Súgandafirði	25	»	»	22	»		7	»	18	»
— Önundarfirði	25	»	»	22	»		7	»	18	»
— Dýrafirði	25	13	28	22	9		8	24	19	13
— Haukadal*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Arnarfirði (Bíldudal)	26	»	28	23	»		8	»	19	»
— Bakkabót*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Tálknafirði	26	»	»	23	»		»	»	19	»
— Patreksfirði	26	13	29	23	9		8	24	19	13
— Kollsvík*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Breiðuvík*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Flatey	27	»	29	24	»		9	»	20	»
— Gilsfirði (Salthólmavík, Króksfjörður)	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Skarðsstöð*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Hvammsfirði (Búðardal)	»	»	»	»	»		9	»	»	»
— Stykkishólmi	27	14	30	24	10		10	25	20	14
— Grundarfirði*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Ólafsvík	28	»	30	24	»		10	»	21	»
— Hellusandi	28	»	»	24	»		10	»	21	»
— Arnarstapa	»	»	»	»	»		»	»	21	»
— Búðum	28	»	»	»	»		»	»	»	»
— Skógarnesi*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Borgarnesi*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Akranesi*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Hafnarfirði	29	»	31	25	»		11	»	22	15
Til Reykjavíkur	2 9 / 4	1 5 / 5	3 1 / 5	2 5 / 6	1 1 / 7		1 1 / 9	2 6 / 9	2 2 / 1 0	1 5 / 1 1

Til útlanda

Frá útlöndum

til Reykjavíkur 16. ágúst

eða brim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar, eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

Ed. **365. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna, 22. nóv. 1913, um skip, árekstur og björgun.

Frá Karli Finnbogasyni.

3. gr. orðist svo:

228. gr. sömu laga orðist svo:

Nú rekast skip á, og er þá skipstjórum þeirra skylt að veita þeim skipum, skipshöfnum og farþegum, sem hætta stafar af árekstrinum, alla þá hjálp, er þeir mega og nauðsyn er á til bjargar, án þess þó að stofna í verulega hættu skipi sínu, skipshöfn eða farþegum. Skylt er skipstjórum og, að segja hver öðrum nöfn og heimkynni skipa sinna, úr hvaða stað eða höfn þau koma, og hvert þeim sje ætlað að fara.

Ed. **366. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um friðun hjera.

Frá Birni Þorlákssyni.

Við 2. gr. Fyrir »20« komi:
10.

Nd. **367. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um athám eftirlauna (þingskjal 264).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Til vara.
Ef breytingartillagan á þingskjali 317 fellur, þá komi fyrir »5 manna« 3 manna.

Nd. **368. Frumvarp**

til laga um að landstjórninni veitist heimild til að láta gera járnbenda steinsteypubrú á Langá í Mýrasýslu.

Flutningsm.: Jóhann Eyjólfsson.

Landsstjórninni veitist heimild til að verja alt að 3000 kr., til þess að gera járnbenda steinsteypubrú á Langá í Mýrasýslu, gegn $^1/_3$ frá hlutaðeigandi hjeraði.

Nd. **369. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá minni hlutanum.

Jeg hefi orðið saupsáttur við meiri hlutann um tillögur í þessu máli. — Frumvarpið fór í upphafi fram á að hækka sektir fyrir botnvörpungabrot. Var sú tillaga komin frá Fiskifjelaginu og þingmálafundum í Kjósar- og Gullbringusýslum, (sbr. nefndarálit Ed. á þgskj. 135). Heggur því sá er hlífa skyldi, er skrifari nefndarinnar legst á móti frv. Hefði mönnum síður komið á óvart, þótt hann hefði lagst allfast á mín megin málinu til stuðnings. Mun þetta koma af því, að hann og fylgismenn hans í nefndinni mikla helsti mikið fyrir sjer óánægju annara þjóða yfir því, að hækkaðar yrði sektirnar. En sá uggur þeirra er ástæðulaus, því að sektirnar hafa aldrei verið þeim þyrnir í augum, heldur hitt, að afli og veiðarfæri er upptækt. Því fjær fer að óttast þurfi óhug annara ríkja, sem frumvarpið fer fram á að afljett verði misrjetti því milli erlendra og íslenskra botnvörpunga, sem átt hefir sjer stað síðan 1909. Mundi sú bilgirni gera miklu meir en að vega móti hækkun á lágmarki sektanna. Er því engi þörf að óttast óvild annara þjóða, þótt lögin verði samþykt. En meiri hluti mun líta svo á brottfelling undanþágunnar, að eigi beri að svifta Íslendinga þeim rjetti, sem þeir hafa áður haft, enda mundi til engrar hugnunar erlendum mönnum. Hið fyrra atriði mundi jeg skilja, ef eigi þyrfti hjer að líta til annara en útlendinga. En hjer er svo mál með vexti, að innlendir menn kvarta jafnt undan íslenskum botnvörpungum sem öðrum. Undanþágan var og í upphafi veitt fyrir þá sök að menn trúðu því, að botnvörpungar vorir mundu gera það að metnaðarmáli, að brjóta eigi landslög. En síðan hefir komið í ljós að svo er eigi, og er þá óþarft að ein lögin geri þeim auðveldara að brjóta önnur lög.

Meiri hlutinn leggur til að lögin sjeu látin bíða næsta þings, af því að hækkaðar sektir muni eigi auka tekjur landvarnarsjóðs, meðan ófriðurinn stendur. Dregur hann það þar af, að fiskiskip verði færri. En af fáum skipum gelst þó meira sektarfje, ef sektin er há, en ef hún er lág. Það kostar og eigi fje, þótt lögin bíði tilbúin þar til er þau kæmi að því haldi, sem meiri hlutinn nefnir. En hitt kostar mikið að láta nú vinnu og tíma verða að engu, sem varið hefir verið til laganna á þessu þingi, og endurtaka síðan á næsta þingi fyrirhöfn og tilkostnað.

Þetta frumvarp efri deildar tekur og öll ákvæði laga vorra um botnvörpuveiðar saman í eitt, og er það nauðsynjaverk.

Enn má nefna að á tveim stöðum eru lögin orðuð skýrar en áður var, sjá niðurlag 1. og 3. greinar.

Allar þessar breytingar eru til bóta, og engar aðrar breytingar gerðar á lögum þeim, sem nú ganga, og ræð eg deildinni til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi 5. ágúst 1914.

Bjarni Jónsson frá Vogi.
formaður nefndarinnar.

Nd. **370. Nefndarálit**

um frumv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Mál þetta hefir verið rætt og athugað af nefndinni á mörgum fundum og enginn verulegur ágreiningur orðið annar en sá, að jeg hefi ekki getað fallist á þá skoðun meiri hlutans, að kjördæmaskipunin í landinu sje viðunandi, og þess vegna beri að fella burt 7. gr. frumv., sem gerir ráð fyrir breyting á kjördæmaskipuninni. Því verður varla neitað, að kröfur um breytingar í svipaða átt, eins og frumv. gerir ráð fyrir, hafa margsinnis komið fram hjer á þingi, eftir áskorun kjósendanna. Fyrir löngu hefir það verið viðurkent af þinginu, að nauðsyn bæri til að breyta kjördæmaskipuninni.

Hin núverandi kjördæmaskipun kemur mjög misjafnt niður og veldur miklu misrjetti milli kjósendanna. Hvert þingið eftir annað hefir látið í ljósi óskir í þá átt, að bráðlega yrði bót ráðin á þessu, enda hefir þingið hvað eftir annað skorað á stjórnina að undirbúa málið. Það má óhætt segja, að þessi undirbúningur sje nú fenginn, og það svo ítarlegur og vel af hendi leystur, að þinginu ætti ekki að vera ofætlun að ráða nú málinu til lykta.

Það má auðvitað gera ráð fyrir, að einhverjir þingmenn kunni að hafa eitthvað að athuga við takmörk kjördæmanna, eins og þau eru ákveðin í frv., en þessu ætti að vera auðvelt að breyta, þegar af kunnugum mönnum hefir, með rökum, verið sýnt fram á að önnur skipun mætti betur fara. Að fresta þessu máli enn, um óákveðinn tíma, getur, að mínu áliti, varla talist sæmilegt, þegar það er jafn vel undirbúið eins og nú á sjer stað. Það hefir áður verið leitað álits bæði hjeraðsstjórna og kjósenda og tekið svo mikið tillit til þess, sem fram hefir komið, sem fært hefir verið. Raunar hafa þessar umsagnir, sem komið hafa víðsvegar að, verið nokkuð sundurleitar og að sumu leyti upphafið hver aðra, en svo mun það ætíð verða, og því ástæðulaust að draga málið þess vegna. Þingið verður í þessu sem svo mörgu öðru að taka til sinna ráða, og afgreiða málið eftir því sem það hefir vit og þekkingu til. Þær raddir hafa að vísu heyrst, að kjördæmaskiftingin yrði að vera bundin við sýslutakmörkin. Það mun alveg rjett að margir líti svo á, að hvert sýslufjelag þurfi að hafa sinn þingmann útaf fyrir sig, sem það geti skoðað sem sína eigin eign. Þessi sjerstaki eignarrjettur getur að sumu leyti verið mikið góður, en hann hefir líka sína galla, ef hann leiðir til svo mikillar þröngsýni, að þingmenn sumir hverjir sjái lítið út yfir sitt eigið kjördæmi. Þessi nýja kjördæmaskipun mundi að líkindum frekar verða til þess að rýmka sjóndeildarhringinn en þrengja.

Það hefir verið sagt, að þegar kjördæmi tæki yfir hluta úr fleiri sýslufjelögum en einu, mundi þingm. verða erfiðara að hlynna að sjerstökum hagsmunum hvers hlutans fyrir sig, en þótt svo væri, þá er ekki víst að fyrir það væri mikill skaði skeður, heldur verð jeg fremur að álíta, að með því fáist meiri trygging fyrir því, að þingmenn yfirleitt vinni með rjettsýni og sanngirni að almennings heill.

Það er næsta ólíklegt, að þeir menn, sem hafa lagt svo mikið kapp á

að rýmka kosningarrjettinn svo mjög sem gert er í stjórnarskrárfrumv. geti verið á móti því, að kjördæmaskipuninni verði breytt í þá átt, sem frumv. gerir ráð fyrir. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þetta tvent hefði átt að fara saman, til þess að bæta úr því misrjetti, sem kjósendur í sumum kjördæmum hafa svo lengi átt við að búa.

Þegar borin eru saman þau kjördæmi þar sem munurinn er einna mestur, kemur það berlega í ljós, að þetta misrjetti er svo mikið, að við svo búið má ekki standa; t. d. hefir Reykjavík ekki nema 2 þingmenn, en væri farið eftir fólksfjölda ætti hún að hafa 6 þingmenn, eða því sem næst. Með öðrum orðum: í Reykjavík koma 1133 kjósendur á hvern þingmann og vantar þá 65% til, að hún fái hlutdeild í kosningunum að tiltölu rjettri.

Seyðisfjörður hefir aftur á móti 1 þingmann fyrir 157 kjósendur eða 150% umfram það sem honum ber, þegar miðað er við þau kjördæmi, þar sem kjósendatalan stendur í nokkurnvegin rjettu hlutfalli við þingmannatöluna.

Þegar litið er á sýslurnar kemur þar einnig töluverður ójöfnuður fram; t. d. hefir Austur-Skaftafellssýsla ... ... 125% umfram það sem henni ber.

Strandasýsla sömuleiðis	82%
Norður-Þingeyjarsýsla	69%
Vestur-Skaftafellssýsla	67%

Aftur á móti eru aðrar sýslur, sem hafa of lítið fulltrúamagn og má þar t. d. nefna:

Suður-Þingeyjarsýslu sem vantar	32%
Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	29%
Norður-Ísafjarðarsýslu	28%
Barðastrandarsýslu	22%

Þessi mismunur verður, að mínu áliti, því tilfinnanlegri, sem kjósendum fjölgar meir, því þótt hlutfallstölurnar breytist ekki til mikilla muna, eykst kjósendatalan á hvern þingmann svo stórkostlega þar sem misrjettið einmitt nú er mest fyrir. Þannig má gera ráð fyrir, að í Reykjavík komi rúmlega 600 nýir kjósendur á hvorn þingmann, og verður þá alls hérumbil 1750 kjósendur á hvorn þingmann, ef þingið sér ekki fært að ráða bót á því nú.

Á Seyðisfirði bætist að líkindum við um 80 kjósendur, eða sem svarar 14% af kjósenda fjölguninni í Reykjavík. Mig hefði ekki furðað svo mjög á því, þótt meiri hlutinn hefði verið tregur til að fallast á að miða kjördæmaskipunina eingöngu við fólksfjölda, en það er svo langt frá að frumv. geri ráð fyrir því. Reykjavík er aðeins ætlaðir 4 þingmenn í stað 6, sem henni ber, og víða annarsstaðar, einkum þar sem þjettbýlt er og samgöngur góðar, er kjördæmunum ekki ætlað fullkomið fulltrúamagn móts við kjósendatöluna. Aftur á móti er í strjálbygðum útkjálkahjeruðum, þar sem erfitt er um samgöngur, fundarhöld og fjelagslíf, yfirleitt alt annari reglu fylgt, því þar er ætlast til að talsvert færri kjósendur komi á hvern þingmann. Þetta virðist mér svo sanngjarn meðalvegur, að vel megi við hann una. Í frumv. er, að mínu áliti, tekið hæfilegt tillit til fólksfjölda, atvinnuvega og staðhátta, svo óvíst er að annað heppilegra fyrirkomulag verði fundið fyrst um sinn.

Eins og áður er tekið fram hefi jeg orðið meiri hluta nefndarinnar sammála að öðru leyti en því, að fella burtu 7. gr. frumv., en get þá vitan-

lega heldur ekki fallist á þær breytingartillögur, sem beinlínis stafa af því. Hins vegar er það með minu ráði og samþykki gert, að taka út úr frumv. III. kaflann, um atkvæðagreiðslu sjómanna, og breyta honum svo, að hann taki einnig til annari fjarverandi manna. Jeg tel fullkomna nauðsyn á því að þessi kafli frumv. verði afgreiddur sem lög frá þessu þingi, og álít því rjett að hann komi fram sem sérstakt frumv. svo hann verði að engu háður afdrifum stjórnarskrármálsins.

Það mun mega ganga að því vísu, að þetta atriði, út af fyrir sig, mæti engri verulegri mótspyrnu í þinginu, enda fyllilega tími til þess kominn, að ráðin verði bót á þessum stórgalla á kosningarlögunum, sem alt af hefir verið að koma betur í ljós, eftir því sem atvinnuvegirnir hafa breyst og fullkomnast, og fólkið hefir sýnt meiri dugnað við að leita sjer atvinnu fjarri heimilunum, á ýmsum tímum árs.

Mjer þykir hætt við að meiri hlutinn hafi miklar líkur til að koma sínu máli fram, en samt sem áður verð jeg að halda fast við þá skoðun mína, að rjettara væri að samþykkja frumv. eins og það kom frá stjórninni, að öðru leyti en því, að III. kafli falli burt, og greinatalan breytist eftir því.

Að endingu skal jeg geta þess, að hvernig sem afdrif þessa máls verða á þinginu, í þetta sinn, þá er það skoðun mín, að þess verði ekki langt að bíða, að kröfurnar um sanngjarnari kjördæmaskipun komi fram með svo mikilli alvöru, að þingið sjái sjer ekki lengur fært að tregðast við að taka þær til greina.

Af framangreindum ástæðum og með tilliti til þess, sem jeg hefi áður sagt, við fyrstu umræðu þessa máls, ræð jeg hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumv. eins og það kom frá stjórninni með þessum

BREYTINGUM:

III. kafli, um atkvæðagreiðslu sjómanna, verði tekinn út úr frumv. og samþyktur sjerstaklega.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi 5. ágúst 1914.

M. J. Kristjánsson.

Nd. **371. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefnd sú, er háttv. neðri deild kaus til þess að athuga frumvarp þetta, hefir farið yfir það allrækilega og leyfir sjer hjer með að láta uppi álit sitt um málið.

Þess skal fyrst getið, að nefndin telur það fulla rjettlætiskröfu, að sjómenn og aðrir þeir kjósendur, sem eigi eru í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, fái samt að neyta lögmæltra rjettinda sinna í þessu efni. Nefndin telur því rjett, að III. kafla frv. verði breytt svo, að hann taki einnig til annara fjarverandi manna en sjómanna. Nefndin telur enn fremur nauðsyn á því, að ákvæði III. kafla frv. verði áreiðanlega afgreitt sem lög frá þessu þingi, og að hann verði að engu háður afdrifum stjórnarskrárfrumvarpsins. En alt að einu leggur nefndin til, að fyrirmæli III. kafla um hlutbundnar Alþingiskosningar haldist, svo að eigi þurfi að setja ný fyrirmæli þar um, þegar slíkar kosningar yrðu lögteknar, svo sem í stjórnarskrárfrv. segir.

Af greindum rökum leyfir nefndin sjer að koma með nýtt frumvarp (á þingskj. 391) um Alþingiskosningar fjarverandi manna, og er það í öllu samhljóða ákvæðum III. kafla stj.frv., nema þar er breytingar reyndust nauðsynlegar, vegna þess skipulags, er áður er frá sagt. Verður gerð nánari grein fyrir því í framsögu málsins.

Um aðra hluta frv. stjórnarinnar er það að segja, að frv. er að mestu samsteypa úr fernum lögum, er nú gilda: 18. gr. laga 14. sept. 1877 (kjördæmaskifting landsins), kosningalögum nr. 18, 3. okt. 1903, lögum nr. 15, 9. júlí 1909 og lögum nr. 18, 20. okt. 1913. Auk þess eru að sjálfsögðu settar í frv. þær breytingar á kjörgengi, kosningarrjetti og kosningaraðferð, er leiðir at fyrirmælum stj.skr.frv. þess, er nú liggur fyrir þinginu. Kaflinn í frv. um hlutfallskosningar (landskosningar) er því algert nýmæli.

Um nýmæli þau, er óhjákvæmilega leiðir af breytingu stjórnarskipunarlaga landsins, svo og reynd og endurbætt fyrirmæli núgildandi kosningarlaga, er í frv. hafa verið tekin, hefir nefndin auðvitað engar aðfinslur eða athugasemdir að gera. Enda ræður hún eigi til neinna efnisbreytinga á frv. að því leyti.

Í 7. gr. frv. er nýmæli eitt allmikilsvert, þar sem ætlast er til, að kjördæmaskipun landsins til Alþingiskosninga verði gjörbreytt. Fyrst og fremst er það, að öll kjördæmi landsins skuli vera einmenningskjördæmi. Sú skipun sýnist í sjálfu sjer vera eðlileg, en nefndin lítur svo á, að eigi sje tímabært nú að samþykkja slíka breytingu, vegna þess, að málið hefir varla fengið nægilegan undirbúning.

Önnur meginbreytingin frá núverandi skipulagi er sú, að skifta landinu öllu í kjördæmi sem næst eftir höfðatölu íbúanna. Um þessa breytingu lætur nefndin þess getið, að hún felst að vísu á það, að sumum kjördæmum landsins beri, frá því sjónarmiði skoðað, fleiri þingmenn en þau hafa nú, og á þetta sjerstaklega við um Reykjavík. Hins vegar eru nokkur kjördæmi svo mannfá nú, að þeim ber eigi, ef við höfðatölu eina er miðað, svo mikil hluttaka í ákvæðisvaldi um skipun þingsins, sem þau hafa nú. Hins vegar þykir nefndinni sá grundvöllur einn, að byggja á höfðatölunni, alveg óframkvæmanlegur og óheppilegur, enda hefir stjórnin eigi viljað reyna til að fylgja þessu út í ystu æsar.

Hver sýsla hefir nú alveg aðskilinn fjárhag og sjergreinda hagsmuni að ýmsu leyti, og mælir það með því að miða kjördæmaskiftinguna sem mest við sýslur að unt er, enda hefir stjórnin reynt að taka þetta atriði til greina. En hvað sem um þessar ástæður má segja, þá virðist eigi almennur þjóðarvilji krefjast þeirrar stórfeldu breytingar á kjördæmaskipun landsins, sem farið er fram á í frv. Nefndin lítur svo á, að áður en sú breyting yrði gerð, þyrfti af nýju að

leita álits landsmanna, sjerstaklega sýslu- og hreppsnefnda. Og á meðan það er eigi gert, leggur nefndin til, að 7. gr. frv. verði feld.

Við 9. gr. frv. hefir nefndin leyft sjer að koma fram með breytingartillögu þess efnis, að í kjördæmi hverju skuli vera yfirkjörstjórn, þannig að oddviti þeirrar kjörstjórnar sje sýslumaður eða bæjarfógeti, ef hann er búsettur í kjördæminu, en ella skipi landsstjórnin mann til þess að gegna oddvitastörfum í yfirkjörstjórn. Telur nefndin þetta skipulag hagfeldara.

Hinar breytingartillögur nefndarinnar á þingskjali 372 eru smávægilegar, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu málsins.

Með breytingum þeim, sem getið hefir verið og skráðar eru á þingskj. 372, leggur nefndin til, að frv. verði samþykt.

Alþingi 3. ágúst 1914.

Benedikt Sveinsson, formaður.	Einar Arnórsson, skrifari.

Þórarinn Benediktsson. Matth. Ólafsson. Jóhann Eyjólfsson.

Skúli Thoroddsen.

Nd. **372. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Í 3. gr. síðustu setningu verði »missir ekki konan«.
   missir konan ekki.

2. Við 1. setningu 6. gr. bætist ný setning svo hljóðandi:
   Þetta tekur þó eigi til þeirra dómenda, er skipa landsyfirrjettinn, þá er hin nýja stjórnarskrá gengur í gildi.

3. 2. setning sömu gr. orðist svo:
   Ennfremur er heimilisfesta innanlands skilyrði o. s. frv.

4. 7. gr. falli burt.
   Greinatalan breytist eftir því.

5. 9. gr. 1.—3. málsgr. orðist svo:
   Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn.
   Þar er sýslumaður eða bæjarfógeti er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Að öðrum kosti

skipar landsstjórnin oddvita, er sje kjósandi í kjördæminu, og annan til vara.

Hina yfirkjörstjórana kjósa sýslunefndir eða bæjarstjórnir, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

6. Í 10. gr. falli setninginn »Í Reykjavík . . . sem í kaupstaðnum er« burt, en í stað hennar komi:

Nú hefir bæjarstjórn skift kaupstað í kjördeildir, og skal þá semja sjerstaka kjörskrá yfir hverja kjördeild.

7. Í 12. gr. 2. línu að neðan verði »ekki hafa«:
hafa ekki.

8. Í 17. gr. komi í 2. setningu fyrir »hið opinbera«:
dómarinn.

9. Í 18. gr. komi í 2. setningu a) fyrir: »ef þeir fyrir kjördag hafa«:
ef þeir hafa fyrir kjördag.
b) »12. gr.« verði 11. gr.

10. Í 19. gr. síðustu málsgr. verði »54.«
53.

11. Í 21. gr. 1. setningu verði »19. gr.«
18. gr.

12. Síðasta málsgr. 21. gr. orðist svo:

Kjörseðla skal yfirstjórn brjóta saman áður en hún sendir þá frá sjer, og skulu þeir vera svo brotnir að óprentaða hliðin snúi út, svo að letrið á þeim sjáist ekki. Þeir skulu og vera svo brotnir, að auða rönd seðilsins falli á svarta borðann, enda skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

13. Í 30. gr. verði »(sbr. 20. gr.)«:
(sbr. 19. gr.).

14. Í 34. gr. 2. málsgr. verði »27. gr.«
26. gr.

15. Í 39. gr. 2. málsgr. verði »38. gr.«
37. gr.

16. Í 41. gr. 2. málsgr. verði »38. gr.«
37. gr.

17. Í 45. gr. verði »40. og 49. gr.«
39. og 48. gr.

18. Í 46. gr. verði »52. gr.«
51. gr.

19. Í 53. gr. verði »47. gr.«
46. gr.

20. Síðasta málsgr. 60. gr. orðist svo:
Hlutbundnum kosningum stýra hinar sömu undirkjörstjórnir sem óhlutbundnum kosningum.

21. Í 62. gr. 2. málsgr. 2. setningu verði »yfirkjörstjórnar«
landkjörstjórnar.

22. Í 63. gr. síðustu setningu falli burt orðin »og bera þeir . . . í embættisfærslu«.

23. Í 64. gr. 1. setningu verði »62. gr.«
61. gr.

24. Í 66. gr. fyrri málsgr. síðustu setningu verði »23. gr.«
22. gr.

25. Í 2. málsgr. 1. setningu sömu greinar falli burt orðin: »án tillits til kjördæmaskipunar«.

26. Í 67. gr. verði »25.—27. gr.«
24.—26. gr.

27. Í 68. gr. verði »28—46. gr.«
27.—45. gr.

28. Í sömu gr. 3. málsgr. verði »44. gr.«
43. gr.

29. Í 72. gr. síðustu málsgr. verði »68. gr.«
67. gr.

30. Í 74. gr. 3. málsgr. orðist setningin »og eiga umboðsmenn . . . innsigli sín fyrir þau« svo:
og eiga umboðsmenn framboðslista einnig rjett til að setja innsigli sín fyrir þau.

31. Í 76. gr. 1. setningu verði »70. gr.«
69. gr.

32. Í sömu grein 2. setningu falli orðið:
»eftir« burt.

33. 2. setning 77. greinar orðist svo:
Nú hefir varaþingmaður verið kosinn alþingismaður í einhverju

kjördæmi, og er honum þá rjett að velja á milli þingsetu, samkvæmt þeirri kosningu, og þingsetu sem varamaður, en Stjórnarráðið hlutast til um nýja kosningu í stað hans, hvorn kostinn sem hann velur.

34. Í 78. gr. verði »57. gr.«
56. gr.

35. III. kafli falli burt, og greinatalan breytist eftir því.

36. »IV« fyrir framan »Almenn ákvæði« (fyrir aftan 89. gr.) verði:
III.

37. Í 2. málsgr. 89. gr. verði »af því liðinn er«:
af því að liðinn er.

38. Í 91. gr. 2. málsgr. falli burt »sbr. þó 87. gr.«

39. Í 95. gr. falli burt setningin:
«18. gr. í lögum nr. 16, 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis«.

40. 96. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi samtímis nýju stjórnarskipunarlögunum.

41. Í »Ákvæði um stundarsakir«, 2. málsgr. verði »10., 12. og 61. gr.«
9., 11. og 60. gr.

Ed. **373. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sandgræðslu (þingskj. 307).

Frumvarp þetta var af stjórninni lagt fyrir háttv. Nd. og er komið þaðan hingað í deildina.

Við meðferð málsins í neðri deild hefir það tekið nokkrum breytingum.

Nefndin er stjórninni samdóma um að þörf sje á lögum í þessu efni og hún er líka á sama máli og nefnd sú, er háttv. Nd. skipaði til að íhuga málið, að ákvæði frumv. um sandgræðsluna sjeu hagkvæm.

Af þessum ástæðum leyfir nefndin sjer að leggja til að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 5. ágúst 1914.

Sigurður Stefánsson
formaður.

Jósef J. Björnsson
skrifari og framsögum.

Steingrímur Jónsson.

Ed. **374. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk þeirra flutningabrauta, sem taldar eru í 2. gr. laga 22. nóv. 1907, um vegi, skal vera flutningabraut frá Reykjavík til Hafnarfjarðar milli lögsagnarumdæmanna.

2. gr.

Sýslunefndin og hreppsnefndin í Vestmanneyjasýslu hafa á hendi sameiginlega alla stjórn vegamála innan sýslunnar.

Nefndirnar ráðstafa í sameiningu sýslu- og hreppsvegafjenu, ákveða hvar vegir skuli liggja og hafa umsjón og stjórn með vegagjörðum og viðhaldi vega.

Ed. **375. Frumvarp**

til laga um breytingu á tolllögum nr. 54, 11. júlí 1911, og lögum um vörutoll nr. 30, 22. nóv. 1912.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa vanrækt að skýra innheimtumanni, áður lögmæltur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða að því, að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess, að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 segir, skal hann sæta frá 50 til 1000 króna sektum.

Nú hefur maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 100 króna.

Ennfremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum þeim, er undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru, dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verslunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó fengið slík leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá er eigi hefir slík leyfi, er hann verður brotlegur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

2. gr.

Heimilt er póstmanni að opna bögguIsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, áður en þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að eigi sje rjett frá skýrt um innihald þeirra.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn 1. málsgr. 2. gr., skal fara sem almenn lögreglumál, en mál út af brotum gegn 2. málsgr. 1. gr. sæta almennri sakamálameðferð.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1. málsgr. 8. gr. tolllaga nr. 54, 11. júlí 1911 og 1 málsgr. 8. gr. laga um vörutoll nr. 30, 22. nóv. 1912.

Nd. **376. LÖG**

um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Afgreidd frá Nd. 5. ágúst.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju og byggingar og svæði í sambandi við bryggjuna.

Undanteknar eru þó hafnarbryggjur þær, sem fyrir eru, og vörugeymsluhús við bryggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í hreppsnefndinni.

Sveitarsjóður Hvanneyrarhrepps greiðir allan matskostnað.

Nú vill annaðhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið.

3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er trygt hefir verið nægilegt fje til hafnarbryggjugerðarinnar.

Nd. **377. Lög**

um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Afgreidd frá Nd. 5. ágúst.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Reykjavíkur og gera nákvæman uppdrátt af þeim.

Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni.

2. gr.

Mælikvarði uppdráttarins skal ekki vera minni en 1 : 500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða, og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

3. gr.

Bæjarstjórnin ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir, að láta þeim í tje þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa, til þess að geta framkvæmt starf sitt.

Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda sjeu þeir heimilisfastir í Reykjavík eða þar staddir, viðvart, með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hve nær merki verði ákveðin. Er þeim rjett að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún þá og lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóða.

Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi rjettar síns til að vera þar við, og ákveður mælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðareigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum.

Eigendur eða umboðsmenn lóða, er eigi hafa sótt merkjastefnu, geta, ef þeir vilja eigi hlíta merkjasetningu, gert mælingamanni, innan 4 vikna eftir merkjastefnu, viðvart, og fer um dómsvald á ágreiningi lóðarmerkja, þegar svo stendur á, eftir lögum þessum.

4. gr.

Bæjarstjórnin löggildir bók, sem nefnist lóðamerkjabók. Skal mælingamaður rita í hana lýsing á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit af aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar, eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, bygðra og óbygðra. Mælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra, skulu undirskrifa lýsinguna, en rjett er lóðaeigendum að gera fyrirvara um ágreining, ef samkomulag fæst eigi um merkin, og skal þá

sýna á eftirritinu af uppdrættinum svo greinilega sem unt er, hvað milli ber um merkin. Mælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur rjettari, eða geti hann á hvoruga fallist, hvar hann telur merki rjettast eftir öllum atvikum.

5. gr.

Úr öllum þrætum um merki lóða sker merkjadómur. Merkjadóm þenna skipa 3 menn. Kýs stjórnarráðið einn; skal hann vera lögfræðingur, og er hann formaður dómsins. Annan hinna tveggja kýs landsyfirdómurinn, en bæjarstjórnin hinn. Þrír varamenn skulu og kosnir á sama hátt. Varamaður tekur sæti í dóminum, ef aðalmaður deyr, eða forfallist sá, sem hann er varamaður fyrir. Ef bæði aðalmaður og varamaður deyja eða forfallast, skal sá, sem kaus þá, velja mann í staðinn. Í dóminum ræður afl atkvæða úrslitum. Um óhæfi (inhabilitet) merkjadómara gilda sömu reglur sem um óhæfi reglulegra dómara, samkvæmt landslögum. Áður en merkjadómari byrjar störf sín í dóminum, skal hann skrifa undir eiðspjall. Hverjum merkjadómara ber 4 kr. í þóknun fyrir hvern dag, er hann situr að merkjadómi.

6. gr.

Nú verður ágreiningur um lóðamörk, og sendir þá mælingamaður formanni merkjadóms uppdrátt af þrætulóðunum og skýrslu um það, í hverju ágreiningurinn sje fólginn. Formaður merkjadóms kveður málsaðilja síðan til þess að sækja merkjadómþing með hæfilegum fyrirvara, er venjulega sje eigi lengri en 3 sólarhringar. Skal einn löggiltur stefnuvottur birta fyrirkallið. Á merkjadómþingi leggja málsaðiljar fram gögn sín og leiða vitni, ef með þarf. Dómendur ganga á merki, ef þeim þykir það nauðsynlegt, áður eða eftir að vitnaleiðsla hefir fram farið.

Vitnum er skylt að mæta fyrir merkjadómi með einnar nætur fyrirvara. Ákvæði N. L. 1—13—13 gildir eigi. Frestir skulu sem stytstir vera, og eigi lengri en 3 sólarhringar, nema brýna nauðsyn beri til. Merkjamál þarf ekki að leggja til sátta.

Nú sækja aðiljar, einn eða fleiri, eigi merkjadómþing, enda þótt löglega sje til stefnt, og skal þá dómur ganga um málið alt að einu, enda skipi dómurinn þá talsmann hverjum þeim, er eigi sækir dómþingið, en að öðru leyti skal málið fara eftir rjettarfarsreglum einkamála.

7. gr.

Dómur í merkjamáli skal uppkveðinn innan 3 sólarhringa eftir dómtöku, nema mál sje óvenjulega umfangsmikið, enda má dómsuppsögn aldrei dragast lengur en 14 daga.

Í merkjadómi skulu lóðamerki ákveðin. Tilkynnir formaður merkjadóms málsaðiljum og mælingamanni, hvar og hve nær dómur verði uppkveðinn. Mælingamaður afmarkar síðan lóðina á uppdrættinum, eins og merkjadómur hefir ákveðið hana, og innfærir í lóðamerkjabók.

Merkjadómur kveður og á um það, hver málsaðilja skuli greiða málskostnað, þar á meðal um kaup til dómenda. Nú þykir merkjadómi eigi ástæða til að kveða á um greiðslu kaupsins til dómenda, og greiðist það þá úr bæjar-

sjóði. Merkjadómi má fullnægja sem öðrum dómum. Fullnægjufrestur er 3 sólarhringar eftir dómsuppsögn.

8. gr.

Merkjadómi má skjóta til landsyfirdóms áður liðnar sjeu 4 vikur frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að 3 mánuðir eru liðnir frá dómsuppsögn. Ákvæði N. L. 1—2—3 um stefnu til dómara gilda eigi um þetta málskot, enda sje merkjadómöndum eigi stefnt til ábyrgðar fyrir dóm sinn eða málsmeðferð. Að öðru leyti gilda almennar rjettarfarsreglur einkamála um meðferð merkjamála bæði fyrir merkjadómi og yfirdómi, að því leyti sem við á.

9. gr.

Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa í kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af stjórnarráði Íslands. Stjórnarráðið setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnarinnar, reglur um, hvernig skrásetningunni skuli hagað.

10. gr.

Í skrá þessa og á aðaluppdráttum skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin mann til að hafa starfa þenna á hendi.

11. gr.

Nú verða eigandaskifti að skrásettri lóð, og má þá eigi þinglýsa skjal eða skjölum þar um, nema lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigandaskiftanna sje getið í lóðaskrá.

Ef skrásettri lóð er skift í hluta, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiftinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiftingunni.

12. gr.

Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í tje staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir hvert eftirrit greiðist 2 kr. Sama gjald greiðist fyrir vottorð þau, er ræðir um í 10. gr.

13. gr.

Bæjarstjórnin getur á sama hátt látið skrásetja og mæla lóðir og lönd utan kaupstaðarlóðarinnar, en innan lögsagnarumdæmisins, er þá færist á aukaskrá. Um aukaskrána gilda hin sömu ákvæði, sem hjer að framan eru sett um aðalskrána, en mælikvarði uppdráttar, sbr. 2. gr., má þó vera minni.

14. gr.

Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 7. gr.

15. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar bæjarstjórnin veitir fje það, sem til þess er nauðsynlegt.

Nd. **378. Frumvarp**

til laga um sjóvátrygging.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

FYRSTI KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Vátryggja má hverja þá lögmæta hagsmuni, sem virða má til peninga og velta á því, að skip eða farmur, sem lagður er í hættu á sjó, týnist ekki eða rýrni í þeim háska.

Einkanlega má vátryggja: Skip, farmgjald, skipsútbúnað, farm, væntanlegan verslunararð og umboðslaun af vörum, sjólánskröfur, sjótjónsframlög og aðrar kröfur, sem fullnægja skal með skipi, farmgjaldi eða farmi. Ábyrgðarsali getur endurtrygt fyrir þeirri áhættu, sem hann tókst á hendur (reassurance).

2. gr.

Vátryggja má fyrir sína hönd og annara, svo og þótt hvorugt sje tiltekið (svo sem »fyrir hönd þess, sem í hlut á« eða því um líkt).

Nú tekur maður vátryggingu fyrir hönd annars manns án umboðs hans, og skal vátryggingartaki þá geta þess berum orðum, að hann hafi ekki umboð til. Nú vanrækir hann þetta, og er vátryggingin þá ógild, jafnvel þótt sá, sem vátryggja átti fyrir (vátrygður), samþykki hana síðar, en ábyrgðarsali á heimting á iðgjaldinu engu að síður.

3. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að fá vátryggingartaka skriflega viðurkenningu fyrir vátryggingunni (vátryggingarskírteini), ef hann æskir þess.

4. gr.

Hverja hagsmuni má vátryggja svo hátt, sem sannvirði þeirra nemur (vátryggingarverð).

5. gr.

Nú vátryggir maður í sviksamlegum tilgangi eitthvað til meiri skaðabóta en vátryggingarverð þess nemur og er sá vátryggingarsamningur þá ógildur, eða þeir samningar allir, ef fleiri en einn sjerstakur samningur var gerður um vátrygginguna.

6. gr.

Ef maður vátryggir eitthvað fram yfir vátryggingarverð, en eftir bestu vitund, þá er sú vátrygging lögmæt, en þó ekki fram úr vátryggingarverðinu.

Nú vátryggir maður hjá fleirum en einum hið sama gegn sama háska, og eru allar vátryggingarnar teknar sama dag, þá ábyrgist hver ábyrgðar-

sali svo mikinn hluta af vátryggingarverði hins vátrygða, sem vátryggingarfjárhæð hans er mikill hluti af öllum hinum teknu vátryggingarfjárhæðum samantöldum. Nú voru vátryggingarnar ekki teknar sama dag, og heldur þá hin yngri vátrygging gildi sínu að eins að svo miklum hluta, sem vátryggingarverð hins vátrygða er meira en hin eldri vátrygging nam. Þó heldur hin yngri vátrygging fullu gildi sínu:

1. Þegar þau rjettindi, sem hin eldri vátrygging veitir, eru framseld ábyrgðarsala jafnframt því að yngri vátryggingarsamningurinn er gerður.

2. Þegar svo er tiltekið í hinum nýja samningi, að tilkall verði að eins gert eftir honum að svo miklu leyti sem vátrygður fær ekki skaða sinn bættan eftir hinum eldra vátryggingarsamningi, annaðhvort af því að hann var ógildur eða ábyrgðarsali er ekki borgunarfær.

3. Þegar eldri vátryggingin var tekin fyrir hönd vátrygðs án skipunar hans, en hann tók sjálfur eða ljet taka yngri vátrygginguna, án þess að hann vissi þá af hinni eldri eða hann hefir afsalað sjer henni.

7. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru eða öllu af því að tryggingarhagsmunir voru engir eða minni en ætlað var, eða sakir oftryggingar eða tvítryggingar, og getur ábyrgðarsali þá krafist iðgjalds engu að síður, nema honum væri kunnugt, þá er hann tókst á hendur vátrygginguna, um þau atvik, sem ónýttu hana. Þó á vátrygður kröfu til endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 37. gr.

8. gr.

Ef vátryggingarfjárhæðin er minni en vátryggingarverðið, greiðir ábyrgðarsali að eins svo mikinn hluta af skaðanum, sem vátryggingarfjárhæðin er mikill hluti af vátryggingarverði þess, sem vátrygt var.

9. gr.

Nú hafa aðilar samið um ákveðið verð á vátrygðum hagsmunum (verðsett vátryggingarskírteini), og skal þá það verðmat haldast; þó á ábyrgðarsali rjett á að það verð sje lækkað, ef það sannast, að það sje hærra en sanngjarnt var að telja það, þegar metið var verðmætið.

10. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali greitt fyrir tjón, sem vátrygður á rjett á skaðabótum fyrir af þriðja manni, og eignast þá ábyrgðarsali þann rjett vátrygðs.

Nú vátryggir maður skuldakröfu sína, sem trygð er með einhverjum hagsmunum, sem er í áhættu á sjó, og þeir hagsmunir rýrna eða glatast, þá fær ábyrgðarsali rjett hans á hendur skuldunaut að hluti í kröfunni jöfnum því fje, sem hann greiddi í skaðabætur.

Vátrygður á rjett á að heimta skaða sinn bættan af ábyrgðarsala, þótt hann hafi ekki fyrst sótt rjett sinn á hendur þeim, sem skyldur var til að greiða skaðabætur, nje á hendur skuldunaut, sbr. þó 21. gr.

11. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali orðið gjaldþrota eða komið hefir fram við fjár-

nám, að hann átti ekki fyrir skuldum eða hann hefir stöðvað greiðslur sínar, og er vátrygðum þá heimilt að rifta vátryggingarsamningnum og fá iðgjald sitt endurgreitt, nema ábyrgðarsali setji tryggingu, ef krafist er, fyrir því, að samningnum verði að öllu fullnægt. Nú ber þetta að eftir að hinir vátrygðu hagsmunir hafa verið lagðir í hættu, þá hefir ábyrgðarsali rjett til að halda eftir af iðgjaldinu að tiltölu við þá áhættu, sem um er liðin.

ANNAR KAFLI.

Um skyldur vátrygðs.

12. gr.

Nú er samningur gerður um vátrygging, og er þá vátrygðum skylt að skýra nákvæmlega og rjett frá öllum atvikum, sem honum eru kunn og máli geta skift, þá er meta skal þá áhættu, sem ábyrgðarsali tekst á hendur, og þau skilyrði sem ábyrgðartakan er háð; skyldu vátrygðs um þetta skal einnig sá gæta, sem vátrygging tekur fyrir hans hönd, svo og hver annar milligöngumaður, sem aðstoðar við samningsgerðina.

13. gr.

Nú er vanrækt að segja til þess, sem 12. gr. segir fyrir um, og ábyrgðarsala var ókunnugt um þau atvik, sem látið var ógetið við samningsgerðina, og ekki var sanngjarnt að ætlast til, að honum væru þau kunn, og er honum þá ekki skylt að halda samninginn, en iðgjaldið á hann engu að síður, sbr. þó 37. gr.

Nú hefir vátrygður, eða sá, er skyldur var til að skýra frá atvikum, fengið svo seint vitneskju um eitthvað það, er segja skyldi til um, að hann hefði orðið að gera öldungis óvanalegar ráðstafanir til að geta gert ábyrgðarsala það kunnugt áður samningurinn var fullgerður, og skal þá þessi vanræksla hans ekki ógilda samninginn. Nú var vátrygging tekin án skipunar og vitundar vátrygðs, og er hún þá ekki ógild þótt ábyrgðarsala sje ekki sagt til atvika, sem að vísu voru kunn vátrygðum, en ekki þeim, er um vátrygging samdi.

14. gr.

Nú var sagt rangt til um eitthvað það, sem ræðir um í 12. gr., og er þá samningurinn ógildur og fyrirgert iðgjaldinu, sbr. þó 37. gr., þó sagt hafi verið til eftir bestu vitund, nema ábyrgðarsali hafi vitað um það, sem rangt var til sagt, þegar samningurinn var gerður.

15. gr.

Nú var vanrækt að segja til, eða sagt rangt til, um atvik, sem snerta að eins nokkurn hluta hinna vátrygðu fjármuna, og helst þá samningurinn að þeim hluta, sem þau atvik snerta ekki, nema ef telja má víst, að ábyrgðarsali mundi ekki hafa tekist á hendur vátrygging á þeim hluta einum, með

sömu skilyrðum, sem hann tókst vátrygginguna á hendur á öllum fjármunum, ef honum hefðu þá verið kunn öll atvik.

16. gr.

Þegar vátrygður veit, að tjón, sem ábyrgðarsali á að bæta, hefir orðið á hinum vátrygðu hagsmunum, skal hann skýra honum frá tjóninu og beiðast fyrirskipana hans um þær ráðstafanir, sem gera skal til bjargar og verndar hinum trygðu hagsmunum og hefta meira tjón; en þangað til hann fær slíkar fyrirskipanir frá ábyrgðarsala, er hann sjálfur skyldur að aðhafast í þessu það, sem þörf krefur. Nú vanrækir vátrygður þessa skyldu sína, og ábyrgist hann þá það tjón, er af hlýtst.

17. gr.

Nú er ábyrgðarsala skylt að bæta skaða, sem vátrygður á rjett á, að annar maður bæti honum, og skal vátrygður þá um þann rjett gera þær ráðstafanir, sem þörf er á eftir atvikum, þangað til ábyrgðarsali getur sjálfur sjeð þar fyrir hagsmunum sínum. Nú vanrækir vátrygður þetta, og ábyrgist hann þá það tjón, sem álíta má, að ábyrgðarsali biði af vanrækslu hans.

18. gr.

Vátrygður er skyldur að greiða iðgjaldið gegn afhendingu vátryggingingarskirteinis, jafnskjótt sem samningurinn er fullgerður, nema annað sje til skilið.

ÞRIÐJI KAFLI.

Um skyldur ábyrgðarsala.

19. gr.

Ábyrgðarsali ábyrgist afleiðingar af hverri þeirri hættu, sem hinir trygðu hagsmunir eru lagðir í á vátryggingartímanum, og vátrygður er eigi valdur að sjálfur, nema einhver háski hafi verið sjerstaklega undanskilinn. Ekki leysir það ábyrgðarsala undan ábyrgð, þótt skipstjóri sje valdur að tjóninu eða skipverjar.

20. gr.

Í þessum greinum ábyrgist ábyrgðarsali ekki skaðann:

1. Þegar skip og farmgjald er vátrygt fyrir hönd útgerðarmanns, og tjónið hlýtst af því að skipið var ekki sjófært, þá er það ljet út í ferðina, eða það var ekki nægilega vel búið eða mannað, eða hafði ekki nægileg skipsskjöl, eða það var óhæfilega hlaðið, eða skaðinn verður af því, að gengið er að hinum trygðu fjármunum til bóta á tjóni, sem yfirsjónir eða hirðuleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra baka öðrum mönnum. Þó koma þar ekki til greina bætur fyrir tjón, sem leiðir af árekstri.

2. Þegar skip er vátrygt og skaði á skipi eða skipsbúnaði stafar ein-

ungis af sliti, elli, fúa eða maðkátu, eða af því, að það, sem skemdist, var ekki í viðunandi lagi, þegar skipið fór af stað.

3. Þegar vátrygður er farmur, farmgjald eða verslunarhagnaður á farmi, og skaðanum valda gallar á umbúðum vörunnar, eða sá eiginleiki hennar sjálfrar, sem 147. gr. siglingalaganna 22. nóvbr. 1913 getur um. Þó bætir ábyrgðarsali skaða þann, sem síðast var nefndur, ef ferðin hefir dregist óvanalega lengi vegna óhappa, sem ábyrgðarsali ábyrgist, nema ætla megi, að skaðinn hafi ekki verið drættinum að kenna.

4. Þegar vátrygður er farmur eða verslunarhagnaður á farmi eða fyrirframgreiðslu á farmgjaldi, sem ekki skal endurgreiða, þó óhapp beri að, og tjón á þessu, sem nú var talið, er farmsendara eða viðtakanda að kenna sem slíkum.

21. gr.

Þá er fullnaðarreikningur sameiginlegs sjótjóns hefir verið gerður á lögmætum stað og eftir þess lands lögum, er ábyrgðarsali skyldur að greiða eftir niðurjöfnuninni, bæði sjótjónsframlag það, sem kemur á hina vátrygðu hagsmuni, og þau framlög til skaðabóta, sem aðrir hluttakendur í sjótjóninu eru skyldir til að greiða fyrir skemdir á þeim, en sannanlegt er, að ekki hefir verið náð hjá þeim, sem skaðabótaskyldir voru. Ábyrgðarsali er jafnskyldur til þessa fyrir því, þótt hið vátrygða sje metið í niðurjöfnuninni fram yfir vátryggingarverð.

Nú hefir sjótjóni ekki verið jafnað niður, og það er ekki vátrygðum að kenna, og getur hann þá krafist bóta fyrir alt tjónið, svo sem vátryggingarsamningurinn tiltekur.

22. gr.

Nú hefir fullnaðarreikningur sjótjóns verið gerður á lögmætum stað og af þeim, sem opinbert umboð hafði til þess starfa, og getur þá ábyrgðarsali ekki borið það fyrir sig við vátrygðan, að öðrum manni hafi verið vilnað í við sjótjónsreikninginn, vátrygðum til tjóns, og gagnstætt lögum á þeim stað, þar sem sjótjóninu var jafnað niður, nema vátrygður hafi sjálfur verið sök í því, að ekki var nægilega sjeð fyrir hagsmunum hans. Þó er vátrygður skyldur til að framselja ábyrgðarsala kröfu sína á hendur þeim, sem þannig var ívilnað.

23. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að bæta það, sem lagt var í sölurnar eftir bestu vitund til að forðast háska, sem hann trygði gegn, og kostnað þann, sem af því hlautst, svo og það sem varið var til bjargar og verndar vátrygðum hagsmunum og til að forða meira tjóni, eftir að slys bar að, og er honum skylt að bæta þetta þótt það verði ekki talið til sameiginlegs sjótjóns, svo og kostnað við að ákveða eigin ábyrgð ábyrgðarsala, þegar svo ber undir, sem hjer var sagt.

24. gr.

Nú ber fleiri en eitt sjótjón að á þeim tíma, sem vátrygging ábyrgðarsala tekur yfir, og bætir hann skaðann, þótt bæturnar allar samantaldar verði meiri en vátryggingarfjárhæðin var. Enn fremur skal bæta fullum bótum þann

kostnað, sem 23. gr. ræðir um, þótt hann fari fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

25. gr.

Ef breytt er ferð þeirri, sem tilgreind var, þegar vátryggingarsamningurinn var gerður, og sú breyting verður áður en ábyrgðarsali á neitt á hættu, þá er ábyrgðarsali úr allri ábyrgð, ef skip og farmgjald hefir verið vátrygt fyrir hönd útgerðarmanns.

Nú er farmgjald vátrygt fyrir hönd annars manns eða aðrir hagsmunir en skip og farmgjald, og heldur þá vátryggingin gildi sínu, enda sé ferðinni breytt án samþykkis vátrygðs.

Nú eru vátrygðir hagsmunir lagðir í hættu áður en áhætta ábyrgðarsala hefst, eða á öðru skipi en tilgreint var við vátryggingartökuna, og er ábyrgðarsali þá laus allra mála.

26. gr.

Nú er breytt til um ferð, eða sú áhætta, sem tekin var vátrygging fyrir, eykst eða breytist á annan hátt eftir að áhætta ábyrgðarsala hófst, og er hann þá úr ábyrgð á hverju því tjóni, sem ber að eftir að breytt var til um ferðina, nema breytingin hafi verið gerð án samþykkis vátrygðs eða í nauðsyn, til þess að forðast áhættu sem ábyrgðarsali trygði gegn, eða til að bjarga lífi manna.

FJÓRÐI KAFLI.

Um skaða og greiðslu skaðabóta.

27. gr.

Vátrygður á rjett á bótum fyrir algert tjón:

1. Þegar vátrygt skip eða gós ferst með öllu, eða er gert upptækt eða skemmist svo, að það má telja ónýtt til þess, sem það var ætlað til.
2. Þegar vátrygt er farmgjald og þess missir með öllu.
3. Þegar verslunarafurð er vátrygður eða umboðslaun, og varan kemst ekki þangað, sem hún átti að fara.
4. Þegar vátrygðar eru sjótjónsbætur eða sjólánsfje, og veðið, sem fyrir var, ferst með öllu eða ekkert fæst af því til lúkningar bótunum eða fjenu.

28. gr.

Þá er algert tjón verður, skal ábyrgðarsali greiða að fullu vátryggingarfjárhæðina; þó skal dregið frá henni það, sem sparast af kostnaði þeim, sem vátryggingin nær til; svo á ábyrgðarsali og rjett á að taka til sín alt það, sem bjargað kann að verða. Nú voru munirnir aðeins vátrygðir að nokkrum hluta verðmætis þeirra, og skal þá það, sem dregið er frá vátryggingarfjárhæðinni, talið eftir rjettri tiltölu milli vátryggingarfjárhæðarinnar og alls vátryggingarverðsins, og fær ábyrgðarsali eftir sama mæli hlut í því, sem bjargað var.

Nú skemmist vátrygt skip og það er dæmt óbætandi með lögmætri skoðunargjörð, og á vátrygður þá rjett á að fá bætur, sem algert tjón væri, enda selji hann skipið af hendi til ábyrgðarsala.

29. gr.

Nú hefir ekki spurst til skips svo lengi, að seglskip fer að jafnaði þrisvar sinnum á þeim tíma frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til skipsins, til ákvörðunarstaðar þess, þó ekki skemri tíma en 3 mánuði, og ber þá að telja skipið týnt, og á þá vátrygður rjett á að krefjast bóta fyrir algert tjón, enda afsali hann sjer í hendur ábyrgðarsala rjetti sínum á hinu vátrygða.

30. gr.

Ef lagt er farbann (embargo) á skip eða gós, eða því er haldið á annan hátt eftir ráðstöfun yfirvalda, eða sjóræningjar taka það, eða skipverjar skilja við vátrygt skip, þá getur vátrygður, gegn því að láta af hendi við ábyrgðarsala rjett sinn á hinu vátrygða, krafist bóta, sem fyrir algert tjón, ef skipið eða gósið hefir ekki verið látið laust, eða hann hefir ekki fengið umráð yfir þeim:

Áður en 6 mánuðir eru liðnir, ef þessi atburður gerðist í Norðurálfuhöfum eða á þeim hluta Miðjarðarhafs, Svartahafs eða Asóvshafs, sem telst til Norðurálfu,

áður en 9 mánuðir eru liðnir, ef atburðurinn varð í öðrum höfum hjernamegin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða í Suður-Ameríku, og

áður en 12 mánuðir eru liðnir, ef það varð í þeim höfum, sem eru hinu megin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða.

Telja skal tímann frá þeim degi, er vátrygður sagði ábyrgðarsala til tjónsins.

31. gr.

Nú vill vátrygður láta hið vátrygða af hendi, og svo er háttað, sem segir í síðari málsgrein 28. gr., og skal hann þá skýra ábyrgðarsala frá fyrirætlan sinni áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því, er hann vissi úrslit skoðunargjörðarinnar, en ef svo er háttað, sem 29. og 30. gr. ræða um, skal hann hafa skýrt frá fyrirætlun sinni áður en 9 mánuðir eru liðnir frá því frestur sá er á enda, sem þær greinar tiltaka, eftir hinum sjerstöku atvikum í hvert sinn.

32. gr.

Nú er frestur sá á enda, sem segir í 31. gr., og vátrygður hefir ekki neytt rjettar síns til að láta hinn vátrygða hlut af hendi, og týnir hann þá þeim rjetti, þegar svo er háttað sem segir í síðari málsgrein 28. gr. og 30. gr.

Þá er svo liggja atvik til, sem segir í 29. gr., getur vátrygður krafist bóta sem fyrir algert tjón, jafnvel eftir að afsalsfresturinn er liðinn, en komi hinn vátrygði hlutur síðar fram, skal hann endurgreiða vátryggingarfjeð, ef ábyrgðarsali krefst þess, með $^1/_2$ af hundraði í mánaðarvöxtu, en afsala skal ábyrgðarsali sjer þá hinum vátrygða hlut og bæta þann skaða, sem orðið kann að hafa á honum og ábyrgðin náði til.

33. gr.

Afsal á trygðum munum skal vera skilyrðislaust og óriftandi, og ná til allra hinna vátrygðu fjármuna eða þess hluta þeirra, sem hafður var í hættu á þeim tíma, er slysið bar að.

Ef fjármunir eru aðeins trygðir að nokkrum hluta af verðmæti þeirra, er vátrygður að eins skyldur að láta af hendi svo mikinn hluta þeirra, sem vátryggingarfjárhæðin er að tiltölu við vátryggingarverðið.

34. gr.

Þá er ábyrgðarsali greiðir bætur, getur hann krafist þess, að vátrygður afsali honum skriflega öllum þeim rjettindum, sem hann á að fá ábyrgðarsala í hendur, svo og afhendi honum öll þau skjöl, sem fylgja eiga hinum afsalaða hlut og eru í vörslum vátrygðs.

35. gr.

Hver sú krafa, sem styðst við vátryggingarsamning, týnir gildi sínu, ef henni er ekki fylgt með lögsókn áður 4 ár eru liðin frá því, er hún varð til.

FIMTI KAFLI.

Um endurgreiðslu iðgjalds (ristorno).

36. gr.

Ef vátrygðir hagsmunir eru eigi lagðir í neina þá hættu, er ábyrgðarsali skyldi tryggja gegn, getur vátrygður krafist, að vátryggingin falli niður og iðgjaldið sje endurgreitt; þó á ábyrgðarsali rjett á þóknun og skal hún vera $^1/_4$ af hundraði af vátryggingarfjárhæðinni, ef ekki var annað tilskilið, en helmingur hins umsamda iðgjalds, ef það var minna en $^1/_2$ af hundraði.

37. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru leyti eða öllu, vegna þess að tryggingarhagsmunir voru engir eða minni en ætlað var, eða vegna oftryggingar eða tvítryggingar, eða vegna þess að rangt var sagt til eða ekki nægilega, eða af öðrum slíkum sökum, en vátryggingartaki fór eftir bestu vitund sinni um þau atvik, sem urðu til ónýtingar vátryggingunni, og eins var ástatt með vátrygðan, er hann veitti umboðið til vátryggingarinnar, ef vátrygging var tekin fyrir hönd annars manns, og má þá krefjast endurgreiðslu á iðgjaldinu að því frádregnu, sem áður var talið. Þó skal þessa krafist áður en hin vátrygðu verðmæti eru lögð í hættu.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Nd. **379. Frumvarp**

til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913 um skip, árekstur og björgun.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. siglingalaganna 22. nóv. 1913 orðist svo:

Þau skip teljast íslensk, sem heimili eiga á Íslandi og að tveim þriðju hlutum minst eru eign manna, sem heimilisfastir eru á Íslandi eða í Danmörku eða þar innbornir, án þess að vera ríkisborgarar annarsstaðar. Nú er skip hlutafjelagseign, og skal þá meiri hluti stjórnarnefndarmanna vera búsettur á Íslandi og heimilisfang fjelagsins þar, enda fullnægi hver stjórnarnefndarmaður framangreindum skilyrðum um heimilisfestu eða rjett innborinna manna; þó má ráðherra Íslands veita hlutafjelögum undanþágu frá síðastnefndum ákvæðum, þegar að minsta kosti $^2/_3$ hlutar stjórnarnefndarmanna fullnægja skilyrðunum um heimilisfestu.

2. gr.

225. gr. sömu laga orðist svo:

Ef tjón verður á skipi, gósi eða mönnum, af því að skip rákust á, og sökin liggur öll annars vegar, þá bætir hinn seki skaða þann allan, er af hlautst. Nú hefir mannsbani hlotist af árekstrinum, og má þá, ef þess er krafist, dæma hinn seka, þótt eigi verði álitið að hann hafi unnið til hegningar, til að gjalda manni eða konu hins dána eða börnum hans bætur fyrir missi þess, sem átti að standa straum af þeim, og skal ákveða í bæturnar tiltekna upphæð eitt skifti fyrir öll. Hvorki þessar bætur nje bætur fyrir líkamstjón mega fara fram úr 4200 krónum.

Nú er sökin beggja megin, og skulu þá hinir seku bæta skaðann að rjettri tiltölu við sök hvers þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins, að ekki verður bygð á þeim skifting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum, þá bæta hinir seku tjónið að jöfnum hlutum.

Hver hinna seku ábyrgist einungis sinn hluta skaðabótanna, nema manns bani hafi hlotist af árekstrinum eða tjón á líkama eða heilbrigði. Þá má sá, er skaðabótarjettinn á, krefja hvern hinna seku um allar skaðabæturnar. Ef einhver hinna seku hefir af þessum ástæðum orðið að greiða meiri bætur heldur en í hans hlut áttu að koma að rjettri tiltölu, þá á hann endurgjaldsrjett á hendur hinum á þeirri upphæð, sem hann varð að greiða umfram sinn hlut.

Þá er meta skal sök, skal dómari einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

3. gr.

228. gr. sömu laga orðist svo:

Nú rekast skip á, og er þá skipstjórum þeirra skylt að veita þeim skipum, skipshöfnum og farþegum, sem hætta stafar af árekstrinum, alla þá hjálp, er þeir mega og nauðsyn er á til bjargar, án þess þó að stofna í veru-

lega hættu skipi sínu, skipshöfn eða farþegum. Skylt er skipstjórum og, að segja hver öðrum nöfn og heimkynni skipa sinna, úr hvaða stað eða höfn þau koma, og hvert þeim sje ætlað að fara.

4. gr.

Á eftir 228. gr. sömu laga komi ný grein, 228 gr. a), svohljóðandi:

Það, sem fyrir er mælt í þessum kapítula um árekstur skipa, kemur einnig til greina, þá er skip veldur tjóni á öðru skipi, eða á mönnum eða gósi, sem á því er, með siglingu sinni eða á annan hátt, þó ekki hafi skipin rekist á.

5. gr.

Fyrirsögn 10. kapítula sömu laga orðist svo: Um björgun.

6. gr.

229. gr. sömu laga orðist svo:

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefir eða er statt í neyð, eða gósi sem á því er, eða nokkru af því skipi eða gósi því, sem á því var, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rjett á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Sá, sem bjargar mönnum af skipinu, meðan það var statt í neyð þeirri, sem var tilefni til björgunarinnar, eða veitir að björgun mannanna, á rjett á hluta úr björgunarlaununum.

Nú tekur einhver þátt í björguninni gegn beru og rjettmætu banni þess, sem hefir stjórn skipsins á hendi, og á hann þá engan rjett á björgunarlaunum.

Krefja má björgunarlauna jafnt, þó það skip, sem bjargaði, sje eign sama manns sem hitt, sem bjargað var.

Nú hefir maður tekist á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita því aðstoð á annan líkan hátt, og skipinu hlekkist síðan á, og á sá maður þá að eins rjett á björgunarlaunum að því leyti, sem talið verður, að aðstoð sú, sem hann veitir, hafi farið fram úr því, sem honum bar skylda til samkvæmt því, er honum bar af hendi að inna.

Nú verða málsaðiljar ekki á eitt sáttir um, hve mikil björgunarlaunin skuli vera, og sker þá dómur úr.

Lög um skipströnd mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umboðsmaður hans.

7. gr.

230. gr. sömu laga orðist svo:

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt:

1. Fyrst og fremst:
   a, Að hve miklu leyti björgunin tókst;
   b, Verklagni þeirrar og atorku, sem björgunarmenn unnu með að björguninni, og tíma þess og fyrirhafnar, sem til hennar var varið;
   c, Hættu þeirrar, sem skipið sem bjargað var, var statt í, skipshöfn þess, farþegar eða gós;

d, Hættu þeirrar, sem björgunarmönnum og eign þeirra var stofnað í;
e, Áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt;
f, Skaða þess, sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar, sem þeir hafa haft, og verðmætis björgunartækja þeirra, sem notuð voru;
g, Þess, hvort skipið, sem bjargaði, var sjerstaklega útbúið til björgunar.

2. Þar næst:

Verðmætis þess, sem bjargað var.

Nú kemur það í ljós, að björgunarmaður var sjálfur sök í neyð þeirri, sem var tilefni björgunarinnar, eða hefir orðið sekur um þjófnað, hilming eða aðra sviksamlega meðferð á munum þeim, sem bjargað var, og má dómurinn þá færa niður björgunarlaun þess manns eða svifta hann björgunarlaunum með öllu.

8. gr.

231. gr. sömu laga orðist svo:

Ekki má gera björgunarlaun hærri en verðmæti þess, sem bjargað var, að meðtöldu flutningsgjaldi fyrir farm og farþega, en að frádregnum tolli og öðrum opinberum gjöldum svo og kostnaði við geymslu, virðingargjörð og sölu.

Í björgunarlaununum felst og þóknun fyrir að flytja gósið, sem bjargað var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru til þess.

9. gr.

232. gr. sömu laga orðist svo:

Ef björgunarsamningur hefir verið gerður meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar, þá má hver aðilja, sem er, krefjast þess, að dómur ónýti samninginn eða breyti honum, ef telja verður, að skilmálar hans sjeu ósanngjarnir.

Rjett er og dómi að ónýta björgunarsamning eða breyta honum ávalt þá er telja verður, að umsamin björgunarlaun sjeu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá sem veitt var, ef sá aðilja, sem á var hallað, krefst þess.

Ákvæðið í síðustu málsgrein 230. gr. kemur einnig til greina, þá er samningur hefir verið gjörður um björgun.

Máli til ónýtingar björgunarsamnings eða breytingar á honum, skal vera stefnt til dóms áður en þrír mánuðir sjeu liðnir frá því, er samningurinn var gjörður.

10. gr.

1. málsgrein 233. gr. sömu laga orðist svo:

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skifti björgunarlauna, þá skal skift með dómi og gætt þeirra atvika, sem 230. gr. greinir.

11. gr.

Í 4. tölulið 236. gr. sömu laga breytist punkturinn á eftir orðunum

»greiðslu á« í kommu, og komi ný setning svohljóðandi: og loks endurgjaldskrafa sú, sem um er rætt í 3. málsgrein 225. greinar.

12. gr.

251. gr. sömu laga orðist svo:

Kröfur, sem kröfuhafi getur eftir þessum lögum eigi leitað sjer fullnægingar fyrir í öðrum munum en þeim, sem hann á sjóveðrjett í, missast hver um sig, ef þeim er ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, sem hjer segir:

1. Kröfur um framlag til sameiginlegs sjótjóns og til kostnaðar, sem jafna skal niður á líkan hátt (sbr. síðari málsgrein 166. gr. og 2. málsgrein 223. gr.) áður ár sje liðið frá dagsetningu úrslitagjörðar sjótjónsins.
2. Kröfur til skaðabóta fyrir glataðan eða skemdan farm áður ár sje liðið frá því, er affermt var.
3. Kröfur til allra annara skaðabóta áður tvö ár sjeu liðin frá því, er tjónið bar að.
4. Kröfur um björgunarlaun áður tvö ár sjeu liðin frá því, er björgunarstarfinu var lokið.
5. Endurgjaldskrafan samkvæmt 3. málsgrein 225. gr. áður ár sje liðið frá því, er greitt var þeim, sem tjónið beið.
6. Allar aðrar sjóveðrjettarkröfur áður ár sje liðið frá því, er þær komu í gjalddaga.

Nú á kröfuhafi auk þess rjett á að ganga að útgerðarmanni, farmeiganda eða öðrum sem sjálfskuldarmönnum fyrir kröfu sinni um skaðabætur fyrir tjón af árekstri, eða fyrir einhverjum þeim kröfum, sem taldar eru í 4. og 5. tölulið hjer að framan, og taka þá fyrningarákvæði þau, sem þar eru nefnd, einnig til þess rjettar kröfuhafa. Um aðrar framangreindar kröfur, sem kröfuhafi á rjett á að ganga jafnframt að einhverjum fyrir sem skuldunaut, fer eftir hinum almennu fyrningarákvæðum laga.

Ávalt, þá er málið til fullnægingar kröfunni er höfðað fyrir íslenskum dómi, skal farið eftir fyrningarlögum þeim, sem gilda hjer á landi um það, hverjar athafnir rifta fyrningunni.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

14. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.—12. gr. þeirra í meginmál siglingalaga 22. nóv. 1913, og getur konungur gefið þau lög út þannig breytt sem siglingalög Íslands.

Nd. **380. Frumvarp**

til laga um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna kennarastól í klassiskum fræðum (grísku og latínu ásamt þeim fræðum, er þar til teljast).

2. gr.

Sá er skipar kennarastól þann, er í 1. gr. segir, skal verða allra sömu rjettinda aðnjótandi sem dósentar við Háskólann, enda hvíla á honum samsvarandi skyldur.

Kennarastarfið veitist eftir tillögum Háskólaráðsins.

Nd. **381. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um skipströnd 14. janúar 1876.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þá er strandað skip hefir legið á strandstaðnum eitt ár frá því er strandið varð, og eigi verið selt við opinbert uppboð, samkvæmt strandlögunum, sökum ákvörðunar eiganda um að annast björgunina sjálfur, getur lögreglustjóri látið selja flakið og annað það, er skipinu fylgir og finst á strandstaðnum, við opinbert uppboð, ef óráðlegt þykir, af ástæðum er almenning varða, að láta það liggja lengur óselt, sbr. þó 4. gr.

2. gr.

Uppboð, er haldin verða samkvæmt 1. gr., skal lögreglustjóri jafnan tilkynna þeim, er lýst hafa eignarrjetti að skipinu, og öðrum, er þar hafa hagsmuna að gæta, ef kunnugt er um heimilisfang þeirra. Að öðrum kosti skal ræðismanni eða öðrum hjerlendum umboðsmanni þess lands, þar sem skipið átti heima, svo og hjerlendum umboðsmanni ábyrgðarsala, gjört aðvart um uppboðið. Andvirði hins selda, að frádregnum uppboðskostnaði og öðrum kostnaði, greiðist þeim, er sannar eignarrjett sinn samkvæmt ákvæðum 23.—24. gr. strandlaganna.

3. gr.

Í söluskilmálum við uppboð samkvæmt 1. gr. sem og við uppboð á strönduðu skipi samkvæmt strandlögunum, skal það ákvæði sett, að skipsleifar, sem eigi eru fluttar burt úr fjörunni, þá er 2 ár eru liðin frá því er skipið strandaði, teljist óskilafje og verði eign fjöreigenda.

4. gr.

Nú hefir eigandi eða ábyrgðarsalar strandaðs skips hafið björgun áður en ár sje liðið frá því er strandið varð og gefið lögreglustjóra til kynna, að björguninni verði haldið áfram að árinu liðnu, og skal þá eigi haldið uppboð samkvæmt 1. gr., heldur er hlutaðeigendum heimilt að halda björguninni áfram um alt að tveggja ára tíma frá því er strandið varð, en þá verður flakið eign fjöreigenda samkvæmt 3. gr. En sýni eigandi eða ábyrgðarsalar stjórnarráðinu fram á, að örðugleikum hafi verið bundið að ljúka björguninni á tveim árum og lýsi því jafnframt yfir, að þeir vilji halda björguninni áfram, skal þeim þó veittur nægur frestur til þess. Þegar eins stendur á, getur uppboðskaupandi samkvæmt 3. gr. fengið samþykki stjórnarráðsins til nauðsynlegrar framlengingar á björgunarfresti, þeim sem þar er áskilinn.

5. gr.

Nú sekkur skip þar sem af því getur stafað hætta eða verulegur farartálmi fyrir siglingar og sjósókn, og getur stjórnarráðið þá látið auðkenna staðinn; jafnframt skal það spyrja þann, er tilkall á til flaksins, hvort björgunartilraunir verði gjörðar, og gjöra honum um leið aðvart um, innan hvers tíma flakið skuli gjört óskaðvænt.

Hafi stjórnarráðið eigi getað fengið vitneskju um, hver tilkall á til flaksins, eða ef hann vill eigi gjöra það óskaðvænt samkvæmt fyrirsögn stjórnarráðsins, getur það sjálft látið gjöra flakið óskaðvænt. Einnig getur stjórnarráðið látið gjöra flak óskaðvænt þegar eftir strandið eða skipbrotið, ef slík ráðstöfun verður að teljast óhjákvæmileg nauðsyn sökum þeirrar hættu, er stafar af flakinu.

6. gr.

Til tryggingar fyrir útgjöldum við yfirvaldaráðstafanir samkvæmt 5. gr. er skipið og það, sem því fylgir, og enda farmurinn, ef hann er þess eðlis, að af honum stafi hætta eða verulegt óhagræði fyrir siglingar og sjósókn. Stjórnarráðið getur því látið gjöra kyrsetning á þessum munum og skal gjörðinni haldið til dóms við sjódóm strandstaðarins. Hafi stjórnarráðið látið gjöra flak óskaðvænt og sje nokkru bjargað af skipi eða skipsgögnum má selja það við opinbert uppboð, og taka kostnaðinn af andvirðinu án undangenginnar kyrsetningargjörðar.

7. gr.

Fyrirmæli þessara laga hagga þó eigi reglum þeim um skipsflök á höfnum inni, sem settar eru eða settar kunna að verða í löggiltum reglugerðum kaupstaða eða kauptúna.

Ed. **382. Þingsályktun**

um baðefni.

(Samþykt í Ed. 5. ágúst).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að taka Coopers-baðefni upp í tölu þeirra baðefna, er sveitarstjórnum veitist leyfi til að velja úr.

Nd. **383. Frumvarp**

til laga um notkun bifreiða.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum hver sá vagn, sem er knúinn áfram með aflvjel í vagninum sjálfum, og ætlaður til að flytja fólk eða varning. Lögin ná ekki til vagna, sem renna á spori, eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

2. gr.

Stjórnarráðið getur, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum eða vegaköflum með öllu, eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð álítst hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð.

3. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugðum og auðvelt sje að snúa þeim. Sje bifreið þyngri en 350 kg., skal aflvjelin geta knúið hana aptur á bak sem áfram. Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo, að mesta breidd utanmáls sje 1,75 metrar; þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá þessu að því er sjerstaka vegarkafla snertir.

Á hverri bifreið skulu vera:

1. tvennir hemlar svo sterkir, að með hvorum þeirra megi stöðva vagninn innan tveggja vagnlengda, þó hann renni með fullum hraða (35 km.), og umbúnaður, sem varni því, að vagninn geti runnið forbrekkis, ef annarhvor hemillinn orkar ekki.
2. horn, til þess að gefa með hljóðmerki.
3. ennfremur þegar dimt er:
   a. tvö tendruð ljósker, sitt á hvorri hlið bifreiðarinnar framantil, og í sömu hæð, sem lýsa svo, að ökumaður sjái að minsta kosti 12 metra fram á veginn.
   b. eitt ljós, sem ber skæra birtu á merki vagnsins.

Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð bifreiða, þar á meðal sjerstaklega um þyngd þeirra.

4. gr.

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum, og greiðir vagneigandinn kostnaðinn við skoðunina. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn, og ekki má taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigandaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytjist bifreiðareigandi búferlum úr einu lögsagnarumdæmi í annað með bifreið sína, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal lögreglustjóri lögsagnarumdæmis þess, er hann flytst í, ákveða merki það, er bifreið hans þá skal hafa og afhenda honum það.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið á kostnað eiganda, og komi það þá í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar, og tekið merkið af henni.

5. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 18 ára að aldri, og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið.

Til þess að öðlast slíkt ökuskírteini, verður hlutaðeigandi að sýna vottorð frá lækni um að hann hafi fulla sjón, og vottorð tveggja valinkunnra manna um að hann sje áreiðanlegur og samviskusamur. Enn fremur verður hann að standast próf, samkvæmt ákvæðum, er stjórnarráðið setur með reglugerð; þó má í þeirri reglugerð ákveða að sá þurfi ekki að taka próf, sem hefir skírteini frá erlendum stjórnarvöldum.

Lögreglustjóri getur svift hvern þann ökuskírteini um tiltekinn tíma eða fyrir fult og alt, sem er dæmdur í refsingu fyrir brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt þeim, og sömuleiðis hvern þann, sem álitið er að hafi ekki lengur þá eiginleika, er útheimtast til þess að fá ökuskírteini.

6. gr.

Ökuhraðann skal ávalt tempra svo, að komist verði hjá slysum og ekki sje truflað umferðin.

Í kaupstöðum, kauptúnum og ámóta þjettbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund, nema stjórnarráðið hafi leyft meiri hraða eftir tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn og ökumaður samt sem áður getur fullnægt öllum skyldum sínum, þó aldrei meiri en 35 km. á klukkustund. Í dimmu má hraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund.

Þar sem ökumaður sjer ekki langt fram á veginn, í kröppum bugum, við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðara en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sje for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

7. gr.

Ef bifreið mætir vegfarendum, skal hún halda sjer vinstra megin á veginum. Bifreiðin skal þegar nema staðar, ef sá sem hún mætir gefur merki, eða ökumaður sjer að hestur hræðist eða verður órór, og skal hann gera það, sem í hans valdi stendur til þess að hestarnir komist fram hjá bifreiðinni án þess að fælast. Sömu varúðar skal bifreiðarstjóri gæta, er hann vill fara fram fyrir vegfarendur, sem eru á undan honum, en þá skal bifreiðin vera hægra megin á veginum. Hins vegar skulu vegfarendur jafnan víkja úr vegi fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum, og aldrei tefja för þeirra að óþörfu.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að hvorugir komist fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar sem hinir komast fram hjá henni.

Ef ferðamenn með hlaðna vagna hafa neyðst til að víkja út af vegi fyrir bifreið, skal bifreiðarstjóri veita liðsinni sitt, ef þörf gerist, til að koma vögnunum aftur á veginn.

8. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa merki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum á veginum.

9. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiðar, skal ökumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi og hjálpa þeim, er slasast hefir, ef þörf gerist.

10. gr.

Óski útlendingur að nota um stuttan tíma bifreið, sem hann hefir með sjer frá útlöndum, getur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann fyrst vill nota vagninn, veitt honum tímabundið leyfi til þess að nota bifreiðina, þó ekki lengur en 3 mánuði, með skilyrðum þeim, er þurfa þykir til þess að ná tilgangi þessara laga. Leyfi þetta getur lögreglustjórinn í hverju því lögsagnarumdæmi, sem bifreiðin er notuð í, afturkallað ef honum þykir ástæða til.

11. gr.

Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, þurfa ekki að hafa nema einn sterkan hemil og eitt skært ljós í dimmu (sbr. 3. gr.).

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10 til 500 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

13. gr.

Hljótist slys eða tjón af notkun bifreiðar, annaðhvort beinlínis af akstri

hennar, eða af því að hestur vegfaranda fælist, eða á annan svipaðan hátt, er sá, sem ber ábyrgð á bifreiðinni, skaðabótaskyldur, nema sá, sem fyrir slysinu eða tjóninu varð, eða einhver þriðji maður, hafi orðið valdur að slysinu eða tjóninu af ásettu ráði eða með vítaverðri óvarkárni, eða uppvíst verður að slysið hlaut að vilja til, þrátt fyrir þá aðgæslu og varkárni, sem ökumanni er skylt að gæta.

Framanskráð regla gildir þó ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreiðin flytur, nema ræða sje um bifreið, sem er til afnota fyrir almenning gegn borgun. Að öðru leyti fer um skaðabótaskyldu fyrir slík slys eða tjón eftir almennum reglum.

14. gr.

Eigandi bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 13. gr. Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi færist skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

15. gr.

Með framangreindum ákvæðum um skaðabótaskyldu er ekki skertur neinn sá rjettur til skaðabóta, sem leiðir af almennum reglum.

Nd. **384. Breytingartillaga**

við frv. til laga um notkun bifreiða.

Frá Einari Arnórssyni.

Í 5. gr. 1 málsgr. verði »18 ára að aldri«:
21 árs að aldri.

Nd. **385. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um notkun bifreiða.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

Síðari setning 14. gr. »Noti maður« o. s. frv. út greinina falli burt.

Ed. **386. Rökstudd dagskrá**

feld í Ed. 5. ágúst. (Frumv. til laga um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands, þgskj. 262).

Í því trausti, að stjórnin taki þetta mál í sambandi við skólamál vor til rækilegrar íhugunar, og sjerstaklega láti rannsaka, hvort og hvernig breyta megi

fyrirkomulagi lærdómsdeildar Mentaskólans, svo að stúdentar þaðan hafi eignast haldgóða undirstöðu í klassiskum fræðum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **387. Framhalds-nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913, um skip, árekstur og björgun.

Háttv. efri deild hefir gert smávægilega orðabreytingu á 3. gr. frumv. eins og það var samþykt í neðri deild, og ræður nefndin háttv. deild til þess að samþykkja frumv. óbreytt.

Alþingi 5. ág. 1914.

Sveinn Björnsson, formaður. Einar Arnórsson, skrifari.

Þorleifur Jónsson. Matth. Ólafsson. M. J. Kristjánsson.

Nd. **388. Þingsályktun**

um grasbýli.

(Samþykt í Nd. 5. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um að safnað sje skýrslum um smábýli á landinu, þau er ekki teljast jarðir eða hjáleigur. Og ef tiltækilegt þykir, að því búnu, að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um grasbýli, er að mestu leyti styðjist við ræktað land.

Nd. **389. Þingsályktun**

um endurskoðun á vegalögunum.

(Samþykt í Nd. 5. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina

I. *að* endurskoða vegalögin og leggja nýtt frumvarp til vegalaga fyrir næsta þing, og

II. *að* leita tekjustofna handa sýslunum til viðhalds á vegum og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um það efni.

Nd. **390. Þingsályktun**

um baðefni.

(Samþykt í Nd. 5. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að taka Coopers-baðefni upp í tölu þeirra baðefna, er sveitastjórnum veitist leyfi til að baða úr.

Nd. **391. Frumvarp**

til laga um atkvæðagreiðslu við alþingiskosningar þeirra manna, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þegar kosning fer fram.

Frá kosningarlaganefndinni.

1. gr.

Sjómenn og aðrir, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og eigi geta sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað, samkvæmt fyrirmælum kosningarlaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis á þann hátt, að þeir senda hreppstjóra eða bæjarfógeta í því umdæmi, þar sem þeir standa á kjörskrá, atkvæðaseðil samkvæmt reglum þeim, er settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Stjórnarráðið annast um útvegun kjörseðla, svo og fylgibrjefa þeirra og umslaga, er þar til heyra, á kostnað landssjóðs. Kjörgögn þessi skulu ætíð fást hjá öllum lögreglustjórum og umboðsmönnum þeirra, og hreppstjórum, og skulu að jafnaði vera nægar birgðir af þeim á hverju íslensku skipi.

Eyðublöð undir kjörseðla skulu vera úr haldgóðum hvítum pappír án nokkurrar áletrunar eða einkenna.

Umslögin um þá skulu vera ógagnsæ og hæfilega stór.

Eyðublöð undir fylgibrjefin með kjörseðlunum og vottorð þau, sem heimtuð eru, semur stjórnarráðið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því að eins gild, að notaðir sjeu hinir fyrirskipuðu atkvæðaseðlar, umslög og fylgibrjef.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar á atkvæðaseðilinn nafn þess þingmannsefnis í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Verði hlutbundnar kosningar lögteknar, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum,

mega ekki greiða atkvæði fyrr en framboðsfrestur þingmannaefna — eða lista — samkvæmt kosningarlögunum er liðinn, og telst atkvæðið greitt þann dag, er fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðillinn gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal í einrúmi og án þess að nokkur sjái, rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis eða listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosning er, ef hann vill — á kjörseðilinn, leggja hann því næst inn í þar til gert umslag og líma það aftur. Hann útfyllir því næst og undirskrifar fylgibrjefið, en kjörseðilinn má hann ekki undirskrifa.

Í fylgibrjefinu skal kjósandinn gefa nákvæmar upplýsingar um nafn sitt, stöðu og heimili í hreppnum eða kaupstaðnum, svo og um þau atvik, er því valda, að hann getur ekki mætt sjálfur á kjörstaðnum til að greiða atkvæði, og skal hann jafnframt staðfesta með drengskaparvottorði, að hann þvingunarlaust, í einrúmi og án þess nokkur maður hafi sjeð, hafi útfylt kjörseðilinn, lagt hann í umslagið og límt það aftur.

Á fylgibrjefið skal vera ritað vottorð um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfyltur í einrúmi. Vottorð þetta á að vera undirritað af skipstjóra á íslensku skipi ásamt einum manni af skipshöfninni sem tilkvöddum vitundarvotti, ef kjósandi er sjómaður, eða af sýslumanni, umboðsmanni hans, er fæst við skipaafgreiðslu, eða hreppstjóra.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til sýslumanns eða hreppstjóra, þá skal vottorðið gefið af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Þá er vottorðið er gefið af skipstjóra eða þeim, er í hans stað gengur á skipinu, skal geta um atkvæðagreiðsluna í dagbók skipsins; þar skal skýrt frá fullu nafni kjósandans, í hvaða umdæmi hann stendur á kjörskrá og hver hafi verið tilkvaddur sem vitni að undirskrift hans.

Umslagið með kjörseðlinum og fylgibrjefið skal kjósandinn því næst láta í sjerstakt þar til gert umslag, loka því og rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins.

5. gr.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð; skal geta þess við hvert brjef, hvenær tekið hafi verið á móti því og setja á það tilsvarandi tölunúmer.

Skrá þessa ásamt brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin í hendur henni áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en at-

kvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

6. gr.

Áður en atkvæðagreiðsla byrjar opnar kjörstjórnin fylgibrjefin, rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo reynist, setja meðkjörstjórarnir merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða að hann sje búinn að greiða atkvæði eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórnin hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin umslagið með atkvæðaseðlinum og fylgibrjefið aftur inn í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er annað en fylgibrjefið og eitt umslag, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafa verið notuð þau umslög og eyðublöð, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir þeim reglum við atkvæðagreiðsluna, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Þau atkvæðaumslög, sem tekin eru gild, eru því næst lögð í atkvæðakassann um leið og atkvæðagreiðsla byrjar.

Þau umslög, sem kjörstjórninni eru afhent eftir að atkvæðagreiðsla er byrjuð, eru rannsökuð á sama hátt öll í einu, og þau, sem gild eru tekin, lögð í kjörkassann áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt þessum lögum eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.
2. Þegar í atkvæðaumslaginu er annað en einn atkvæðaseðill,
3. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðsluna atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir látið gjöra, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr. eða á seðilinn eru sett stryk eða merki, er ætla má að sjeu sett, til þess að gjöra hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi, auk listabókstafsins, orðið: »listabókstafur«, ef ekki verður álitið, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi skal gæta þess, að til sjeu á skipinu nægar birgðir af eyðublöðum undir kosningaseðla, og fylgibrjef með tilheyrandi umslögum, og í hibýlum skipshafnarinnar á skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur stjórnarráðið útdráttinn. Enn fremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um aðstoð við atkvæðagreiðsluna eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að

greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því að eins að nauðsynleg störf á skipinu, sem ekki þola bið, hindri. Brot gegn þessu varðar alt að 100 kr sektum, er renna í landssjóð.

9. gr.

Fyrir afhending kjörseðla og vottorð þau, er ræðir um í þessum lögum, greiðast engin gjöld.

10. gr.

Að öðru leyti gilda reglur kosningarlaganna um kosningar þær, er í lögum þessum getur, að því leyti sem þær geta við átt.

Nd. **392. Frumvarp**

til laga um kaup á Þorlákshöfn í Arnessýslu, um eignarnámsheimild á sömu jörð og um mótorbátahöfn sama staðar.

Frá Þorlákshafnarnefndinni.

1. gr.

Landsstjórnin semji sem fyrst og í síðasta lagi fyrir næsta nýár um kaup á jörðinni Þorlákshöfn í Árnessýslu með öllu tilheyrandi, svo sem vergögnum, fjöru, húsum og öðrum mannvirkjum, og verði samkomulag um verð og aðra skilmála, skal stjórnin festa kaup á jörðinni.

2. gr.

Nú semur eigi um verð eða aðra kaupskilmála á ofangreindri jörð, og er landstjórninni þá heimilt að taka hana, eða það af henni, sem nauðsynlegt er, eignarnámi til fiskibátahafnar og skipa og lands, er að þeirri höfn þarf að liggja, svo sem til verbúða, fiskþurkunar o. s. frv., svo að höfnin komi að fullum notum, svo og nægilegt land til samgangna að og frá henni.

Eignarnámið skal framkvæmt af nefnd 3 manna, og kveðja eigendur einn, landsstjórnin annan og héraðsdómarinn í Árnessýslu oddamann.

Nú kveðja eigendur eigi mann í nefndina, og kveður þá hjeraðsdómarinn tvo nefndarmenn.

Nefndin skal ákveða, hversu mikið skal tekið og skulu þeir meta fult endurgjald fyrir.

3. gr.

Eftir að önnurhvor þeirra ráðstafana, er í 1. og 2. gr. segir, eru að fullu framkvæmdar, skal svo fljótt, sem við verður komið, gerð á landsins kostnað fullnægjandi höfn, samkv. 2. gr., í Þorlákshöfn, og setur landstjórnin reglur um uppsátursgjald skipa og alla notkun og meðferð hafnarinnar og meðfylgjandi lands.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **393. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita 20 þúsund króna styrk af landssjóði til hafnargerðar í Þorlákshöfn og til að veita alt að 40 þúsund króna lán af viðlagasjóði til sama fyrirtækis.

Nefndin hefir athugað mál þetta eftir því, sem föng eru á. Hún viðurkennir það, að hjer er um nauðsynjamál að ræða, því að sjávarútvegur austanfjalls mundi vinna stórkostlega við það, ef höfn yrði gerð í Þorlákshöfn, svo að mótorbátaútvegur gæti hafist þar, enda mundi mótorbátaútvegur af Eyrarbakka og Stokkseyri þá flytjast þangað. Enn fremur mundi slík höfn gera það að verkum, að mótorbátar og opin skip af Stokkseyri og Eyrarbakka, er ólendandi væri þar sakir brims, mundu geta leitað neyðarhafnar í Þorlákshöfn, en þess eiga þeir ekki kost nú, af því að lendingar er þeim þar ekki kostur nú, því að einungis opnum bátum er fært að lenda þar. Mótorbátahöfn í Þorlákshöfn mundi því bæði lyfta sjávarútvegi austanfjalls stórkostlega og eflaust bjarga mörgu mannslífi í sjávarháska.

Þorlákshöfn er nú eign hlutafjelags. Jörðin er 54⅓ hundruð að dýrleika að fornu mati, en 43,5 hundruð að nýju. Samkvæmt skýrslu eigendanna eru afgjöld af jörðinni nú:

Fyrir reka	kr.	100,00
25 ½ hlutir í skipsuppsátur $^{150}/_{00}$	—	3750,00
Lóðargjald og leigur alls	—	1000,00
Ógreidd jarðarafgjöld	—	500,00
Ýmsar tekjur frá kaupmönnum og öðrum, svo sem fyrir stakkstæði, húsalán o. fl.	—	300,00
	Samtals kr.	5680,00

Síðasta virðingarverð jarðarinnar nemur, samkvæmt sömu skýrslu 96 þúsund krónum, og stendur jörðin að veði fyrir 20 þús. króna láni í Íslandsbanka, og liggur þar virðingargerðin.

Því miður hafa hvorki þinginu nje heldur nefndinni borist áætlanir um kostnað við hafnargerðina nje uppdrættir af hinni fyrirhuguðu höfn, en eigendurnir skýra svo frá, að höfn fyrir 40 mótorbáta af þeirri stærð, er nú tíðkast þar austur, mundi kosta 50—60 þús. krónur.

Verkfræðingur landsins, Jón Þorláksson, hefir skýrt formanni nefndarinnar frá því, að örugg mótorbátahöfn fyrir 50 báta mundi kosta um 75 þús. krónur.

Óskir manna þar austur ganga mjög eindregið í þá átt, að slík höfn, sem hjer segir, verði sem fyrst gerð. Bæði liggja fyrir áskoranir í þingmálafundargerðum í þá átt og beiðni úr þeim hreppum Árnessýslu, er málið skiftir mestu.

Eins og áður er sagt er Þorlákshöfn eign einstakra manna, hlutafjelags. Þar af leiðir, að þeir geta nú að sjálfsögðu sett þeim mönnum, er þaðan gera út báta til fiskiveiða, þá kosti, er þeim þykir hlýða, bæði um gjald fyrir skipsuppsátur og aðra notkun vergagna. Hins vegar gerir hafnarleysið á ströndina

Suðurlandsundirlendisins það að verkum, að menn mundu neyðast til að gera út þaðan, enda þótt kostirnir yrðu afarharðir, enda er staðurinn fiskisæll. Vjer lítum því svo á, að full almenningsnauðsyn sje til þess, að landið eignist þessa jörð. Á þann hátt ætti hag sjómannastjettarinnar að vera vel borgið, því að landið mundi að sjálfsögðu sjá sinn hag mestan í því að þröngva að engu leyti hag sjómanna og aldrei setja gjöldin af þeirra hendi óhæfilega hátt fyrir notkun vergagna þar, og sleppa þó reikningslega skaðlaust, auk þess hagnaðar, sem landið alt og sýslurnar, Árness- og Rangárvallasýslur, mundu hafa af auknum og tryggari sjávarútvegi á þessum stað. Hins vegar er auðvitaður hlutur, að núverandi eigendur eiga að fá sitt uppborið fyrir eignina, þá er hún kæmist undir eignarumráð landsins.

Til þess að tryggja bæði hag þeirra, sem einkum mundu nota höfnina og jafnframt til þess að tryggja það, að höfnin yrði gerð sem fyrst og sem best, viljum vér leyfa oss að leggja til, að stjórnin skuli fyrst og fremst semja um kaup á Þorlákshöfn og kaupa hana, ef um semur. En takist það ekki, þá vill nefndin, að löggjafarvaldið veiti landsstjórninni heimild til þess að taka eignarnámi jörðina eða svo mikið af henni, sem nægir til framkvæmdar hafnargerðinni og fullri notkun hafnarinnar. Eins og vikið var á, þá sýnist oss eigi vafi á því, að almenningsþörf heimti þetta. Þegar landið hefði fengið eignarumráðin yfir jörðinni, þá ætti sem allra fyrst að byrja á verkinu, er áætlanir og önnur gögn væru ábyggileg fengin, og mætti það eigi síðar vera en í maí 1915, svo vænta megi, að höfnin verði tilbúin til afnota á vertíðinni 1916.

Á jörðinni má hafa bú nokkurt, því að tún eru þar, enda gott um áburð úr fiskúrgangi, og svo fjörubeit allgóð. Útræði gæti eflaust orðið þar miklu lengri tíma á ári hverju en nú er eftir að höfnin væri komin. Heyskap má og sækja í Ölfus, ef þörf gerist. Mundi jörðin eflaust verða auðbygð.

Samkvæmt framanskráðu leyfum vjer oss að bera upp fyrir háttv. deild frumv. um kaup á Þorlákshöfn o. fl., og er frumv. prentað á þingskj. 392.

Alþingi 6. ágúst 1914.

Matth. Ólafsson, formaður.	Einar Arnórsson, skrifari.

Björn Kristjánsson. G. Eggerz. Sigurður Sigurðsson.

Ed. **394. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. október 1912.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu setjast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Soda, krít, leir, karbíd, bensin, þakhellur, netakúlur og tómar flöskur.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Olíufóðurkökur, melasse og melassemjöl, kjötfóðurmjöl, fiskfóðurmjöl, hjólklafar (blakkir), saumur, brýni, hverfisteinar, kvarnarsteinar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, kvíslar, spaðar, steðjar, sleggjur, járnkarlar, ljáblöð, bátavjelar (mótorar), lausar umbúðir, tómir pokar, strigi, mottur, fiskinet, kork, netagarn, tilbúin segl, segldúkur, kaðlar allskonar og færi, olíur í tunnum og í dúnkum, aðrar en steinolía og bensín, fastur vjelaáburður, strigaábreiður (Presenninger) og járnbrautarteinar, spengur, rær og gaddar til járnbrautargerðar, húsapappi alls konar, akkeri og akkerisfestar (hlekkjafestar), kokolit, járnbitar, ofnar, eldavjelar, járnpípur, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður, gólfdúkar (Linoleum) og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn alls konar skófatnaður), tvinna og alls konar garni, öðru en alls konar seglgarni og netagarni, 0,60 kr. af hverjum 10 kilogr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu þar bátar taldir.

Sjötti liður 1. málsgr. 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílogr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Auk vörutegunda þeirra, sem undanþegnar eru vörutolli undir 6. lið 1. gr. nefndra laga, skal pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld til beitu, steinlímspípur, leirpípur og sandur vera undanskilin vörutolli.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 22, 20. október 1913, um breyting á lögum um vörutoll úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Ed. **395. Nefndarálit**

um strandferðir.

Samkvæmt ályktunum í neðri deild og efri deild Alþingis, kusu báðar deildirnar samtímis nefndir, til þess að íhuga strandferðafyrirkomulagið, neðri deild 7 manna nefnd, en efri deild 5 manna nefnd. Formaður neðri deildar nefndarinnar var kosinn Björn Kristjánsson og skrifari Sveinn Björnsson. Formaður efri deildar nefndarinnar var kosinn Björn Þorláksson og skrifari Jósef Björnsson. Formenn nefndanna komu sjer þegar saman um það, að nefndirnar skyldu frá byrjun hafa sameiginlega fundi. Komu svo nefndirnar saman á sameiginlegan fund 20. júlí. Var þá kosinn fundarstjóri samvinnunefndarinnar Guðmundur Björnsson og fundarskrifari Sveinn Björnsson.

Voru svo haldnir nokkrir samvinnunefndarfundir, en því næst kaus nefndin 5 manna undirnefnd, til þess að vinna úr gögnum þeim, er fyrir lágu, og gera tillögur til samvinnunefndarinnar.

Er sú nefnd hafði lokið störfum sínum, gaf hún samvinnunefndinni skýrslu sína og kom fram með tillögur sínar.

Að því búnu fjekk samvinnunefndin stjórn h/f Eimskipafjelags Íslands á fund með sjer og ræddi málið með henni.

Bæði samvinnunefndin og undirnefndin höfðu samgöngumálaráðunaut stjórnarinnar til aðstoðar og ráða, og kom hann að jafnaði á nefndarfundi.

Í samningi, gerðum 4. febrúar þ. á. milli landsstjórnarinnar og h/f Eimskipafjelags Íslands (flgskj. III. með *þingskj. 57)*, er svo um samið, að h/f Eimskipafjelag Íslands taki að sjer strandferðir umhverfis Ísland frá því í apríl 1916 „með 2 eða fleiri strandferðaskipum, og sjeu ferðirnar eigi lakari að skipakosti nje óhentugri en strandferðir þær, er verið hafa að undanförnu síðan 1911, gegn því að fjelaginu sje greiddur til ferða þessara sanngjarn styrkur úr landssjóði, og lætur fjelagið byggja í tæka tíð tvö hæfileg skip í þessu skyni.

Um stærð skipanna, fyrirkomulag ferðanna, ferðaáætlanir og taxta, og jafnframt um styrkinn úr landssjóði á hverjum tíma sem er, fer eftir síðari samningum milli landssjóðs og fjelagsins" (sbr. 2. gr.).

Samkvæmt 5. gr. er gert ráð fyrir, að samningar þessir verði gerðir fyrir 1. febrúar 1915.

Samkvæmt þingsályktunartillögunum um skipun nefndanna á þgskj. 96 og 97 er nefndunum ætlað að íhuga þetta mál og koma fram með tillögur um það.

Samkvæmt fjárveitingu í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915, og eftir tillögum samgöngumálanefnda síðasta þings, skipaði ráðherra í febrúarmánuði síðastliðnum samgöngumálaráðunaut. Til starfans var skipaður Olgeir Friðgeirsson, áður verslunar-

stjóri á Vopnafirði. Hefir hann á þessu vori ferðast um landið, til þess að kynna sjer óskir landsmanna um strandferðir og annað þar að lútandi.

Hefir hann nú stungið upp á þrenns konar fyrirkomulagi á strandferðunum. Er gerð grein fyrir þessum uppástungum í 3 áætlunum, ásamt skýringum á þeim, flgskj. I.—IV.

Eftir að hafa íhugað áætlanir þessar nákvæmlega, komst samvinnunefndin að þeirri niðurstöðu, að byggja á fyrirkomulagi því, sem gert er ráð fyrir í áætlun nr. 2.

Samgöngumálaráðunautur hefir samið áætlanir yfir kostnað við útgerðina, samkv. hverri áætlun fyrir sig, og væntanlegar tekjur skipanna. Hefir hann borið þær undir útgerðarstjóra Eimskipafjelagsins og hann fallist á þær. Fylgja áætlanirnar nefndarálitinu, flgskj. VI. a.—VI. c.

Til glöggvunar, skal hjer sett samanburðaryfirlit yfir áætlanir þessar allar.

	Áætlað verð skipanna kr.	Stærð í smálestum nettó	Farrými: farþegar í 1. flokki	farþegar í 2. flokki	farþegar í 3. flokki	Gang-hraði á vöku	Kæli-rúm ten.fet.	Tekju-halli kr.	Tala strandferða: venjulegar strandferðir	hraðferðir	alls
Áætlun nr. 1.											
Skip A	235 þús.	350	50	50	100	9 mílur	1200	105,810 eða 78,810	9	12	*21*
— B	200 —	450	20	40	140	8 —	ekkert				
Áætlun nr. 2.											
Skip A	245 þús.	400	40	50	100	9 mílur	1200	119,200 eða 77,300	14	10	**24**
— B	245 —	400	40	50	100	9 —	1200				
Áætlun nr. 3.											
Skip A	235 þús.	350	50	50	100	9 mílur	1200	116,576	$9^1/_2$	$10^1/_2$	*20*
— B	200 —	450	20	40	140	8 —	ekkert				
— C	80--250*)	225—250	18—24	ekkert	70—80	8 —	ekkert		og auk þess 6 ferðir frá Rvík til Seyðisfjarðar og aftur til baka og 11 ferðir til útlanda.		

*) 80, ef keypt er gamalt, 250 ef bygt er að nýju.

Enn fremur fylgir nefndarálitinu samanburðaryfirlit á strandferðum 1912 (Thoreútgerðin), 1913 (Sam. fjelagsútgerðin), 1914 (Björgvinjarfjelag og Tuliniusarskip), samkvæmt áætlunum samgöngumálaráðunautarins nr. 1. 2. og 3 og samkvæmt áætlun hans nr. 2 með breytingum, sem nefndirnar leggja til að gerðar verði á þeirri áætlun, flgskj. VII.

Til enn frekari skýringa fylgir nefndarálitinu samanburðaryfirlit yfir ferðafjöldann, flgskj. VIII.

Sýnir yfirlit þetta tölu viðkoma á hverri höfn, eftir hverju fyrirkomulaginu fyrir sig.

Loks fylgir nefndarálitinu ný áætlun, sem samvinnunefndin hefir samið, og leggur til, að lögð verði til grundvallar í samningum landsstjórnarinnar við Eimskipafjelagið, (flgskj. IX). Er áætlun þessi, eins og áður er getið, bygð á áætlun samgöngumálaráðunautarins nr. 2; aðalbreytingar nefndanna frá áætlun nr. 2 eru þessar:

1. Ferðirnar látnar byrja í apríl í staðinn fyrir í mars.
2. Skipin látin fara eina ferða til útlanda hvort (í júlílok og í miðjum ágúst).

Við þetta verður tekjuhallinn á ferðunum 41,900 kr. minni en verða mundi, ef hallast væri að áætlun nr. 2 óbreyttri, sbr. kostnaðaráætlun samgöngumálaráðunautarins.

Skal nú gerð hjer nokkur grein fyrir ástæðum samvinnunefndarinnar fyrir tillögu hennar.

Skip þau, sem áætlun nr. 2 gerir ráð fyrir, telur samvinnunefndin heppilegust. Skipin eiga bæði að vera nákvæmlega með sömu gerð og fyrirkomulagi. Reynslan hefir sýnt að skip, sem eru eingöngu vöruflutningaskip eða hafa aðeins rúm fyrir fáa farþega, eru óhentug til strandferða hjer. Menn þurfa að geta ferðast hafna á milli með skipunum og haft sæmilega góðan aðbúnað. Fólksflutningar með strandferðaskipunum fara stöðugt vaxandi og hafa aldrei fyr verið eins miklir og á þessu ári, með Björgvinjarskipunum. „Austri" og „Vestri", sem menn að öðru leyti voru ánægðir með, reyndust heldur litlir. Skip þessi eru talsvert stærri og með meira farþegarúmi í strandferðum. Gert er ráð fyrir að taka megi burt 2. farrými, er skipið siglir eigi í strandferðum, og nota þá alt skipið utan 1. farrýmis sem lestarrúm.

Fyrirkomulag ferðanna telja nefndirnar heppilegra eftir áætlun nr. 2 en hinum áætlunum. Þar sameinaðar ferðir með mörgum viðkomustöðum við skjótar hringferðir. Skipin ávalt látin fara alla leið kringum landið (nema í tveim ferðum) og ferðunum þannig hagað að hægt er venjulega að komast á hafnirnar kringum landið með öðru skipinu, og þaðan aftur eftir stuttan tíma með hinu.

Er skipin koma frá útlöndum að vorinu hafa þau meðferðis birgðir af erlendri vöru. Þegar ullin er tilbúin að sumrinu, fæst ferð til útlanda með hana frá öllum höfnum. Loks er ætlast til að skipin taki kjötið í síðustu ferðunum og flytji það beint út.

Viðkomustaðir eru alls 87, en um 25 þeirra er svo ákveðið, að þar sje að eins komið, ef talsverður flutningur er. Á þenna hátt fá mjög margar hafnir viðkomur, en þó eigi að nauðsynjalausu, og sparast við það óþarfa ferðir á staði, þar sem lítið eða ekkert er að gera, og kostnaður sá, sem af því leiðir.

Kostnaður við ferðirnar og tekjuhallinn af þeim er minstur með þessu fyrirkomulagi; sbr. kostnaðaráætlanir samgöngumálaráðunautarins. Auk þess má með þessu

fyrirkomulagi spara talsvert af fjárveitingum til flóabáta, 20 þús. kr. að minsta kosti. Um þetta atriði og fleiri vísast til brjefs samgöngumálaráðunautarins til nefndanna dags. 30. júlí þ. á, sem fylgir nefndarálitinu (fylgskj. V).

Stjórn Eimskipafjelagsins hefir tjáð sig, ef ekkert ófyrirsjáanlegt kemur fyrir, reiðubúna til þess að taka að sjer slíkar strandferðir, sem nefndirnar leggja til að samið verði um, fyrir 77,300 króna ársstyrk, eða þá upphæð, sem samgöngumálaráðunautarinn hefir áætlað að hallinn mundi verða af ferðunum. Þó áskildi stjórnin sjer rjett til, við endanlega samning áætlana, að víkja lítilsháttar við brottfarar og komudögum, ef þörf væri á, til þess að hafa samband milli strandferðaskipanna og millilandaskipanna. En jafnframt hefir stjórn Eimskipafjelagsins tekið það fram, að með því að hjer er gert ráð fyrir mun dýrari skipum en höfð voru í huga er síðasta Alþingi gaf heimildina um hlutakaup landssjóðs í fjelaginu, (þá var gert ráð fyrir, að bæði skipin mundu kosta 440 þús. kr.; nú er verð þeirra áætlað 490 þús. krónur) og auk þess lán það, sem fæst gegn 1. veðrjetti í skipunum lægra en þá var ráð fyrir gert, þá muni það eigi geta tekist á hendur að láta byggja slík skip og reka strandferðir með þeim, nema landssjóður leggi til fjelagsins 50—100 þús. krónur í viðbót, eftir því hverju verði tekst að fá samið um smíðar á skipunum. Ef það skyldi koma fyrir, að skipaverð fari fram úr öllu hófi, vegna Norðurálfuófriðarins, þá er talið sjálfsagt að Eimskipafjelaginu verði eigi talið skylt að smíða skipin. Hjer er gert ráð fyrir, að verð beggja skipanna fari eigi fram úr 500 þús. krónum.

Samvinnunefndin lítur svo á, að strandferðum verði best fyrir komið í höndum þessa innlenda eimskipafjelags. Telja þær sjálfsagt og nauðsynlegt, að fjelagið bíði eigi fjárhagslegt tjón af því að taka að sjer ferðirnar. Fyrir því leggur nefndin til, að landsstjórninni verði heimilað:

1. Að semja við fjelagið um strandferðir með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í flgskj. IX., og með skipum af þeirri gerð, sem áætlun samgöngumálaráðunautarins nr. 2 gerir ráð fyrir, fyrir árin 1916 og 1917 með alt að 77,300 króna ársstyrk úr landssjóði.

2. Að kaupa fyrir landssjóðs hönd alt að 100 þús. krónum af hlutum í fjelaginu í viðbót við þær 400 þús kr., sem landssjóður hefir þegar skuldbundið sig til að kaupa.

Hefir nefndin samið tillögu til þingsályktunar (þgskj. 363) og frumvarp þgskj. 362), hjer að lútandi,

---

Frumvarpið felur í sjer þær breytingar á lögum síðasta þings, sem þarf til að heimila landsstjórninni aukna hluttöku í Eimskipafjelaginu og auk þess er eðlilegt, úr því að samningar eru gerðir við Eimskipafjelagið, að jafnframt sjeu feldar úr frumvarpinu þær greinar, sem eiga við landssjóðsútgerð.

Í *þingsályktunartillögunni* er skipunum lýst samkvæmt skýringu samgöngumálaráðunautarins (flgskj. IV.), að eins er tiltekið rúmmál farmrúmsins, með því að

það er ábyggilegra um vörurúm skipsins en tala smálesta; 30,000 ten fet samsvara 400 smál. í slíku skipi.

Að öðru leyti felast skýringar á tillögunni í því, sem áður er greint.

Um einstök önnur atriði í væntanlegum samningi milli landsstjórnarinnar og Eimskipafjelagsins leyfir samvinnunefndin sjer að koma fram með eftirfylgjandi bendingar:

1. *Samningstími.* Það er gengið út frá því sem sjálfsögðu, að *ekki verði samið í fyrstu nema fyrir tveggja ára tíma.* Þetta virðist nefndunum sjálfsagt, hvort heldur litið er á málið frá hálfu landsstjórnarinnar eða Eimskipafjelagsins, af því ekkert verður með vissu sagt um, hvort tekjuhallinn verður sá, sem ráð er gert fyrir. Hann getur orðið meiri eða minni en áætlað hefir verið. Reynslan ein getur sannað, hvernig því verður farið, er til framkvæmda kemur. Styrkur sá, er nefndirnar leggja til, að veittur verði úr landssjóði til strandferðanna, getur því reynst of mikill eða of lítill, og er hvorugt gott, ef gilda ætti fyrir lengri tíma.

2. *Umhleðsla.* Það var upplýst fyrir nefndunum, að ætti Eimskipafjelagið að annast umhleðslu á vörum, án endurgjalds frá vörueigendum, þá myndi það auka tekjuhalla strandferðaskipanna um alt að 20 þús. kr. Þótt nokkuð megi með því mæla, að umhleðslugjald sje ekki tekið af vörueigendum, þá hafa nefndirnar þó ekki viljað leggja það til, því styrkurinn úr landssjóði hefði þá orðið að hækka að miklum mun. Að því er snertir umhleðslugjaldið, vænta nefndirnar þess hins vegar, að það *verði sett svo lágt, sem fært þykir,* og að minsta kosti ekki hærra en 3—5 kr. fyrir hvert tonn.

3. *Farmgjöld.* Þegar ræða er um farmgjöld fyrir vörur milli hafna innanlands, þá virðist nefndunum æskilegt, að *þau sjeu ákveðin með hliðsjón af vegalengdinni, sem vörurnar eru fluttar,* á líkan hátt og gert er um fargjöld. Þetta myndi verða til þess að auka flutninga milli nálægra hafna og til mikilla hagsmuna fyrir viðskiftalífið á ýmsum stöðum á landinu.

4. *Fæðissala.* Þótt allmikið mæli með því, að farþegar með strandferðaskipunum sjeu ekki skuldbundnir til að kaupa fæði, heldur fari það eftir vild þeirra, hvort þeir kaupi fæði eða ekki, *þá treysta nefndirnar sjer ekki til að mæla með því, að því er snertir farþega á 1. farrými.*

Nefndirnar játa að vísu, að stundum komi þetta allhart niður, en það er þegar sjóveiki hamlar mönnum frá að neyta matar svo dögum skiftir.

En í þessu efni verður líka á það að líta, að svo framt sem ekki er fast ákveðið að farþegar á 1. farrými kaupi fæði, þá myndi reynast örðugt eða ómögulegt fyrir Eimskipafjelagið, að fá mann til að taka matsöluna að sjer fyrir eigin reikning. Óvissan um hve mikið keypt kunni að verða í þeirri eða þeirri einstakri ferð, gæti hæglega orðið þess valdandi, að matsali yrði fyrir skaða á matvælum, sem hann hefði umfram þarfir eða hann reyndist ekki nógu birgur af matvælum, sem þörf væri á. Hið fyrra af þessu myndi helst koma fyrir, þegar ilt væri í sjó og margir yrðu sjóveikir. En þetta yrði matsalinn að hafa bótalaust, ef alt væri laust um fæðissöluna. Það er því eðlilegt að matsalinn tæki alloft litlar birgðir til að firra sig skaða, og kynni þá stundum að lenda í skorti. Það, sem selt yrði af fæði, myndi og með þessu móti verða dýrara en ella.

Farþegar á 1. farrými er að jafnaði efnað fólk, sem vill láta sjer líða vel og er fúst til að borga sennilegt gjald fyrir þægindi þau, sem það nýtur. Þessi ástæða mælir því talsvert með fastákveðinni fæðissölu til slíkra farþega.

Verði kaupskylda fæðis akveðin fyrir farþega á 1. farrými, sem sennilegt er að verði, þá vilja nefndirnar lata þess getið, sem álits síns, að *fæðið myndi geta orðið sómasamlegt þó verð á dagfæði yrði ekki sett hærra en 3 kr. fyrir manninn.*

Þess skal að lokum getið, að vakið var máls á því í samvinnunefndinni að þörf væri á að bæta samgöngur við Borgarnes. Flutningaþörf þar orðin geysimikil, en Flóabáturinn lítill og ófullkominn, og aldrei ferðir með sama skipi frá útlöndum eða til útlanda. Nefndin leit svo á, að örðugt mundi að koma við siglingum með stærri skipum í Borgarnes, meðan leiðin þangað er ómæld og ómerkt. En nefndin vill beina því til stjórnarinnar, að gerðar verði sem fyrst ráðstafanir til að mæla leiðina inn Borgarfjörð og rannsaka, hvort eigi megi með merkjum og ljósum gera hana færa skipum jafnt í björtu sem dimmu.

Alþingi 4. ágúst 1914.

Samvinnunefnd um strandferðir.

G. Björnsson, fundarstjóri.	Sveinn Björnsson, skrifari í Nd.	Jósef J. Björnsson, skrifari í Ed.	Björn Þorláksson, form. í Ed.

Hjörtur Snorrason. H. J. Kristófersson. Þorleifur Jónsson.

Stefán Stefánsson Eyf. Guðm. Ólafsson. Matth. Ólafsson.

M. J. Kristjánsson. Björn Kristjánsson, form. í Nd.

Fylgiskjal I.

Áætlun nr. I fyrir tvö nýbyggð strand-

(„A“ vel útbúið fólksflutningaskip. —

Vestur um land	2	4	6	8	10	12	14	16	18	20	21
	B	A	A	B	A	A	B	A	A	B	A.
Frá Reykjavík	8/4	1/5	16/5	8/6	2/7	16/7	8/8	1/9	15/9	8/10	17/10
— Hafnarfirði	8	...	...	8	...	...	8	...	...	8	17
— Akranesi*	..	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Borgarnesi*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Skógarnesi*	..	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Búðum	8	...	...	8	...	...	8	...	...	...	18
— Sandi	9	...	...	9	...	...	9	...	...	9	18
— Ólafsvík	9	...	...	9	...	...	9	...	...	9	19
— Grundarfirði	9	...	...	9	...	...	9	..	...	...	19
— Stykkishólmi	10	2	17	10	3	17	10	2	16	10	20
— Hvammsfirði	10	...	...	10	...	..	10	...	...	...	20
— Gilsfirði	11	...	...	...	...	...	11	...	...	...	21
— Flatey	11	...	...	11	...	...	11	...	...	10	21
— Patreksfirði	12	2	17	11	3	17	12	2	16	11	22
— Tálknafirði	12	...	...	12	...	...	12	...	...	...	22
— Arnarfirði	12	...	...	12	...	...	12	...	...	11	22
— Dýrafirði	13	3	18	12	4	18	13	3	17	11	23
— Önundarfirði	13	...	...	13	...	...	13	...	...	11	23
— Súgandafirði	13	...	...	13	...	...	13	..	...	...	23
— Bolungarvík	13	...	...	13	...	...	13	...	...	...	...
Til Ísafjarðar	14/4	3/5	18/5	13/6	4/7	18/7	14/8	3/9	17/9	12/10	24/10
Frá Ísafirði	15/4	4/5	19/5	15/6	5/7	19/7	15/8	4/9	18/9	13/10	25/10
— Norðurfirði	15	...	...	15	...	...	15	...	...	...	25
— Reykjarfirði	15	...	...	15	..	...	15	...	...	13	25
— Steingrímsfirði	16	4	19	16	5	19	16	4	18	14	26
— Bitrufirði	16	...	...	16	...	...	16	...	...	...	26
— Borðeyri	16	...	...	16	...	...	16	...	...	14	27
— Hvammstanga	17	...	...	17	...	...	17	...	...	14	27
— Blönduósi	17	5	20	17	6	20	17	5	19	15	28
— Skagaströnd	17	...	...	17	...	...	17	..	...	15	28
— Kálfshamarsvík*	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...	...
— Sauðárkróki	18	5	20	18	6	20	18	5	19	16	29
— Grafarósi	18	...	...	...	...	...	18	...	...	...	29
— Hofsósi	...	...	...	18	...	...	...	...	...	16	...
— Haganesvík	18	...	...	18	...	...	18	...	...	17	29
— Siglufirði	19	5	20	19	6	20	19	5	19	17	30
— Ólafsfirði	19	...	...	19	...	..	19	...	...	17	30
— Dalvík	19	...	...	19	...	...	19	...	...	18	30
— Hjalteyri*	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...	...
Til Akureyrar	20/4	6/5	21/5	20/6	7/7	21/7	20/8	6/9	20/9	18/10	31/10

*) »B« kemur við á þessum höfnum, ef nægur flutningur býðst og ástæður leyfa.

-ferðaskip „A“ og „B“ árið 1916.

„B“ vöruflutningaskip með allmiklu farþegarúmi).

Vestur um land	2	4	6	8	10	12	14	16	18	20	21
	B	A	A	B	A	A	B	A	A	B	A.
Frá Akureyri	22/4	8/5	22/5	22/6	8/7	22/7	22/8	7/9	21/9	20/10	2/11
— Svalbarðseyri*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Kljáströnd	22	...	...	22	...	...	22	...	...	20	...
— Hrísey	22	...	...	22	...	...	22	...	...	20	...
— Grímsey	22	...	...	22	...	...	22	...	...	...	...
— Flatey	23	...	...	22	...	...	23	...	...	...	...
— Húsavík	23	8	22	23	8	22	23	7	21	21	2
— Fjallahöfn	23	...	...	23	...	...	23	..	...	...	...
— Kópaskeri	24	...	...	23	9	...	24	...	21	21	3
— Raufarhöfn	24	. .	23	24	...	...	24	8	22	22	3
— Þórshöfn	24	9	...	24	...	23	24	...	22	22	3
— Skálum	...	...	...	24	...	...	25	...	...	...	...
— Gunnólfsvík	25	...	...	25	...	...	25	...	...	...	...
— Bakkafirði	25	...	...	25	...	...	25	...	23	23	4
— Vopnafirði	25	9	23	25	9	23	26	8	23	23	4
— Unaósi	26	...	...	26	...	...	26	...	...	...	...
— Borgarfirði	26	...	...	26	...	...	26	...	...	23	4
— Loðmundarfirði*	...	...	...	...	...	...	. .	...	...	...	...
Til Seyðisfjarðar	26/4	10/5	24/5	26/6	10/7	24/7	26/8	9/9	23/9	24/10	5/11
Frá Seyðisfirði	28/4	11/5	25/5	28/6	11/7	25/7	28/8	10/9	24/9	25/10	7/11
— Mjóafirði	28	...	...	28	...	...	28	...	...	25	7
— Norðfirði	28	11	25	28	11	25	28	10	24	25	7
— Eskifirði	28	11	25	28	11	25	28	10	24	25	7
— Reyðarfirði	28	...	...	28	...	...	28	...	...	26	8
— Vattarnesi	29	...	...	29	...	...	29	...	...	...	...
— Fáskrúðsfirði	29	11	25	29	11	25	29	10	25	26	8
— Stöðvarfirði	29	...	...	29	...	..	29	...	...	26	...
— Breiðdalsvík	29	...	...	29	...	...	29	...	...	27	...
— Djúpavogi	30	...	25	30	...	26	30	...	25	27	8
— Hornafirði	30	...	...	30	...	...	30	...	...	28	...
— Vík	1/5	...	...	1/7	...	...	31	...	...	29	...
— Vestmannaeyjum	1	12	26	1	12	27	31	11	26	30	10
— Stokkseyri	2	...	...	2	...	...	1/9	...	...	30	...
— Eyrarbakka	...	...	...	...	...	...	...	...	...	31	...
— Þorlákshöfn	...	...	...	...	...	...	..	...	...	31	...
— Grindavík	2	...	...	2	...	...	1	..	...	1/11	...
— Sandgerði	2	...	...	2	...	...	1	...	...	1	...
— Gerðum	3	...	...	3	...	...	2	...	...	1	...
— Keflavík	3	...	...	3	...	...	2	...	...	2	...
— Hafnarfirði	3	...	...	3	...	...	2	...	...	2	...
Til Reykjavíkur	4/5	13/5	27/5	4/7	13/7	28/7	3/9	12/9	27/9	3/11	11/11

*) »B« kemur við á þessum höfnum, ef nægur flutningur býðst og ástæður leyfa.

Fylgiskjal I. (Frh).

Áætlun nr. 1 fyrir tvö nýbygð strand-
(»A« vel útbúið fólksflutningaskip. —

Austur um land	1	3	5	7	9	11	13	15	17	19
	B	A	B	A	A	B	A	A	B	A
Frá Reykjavík	8/3	15/4	8/5	1/6	16/6	8/7	1/8	17/8	8/9	1/10
— Hafnarfirði	8	...	8	...	...	8	1	...	8	...
— Keflavík	8	...	8	...	...	8	...	...	8	...
— Gerðum	8	...	8	...	...	8	...	...	8	...
— Sandgerði	9	...	9	...	...	9	...	...	9	...
— Grindavík	9	...	9	...	...	9	...	...	9	...
— Þorlákshöfn	9	...	9	...	...	9	...	...	9	...
— Eyrarbakka	10	...	10	...	...	10	2	...	10	...
— Stokkseyri	10	...	10	...	...	10	2	...	10	...
— Vestmannaeyjum	11	16	11	2	17	11	3	18	11	2
— Vík	12	...	12	...	...	12	3	...	12	...
— Hornafirði	13	...	13	...	...	13	4	...	13	...
— Djúpavogi	13	...	13	3	18	13	4	...	13	3
— Breiðdalsvík	14	..	14	...	...	14	5	...	14	...
— Stöðvarfirði	14	...	14	...	...	14	5	...	14	...
— Fáskrúðsfirði	14	17	14	3	18	14	5	19	14	3
— Vattarnesi	...	...	14	...	...	14	...	...	14	...
— Reyðarfirði	15	...	15	..	...	15	6	...	15	...
— Eskifirði	15	17	15	4	19	15	6	20	15	4
— Norðfirði	15	18	15	4	19	15	6	20	15	4
— Mjóafirði	15	...	15	...	...	15	...	...	15	...
Til Seyðisfjarðar	16/3	18/4	16/5	4/6	19/6	16/7	7/8	20/8	16/9	4/10
Frá Seyðisfirði	18/3	19/4	18/5	5/6	20/6	18/7	8/8	21/8	18/9	5/10
— Loðmundarfirði	...	...	18	...	..	18	...	...	...	...
— Borgarfirði	18	...	18	...	...	18	8	...	18	...
— Unaósi	..	...	18	...	...	18	...	...	18	...
— Vopnafirði	18	19	18	5	20	19	8	21	18	5
— Bakkafirði	19	...	19	...	...	19	9	...	19	...
— Gunnólfsvík	...	...	19	...	...	19	...	...	19	...
— Skálum	...	...	19	...	...	19	...	...	19	...
— Þórshöfn	19	20	19	...	...	20	9	22	20	6
— Raufarhöfn	20	...	20	...	21	20	9	...	20	...
— Kópaskeri	20	...	20	6	...	20	10	...	20	...
— Fjallahöfn*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Húsavík	21	20	20	6	21	21	10	22	21	6
— Flatey	...	...	21	...	...	21	...	...	21	...
— Grímsey	...	...	21	...	...	21	..	...	21	...
— Hrísey	...	...	21	...	...	21	...	...	21	...
— Kljáströnd	...	...	21	...	...	21	...	...	22	...
— Svalbarðseyri*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Til Akureyrar	21/3	21/4	21/5	7/6	22/6	22/7	10/8	23/8	22/9	7/10

*) »B« kemur við á þessum höfnum, ef nægur flutningur býðst og ástæður leyfa.

-ferðaskip »A« og »B« árið 1916.

»B« vöruflutningaskip með allmiklu farþegarúmi).

Austur um land	1	3	5	7	9	11	13	15	17	19
	B	A	B	A	A	B	A	A	B	A
Frá Akureyri	23/3	22/4	23/5	8/6	23/6	24/7	12/8	24/8	24/9	8/10
— Hjalteyri*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Dalvík	23	...	23	...	...	24	...	...	24	...
— Ólafsfirði	23	...	23	...	...	24	...	...	24	...
— Siglufirði	24	22	24	8	23	24	..	24	25	8
— Haganesvík	24	...	24	...	...	25	...	...	25	...
— Hofsósi	24	...	...	...	...	25	...	...	25	...
— Grafarósi	...	...	24	...	...	25	...	...	25	...
— Sauðárkróki	25	22	25	8	23	25	...	24	25	8
— Kálfshamarsvík*	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...
— Skagaströnd	25	...	25	...	...	26	...	...	26	...
— Blönduósi	26	23	26	9	24	26	...	25	26	9
— Hvammstanga	26	...	26	...	...	26	..	...	26	...
— Borðeyri	27	...	27	...	...	27	...	...	27	...
— Bitrufirði	...	...	27	...	...	27	...	...	27	...
— Steingrímsfirði	27	23	27	9	24	27	...	25	27	9
— Reykjarfirði	28	...	28	..	..	28	...	...	28	...
— Norðurfirði	...	...	28	...	...	28	...	...	28	...
Til Ísafjarðar	28/3	24/4	28/5	10/6	25/6	28/7	13/8	27/8	28/9	11/10
Frá Ísafirði	30/3	25/4	30/5	11/6	27/6	30/7	13/8	27/8	30/9	11/10
— Bolungarvík	...	...	...	...	...	...	...	...	30	...
— Súgandafirði	...	...	30	...	..	30	...	...	30	...
— Önundarfirði	30	...	30	..	...	30	...	...	30	...
— Dýrafirði	30	25	30	11	27	30	...	27	30	11
— Arnarfirði	31	...	31	...	...	31	...	...	1/10	...
— Tálknafirði	...	..	31	...	...	31	...	...	1	...
— Patreksfirði	31	25	31	11	27	31	..	27	1	11
— Flatey	1/4	...	1/6	...	...	1/8	..	...	2	...
— Gilsfirði	...	...	...	...	...	1	...	..	...	...
— Hvammsfirði	...	...	...	...	...	2	...	...	...	...
— Stykkishólmi	1	26	1	12	28	2	..	28	2	12
— Grundarfirði	...	...	1	...	...	3	...	...	3	...
— Ólafsvík	2	...	2	...	...	3	...	...	3	...
— Sandi	2	...	2	...	...	3	...	...	3	...
— Búðum	2	...	2	...	...	4	...	...	4	...
— Skógarnesi*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Borgarnesi*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Akranesi *	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Hafnarfirði	3	...	3	...	...	4	...	...	4	...
Til Reykjavíkur	4/4	27/4	4/6	13/6	29/6	5/8	14/8	29/8	5/10	13/10

*) »B« kemur við á þessum höfnum, ef nægur flutningur býðst og ástæður leyfa.

Fylgiskjal II.

Áætlun nr. 2 fyrir tvö nýbygð strand-

(Skipin sje jafnstór og jafnhraðskreið,

Vestur um land	A.											
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Frá Reykjavík	18/3	13/4	28/4	24/5	8/6	2/7	17/7	9/8	24/8	17/9	3/10	25/10
— Hafnarfirði	18	...	28	...	8	...	17	...	24	...	3	25
— Akranesi*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Borgarnesi*	...	...	...	...	...	...	..	...	...	...	...	...
— Skógarnesi*	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...	...	..
— Búðum	...	...	28	...	8	...	...	...	24	...	...	...
— Hellissandi	19	...	29	...	9	...	18	...	25	...	...	...
— Ólafsvík	19	...	29	...	9	...	18	...	25	...	4	26
— Grundarfirði*	..	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Stykkishólmi	19	14	29	25	9	3	18	10	25	18	4	26
— Hvammsfirði	...	..	30	...	10	...	19	...	26	...	...	27
— Gilsfirði (Salthv.,Króksf.)	...	...	30	...	...	...	...	...	26	...	...	27
— Flatey	20	...	30	...	10	...	19	...	26	...	4	28
— Patreksfirði	20	14	1/5	25	11	3	20	10	27	18	5	29
— Tálknafirði	...	...	1	...	11	...	...	...	27	...	...	29
— Arnarfirði	21	...	1	...	11	...	20	...	27	...	5	29
— Dýrafirði	21	15	2	26	12	4	20	11	28	19	5	30
— Önundarfirði	21	...	2	...	12	...	21	...	28	...	5	30
— Súgandafirði	...	...	2	...	12	...	...	...	28	...	...	30
— Bolungarvík	...	...	2	...	12	...	...	...	...	...	...	...
Til Ísafjarðar	22/3	15/4	3/5	26/5	13/6	4/7	21/7	11/8	29/8	19/9	6/10	31/10
Frá Ísafirði	23/3	16/4	4/5	27/5	14/6	5/7	22/7	12/8	30/8	20/9	7/10	2/11
— Norðurfirði	...	...	4	...	14	...	...	...	30	...	...	2
— Reykjarfirði	23	...	4	...	14	...	22	...	30	...	7	2
— Steingrímsfirði	24	16	5	27	14	5	23	12	31	20	7	3
— Bitrufirði	...	...	5	...	15	...	...	...	31	...	...	3
— Borðeyri	24	...	5	...	15	...	23	...	31	...	8	3
— Hvammstanga	24	...	5	...	15	...	23	...	31	...	8	4
— Blönduósi	25	17	6	28	15	6	24	13	1/9	21	8	4
— Skagaströnd	25	...	6	...	16	...	24	...	1	...	9	5
— Kálfshamarsvík*	. .	...	...	...	...	...	...	...	...	..	...	...
— Sauðárkróki	25	17	6	28	16	6	24	13	1	21	9	5
— Grafarósi	...	...	7	...	...	...	25	...	...	...	9	6
— Hofsósi	26	...	...	...	16	...	...	...	2	...	...	6
— Haganesvík	...	...	7	...	16	...	25	...	2	...	10	6
— Siglufirði	26	17	7	28	17	6	25	13	2	21	10	7
— Ólafsfirði	26	...	8	...	17	...	25	...	2	...	10	7
— Dalvík,	26	...	8	...	17	...	26	...	3	...	10	7
— Hjalteyri*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Til Akureyrar	27/3	18/4	9/5	29/5	18/6	7/7	26/7	14/8	8/9	22/9	11/10	8/11

*) Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður, is

ferðaskip »A« og »B« árið 1916.

bæði vel útbúin farþegaskip).

Vestur um land	A.											
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Frá Akureyri	28/3	19/4	10/5	30/5	19/6	8/7	27/7	15/8	4/9	23/9	12/10	10/11
— Svalbarðseyri*.....	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Kljáströnd*..... ...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Hrísey*.....	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Grímsey..... ...	...	...	...	...	19	...	...	...	...	23	...	...
— Flatey*....	...	...	...	...	...	...	...	...	...	..	...	...
— Húsavík.....	28	19	10	30	19	8	27	15	4	23	12	10
— Fjallahöfn*.....	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Kópaskeri..... ..	...	...	11	30	20	..	28	...	5	24	13	...
— Raufarhöfn.....	...	20	11	...	20	...	28	16	5	...	13	...
— Þórshöfn.....	29	...	11	...	20	9	28	...	5	...	13	11
— Skálum	...	...	12	...	...	...	...	...	6	...	...	...
— Gunnólfsvík	...	...	12	...	...	...	...	...	6	...	...	...
— Bakkafirði.....	29	...	12	...	21	...	29	...	6	...	14	...
— Vopnafirði.....	30	20	13	31	21	9	29	16	7	24	14	11
— Unaósi*.....	...	...	...	...	...	...	..	...	...	...	...	...
— Borgarfirði.....	30	...	13	...	21	...	29	...	7	...	14	...
— Loðmundarfirði	...	...	13	...	...	...	..	...	...	...	...	...
Til Seyðisfjarðar.....	31/3	21/4	14/5	1/6	22/6	10/7	30/7	17/8	7/9	25/9	15/10	12/11
Frá Seyðisfirði...	2/4	22/4	15/5	2/6	23/6	11/7	31/7	18/8	9/9	26/9	16/10	13/11
— Mjóafirði.....	...	...	15	...	23	...	31	...	9	...	16	...
— Norðfirði.....	2	22	15	2	23	11	31	18	9	26	16	13
— Eskifirði	2	22	15	2	23	11	31	18	9	26	16	13
— Reyðarfirði.....	2	...	16	...	24	...	1/8	...	10	...	17	...
— Vattarnesi*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Fáskrúðsfirði.....	3	22	16	3	24	11	1	18	10	26	17	14
— Stöðvarfirði.....	3	...	16	...	24	...	1	...	10	...	17	...
— Breiðdalsvík.....	3	...	16	..	24	...	1	..	10	...	17	...
— Djúpavogi.....	4	...	17	...	25	...	2	...	11	27	18	14
— Hornafirði.....	5	...	17	...	25	...	2	...	11	...	18	...
— Vík.....	...	...	18	...	26	...	3	...	12	...	19	...
— Vestmannaeyjum...	7	23	18	4	26	12	3	19	12	28	19	15
— Stokkseyri.....	...	...	19	...	27	...	4	...	13	...	20	...
— Eyrarbakka*.....	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Þorlákshöfn*.....	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	..
— Grindavík.....	...	...	19	...	27	...	4	...	13	...	20	...
— Sandgerði*.....	..	...	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...
— Gerðum*.....	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Keflavík.....	...	...	19	...	27	...	4	...	13	...	20	...
— Hafnarfirði.....	8	...	20	...	28	...	5	...	14	...	21	...
Til Reykjavíkur	9/4	24/4	20/5	5/6	28/6	13/7	5/8	20/8	14/9	29/9	21/10	16/11

eða brim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar. eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

Fylgiskjal II. (Frb.).

Áætlun nr. 2 fyrir tvö nýbygð strand-
(Skipin sje jafnstór og jafnhraðskreið,

Austur um land	B.											
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Frá Reykjavík	15/3	10/4	25/4	21/5	5/6	29/6	14/7	6/8	21/8	14/9	29/9	26/10
— Hafnarfirði	15	...	25	...	5	...	14	...	21	...	29	26
— Keflavík	15	...	25	...	5	...	14	...	21	...	29	26
— Gerðum*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Sandgerði*	...	...	...	..	...	...	...	..	...	...	...	...
— Grindavík	16	...	26	...	6	...	15	...	22	...	30	27
— Þorlákshöfn*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Eyrarbakka*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Stokkseyri	16	...	26	...	6	...	15	...	22	...	30	27
— Vestmannaeyjum	17	11	27	22	7	30	16	7	23	15	1/10	28
— Vík	17	...	27	...	7	...	16	...	23	...	1	28
— Hornafirði	18	...	28	...	8	...	17	...	24	...	2	29
— Djúpavogi	19	...	28	...	8	...	17	...	24	...	2	30
— Breiðdalsvík	19	...	29	...	9	..	18	...	25	...	3	30
— Stöðvarfirði	19	...	29	...	9	...	18	...	25	...	3	30
— Fáskrúðsfirði	20	12	29	23	9	1/7	18	8	25	16	3	31
— Vattarnesi*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Reyðarfirði	20	...	30	...	10	...	19	...	26	...	4	31
— Eskifirði	20	12	30	23	10	1	19	8	26	16	4	31
— Norðfirði	21	13	30	24	10	2	19	9	26	17	4	1/11
— Mjóafirði	21	...	30	...	10	...	19	...	26	...	4	1
Til Seyðisfjarðar	21/3	13/4	1/5	24/5	11/6	2/7	20/7	9/8	27/8	17/9	5/10	1/11
Frá Seyðisfirði	28/3	14/4	3/5	25/5	12/6	3/7	21/7	10/8	28/8	18/9	6/10	3/11
— Loðmundarfirði	..	...	3	...	12	..	...	...	...	...	...	...
— Borgarfirði	23	...	3	..	12	...	21	...	28	...	6	3
— Unaósi*	...	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...	..
— Vopnafirði	23	14	3	25	12	3	21	10	28	18	6	4
— Bakkafirði	24	...	4	...	13	...	22	...	29	...	7	4
— Gunnólfsvík	...	...	...	...	13	...	...	...	...	...	...	...
— Skálum	...	...	...	...	13	...	...	...	...	...	...	...
— Þórshöfn	24	15	4	...	13	...	22	11	29	19	7	5
— Raufarhöfn	25	...	5	26	14	...	23	...	30	..	8	5
— Kópaskeri	25	...	5	...	14	4	23	...	30	...	8	6
— Fjallahöfn*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Húsavík	25	15	5	26	14	4	23	11	30	19	8	6
— Flatey*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Grímsey	...	...	...	...	15	...	...	...	...	20	..	...
— Hrísey*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Kljáströnd*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Svalbarðseyri*	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Til Akureyrar	26/3	16/4	6/5	27/5	15/6	5/7	34/7	12/8	31/8	20/9	9/10	7/11

*) Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður, ís

ferðaskip »A« og »B« árið 1916.
bæði vel útbúin farþegaskip.

Austur um land	B.											
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Frá Akureyri	27/3	17/4	8/5	28/5	17/6	6/7	25/7	13/8	2/9	21/9	11/10	9/11
— Hjalteyri *	...	..	...	...	...	...	...	...	...	...	..	...
— Dalvík	27	...	8	...	17	...	25	...	2	...	11	...
— Ólafsfirði	27	...	8	...	17	...	25	...	2	...	11	...
— Siglufirði	28	17	8	28	17	6	25	13	2	21	11	9
— Haganesvík	28	...	9	...	18	...	26	...	3	...	12	...
— Hofsósi	...	...	9	...	...	..	36	...	...	...	12	...
— Grafarósi	28	...	...	...	18	...	...	...	3	...	...	...
— Sauðárkróki	29	17	9	28	18	6	26	13	3	21	12	9
— Kálfshamarsvík *	...	...	...	...	...	...	..	...	...	...	...	...
— Skagaströnd	29	..	10	...	18	...	26	...	3	...	12	...
— Blönduósi	29	18	10	29	19	7	27	14	4	22	13	10
— Hvammstanga	30	...	10	...	19	...	27	...	4	...	13	...
— Borðeyri	30	...	11	...	19	...	27	...	4	...	13	...
— Bitrufirði	...	...	11	...	19	...	...	...	4	...	...	...
— Steingrímsfirði	30	18	11	29	20	7	28	14	5	22	14	10
— Reykjarfirði	31	...	11	...	20	...	28	...	5	...	14	...
— Norðurfirði	...	..	...	...	20	...	28	...	5	...	14	...
Til Ísafjarðar	31/3	18/4	12/5	30/5	21/6	8/7	29/7	14/8	6/9	22/9	15/10	11/11
Frá Ísafirði	2/4	19/4	13/5	31/5	22/6	9/7	30/7	15/8	7/9	23/9	16/10	12/11
— Bolungarvík	...	...	...	...	...	...	...	...	7	...	16	...
— Súgandafirði	...	...	13	...	22	...	...	...	7	...	16	...
— Önundarfirði	2	...	13	...	22	...	30	...	7	..	16	...
— Dýrafirði	2	19	13	31	22	9	30	15	8	23	17	12
— Arnarfirði	2	...	14	...	23	...	30	...	8	...	17	...
— Tálknafirði	...	...	14	...	23	...	...	...	...	...	17	...
— Patreksfirði	3	19	14	31	23	9	31	15	8	23	17	12
— Flatey	3	...	15	...	24	...	31	...	9	...	18	...
— Gilsfirði (Salthv.,Króksf.)	...	...	...	...	...	...	31	...	...	..	...	...
— Hvammsfirði	...	...	..	...	...	...	1/8	...	9	...	..	...
— Stykkishólmi	4	20	15	1/6	24	10	1	16	10	24	18	13
— Grundarfirði *	...	...	..	...	...	...	...	...	...	...	...	..
— Ólafsvík	4	...	16	...	24	...	1	...	10	...	19	...
— Sandi	4	...	16	...	24	...	2	..	10	...	19	...
— Búðum	...	...	16	...	...	...	2	...	...	...	19	...
— Skógarnesi *	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Borgarnesi *	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Akranesi *	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Hafnarfirði	5	...	17	...	25	...	2	...	11	...	20	14
Til Reykjavíkur	6/4	21/4	17/5	2/6	25/6	11/7	3/8	17/8	11/9	25/9	21/10	14/11

eða brim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar, eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

Fylgiskjal III.

Áætlun nr. 3 fyrir þrjú strandferða-
»A« sje nýbygt, vel útbúið farþegaskip, »B« og

Vestur um land	C	B	C	C	A	C	C	A	C	C
Frá Reykjavík	...	10/4	17/4	...	1/5	7/5	...	15/5	27/5	..
— Hafnarfirði	...	10	...	...	...	...	...	...	...	...
— Akranesi	...	...	17	...	...	7	...	...	27	...
— Borgarnesi	...	...	17	...	...	7	...	...	27	...
— Skógarnesi	...	...	18	...	...	8	...	...	28	...
— Búðum	...	...	18	..	...	8	...	...	28	...
— Hellissandi	...	11	...	...	...	...	...	...	...	...
— Ólafsvík	...	11	...	...	...	...	...	...	..	...
— Grundarfirði	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Stykkishólmi	...	12	...	...	2	...	...	16	...	..
— Hvammsfirði	...	12	...	...	...	...	...	...	...	...
— Gilsfirði	...	13	...	...	...	...	...	...	...	..
— Flatey	...	13	...	...	...	...	...	...	...	...
— Patreksfirði	...	14	...	...	2	...	...	16	...	...
— Tálknafirði	...	14	...	...	...	...	...	...	...	...
— Arnarfirði	...	14	...	...	...	...	...	...	...	...
— Dýrafirði	...	15	...	...	3	...	...	17	...	...
— Önundarfirði	...	15	...	...	..	...	...	...	...	...
— Súgandafirði	...	15	...	...	...	...	...	...	...	....
— Bolungarvík	..	15	..	...	...	...	...	...	...	...
Til Ísafjarðar	...	16/4	...	...	3/5	...	...	17/5	...	...
Frá Ísafirði	...	17/4	...	...	4/5	...	...	18/5	...	...
— Norðurfirði	...	17	...	...	...	...	...	...	...	..
— Reykjarfirði	...	17	...	...	...	...	...	...	...	...
— Steingrímsfirði	...	18	...	...	4	...	...	18	...	...
— Bitrufirði	...	18	...	...	...	...	..	...	...	..
— Borðeyri	...	18	...	...	...	...	..	...	...	...
— Hvammstanga	...	19	...	...	...	...	...	...	...	...
— Blönduósi	...	19	...	...	5	...	...	19	...	...
— Skagaströnd	...	19	..	...	...	...	...	...	...	...
— Kálfshamarsvík	..	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Sauðárkróki	...	20	...	...	5	...	...	19	...	...
— Grafarósi	...	20	...	...	...	...	...	...	...	...
— Hofsósi	...	20	...	..	...	...	...	...	...	...
— Haganesvík	...	21	...	...	...	...	...	...	...	...
— Siglufirði	...	21	...	...	5	...	...	19	...	...
— Ólafsfirði	...	21	...	...	...	...	...	...	...	...
— Dalvík	...	22	...	...	...	...	...	...	...	...
— Hjalteyri	...	22	...	...	...	...	...	...	...	...
Til Akureyrar	...	22/4	...	...	6/5	...	...	20/5	...	...

skip »A«, »B« og »C« árið 1916.

»C« mættu vera brúkuð, en sterk og góð skip.

B	A	C	C	A	C	C	B	C	A	C	B	A	C	A	B	B	
1/6	16/6	17/6	...	1/7	7/7	...	20/7	27/7	...	1/9	...	16/9	...	16/10	20/10	16/12	
1	...	...	...	...	...	...	20	...	...	1	...	...	...	...	20	...	
...	...	17	...	...	7	...	...	27	...	1	...	...	...	...	...	...	
...	...	17	...	...	7	...	...	27	...	1	...	...	...	...	...	...	
...	...	18	...	...	8	...	..	28	...	2	...	...	...	...	...	...	
...	...	18	...	...	8	...	...	28	...	2	...	...	...	...	...	...	
2	...	...	...	...	...	...	21	...	...	2	...	...	...	...	21	...	
2	...	...	...	...	...	...	21	...	...	3	...	...	...	...	21	...	
2	...	...	..	...	...	...	21	...	...	...	...	...	..	...	21	...	
3	17	...	...	2	...	...	22	...	...	3	...	17	...	17	22	18	
3	...	...	...	...	...	...	22	...	...	4	...	...	...	...	23	...	
...	...	...	...	...	...	...	23	...	...	4	..	...	...	...	24	...	
4	...	...	...	...	...	...	23	...	...	5	...	...	...	...	24	18	
4	17	...	...	2	...	...	24	...	...	5	...	17	...	17	25	19	
4	...	...	...	...	...	...	24	...	...	6	...	...	...	...	25	...	
5	...	...	...	...	...	...	24	...	...	6	...	...	...	...	25	...	
5	18	...	...	3	...	...	25	...	...	6	...	18	...	18	26	19	
5	...	...	...	...	...	...	25	...	...	7	...	...	...	...	26	...	
5	...	...	...	...	...	...	25	...	...	7	...	...	...	...	26	...	
5	...	...	...	...	...	...	...	...	..	7	...	...	...	...	...	...	
6/6	18/6	...	...	3/7	...	...	26/7	...	...	7/9	...	18/9	...	18/10	26/10	20/12	
7/6	19/6	...	...	4/7	...	...	27/7	...		9/9	...	19/9	...	19/10	28/10		Þaðan beint til Rvíkur (sjá hinumegin)
7	...	...	...	...	...	...	27	...		9	...	...	...	...	28		
7	...	...	...	...	...	...	27	...		9	...	...	...	...	28		
8	19	...	...	4	...	...	28	...		10	...	19	...	19	29		
8	...	...	...	...	...	...	28	...		10	...	...	...	...	29		
8	...	...	...	..	...	...	28	...		10	...	...	...	...	30		
8	...	...	...	...	...	...	29	..		11	...	...	...	...	30		
9	20	...	...	5	...	...	29	...		11	...	20	...	20	31		
9	...	...	...	...	..	...	29	...		11	...	...	...	...	31		
9	...	..	...	...	...	...	...	...		...	...	...	...	..	...		
10	20	...	...	5	...	...	30	...		12	...	20	...	20	1/11		
10	...	...	...	...	...	...	30	...		12	...	...	...	...	1		
10	...	...	...	...	...	...	30	..		12	...	...	...	...	1		
10	...	...	...	...	...	...	30	...		12	...	...	...	...	2		
11	20	...	...	5	...	...	31	...		13	...	20	..	20	2		
11	...	...	...	...	...	...	31	...		13	...	...	...	...	2		
11	...	...	...	...	...	...	31	..		13	...	...	...	...	3		
11	...	...	...	...	...	...	31	...		...	...	...	...	...	3		
12/6	21/6	...	...	6/7	...	...	1/8	...	20/8	14/9	...	21/9	...	21/10	4/11		

Frá Sauðárkróki

Fylgiskjal III. (Frh.)

Aætlun nr. 3 fyrir þrjú strandferða-
»A« sje nýbygt, vel útbúið farþegaskip, »B« og

Vestur um land	C	B	C	C	A	C	C	A	C	C
Frá Akureyri	...	24/4	...	...	7/5	...	...	21/5	...	...
— Svalbarðseyri	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Kljáströnd	...	...	...	...	..	...	...	...	...	...
— Hrísey	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Grímsey	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Flatey	...	...	...	...	..	...	...	..	...	...
— Húsavík	...	24	...	...	7	...	...	21	...	...
— Fjallahöfn	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Kópaskeri	...	24	...	...	...	..	...	...	...	...
— Raufarhöfn	...	25	...	...	...	...	...	...	...	...
— Þórshöfn	...	25	...	...	8	...	...	22	..	...
— Skálum	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Gunnólfsvík	...	...	..	...	...	...	...	...	..	...
— Bakkafirði	...	26	...	...	...	...	...	...	...	...
— Vopnafirði	...	26	...	...	8	...	...	22	...	...
— Unaós	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
— Borgarfirði	.	26	...	...	. .	...	...	...	...	...
— Loðmundarfirði	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Til Seyðisfjarðar	...	27/4	...	...	9/5	...	...	23/5	...	...
Frá Seyðisfirði	9/4	28/4	...	29/4	10/5	...	19/5	24/5	...	9/6
— Mjóafirði	9	..	...	29	...	...	19	...	...	9
— Norðfirði	9	...	...	29	10	...	19	24	...	9
— Eskifirði	9	...	...	29	10	...	19	24	...	9
— Reyðarfirði	9	...	...	29	...	...	19	...	...	9
— Vattarnesi	10	...	. .	30	...	...	20	...	...	10
— Fáskrúðsfirði	10	...	...	30	10	...	20	24	...	10
— Stöðvarfirði	10	...	...	30	...	...	20	...	...	10
— Breiðdalsvík	10	...	...	30	...	...	20	...	...	10
— Djúpavogi	11	...	...	1/5	...	...	21	...	...	11
— Hornafirði	11	...	...	1	...	...	21	...	...	11
— Vík	12	...	...	2	...	...	22	...	...	12
— Vestmannaeyjum	12	...	...	2	11	...	22	25	...	12
— Stokkseyri	13	...	...	...	...	...	23	...	...	13
— Eyrarbakka	...	...	...	3	...	...	...	...	...	...
— Þorlákshöfn	...	...	...	...	...	...	...	...	...	13
— Grindavík	13	...	...	...	...	...	23	...	...	13
— Sandgerði	...	...	...	3	...	...	...	...	...	13
— Garðum	14	...	...	4	...	...	24	...	...	...
— Keflavík	14	...	...	4	...	...	24	...	...	14
— Hafnarfirði	14	...	...	4	...	...	24	...	...	14
Til Reykjavíkur	15/4	30/4	19/4	5/5	12/5	9/5	25/5	26/5	29/5	15/6

skip »A«, »B« og »C« árið 1916.

»C« mættu vera brúkuð, en sterk og góð skip.

B	A	C	C	A	C	C	B	C	A	C	B	A	C	A	B	B
13/6	22/6	...	...	7/7	...	...	2/8	...	21/8	16/9	Frá útl. með haustvörur	22/9	13/10	22/10	6/11	...
...	...	...	...	...	...	...	til útlanda, væntanlega með fullfermi.	...	...	...		...	...	...	...	...
13	...	...	...	...	...	...		...	...	16		...	13	...	6	...
13	...	...	...	...	...	...		...	...	...		...	...	...	...	...
13	...	...	...	..	...	...		...	...	16		...	...	...	...	...
14	...	...	...	...	...	...		...	...	16		...	...	...	...	...
14	22	...	...	7	...	...		...	21	17	18/9	22	14	22	7	...
14	...	...	...	...	...	...		...	...	17	...	...	...	...	...	..
15	...	...	...	...	...	...		...	21	17	18	22	14	..	7	...
15	23	...	...	8	...	...		...	...	17	19	...	14	...	8	...
15	...	...	...	...	...	...		...	...	18	19	23	15	23	8	...
16	...	...	...	...	...	...		...	...	18	...	...	...	...	...	...
16	...	...	...	...	...	...		...	..	18	...	...	...	...	...	...
16	...	...	...	...	...	...		...	...	19	20	...	15	...	9	...
17	23	...	...	8	...	...		...	22	19	20	23	16	23	9	...
17	...	...	...	...	...	...		...	...	19	...	...	...	...	...	...
17	...	...	...	...	...	...		...	...	19	21	...	16	...	10	...
17	...	...	..	...	...	...		...	...	...	...	...	...	...	...	...
18/6	24/6	...	...	9/7	...	...		...	22/8	20/9	21/9	24/9	17/10	24/10	10/11	...
19/6	25/6	...	29/6	10/7	...	19/7	...	...	23/8	22/9	22/9	25/9	19/10	25/10	12/11	...
...	...	...	29	...	...	19	...	...	...	22	...	...	19	...	...	...
19	25	...	29	10	...	19	...	...	23	22	22	25	19	25	12	...
19	25	...	29	10	...	19	...	...	23	22	22	25	19	25	12	...
...	...	...	29	...	...	19	...	...	...	22	...	...	20	...	13	...
...	...	...	30	...	...	20	...	...	...	23	...	..	20	...	...	...
19	25	...	30	10	...	20	...	...	24	23	24	25	20	25	13	...
...	...	...	30	...	...	20	...	...	...	23	til útl. (væntanl. með fullfermi) *	...	21	...	...	...
...	...	...	30	...	...	20	...	...	...	23		...	21	...	...	...
...	...	...	1/7	...	...	21	...	...	24	24		...	22	...	14	...
...	...	...	1	...	...	21	...	...	...	24		...	23	...	...	...
...	..	...	2	..	...	22	...	...	...	25		...	24	...	...	...
20	26	...	2	11	...	22	...	...	25	25		26	25	26	15	...
...	...	...	...	...	...	23	...	...	..	26		...	25	...	...	...
...	...	...	3	...	...	...	...	...	...	...		...	26	..	...	...
...	...	...	...	...	...	23	...	...	...	...		...	26	...	...	...
...	.	...	3	...	...	23	...	...	...	26		...	...	...	. .	...
...	...	...	...	..	...	23	...	...	...	...		..	27	...	...	...
...	...	...	4	...	...	...	...	...	...	27		...	...	...	...	...
...	...	...	4	...	...	24	...	...	...	27		...	27	...	...	...
..	...	...	4	...	...	24	...	...	...	27		...	27	...	16	...
21/6	27/6	19/6	5/7	12/7	9/7	25/7	...	29/7	26/8	27/9		27/9	28/10	27/10 **	17/11 ***	...

*) Frá útl. beint til Rvíkur. **) 20/10 til útl. ***) 10/11 til útl.

Fylgiskjal III. (Frh.)

Áætlun nr. 3 fyrir þrjú strandferða-
»A« sje nýbygt, vel útbúið farþegaskip, »B« og

Austur um land	C	C	C	C	A	C	B
Frá Reykjavík			...	1/4	15/4	21/4	5/5
— Hafnarfirði			...	1	...	21	5
— Keflavík			...	1	...	21	5
— Gerðum			...	1	...	...	...
— Sandgerði			...	...	...	21	...
— Grindavík			...	2	...	22	...
— Þorlákshöfn			...	2	...	22	...
— Eyrarbakka			...	2	...	22	...
— Stokkseyri			...	2	...	22	...
— Vestmannaeyjum			...	3	16	23	6
— Vík			...	3	...	23	...
— Hornafirði			...	4	...	24	...
— Djúpavogi	12/1		...	4	...	24	7
— Breiðdalsvík	12		...	5	...	25	...
— Stöðvarfirði	12		...	5	...	25	...
— Fáskrúðsfirði	13		...	5	17	25	8
— Vattarnesi	...		...	5	...	25	...
— Reyðarfirði	13		...	6	...	26	8
— Eskifirði	13		...	6	18	26	8
— Norðfirði	14		...	6	18	26	9
— Mjóafirði	...		...	6	...	26	9
Til Seyðisfjarðar	14/1	4/2	...	7/4	18/4	27/4	9/5
Frá Seyðisfirði	16/1	6/2	...	...	19/4	...	11/5
— Loðmundarfirði		...	...	...	...	...	11
— Borgarfirði		6	...	...	..	...	11
— Unaósi		...	...	...	...	...	11
— Vopnafirði		7	...	...	19	...	12
— Bakkafirði		7	...	...	...	...	12
— Gunnólfsvík		...	...	...	...	...	12
— Skálum		...	...	...	...	...	13
— Þórshöfn		8	...	...	20	...	13
— Raufarhöfn		8	...	...	...	...	13
— Kópaskeri		9	...	...	...	...	14
— Fjallahöfn		...	...	...	...	...	...
— Húsavík		9	...	...	20	...	14
— Flatey		...	...	...	...	...	14
— Grímsey		...	...	...	...	...	15
— Hrísey		...	...	...	...	..	...
— Kljáströnd		...	...	...	...	...	...
— Svalbarðseyri		...	...	...	...	...	...
Til Akureyrar		10/2	4/3	...	21/4	...	15/5

Frá útlöndum

Frá útlöndum

Til útlanda

skip »A«, »B« og »C« árið 1916.

»C« mættu vera brúkuð, en sterk og góð skip.

C	A	C	C	B	C	A	C	A	B	A	A	C	C	C	A	B
																...
11/5	1/6	1/6	21/6	25/6	11/7	15/7	1/8	...	...	1/9	1/10	1/10	30/10	5/11		...
11	...	1	21	25	11	...	1	...	...	...	...	1	...	5		...
11	...	1	21	...	11	...	1	...	...	...	...	1	...	5		...
11	...	...	21	...	...	...	1	...	...	...	...	. .	...	...		..
...	...	1	...	...	11	...	...	...	...	...	...	1	...	...		...
12	...	2	22	...	12	...	2	...	...	...	...	2	...	...		...
...	...	2	...	...	12	...	...	...	...	...	...	2	...	...		...
...	...	...	22	..	...	...	2	...	...	...	...	...	...	...		...
12	...	2	22	...	12	...	2	...	...	...	...	2	...	6		...
13	2	3	23	26	13	16	3	...	...	2	2	3	...	7		...
13	...	3	23	...	13	...	3	...	...	...	...	3	...	7		..
14	...	4	24	...	14	...	4	...	...	...	...	4	...	8		...
14	...	4	24	...	14	18	4	...	...	3	...	4	...	9		...
15	...	5	25	...	15	18	5	...	...	...	...	5	...	...		...
15	...	5	25	..	15	18	5	...	...	...	...	5	...	...		...
15	3	5	25	27	15	19	5	...	...	4	3	5	...	9	23/11	...
15	...	5	25	...	15	...	5	...	...	...	...	...	...	...	...	...
16	...	6	26	..	16	19	6	...	...	..	...	6	...	...	23	...
16	4	6	26	27	16	20	6	...	...	4	4	6	...	9	23	...
16	4	6	26	28	16	20	6	...	...	4	4	6	...	10	24	...
16	...	6	26	...	16	...	6	...	...	...	...	6	...	...	...	...
17/5	4/6	7/6	27/6	28/6	17/7	20/7	7/8	...	...	4/9	4/10	7/10		10/11	24/11	
...	5/6	...	..	29/6	...	22/7	9/8		..	5/9	5/10	8/10	...	18/11	25/11	...
...	...	...	...	29	...	...	...		...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	29	...	22	9		...	...	...	8	...	13	..	...
...	...	...	...	29	...	22	9		..	...	...	...	...	...	...	...
...	5	...	...	30	...	23	10		...	5	5	8	...	14	25	...
...	...	...	...	30	...	23	10		...	...	...	9	...	14	...	...
...	...	...	...	30	...	...	10		...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	30	...	...	10		...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	1/7	...	24	11		..	...	...	9	...	15	...	...
...	6	...	...	1	...	24	11		...	...	...	10	...	15	...	...
...	...	..	...	1	...	25	11		...	6	6	10	...	16	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...		...	...	...	...	...	...	...	...
...	6	...	...	2	...	25	12		...	6	6	10	...	16	26	...
...	...	...	...	2	...	...	12		...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	2	...	...	12		...	...	...	...	...	...	...	...
...	..	...	...	2	...	...	...		...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	3	...	..	...		...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...		...	...	...	...	...	...	...	...
...	7/6	...	...	3/7	...	26/7	13/8	15/8	...	7/9	7/10	11/10	...	17/11	26/11	...

Frá útlöndum

Fylgiskjal III. (Frh.)

Áætlun nr. 3 fyrir þrjú strandferða-
»A« sje nýbygt, vel útbúið farþegaskip, »B« og

Austur um land	C	C	C	C	A	C	B
Frá Akureyri	...	$^{11}/_{2}$	$^{6}/_{3}$	...	$^{22}/_{4}$	...	$^{17}/_{5}$
— Hjalteyri	...		...	...	...	..	...
— Dalvík	...		6	...	...	...	17
— Ólafsfirði	...		6	...	...	...	17
— Siglufirði	...		7	...	22	...	17
— Haganesvík	...		7	...	...	...	18
— Hofsósi	...		7	...	...	...	18
— Grafarósi	..		8	...	...	...	18
— Sauðárkróki	...	Til útlanda	9	...	22	...	19
— Kálfshamarsvík	...			...	...	...	...
— Skagaströnd	...			...	...	...	19
— Blönduósi	...			...	23	...	19
— Hvammstanga	...		Til útlanda	...	...	...	20
— Borðeyri	...			...	...	...	20
— Bitrufirði	...			...	...	...	20
— Steingrímsfirði	...			...	23	...	21
— Reykjarfirði	...			...	...	...	21
— Norðurfirði	...			...	...	...	21
Til Ísafjarðar	...			...	$^{24}/_{4}$	...	$^{22}/_{5}$
Frá Ísafirði	...	...		...	$^{25}/_{4}$	...	$^{23}/_{5}$
— Bolungarvík	..	...		...	...	...	...
— Súgandafirði	...	...		...	...	...	...
— Önundarfirði	...	...		...	...	...	23
— Dýrafirði	...	...		...	25	...	23
— Arnarfirði	...	...		...	...	...	24
— Tálknafirði	...	...		...	...	...	24
— Patreksfirði	...	...		...	25	...	24
— Flatey	...	...		...	...	...	25
— Gilsfirði	...	...		...	...	...	...
— Hvammsfirði	..	...		...	...	...	...
— Stykkishólmi	...	...		...	26	...	25
— Grundarfirði	...	...		...	...	...	...
— Ólafsvík	...	...		...	...	...	26
— Sandi	..	...		...	...	...	26
— Búðum	...	...		...	...	...	...
— Skógarnesi	...	...		...	...	...	...
— Borgarnesi	...	...		...	...	...	...
— Akranesi	...	...		...	...	...	..
— Hafnarfirði	...	...		...	...	...	27
Til Reykjavíkur	...	..		...	$^{27}/_{4}$	...	$^{27}/_{5}$

Frá útlöndum til Reykjavíkur 29. mars

skip »A«, »B« og »C« árið 1916.

»C« mættu vera brúkuð, en sterk og góð skip.

C	A	C	C	B	C	A	C	A	B	A	A	C	C	C	A	B
...	8/6	...	...	5/7	...	27/7	15/8	17/8		8/9	8/10	...	...	19/11	28/11	...
...	...	...	...	...	...		...	...		...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	5	...		15	17		...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	5	...		15	17		...	...	...	...	...	...	...
...	8	...	...	5	...		16	18		8	8	..	...	19	28	...
...	...	...	...	6	...		16	18		...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	6	...		16	18		...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	6	..		16	19		...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	7	...		17	19		8	8	...	...	19	29	...
...	...	...	...	...	...		...			...	...	...	..	..		...
...	...	...	...	7	...		17		23/8	...	..	...	...	20		...
...	9	...	...	7	...		17		23	9	9	...	...	20		...
...	...	...	...	7	...		18		24	...	...	...	...	20		...
...	...	...	...	8	...		18		24	...	...	...	...	21		...
...	...	..	...	8	...		18		24	...	..	...	...	...		...
...	9	...	...	8	...		19		25	9	9	...	...	21		...
...	...	..	...	9	...		19		25	...	...	...	...	21		..
...	...	...	...	9	...		19		25	...	...	...	...	...		...
...	10/6	...	...	9/7	...		20/8	26/8		10/9	10/10	...	...	22/11		...
...	11/6	...	...	11/7	...	...	22/8		28/8	11/9	11/10	...	...	23/11		21/12
...	...	...	...	11	...	...	...			...	...	...	...	...		...
...	...	...	...	11	...	...	22			...	...	..	...	...		...
...	...	...	...	11	...	..	22			..	...	...	...	23		...
...	11	...	...	12	...	...	22			11	11	...	...	23		...
...	...	...	...	12	...	...	23			...	...	...	..	24		...
...	...	...	...	12	...	...	23			...	...	...	...	...		...
...	11	...	...	12	...	...	23			11	11	...	...	24		...
...	...	...	...	13	...	...	24			...	...	...	...	25		...
...	...	...	...	...	...	...	...			...	...	...	...	...		...
...	...	...	...	...	...	...	...			...	...	...	...	...		...
...	12	...	...	13	...	...	24			12	12	...	...	25		...
...	...	...	...	13	...	...	...			...	...	...	...	...		...
...	...	...	...	14	...	...	25			...	...	...	...	...		...
...	...	...	...	14	...	..	25			...	...	...	...	...		..
...	...	...	...	..	...	...	25			...	...	...	31/10	...		...
...	...	...	...	...	...	...	26			...	...	...	31	...		...
...	...	...	...	...	...	...	26			...	...	...	1/11	...		...
...	...	...	...	..	...	...	36			...	...	...	1	...		..
...	...	...	...	15	...	. .	27			..	...	...	...	26		...
...	13/6	...	...	15/7	...	...	27/8			13/9	13/10	...	2/11	26/11 *		23/12

*) Til útl. 1. des., til baka i Reykjavik seint i des.

Frá útlöndum — Austur um land til Reykjavikur — Til útlanda — Til útlanda (væntanl. með fullfermi) — Til útlanda — Til baka beint til Rvikur, þar ca. 20. des.

Fylgiskjal IV.

SKÝRING

á 3 strandferðaáætlana-frumvörpum fyrir árið 1916.

No. 1.

Áætlun fyrir tvö nýbygð eimskip »A« og »B«. »A« sje netto 350 smálestir, ganghraði 9 mílur á vöku.

Farrými sjeu 3, er rúmi 50 farþega á fyrsta, 50 á öðru og um 100 á þriðja.

Kælirúm, að minsta kosti 1200 teningsfet, sje á skipinu.

Það sje raflýst og útbúið með rafhringingatæki á fyrsta og öðru farrými.

Það sje útbúið með björgunarbáta og önnur björgunartæki, samkvæmt gildandi reglum.

Sjerstakur klefi sje fyrir póstflutning.

»B« netto 450 smálestir, ganghraði 8 mílur á vöku. Farrými sjeu 3, er rúmi 20 á fyrsta, 40 á öðru og um 140 á þriðja. Kælirúm sje ekkert í þessu skipi. Fyrsta og annað farrými sje raflýst og með rafhringingatækjum.

Björgunarbáta og önnur björgunartæki hafi það hlutfallslega við »A«. Fyrir póstflutning sje sjerstakur klefi.

Ferðum þessara skipa er samkvæmt meðfylgjandi áætlun no. 1 hagað þannig:

»A« byrjar ferðir sínar frá Reykjavík 15. apríl, fer hringferð austur, norður og vestur um land, kemur aftur til Reykjavíkur 27. sama mánaðar. Viðkomustaðir í stærri kauptúnum landsins, að undanskildum Suðurlands verslunarstöðunum. Næsta hringferð »A« byrjar fyrsta maí frá Reykjavík, vestur, norður og austur um land, kemur við á sömu stöðum, 17 alls, utan Reykjavíkur. Kemur aftur til Reykjavíkur 13. maí.

»A« fer þannig tvær hringferðir — venjulega tvisvar hvora leið, með ½ mánaðar millibili — frá Reykjavík, ýmist vestur eða austur um land, á tímabilinu frá 15. apríl til 13. október, 12 ferðir alls, 6 hvora leið.

13. og síðustu hringferðina fer »A« frá Reykjavík 17. október vestur um land, kemur þá við á 47 höfnum, á að vera hjer í bakaleið 11. nóvember.

»B« byrjar strandferðirnar frá Reykjavík 8. mars, austur, norður og vestur um land; kemur aftur til Reykjavíkur 4. apríl. Eftir það fer skipið eina hringferð mánaðarlega, ýmist vestur eða austur um land, frá Reykjavík 8. dag hvers mánaðar, 8 hringferðir alls — 4 hvora leið — á tímabilinu frá 8. mars til 3. nóvember.

Viðdvöl í Reykjavík milli ferðanna er 3—5 dagar. Gæti skipið þá skroppið til Akraness, Borgarness og Skógarness, eða til Hvalfjarðar, ef nægur farmur býðst og ástæður leyfa.

»A« og »B« mætast venjulega á Akureyri 21.—23. í hverjum mánuði.

No. 2.

Áætlun fyrir tvö nýbygð eimskip »A« og »B«, jafnstór og eins útbúin að öllu leyti.

Stærð 400 smálestir netto, ganghraði 9 mílur á vöku með fullfermi. Farrými sjeu 3, er rúmi 40 manns á fyrsta, 50 á öðru og um 100 á þriðja.

Kælirúm að minsta kosti 1200 teningsfet.

Raflýsing og rafhringingatæki á fyrsta og öðru farrými.

Klefi fyrir póstflutning.

Skipin sjeu útbúin með björgunarbáta og önnur björgunaráhöld samkvæmt gildandi reglum.

Ferðum þessara skipa er, samkvæmt meðfylgjandi áætlun no. 2, hagað þannig:

Bæði sigla 12 hringferðir — 24 ferðir alls — umhverfis landið á 8 mánuðum (3 hringferðir á mánuði).

»A« vestur, norður og austur um land á tímabilinu frá 18. mars til 16. nóvember.

»B« austur, norður og vestur um land, á tímabilinu frá 15. mars til 14. nóvember.

Bæði skipin byrja með löngum ferðum, það er að skilja, að þau koma við á mörgum höfnum, og vara þær hringferðir í 20—23 daga. Því næst fara þau hraðferðir, sem vara 11—13 daga, síðan langar ferðir o. s. frv.

Af þeim 12 hringferðum, sem hvort skipið um sig siglir, eru 7 langar en 5 stuttar (tvær síðustu ferðir beggja skipa eru langar). Í löngu ferðunum eru viðkomustaðir utan Reykjavíkur til jafnaðar 48 — fæstir 33, en flestir 57 — en í hraðferðunum 18.

Frá Reykjavík sigla skipin altaf með 3 daga millibili, bæði langar og stuttar ferðir — nema síðustu ferðina í október, þá með aðeins 1 dags millibili, — halda þau ætíð sitt í hvora áttina, austur og vestur um land. Í Reykjavík hittast skipin milli ferða, og er viðdvöl þeirra hjer venjulega 4 dagar ef þau fylgja áætlun. Gætu því, þegar ástæða er til, brugðið sjer til Hvalfjarðar eða Akraness, Borgarness og Skógarness, sbr. aths. við áætlun no. 1.

No. 3.

Áætlun fyrir 3 strandferðaskip »A« »B« og »C«.

»A« sje af sömu stærð, hafi sama ganghraða og sje að öllu eins útbúið eins og »A« sbr. áætlun no. 1.

»B« sje af sömu stærð, hafi sama ganghraða og sje að öllu leyti eins útbúið eins og »B« sbr. áætlun no. 1.

»C« stærð 225—250 smálestir netto.

Ganghraði með farm 8 mílur á vöku.

Farrými sjeu aðeins tvö, káeta er rúmi 18—24 menn, og pláss á miðþiljum fyrir 70—80 manns.

Sjerstakur klefi fyrir póstflutning.

Skýli og annar nauðsynlegur útbúnaður skal vera á þilfari fyrir 20—24 stórgripi.

Öll sjeu skip þessi útbúin með nægilega marga björgunarbáta og önnur björgunaráhöld, samkvæmt gildandi reglum.

Ferðum þessara skipa er, samkvæmt meðfylgjandi áætlun no. 3., hagað þannig:

»A« byrjar strandferðir 15. apríl frá Reykjavík, fer tvær hringferðir á mánuði umhverfis landið, ýmist austur eða vestur um land; vara þær 12—13 daga. Frá 15. apríl til 12. júlí fer skipið 6 hringferðir. 7. ferð »A« hefst frá Reykjavík 15. júlí, siglir þá austur um land til Akureyrar, kemur við á 18 höfnum. Frá Akureyri siglir það til útlanda 27. júlí. Til Akureyrar kemur það aftur frá útlöndum 15. ágúst, heldur þaðan 17. til Sauðárkróks, kemur við á 8 höfnum, snýr þar við 19. og siglir austur um land til Reykjavíkur; kemur við á ýmsum höfnum norðan lands og austan. Til Reykjavíkur kemur það 26. ágúst. Síðan siglir það 4 hringferðir í september og október. 30. október siglir það frá Reykjavík til útlanda, kemur til baka frá útlöndum 23. nóvember til Fáskrúðsfjarðar. Þaðan heldur það til Sauðárkróks, kemur við á ýmsum höfnum austan lands og norðan. Frá Sauðárkrók siglir skipið 29. nóvember til útlanda. Frá útlöndum kemur það loks um 20. desember til Reykjavíkur.

»B« byrjar strandferðir 10. apríl frá Reykjavík, fer hringferðir ýmist vestur eða austur um land; vara þær 20 daga. Skipið fer þannig 4 hringferðir á tímabilinu frá 10. apríl til 15. júlí. Fimta ferð skipsins hefst frá Reykjavík 20. júlí; siglir *vestur* um land til Akureyrar, kemur við á 32 höfnum á vestur- og norðurlandi, fer til útlanda frá Akureyri 2. ágúst. Frá útlöndum kemur það fyrst til Skagastrandar 23. ágúst, siglir þaðan á allar aðrar hafnir við Húnaflóa, síðan til Ísafjarðar og þaðan til útlanda 28. ágúst. Frá útlöndum kemur »B« í næstu ferð fyrst til Húsavíkur 18. september, þaðan siglir það til Fáskrúðsfjarðar, kemur við á 10 höfnum. Fer þaðan til útlanda 24. september. Frá útlöndum siglir »B« næst til Reykjavíkur fer þaðan í strandferð 20. október vestur, norður og austur um land, kemur aftur til Reykjavíkur 17. nóvember. Fer frá Reykjavík 20. nóvember til útlanda. Siglir til baka frá útlöndum beint til Reykjavíkur, fer þaðan 16. des. til Vestfjarða — lengst til Ísafjarðar — snýr þar við og kemur aftur til Reykjavíkur 23. des.

»C« kemur fyrst frá útlöndum til Djúpavogs 12. janúar, siglir þaðan til Seyðisfjarðar, kemur við á 8 höfnum. Fer til útlanda frá Seyðisfirði 16. janúar. Kemur aftur frá útlöndum til Seyðisfjarðar 4. febrúar, siglir þaðan til Akureyrar, kemur við á 9 höfnum. Fer til útlanda frá Akureyri 11. febrúar. Kemur aftur frá útlöndum til Akureyrar 4. mars, siglir þaðan til Sauðárkróks, kemur við á 8 höfnum. Fer til útlanda frá Sauðárkróki 9. mars. Frá útlöndum siglir »C« í næstu ferð beint til Reykjavíkur og byrjar strandferðir þaðan 1. apríl austur um land til Seyðisfjarðar. Vara þær ferðir — fram og aftur — 15 daga. Á tímabilinu frá 1. apríl til 29. júlí fer »C« 6 ferðir milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar, og 6 ferðir milli Reykjavíkur og Búða á Snæfellsnesi. Ferðina til Snæfellsness fer skipið altaf 2 dögum eftir hingaðkomu að austan. Fyrsta ágúst fer »C« frá Reykjavík *hringferð austur* um land, kemur aftur til Reykjavíkur 27. ágúst. 1. september fer það aftur *hringferð vestur* um land, kemur aftur til Reykjavíkur 27. september. 1. október fer »C« frá Reykjavík austur um land til Akureyrar, snýr þar við 13. október austur um land til Reykjavíkur. 30. október siglir það frá Reykjavík vestur að Búðum og kemur til baka 2. nóvember. Síðan fer »C« 5. nóvember frá Reykjavík hringferð austur um land, kemur aftur til Reykjavíkur 26. nóvember. Og loks frá Reykjavík til útlanda 1. desember, kemur aftur til Reykjavíkur 22. til 24. sama mánaðar.

Fylgiskjal V.

Brjef samgöngumálaráðunautarins til strandferðanefndanna.

Strandferðaáætlanir þær 3 fyrir 1916, sem nú liggja fyrir þinginu, eru allmikið mismunandi, bæði að því er snertir ferðafjölda og fyrirkomulag á þeim, stærð skipanna og útbúnað þeirra. Þar af leiðandi hljóta þær að verða mismunandi dýrar.

Skipin hefi jeg lagt til að verði stærri en búast má við að komast mætti af með í svipinn.

Reynsla undanfarandi ára hefir sannað, að fólks- og vöruflutningar vaxa allhröðum fetum, og er því full ástæða til að ætla, að þeir aukist tiltölulega meira hjer eftir, með tíðari og hagkvæmari strandferðum. — Jafnframt hefi jeg tekið tillit til þess, að verðmunurinn er tiltölulega lítill á 300 og 400 smálesta skipum. Og loks, að því stærri sem strandferðaskipin eru, þeim mun lengur fullnægja þau flutningaþörfinni sem slík, og þeim mun hentugri eru þau til millilandaferða. Tilgangur strandferðanna hlýtur fyrst og fremst að vera sá, að greiða fyrir mannflutningum og vöruflutningum milli allra þeirra staða umhverfis landið, sem skip geta áhættulítið siglt á, eftir því sem ætla má, að þarfirnar sjeu á hverjum tíma, sem áætlanir strandferðaskipanna eru samdar fyrir.

Með tilliti til flutningaþarfarinnar nú og næsta áratug, verður að ákveða stærð skipanna, farrými og annan útbúnað, svo þau nái þeim tilgangi, að uppfylla sanngjarnar kröfur almennings um vöru- og mannflutninga.

Því hagfeldari sem strandferðirnar eru, þess meiri viðkynning og viðskifti skapast og þróast milli hinna ýmsu landshluta, en innlend viðskifti eru hverri þjóð holl og nauðsynleg.

Þegar innanlandssamgöngurnar eru orðnar greiðar, þá komast afurðir landsins í eðlilegt verð í öllum sýslum landsins, til mikilla hagsmuna bæði fyrir framleiðendur og notendur.

Nú er það svo, að verðmunur á ýmsum íslenskum neysluvörum, svo sem kjöti, fiski, smjöri, skyri, mjólk o. fl., nemur frá 25—100%, eftir því, hvar á landinu vörurnar eru keyptar og seldar. Stafar þessi mikli mismunur aðallega af strjálum og óhagkvæmum samgöngum.

Þá bæta góðar samgöngur einnig mikið úr atvinnubresti á ýmsum stöðum, en fólkseklu á öðrum. Loks efla tíðar og hentugar innanlandssamgöngur iðnað þann, sem nú er í landinu, og geta ekki einungis gert hann mögulegan, heldur og arðvænlegan í afskektum hjeruðum.

Með bættum samgöngum fá framtakssamir menn uppörfun til að setja á stofn iðnað í fleiri greinum en nú eru, og á þeim stöðum, sem skilyrðin að öðru leyti eru best.

Eins og áður er fram tekið, hefir reynsla undanfarandi ára sýnt, að bæði mannflutningar og vöruflutningar með strandferðaskipunum hafa aukist að miklum mun, en þrátt fyrir það, hafa strandferðirnar, árið, sem leið, og yfirstandandi ár, verið miklu strjálli og óhagkvæmari, — þrátt fyrir jafnmikið landssjóðstillag nú og þá, — en þær voru 1910—'12, af ástæðum, sem öllum eru kunnar.

Afleiðingin af því hefir svo eðlilega leitt til afturfarar í þeim greinum, sem byggjast á tíðum og hentugum strandferðum. — Þetta sjá menn almennt og óska breytinga til bóta strax og því verður við komið. Þingið 1913 ljet sjer umhugað um, að ráða bót á þessu, og gerði þá þegar bráðabirgðaráðstafanir á strandferðunum þetta ár og það næsta. En jafnframt ljet alþingi skýrt í ljós þá skoðun sína, að strandferðunum væri eigi að fullu borgið fyr en þær kæmu í hendur innlends fjelags, eða, ef því yrði ekki komið í framkvæmd, að landssjóður tæki strandferðirnar að sjer; taldi hið síðara þó neyðarúrræði.

Niðurstaða Alþingis 1913 í þessu máli varð því sú, að veita stjórninni heimild til, fyrir landssjóðs hönd, að gerast svo stór hluthafi í „Eimskipafjelagi Íslands", að fjelagið sæi sjer fært að taka að sjer strandferðirnar vorið 1916 með 2 eða fleiri nýjum skipum.

Jeg þykist geta fullyrt, að þessi ráðstöfun sje af almenningi álitin mjög heppileg.

Til þess að samningar gætu tekist milli landsstjórnarinnar og Eimskipafjelags Íslands um strandferðirnar, var fyrst og fremst nauðsynlegt, að semja áætlun um, hvað hin fyrirhuguðu strandferðaskip mundu kosta, svo og um tekjur þeirra og gjöld, miðað við þann tíma ársins, sem þau sigla í strandferðum.

Slíkar kostnaðaráætlanir, sem jeg hefi samið með tilstyrk framkvæmdarstjóra E. Í., herra Nielsens, hef jeg þegar afhent háttvirtri samgöngumálanefnd til athugunar.

Eftir samanburð á stærð skipanna og útbúnaði, samkv. hinum ýmsu tillögum mínum, svo og á fyrirkomulagi ferðanna, verði skipanna og reksturkostnaðaráætlunum, hefir mjer skilist, að hv. samgöngumálanefnd álíti ferðaáætlun, merkt nr. 2., heppilegasta, þegar á alt er litið, og er jeg þeirri skoðun samþykkur.

Til þess að spara tillag landssjóðs til strandferðanna, hefi jeg í samráði við hv. þingnefnd breytt þeirri áætlun frá því, sem hún var upphaflega. Ferðirnar látnar byrja mánuði síðar — o: í apríl í stað marsmánaðar — og skipin látin sigla 1 ferð hvort, til skiftis, til útlanda, í mánuðunum júlí og ágúst.

Með þeim breytingum verða tekjur skipanna allmiklu meiri, og eins mánaðar útgjöld sparast.

Tekjuhallinn á ferðum skipanna, eftir að breytingin var gerð á áætluninni, nemur 77—78 þús. krónum. Þegar tekið er tillit til stærðar skipanna og útbúnaðar þeirra, svo og hinna mörgu hringferða umhverfis landið í 6½ mánuð, þá getur hann naumast talist mikill, samanborinn við styrk þann, sem landssjóður hefir orðið að greiða á fyrirfarandi árum fyrir miklu færri og óhagkvæmari ferðir með minni og lakari skipum. Hafa þó útgerðarfjelög strandferðanna að undanförnu þótst tapa á þeim með 60 þús. kr. styrk.

Nú er á það að líta, að með tíðari og hagkvæmari strandferðum má spara allmikið af styrk þeim, — samtals 49,900 kr., — sem nú er veittur til flóa- og fjarðabáta. Ýmist gerist þeirra engin þörf, eða þá minni en nú, meðan samgöngurnar eru strjálar og óhentugar.

Eftir að hin fyrirhuguðu, nýju strandferðaskip fara að sigla, virðist mjer, að

Norðurlandsbáturinn mætti missast að bagalausu (árl. styrkur 9000 kr.). Styrk Ýsafjarðar—Húnaflóabátsins (nú 9000 kr.) mundi mega *lækka um 3—4000 kr.*, með því að láta hann að eins ganga um Ísafjarðardjúp, og strandferðaskipin koma við í Djúpinu, á stærri viðkomustöðum, þegar vöruflutningar eru mestir. Þá ætti og að *nægja í stór bifbátur (um 40 smálestir) á Breiðafirði, er mundi komast af með 5—6 þús. kr. styrk (nú 9000 kr. til tveggja báta).* Líklegt tel jeg, að Faxaflóabáturinn kæmist af með minni styrk en 13.500 kr., eins og hann fær nú. — Og loks mundi mega *færa allmikið niður* 6000 kr. styrk þann, sem veittur er nú til mótorbátaferða milli Vestmannaeyja, Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka.

Samkvæmt framanskrifuðu tel jeg víst, *að spara megi að minsta kosti 20 þús. kr. af styrk þeim, sem nú er veittur til flóa- og fjarðabáta.*

Yrði styrkur landssjóðs til strandferða og flóa- og fjarðabáta-ferða 1916 þannig, að minsta kosti *2—3 þús. kr. minni en nú, þrátt fyrir stórum bættar samgöngur.*

Ef háttvirt Alþingi felst á tillögur samgöngumálanefnda beggja deilda og mínar um að kjósa strandferðaáætlun nr. 2 með áorðnum breytingum, þá verður lýsing á skipunum, áætlun um verð þeirra, svo og tekjur og gjöld af strandferðunum, og loks skýring á tilhögun þeirra í stuttu yfirliti þannig:

Skipin 2, nýbygð úr stáli, af sömu stærð og eins útbúin.
Stærð um 400 smálestir netto, hvort
Ganghraði nál. 10 mílur á vöku með ljettfermi.
Farrými 3, fyrir 40 manns á 1., 50 á 2., og um 100 á 3.
Kælirúm að minnsta kosti 1200 teningsfet í hvoru skipi
Raflýsing í báðum skipum.

Verð skipanna, með öllum útbúnaði öðrum en loftskeytatækjum, er *áætlað ca. 490,000 kr.*

Útgjöld beggja skipanna á mánuði eru áætluð ... ... kr. 25,900,00.
Tekjur beggja skipanna — í strandferðum ... ... — 13,538,46.
Tekjuhallinn á strandferðunum er áætlaður ... ... — 77,300,00.

Tekjur og gjöld við greiðasölu í skipunum er ekki tekið til greina í áætluninni.

Búist er við, að bryti verði fáanlegur til að annast greiðasöluna fyrir eiginn reikning, að líkindum þó því að eins, að skyldukostur verði á fyrsta farrými, enda virðist það hvorki ósanngjarnt nje óheppilegt fyrirkomulag. Tel æskilegra, að útgerð skipanna sje laus við greiðasöluna.

Tilhögun strandferðanna.

Á áætluninnni eru yfir 80 viðkomustaðir, þar af um 60 með ákveðnum viðkomudögum, en rúml 20 með óákveðnum.

Bæði skipin byrja hringferðir frá Reykjavík í apríl (7. og 10.), „*A*“ vestur, en „*B*“ austur um land, verða væntanlega fermd útlendum vörum til hinna smærri staða, koma við á mörgum höfnum. Vara slíkar langar hringferðir í 3 vikur. — Síðan sigla þau bæði 2 stuttar hringferðir (hvort) í maí, með tilliti til hinna miklu fólksflutninga á þeim tíma ársins. Þessar hraðferðir, með 17—20 viðkomustöðum, vara í 12 daga.

Því næst sigla bæði skipin langar hringferðir í júní, síðan stuttar hringferðir.

14. og 17. júlí leggja þau af stað frá Reykjavík í langar hringferðir. „*B*“ heldur þó ekki lengra en til Akureyrar; fer þaðan til útlanda 26. júlí, væntanlega með fullfermi af ull og fleiri ísl. vörur.

„*A*“ fer þar á móti hringferð og kemur aftur til Reykjavíkur 5. ágúst. Fer aftur í hraðferð frá Reykjavík 9 ágúst vestur um land, þó ekki lengra en til Akureyrar, þaðan til útlanda 16. ágúst, væntanlega með fullfermi.

Sama dag kemur „*B*“ til Reykjavíkur frá útlöndum, að líkindum með vörur aðallega til Suðurlandshafnanna og Hornafjarðar.

Skipið fer frá Reykjavík 20. ágúst í langa hringferð austur um land; kemur aftur til Reykjavíkur 11. sept.

„*A*“ kemur frá útlöndum til Stykkishólms 6. sept, affermir útlendu vörurnar í Hvammsfirði, Gilsfirði, Flatey, Ólafsvík, Hellissandi, Stapa og Búðum og kemur til Reykjavíkur 13. sept.

14. og 17. sept. leggja skipin af stað frá Reykjavík í stuttar hringferðir, koma aftur til Rvíkur 25. og 29. sept. Eru það hentugar ferðir fyrir skólafólk og kaupafólk.

Eftir það siglir hvort skipið um sig 2 langar hringferðir umhverfis landið. Ferðir skipanna enda í Reykjavík 15. og 17. nóv.

„*A*“ siglir þannig	5	langar	hringferðir	og	4½	stutta	= 9½
„*B*“ —	— 5½	—	—		4	—	= 9½
Samtals	10½	—	—		og 8½	—	= 19

Samkvæmt athugasemd á ferðaáætlun skipanna er ætlast til, að þau komi einnig við á þeim höfnum, sem merktar eru með *, þegar nægur flutningur býðst og veður leyfir, ef brim eða ís er því ekki til fyrirstöðu. Viðkomur á slíkar hafnir, svo sem t. d. Skógarnes, eru þó bundnar því skilyrði, að þær sjeu mældar upp og skipin fáist vátrygð á þær.

Með tilliti til Borgarness, þá er sú höfn að vísu mæld upp, en hún er of grunn til þess að fullfermd skip geti siglt þangað og þaðan. Þess utan er skipaleiðin um Borgarfjörð mjög vandrötuð, og væri mikil þörf á að sett yrði nauðsynleg siglingamerki á þeirri leið.

Þó mjer sje kunnugt um hina miklu siglingaþörf þangað og þaðan, þá fanst mjer rjettara að ákveða ekki á áætluninni tiltekna viðkomudaga þar, meðan efi leikur á, að strandferðaskipin geti siglt þangað. Tel þó líklegt, að þeim hepnist það í góðu veðri með hálffermi. — Ef svo reynist, þá væri heppilegast fyrir kaupmenn og kaupfjelög þar, sem og á hinum minni og afskektu höfnum, er millilandaskipin koma ekki við á, að panta vörur sínar frá útlöndum með strandferðaskipunum á vorin, og á sumrin, þegar þau sigla til útlanda, til þess að komast sem mest hjá umhleðslu á vörunum og þar af leiðandi aukakostnaði.

Loks leyfi jeg mjer að láta þá skoðun mína í ljós, að greiðar og hagkvæmar strandferðir borgi sig strax óbeinlínis, þótt til þeirra sje varið allmiklu af almannafje, og að síðar, — með aukinni framleiðslu, — muni þær einnig borga sig beinlínis.

Þá er það og mikils vert, að gera landið byggilegra og þjóðina efnalega sjálfstæðari og ánægðari með kjör sín, en að því geta greiðar samgöngur mjög mikið stutt.

Reykjavík þann 30. júlí 1914.

O. Friðgeirsson.

Til

Samgöngumálanefnda Alþingis.

Áætlun um kostnað strandferðanna samkvæmt ferðaáætlun nr. 1 fyrir 1916. Verð skipa og áhalda 235.000+200.000=435.000 kr.

Farþegaskip „A".

				Útgjöld á mánuði: Kr. au.	Kr. au.
I.	Laun skipshafnarinnar:				
	Skipstjóri	kr.	235 00		
	1. stýrimaður	—	145 00		
	2. — —	—	120 00		
	1. vjelameistari...	—	220 00		
	2. — —	—	135 00		
	2 kyndarar, 75,00, ...	—	150 00		
	2 matrósar, 67,50, ...	—	135 00		
	1 ungur matrós	—	45 00		
	1 unglingur	—	30 00		
	1 drengur...	—	15 00	1 230 00	
II	Fæðispeningar handa skipshöfninni:				
	5 yfirmenn, 1,50 á dag, ...	kr.	225 00		
	7 undirmenn, 1,30 á dag ...	—	273 00	498 00	
III.	Viðhald á skipi og áhöldum			500 00	
IV.	Olía tvistur og maskínuáhöld			300 00	
V.	Kol í 25 daga — 7×25=175 smál. 27/00...			4 725 00	
VI.	Vinnulaun...			450 00	
VII.	Vátryggingargjald af 225 000 kr...			1 650 00	
VIII.	Afgreiðslugjöld og hafnargjöld			1 200 00	
IX.	Vextir af kaupverðinu	kr.	225 000 00		
	Do — áhöldum (útbúnaði) ...	—	10 000 00		
	6% pr. a. af	kr.	235 000 00	1 175 00	
X	Afborgun af 100 000 kr. láni			677 75	
XI.	Ýmisleg útgjöld (þar á meðal til stj. kostn.)			424 25	
	Samanlögð útgjöld á mánuði ...			12 830 00	
	Útgjöldin í 7 mánuði fyrir „A"				89 810 00

Vöruflutningaskipið „B".

I.	Laun skipshafnarinnar:				
	12 manns (eins og á „A") ...	kr.	1 230 00		
	Ennfremur fyrir brita, jómfrú og 1 dreng	—	200 00	1 430 00	
			Flyt:	1 430 00	89 810 00

			Útgjöld á mánuði: Kr. au.	Kr. au.
		Flutt:	1 430 00	89 810 00
II.	Fæðispeningar handa skipshöfninni kr.	498 00		
	Do. handa brita, jómfr. og dreng —	120 00	618 00	
III.	Viðhald á skipi og áhöldum		450 00	
IV.	Olía, tvistur og maskínuáhöld		275 00	
V.	Kol í 20 daga — 6 × 20 = 120 smál. 27/00		3 240 00	
VI.	Vinnulaun...		650 00	
VII.	Vátryggingargjald af 200 000 kr.		1 500 00	
VIII.	Afgreiðslugjöld og hafnargjöld		1 200 00	
IX.	Vextir af kaupverðinu 200 000 00, 6%		1 000 00	
X.	Afborgun af 80 000 kr. láni...		556 00	
XI.	Ýmisleg útgjöld (þar á meðal tiltölulegur stjórnarkostnaður)		401 00	
	Samanlögð útgjöld á mán. kr.		11 320 00	
	Útgjöld í 8 mánuði fyrir „B“			90 560 00
	Samanlögð útgjöld beggja skipanna í 7 og 8 mánuði			180 370 00

„A“ *Tekjur:*			Tekjur Kr. au.	Gjöld Kr. au.
a. Fargjöld	kr.	22 000 00		
b. Farmgjöld	—	20 000 00	42 000 00	
„B“ *Tekjur:*				
a. Fargjöld	—	10 000 00		
b. Farmgjöld	—	20 000 00		
c. Tekjur af matsölu, drykkjarföngum o. fl.	—	2 560 00	32 560 00	
		74 560 00	74 560 00	180 370 00
Tekjuhalli á strandferðum			105 810 00	
		Kr.	180 370 00	180 370 00

Aths.: Ef skipið „B“ byrjar 1 mánuði síðar (8. apríl í staðinn fyrir 8 marz) mundu útgjöldin minka um ... ... ca. 11 000 00
Og ef sama skip sigldi 2 ferðir til útlanda á tímabilinu frá 20. júlí til 20. september mundi það auka tekjurnar um ... ... ca. 16 000 00
Samtals kr. 27 000 00

Yrði tekjuhallinn þá aðeins kr. 78 810 00.

Áætlun um kostnað strandferðanna samkvæmt ferðaáætlun nr. 2 fyrir 1916. Verð skipa og áhalda 245.000+245.000 = 490.000 kr.

Farpegaskipin „A" og „B" (hvort um sig).

				Útgjöld á mánuði: Kr. au.	Kr. au.
I.	Laun skipshafnarinnar:				
	Skipstjóri	kr.	235 00		
	1. stýrimaður	—	145 00		
	2. —»—	—	120 00		
	1. Vjelameistari	—	220 00		
	2. —»—	—	135 00		
	2 kyndarar, 75,00, ...	—	150 00		
	2 matrósar, 67,50, ...	—	135 00		
	1 ungur matrós	—	45 00		
	1 unglingur	—	30 00		
	1 drengur	—	15 00	1 230 00	
II.	Fæðispeningar handa skipshöfninni:				
	5 yfirmenn, 1,50 á dag, ...	kr.	225 00		
	7 undirmenn, 1,30 á dag, ...	—	273 00	498 00	
III.	Viðhald á skipi og áhöldum			500 00	
IV.	Olía, tvistur og maskínuáhöld			300 00	
V.	Kol í 25 daga 7×25 = 175 smál. 27/00			4 725 00	
VI.	Vinnulaun...			450 00	
VII.	Vátryggingargjald af 235 000 kr....			1 725 00	
VIII.	Afgreiðslugjöld og hafnargjöld			1 200 00	
IX.	Vextir af kaupverðinu	kr.	235 000 00		
	Do — áhöldum (útbúnaði) ..	—	10 000 00		
	6% pr. a. af	—	245 000 00	1 225 00	
X.	Afborgun af 100 000 kr. láni ...	—	677 75		
XI.	Ýms útgjöld þar á meðal tiltölulegur stjórnarkostnaður	—	419 25		
	Samanlögð útgjöld á mánuði fyrir hvort skip	—	12 950 00		
	Mánaðarleg útgjöld beggja skipanna	—	25 900 00		
	Útgjöld beggja skipanna í 8 mánuði				207 200 00
	Tekjur beggja skipanna í 8 mánuði				
	a. Fargjöld	kr.	48 000 00		
	b. Farmgjöld	—	40 000 00	88 000 00	
	Tekjuhalli á strandferðunum			119 200 00	
				Kr. 207 200 00	207 200 00

Aths.: Ef skipin byrja strandferðirnar 1 mánuði síðar (í miðjum apríl í staðinn fyrir miðjum mars) mundu útgjöldin minka um ... ... ca. kr. 25 900 00
Og ef skipin sigldu til skiftis 1 ferð til útlanda á tímabilinu frá 20. júlí til 20. september mundi það auka tekjurnar um ... ... ca. kr. 16 000 00
Samtals kr. 41 900 00

Yrði tekjuhallinn þá aðeins: **kr. 77 300 00.**

Fylgiskjal VI. c.

Áætlun um kostnað strandferðanna samkvæmt ferðaáætlun nr. 3 fyrir 1916
Verð skipa og áhalda 235.000+200.000+80.000 = 515.000 kr.

Farþegaskipið „A".

		Útgjöld á mánuði: Kr. au.	Kr. au.
I.	Laun skipshafnarinnar	1 230 00	
II.	Fæðispeningar handa skipshöfninni	498 00	
III.	Viðhald á skipi og áhöldum	500 00	
IV.	Olía, tvistur og maskínuáhöld	300 00	
V.	Kol í 25 daga — 7×25 = 175 smál. 27,00	4 725 00	
VI.	Vinnulaun...	450 00	
VII.	Vátryggingargjald af 225 000 kr. ca	1 650 00	
VIII.	Afgreiðslugjöld og hafnargjöld	1 200 00	
IX.	a. Vextir af kaupverði skipsins ... kr. 225 000 00		
	b. Do - áhöldum (útbúnaði) ... — 10 000 00		
	6% pr. a. af ... ... kr. 235 000 00	1 175 00	
X.	Afborgun af 100 000 kr. láni	677 75	
XI.	Yms útgjöld (þar á meðal tiltölulegur stjórnarkostn.)	424 25	
			12 830 00

Vöruflutningaskipið „B".

I.	a. Laun skipshafnarinnar	kr.	1 230 00		
	b. Do. brita, jómfrúar og drengs	—	200 00	1 430 00	
II.	a. Fæðispeningar handa skipshöfninni	kr.	498 00		
	b. Fæðispeningar handa brita, jómfrú og dreng	—	120 00	618 00	
III.	Viðhald á skipi og áhöldum			450 00	
IV.	Olía, tvistur og maskínuáhöld			275 00	
V.	Kol í 20 daga — 6×20 = 120 smál. 27,00			3 240 00	
VI.	Vinnulaun			600 00	
VII.	Vátryggingargjald af 200 000 kr.			1 500 00	
VIII.	Afgreiðslugjöld og hafnargjöld.			900 00	
IX.	6% vextir af kaupverðinu 200 000 kr.			1 000 00	
X.	Afborgun af 80 000 kr. láni...			556 00	
XI.	Yms útgjöld (þar á meðal tiltölulegur stjórnarkostn.)			401 00	
					10 970 00
				Flyt	23 800 00

Brúkað vöruflutningaskip „C".

			Útgjöld á mánuði: Kr. au.	Kr. au.
I.	Laun skipshafnarinnar:	Flutt:		23 800 00
	Skiptjóri	kr. 200 00		
	1. stýrimaður	— 120 00		
	2. —»—	— 100 00		
	1. vjelameistari	— 200 00		
	2. —»—	— 120 00		
	2 kyndarar, 67,50	— 135 00		
	2 matrósar 67,50	— 135 00		
	1 ungur matrós	— 45 00		
	1 unglingur	— 20 00		
	1 drengur	— 15 00	1 090 00	
II.	Fæðispeningar handa skipshöfninni		498 00	
III.	Viðhald á skipi og áhöldum...		500 00	
IV.	Olía, tvistur og maskínuáhöld		225 00	
V.	Kol í 21 dag. — $6^1/_2 \times 21 = 136^1/_2$ smál. 27,00 ...		3 685 50	
VI.	Vinnulaun		400 00	
VII.	Vátryggingargjald af 80 000 kr. (skipið með áhöldum) 9% pr. a.		600 00	
VIII.	Afgreiðslugjöld og hafnargjöld		400 00	
IX.	6% vextir af skipi með áhöldum 80 000 kr.		400 00	
X.	Afborgun í 12 ár af 80 000 kr....		556 00	
XI.	Yms útgjöld þar á meðal hlutfallsl. stjórnarkostn. ...		275 50	8630 00
		Útgjöld allra skipanna á mánuði kr.		32 430 00

		Tekjur: Kr. au.	Gjöld: Kr. au.
„A"	Strandferðir í $5^1/_2$ mánuð $= 12\,830 \times 5^1/_2$ ... ... kr. 70 565 00		
	Millilandaferðir $2^2/_3$ mán. $= 10\,340 \times 2^2/_3$ ... ... — 27 573 00		98 138 00
„B"	Strandferðir í $4^2/_3$ mánuði $= 10\,970 \times 4^2/_3$ ... ... kr. 51 193 00		
	Millilandaferðir $3^2/_3$ mán. $= 9\,626 \times 3^2/_3$ ... ... — 35 295 00		86 488 00
„C"	Strandferðir í 8 mánuði $= 8\,630 \times 8$... ... ... kr. 69 040 00		
	Millilandaferðir 4 mán. $= 7\,715 \times 4$ ... ... — 30 860 00		99 900 00
	Samanlögð útgjöld allra skipanna kr.		284 526 00
	Flyt: kr.		284 526 00

			Tekjur: Kr. au.	Gjöld: Kr. au.
	Tekjur skipanna:			
		Flutt:		284 526 00
„A.“	Fargjöld í strandferðum 5½ mánuð = 3200×5½	kr. 17 600 00		
	Farmgjöld í strandferðum = 3300×5½	— 18 150 00		
	Fargjöld í millilandaferðum	— 2 000 00		
	Farmgjöld í ——	— 32 000 00	69 750 00	
„B.“	Fargjöld í strandferðum 4⅔ mánuði = 1300×4⅔	kr. 6 067 00		
	Farmgjöld í strandferðum = 1700×4⅔	— 7 933 00		
	Fargjöld í millilandaferðum...	— 1 200 00		
	Farmgjöld í ——	— 36 000 00	51 200 00	
„C.“	Fargjöld í strandferðum	kr. 6 400 00		
	Farmgjöld í ——	— 10 000 00		
	do - millilandaferðum	— 30 600 00	47 000 00	
		Kr.	167 950 00	284 526 00
	Tap á „*A*“	kr. 28 388 00		
	— - „*B*“	— 35 288 00		
	— - „*C*“	— 52 900 00	116 576 00	
		Kr.	284 526 00	284 526 00

Fylgiskjal VII.

Skýrsla um strandferðir árin 1912 — 1913 og 1914 og um fyrirhugaðar strandferðir 1916, samkvæmt 3 áætlanauppköstum, merktum nr. I, 2 og 3.

	Hringferðir umhverfis landið				Ferðir milli Rvíkur og Akureyrar				Ferðir milli Rvíkur og Austfjarða				Ferðir milli Reykjavíkur, Akraness, Borgarness og Búða	Ferðir til útlanda	Athugasemdir.
	seinar		hraðar		seinar		hraðar		seinar		hraðar				
	Tala	Viðkomustaðir til jafnaðar	Tala	Viðkomustaðir til jafnaðar	Tala	Viðkomustaðir til jafnaðar	Tala	Viðkomustaðir til jafnaðar	Tala	Viðkomustaðir til jafnaðar	Tala	Viðkomustaðir til jafnaðar			
Thore-félagið 1912 . . .	»	»	4	5	[1]) 13	[1]) 27	»	»	[1]) 8	[1]) 17	»	»	»	»	[1]) Hvora leið.
Sameinaða gufuskipafélagið 1913	»	»	6	5	[2]) 11	[2]) 22	»	»	»	»	»	»	»	»	[2]) Hvora leið.
Björgvinjar-gufuskipafélagið og Tulinius 1914. .	[3]) 21	21,5	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	[3]) Þess utan 2 vetrarferðir milli Austur-, Suður- og Vesturlands. Viðkomustaðir 10 í hvorri.
Íslenzk strandferðaútgerð 1916 samkvæmt áætlun nr. 1 óbreyttri . . .	9	60,5	11	19	1	23	1	3	»	»	»	»	»	»	Ákvarðaðar viðkomur á 69 höfnum, en óákv. á 7 höfnum.
Samkvæmt áætlun nr. 2 breyttri . . . . *Tillaga nefndanna.*	10	50	8	20	1	28	1	10	»	»	»	»	»	[4]) 2	[4]) **Annað skipið affermir útlendar vörur á 10 höfnum við Breiðafjörð og á Snæfellsnesi frá 6. til 12. sept.**
	Aths.: Ákvarðaðar viðkomur á 62 höfnum og óákvarðaðar á 25. Á þær seinni koma skipin þegar nægilegur flutningur býðst og ástæður leyfa.														
Samkvæmt áætlun nr. 3 óbreyttri	8	52	10	18	[5]) 3	27	1	11	[6]) 6	20	»	»	[7]) 7	10	[5]) 2 að eins aðra leiðina 1 fram og tilbaka. [6]) Allar fram og til baka. [7]) Gætu að eins orðið 4 vegna ketilhreinsunar.
	Aths.: Allir viðkomustaðir — 76 — með ákveðnum ferðafjölda.														

O. Friðgeirsson.

Samanburður á strandferðum 1912, 1913, 1914 og tillögum samgöngumálaráðunautarins ásamt tillögu strandferðanefndanna.

Viðkomustaðir	Thore		D.F.D.S.		Björgvinjarfjelagið og Tulinius		Tillögur samgöngumálaráðunautarins						Brt. nefndanna í samráði við ráðunautinn á áætlun nr. 2	
	1912		1913		1914		1916							
							nr. 1		nr. 2		nr. 3		nr. 2	
	A	V	A	V	A	V	A	V	A	V	A	V	A	V
1. Reykjavík	1.8/1	7/1	9/1	8/1	10	11	1.0/1	1.1/1	12	12	1.7/1.0	1.8/2.4	1.0/1	1.1/1
2. Hafnarfjörður	10	10	»	»	»	»	9	9	7	7	15	14	6	5
3. Keflavík	8	8	4	4	»	»	4	4	7	5	10	8	6	4
4. Gerðar	»	»	»	»	»	»	4	4	»	»	4	5	*	*
5. Sandgerði	»	»	»	»	»	»	4	4	»	»	4	4	*	*
6. Grindavík	8	8	»	»	»	»	4	4	7	5	8	6	6	4
7. Þorlákshöfn	»	»	»	»	»	»	4	1	»	»	5	3	*	*
8. Eyrarbakki	8	8	»	»	»	»	5	1	»	»	4	3	6	3
9. Stokkseyri	8	8	3	2	2	1	5	4	7	5	9	6	6	2
10. Vestmanneyjar	15	15	6	6	11	10	10	11	12	12	16	17	10	9
11. Vík	10	10	4	3	2	2	5	4	7	6	9	8	6	4
12. Skinneyjarhöfði	8	8	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
13. Hornafjörður	8	8	3	2	2	3	5	4	7	6	9	8	6	5
14. Papós	8	8	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
15. Djúpivogur	12	13	6	6	4	5	8	8	7	8	13	10	7	7
16. Breiðdalsvík	8	8	6	6	3	4	5	4	7	6	10	8	6	4
17. Stöðvarfjörður	8	8	2	4	2	2	5	4	7	6	10	8	6	4
18. Fáskrúðsfjörður	15	15	6	6	12	10	10	11	12	12	18	18	10	8
19. Vattarnes	»	»	»	»	»	»	3	3	»	»	7	8	*	*
20. Reyðarfjörður	9	9	6	6	4	6	5	5	7	6	12	9	6	4
21. Eskifjörður	18	16	6	6	9	9	10	11	12	12	18	18	10	9
22. Norðfjörður	9	9	6	6	10	11	10	11	12	12	18	18	10	9
23. Mjóifjörður	9	9	6	6	3	4	4	5	7	5	9	8	6	4
24. Seyðisfjörður	12	10	9	9	14	13	10	11	12	12	19	19	10	9
25. Loðmundarfjörður	2	2	»	»	»	»	2	»	2	1	2	1	1	1
26. Borgarfjörður	7	7	6	6	3	4	5	5	7	6	7	6	6	4
27. Unaós	2	2	»	»	»	»	3	3	»	»	7	2	*	*
28. Vopnafjörður	7	7	6	6	9	10	10	11	12	12	12	13	10	9
											**	**		

* Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður, ís eða brim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar, eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

** Tölurnar fyrir ofan strykið þýða frá Reykjavík.
— — neðan — — til Reykjavíkur.

*** »A« þýðir austur frá Reykjavík og að vestan til Reykjavíkur.
»V« — vestur — — — — austan — —

Fylgiskjal VIII. (Frh.)

Samanburður á strandferðum 1912, 1913, 1914 og tillögum samgöngumálaráðunautarins ásamt tillögu strandferðanefndanna.

Viðkomustaðir	Thore		D.F.D.S.		Björgvinjarfjelagið og Tulinius		Tillögur samgöngumálaráðunautarins						Brt. nefndanna í samráði við ráðunautinn á áætlun nr. 2	
	1912		1913		1914		1916							
							nr. 1		nr. 2		nr. 3		nr. 2	
	A	V	A	V	A	V	A	V	A	V	A	V	A	V
29. Bakkafjörður	5	5	5	5	3	3	5	6	7	6	7	6	6	4
30. Gunnólfsvík	2	2	»	»	»	»	3	3	1	2	3	2	2	»
31. Skálar	»	»	»	»	»	»	3	2	1	2	3	2	2	»
32. Þórshöfn	5	7	4	6	2	4	8	8	10	8	8	10	8	6
33. Raufarhöfn	6	5	4	3	2	2	6	8	8	7	8	8	7	5
34. Kópasker	5	7	4	5	2	2	6	7	8	7	9	8	7	6
35. Fjallahöfn	1	1	»	»	»	»	»	3	»	»	»	2	*	*
36. Húsavík	7	7	6	6	10	11	10	11	12	12	12	13	10	9
37. Flatey	5	4	»	»	»	»	3	3	»	»	3	2	*	*
38. Grímsey	2	2	»	»	»	»	3	3	2	2	3	2	2	2
39. Hrísey	3	3	»	»	»	»	3	4	»	»	1	1	*	*
40. Grenivík	6	5	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
41. Kljáströnd	»	»	»	»	»	»	3	3	»	»	1	4	*	*
42. Svalbarðseyri	4	5	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
43. Akureyri	16	14	8	9	10	11	10	11	12	12	14	13	10	10
44. Hjalteyri	6	6	»	»	»	»	»	»	»	»	»	4	*	*
45. Dalvík	5	5	5	5	3	4	4	5	6	7	5	5	4	5
46. Ólafsfjörður	3	3	3	3	»	»	4	5	6	7	5	5	4	5
47. Siglufjörður	6	6	5	5	10	11	10	11	12	12	11	11	9	10
48. Haganesvík	4	3	5	4	2	4	4	5	6	6	5	5	4	5
49. Hofsós	6	6	4	4	2	4	3	2	3	4	5	5	2	2
50. Grafarós	»	»	»	»	»	»	3	3	3	4	5	5	2	3
51. Kolkuós	2	2	2	2	1	1	»	»	»	»	»	»	4	5
52. Sauðárkrókur	9	7	8	8	10	11	10	11	12	12	10	11	9	10
53. Selvík	1	1	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
54. Kálfshamarsvík	6	6	»	»	»	»	»	»	»	»	»	1	*	*
55. Skagaströnd	6	6	5	5	3	4	4	5	6	7	5	5	4	5
56. Blönduós	6	6	5	5	3	4	9	11	12	12	9	11	9	10
57. Lambhúsavík	2	2	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
58. Hvammstangi	6	6	5	5	3	4	4	5	6	7	5	5	5	5
59. Borðeyri	6	6	5	5	3	4	4	5	6	7	5	5	5	5

* Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður, ís eða brim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar, eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

, »A« þýðir austur frá Reykjavík og að vestan til Reykjavíkur.
»V« — vestur — — — — austan — —

Fylgiskjal VIII. (Frh.)

Samanburður á strandferðum 1912, 1913, 1914 og tillögum samgöngumálaráðunautarins ásamt tillögu strandferðanefndanna.

Viðkomustaðir	Thore		D.F.D.S.		Björgvinjarfjelagið og Tulinius		Tillögur samgöngumálaráðunautarins						Brt. nefndanna í samráði við ráðunautinn á áætlun nr. 2	
	1912		1913		1914		1916							
							nr. 1		nr. 2		nr. 3		nr. 2	
	*** A	*** V	A	V	A	V	A	V	A	V	A	V	A	V
60. Bitrufjörður	4	6	3	3	2	3	3	4	3	4	4	5	4	3
61. Steingrímsfjörður	6	6	5	5	10	11	9	11	12	12	9	11	9	10
62. Reykjarfjörður	4	3	3	3	2	3	4	5	6	7	5	5	4	5
63. Norðurfjörður	6	6	4	5	3	4	3	4	4	4	4	5	3	4
64. Höfn	1	1	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
65. Aðalvík	3	3	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
66. Álftafjörður	1	2	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
67. Ísafjörður	9	7	8	8	10	11	10	11	12	12	9	12	9	10
68. Bolungarvík	4	5	3	4	1	4	1	3	2	2	1	3	2	2
69. Súgandafjörður	2	2	»	»	»	»	3	4	4	4	2	5	4	3
70. Önundarfjörður	6	6	5	5	10	11	4	5	6	7	4	5	4	5
71. Dýrafjörður	6	6	5	5	10	11	9	11	12	12	8	12	9	10
72. Haukadalur	4	4	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
73. Arnarfjörður (Bíldudalur)	6	6	5	5	10	11	4	5	6	7	4	5	5	5
74. Bakkabót	6	6	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
75. Tálknafjörður	5	4	»	»	»	»	3	4	3	4	3	5	3	3
76. Patreksfjörður	6	6	5	5	10	11	9	11	12	12	8	12	9	10
77. Kollsvík	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
78. Breiðavík	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	*	*
79. Flatey	6	6	5	5	3	4	4	5	6	6	4	6	6	6
80. Gilsfjörður (Króksfj., Salth.vik)	»	»	»	»	»	»	1	3	1	3	»	4	»	3
81. Hvammsfjörður (Búðardalur)	2	4	1	3	2	1	1	4	2	5	»	5	1	5
82. Stykkishólmur	6	6	5	5	10	11	9	11	12	12	8	12	9	11
83. Grundarfjörður	4	5	»	»	»	»	3	4	»	»	1	3	*	*
84. Ólafsvík	6	6	5	5	3	4	4	5	6	7	3	5	5	6
85. Hellissandur	4	4	2	4	1	4	4	5	6	5	3	5	4	4
86. Arnarstapi	4	4	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	1	2
87. Búðir	5	5	4	4	2	4	4	5	3	3	2	7	1	3
88. Skógarnes	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	2	7	*	*
89. Borgarnes	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	2	7	*	*
90. Akranes	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	2	7	*	*

* Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður, ís eða brim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar, eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

*** »A« þýðir austur frá Reykjavík og að vestan til Reykjavíkur.
»V« — vestur — — — — austan — —

Reykjavík 1. ágúst 1914.

Ólgeir Friðgeirsson.

Fylgiskjal IX.

Tillaga strandferðanefndarinnar 1914 um strandferðir.

Áætlun nr. 2 fyrir tvö nýbyggð strand-
Skipin sjeu jafnstór og jafnhraðskreið,

Vestur um land	A.										
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
Frá Reykjavík	10/4	7/5	23/5	8/6	2/7	17/7	9/8	13/9	17/9	3/10	26/10
— Hafnarfirði	10	»	»	8	»	17	»	Til Rvk	»	3	26
— Akranesi*	»	»	»	»	»	»	»		»	»	»
— Borgarnesi*	»	»	»	»	»	»	»		»	»	»
— Skógarnesi*	»	»	»	»	»	»	»		»	»	»
— Búðum	10	»	»	8	»	»	»	12	»	»	»
— Arnarstapa	»	»	»	8	»	»	»	12	»	»	»
— Hellissandi	11	»	»	9	»	18	»	11	»	»	»
— Ólafsvík	11	»	»	9	»	18	»	11	»	4	27
— Grundarfirði*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Stykkishólmi	11	8	23	9	3	18	10	7	18	4	27
— Hvammsfirði (Búðard)	12	»	»	10	»	19	»	8	»	»	28
— Skarðsstöð*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Gilsfirði (Salth.v., Króksfj.)	12	»	»	»	»	»	»	9	»	»	29
— Flatey	13	»	»	10	»	19	»	10	»	4	30
— Breiðuvík*	»	»	»	»	»	»	»		»	»	»
— Kollsvík*	»	»	»	»	»	»	»		»	»	»
— Patreksfirði	13	8	23	11	3	20	10		18	5	30
— Tálknafirði	14	»	»	11	»	»	»	Til Ólafsvíkur	»	»	30
— Bakkabót*	»	»	»	»	»	»	»		»	»	»
— Arnarfirði (Bíldudal)	14	»	»	11	»	20	»		»	5	31
— Haukadal*	»	»	»	»	»	»	»		»	»	»
— Dýrafirði	14	9	24	12	4	20	11		19	5	31
— Önundarfirði	15	»	»	12	»	21	»		»	5	31
— Súgandafirði	15	»	»	12	»	»	»		»	»	31
— Bolungarvík	15	»	»	12	»	»	»		»	»	»
Til Ísafjarðar	16/4	9/5	24/5	13/6	4/7	21/7	11/8		19/9	6/10	1/11
Frá Ísafirði	17/4	10/5	25/5	14/6	5/7	22/7	12/8	»	20/9	7/10	3/11
— Álftafirði*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Aðalvík*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Norðurfirði	17	»	»	14	»	22	»	»	»	»	3
— Reykjarfirði	17	»	»	14	»	22	»	»	»	7	3
— Steingrímsfirði	18	10	25	14	5	23	12	»	20	7	4
— Bitrufirði	18	»	»	15	»	»	»	»	»	»	4
— Borðeyri	18	»	»	15	»	23	»	»	»	8	4
— Hvammstanga	19	»	»	15	»	23	»	»	»	8	5
— Blönduósi	19	11	26	15	6	24	13	»	21	8	5
— Skagaströnd	19	»	»	16	»	24	»	»	»	9	5
— Kálfshamarsvík	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Selvík	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Sauðárkróki	20	11	26	16	6	24	13	»	21	9	6
— Kolkuósi	20	»	»	16	»	25	»	»	»	9	6
— Grafarósi	20	»	»	»	»	25	»	»	»	»	6
— Hofsósi	»	»	»	17	»	»	»	»	»	9	»
— Haganesvík	20	»	»	17	»	25	»	»	»	10	7
— Siglufirði	21	11	26	17	6	25	13	»	21	10	7
— Ólafsfirði	21	»	»	17	»	26	»	»	»	10	7
— Dalvík	21	»	»	18	»	26	»	»	»	10	7
— Hjalteyri*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Til Akureyrar	22/4	12/5	27/5	18/6	7/7	26/7	14/8	»	22/9	11/10	8/11

*) Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður,

ferðaskip »A« og »B« árið 1916.
bæði vel útbúin farþegaskip.

Vestur um land	A.										
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
Frá Akureyri	$\frac{23}{4}$	$\frac{13}{5}$	$\frac{28}{5}$	$\frac{19}{6}$	$\frac{8}{7}$	$\frac{27}{7}$	$\frac{16}{8}$	»	$\frac{23}{9}$	$\frac{12}{10}$	$\frac{10}{11}$
— Svalbarðseyri*	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Kljáströnd*	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Hrísey*	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Grímsey	»	»	»	19	»	»		»	23	»	»
— Flatey*	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Húsavík	23	13	28	19	8	27		»	23	12	10
— Fjallahöfn*	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Kópaskeri	24	13	»	20	»	28		»	24	13	»
— Raufarhöfn	24	»	29	20	»	28		»	»	13	»
— Þórshöfn	24	»	»	20	9	28		»	»	13	11
— Skálum	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Gunnólfsvík	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Bakkafirði	25	»	»	21	»	29		»	»	14	»
— Vopnafirði	25	14	29	21	9	29		»	24	14	11
— Unaósi*	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Borgarfirði	26	»	»	21	»	29		»	»	14	»
— Loðmundarfirði	»	»	»	»	»	29		»	»	»	»
Til Seyðisfjarðar	$\frac{26}{4}$	$\frac{15}{5}$	$\frac{30}{5}$	$\frac{22}{6}$	$\frac{10}{7}$	$\frac{30}{7}$		»	$\frac{25}{9}$	$\frac{15}{10}$	$\frac{12}{11}$
Frá Seyðisfirði	$\frac{28}{4}$	$\frac{16}{5}$	$\frac{31}{5}$	$\frac{23}{6}$	$\frac{11}{7}$	$\frac{31}{7}$		»	$\frac{26}{9}$	$\frac{16}{11}$	$\frac{13}{11}$
— Mjóafirði	28	»	»	23	»	31		»	»	16	»
— Norðfirði	28	16	31	23	11	31		»	26	16	13
— Eskifirði	28	16	31	23	11	31		»	26	16	13
— Reyðarfirði	29	»	»	24	»	$\frac{1}{8}$		»	»	17	»
— Vattarnesi	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Fáskrúðsfirði	29	16	31	24	11	1		»	26	17	14
— Stöðvarfirði	29	»	»	24	»	1		»	»	17	»
— Breiðdalsvík	29	»	»	24	»	1		»	»	17	»
— Djúpavogi	30	»	$\frac{1}{6}$	25	»	2		»	27	18	14
— Hornafirði	30	»	1	25	»	2		»	»	18	»
— Vík	$\frac{1}{5}$	»	»	26	»	3		»	»	19	»
— Vestmannaeyjum	1	17	2	26	12	3		»	28	19	15
— Stokkseyri	»	»	»	27	»	»		»	»	20	»
— Eyrarbakka	2	»	»	»	»	4		»	»	20	»
— Þorlákshöfn	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Grindavík	2	»	»	27	»	4		»	»	21	»
— Sandgerði	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Gerðum	»	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Keflavík	2	»	»	27	»	4		»	»	21	»
— Hafnarfirði	3	»	»	28	»	5		»	»	21	»
Til Reykjavíkur	$\frac{3}{5}$	$\frac{18}{5}$	$\frac{3}{6}$	$\frac{28}{6}$	$\frac{13}{7}$	$\frac{5}{8}$		»	$\frac{29}{9}$	$\frac{22}{10}$	$\frac{16}{11}$

Til útlanda — Frá útlöndum til — Stykkishólmi 6. Sept.

is eða brim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar, eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

Fylgiskjal IX. (Frh.)

Tillaga strandferðanefndanna 1914 um strandferðir.

Áætlun nr. 2 fyrir tvö nýbygð strand- Skipin sjeu jafnstór og jafnhraðskreið,

Austur um land	B.									
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Frá Reykjavík	7/4	3/5	18/5	5/6	29/6	14/7	20/8	14/9	30/9	27/10
— Hafnarfirði	7	»	»	5	»	14	20	»	30	27
— Keflavík	7	»	»	5	»	14	20	»	30	27
— Gerðum*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Sandgerði*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Grindavík	8	»	»	6	»	15	21	»	1/10	28
— Þorlákshöfn*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Eyrarbakka	8	»	»	6	»	15	21	»	1	28
— Stokkseyri	8	»	»	6	»	15	22	»	1	28
— Vestmannaeyjum	9	4	19	7	30	16	22	15	2	29
— Vík	9	»	»	7	»	16	23	»	2	29
— Hornafirði	10	»	»	8	»	17	24	»	3	30
— Djúpavogi	10	»	20	8	»	17	24	»	3	31
— Breiðdalsvík	11	»	»	9	»	18	25	»	4	31
— Stöðvarfirði	11	»	»	9	»	18	25	»	4	31
— Fáskrúðsfirði	11	5	20	9	1/7	18	25	16	4	1/11
— Vattarnesi*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Reyðarfirði	12	»	»	10	»	19	26	»	5	1
— Eskifirði	12	5	21	10	1	19	26	16	5	1
— Norðfirði	12	6	21	10	2	19	26	17	5	2
— Mjóafirði	12	»	»	10	»	19	26	»	5	2
Til Seyðisfjarðar	13/4	6/5	21/5	11/6	2/7	20/7	27/8	17/9	6/10	2/11
Frá Seyðisfirði	15/4	7/5	22/5	12/6	3/7	21/7	28/8	18/9	7/10	4/11
— Loðmundarfirði	»	»	»	12	»	»	»	»	»	»
— Borgarfirði	15	»	»	12	»	21	28	»	7	4
— Unaósi*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Vopnafirði	15	7	22	12	3	21	28	18	7	5
— Bakkafirði	16	»	»	13	»	22	29	»	8	5
— Gunnólfsvík	»	»	»	13	»	22	»	»	»	»
— Skálum	»	»	»	13	»	22	»	»	»	»
— Þórshöfn	16	8	»	13	»	22	29	19	8	6
— Raufarhöfn	17	»	23	14	»	23	30	»	9	6
— Kópaskeri	17	»	»	14	4	23	30	»	9	7
— Fjallahöfn*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Húsavík	17	8	23	14	4	23	30	19	9	7
— Flatey*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Grímsey	»	»	»	15	»	»	»	20	»	»
— Hrísey*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Kljáströnd*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Svalbarðseyri*	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Til Akureyrar	18/4	9/5	24/5	15/6	5/7	24/7	31/8	20/9	10/10	6/11

*) Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður, is

ferðaskip »A« og »B« árið 1916.
bæði vel útbúin farþegaskip.

Austur um land	B.									
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Frá Akureyri	20/4	19/5	25/5	17/6	6/7	26/7	2/9	21/9	12/10	10/11
— Hjalteyri*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Dalvík	20	»	»	17	»		2	»	12	»
— Ólafsfirði	20	»	»	17	»		2	»	12	»
— Siglufirði	20	10	25	17	6		2	21	12	10
— Haganesvík	21	»	»	18	»		3	»	13	»
— Hofsósi	21	»	»	»	»		3	»	»	»
— Grafarósi	»	»	»	18	»		»	»	13	»
— Kolkuósi	21	»	»	18	»		3	»	13	»
— Sauðárkróki	21	10	25	18	6		3	21	13	10
— Selvík*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Kálfshamarsvík*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Skagaströnd	22	»	»	19	»		4	»	14	»
— Blönduósi	22	11	26	19	7		4	22	14	11
— Hvammstanga	22	»	26	19	»		4	»	14	»
— Borðeyri	23	»	26	19	»		4	»	15	»
— Bitrufirði	23	»	»	20	»		5	»	15	»
— Steingrímsfirði	23	11	27	20	7		5	22	15	11
— Reykjarfirði	23	»	»	20	»		5	»	16	»
— Norðurfirði	»	»	»	20	»		5	»	16	»
— Aðalvík*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Álftafirði*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
Til Ísafjarðar	24/4	12/5	27/5	21/6	8/7		6/9	23/9	17/10	12/11
Frá Ísafirði	25/4	13/5	28/5	22/6	9/7		7/9	24/9	18/10	13/11
— Bolungarvík	»	»	»	»	»		7	»	18	»
— Súgandafirði	25	»	»	22	»		7	»	18	»
— Önundarfirði	25	»	»	22	»		7	»	18	»
— Dýrafirði	25	13	28	22	9		8	24	19	13
— Haukadal*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Arnarfirði (Bíldudal)	26	»	28	23	»		8	»	19	»
— Bakkabót*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Tálknafirði	26	»	»	23	»		»	»	19	»
— Patreksfirði	26	13	29	23	9		8	24	19	13
— Kollsvík*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Breiðuvík*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Flatey	27	»	29	24	»		9	»	20	»
— Gilsfirði (Salthólmavík, Króksfjörður)	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Skarðsstöð*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Hvammsfirði (Búðardal)	»	»	»	»	»		9	»	»	»
— Stykkishólmi	27	14	30	24	10		10	25	20	14
— Grundarfirði*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Ólafsvík	28	»	30	24	»		10	»	21	»
— Hellissands	28	»	»	24	»		10	»	21	»
— Arnarstapa	»	»	»	»	»		»	»	21	»
— Búðum	28	»	»	»	»		»	»	»	»
— Skógarnesi*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Borgarnesi*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Akranesi*	»	»	»	»	»		»	»	»	»
— Hafnarfirði	29	»	31	25	»		11	»	22	15
Til Reykjavíkur	29/4	15/5	31/5	25/6	11/7		11/9	26/9	22/10	15/11

Frá útlöndum til Reykjavíkur 16. ágúst

eða brim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar, eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

Nd. **396. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, nr. 35, 20. okt. 1913 (þgskj. 51, 61, 65, 67, 71, 98).

Auk þessa frumvarps fjekk nefndin sex önnur til meðferðar og auk þess málaleitanir frá þingmönnum Árnesinga og þingmönnum Húnvetninga. Er hjer farið fram á breytingar á símalögunum:

I. Þskj. 61 fer fram á, að sími til Raufarhafnar sje talinn í 2. flokki.

II. Þskj. 65 vill gera síma frá Egilsstöðum um Unaós til Borgarfjarðar, annars flokks síma.

III. Þskj. 51 krefst, að sími frá Búðardal til Tjaldaness verði talinn til 2. flokks, en sá sími er nú hvergi í lögum.

IV. Á þskj. 71 er farið fram á, að setja í 2. flokk símalínu til Æðeyjar og Snæfjalla, til Höfða í Grunnavík, Látra í Aðalvík um Hesteyri, og frá Hesteyri að Höfn á Hornströndum.

Á öllum þessum símum er hin mesta nauðsyn. Raufarhöfn er sú eina bátahöfn milli Akureyrar og Seyðisfjarðar, er trygga má kalla og liggur vel til fiskveiða. Eru þar nú stundaðar síldveiðar og aðrar fiskveiðar af kappi, en mundu þó vaxa að miklum mun óðar en sími væri þangað lagður. — Borgfirðingar eystra eiga yfir fjall að sækja til læknis, og er þeim því lífsnauðsyn, að ná símasambandi sem fyrst. — Svo er og um Dalamenn. Úr norðurhluta sýslunnar eiga þeir yfir fjall að sækja til læknis. En er til læknis kemur, má vel vera, að hann sje á öðrum enda hjeraðs að embættisverki. Ef sími væri til Tjaldaness, mætti verða þess vís, áður lagt væri á fjallveginn, hvar læknir væri. Og ef hann væri þá eigi viðlátinn, mætti fara til Hólmavíkur. Mundi þá síminn stytta ferðina um fulla tvo daga og bjarga mörgu mannslífi. Auk þess er á Tjaldanessandi verslunarstaður og mun skamt að bíða þess, að smáþorp verði þar. — Síminn um Æðey til Hafnar á Hornströndum er og hið mesta nytsemdar fyrirtæki, því að hann er til hins mesta gagns fyrir fiskveiðar landsins.

Nefndin leitaði álits landssímastjórans um þessi mál og svaraði hann í brjefi, dags. $^{18}/_{7}$ 1914. Það brjef látum vjer fylgja nefndarálitinu (flgskj. I.). Í þessu brjefi lofar símastjórinn, að láta leggja þessar línur árið 1916. Nú mundu þeir eigi verða lagðir öllu fyr, þótt fram gengi frumvörpin. Nefndin vill því mælast til þess við flutningsmenn, að þeir taki aftur frumvörp sín, en hafi fyrirheit Alþingis og símastjórnar, að símarnir verði lagðir 1916. — Undir þessa grein kemur og málaleitun frá þingmönnum Húnvetninga, er nefndinni barst, þar sem þeir fara fram á það, að sími sje settur frá Blönduósi til Kálfshamarsvíkur.

V. Þgskj. 98 fer fram á, að í 3. flokk verði tekinn sími um Austur-Skaftafellssýslu. Nefndinni þykir viðurhlutamikið, að sá sje upp tekinn, að leggja síma eftir allri suðurströndinni. Því að henni þykir vafasamt, að slíkt mundi borga sig. En vilji næsta þing ráðast í það, þá telur hún þenna síma sjálfsagðan.

VI. Á þgskj. 67 fer þingmaður Eyfirðinga, Stefán Stefánsson, fram á það, að síminn frá Sauðárkróki til Siglufjarðar verði settur í 1. flokk. Meiri hluta nefndarinnar þykir sanngjarnt, að næsta þing verði við þessari kröfu, þar sem hreinn ársarður nemur á hverju ári fullum helmingi af framlagi hjeraðanna (árið sem leið kr. 5010.00).

VII. Enn kom málaleitun frá sýslunefnd Árnessýslu og þingmönnum Árnesinga um »að landsímalínan milli Stokkseyrar og Eyrarbakka verði, án tillags frá hjeraðinu, lögð til innanbæjarsambanda Stokkseyrar og Eyrarbakka, þannig, að þau þorp bæði verði talin í sama talsímakerfinu (innanbæjar)«. Þetta telur nefndin eiga að vera samningsmál milli landsímans og hjeraðsins, en hún vill þó gefa málaleitun Árnesinga meðmæli sín.

VIII. Nefndin vildi kynna sjer, hvað liði loftskeytastöð í Reykjavík og fjekk í því skyni ýmsar skýrslur frá stjórninni. Því næst leitaði hún eftir tillögum símastjórans. Hann ritaði nefndinni þá brjef 24. júlí og ljet því fylgja yfirlitsskýrslu yfir kostnað við loftskeytastöðvar (flgskj. II. og III). Á skjölum þessum má sjá, að stjórninni hefir borist tilboð frá frönsku fjelagi, en ekkert orðið úr; og að stjórnin hefir viljað komast að samningum við Dani um, að þeir setji loftskeytastöð á Færeyjum, svo að stöðin í Reykjavík þurfi eigi að draga lengri leið en 700 stikuþúsundir eða til Færeyja. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að lögin 1912 § 6 geri ráð fyrir lengri leið en til Færeyja, er þau ákveða, að stöðin dragi til *útlanda*. Því að Færeyjar eru svo litlar, að menn munu eigi kalla þær »land«. Stöðin þarf auðvitað að ná bæði til Skotlands og Noregs, og væri best að hún næði alla leið til Glace Bay (Ísvíkur) í Vesturheimi. Nú segir í brjefi C. Hage ráðherra til Suenson, að frá Reykjavík til Björgvinjar sje 1400 st.þ., en til Skotlands 1150, og sýnist því einsætt, að reisa þegar í stað loftskeytastöð, sem dregur til Björgvinjar. Ástæður fyrir því liggja hverjum manni í augum uppi, en eru nú orðnar áþreifanlegar, síðan Englar hófu ófrið, því að skeyti eru nú 8 stundir á leiðinni frá Kaupmannahöfn, enda má búast við að klipt verði sundur símasambandið þá og þegar.

Meiri hluti nefndarinnar skorar því á stjórnina, að láta reisa sem fyrst Marconi- loftskeytastöð, sem dregur að minsta kosti 1400 stiku þúsundir.

Alþingi 5. júlí 1914.

Skúli Thoroddsen, formaður. Bjarni Jónsson frá Vogi skrifari.

Benedikt Sveinsson.

Stefán Stefánsson Eyf. (með fyrirvara). Eggert Pálsson (með fyrirvara).

Björn Hallsson (með fyrirvara).

Pjetur Jónsson. Með skýrskotun til sjerstaks fyrirvara.

Fyrirvari.

Sá fyrirvari, sem jeg vil hafa gagnvart nefndarálitinu í ritsímamálinu, snertir ekki aðal- niðurstöðu nefndarinnar, þá sem sje, að hún vill ekki mæla með framgangi fyrirliggjandi símafrumvarpa á þessu þingi, því henni er jeg samþykkur. En það eru ýms ummæli í álitsskjali nefndarinnar, sem jeg er ekki alveg samþykkur, og sumum er jeg alveg mótfallinn.

Jeg er mótfallinn því, að Siglufjarðarsíminn sje tekinn í 1. flokk síma. Jeg hefi það eftir landssímastjóra sjálfum, sem þar er kunnugastur, að tekjur símans sje hlutfallslega ekki meiri, móts við símakostnað, en sumra annara síma í 2. flokki. Þeir símar myndu því koma, eða eiga að koma jafnframt eða strax á eftir í 1. fl., og væri þá flokkaskipunin sama sem eyðilögð. En vegna 3. flokks síma er einmitt nauðsynlegt, að hún haldist að minsta kosti þangað til þeir eru komnir upp flestir. Auk þess er þess að gæta, að þessi mikla brúkun Siglufjarðarsímans stendur stuttan tíma árs (veiðitímann á Siglufirði). Hina tímana stendur þessi sími mjög neðarlega í röð landssímanna. Væri þá nær, að auka tillagið úr landssjóði til símaþjónustunnar eitthvað þann tímann og fara þann meðalveg.

Um loftskeytastöðina er það að segja, að jeg vil alls eigi að nefndin eða þingið beiti áhrifum á landsstjórn og símastjóra viðvíkjandi því, hvernig henni er hagað innan þeirra takmarka, sem símalögin sjálf setja. Þar álít jeg stjórnina betur setta til að fara sem heppilegast að, heldur en þingið.

Pjetur Jónsson.

Fylgiskjal I.

LANDSSÍMASTJÓRINN.

Reykjavík 18. júlí 1914.

Til
formanns ritsímanefndarinnar á Alþingi.

Í tilefni af breytingatillögum þeim, sem fram hafa komið við lög um ritsíma og talsímakerfi Íslands frá 22. október 1912, leyfi jeg mjer að gera þessar athugasemdir:

Þegar Alþingi 1912 var búið að samþykkja nefnd lög og vissa var fengin fyrir því, að hægt væri að fá hið nauðsynlega lán með aðgengilegum kjörum, lögum samkvæmt, þá var samin áætlun um línulagningar fyrir árin 1913, 1914, 1915 og að nokkru leyti fyrir 1916. Í þessari áætlun, sem samþykt var af stjórnarráðinu, er gert ráð fyrir að leggja nokkurn veginn jafn mikið af símalínum á ári hverju, þannig að hinir vönu verkstjórar og vinnumenn landssímans geti átt von á stöðugri sumarvinnu, og með því móti eru mest líkindi til, að landssíminn geti haldið þessu fólki; sömuleiðis er tekið tillit til

þess, hve miklu símastjórnin með því fólki, sem hún hefir á að skipa, með góðu móti getur komið í framkvæmd af línurannsóknum, stofnun nýrra stöðva, sæsímalagningum m. m. á hinu stutta sumri, auk hinnar venjulegu vinnu við starfræksluna, aukning og viðhald línanna, flutning stöðva o. m. fl.

Samkvæmt nefndum lögum eiga línur þær, sem getið er um í 2. og 3. grein, og ekki voru áður lagðar, að leggjast með lánsfje. Þessar línur voru:

1. Talsímalína frá Húsavík um Øxarfjörð til Vopnafjarðar.
2. Tengilína milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði.
3. Nauðsynlegir aukaþræðir á eldri stauraraðir.
4. Reykjavík — Þingvellir.
5. Hjarðarfell — Ólafsvík — Sandur.
6. Miðey — Vík í Mýrdal.
7. Fáskrúðsfjörður — Djúpavogur.
8. Djúpavogur — Hornafjörður.
9. Hliðarsímar til Kópaskers, Þórshafnar og Hafnar í Bakkafirði.
10. Hliðarsími til Hríseyjar.
11. Loftskeytastöð í Reykjavík.
12. Nauðsynlegar breytingar og endurbætur á núverandi aðallínum (5. gr.).

Kostnaðurinn við fyrnefnda 12 liði var áætlaður ½ miljón kr. Það var álitin hæfileg upphæð með því að skifta vinnunni á 3 ár, eins og að framan er sagt.

Árið 1913 voru þessar línur lagðar:

Hjarðarfell — Ólafsvík — Sandur	kr.	28,267,91
Reykjavík — Þingvellir	—	25,421,18
Tvöfaldur koparþráður Reykjavík — Ölfusárbrú	—	16,392,01
Hliðarsími til Hríseyjar	—	7,110,60
Undirbúningur við línuna til Víkur í Mýrdal (staurakaup)	—	13,284,70
Byrjað á flutningi línunnar frá Smjörvatnsheiði til Hellisheiðar	—	11,957,21
	Samtals kr.	102,433,61

Árið 1914 verður samkvæmt áætluninni þetta framkvæmt:

Lokið við línuna til Víkur í Mýrdal.

Lokið við að flytja línuna af Smjörvatnsheiði.

Lögð lína frá Vopnafirði til Þórshafnar, með hliðarlínu til Hafnar í Bakkafirði.

Lögð lína frá Fáskrúðsfirði til Djúpavogs.

Festur upp tvöfaldur koparþráður milli Kalastaðakots og Grundar, Borðeyrar og Sauðárkróks og milli Akureyrar og Breiðumýrar.

Járnþræðirnir teknir niður milli Egilsstaða og Eskifjarðar og í þeirra stað festir upp koparþræðir.

Kostnaðurinn við þetta verður tekinn af ritsímaláninu og mun nema ca. kr. 210,000,00. Orsökin til þess, að upphæðin er helmingi hærri í ár en í fyrra, er sú, að festir hafa verið upp fleiri koparlínur á eldri stauraraðir, og kostar það mikið, þó að vinnan sje tiltölulega mikið minni en við nýjar staura-

raðir. Enn fremur mun þetta ár verða lögð, ef ástæður leyfa, einkalína frá Ísafirði til Súgandafjarðar.

Árið 1915 er samkvæmt áætluninni meiningin að leggja línur þær, er nú skal greina:

Lokið við línuna til Húsavíkur frá Þórshöfn með hliðarsíma til Kópaskers.

Lokið við línuna til Hornafjarðar frá Djúpavogi.

Norðfjörður — Fjörður í Mjóafirði.

Umbætur á línunni Eskifjörður — Norðfjörður, lagður jarðsími yfir Oddsskarð.

Umbætur og að nokkru leyti flutningur á línunni á Rjúpnafellshálsi og Hofshálsi.

Loftskeytastöð í Reykjavík.

Þetta alt mun kosta ca. 200,000 kr.

Þar af loftskeytastöðin ca. 80,000 kr.

Enn fremur verður líklega nauðsynlegt 1915 að hengja upp nýja tvöfalda línu milli Egilsstaða og Vopnafjarðar, þar eð varla er hægt að koma því af, sem nú er að gera á þessari einu talsímalínu, sem nú er á þessu svæði, og búast má við að viðskifti aukist, þegar línan til Þórshafnar og Húsavíkurer fullger.

Árið 1915 verða þá fullgerðar, samkv. áætluninni, þær línur, sem nefndar eru í 3. og 4. gr. laganna og leggjast eiga með lánsfje (1. og 2. flokks).

Jeg vil mælast til þess, að Alþingi breyti ekki, nema brýnustu nauðsyn beri til, þessari lagningaráætlun, sem er vel hugsuð, og þar er sniðinn stakkur eftir vexti; auðvitað er hægt að framkvæma fleiri símalagningar árlega með því að fá útlenda verkstjóra og að nokkru leyti meira útlent vinnuafl, en það álít jeg af mörgum ástæðum mjög óheppilegt; þá yrði að hraða lagningunni af alefli og yrði það dýrt, sbr. línulagningin 1916, þar sem hver km. af símalínu kostar ca. 30% meira en nú. Sömuleiðis álít jeg það óheppilegt og auk þess alveg tilgangslaust að flytja nokkra af núverandi 3. fl. línum upp í 2. fl. Af línum þeim, sem getið er um í margnefndum lögum verða að eins 3. fl. línur ólagðar í árslok 1915 (auk nauðsynlegra aukaþráða), og standa þá þessar 3. fl. línur allar jafnt að vígi, og verður það á þingsins valdi seinna að ákveða í hvaða röð ber að leggja þær, sbr. 7. gr. laganna.

Jeg get ekki sjeð að nein ástæða sje til þess að Alþingi það, sem nú er saman komið, geri nokkurar breytingar eða viðbætur við ritsímalögin. Jeg geng út frá því sem gefnu, að línur þær, sem gert er ráð fyrir að framkvæmdar verði 1915, verði fyrst lagðar, og meiru geta starfsmenn landssímans ekki komið af fyrir árslok 1915.

Fyrir Alþingi 1915 verður lagt frumvarp um nýlagningu fyrir árið 1916 og getur þá þingið gert ákvarðanir um breytingar þær, sem nú liggja fyrir.

Samkvæmt 7. gr. laganna á árið 1916 og framvegis að leggja nýjar línur með tekjuafganginum við starfrækslu landsímans. Þessi tekjuafgangur verður árið 1916 ca. 100,000 kr. Eftir því, sem sjeð verður nú, álít jeg að leggja megi það ár línur þær, sem hjer segir:

Talsímalína frá Keflavík um Hafnir og Reykjanes til Grindavíkur ca.	kr.	17,000,00
Talsímalína til Hvammtanga	—	6,000,00
—— — Skagastrandar og Kálfshamarsvíkur	—	20,000,00
—— — Raufarhafnar	—	15,000,00
—— Búðardalur — Svínadalur — Staðarhóll	—	21,000,00
—— til Unaóss og Borgarfjarðar	—	32,000,00
	Alls: kr.	111,000,00
Tillag frá sýslunum ca.	kr.	20,000,00
Af tekjuafganginum	kr.	91,000,00
Ef tekjuafgangurinn skyldi hrökkva til, væri rjett sama ár að kaupa einkalínu til Súgandafjarðar, sem að líkindum verður lögð í ár ca.	kr.	7,000,00
	Samtals: kr.	98,000,00

Eins og sjá má af því, sem að framan er sagt, verður líklega ekki nauðsynlegt að taka nýtt lán í útlöndum til línulagninga í framtíðinni, og þó geta ritsímakerfi og talsímakerfi landsins tekið eðlilegum framförum og auknингu, sniðinni eftir þörfum og efnaástæðum.

Við hvert einstakt breytingarfrumvarp, sem fram er komið, vil jeg leyfa mjer að gera þessar athugasemdir:

Við frumvarp nr. 51 (Dalasýsla).

Jeg er sammála um það, að ekki er skýrt tekið fram í 4. gr. laganna, að með línunni »um Barðastrandarsýslu« sje átt við línu um norður hluta Dalasýslu, en það hefir altaf verið meiningin, að lína þessi ætti að liggja frá Búðardal um Ásgarð og Svínadal og þaðan um Barðastrandarsýslu yfir Fossheiði til Bíldudals. Svæðið frá Staðarhóli til Bíldudals er enn ekki nákvæmlega rannsakað, en línuna á svæðinu Búðardalur — Staðarhóll um Svínadal má leggja eftir rannsókn þeirri, sem gerð var af Halvorsen verkfræðingi árið 1906. Þessa línu frá Búðardal til Bíldudals hefi jeg hugsað mjer, að leggja af 3,3 m/m koparþræði til þess að Bíldudalur og stöðvarnar þar í nánd geti fengið betra talsímasamband við hina hluta landsins en þeir hingað til hafa haft, sakir hinna tiltölulega löngu sæsíma til Ísafjarðar. Hver kílómeter er því tiltölulega dýr, svo línuna verður að leggja stystu leið. Þessvegna getur varla komið til mála, að leggja línuna um Staðarfell og Skarð og sú línuleið er auk þess ekki rannsökuð. Eins og hjálagður uppdráttur sýnir er þessi leið nærri 4 sinnum lengri heldur en leiðin Ásgarður — Staðarhóll. Sakir þess að koparþráðslínan er talsvert dýrari en járnþráðslínan, mun borga sig betur að leggja tvær aukalínur, aðra frá Ásgarði að Staðarfelli og hina frá Staðarhóli að Skarði, heldur en að fara hringinn í kring með aðallínuna. Eins og eg áður hefi tekið fram, er það þýðingarlaust að færa línu þess upp í 3. gr. laganna, því það verður hvort sem er ekki hægt að leggja hana fyr en 1916. Jeg vil því leggja til að frumvarpið verði látið niður falla að sinni.

Við frumvarp nr. 61 (Raufarhöfn).

Línan til Raufarhafnar er nokkuð löng, 30—35 km. frá Kópaskeri eða Svalbarði. Samkvæmt áætluninni var það meiningin, að senda verkamannaflokk til norðurlandsins 1915 til að leggja línuna frá Þórshöfn til Húsavíkur,

115 km. 115 km. er það mesta, sem hægt er að heimta að jafnvel nokkuð fjölmennur verkamannaflokkur geti komið af á einu sumri — og verðið þarf að vera hagstætt, ef það á að takast að koma línunni alla leið til Húsavíkur 1915. Ef leggja ætti þessa línu 1915, þyrfti að senda þangað sjerstakan verkamannaflokk, og yrði það bæði dýrt og erfitt. Tilætlunin er, að sá sami verkamannaflokkur, sem 1915 leggur línuna frá Þórshöfn til Húsavíkur, skuli 1916 leggja Raufarhafnarlínuna og línuna til Unaóss og Borgarfjarðar. Eg verð því að leggja til að frumvarpið verði látið niður falla að sinni og að næsta Alþingi taki það til meðferðar og ákveði upphæð sýslutillagsins.

Við frumvarp nr. 65. (Unaós — Borgarfjörður).

Það er, að eg hygg, alveg sama hvort þetta frumvarp verður samþykt eða felt, því lína þessi getur samt ekki orðið lögð fyr en 1916. Eg verð því að leggja til að frumvarpið verði látið niður falla og þingið taki það til meðferðar um leið og hinar línurnar, sem leggja á 1916 og ákveði upphæð sýslutillagsins.

Við frumvarp nr. 71 (Norður-Ísafjarðarsýsla).

Þessar línur eru ekki rannsakaðar. Síðasta Alþingi skoraði á stjórnina, að láta rannsaka þær þetta ár. Þetta var mjer tilkynt í vetur. Þar eð mjer var kunnugt um, að hin nýju kort hermálaráðaneytisins danska yfir þetta svæði muni koma út í haust, fór eg fram á það við stjórnarráðið, að eg mætti láta rannsókn þessa bíða til sumarsins 1915, því að með aðstoð þessara korta er bæði ljettara og betra að rannsaka leiðir þær, sem um er að velja, og áætla útgjöldin. Þetta var mér leyft. Eg er sammála flutningsmanni í því, að línuna eigi að leggja, ef hægt er, frá Ögri með sæsíma yfir til Æðeyjar, en eg álít að ekki beri að koma fram með breytingartillögur um þetta fyr en línuleiðirnar, sem til tals geta komið, hafa verið vandlega rannsakaðar og áætlaðar. Öll líkindi eru til þess, að aftur muni koma fram breytingartillögur, þegar rannsóknin er búin. Af ástæðum þeim, sem áður er getið um, finst mjer vera tilefnislaust á þessu stigi málsins að færa þessar línur úr 3. flokki yfir í 2. flokk.

Við frumvarp nr. 67 (Siglufjarðarsíminn).

Línan Sauðárkrókur — Siglufjörður á jafn rjettilega heima í 2. flokki, eins og flestallar aðrar línur í þeim flokki.

Eg get hugsað, að tillögumaður hafi gert sjer talsvert skakka hugmynd um tekjurnar af Siglufjarðarlínunni. Í skýrslu um störf landssímans fyrir árið 1913 stendur, að brutto tekjurnar við stöðina á Siglufirði sjeu: kr. 11,460,00
og gjöldin ... ... -- 990,00
Eftir kr. 10,470,00

Af brutto tekjunum eru ... 7620,00 kr. fyrir símskeyti til útlanda, en þar af ber landssímanum að eins ca. 1300,00 kr.

Eftirstöðvarnar kr. 6320,00 hefir landssíminn greitt til millirikjasæsímans og hinna útlendu símstjórna. Það sem eftir verður af tekjum landssímans á Siglufirði eru þá kr. 10,470,00 ÷ 6,320,00 eða hreinar tekjur alls kr. 4,150,00. Siglufjarðarlínan gefur ekki af sjer meiri % af lagningarkostnaðinum heldur en margar aðrar 2. fl. línur.

Þá er og annað, sem hjer þarf að taka til greina, að næsta ár er útrunnin 5 ára ábyrgð hreppsnefndarinnar á Siglufirði fyrir þátttöku í starfrækslu


stöðvarinnar, og verður þá illfært eða alls ekki auðið að fá þessa hluttöku endurnýjaða með þeim venjulegum skilyrðum, er gilda fyrir slíkar stöðvar.

Eg vil því alvarlega ráða frá, að mál þetta verði tekið til meðferðar af þinginu núna.

Að minni hyggju væri rjettast og rjettlátast, að taka ekki til greina neina beiðni um eftirgjöf á tillögum til línanna, sem lagðar eru eða lagðar kunna að verða á næstu árum, *fyrri* en allar línur þær, sem tilgreindar eru í núgildandi símalögum, eru að fullu lagðar en taka *þá* í einu lagi til íhugunar og meðferðar spurninguna um eftirgjöf að nokkuru eða öllu leyti á tillögunum.

Brjef þetta vil eg leyfa mjer að óska, að nefndin láti prenta sem fylgiskjal við álit sitt.

O. Forberg.



Fylgiskjal II.

LANDSSÍMASTJÓRINN.

Reykjavík 24. júlí 1914.

Til formanns ritsímanefndarinnar
Alþingi.

Í tilefni af fyrirspurn í brjefi 20. þ. m. viðvíkjandi loftskeytastöð við Reykjavík o. fl. leyfi jeg mjer að koma með eftirfarandi athugasemdir:

Samkvæmt lögum um ritsíma og talsímakerfi Íslands 22. október 1912 § 6 er landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð við Reykjavík, er hafi nægan kraft til sambands við útlönd, eftir nánara ákvæði landsstjórnarinnar og í samræmi við gildandi samninga.

Eins og kunnugt er hefir Stóra norræna ritsímafjelagið, samkvæmt gefnu einkaleyfi til fjelagsins 30. júní 1905, einkarjett í 20 ár til að halda uppi ritsímaviðskiftum milli Íslands og útlanda.

Það er því ekki fyrir hendi, sem stendur, að setja upp þráðlausa stöð í þeim tilgangi, að hún taki við þessum viðskiftum.

Það sem liggur næst og mest ríður á, er að byggja þráðlausa stöð, sem getur afgreitt við skip á hafi. Auk þess liggur fyrir að reyna, ef hægt er með sanngjörnum kostnaði, jafnframt að koma á þannig fyrirkomulagi, að ef sæsímaslit kæmi fyrir, gæti þráðlausa stöðin haft varasamband við útlönd.

Slíkt fyrirkomulag álítur landssímastjórnin að megi fá með því, að setja upp þráðlausa stöð nálægt Reykjavík, sem að degi til dregur ca. 700 km. (Færeyjar), og reyna að koma því til leiðar að Danmörk eða Stóra norræna ritsímafjelagið, eða eitthvert annað fjelag setti upp samskonar stöð í Færeyjum. Síðarnefnd stöð mundi þá auk Reykjavíkur draga til Englands og Noregs. Landsstjórnin var á sömu skoðun og hóf þegar í stað samningsleitun við Danmörku og Stóra norræna ritsímafjelagið um málið.

Málinu seinkaði, og var frestað sökum þess, að danski ritsímastjórinn vildi fyrst taka ákvörðun í málinu um þráðlaust samband milli Þórshafnar og Syderö í Færeyjum, þar sem ekki var hægt að halda sæsímanum í lagi, og hvort hægt væri að gera Þórshöfn að sameiginlegri viðskiftastöð bæði við Reykjavík og Syderö.

Sumarið 1913 var, að svo miklu leyti sem mjer er kunnugt, málið ekki fyllilega til lykta leitt, en allar líkur eru til að Danmörk, eða Stóra norræna ritsímafjelagið muni seinna verða við ósk vorri um stofnsetningu samskonar þráðlausrar stöðvar í Færeyjum.

Haustið 1913 barst stjórnarráðinu, gegnum frönsku stjórnina og utanríkisráðaneytið frá »La Société Francaise Radioelectrique« tilboð um stofnsetningu loftskeytastöðvar nálægt Reykjavík, með kjörum, sem fyrst í stað virtust mjög aðgengileg. Stjórnarráðið tók að semja við fjelagið, sem samt sem áður smámsaman setti fleiri og fleiri skilyrði; meðal annars vildi fjelagið áskilja sjer rjett til eftirlits o. fl. Var þá hætt samningum við þetta fjelag í vor.

Síðan hefir ekkert nýtt eða frekara komið fram viðvíkjandi Færeyjastöðinni.

Landssímastjórninni er það ljóst, að nú er kominn tími til að setja upp þráðlausa stöð til viðskifta við skip á sjó, og mun hún hið fyrsta stinga upp á við landsstjórnina, að hvort sem Færeyjastöðin verður bygð um leið eða ekki, þá verði á árinu 1915 sett upp þráðlaus stöð nálægt Reykjavík, sem annaðhvort dregur jafnlangt á daginn og áður er talað um, eða styttra, að eins ætluð til að afgreiða við skip á hafi.

Ákvörðun um stærð stöðvarinnar er, ef ekki verður öðruvísi ákveðið af þingi eða landsstjórn, komin undir lagningskostnaði stöðvarinnar, samanborið við aukakostnað við væntanlega stækkun stöðvarinnar seinna. Áætlanir yfir þetta eru ekki fengnar enn þá.

Hjálagt sendist listi yfir nokkrar Marconi og Telefunken stöðvar; af honum sjest að stöð, sem á daginn dregur ca. 700 km. kostar ca. 80,000 krónur, og nægilega sterk strandar-skipastöð, sem að degi til dregur 250—300 km. ca. 40,000 krónur. (Stöðvarnar eru hjer um bil helmingi langdrægari á nóttunni, en á daginn).

Um loftskeytaaðferð er engin föst ákvörðun tekin enn þá, en oss er það ljóst, að Íslandsstöðin verður að geta afgreitt við stöðvar, sem nota neistaaðferðina, en þá aðferð nota flestar skipastöðvar.

Aðferðir Marconis og Telefunkens eru útbreiddustu neistaaðferðirnar. Aðferðir þessar eru í raun og veru báðar jafn góðar; þessi tvö fjelög vinna nú saman og hafa umráð yfir einkaleyfum og nýjum uppgötvunum hvors annars á þessu sviði. Paulsens aðferðin virðist hafa nokkra yfirburði, þegar um lengri fjarlægðir er að ræða og er ódýrari í lagningunni, en mjer er enn þá ekki fullkunnugt, hvort þessi aðferð reynist vel til viðskifta við neistastöðvar.

Fyrverandi Marconi-firðritari, hr. V. Finsen ritstjóri, er sem stendur erlendis, og hefir landssíminn falið honum að kynna sjer ýmislegt viðvíkjandi hinni íslensku loftskeytastöð, meðal annars einnig að rannsaka, hvort Paulsensstöð getur afgreitt fullnægjandi við neistastöð. Herra Finsen hefir fengið dálítinn styrk frá landssímanum í þessum tilgangi; einnig hefir verið sjeð um að útvega honum aðgang að stöðvum þeim, sem hann óskar að heimsækja o. fl.

Uppsetning loftskeytastöðvar, með venjulegu langdragi, 100 km. á daginn, á togara kostar hjer um bil 7000 kr.

Samkvæmt tilmælum gerði Telefunken svohljóðandi tilboð hingað 1913. Styrkleiki 0,2 kw. á loftnetinu, langdragi með 17 km. mastursháð, 105 km. á daginn, 175 km. á nóttunni. Verð 6000 mörk, þar í ekki með talinn flutningur, mastursbækkun, hliðarstög og önnur vinna um borð við símaherbergi o. fl.

Mjer hefir verið sagt að loftskeytastöðvar á frönsku togurunum, sem eru við veiðar hjer við land, kosti 10,000 franka, en þær eru jafn langdrægar og framangreint.

Eins og áður er getið er sem stendur engin áætlun til yfir kostnað við stækkun landsstöðvar.

Við stofnsetningu loftskeytastöðvar 1915 verður að nota sem rekstursafl, venjulegan steinolíumótor eða díselmótor ásamt rafmagnsgeymi. Við væntanlega stækkun stöðvarinnar seinna, ætti að mega gera ráð fyrir að rafmagn

fengist frá Reykjavík, sem rekstursafl. Þannig fjelli burt kostnaður við útvegun á stærri mótor, og einnig rafmagnsgeymi, sem er fremur dýr. Möstrin fyrir loftnetin á að byggja þannig, að þau megi hækka án aukakostnaðar eða breytinga á möstrunum, sem fyrir eru.

Á að giska mun verðið á landsstöðinni verða þannig:

I	Stöðin með 1400 km. langdragi á daginn bygð strax ca.	kr.	150,000,00
II	— — 700 — — - — — — ...	—	80,000,00
III	Stöð II stækkuð í 1400 km. seinna	—	80,000,00
IIII	Landsstöð aðeins ætluð til afgreiðslu við skip í hafi með 250—300 km. langdragi á daginn	—	40,000,00

O. Forberg.

Sammenstilling af nogle radiotelegrafiske normale Stationstyper af Marconi og Telefunkens System.

System	Energi i Kw.		Masthöjde i Meter	Garanteret Rækkevidde i Km.		Bölgelængde i Meter		Omtrentlig Pris cif Reykjavik i Kroner excl. Driftsmaskineri, Ladedynamo, Akkumulatorbatteri, Montering	Omtrentlig Pris i Kr. cif Reykjavik incl. Driftsmaskineri, Ladedynamo, Akkumulatorbatteri, men excl. Montering	Stationerne i færdig Stand anslaaes omtrentlig til följende Belöb i Kroner
	Primart	I Antomen		over aaben Sö	over fladt Land	Afsender	Modtager			
Marconi	1,5	»	49 4a	370	»	300 600	100--2300	24570,00	»	ca. 42300,00
do.	5	»	2a78	740	»	600 900 1200	100—2300	47684,00	»	— 79700,00
Telefunken	1,5	0,5	30	250	125	300 450 600	200—2000	15735,00	19620,00	— 36500,00
do.	3,5	1,5	45	500	350	450 600 900	200—4000	24250,00	30700,00	— 50000,00
do.	5	2,5	60	600	450	600 900 1650	200—4000	35600,00	48400,00	— 73000,00
do.	10	5	85	900	650	600 900 1650	220—4000	59800,00	79500,00	— 120000,00

De anförte Priser er *omtrentlige*. Bygninger, Mur- og Fundamentarbejder, Vandledning, Gjærde, Transport til Byggested, Montering er ikke medtagne. Fri Grund forudsættes.

Ed. **397. Framhaldsnefndarálit**

um frumv. til laga um breytingu á tollögum nr. 54, 11. júlí 1911, og lögum um vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912.

Frv. þetta er komið aftur úr neðri deild, nokkuð umbreytt og aukið, og telur nefndin eða meiri hluti hennar þær breytingar og viðbætur til bóta, og ræður því háttvirtri efri deild til að samþykkja frumvarpið eins og það er nú.

Alþingi 6. ágúst 1914.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Björn Þorláksson, skrifari og framsm.

Karl Finnbogason. Steingrímur Jónsson. Karl Einarsson með fyrirvara.

Nd. **398. Lög**

um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

(Afgreidd frá Nd. 6. ágúst).

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rjett til að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

2. gr.

Ef maður vill öðlast þann rjett, sem um er rætt í 1. gr., skal hann hafa sannað fyrir Stjórnarráðinu, að hann kunni nægilega vel þá tungu, sem hann vill öðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á, og að hann hafi að öðru leyti þá þekkingu til að bera, er ætla má, að fullnægjandi sje til að leysa þau störf vel af hendi. Heimilt er Stjórnarráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup, er greiðist úr landssjóði. Stjórnarráðið skipar fyrir um prófið.

3. gr.

Nú hefir maður öðlast rjett þann, er um er rætt í 1. gr., og skal hann þá skyldur að vera túlkur á dómþingum og þýða skjöl fyrir menn og stofnanir. Hann skal og heita því við drengskap sinn, að vinna verk sitt eftir bestu vitund, og að ljósta eigi upp leyndarmálum. Rjett er þó, að aðrir menn sjeu dómtúlkar og skjalþýðendur, ef þeir eru dómkvaddir til þess í hvert skifti.

4. gr.

Dómtúlkar og skjalþýðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

5. gr.

Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda.

Nd. 399. Lög

um varadómara í hinum konunglega íslenska landsyfirrjetti.

(Afgreidd frá Nd. 6. ágúst).

1. gr.

Prófessorarnir í lagadeild Háskóla Íslands eru sjálfkjörnir varadómarar í landsyfirrjettinum, hvort sem heldur losnar þar sæti, dómari forfallast um stundarsakir eða víkur úr dómarasæti.

2. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, dómari víkur úr sæti eða forfallast, og tekur þá dómstjóri eða sá, er veitir dómi forstöðu í hans stað, einn prófessoranna með hlutkesti í rjettinn. Ef enginn hinna reglulegu yfirdómara skipar sæti sitt, þá ganga 3 prófessorar lagadeildarinnar í rjettinn.

3. gr.

Sá af prófessorunum, sem hverju sinni verður kjörinn í dóminn, tekur hið auða sæti. Nú eru fleiri sæti auð en eitt, og fleiri prófessorar kjörnir í einu en einn, og taka þeir sæti í dóminum eftir embættisaldri.

4. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, og tekur þá varadómari helming launa þeirra, er því sæti fylgja, þar til skipað er í embættið.

Þá er yfirdómari forfallast eða víkur sæti fær varadómari 40 kr. fyrir hvert mál, er hann tekur þátt í dómsuppkvaðningu þess.

Þá er varadómari gegnir störfum yfirdómara, án þess að hann sje forfallaður eða hafi orðið að víkja úr dómi, greiðir yfirdómari þóknunina.

5. gr.

Ef eigi er unt að taka varadómara úr lagadeild Háskólans, setur landsstjórnin dómara í hið auða sæti.

6. gr.

2. málsgr. 6. gr. í tilsk. 11. júlí 1800 er úr gildi numin með lögum þessum.

Ed. **400. Frumvarp**

til laga um notkun bifreiða.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum hver sá vagn, sem er knúinn áfram með aflvjel í vagninum sjálfum, og ætlaður til að flytja fólk eða varning. Lögin ná ekki til vagna, sem renna á spori, eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

2. gr.

Stjórnarráðið getur, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum eða vegaköflum með öllu, eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð álítst hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð.

3. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugðum og auðvelt sje að snúa þeim. Sje bifreið þyngri en 350 kg., skal aflvjelin geta knúið hana aptur á bak sem áfram. Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo, að mesta breidd utanmáls sje 1,75 metrar; þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá þessu að því er sjerstaka vegarkafla snertir.

Á hverri bifreið skulu vera:

1. tvennir hemlar svo sterkir, að með hvorum þeirra megi stöðva vagninn innan tveggja vagnlengda, þó hann renni með fullum hraða (35 km.), og umbúnaður, sem varni því, að vagninn geti runnið forbrekkis, ef annarhvor hemillinn orkar ekki.
2. horn, til þess að gefa með hljóðmerki.
3. ennfremur þegar dimt er:
   a. tvö tendruð ljósker, sitt á hvorri hlið bifreiðarinnar framantil, og í sömu hæð, sem lýsa svo, að ökumaður sjái að minsta kosti 12 metra fram á veginn.
   b. eitt ljós, sem ber skæra birtu á merki vagnsins.

Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð bifreiða, þar á meðal sjerstaklega um þyngd þeirra.

4. gr.

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum, og greiðir vagneigandinn kostnaðinn við skoðunina. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn, og ekki má taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigandaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytjist bifreiðareigandi búferlum úr

einu lögsagnarumdæmi í annað með bifreið sína, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal lögreglustjóri lögsagnarumdæmis þess, er hann flytst í, ákveða merki það, er bifreið hans þá skal hafa og afhenda honum það.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið á kostnað eiganda, og komi það þá í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar, og tekið merkið af henni.

5. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 18 ára að aldri, og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið.

Til þess að öðlast slíkt ökuskírteini, verður hlutaðeigandi að sýna vottorð frá lækni um að hann hafi fulla sjón, og vottorð tveggja valinkunnra manna um að hann sje áreiðanlegur og samviskusamur. Enn fremur verður hann að standast próf, samkvæmt ákvæðum, er stjórnarráðið setur með reglugerð; þó má í þeirri reglugerð ákveða að sá þurfi ekki að taka próf, sem hefir skírteini frá erlendum stjórnarvöldum.

Lögreglustjóri getur svift hvern þann ökuskírteini um tiltekinn tíma eða fyrir fult og alt, sem er dæmdur í refsingu fyrir brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt þeim, og sömuleiðis hvern þann, sem álitið er að hafi ekki lengur þá eiginleika, er útheimtast til þess að fá ökuskírteini.

6. gr.

Ökuhraðann skal ávalt tempra svo, að komist verði hjá slysum og ekki sje trufluð umferðin.

Í kaupstöðum, kauptúnum og ámóta þjettbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund, nema stjórnarráðið hafi leyft meiri hraða eftir tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn og ökumaður samt sem áður getur fullnægt öllum skyldum sínum, þó aldrei meiri en 35 km. á klukkustund. Í dimmu má hraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund.

Þar sem ökumaður sjer ekki langt fram á veginn, í kröppum bugum, við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðara en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sje for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

7. gr.

Ef bifreið mætir vegfarendum, skal hún halda sjer vinstra megin á veginum. Bifreiðin skal þegar nema staðar, ef sá sem hún mætir gefur merki, eða ökumaður sjer að hestur hræðist eða verður órór, og skal hann gera það, sem í hans valdi stendur til þess að hestarnir komist fram hjá bifreiðinni án þess að fælast. Sömu varúðar skal bifreiðarstjóri gæta, er hann vill fara fram fyrir vegfarendur, sem eru á undan honum, en þá skal bifreiðin vera hægra megin á veginum. Hins vegar skulu vegfarendur jafnan víkja úr vegi fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum, og aldrei tefja för þeirra að óþörfu.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að hvorugir komist fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar sem hinir komast fram hjá henni.

Ef ferðamenn með hlaðna vagna hafa neyðst til að víkja út af vegi fyrir bifreið, skal bifreiðarstjóri veita liðsinni sitt, ef þörf gerist, til að koma vögnunum aftur á veginn.

8. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa merki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum á veginum.

9. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiðar, skal ökumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi og hjálpa þeim, er slasast hefir, ef þörf gerist.

10. gr.

Óski útlendingur að nota um stuttan tíma bifreið, sem hann hefir með sjer frá útlöndum, getur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann fyrst vill nota vagninn, veitt honum tímabundið leyfi til þess að nota bifreiðina, þó ekki lengur en 3 mánuði, með skilyrðum þeim, er þurfa þykir til þess að ná tilgangi þessara laga. Leyfi þetta getur lögreglustjórinn í hverju því lögsagnarumdæmi, sem bifreiðin er notuð í, afturkallað ef honum þykir ástæða til.

11. gr.

Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, þurfa ekki að hafa nema einn sterkan hemil og eitt skært ljós í dimmu (sbr. 3. gr.).

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10 til 500 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

13. gr.

Hljótist slys eða tjón af notkun bifreiðar, annaðhvort beinlínis af akstri hennar, eða af því að hestur vegfaranda fælist, eða á annan svipaðan hátt, er sá, sem ber ábyrgð á bifreiðinni, skaðabótaskyldur, nema sá, sem fyrir slysinu eða tjóninu varð, eða einhver þriðji maður, hafi orðið valdur að slysinu eða tjóninu af ásettu ráði eða með vítaverðri óvarkárni, eða uppvíst verður að slysið hlaut að vilja til, þrátt fyrir þá aðgæslu og varkárni, sem ökumanni er skylt að gæta.

Framanskráð regla gildir þó ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreiðin flytur, nema ræða sje um bifreið, sem er til afnota fyrir almenning gegn borgun. Að öðru leyti fer um skaðabótaskyldu fyrir slík slys eða tjón eftir almennum reglum.

14. gr.

Eigandi bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 13. gr. Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi færist skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

15. gr.

Með framangreindum ákvæðum um skaðabótaskyldu er ekki skertur neinn sá rjettur til skaðabóta, sem leiðir af almennum reglum.

Nd. **401. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um afhendingu á landi til stækkunar kirkjugarðinum í Reykjavík.

Frá nefndinni.

Aftan við frumvarpið bætist ný grein, sem verði 4. gr. svohljóðandi:

Heimilt skal landsstjórninni, að kaupa alt Nýjatún, ef kaupverðið fer eigi fram úr 46 þús. krónum.

Ed. **402. Lög**

um breyting á lögum um sauðfjárbaðanir nr. 46, 10. nóv. 1913.

(Afgreidd frá Ed. 6. ágúst).

1. gr.

3. gr. orðist þannig:

Stjórnarráðið gefi með ráði dýralæknis út fyrirskipun um það, hvaða baðlyfja tegundir skuli nota og jafnframt greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra.

2. gr.

4. gr. orðist þannig:

Fyrirskipanir um það, hver baðlyf skuli nota, skulu birtar í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar fyrir 1. dag júnímánaðar ár hvert.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu hver í sínu umdæmi hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfje sitt, svo snemma að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

4. gr.

Þá er lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skulu þau færð inn í texta aganna um sauðfjárbaðanir nr. 46 frá 10. nóv. 1913, og getur konungur gefið út þau lög þannig breytt sem lög um sauðfjárbaðanir.

Nd. 403. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um breytingu á 6. gr. í lögum nr. 86, 22. nóv. 1907, um breytingu á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík.

Háttvirt efri deild hefir gert breytingu á frv. sem miðar til þess, að áliti efri deildar, að skýra efni frv. Nefndin felst á að orðalag það, sem efri deild hefir gefið frumvarpsgreininni sje heldur skýrara en var og ræður því háttv. neðri deild að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi 6. ágúst 1914.

Jón Magnússon, formaður. — Sveinn Björnsson, skrifari og framsm.

Einar Arnórsson. — Björn Hallsson. — Sigurður Sigurðsson.

Nd. 404. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi (þingskj. 215).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Í fyrirsögn frv. verði »breyting á lögum«:
   viðauka við lög.

2. 1. gr. orðist svo:
   Meðan lög þessi eru í gildi, skal Íslandsbanka heimilt, ef viðskiftaþörfin krefur, að auka seðlaútgáfu sína um alt að 700 þúsund krónur fram yfir þá upphæð, sem ákveðin er í 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, gegn því:
   1. að bankinn eigi jafnan og hafi í vörslum sínum, sbr. þó lög 3. ág. 1913 um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka o. fl., málmforða samkvæmt 4. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, til tryggingar seðlum, útgefnum samkvæmt lögum þessum, er nemi að minsta kosti 50% af seðlafúlgu þeirri, er í hvert skifti er í umferð fram yfir $2^1/_2$ miljón krónur;

2. að bankinn greiði í lok hvers mánaðar 2% árgjald til landssjóðs af þeirri seðlafúlgu, sem í hver mánaðarlok er í umferð fram yfir áðurnefndar 2½ miljón krónur, og eigi er trygð með málmforða samkvæmt 1. lið greinar þessarar.

Um seðlaútgáfu þá, er í lögum þessum greinir, gilda að öðru leyti fyrirmæli laga nr. 66, 10. nóv. 1905.

3. 2. gr. falli burt.

4. 3. gr. verði 2. gr. og orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til loka októbermánaðar 1915.

Nd. **405. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Frumvarp þetta er í öndverðu lagt fyrir þingið af stjórninni, og var í því farið fram á það, að bankanum yrði veitt heimild til útgáfu seðla alt að 5 milj. kr. og með samsvarandi tryggingu, þeirri er nú er samkvæmt gildandi lögum bankans nr. 66, 10. nóv. 1905. Telur bankinn viðskiftaþörfina heimta aukna seðlaútgáfu. Viðskiftaþörfin vaxi hröðum fetum um leið og framleiðsla í landinu aukist, og vanti því bráðlega innlendan gjaldmiðil, nema seðlaútgáfurjettur bankans verði aukinn frá því, sem nú er (2½ milj. kr.). Þeir nefndarmanna, er hjer skrifa undir, vilja eigi neita því, að þetta sje rjett. En þeir líta svo á, að um leið og til mála komi, að bankanum verði til fullnaðar veitt meira lánstraust — því að í auknum seðlaútgáfurjetti felst aukið lánstraust, er landið veitir bankanum, og um leið aukin ábyrgð landsins á bankanum, — telja þeir nauðsyn bera til þess, að breytt verði skipulagi bankans á ýmsan veg, og með öllu óaðgengilegt að auka rjettindi hans til frambúðar, nema viðunandi breytingar verði fyrst á þessu gerðar.

Helstu breytingarnar, sem sá hluti nefndarinnar, er hjer ritar undir, telur sjálfsagðar, eru þessar:

1. Landsstjórnin skipi 1—2 af bankastjórunum. Með því ætti að vera aukin trygging fyrir því, að landið hafi eftirlit með bankanum, betri og meiri tök í stjórn hans en nú er. Er þetta svipað og um Þjóðbankann danska gildir. Þar eru 2 stjórnkjörnir bankastjórar af 4 eða 5.

2. Þingið kjósi einn og stjórnin annan endurskoðunarmann, og hluthafar svo sem þeir telja sjer þörf. Nefndarmenn, er hjer undirrita, telja endurskoðun bankans nú svo vaxna, að hún veiti of litla tryggingu fyrir því, að allur rekstur bankans sje í lagi. Sjerstaklega viljum vjer taka það fram, að endurskoðendur mega ekki með *nokkuru* móti vera skuldskeyttir bankanum eða háðir á nokkurn hátt. Endurskoðendur þurfa þvert á móti að vera fullkomlega sjálfstæðir gagnvart þeim — hjer bankanum — er þeir eiga að endurskoða hjá. Þessum skilyrðum mun eigi hafa verið fullnægt um endurskoðendur Íslandsbanka.

3. Oss virðist allskostar óheppilegt, að formenska í bankaráðinu sje sameinuð ráðherraembættinu. Ráðherra á ekki að vera *í* því ráði, heldur á hann að vera *yfir* því og yfir bankanum, á líkan hátt og dómsmálaráðherra Dana er konunglegur „Bankkommissær" við Þjóðbanka Dana. Ráðherra ætti auðvitað enn fremur að eiga rjett á, að athuga allan hag bankans, hvenær sem hann vill.

4. Bankaráðið er nú, samkvæmt reglum bankans, svo að segja alveg valdalaust, hefur eigi einu sinni rjett til að líta í bækur bankans, kemur einu sinni á ári á bankaráðsfund svokallaðan, kvittar ársreikninginn og tekur út kaup sitt. Þess verður eigi vart, að bankaráðið skifti sjer, eða geti skift sjer, af bankanum. Það þarf því að auka vald bankaráðsins að stórum mun, og jafnframt tryggja landinu jafnan meiri hluta í því, svo að það geti haft yfirlit yfir útlán og alla starfsemi bankans og eftirlit í þá átt. Nú er bankaráðsstaðan skoðuð einungis sem ábyrgðarlaus og athafnalaus staða. En á þessu þarf að verða breyting hvorutveggja, áður en viðlit geti verið að láta bankanum í tje meiri hlunnindi til frambúðar en nú hefir hann.

5. Málmforðann, til tryggingar seðlum bankans, virðist sjálfsagt að færa upp úr 3/8 í 4/8 eða 50% af seðlafúlgu þeirri, er hverju sinni er í umferð, eins og var í upphafi, eftir lögum 7. júní 1902, en breytt var með lögum nr. 65, 10 nóv. 1905. Í Þjóðbankanum danska skal málmforðinn aldrei minni vera en 50%, og er banki þessi þó talinn mjög tryggur. Landið ber í raun og veru ábyrgð á seðlum bankans, þar sem seðlarnir eru lögboðinn gjaldmiðill, og fall bankans, vegna ógjaldfærni, hlyti að verða, af þessari ástæðu, mjög alvarlegt fyrir landið og stórum alvarlegra en fall hvers annars banka einstakra manna, er eigi gefur út seðla.

Enn fremur sýnist nauðsyn á því, að ríkara eftirlit sje haft með því, að lögboðinn málmforði sje í raun og veru, á hverjum tíma sem er, fyrir hendi í bankanum.

6. Ríkara eftirlit þarf og með seðlum bankans, sjerstaklega með því, hvað sje ónýtt af þeim.

7. Yfirlit yfir hag bankans ætti að birta mánaðarlega í blaði því hjer á landi, er stjórnarvaldabirtingar flytur, og auðvitað á íslenska tungu. Þetta er að vísu ákveðið nú, en hefir eigi verið fylgt nú á þessu ári.

Þá ættu ársreikningar bankans að vera glöggvari en nú er, svo að betur sæist, hvað í hverjum lið felst. „Ýmsir skuldheimtumenn" nema t. d. yfir hálfa þriðju miljón á síðasta ársreikningi. Og er ýmsum getum um það leitt, hvað felist í þessari upphæð, enda óvanalega há á reikningi eigi stærri banka en Íslandsbanki er. Vekur slík reikningsuppgerð tortryggni gagnvart bankanum, sem vjer ætlum þó óþarfa.

8. Upphaflega (sbr. Alþt. 1901 A. Þingskjal 45), sýnist tilætluuin hafa verið sú, að bankinn skyldi eigi reka sparisjóðstarfsemi, sakir þess að slík starfsemi yki áhættu hans, og enda eigi vel fallið seðlabanka að reka þesskonar störf. Þetta atriði vill nefndin líka, að tekið verði til rækilegrar athugunar, áður en afráðið yrði til frambúðar um aukinn seðlaútgáfurjett til handa bankanum.

9. Það hefir viðgengist, að bankinn hefir veitt lán gegn sjálfs síns hlutabrjefum sem handveði. Þetta þykir hvervetna, að því er oss er best kunnugt, allskostar óviðeigandi og eigi hættulaust. Og ætti það því eigi að eiga sjer stað, því að um leið og bankinn tapaði, minkar verðmæti veðsins, enda vel fallið til að koma hlutabrjefunum í óeðlilega hátt verð.

10. Þá virðist oss sanngjant, að ef seðlaútgáfurjettur bankans er aukinn, þá skuli bankinn greiða hundraðsgjald til landssjóðs af seðlafúlgu þeirri, sem hverju sinn

er í umferð fram yfir málmforðann. Þetta er eins konar endurgjald fyrir áhættu landsins á seðlunum, og á jafnframt að koma í veg fyrir það, að rjetturinn sje misbrúkaður.

Þótt vjer getum eigi, samkvæmt framanskráðu, gengið að stj.frv. eða frv., eins og það kom til deildarinnar frá háttv. efri deild, þar sem rjettur til aukningar seðlaútgáfurjettarins er veittur bankanum ótímatakmarkað og án þess að sett sjeu nokkur ný skilyrði um eftirlit með bankanum og skipulagi hans, þá þykir oss að því gangandi nú, sjerstaklega með hliðsjón til þess voveiflega hernaðarástands, sem nú stendur, að heimila bankanum að auka seðlaútgáfu sína um 700 þús. krónur í mesta lagi, gegn 50% málmforðatryggingu og 2% árgjaldi í landssjóð af því, sem fram yfir málmforðann er í umferð, og að þetta verði aðeins til bráðabirgða, gildi eigi lengur en til októberloka 1915, enda leysi bankinn, fyrir þann tíma, inn það af þessum 700 þús kr. sem þá verður í umferð fram yfir 2½ miljón, nema næsta þing geri aðra ráðstöfun.

Berum vjer því fram fyrir háttv. deild breytingartillögurnar á þingskj. 404 við frv., og ráðum háttv. deild til að samþykkja það með þeim breytingum.

Alþingi 7. ágúst 1914.

Einar Arnórsson. Sigurður Gunnarsson,
með fyrirvara að því er snertir sum atriði í nefndarálitinu.

Eftir atvikum samþykkir breytingartillögunum, en ósamdóma ýmsu í nefndarálitinu.

H. Hafstein. Pjetur Jónsson.

Við, sem ritum hjer undir, erum samþykkir framanrituðu nefndaráliti, að því er snertir inngangínn og liðina 1—10, en sjáum eigi ástæðu til, að veita neinn aukinn seðlaútgáfurjett, eins og lagt er til þar að síðustu.

Á þessum ófriðartímum, þegar að eins gull er gjaldgengt, þá virðist æði ískyggilegt, að ýta undir það, að gefið sje út meira af seðlum en áður er leyft, því slík aukning gæti verkað öfugt, þannig, að vjer yrðum í enn meiri vandræðum með borgun útlendra nauðsynja en nú, eins og síðar skal sýnt.

Þegar þess er gætt, að innlenda viðskiftaþörfin krefur eigi meir en sem svarar helmingnum af seðlum Íslandsbanka, auk Landsbankaseðlanna, þá virðist nauðsynin ekki vera brýn, og má sjá seðlaumferð Íslandsbanka af meðfylgjandi fylgiskjali síðustu 6 árin.

Ef allir núverandi seðlar beggja bankanna eru úti, þá nemur það 38 krónum á hvert mannsbarn á landinu, fyrir utan *útlenda* seðla, sem hjer eru í umferð, sem er ekki lítið, og fyrir utan silfur og koparmynt. Gull sjest sjaldan. 1901 segir Þjóðbankinn danski, að peninga umferðin í 3 löndunum, Danmörk, Noregi og Svíaríki, hafi verið um 20 ára bil 37 kr. á mann. Nærri má geta hvort innanlands peninga umferðin er meiri hjer nú en þar var þá.

Íslandsbanki getur því ekki þurft meira af seðlum en hann hefir nú, og mun eiga fult í fangi með að útvega nægt gull, ef þeir eru allir settir í umferð.

Þar sem auðsætt er, að innlenda viðskiftaþörfin heimtar eigi meiri seðla, þá getur eigi verið beðið um þá af öðrum ástæðum en þessum:

1. Af ótta fyrir því, að sparisjóður Íslandsbanka verði tæmdur, en til þess ótta er nú engin ástæða, síðan lögin um vernd banka og sparisjóða voru staðfest. Auk þess eru útborgunarskilmálar Íslandsbanka úr sparisjóðsbókum hans þannig, að bankinn getur borgað *svo lítið sem hann vill.*

   Sú ástæða fellur því um sjálfa sig.

2. Íslandsbanki segir:

   Jeg þarf seðlanna með, til þess að borga út fiskfarma fyrir útlend verslunarhús og banka, sem jeg hefi viðskifti við.

En það er nauðsynlegt, að gera sjer ljóst, hvað verið er að gera þegar seðlar eru auknir í því skyni.

Það er verið að tálma því, *að gull geti komist inn í landið*, sem borgun fyrir okkar gullsígildi, vörurnar, og verið að setja bankann og landið í hættu, verið að stuðla að því, að vörur okkar fari *úr landinu án þess nokkur ábyggileg trygging sje fyrir borguninni.*

Slík útborgun á förmum fyrir útlend verslunarhús eða banka fer þannig fram:

Bankinn borgar farmana með skuldabrjefi á sjálfan sig, *seðlunum,* lætur þjóðina lána sjer andvirði farmsins upp á landsins ábyrgð. Í staðinn fyrir upphæð þá, sem bankarnir hjer og landið hafa þannig sett sig í skuld fyrir, fá þeir oftast 3 mánaða víxla á útlent verslunarhús eða banka.

Þessa 3 mánaða víxla senda þeir svo stundum með skipinu er flytur farminn til „Ordru"-hafnar á Skotlandi, eða í pósti. Og er engin trygging fyrir, á slíkum ófriðartímum, að víxlarnir komi fram.

Komist víxlarnir sína leið, til Lundúna vanalega, eru þeir samþyktir, og liggja þessi blöð því þar í 3 mánuði.

Margt getur skeð á þeim tíma, á hernaðartímum.

a. Að privatbankar þeir eða verslunarhús, sem viðskifti eru við, verði gjaldþrota.
b. Að bankarnir verði eyðilagðir og rændir, og er þá þessum pappírsblöðum hætt.

Á hernaðartímum reynir óvinveitta þjóðin allra mest að skaða peningastofnanir óvinarins og að ræna þær fje. Það liggur því í augum uppi, að slík viðskifti eru á ófriðartímum stórhættuleg fyrir landið. Bankinn á á hættunni að standa í skuld fyrir fiskfarmana, en fá ekkert í staðinn. Og hvar stendur bankinn þá?

Ekkert getur undir þessum kringumstæðum verið trygg borgun *nema gull í landinu sjálfu,* og helst til mikil ljettúð að líta öðruvísi á.

Í staðinn fyrir að gefa út meiri seðla, á þingið að fá Íslandsbanka til að láta sína útlendu viðskiftavini vita *að undir þessum kringumstæðum,* geti hann ekki borgað fiskifarmana fyrir þá, nema þeir, *á eigin ábyrgð,* sendi andvirðið hingað *heim í gulli.*

Hvert gætið þing mundi fara þannig að. Og þá eru nokkurar líkur fyrir að landið fái mynt til þess að kaupa fyrir nauðsynjar sínar í Vesturheimi. Það virðist liggja nær fyrir þing og stjórn, að semja heimildarlög fyrir stjórnina til þess að *banna* að vörur vorar fari til Spánar og Ítalíu fyr en andvirði þeirra er komið í gulli hingað til landsins, eða þangað til ófriðarhættan er afstaðin.

Það bann mundi tryggja bankana og landið gegn allri hættu og sem full þörf er á að tryggja, eins og nú er ástatt.

Við leggjum því til að frumvarpið verði felt ásamt með breytingartillögunum.

Alþingi 7. ágúst 1914.

Björn Kristjánsson. Þorleifur Jónsson.

Hjörtur Snorrason.

Fylgiskjal.

Íslands bankaseðlar í umferð.

	1908 kr.	1909 kr.	1910 kr.	1911 kr.	1912 kr.	1913 kr.
Jan.	899 000	748 965	845 020	1 090 125	1 031 000	1 043 905
Febr.	732 000	708 410	653 480	902 345	957 055	938 380
Mars	639 315	798 405	568 800	825 705	920 475	889 740
Apríl	603 885	747 290	721 050	929 100	987 585	1 017 260
Maí	868 165	768 920	720 410	1 020 000	1 004 475	1 158 760
Júní	906 500	788 110	839 400	980 000	1 082 355	1 312 415
Júlí	1 000 000	1 005 775	1 029 585	1 180 000	1 218 385	1 560 465
Ágúst	1 090 890	1 196 265	1 206 360	1 262 340	1 291 945	1 598 685
Sept.	1 341 775	1 098 725	1 443 280	1 536 145	1 570 000	1 980 960
Okt.	1 366 860	1 169 645	1 586 125	1 701 045	1 751 000	2 105 285
Nóv.	1 197 130	901 780	1 340 670	1 545 000	1 407 000	2 062 255
Des.	857 550	828 125	1 117 620	1 111 315	1 132 220	1 691 050

Aths.: Um seðla í umferð árið 1914 hefur ekkert verið auglýst.

Eftir blaðinu „Börsen“ 1914.

	1914 kr.
Febr.	1 292 120
Mars	1 201 910
Apríl	1 328 780
Maí	1 572 895

Ed. **406. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907 (þskj. 374).

Sú breyting hefir verið gerð á frumvarpinu í háttv. Nd., að úr því er felt ákvæðið um viðhaldstillag úr landssjóði til brautarinnar. Þetta atriði vill nefndin ekki gjöra að kappsmáli og leggur því til, að frv. verði samþykt eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi 6. ágúst 1914.

Kristinn Daníelsson, formaður. Jósef J. Björnsson, skrifari og framsögum.

G. Björnsson. J. Havsteen. Guðm. Ólafsson.

Ed. **407. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895.

Með því ákveðið er, að gerð íslenska fánans skuli ákveðin með konungsúrskurði, þegar konungur hefir fengið tillögur þingsins um gerðina, leggur nefndin til, að háttv. deild samþykki frv. þetta óbreytt, þar sem slík lagarjetting verður sjálfsögð afleiðing af konungsúrskurði 22. nóv. 1913.

Alþingi 6. ágúst 1914.

G. Björnsson, formaður. Karl Finnbogason, skrifari og framsögumaður.

Jósef J. Björnsson. Sigurður Stefánsson. Magnús Pjetursson.

Nd. **408. Fyrirspurn til ráðherra.**

Flutningsmaður: Einar Arnórsson.

Hversu mikilli fjárhæð hefir verið varið úr landssjóði til greiðslu kostnaðar (kaupgjalds og annars) við nefnd þá, er skipuð var 30. des. f. á., til þess að taka gerð íslenska fánans (sbr. konungsúrskurð 22. nóv. 1913) til íhugunar, eða hversu mikilli fjárhæð verður til þess varið, ef eigi hefir þegar verið greiddur kostnaðurinn að einhverju leyti eða öllu?

Nd. **409. Frumvarp**

til laga um breytingu á tolllögum nr. 54, 11. júlí 1911, og lögum um vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa vanrækt að skýra innheimtumanni, áður lögmæltur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða að því, að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess, að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 segir, skal hann sæta frá 50 til 1000 króna sektum.

Nú hefur maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 100 króna.

Ennfremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum þeim, er undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru, dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verslunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó fengið slík leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá er eigi hefir slík leyfi, er hann verður brotlegur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

2. gr.

Heimilt er póstafgreiðslumanni að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáandi, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að eigi sje rjett frá skýrt um innihald þeirra.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn 1. málsgr. 2. gr., skal fara sem almenn lögreglumál, en mál út af brotum gegn 2. málsgr. 1. gr. sæta almennri sakamálameðferð.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1. málsgr. 8. gr. tollaga nr. 54, 11. júlí 1911 og 1. málsgr. 8. gr. laga um vörutoll nr. 30, 22. nóv. 1912.

Ed. **410. LÖG**

um sandgræðslu.

(Afgreidd frá Ed. 8. ágúst).

1. gr.

Landstjórnin hefir yfirstjórn sandgræðslumála í landinu. En öll forstjórn opinberra ráðstafana til sandgræðslu og varna gegn sandfoki eða uppblæstri lands, skal falin Búnaðarfjelagi Íslands.

2. gr.

Heimilt er landsstjórninni að láta girða uppblásin svæði, sem uppblásturshætta getur stafað af, í þeim tilgangi, að þar verði unnið að sandgræðslu, bæði til þess að græða þau svæði að fullu og til þess að koma í veg fyrir, að uppblásturinn færist út. Allan þann tíma, sem að sandgræðslunni er unnið, hefir landsstjórnin full umráð yfir slíku svæði, og getur eigandi eða sá, er afnotarjett hefir yfir svæðinu, eigi krafist endurgjalds fyrir þau afnot, sem hann annars kynni að hafa af því.

3. gr.

Stjórnarráðið með samráði við sýslunefndir þær, er hlut eiga að máli, og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, ákveður, hvar svæði skuli tekin til girðingar og sandgræðslu. Sá, er óskar að fá girt uppblásið svæði í landeign sinni, sendir Búnaðarfjelaginu beiðni um það, og lætur fylgja ítarlegar skýrslur um ástæður allar.

Þau svæði skulu að öðru jöfnu vera látin ganga fyrir, þar sem eigendur eða aðrir, þeir er að standa, vilja sjálfir leggja fram fje nokkurt til girðingarinnar.

4. gr.

Kostnað við girðing, umfram það er eigandi eða aðrir, þeir er að standa, leggja fram, skal greiða úr landssjóði að $^3/_4$, en úr sýslusjóði að $^1/_4$. Á sama hátt skal greiða kostnaðinn við viðhald girðingarinnar þar til er fram er farin afhending sú, sem getur um í 8. gr.

5. gr.

Á þeirri jörð, þar sem sandgræðsla fer fram, er þeim, er umsjón hafa með verkinu fyrir hönd landsstjórnarinnar, heimilt að taka endurgjaldslaust það efni, sem nota má við sandgræðsluna, svo sem grjót, grassvörð, hrís, víðikvisti og lyng, valdi það engum landsspjöllum. Sje hinsvegar um landsspjöll að ræða og krefjist eigandi eða nothafi bóta fyrir þau, má greiða þær eftir mati óvilhallra manna.

6. gr.

Ef einstakir menn setja girðingar fast við sandgræðslugirðinguna, skulu hlið vera á þeim, eigi fjær henni en 40 metra, svo að ganga megi tálmunarlaust kring um alt sandgræðslusvæðið til eftirlits.

7. gr.

Ekki má óupphleyptur vegur liggja um girt sandgræðslusvæði, og ekki svo nærri girðingunni, utanvert við hana, að umferðin geti valdið þar upp-blæstri. Ef af þessum ástæðum þarf að breyta um veg, eða gera upphleyptan veg, skal kostnaðinn við það greiða á sama hátt sem girðingarkostnaðinn.

8. gr.

Þá er sandfokið er heft og svæðið gróið upp, fær eigandi umráð yfir því aftur, en skylt er honum að hlíta reglum þeim um notkun þess, er stjórn-arráðið setur eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands til varnar því, að uppblást-urinn byrji af nýju. Landeigandi eignast þá og girðinguna, en er síðan skyldur til að halda henni við á sinn kostnað, þar til stjórnarráðið kann að gefa leyfi til að taka hana upp, af því að svæðið er orðið svo vel gróið, að full vissa þykir um það, að uppblásturinn byrji ekki af nýju.

9. gr.

Ef uppblástur skyldi byrja af nýju eftir að eigandi hefir aftur fengið svæðið til umráða, samkæmt 7. gr., þá er honum skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sje að engu leyti meðferð hans að kenna, og vanræki hann það, hefir landstjórnin rjett til að láta vinna verkið á hans kostnað.

10. gr.

Búnaðarfjelag Íslands skal hafa yfirumsjón með sandgræðslusvæðun-um og girðingunum um þau, einnig eftir það að þau eru afhent eiganda til umráða. En hreppstjóri skal hafa eftirlit með þeim. Ef girðing skemm-ist áður en svæðið er afhent eiganda til umráða, skal eigandi jarðarinnar eða ábúandi skýra hreppstjóra tafarlaust frá skemdunum, og er þá hreppstjóra skylt að sjá um, að gert verði við girðinguna svo fljótt sem hægt er, en ábú-andi skal verja svæðið fyrir ágangi af skepnum á meðan. Verði hreppstjóri þess var, að ábótavant sje meðferð sandgræðslusvæðisins eða að aftur sje far-ið að votta fyrir uppblæstri á því, eftir að það er gróið, skal hann gjöra Bún-aðarfjelaginu aðvart um það svo fljótt sem kostur er. Um árslok sendir Bún-aðarfjelagið landsstjórninni skýrslu um það, hvernig sandgræðslugirðingar og sandgræðslusvæðin hafist við, og í hvaða ástandi þau sjeu nú.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til landssjóðs, 5 til 100 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 54 frá 22. nóv. 1907 um afskifti forstjóra skógræktarmála og skógvarða af sandgræðslumálum og uppblæstri landsins.

Nd. **411. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um kaup á Þorlákshöfn í Árnessýslu, um eignarnámsheimild á sömu jörð og um mótorbátahöfn sama staðar.

Frá nefndinni.

Við 3. gr. Aftan við orðin í 3. grein »samkv. 2. gr., í Þorlákshöfn« komi: og skal verkið hafið eigi síðar en í júní 1915.

Ed. **412. Frumvarp**

til laga um sjóvátrygging.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

FYRSTI KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Vátryggja má hverja þá lögmæta hagsmuni, sem virða má til peninga og velta á því, að skip eða farmur, sem lagður er í hættu á sjó, týnist ekki eða rýrni í þeim háska.

Einkanlega má vátryggja: Skip, farmgjald, skipsútbúnað, farm, væntanlegan verslunararð og umboðslaun af vörum, sjólánskröfur, sjótjónsframlög og aðrar kröfur, sem fullnægja skal með skipi, farmgjaldi eða farmi. Ábyrgðarsali getur endurtrygt fyrir þeirri áhættu, sem hann tókst á hendur (reassurance).

2. gr.

Vátryggja má fyrir sína hönd og annara, svo og þótt hvorugt sje tiltekið (svo sem »fyrir hönd þess, sem í hlut á« eða því um líkt).

Nú tekur maður vátryggingu fyrir hönd annars manns án umboðs hans, og skal vátryggingartaki þá geta þess berum orðum, að hann hafi ekki umboð til. Nú vanrækir hann þetta, og er vátryggingin þá ógild, jafnvel þótt sá, sem vátryggja átti fyrir (vátrygður), samþykki hana síðar, en ábyrgðarsali á heimting á iðgjaldinu engu að síður.

3. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að fá vátryggingartaka skriflega viðurkenningu fyrir vátryggingunni (vátryggingarskírteini), ef hann æskir þess.

4. gr.

Hverja hagsmuni má vátryggja svo hátt, sem sannvirði þeirra nemur (vátryggingarverð).

5. gr.

Nú vátryggir maður í sviksamlegum tilgangi eitthvað til meiri skaðabóta en vátryggingarverð þess nemur og er sá vátryggingarsamningur þá ógildur, eða þeir samningar allir, ef fleiri en einn sjerstakur samningur var gerður um vátrygginguna.

6. gr.

Ef maður vátryggir eitthvað fram yfir vátryggingarverð, en eftir bestu vitund, þá er sú vátrygging lögmæt, en þó ekki fram úr vátryggingarverðinu.

Nú vátryggir maður hjá fleirum en einum hið sama gegn sama háska, og eru allar vátryggingarnar teknar sama dag, þá ábyrgist hver ábyrgðarsali svo mikinn hluta af vátryggingarverði hins vátrygða, sem vátryggingarfjárhæð hans er mikill hluti af öllum hinum teknu vátryggingarfjárhæðum samantöldum. Nú voru vátryggingarnar ekki teknar sama dag, og heldur þá hin yngri vátrygging gildi sínu að eins að svo miklum hluta, sem vátryggingarverð hins vátrygða er meira en hin eldri vátrygging nam. Þó heldur hin yngri vátrygging fullu gildi sínu:

1. Þegar þau rjettindi, sem hin eldri vátrygging veitir, eru framseld ábyrgðarsala jafnframt því að yngri vátryggingarsamningurinn er gerður.

2. Þegar svo er tiltekið í hinum nýja samningi, að tilkall verði að eins gert eftir honum að svo miklu leyti sem vátrygður fær ekki skaða sinn bættan eftir hinum eldra vátryggingarsamningi, annaðhvort af því að hann var ógildur eða ábyrgðarsali er ekki borgunarfær.

3. Þegar eldri vátryggingin var tekin fyrir hönd vátrygðs án skipunar hans, en hann tók sjálfur eða ljet taka yngri vátrygginguna, án þess að hann vissi þá af hinni eldri eða hann hefir afsalað sjer henni.

7. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru eða öllu af því að tryggingarhagsmunir voru engir eða minni en ætlað var, eða sakir oftryggingar eða tvítryggingar, og getur ábyrgðarsali þá krafist iðgjalds engu að síður, nema honum væri kunnugt, þá er hann tókst á hendur vátrygginguna, um þau atvik, sem ónýttu hana. Þó á vátrygður kröfu til endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 37. gr.

8. gr.

Ef vátryggingarfjárhæðin er minni en vátryggingarverðið, greiðir ábyrgðarsali að eins svo mikinn hluta af skaðanum, sem vátryggingarfjárhæðin er mikill hluti af vátryggingarverði þess, sem vátrygt var.

9. gr.

Nú hafa aðilar samið um ákveðið verð á vátrygðum hagsmunum (verðsett vátryggingarskírteini), og skal þá það verðmat haldast; þó á ábyrgðarsali rjett á að það verð sje lækkað, ef það sannast, að það sje hærra en sanngjarnt var að telja það, þegar metið var verðmætið.

10. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali greitt fyrir tjón, sem vátrygður á rjett á skaðabótum fyrir af þriðja manni, og eignast þá ábyrgðarsali þann rjett vátrygðs.

Nú vátryggir maður skuldakröfu sína, sem trygð er með einhverjum hagsmunum, sem er í áhættu á sjó, og þeir hagsmunir rýrna eða glatast, þá fær ábyrgðarsali rjett hans á hendur skuldunaut að hlut í kröfunni jöfnum því fje, sem hann greiddi í skaðabætur.

Vátrygður á rjett á að heimta skaða sinn bættan af ábyrgðarsala, þótt hann hafi ekki fyrst sótt rjett sinn á hendur þeim, sem skyldur var til að greiða skaðabætur, nje á hendur skuldunaut, sbr. þó 21. gr.

11. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali orðið gjaldþrota eða komið hefir fram við fjárnám, að hann átti ekki fyrir skuldum eða hann hefir stöðvað greiðslur sínar, og er vátrygðum þá heimilt að rifta vátryggingarsamningnum og fá iðgjald sitt endurgreitt, nema ábyrgðarsali setji tryggingu, ef krafist er, fyrir því, að samningnum verði að öllu fullnægt. Nú ber þetta að eftir að hinir vátrygðu hagsmunir hafa verið lagðir í hættu, þá hefir ábyrgðarsali rjett til að halda eftir af iðgjaldinu að tiltölu við þá áhættu, sem um er liðin.

ANNAR KAFLI.

Um skyldur vátrygðs.

12. gr.

Nú er samningur gerður um vátrygging, og er þá vátrygðum skylt að skýra nákvæmlega og rjett frá öllum atvikum, sem honum eru kunn og máli geta skift, þá er meta skal þá áhættu, sem ábyrgðarsali tekst á hendur, og þau skilyrði sem ábyrgðartakan er háð; skyldu vátrygðs um þetta skal einnig sá gæta, sem vátrygging tekur fyrir hans hönd, svo og hver annar milligöngumaður, sem aðstoðar við samningsgerðina.

13. gr.

Nú er vanrækt að segja til þess, sem 12. gr. segir fyrir um, og ábyrgðarsala var ókunnugt um þau atvik, sem látið var ógetið við samningsgerðina, og ekki var sanngjarnt að ætlast til, að honum væru þau kunn, og er honum þá ekki skylt að halda samninginn, en iðgjaldið á hann engu að síður, sbr. þó 37. gr.

Nú hefir vátrygður, eða sá, er skyldur var til að skýra frá atvikum, fengið svo seint vitneskju um eitthvað það, er segja skyldi til um, að hann hefði orðið að gera öldungis óvanalegar ráðstafanir til að geta gert ábyrgðarsala það kunnugt áður samningurinn var fullgerður, og skal þá þessi vanræksla hans ekki ógilda samninginn. Nú var vátrygging tekin án skipunar og vitundar vátrygðs, og er hún þá ekki ógild þótt ábyrgðarsala sje ekki sagt til

atvika, sem að vísu voru kunn vátrygðum, en ekki þeim, er um vátrygging samdi.

14. gr.

Nú var sagt rangt til um eitthvað það, sem ræðir um í 12. gr., og er þá samningurinn ógildur og fyrirgert iðgjaldinu, sbr. þó 37. gr., þó sagt hafi verið til eftir bestu vitund, nema ábyrgðarsali hafi vitað um það, sem rangt var til sagt, þegar samningurinn var gerður.

15. gr.

Nú var vanrækt að segja til, eða sagt rangt til, um atvik, sem snerta að eins nokkurn hluta hinna vátrygðu fjármuna, og helst þá samningurinn að þeim hluta, sem þau atvik snerta ekki, nema ef telja má víst, að ábyrgðarsali mundi ekki hafa tekist á hendur vátrygging á þeim hluta einum, með sömu skilyrðum, sem hann tókst vátrygginguna á hendur á öllum fjármununum, ef honum hefðu þá verið kunn öll atvik.

16. gr.

Þegar vátrygður veit, að tjón, sem ábyrgðarsali á að bæta, hefir orðið á hinum vátrygðu hagsmunum, skal hann skýra honum frá tjóninu og beiðast fyrirskipana hans um þær ráðstafanir, sem gera skal til bjargar og verndar hinum trygðu hagsmunum og hefta meira tjón; en þangað til hann fær slíkar fyrirskipanir frá ábyrgðarsala, er hann sjálfur skyldur að aðhafast í þessu það, sem þörf krefur. Nú vanrækir vátrygður þessa skyldu sína, og ábyrgist hann þá það tjón, er af hlýtst.

17. gr.

Nú er ábyrgðarsala skylt að bæta skaða, sem vátrygður á rjett á, að annar maður bæti honum, og skal vátrygður þá um þann rjett gera þær ráðstafanir, sem þörf er á eftir atvikum, þangað til ábyrgðarsali getur sjálfur sjeð þar fyrir hagsmunum sínum. Nú vanrækir vátrygður þetta, og ábyrgist hann þá það tjón, sem álíta má, að ábyrgðarsali bíði af vanrækslu hans.

18. gr.

Vátrygður er skyldur að greiða iðgjaldið gegn afhendingu vátryggingarskirteinis, jafnskjótt sem samningurinn er fullgerður, nema annað sje til skilið.

ÞRIÐJI KAFLI.

Um skyldur ábyrgðarsala.

19. gr.

Ábyrgðarsali ábyrgist afleiðingar af hverri þeirri hættu, sem hinir trygðu hagsmunir eru lagðir í á vátryggingartímanum, og vátrygður er eigi valdur

að sjálfur, nema einhver háski hafi verið sjerstaklega undanskilinn. Ekki leysir það ábyrgðarsala undan ábyrgð, þótt skipstjóri sje valdur að tjóninu eða skipverjar.

20. gr.

Í þessum greinum ábyrgist ábyrgðarsali ekki skaðann:

1. Þegar skip og farmgjald er vátrygt fyrir hönd útgerðarmanns, og tjónið hlýtst af því að skipið var ekki sjófært, þá er það ljet út í ferðina, eða það var ekki nægilega vel búið eða mannað, eða hafði ekki nægileg skipsskjöl, eða það var óhæfilega hlaðið, eða skaðinn verður af því, að gengið er að hinum tryggðu fjármunum til bóta á tjóni, sem yfirsjónir eða hirðuleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra baka öðrum mönnum. Þó koma þar ekki til greina bætur fyrir tjón, sem leiðir af árekstri.

2. Þegar skip er vátrygt og skaði á skipi eða skipsbúnaði stafar einungis af sliti, elli, fúa eða maðkátu, eða af því, að það, sem skemdist, var ekki í viðunandi lagi, þegar skipið fór af stað.

3. Þegar vátrygður er farmur, farmgjald eða verslunarhagnaður á farmi, og skaðanum valda gallar á umbúðum vörunnar, eða sá eiginleiki hennar sjálfrar, sem 147. gr. siglingalaganna 22. nóvbr. 1913 getur um. Þó bætir ábyrgðarsali skaða þann, sem síðast var nefndur, ef ferðin hefir dregist óvanalega lengi vegna óhappa, sem ábyrgðarsali ábyrgist, nema ætla megi, að skaðinn hafi ekki verið drættinum að kenna.

4. Þegar vátrygður er farmur eða verslunarhagnaður á farmi eða fyrirframgreiðslu á farmgjaldi, sem ekki skal endurgreiða, þó óhapp beri að, og tjón á þessu, sem nú var talið, er farmsendara eða viðtakanda að kenna sem slíkum.

21. gr.

Þá er fullnaðarreikningur sameiginlegs sjótjóns hefir verið gerður á lögmætum stað og eftir þess lands lögum, er ábyrgðarsali skyldur að greiða eftir niðurjöfnuninni, bæði sjótjónsframlag það, sem kemur á hina vátrygðu hagsmuni, og þau framlög til skaðabóta, sem aðrir hluttakendur í sjótjóninu eru skyldir til að greiða fyrir skemdir á þeim, en sannanlegt er, að ekki hefir verið náð hjá þeim, sem skaðabótaskyldir voru. Ábyrgðarsali er jafnskyldur til þessa fyrir því, þótt hið vátrygða sje metið í niðurjöfnuninni fram yfir vátryggingarverð.

Nú hefir sjótjóni ekki verið jafnað niður, og það er ekki vátrygðum að kenna, og getur hann þá krafist bóta fyrir alt tjónið, svo sem vátryggingarsamningurinn tiltekur.

22. gr.

Nú hefir fullnaðarreikningur sjótjóns verið gerður á lögmætum stað og af þeim, sem opinbert umboð hafði til þess starfa, og getur þá ábyrgðarsali ekki borið það fyrir sig við vátrygðan, að öðrum manni hafi verið vilnað í við sjótjónsreikninginn, vátrygðum til tjóns, og gagnstætt lögum á þeim stað, þar sem sjótjóninu var jafnað niður, nema vátrygður hafi sjálfur verið sök í því, að ekki var nægilega sjeð fyrir hagsmunum hans. Þó er vátrygður

skyldur til að framselja ábyrgðarsala kröfu sína á hendur þeim, sem þannig var ívilnað.

23. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að bæta það, sem lagt var í sölurnar eftir bestu vitund til að forðast háska, sem hann trygði gegn, og kostnað þann, sem af því hlautst, svo og það sem varið var til bjargar og verndar vátrygðum hagsmunum og til að forða meira tjóni, eftir að slys bar að, og er honum skylt að bæta þetta þótt það verði ekki talið til sameiginlegs sjótjóns, svo og kostnað við að ákveða eigin ábyrgð ábyrgðarsala, þegar svo ber undir, sem hjer var sagt.

24. gr.

Nú ber fleiri en eitt sjótjón að á þeim tíma, sem vátrygging ábyrgðarsala tekur yfir, og bætir hann skaðann, þótt bæturnar allar samantaldar verði meiri en vátryggingarfjárhæðin var. Enn fremur skal bæta fullum bótum þann kostnað, sem 23. gr. ræðir um, þótt hann fari fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

25. gr.

Ef breytt er ferð þeirri, sem tilgreind var, þegar vátryggingarsamningurinn var gerður, og sú breyting verður áður en ábyrgðarsali á neitt á hættu, þá er ábyrgðarsali úr allri ábyrgð, ef skip og farmgjald hefir verið vátrygt fyrir hönd útgerðarmanns.

Nú er farmgjald vátrygt fyrir hönd annars manns eða aðrir hagsmunir en skip og farmgjald, og heldur þá vátryggingin gildi sínu, enda sé ferðinni breytt án samþykkis vátrygðs.

Nú eru vátrygðir hagsmunir lagðir í hættu áður en áhætta ábyrgðarsala hefst, eða á öðru skipi en tilgreint var við vátryggingartökuna, og er ábyrgðarsali þá laus allra mála.

26. gr.

Nú er breytt til um ferð, eða sú áhætta, sem tekin var vátrygging fyrir, eykst eða breytist á annan hátt eftir að áhætta ábyrgðarsala hófst, og er hann þá úr ábyrgð á hverju því tjóni, sem ber að eftir að breytt var til um ferðina, nema breytingin hafi verið gerð án samþykkis vátrygðs eða í nauðsyn, til þess að forðast áhættu sem ábyrgðarsali trygði gegn, eða til að bjarga lífi manna.

FJÓRÐI KAFLI.

Um skaða og greiðslu skaðabóta.

27. gr.

Vátrygður á rjett á bótum fyrir algert tjón:

1. Þegar vátrygt skip eða gós ferst með öllu, eða er gert upptækt eða skemmist svo, að það má telja ónýtt til þess, sem það var ætlað til.
2. Þegar vátrygt er farmgjald og þess missir með öllu.

3. Þegar verslunararður er vátrygður eða umboðslaun, og varan kemst ekki þangað, sem hún átti að fara.
4. Þegar vátrygðar eru sjótjónsbætur eða sjólánsfje, og veðið, sem fyrir var, ferst með öllu eða ekkert fæst af því til lúkningar hótunum eða fjenu.

28. gr.

Þá er algert tjón verður, skal ábyrgðarsali greiða að fullu vátryggingarfjárhæðina; þó skal dregið frá henni það, sem sparast af kostnaði þeim, sem vátryggingin nær til; svo á ábyrgðarsali og rjett á að taka til sín alt það, sem bjargað kann að verða. Nú voru munirnir aðeins vátrygðir að nokkrum hluta verðmætis þeirra, og skal þá það, sem dregið er frá vátryggingarfjárhæðinni, talið eftir rjettri tiltölu milli vátryggingarfjárhæðarinnar og alls vátryggingarverðsins, og fær ábyrgðarsali eftir sama mæli hlut í því, sem bjargað var.

Nú skemmist vátrygt skip og það er dæmt óbætandi með lögmætri skoðunargjörð, og á vátrygður þá rjett á að fá bætur, sem algert tjón væri, enda selji hann skipið af hendi til ábyrgðarsala.

29. gr.

Nú hefir ekki spurst til skips svo lengi, að seglskip fer að jafnaði þrisvar sinnum á þeim tíma frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til skipsins, til ákvörðunarstaðar þess, þó ekki skemri tíma en 3 mánuði, og ber þá að telja skipið týnt, og á þá vátrygður rjett á að krefjast bóta fyrir algert tjón, enda afsali hann sjer í hendur ábyrgðarsala rjetti sínum á hinu vátrygða.

30. gr.

Ef lagt er farbann (embargo) á skip eða gós, eða því er haldið á annan hátt eftir ráðstöfun yfirvalda, eða sjóræningjar taka það, eða skipverjar skilja við vátrygt skip, þá getur vátrygður, gegn því að láta af hendi við ábyrgðarsala rjett sinn á hinu vátrygða, krafist bóta, sem fyrir algert tjón, ef skipið eða gósið hefir ekki verið látið laust, eða hann hefir ekki fengið umráð yfir þeim:

Áður en 6 mánuðir eru liðnir, ef þessi atburður gerðist í Norðurálfuhöfum eða á þeim hluta Miðjarðarhafs, Svartahafs eða Asóvshafs, sem telst til Norðurálfu,

áður en 9 mánuðir eru liðnir, ef atburðurinn varð í öðrum höfum hjernamegin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða í Suður-Ameríku, og

áður en 12 mánuðir eru liðnir, ef það varð í þeim höfum, sem eru hinu megin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða.

Telja skal tímann frá þeim degi, er vátrygður sagði ábyrgðarsala til tjónsins.

31. gr.

Nú vill vátrygður láta hið vátrygða af hendi, og svo er háttað, sem segir í síðari málsgrein 28. gr., og skal hann þá skýra ábyrgðarsala frá fyrirætlan sinni áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því, er hann vissi úrslit skoðunargjörðarinnar, en ef svo er háttað, sem 29. og 30. gr. ræða um, skal hann hafa skýrt frá fyrirætlun sinni áður en 9 mánuðir eru liðnir frá því

frestur sá er á enda, sem þær greinar tiltaka, eftir hinum sjerstöku atvikum í hvert sinn.

32. gr.

Nú er frestur sá á enda, sem segir í 31. gr., og vátrygður hefir ekki neytt rjettar síns til að láta hinn vátrygða hlut af hendi, og týnir hann þá þeim rjetti, þegar svo er háttað sem segir í síðari málsgrein 28. gr. og 30. gr.

Þá er svo liggja atvik til, sem segir í 29. gr., getur vátrygður krafist bóta sem fyrir algert tjón, jafnvel eftir að afsalsfresturinn er liðinn, en komi hinn vátrygði hlutur síðar fram, skal hann endurgreiða vátryggingarfjeð, ef ábyrgðarsali krefst þess, með $^1/_2$ af hundraði í mánaðarvöxtu, en afsala skal ábyrgðarsali sjer þá hinum vátrygða hlut og bæta þann skaða, sem orðið kann að hafa á honum og ábyrgðin náði til.

33. gr.

Afsal á trygðum munum skal vera skilyrðislaust og óriftandi, og ná til allra hinna vátrygðu fjármuna eða þess hluta þeirra, sem hafður var í hættu á þeim tíma, er slysið bar að.

Ef fjármunir eru aðeins trygðir að nokkrum hluta af verðmæti þeirra, er vátrygður að eins skyldur að láta af hendi svo mikinn hluta þeirra, sem vátryggingarfjárhæðin er að tiltölu við vátryggingarverðið.

34. gr.

Þá er ábyrgðarsali greiðir bætur, getur hann krafist þess, að vátrygður afsali honum skriflega öllum þeim rjettindum, sem hann á að fá ábyrgðarsala í hendur, svo og afhendi honum öll þau skjöl, sem fylgja eiga hinum afsalaða hlut og eru í vörslum vátrygðs.

35. gr.

Hver sú krafa, sem styðst við vátryggingarsamning, týnir gildi sínu, ef henni er ekki fylgt með lögsókn áður 4 ár eru liðin frá því, er hún varð til.

FIMTI KAFLI.

Um endurgreiðslu iðgjalds (ristorno).

36. gr.

Ef vátrygðir hagsmunir eru eigi lagðir í neina þá hættu, er ábyrgðarsali skyldi tryggja gegn, getur vátrygður krafist, að vátryggingin falli niður og iðgjaldið sje endurgreitt; þó á ábyrgðarsali rjett á þóknun og skal hún vera $^1/_4$ af hundraði af vátryggingarfjárhæðinni, ef ekki var annað tilskilið, en helmingur hins umsamda iðgjalds, ef það var minna en $^1/_2$ af hundraði.

37. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru leyti eða öllu, vegna þess að tryggingarhagsmunir voru engir eða minni en ætlað var, eða vegna oftryggingar eða

tvítryggingar, eða vegna þess að rangt var sagt til eða ekki nægilega, eða a öðrum slíkum sökum, en vátryggingartaki fór eftir bestu vitund sinni um þau atvik, sem urðu til ónýtingar vátryggingunni, og eins var ástatt með vátrygðan, er hann veitti umboðið til vátryggingarinnar, ef vátrygging var tekin fyrir hönd annars manns, og má þá krefjast endurgreiðslu á iðgjaldinu að því frádregnu, sem áður var talið. Þó skal þessa krafist áður en hin vátrygðu verðmæti eru lögð í hættu.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Ed. **413. Frumvarp**

til laga um að landsstjórninni veitist heimild til að láta reisa hornvita á Grímsey í Steingrímsfirði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Landsstjórninni veitist heimild til að láta reisa hornvita á Grímsey í Steingrímsfirði.

Ed. **414. Frumvarp**

til laga um að landsstjórninni heimilist að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum nauðsynlegan styrk úr landssjóði til reksturs hælisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Landsstjórninni heimilast að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum nauðsynlegan styrk úr landssjóði til reksturs hælisins fram að næsta reglulegu Alþingi, þó ekki yfir 20 þúsund krónur.

Ed. **415. Frumvarp**

til heimildarlaga fyrir landsstjórnina, til þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau á landssjóðs kostnað.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Stjórninni er heimilt að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau á landssjóðs kostnað.

Nd. **416. LÖG**

um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913 um skip, árekstur og björgun.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. siglingalaganna 22. nóv. 1913 orðist svo:

Þau skip teljast íslensk, sem heimili eiga á Íslandi og að tveim þriðju hlutum minst eru eign manna, sem heimilisfastir eru á Íslandi eða í Danmörku eða þar innbornir, án þess að vera ríkisborgarar annarsstaðar. Nú er skip hlutafjelagseign, og skal þá meiri hluti stjórnarnefndarmanna vera búsettur á Íslandi og heimilisfang fjelagsins þar, enda fullnægi hver stjórnarnefndarmaður framangreindum skilyrðum um heimilisfestu eða rjett innborinna manna; þó má ráðherra Íslands veita hlutafjelögum undanþágu frá síðastnefndum ákvæðum, þegar að minsta kosti $^2/_3$ hlutar stjórnarnefndarmanna fullnægja skilyrðunum um heimilisfestu.

2. gr.

225. gr. sömu laga orðist svo:

Ef tjón verður á skipi, gósi eða mönnum, af því að skip rákust á, og sökin liggur öll annars vegar, þá bætir hinn seki skaða þann allan, er af hlautst. Nú hefir mannsbani hlotist af árekstrinum, og má þá, ef þess er krafist, dæma hinn seka, þótt eigi verði álitið að hann hafi unnið til hegningar, til að gjalda manni eða konu hins dána eða börnum hans bætur fyrir missi þess, sem átti að standa straum af þeim, og skal ákveða í bæturnar tiltekna upphæð eitt skifti fyrir öll. Hvorki þessar bætur nje bætur fyrir líkamstjón mega fara fram úr 4200 krónum.

Nú er sökin beggja megin, og skulu þá hinir seku bæta skaðann að rjettri tiltölu við sök hvers þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins, að ekki verður bygð á þeim skifting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum, þá bæta hinir seku tjónið að jöfnum hlutum.

Hver hinna seku ábyrgist einungis sinn hluta skaðabótanna, nema manns bani hafi hlotist af árekstrinum eða tjón á líkama eða heilbrigði. Þá má sá, er skaðabótarjettinn á, krefja hvern hinna seku um allar skaðabæturnar. Ef einhver hinna seku hefir af þessum ástæðum orðið að greiða meiri bætur heldur en í hans hlut áttu að koma að rjettri tiltölu, þá á hann endurgjaldsrjett á hendur hinum á þeirri upphæð, sem hann varð að greiða umfram sinn hlut.

Þá er meta skal sök, skal dómari einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

3. gr.

228. gr. sömu laga orðist svo:

Nú rekast skip á, og er þá skipstjórum þeirra skylt að veita þeim skipum, skipshöfnum og farþegum, sem hætta stafar af árekstrinum, alla þá hjálp, er þeir mega og nauðsyn er á til bjargar, án þess þó að stofna í veru-

lega hættu skipi sínu, skipshöfn eða farþegum. Skylt er skipstjórum og, að segja hver öðrum nöfn og heimkynni skipa sinna, úr hvaða stað eða höfn þau koma, og hvert þeim sje ætlað að fara.

4. gr.

Á eftir 228. gr. sömu laga komi ný grein, 228 gr. a), svohljóðandi:

Það, sem fyrir er mælt í þessum kapítula um árekstur skipa, kemur einnig til greina, þá er skip veldur tjóni á öðru skipi, eða á mönnum eða gósi, sem á því er, með siglingu sinni eða á annan hátt, þó ekki hafi skipin rekist á.

5. gr.

Fyrirsögn 10. kapítula sömu laga orðist svo: Um björgun.

6. gr.

229. gr. sömu laga orðist svo:

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefir eða er statt í neyð, eða gósi sem á því er, eða nokkru af því skipi eða gósi því, sem á því var, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rjett á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Sá, sem bjargar mönnum af skipinu, meðan það var statt í neyð þeirri, sem var tilefni til björgunarinnar, eða veitir að björgun mannanna, á rjett á hluta úr björgunarlaununum.

Nú tekur einhver þátt í björguninni gegn beru og rjettmætu banni þess, sem hefir stjórn skipsins á hendi, og á hann þá engan rjett á björgunarlaunum.

Krefja má björgunarlauna jafnt, þó það skip, sem bjargaði, sje eign sama manns sem hitt, sem bjargað var.

Nú hefir maður tekist á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita því aðstoð á annan líkan hátt, og skipinu hlekkist síðan á, og á sá maður þá að eins rjett á björgunarlaunum að því leyti, sem talið verður, að aðstoð sú, sem hann veitir, hafi farið fram úr því, sem honum bar skylda til samkvæmt því, er honum bar af hendi að inna.

Nú verða málsaðiljar ekki á eitt sáttir um, hve mikil björgunarlaunin skuli vera, og sker þá dómur úr.

Lög um skipströnd mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umboðsmaður hans.

7. gr.

230. gr. sömu laga orðist svo:

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt:

1. Fyrst og fremst:
   a, Að hve miklu leyti björgunin tókst;
   b, Verklagni þeirrar og atorku, sem björgunarmenn unnu með að björguninni, og tíma þess og fyrirhafnar, sem til hennar var varið;
   c, Hættu þeirrar, sem skipið sem bjargað var, var statt í, skipshöfn þess, farþegar eða gós;

d, Hættu þeirrar, sem björgunarmönnum og eign þeirra var stofnað í;
e, Áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt;
f, Skaða þess, sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar, sem þeir hafa haft, og verðmætis björgunartækja þeirra, sem notuð voru;
g, Þess, hvort skipið, sem bjargaði, var sjerstaklega útbúið til björgunar.

2. Þar næst:

Verðmætis þess, sem bjargað var.

Nú kemur það í ljós, að björgunarmaður var sjálfur sök í neyð þeirri, sem var tilefni björgunarinnar, eða hefir orðið sekur um þjófnað, hilming eða aðra sviksamlega meðferð á munum þeim, sem bjargað var, og má dómurinn þá færa niður björgunarlaun þess manns eða svifta hann björgunarlaunum með öllu.

8. gr.

231. gr. sömu laga orðist svo:

Ekki má gera björgunarlaun hærri en verðmæti þess, sem bjargað var, að meðtöldu flutningsgjaldi fyrir farm og farþega, en að frádregnum tolli og öðrum opinberum gjöldum svo og kostnaði við geymslu, virðingargjörð og sölu.

Í björgunarlaununum felst og þóknun fyrir að flytja gósið, sem bjargað var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru til þess.

9. gr.

232. gr. sömu laga orðist svo:

Ef björgunarsamningur hefir verið gerður meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar, þá má hver aðilja, sem er, krefjast þess, að dómur ónýti samninginn eða breyti honum, ef telja verður, að skilmálar hans sjeu ósanngjarnir.

Rjett er og dómi að ónýta björgunarsamning eða breyta honum ávalt þá er telja verður, að umsamin björgunarlaun sjeu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá sem veitt var, ef sá aðilja, sem á var hallað, krefst þess.

Ákvæðið í síðustu málsgrein 230. gr. kemur einnig til greina, þá er samningur hefir verið gjörður um björgun.

Máli til ónýtingar björgunarsamnings eða breytingar á honum, skal vera stefnt til dóms áður en þrír mánuðir sjeu liðnir frá því, er samningurinn var gjörður.

10. gr.

1. málsgrein 233. gr. sömu laga orðist svo:

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skifti björgunarlauna, þá skal skift með dómi og gætt þeirra atvika, sem 230. gr. greinir.

11. gr.

Í 4. tölulið 236. gr. sömu laga breytist punkturinn á eftir orðunum

»greiðslu á« í kommu, og komi ný setning svohljóðandi: og loks endurgjaldskrafa sú, sem um er rætt í 3. málsgrein 225. greinar.

12. gr.

251. gr. sömu laga orðist svo:

Kröfur, sem kröfuhafi getur eftir þessum lögum eigi leitað sjer fullnægingar fyrir í öðrum munum en þeim, sem hann á sjóveðrjett í, missast hver um sig, ef þeim er ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, sem hjer segir:

1. Kröfur um framlag til sameiginlegs sjótjóns og til kostnaðar, sem jafna skal niður á líkan hátt (sbr. síðari málsgrein 166. gr. og 2. málsgrein 223. gr.) áður ár sje liðið frá dagsetningu úrslitagjörðar sjótjónsins.
2. Kröfur til skaðabóta fyrir glataðan eða skemdan farm áður ár sje liðið frá því, er affermt var.
3. Kröfur til allra annara skaðabóta áður tvö ár sjeu liðin frá því, er tjónið bar að.
4. Kröfur um björgunarlaun áður tvö ár sjeu liðin frá því, er björgunarstarfinu var lokið.
5. Endurgjaldskrafan samkvæmt 3. málsgrein 225. gr. áður ár sje liðið frá því, er greitt var þeim, sem tjónið beið.
6. Allar aðrar sjóveðrjettarkröfur áður ár sje liðið frá því, er þær komu í gjalddaga.

Nú á kröfuhafi auk þess rjett á að ganga að útgerðarmanni, farmeiganda eða öðrum sem sjálfskuldarmönnum fyrir kröfu sinni um skaðabætur fyrir tjón af árekstri, eða fyrir einhverjum þeim kröfum, sem taldar eru í 4. og 5. tölulið hjer að framan, og taka þá fyrningarákvæði þau, sem þar eru nefnd, einnig til þess rjettar kröfuhafa. Um aðrar framangreindar kröfur, sem kröfuhafi á rjett á að ganga jafnframt að einhverjum fyrir sem skuldunaut, fer eftir hinum almennu fyrningarákvæðum laga.

Ávalt, þá er málið til fullnægingar kröfunni er höfðað fyrir íslenskum dómi, skal farið eftir fyrningarlögum þeim, sem gilda hjer á landi um það, hverjar athafnir rifta fyrningunni.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

14. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.—12. gr. þeirra í meginmál siglingalaga 22. nóv. 1913, og getur konungur gefið þau lög út þannig breytt sem siglingalög Íslands.

Nd. **417. Lög**

um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Afgreidd frá Nd. 7. ágúst).

1. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar, þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Á hvalveiði, síldveiði með nót, laxveiðiafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Nú stundar aðkomumaður bátfiski á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur í veiðistöð sama hrepps 4 vikur eða lengur, og má þá jafna á hann útsvari hæfilegu, eftir tímalengd og í samanburði við innsveitarmenn, en ekki má leggja hundraðsgjald á afla. Útsvarinu skal formaður hafa lokið fyrir skip sitt, áður en hann fer á brott. Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppum í sama sýslufjelagi, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

3. gr.

Í Vestmannaeyjasýslu er sýslumaðurinn og fjórir kjörnir menn í nefndinni.

Þessi breyting á skipun sýslunefndar Vestmannaeyjasýslu kemur þó ekki til framkvæmda fyr en við næstu prestaskifti, eftir að lög þessi hafa öðlast gildi.

4. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 36. gr. og fyrri málsgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga frá 10. nóv. 1905, svo og þau ákvæði 55., 56. og 61. gr., sem snerta sýslunefnd Vestmannaeyjasýslu sjerstaklega og fara í bága við lög þessi; enn fremur er úr gildi numin fyrri málsgrein 66. gr. ofannefndra laga.

Ed. **418. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á tolllögunum nr. 54, 11. júlí 1911, og lögum um vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912.

Frá Karli Einarssyni.

2. gr. frv. orðist svo:

Heimilt er póstafgreiðslumanni að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáandi, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir að eigi sje rjett frá skýrt um innihald þeirra.

Nd. **419. Þingsályktun**

um afnám eftirlauna.

(Afgreidd frá Nd. 7. ágúst).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa 5 manna milliþinganefnd, til þess að íhuga rækilega óskir þjóðarinnar um afnám lögákveðinna eftirlauna.

Jafnframt skal nefndin rannsaka launakjör embættismanna og annara starfsmanna landssjóðs, og sjerstaklega koma fram með tillögur til þeirrar skipunar á þeim, er nauðsynleg og sanngjörn virðist í sambandi við afnám eftirlauna.

Tillögur, sem lúta að þessu, leggur stjórnin síðan fyrir Alþingi.

Ed. **420. Frumvarp**

til laga um afhendingu á landi til stækkunar á kirkjugarðinum í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Skylt er hverjum manni, er land á að kirkjugarðinum í Reykjavík, að láta af hendi nauðsynlegt land til stækkunar kirkjugarðinum, gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.

2. gr.

Ráðherra Íslands, í samráði við biskup ákveður, hve nær eignarnám skuli fram fara, hvar land skuli tekið, og hve mikið, þó eigi meira en 2 dagsláttur.

Ef ekki geta komist á samningar milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka til viðbótar kirkjugarðinum, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Við matið skal tekið tillit til verðmætis landsins, þar á meðal þess, hvort það er útmæld byggingarlóð eða ekki, og sjeu hús eða önnur mannvirki á landinu skulu þau bætt að fullu.

3. gr.

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í Reykjavíkurkirkjugarði, 2 krónur fyrir börn yngri en 1 árs, en 4 krónur fyrir aðra. Legkaupið rennur í landssjóð.

Nd. **421. Framhalds-nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um viðauka við lög um skipströnd 14. janúar 1876.

Háttv. efri deild hefir gert þá eina breytingu á frumv., að bæta við einni grein, 7. gr., er hljóðar um það, að fyrirmæli þessara laga skuli eigi koma í bága við löggiltar reglugerðir kaupstaða um meðferð skipsflaka á höfnum inni.

Nefndin fellst á þessa viðbót, og ræður háttv. deild til að samþykkja frumv. óbreytt.

Alþingi 7. ágúst 1914.

Sveinn Björnsson, formaður.	Þorleifur Jónsson, skrifari og framsm.
Einar Jónsson.	G. Eggerz.

Nd. **422. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. október 1912.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu setjast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Soda, krít, leir, karbíd, bensin, þakhellur, netakúlur og tómar flöskur.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Olíufóðurkökur, melasse og melassemjöl, kjötfóðurmjöl, fiskfóðurmjöl, hjólklafar (blakkir), saumur, brýni, hverfisteinar, kvarnarsteinar, sláttuvjelar, plóg-

ar, herfi, skóflur, kvíslar, spaðar, steðjar, sleggjur, járnkarlar, ljáblöð, bátavjelar (mótorar), lausar umbúðir, tómir pokar, strigi, mottur, fiskinet, kork, netagarn, tilbúin segl, segldúkur, kaðlar allskonar og færi, olíur í tunnum og í dúnkum, aðrar en steinolía og bensín, fastur vjelaáburður, strigaábreiður (Presenninger) og járnbrautarteinar, spengur, rær og gaddar til járnbrautargerðar, húsapappi alls konar, akkeri og akkerisfestar (hlekkjafestar), kokolit, járnbitar, ofnar, eldavjelar, járnpípur, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður, gólfdúkar (Linoleum) og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn alls konar skófatnaður), tvinna og alls konar garni, öðru en alls konar seglgarni og netagarni, 0,60 kr. af hverjum 10 kilogr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu þar bátar taldir.

Sjötti liður 1. málsgr. 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílogr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Auk vörutegunda þeirra, sem undanþegnar eru vörutolli undir 6. lið 1. gr. nefndra laga, skal pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld til beitu, steinlímspípur, leirpípur og sandur vera undanskilin vörutolli.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 22, 20. október 1913, um breyting á lögum um vörutoll úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Ed. **423. Þingsályktun**

um opinber reikningsskil og gjaldheimtur og aukið tolleftirlit.

(Samþykt í Ed. 7. ágúst).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

I. a. að hraða endurskoðun reglugjörðarinnar frá 13. febrúar 1873,

b. að draga ekkert úr gildandi ákvæðum gagnvart vanrækslu og óreglu gjaldheimtumanna landssjóðsins,
c. að gera eftirlitsferðir hjá öllum gjaldheimtumönnum landssjóðsins að minsta kosti einu sinni á hverjum þremur árum, og oftar, ef sjerstakar ástæður eru til.

II. a. að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, um sjerstaka tollgæslu í Reykjavík,
b. að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, er veiti póstmönnum heimild til að rannsaka grunsamar böggulsendingar frá útlöndum um leið og þær eru afhentar,
c. að rannsaka, hve mikið muni kosta að setja á fót sjerstaka tollgæslu á öllu landinu, og leggja skýrslu um það fyrir Alþingi.

Ed. 424. Lög

um breyting á lögum nr. 64 frá 22. nóv. 1913 um sjódóma og rjettarfar í sjómálum.

(Afgreidd frá Ed. 7. ágúst).

1. gr.

Í 2. málsgr. 1. gr. falli burt orðin: »sem sjerþekkingu hafa á siglingamálefnum«.

2. gr.

Aftan við 5. gr. bætist:
Þóknun meðdómenda greiðist úr landssjóði.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga um sjódóma og rjettarfar í sjómálum, nr. 64, 22. nóv. 1913.

Ed. 425. Lög

um friðun hjera.

(Afgreidd frá Ed. 7. ágúst).

1. gr.

Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, að hjerar skuli friðaðir vera, nokkurn hluta árs eða alt árið.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum þeim, er sett verða samkvæmt 1. gr., varða 20 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem drepið er eða veitt; rennur helmingur sektarinnar í sjóð þeirrar sveitar, þar sem brotið var framið, en hinn helmingurinn til uppljóstrarmanns.

Með mál út af brotum á friðunarákvæðunum skal farið sem opinber lögreglumál.

Ed. **426. Lög**

um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands nr. 17 frá 3. okt. 1903.

(Afgreidd frá Nd. 7. ágúst.)

1. gr.

Eftirlaun ráðherra skulu afnumin þegar hin nýju stjórnarskipunarlög ganga í gildi.

2. gr.

Nú fer maður úr embætti, er eftirlaunarjettur fylgir, í ráðherraembætti eða tekur slíkt embætti eftir að hann hefir slept ráðherraembætti, þá fær hann að eins þau eftirlaun, er því embætti fylgja.

3. gr.

Úr lögum er numin 3. gr. laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, frá 3. okt. 1903.

Ed. **427. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um þingsköp handa Alþingi nr. 45, 10, nóv. 1905 (þingskj. 271).

Þetta frumvarp er hingað komið frá háttv. Nd; var þar borið upp af hálfu þingmanna.

Það er augljóst, að þingsköpunum *verður* að breyta að sumu leyti, t. d. 5. og 8. gr., ef sú breyting kemst á stjórnarskrána, sem nú er fyrirhuguð. Frv. felur í sjer þær breytingar, og getur því vitanlega ekki öðlast staðfestingu nema stjórnarskrárbreytingin komi í gildi.

Auk þessara breytinga eru gerðar smábreytingar á ýmsum greinum þingskapanna, í því skyni að taka af allan vafa, þar sem ákvæðin hafa reynst óskýr og ekki ávalt verið skilin á einn veg; horfa þær breytingar allar til bóta; má þar til nefna

7.—12. gr. og 14.—16. gr. frumvarpsins. Í því eru einnig sett ný fyrirmæli um útgáfu Alþingistíðindanna (í 5. gr. frumvarpsins).

Engu að síður er oss augljóst, að Alþingi muni ekki una við þessar breytingar einar á þingsköpunum; hyggjum vjer fyrir víst, að þau myndu ekki standa óbreytt mörg þing yfir. En það teljum vjer illa farið, ef sú venja kemst á, að breyta þingsköpunum mjög oft. Fyrstu þingsköpin voru sett 1875 og alls einu sinni gerð breyting á þeim, þar til 1905, að núgildandi þingsköp voru leidd í lög.

Að vorum dómi þarf að athuga og íhuga þingsköpin í heild sinni, öll atriði, smá og stór, og teljum vjer það mikið vandaverk og óvinnandi á þingi undirbúningslaust. Það sannast á frumvarpinu, sem hjer um ræðir.

Vjer getum t. d. ekki felt oss við 5. gr.; teljum vjer miklu hyggilegra að hafa fastan skrifstofustjóra, sem ráðherra skipi til 6 ára í senn eftir tillögum forsetanna, og hafi hann föst árslaun, en enga aðra borgun fyrir nein störf sín á þingum, eða milli þinga; hann ætti að annast útgáfu þingtíðinda, sjá um bækur og skjöl og aðra lausa muni þingsins, vera reikningshaldari þess, ráða skrifara og aðra starfsmenn, alt undir umsjón forsetanna; hann ætti líka helst að læra hraðskrift og kenna þá list kauplaust milli þinga.

Það annað viljum vjer nefna, að oss finst sem 15. gr. frumv. bæti ekki til fulls úr þeim vafningum, sem hlotist hafa af óskýru orðalagi í 42. gr. núgildandi þingskapa. Eigi að fara eftir þessum nýju fyrirmælum, þá gengur þó naumast alt eins og flestir mundu óska. Gerum t. d. að allir — 13 — þingmenn sjeu á fundi í Ed., og eitthvert mál borið undir atkvæði með nafnakalli; 3 fá undanþágu frá atkvæðagreiðslu af ástæðum, sem forseti tekur gildar; eftir eru 10 atkvæði, því orðin »*atkvæði*, þeirra er á fundi eru« verður eflaust að skilja svo, að þetta og þetta mörg *atkvæði* sjeu á fundinum, og er það í við óviðfeldið orðalag; eru þá 10 þingmenn atkvæðisbærir, en 3 hafa fengið undanþágu; fer nú á þessa leið: 4 þeir efstu á nafnakallslista segja: »*telst með meiri hlutanum*«, 2 þeir næstu »*nei*«, 4 þeir síðustu »*já*«. Forseti á þá, skilst oss, að taka þetta gilt og segja: „samþykt með 4 atkv. móti 2, en 4 greiddu ekki atkvæði og teljast því með meiri hlutanum". Þetta viljum vjer afnema, og telja hvert mál *fallið* á deildarfundum, nema meira en helmingur viðstaddra atkvæðisbærra þingmanna greiði atkvæði með því, sje fundurinn lögmætur.

Enn fremur viljum vjer vekja athygli á því, að oss virðist mikil nauðsyn að gera ýmsar fleiri og meiri breytingar á þingsköpunum en farið er fram á í frumvarpinu. Þykir oss nægja að nefna hjer eitt dæmi. Í 30. gr. núgild. þingskapa, segir að breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, megi eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi". Engu að síður hafa margsinnis verið leyfðar við 3. umræðu eða eina umræðu fjárlaga breytingartillögur um atriði, sem búið var að fella í sömu deild á sama þingi, krónutalið bara verið hækkað eða lækkað, en *atriðið* alveg það sama, og þá oft verið samþykt, þótt felt væri áður. Teljum vjer brýna þörf að afnema þessa venju með skýrum og ótvíræðum fyrirmælum í þingsköpunum. Mætti nefna mörg önnur atriði, sem æskilegt virðist að laga eða breyta, og enda brýn nauðsyn um sum þeirra. Mun framsögumaður nefndarinnar gera nánari grein fyrir breytingaþörfinni.

Af þessum ástæðum virðist oss ráðlegast að fresta þessu vandamáli, og fela stjórninni að rannsaka það rækilega og leggja fyrir næsta þing frumvarp um ný þingsköp, en setja bráðabirgðalög um þær fáu breytingar, sem nauðsyn verður á vegna stjórnarskipunarlaganna, ef þau öðlast gildi.

Fyrir því leggjum vjer til að samþykt verði

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Efri deild skorar á ráðherra að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um ný þingsköp, eða breytingu á núgildandi þingsköpum, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi 8. ágúst 1914.

Björn Þorláksson, formaður. G. Björnsson, ritari og framsögum.

Jósef J. Björnsson. Magnús Pjetursson.

J. Havsteen.

Ed. **428. Frumvarp**

til laga um að landstjórninni veitist heimild til að láta gera járnbenda steinsteypubrú á Langá í Mýrasýslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Landsstjórninni veitist heimild til að verja alt að 3000 kr., til þess að gera járnbenda steinsteypubrú á Langá í Mýrasýslu, gegn $^1/_3$ frá hlutaðeigandi hjeraði.

Nd. **429. Lög**

um breyting á 6. gr. í lögum nr. 86, 22. nóv. 1907, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 8. ágúst).

6. gr. í lögum 22. nóv. 1907 um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík orðist svo:

Innan loka nóvembermánaðar ár hvert, skal samin áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár, samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið hefir samþykt, og skal henni fylgja yfirlit yfir afgang og halla í einstökum liðum síðasta reiknings. Í áætluninni skal talin sem sjerstakur tekjuliður jafnmikil upphæð eins og tekjuafgangur sá nam, er orðið hefir á reikningi

bæjarins næsta ár áður. Einnig skal taka í áætlunina sem sjerstakan gjaldalið jafn mikla upphæð eins og tekjuhalli sá nam, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður en áætlunin var samin, nema tekjuhallinn stafi af kostnaði, sem upphaflega var ákveðið að greiða skyldi með lánsfje. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með hálfs mánaðar millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein út af fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eftir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar. Áætlun þessa skal leggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en 14 daga í desembermánuði ár hvert. —

Ed. **430. LÖG**

um notkun bifreiða.

(Afgreidd frá Ed. 8. ágúst).

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum hver sá vagn, sem er knúinn áfram með aflvjel í vagninum sjálfum, og ætlaður til að flytja fólk eða varning. Lögin ná ekki til vagna, sem renna á spori, eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

2. gr.

Stjórnarráðið getur, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum eða vegaköflum með öllu, eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð álítst hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð.

3. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugðum og auðvelt sje að snúa þeim. Sje bifreið þyngri en 350 kg., skal aflvjelin geta knúið hana aptur á bak sem áfram. Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo, að mesta breidd utanmáls sje 1,75 metrar; þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá þessu að því er sjerstaka vegarkafla snertir.

Á hverri bifreið skulu vera:

1. tvennir hemlar svo sterkir, að með hvorum þeirra megi stöðva vagninn innan tveggja vagnlengda, þó hann renni með fullum hraða (35 km.), og umbúnaður, sem varni því, að vagninn geti runnið forbrekkis, ef annarhvor hemillinn orkar ekki.
2. horn, til þess að gefa með hljóðmerki.
3. ennfremur þegar dimt er:
   a. tvö tendruð ljósker, sitt á hvorri hlið bifreiðarinnar framantil, og í

sömu hæð, sem lýsa svo, að ökumaður sjái að minsta kosti 12 metra fram á veginn.

b. eitt ljós, sem ber skæra birtu á merki vagnsins.

Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð bifreiða, þar á meðal sjerstaklega um þyngd þeirra.

4. gr.

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum, og greiðir vagneigandinn kostnaðinn við skoðunina. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn, og ekki má taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigandaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytjist bifreiðareigandi búferlum úr einu lögsagnarumdæmi í annað með bifreið sína, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal lögreglustjóri lögsagnarumdæmis þess, er hann flytst í, ákveða merki það, er bifreið hans þá skal hafa og afhenda honum það.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið á kostnað eiganda, og komi það þá í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar, og tekið merkið af henni.

5. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 18 ára að aldri, og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið.

Til þess að öðlast slíkt ökuskírteini, verður hlutaðeigandi að sýna vottorð frá lækni um að hann hafi fulla sjón, og vottorð tveggja valinkunnra manna um að hann sje áreiðanlegur og samviskusamur. Enn fremur verður hann að standast próf, samkvæmt ákvæðum, er stjórnarráðið setur með reglugerð; þó má í þeirri reglugerð ákveða að sá þurfi ekki að taka próf, sem hefir skírteini frá erlendum stjórnarvöldum.

Lögreglustjóri getur svift hvern þann ökuskírteini um tiltekinn tíma eða fyrir fult og alt, sem er dæmdur í refsingu fyrir brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt þeim, og sömuleiðis hvern þann, sem álitið er að hafi ekki lengur þá eiginleika, er útheimtast til þess að fá ökuskírteini.

6. gr.

Ökuhraðann skal ávalt tempra svo, að komist verði hjá slysum og ekki sje trufluð umferðin.

Í kaupstöðum, kauptúnum og ámóta þjettbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund, nema stjórnarráðið hafi leyft meiri hraða eftir tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn og ökumaður samt sem áður

getur fullnægt öllum skyldum sínum, þó aldrei meiri en 35 km. á klukkustund. Í dimmu má hraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund.

Þar sem ökumaður sjer ekki langt fram á veginn, í kröppum bugum, við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðara en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sje for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

7. gr.

Ef bifreið mætir vegfarendum, skal hún halda sjer vinstra megin á veginum. Bifreiðin skal þegar nema staðar, ef sá sem hún mætir gefur merki, eða ökumaður sjer að hestur hræðist eða verður órór, og skal hann gera það, sem í hans valdi stendur til þess að hestarnir komist fram hjá bifreiðinni án þess að fælast. Sömu varúðar skal bifreiðarstjóri gæta, er hann vill fara fram fyrir vegfarendur, sem eru á undan honum, en þá skal bifreiðin vera hægra megin á veginum. Hins vegar skulu vegfarendur jafnan víkja úr vegi fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum, og aldrei tefja för þeirra að óþörfu.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að hvorugir komist fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar sem hinir komast fram hjá henni.

Ef ferðamenn með hlaðna vagna hafa neyðst til að víkja út af vegi fyrir bifreið, skal bifreiðarstjóri veita liðsinni sitt, ef þörf gerist, til að koma vögnunum aftur á veginn.

8. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa merki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum á veginum.

9. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiðar, skal ökumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi og hjálpa þeim, er slasast hefir, ef þörf gerist.

10. gr.

Óski útlendingur að nota um stuttan tíma bifreið, sem hann hefir með sjer frá útlöndum, getur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann fyrst vill nota vagninn, veitt honum tímabundið leyfi til þess að nota bifreiðina, þó ekki lengur en 3 mánuði, með skilyrðum þeim, er þurfa þykir til þess að ná tilgangi þessara laga. Leyfi þetta getur lögreglustjórinn í hverju því lögsagnarumdæmi, sem bifreiðin er notuð í, afturkallað ef honum þykir ástæða til.

11. gr.

Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, þurfa ekki að hafa nema einn sterkan hemil og eitt skært ljós í dimmu (sbr. 3. gr.).

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10 til 500 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

13. gr.

Hljótist slys eða tjón af notkun bifreiðar, annaðhvort beinlínis af akstri hennar, eða af því að hestur vegfaranda fælist, eða á annan svipaðan hátt, er sá, sem ber ábyrgð á bifreiðinni, skaðabótaskyldur, nema sá, sem fyrir slysinu eða tjóninu varð, eða einhver þriðji maður, hafi orðið valdur að slysinu eða tjóninu af ásettu ráði eða með vítaverðri óvarkárni, eða uppvíst verður að slysið hlaut að vilja til, þrátt fyrir þá aðgæslu og varkárni, sem ökumanni er skylt að gæta.

Framanskráð regla gildir þó ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreiðin flytur, nema ræða sje um bifreið, sem er til afnota fyrir almenning gegn borgun. Að öðru leyti fer um skaðabótaskyldu fyrir slík slys eða tjón eftir almennum reglum.

14. gr.

Eigandi bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 13. gr. Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi færist skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

15. gr.

Með framangreindum ákvæðum um skaðabótaskyldu er ekki skertur neinn sá rjettur til skaðabóta, sem leiðir af almennum reglum.

Ed. **431. Lög**

um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Afgreidd frá Ed. 8. ágúst).

1. gr.

Auk þeirra flutningabrauta, sem taldar eru í 2. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, skal vera flutningabraut frá Reykjavík til Hafnarfjarðar milli lögsagnarumdæmanna.

2. gr.

Sýslunefndin og hreppsnefndin í Vestmannaeyjasýslu hafa á hendi sameiginlega alla stjórn vegamála innan sýslunnar.

Nefndirnar ráðstafa í sameiningu sýslu- og hreppsvegafjenu, ákveða hvar vegir skuli liggja og hafa umsjón og stjórn með vegagjörðum og viðhaldi vega.

Nd. **432. Framhalds-nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breytingu á tolllögum nr. 54, 11. júlí 1911, og lögum um vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912.

Háttv. efri deild hefir gert eina breytingu á frv., 2. gr. þess, eins og það fór frá neðri deild.

Breytingin er sú, að að eins *póstafgreiðslumaður* megi opna póstböggla, og að það skuli gert *að viðtakanda ásjáanda.*

Nefndin getur sætt sig við þessa breytingartillögu, og ræður því háttv. neðri deild til þess, að samþykkja frv. óbreytt.

Neðri deild Alþingis 8. ágúst 1914.

H. Hafstein, formaður. Einar Arnórsson, skrifari.

Jóhann Eyjólfsson. Sigurður Sigurðsson. Skúli Thoroddsen.

Nd. **433. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30. 22. okt. 1912.

Frá nefndinni.

Háttvirt efri deild hefir gert ýmsar breytingar á frumvarpi þessu, þar á meðal sett undir 25 aura flokk úr 1 kr. flokki vörur, sem alls eigi eru sjerstaklega nefndar í á farmskrá með þeim nöfnum, sem þær eru nefndar í frumvarpi þessu.

Og þar sem lögreglustjórum er ætlað samkvæmt vörutollslögunum, að innheimta tollinn eftir þunga *og eftir því, sem varan er nefnd á farmskrá,* og alls eigi ætlað að þurfa *að giska á* undir hvern flokk varan á að heyra, sem leitt gæti og til misbrúkunar, þá getur alls eigi staðist, að flokka vöruna þannig, að nöfn vara sjeu sett í vörutollslögin, sem alls eigi finnast nokkurn tíma á farmskrá.

Auk þess hefir háttv. efri deild fellt nokkrar vörugreinir úr 1. gr. frumvarpsins og gert á því aðrar smábreytingar, og viljum vjer eigi ráða hinni háttv. deild til að etja kapp við háttv. efri deild um þær.

En vjer hljótum að ráða til þess að gera eftirfylgjandi breytingar á frumvarpinu:

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 1. gr.

Orðin: „steðjar“, „sleggjur“, „járnkarlar“, „ljáblöð“, „strigi“, „mottur“, „fiskinet“, „segldúkar“, „fastur vjelaáburður“, „spengur“, „rær og gaddar til járnbrautargerðar“, falli burt.

Alþingi 8 ágúst 1914.

Matth. Ólafsson, formaður. Björn Kristjánsson, skrifari og framsögumaður. Þórarinn Benediktsson.

Benedikt Sveinsson. M. J. Kristjánsson, með fyrirvara.

Nd. **434. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

Á eftir **„kjördæmi og kjörstjórnir“** komi ný grein, er verði 7. grein svohljóðandi:

Sú breyting verði á núgildandi kjördæmaskipun, sem hjer segir:

Reykjavíkurkjördæmi kjósi 3 af alþingismönnum, þeim er kosnir skulu óhlutbundnum kosningum.

Seyðisfjarðarkaupstaður, ásamt Seyðisfjarðarhreppi, Loðmundarfjarðarhreppi, Borgarfjarðarhreppi og Hjaltastaðahreppi, verði kjördæmi út af fyrir sig og kjósi 1 alþingismann.

Norður-Múlasýsla, að undanskildum Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar og Hjaltastaðahreppi, verði kjördæmi út af fyrir sig og kjósi 1 alþingismann.

Til vara:

Í stað kaflans í framangreindri tillögu: »Seyðisfjarðarkaupstaður, ásamt« og út greinina komi:

Seyðisfjarðarkaupstaður, ásamt Seyðisfjarðarhreppi, Loðmundarfjarðarhreppi og Borgarfjarðarhreppi, verði kjördæmi út af fyrir sig og kjósi 1 alþingismann.

Norður-Múlasýsla, að undanskildum Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar- og Borgarfjarðarhreppi, verði kjördæmi út af fyrir sig og kjósi 1 alþingismann.

Nd. **435. Frumvarp**

til laga um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. Kjördæmakosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr.

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis allir karlar og konur, sem fædd eru á Íslandi eða hafa átt þar lögheimili síðastliðin 5 ár, hafa óflekkað mannorð, og eru 25 ára að aldri þegar kosning fer fram. Þó öðlast konur og þeir karlmenn, sem ekki hafa haft kosningarrjett stöðu sinnar vegna samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, ekki öll í einu kosningarrjettinn, heldur þannig, að þegar samdar eru alþingiskjörskrár fyrsta sinn eftir að lög þessi öðlast gildi, skal setja á kjörskrá þá eina af þessum nýju kjósendum, sem eru 40 ára að aldri eða eldri. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og þannig framvegis lækka aldurstakmarkið um eitt ár í hvert skifti, þar til komið er niður í 25 ára aldur.

Útsvarsgreiðsla er úr lögum numin sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, og ber því ekki að telja þá menn nýja kjósendur, sem fullnægt hafa kosningarskilyrðum, þegar lög þessi öðlast gildi, að öðru leyti en því að greiða nægilega hátt útsvar.

2. gr.

Enginn verður talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sje hann eigi fjár síns ráðandi eða sje bú hans undir skiftameðferð sem þrotabú. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan ekki kosningarrjett sinn fyrir því.

4. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett sem þiggur af sveit, eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár.

Sá, sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarrjettar síns.

6. gr.

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar til Alþingis er hver sá karlmaður eða kvenmaður, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi. Þetta tekur þó eigi til þeirra dómenda, er skipa landsyfirrjettinn, þá er hin nýja stjórnarskrá gengur í gildi. Enn fremur er heimilisfesta innanlands skilyrði fyrir kjörgengi annara en þeirra, sem setu áttu á Alþingi, þá er lög þessi öðlast gildi. Kjósa má mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir átt þar heima skemur en 1 ár.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

7. gr.

Í hverjum hreppi skal vera kjörstjórn, og sitja í henni hreppstjóri (sjeu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Hreppstjóri skal vera oddviti kjörstjórnar. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórnin kjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn kjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild.

8. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn.

Þar er sýslumaður eða bæjarfógeti er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Að öðrum kosti skipar landsstjórnin oddvita, er sje kjósandi í kjördæminu, og annan til vara.

Hina yfirkjörstjórana kjósa sýslunefndir eða bæjarstjórnir, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn í kjöri við alþingiskosning í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.

Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sjeu varamennirnir báðir úr flokki sýslunefndar eða bæjarstjórnar, þá sá, er eldri er. Nú víkur oddviti sæti úr yfirkjörstjórninni meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af stjórnarráðinu, og bóka í hana allar gerðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Samning kjörskrár.

9. gr.

Kjörskrá til óhlutbundinna kosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Nú hefir bæjarstjórn skift kaupstað í kjördeildir, og skal þá semja sjerstaka kjörskrá yfir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í janúarmánuði ár hvert, og gildir frá 1. júlí það ár til 30. júní næst á eftir. Hún skal vera fullbúin 1. febrúarmán. og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað.

10. gr.

Á kjörskrá skal taka alla þá, er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrjett hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fullnægja skilyrðum fyrir því, að geta neytt kosningarrjettar fyrir 1. júlímán. næst á eftir. Rita skal í sjerstaka dálka fult nafn kjósenda eftir stafrófsröð, heimili, stjett og aldur.

11. gr.

Í fyrri hluta maímánaðar ár hvert skal semja aukakjörskrá, og skulu á hana settir þeir, sem að vísu hafa ekki kosningarrjett þegar kjörskráin gengur í gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum fyrir kosningarrjetti einhverntíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrjett. Á þá skrá skulu þeir og settir, er eigi var vitanlegt um, þegar aðalkjörskrá var samin, að þeir mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí, og sömuleiðis þeir kjósendur, er láðst hefir að setja á aðalkjörskrá, og einhverra orsaka vegna hafa ekki átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

12. gr.

Fjórtán dögum áður en aðalkjörskrá er fram lögð, skal auglýsa, hvar það verður gert, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

13. gr.

Áður en þrjár vikur eru liðnar, frá því er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sje slept af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sje kæran um það, að einhver sje á skrá tekinn, sem eigi hafi rjett til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda, þeim er kærður er, eftirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

14. gr.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem

haldinn sje áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðiljar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar.

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá, þá sem um ræðir í 12. gr., skal fara sem við aðalkjörskrána, en þó þannig, að frestir allir sjeu $^1/_3$ styttri og að samrit aukakjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gerð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn.

15. gr.

Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar, þeirrar er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra stjórnarráðinu frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti.

16. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Rjettargjöld skulu engin greidd fyrir undirrjetti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

17. gr.

Samkvæmt aðalkjörskrám og aukakjörskrám skulu allar kosningar til Alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (11. gr.), hafa rjett til að greiða atkvæði, ef þeir hafa fyrir kjördag fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftar en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

18. gr.

Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboði skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku, um að þeir styðji kosningu þess.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni, en Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

Enginn má gefa kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

Nú deyr frambjóðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu 3 sólarhringum fyrir það tímamark, og má þá annar maður innan 8 daga bjóða sig fram til þingmensku, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Ef fresta þarf kosningu í kjördæminu af þessum ástæðum, stofnar stjórnarráðið til nýrrar kosningar á þann hátt, sem fyrir er mælt í 53. gr. laga þessara.

19. gr.


Hvert þingmannsefni á rjett á, sje hann eigi sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hreppi umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rjett til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

20. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (18. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir umdæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi nema einn maður boðið sig fram til kosningar í kjördæminu, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefnið kosið. Stjórnarráðið annast prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnum. Kjörseðlar skulu búnir til úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannaefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Eigi skal fullgera fleiri seðla en þá, er sendir verða kjörstjórnum í hreppunum, og skal yfirkjörstjórn forðast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá.

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje $2^1/_2$ cm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3 cm. á breidd, og í honum miðjum hvítir kringlóttir reitir, $^1/_2$ cm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



Kjörseðla skal yfirstjórn brjóta saman áður en hún sendir þá frá sér, og skulu þeir vera svo brotnir að óprentaða hliðin snúi út, svo að letrið á þeim sjáist ekki. Þeir skulu og vera svo brotnir, að auða rönd seðilsins falli á svarta borðann, enda skal svo frá broti gengið, að auðvelt sé að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

21. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal hreppskjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sje að senda hraðboða með þá, en kjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10%

fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum, án þess að brjóta innsiglið.

22. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fóðruð sterku ljereftí og með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 4 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: »ógildir seðlar« og á tvö: »afgangsseðlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin sjeu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt ljereftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri hreppskjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

Kjördagur.

23. gr.

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land allt, hinn fyrsti vetrardagur.

Bæði er þetta á sjer stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

24. gr.

Kjörstaður í hverjum hreppi skal að jafnaði vera þingstaður hreppsins. Ef gallar á herbergjum á þingstaðnum eða önnur atvik gera það torvelt, að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sje sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sje kjörþing haldið annarsstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

25. gr.

Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sje eigi á slíku völ, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað sjeð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sje auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöð-

um fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

26. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppsnefnd atkvæðakassana, er landsstjórn hefir útvegað í fyrstu. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sje 15,7 cm. löng, 6,5 mm. við að ofan, en viðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir ljereftspokar, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana, er kjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar.

Kostnaður við þetta greiðist úr landssjóði í fyrsta sinn, en ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, sem hreppstjóri eða bæjarfógeti skal vandlega geyma, kostar sveitar- eða bæjarsjóður þá endurnýjun.

Kosningarathöfnin.

27. gr.

Á hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir kjörstjórarnir; sjeu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar.

28. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

29. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 19. gr.), sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

30. gr.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul, þann sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn, þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í brjefi því, er yfirkjörstjórnin skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

31. gr.

Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörslu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sje ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger að fá inn með sjer 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sje sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

32. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu, og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns fylgi endurritinu af kjörbókinni.

33. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið), að borði, því er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan það nafn, sem kjósandinn vill velja, með svörtum stimpli, sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 cm. að þvermáli. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn, svo að hvergi sjer í hann auðan, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman í sama brot, er hann var í, er hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni útvega stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 26. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sje eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn metur gilda ástæðu, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

34. gr.

Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftir-

rit af kjörskránni og gjöra merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar sins.

35. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra gæta þess, að kassinn sje tómur, og síðan læsa honum.

36. gr.

Engin merki má á seðilinn gera, önnur en að stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún svarta borðans, er slíkur seðill ógildur.

37. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur, og má eigi leggja hann í atkvæðakassann. Sama er og ef kjósandi setur skakt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá. Hvort heldur af þessu á sjer stað, skulu seðlarnir afhentir kjörstjórninni, sem skráir athugasemd um það í kjörbókinni. Skulu þessir kjósendur því næst víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og atkvæðagreiðslunni haldið áfram uns allir kjósendur, þeir er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, uns atkvæðagreiðslu er lokið.

38. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða 1/4 klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 3 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum, nema allir kjósendur sem á kjörskrá standa hafi neytt atkvæðisrjettar.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 37. gr., fyrri málsgrein, og þeim fengnir nýjir seðlar, til að greiða atkvæði á, á meðan seðlaforðinn endist.

39. gr.

Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna eiga rjett á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sjer lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina, það er honum þykir áfátt.

Nú þykir þingmannsefni eða umboðsmanni hans eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrjett, og á hann þá rjett á að fá ágrein-

ingsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

40. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar þegar taka atkvæðakassann, án þess að opna hann, og að meðkjörstjórum, þingmannaefnum og umboðsmönnum þeirra ásjáandi, vefja ljerefti eða öðru slíku haldgóðu efni vandlega utan um hann á alla vegu og binda utan um; láta síðan kassann, þannig útbúinn, ofan í ljereftspoka, þann sem honum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki er hnýtt saman, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið og pokann sem næst hnútnum; sömuleiðis eiga þingmannaefni og umboðsmenn, sem viðstaddir eru, rjett á, að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins.

Þá skal oddviti leggja í umslag sjer alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið (37. gr.), og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

41. gr.

Til alls þessa skal nota umslög, þau sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvort umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni.

42. gr.

Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórarnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, sjeu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir þingmannsefni eða umboðsmann áhrærandi kosningargjörðina, á hann rjett á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

43. gr.

Þegar búið er að loka báðum umslögunum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin leggja þau, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum, þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga þingmannaefni og umboðsmenn þeirra rjett á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með brjefið, atkvæðakassann og kjörbókina í vatnsheldum umbúðum til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

44. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógild, samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 39. og 48. gr. þessara laga, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu svo fljótt sem verða má.

45. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, kveður þá undirkjör-

stjórn til kjörfundar af nýju á þann hátt, sem mælt er fyrir um í öðrum málslið 51. gr. þessara laga.

Kosningarúrslit.

46. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningunum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin.

47. gr.

Þingmannsefni hvert hefir rjett á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er hann bauð sig fram í, sje hann eigi sjálfur viðstaddur. Að öðru leyti skal athöfn þessi fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sje ekki þingmannsefni eða umboðsmenn hans viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

48. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsiglin sjeu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, helt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið, sem við er merkt á hverjum seðli, og rjettir hann jafnótt þingmannaefnum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sje ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers þingmannsefnis eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sje gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í 2 sjerstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti þingmannaefna og umboðsmanna, og lýsir þann kosinn, sem hlotið hefir flest atkvæði, er hún telur gild.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra rjett á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir stjórnarráðinu eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem stjórnarráðið því næst leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkj-

um og það tók við þeim. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur það einnig fyrir þingið.

49. gr.

Hafi tvö þingmannaefnin eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sje kosinn.

50. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni kjörbrjef, samið samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið segir fyrir um, og senda stjórnarráðinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

51. gr.

Nú ferst kosning fyrir í hreppi á hinum ákveðna degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt, sem verða má.

Undir eins og kjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar í hreppnum eða kaupstaðnum, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðasending eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

52. gr.

Sje atkvæðasending frá einhverjum kjörstað eigi komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 46. gr., skal yfirkjörstjórn engu síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyr en atkvæðasending, sú er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, eftir því sem auðið er, hve nær sendingin verði opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

Uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

53. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg, eða þingmannssæti autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá stjórnarráðið fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur það þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal það auglýsa fyrirskipun sína í B-deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt

tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnum þau gögn er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

54. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

55. gr.

Hvenær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrám þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

Kostnaður.

56. gr.

Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis o. fl.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

Kærur um kjörgengi.

57. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann, þann er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan 14 daga, frá því er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til stjórnarráðsins. Sendir stjórnarráðið þegar í stað annað samritið, þingmanni þeim, sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi.

II. Hlutbundnar kosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

58. gr.

Við hlutbundnar kosningar, er fram eiga að fara um land allt í einu lagi á þingmönnum til efri deildar alþingis, eiga kosningarrjett og kjörgengi

allir hinir sömu, konur og karlar, sem kosningarrjett hafa og kjörgengi samkvæmt 1.—6. gr., ef náð hafa fullum 35 ára aldri, þá er kosning fer fram, en að öðru leyti með sömu skilyrðum.

Kjörstjórn.

59. gr.

Þegar hlutbundnar kosningar eiga að fara fram á landskjörnum þingmönnum, skipar ráðherra í tæka tíð landskjörstjórn, sem situr í Reykjavík. Í henni skulu sitja þrír menn, og kjósa þeir sjer sjálfir oddvita. Jafnframt skipar ráðherra 2 menn til vara og taka þeir sæti í forföllum hinna í þeirri röð, er útnefning þeirra greinir.

Enginn má sitja í landskjörstjórn, sem er þingmannsefni við þá kosning. Landskjörstjórn undirbýr kosninguna. Hún skal hafa gjörðabók löggilta af stjórnarráðinu og bóka í hana allar gjörðir sínar, móttöku framboðslista, útsending og viðtöku kjörseðla, brjef, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Hlutbundnum kosningum stýra hinar sömu undirkjörstjórnir sem óhlutbundnum kosningum.

Kjörskrár.

60. gr.

Það ár, sem fram á að fara hlutbundin kosning landskjörinna þingmanna, skulu bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum semja, jafnhliða hinum árlegu kjörskrám, skrá yfir alla, þá er kosningarrjett hafa til landskosninga í kaupstaðnum eða hreppnum. Um samning, framlagning og aðfinslur við þessar kjörskrár gilda allar sömu reglur sem um hinar árlegu kjörskrár. Um aukakjörskrár til þessarar kosningar gilda og hinar sömu reglur sem um hinar árlegu aukakjörskrár.

Kjördagur, þingmannaefni, umboðsmenn.

61. gr.

Kjördagur skal að jafnaði vera 1. ágúst árið áður en skifti verða á landskjörnum þingmönnum í efri deild. 8 vikum fyrir kjördag skulu landskjörstjórninni í Reykjavík afhentir listar með nöfnum þingmannaefna, þeirra sem fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknuð svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja listanum til landskjörstjórnar. Berist landskjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burtu af listanum og eigi prenta það á þann lista. Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá nema nafnið burtu af öllum listunum.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn þingmannaefna en kjósa á þingmenn í hvert skifti, með því að aðalþingmenn og varaþingmenn skulu kosnir á sama lista, án nokkurrar greiningar fyrir fram. Gildur er framboðslisti þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 170 kjósenda í landinu um að þeir styðji þann lista. Af þessum kjósendum skulu að minsta kosti 60 vera úr fyrverandi Suðuramti, 30 úr fyrverandi Austuramti og 40 úr fyrverandi Norðuramti og Vesturamti, hvoru um sig.

Listar skulu afhentir formanni landskjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá með bókstöfunum A, B, C o. s. frv., eftir því sem þeir berast honum.

62. gr.

Á hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum viðvíkjandi, er landskjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum umboð til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð á hinum einstöku kjörstöðum, til þess að gæta þess að alt fari löglega fram. En skyldir eru þeir að hlýða fundarreglum, er kjörstjórnir setja.

Undirbúningur af hálfu landskjörstjórnar.

63. gr.

Oddviti landskjörstjórnar skal kveðja landskjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er frestur sá, sem settur er í 61. gr. fyrir afhending framboðslista, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Sjeu gallar, er landskjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal landskjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þingmannaefna á hverjum lista og bókstaf hvers lista. En hafi eigi nema einn listi, er gildur er tekinn, komið til landskjörstjórnarinnar í tæka tíð, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir landskjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

64. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir

upp þannig, að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefnanna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera skammstafað, á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr strik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannaefnanna á hverjum lista aðskilin með þverstrikum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess striks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappír, og skal landskjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða kjörstjórnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

65. gr.

Áður en framboðsfrestur er liðinn, skal stjórnarráðið senda landskjörstjórn skrá, er sýni tölu kjósenda í hverju lögsagnarumdæmi landsins. Svo löngu fyrir kjördag, að vissa sje fyrir að seðlarnir komi í tæka tíð, skal landskjörstjórn senda sýslumönnum og bæjarfógetum í ábyrgðarsendingu jafnmarga kjörseðla og kjósendur eru í lögsagnarumdæmi hvers þeirra og 10% umfram, ásamt hæfilega mörgum listum með nöfnum þingmannaefna. Þeirri sendingu skulu og fylgja nægilega mörg umslög til handa kjörstjórnum, eins og um getur í 22. gr. laga þessara.

Þegar eftir móttöku þessarar sendingar sendir sýslumaður eða bæjarfógeti kjörstjórnum þeim öllum, sem eru í lögsagnarumdæmi hans, með hraðboða, ef á þarf að halda, jafnmarga kjörseðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hverju umdæmi og 10% umfram. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er sýslumaður eða bæjarfógeti innsiglar með embættisinnsigli sínu, svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlunum, án þess að brjóta innsiglið. Geyma skal svo kjörstjórn kjörseðlaböggul óopnaðan til kjörfundar. Brjóti nokkur innsigli fyrir kjörseðlasendingu eða hefti ferð hennar af ásettu ráði, varðar það sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Kjörstaður, kjörherbergi og atkvæðakassar.

66. gr.

Um kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakassa fer eftir fyrirmælum 24.—26. greinar í lögum þessum.

Kosningarathöfnin.

67. gr.

Kosning fer fram á þann hátt, sem segir í 27.—45. gr. laga þessara, með þeirri breytingu, að kjósandi markar kross, rjettan kross eða skákross,

við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði, en að öðru leyti fer eftir því sem samrýmst getur fyrirmælum nefndra lagagreina. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista, þeim er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega vera hvort heldur þverstrik eða langstrik yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölstafinn við nöfnin og útstrikun nafna, skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig samanbrotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi hagga neitt við hinum listunum, sem hann ekki kýs, hvorki strika út á þeim eða setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki önnur en tjeð kosningarmerki á lista, þann sem hann kýs, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

Jafnskjótt og kosningu er lokið, skal kjörstjórnin senda atkvæðakassann, eftirrit af kjörbókinni og önnur þau plögg, sem getur um í 43. gr. laga þessara, til sýslumanns eða bæjarfógeta, þess er lögsögu hefir yfir þeim kjörstað, þótt í öðru kjördæmi sje. Þá er hann hefir meðtekið alla atkvæðakassana úr lögsagnarumdæmi sínu, kveður hann til tvo votta, svo og umboðsmenn listanna, ef tilnefndir hafa verið, en sje svo eigi, tilnefnir hann auk þeirra einn valinkunnan mann fyrir hvern lista. Í viðurvist þessara manna opnar hann alla atkvæðakassana, eftir að hann ásamt þeim hefir rannsakað ástand kassanna með umbúðum; tæmir síðan kassana, telur seðlana, án þess að skoða nokkurn seðil, og lætur þá í einn kassa, er sje svo stór að hann taki alla seðlana. Að því búnu skal loka kassanum, láta hann í sterkan vatnsheldan poka, binda vandlega fyrir og forsigla hann með embættisinnsiglinu, og senda hann síðan sem ábyrgðarsendingu með fyrstu póstferð eða póstskipsferð til landskjörstjórnarinnar í Reykjavík. Sendingunni skal fylgja brjef og endurrit af kjörbókum kjörstjórnanna, svo og lykill að kassanum í sjerstöku forsigluðu umslagi. Alt það, sem gerst hefir, svo sem skoðun og lýsing á sendingunum frá undirkjörstjórnum, skýrsla um tölu seðla, þeirra sem í kassanum eru o. s. frv., skal bókað í yfirkjörstjórnarbók lögsagnarumdæmisins, og skal endurrit úr henni fylgja sendingunni.

68. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í landinu og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns fylgi eftirritinu af kjörbókinni.

Kosningarúrslit.

69. gr.

Landskjörstjórnin í Reykjavík skal boða með viku fyrirvara, að minsta kosti, stað og stund, hvenær hún kemur saman til þess að opna atkvæðakassa og telja saman atkvæði. Umboðsmenn hvers lista, sem í kjöri er, eiga rjett á að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir, þegar atkvæðasendingar eru opnaðar og atkvæði saman talin. Sjeu ekki viðstaddir umboðsmenn fyrir hvern lista, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

70. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar landskjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverju lögsagnarumdæmi, eftir að umboðsmönnum hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli sjeu ósködduð. Jafnskjótt og hver atkvæðasending er opnuð, skulu kjörseðlar, þeir sem í henni eru, látnir óskoðaðir í hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir kjörseðlakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að kjörseðlarnir blandist vel saman. Því næst opnar formaður landskjörstjórnarinnar ílátið, tekur upp einn og einn seðil í einu og les upp listabókstaf, þann er hefir verið við krossað á kjörseðlinum. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fulltrúum listanna, og leggur þá svo frá sjer, þannig að þeir kjörseðlar, sem sami listabókstafur er auðkendur á, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hve margir seðlar fari í hvern bunka.

71. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,
4. sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
5. notað annan seðil en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir meingallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðamagn listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu, þeirra er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum, þeim er sýslumenn og bæjarfógetar gefa, samkvæmt 67. gr., um kjörseðlafjölda úr hverju lögsagnarumdæmi. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

72. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni ásamt varaþingmönnum hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn og varaþingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka, þau sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti landskjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu, þeirri er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna og varaþingmanna sem á að kjósa, þannig að það sje jafnt tölu, þeirra sem kjósa á, að frádreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupphæðina á hverjum lista, eru aðalþingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

73. gr.

Hver listi, sem hlotið hefir landskjörinn þingmann eða þingmenn, hefir rjett til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, er ekki hefir hlotið aðalþingmann, hefir ekki rjett til varamanns, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og aðalþingmennina, þannig að þeir eru tilnefndir varaþingmenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn eða varaþingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

Síðan lýsir landskjörstjórnin yfir því, hvernig kosning hefir fallið, gefur þingmönnum kjörbrjef og varaþingmönnum skilríki fyrir því, að þeir sjeu kjörnir til þess starfs. Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli landskjörstjórnar, og eiga umboðsmenn framboðslista einnig rjett til að setja innsigli sín fyrir þau.

Landskjörstjórn sendir síðan landsstjórninni eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, en stjórnin leggur þá fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og þeir bárust henni. Eftirritið af kjörbókinni og önnur kjörgögn leggur landsstjórnin einnig fyrir þingið.

74. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi sýslumanni, er tilkynnir það landskjörstjórninni, er þá sendir nýja kjörseðla svo fljótt sem verða má. Undir eins og kjörstjórn fær hina nýju kjörseðla, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili. Komi atkvæðasending eigi til skila til hlutaðeigandi sýslumanns eða til landskjörstjórnar, eftir að kosning hefir farið fram, lætur landskjörstjórn nýjar kosningar fara fram í hreppnum eða lögsagnarumdæminu á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

75. gr.

Sje atkvæðasending úr einhverju lögsagnarumdæmi eigi komin til landskjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 69. gr., skal fresta upptalningu atkvæða þar til atkvæðasendingin er komin. Komi atkvæðasending ekki í tæka tíð, er stjórnarráðinu skylt að gjöra þær ráðstafanir til að ná atkvæðasendingunni, sem landskjörstjórn óskar. Auglýsa skal umboðsmönnnum listanna, eftir því, sem auðið er, hvenær atkvæði verða talin upp, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

76. gr.

Nú deyr einhver landskjörinna þingmanna eða fer frá áður en kjörtímabil hans er á enda, og tekur þá sæti hans sá varaþingmaður, sem næsta hafði atkvæðatölu á þeim lista, er hinn dáni eða fráfarni var kosinn á. Hafi hlutaðeigandi varaþingmaður verið kosinn alþingismaður í einhverju kjördæmi, tekur hann engu síður autt sæti aðalmanns, en stjórnarráðið hlutast til um nýja kosningu í því kjördæmi, er hann var fulltrúi fyrir. Nú er enginn varamaður til á lista, til að taka autt sæti aðalþingmanns, og fyrirskipar þá stjórnarráðið kosning á þeim þingmanni eða þingmönnum og varaþingmönnum, er vanta í hið auða eða hin auðu sæti svo fljótt sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveður kjördag, og má stytta fresti þá, er ákveðnir eru í lögum þessum, ef þörf gerist. Að öðru leyti fer um hina nýju kosning eins og lög þessi mæla fyrir um kosning landskjörinna þingmanna. Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni eða hinir nýkosnu koma í staðinn fyrir.

77. gr.

Kjörstjórnir fá borgun fyrir starf sitt og tilkostnað samkvæmt 56. gr. Sýslumenn og bæjarfógetar fá kostnað sinn til sendiferða, ritfanga o. fl. greiddan úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Kjörstjórar í landskjörstjórn eiga rjett á að fá hæfilega þóknun fyrir starf sitt, svo og kostnað við útbúning kjörseðla, sendi-

erðir, húsnæði o. fl., eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar, og greiðist sá kostnaður úr landssjóði.

78. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan tveggja mánaða frá því, er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni landskjörstjórnar kæru í tveimur samritum og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til stjórnarráðsins. Sendir stjórnarráðið þegar í stað annað samritið þingmanni, þeim sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi, sem úrskurðar kosninguna.

III. Almenn ákvæði.

79. gr.

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 6. hvert ár.

Þá er almennar kosningar eiga fram að fara, af því að liðinn er kjörtími landskjörinna þingmanna til efri deildar eða kjördæmakosinna alþingismanna, skipar konungur fyrir um nýjar kosningar.

80. gr.

Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð, og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 króna sekt fyrir hvern dag, er fram yfir líður. Stjórnarráðið úrskurðar dagsektir og gerir ráðstafanir til að þær verði innheimtar með lögtaki, og getur það á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs, þess er í hlut á, gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, til þess að kjörskrá sje samin svo fljótt, sem kostur er á.

81. gr.

Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10 til 200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

82. gr.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosning til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rjetti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

83. gr.

Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósenda, meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðisseðil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í kjörkassann, skal sæta sektum eða fangelsi.

Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða gjöri sig

seka í frekari rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, ef miklar sakir eru. Sömu hegningu skal það varða, ef einhver af ásettu ráði tefur fyrir sending atkvæðakassa eða skemmir eða glatar atkvæðasending.

84. gr.

Hver, sem býr til kjörseðla er líkjast kjörseðlum, þeim er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sjer, svo að aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

85. gr.

Með lögum þessum eru feld úr gildi:

Lög nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

Lög nr. 15, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um kosningar til Alþingis frá 3. október 1903.

Lög nr. 18, 20. október 1913, um breyting á lögum nr. 18, 3. okt. 1903, um kosningar til Alþingis.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis nýju stjórnarskipunarlögunum.

Ákvæði um stundarsakir.

Kosning á þeim 6 landskjörnu þingmönnum til efri deildar og 6 varamönnum, sem fram á að fara í fyrsta skipti eftir að lög þessi öðlast gildi, skal fara fram í síðari hluta marsmánaðar 1915, en kosning hinna 34 þingmanna, er kjósa á í kjördæmum landsins, fer fram 1.—10. júní sama ár.

Við kosningar þessar skal fara eftir þeim kjörskrám og aukakjörskrám, sem semja á samkvæmt 9., 11. og 60. gr. laga þessara, í janúar og maímánuðum næsta ár, en í þetta skifti skal á kjörskránum tilgreina við alla, þá sem hafa ekki öðlast kosningarrjett þann dag, er kjörskráin er lögð fram, þann dag, sem hver þeirra öðlast kosningarrjettinn, og hafa þeir þá rjett til að greiða atkvæði, ef þeir fullnægja skilyrðum fyrir kosningarrjetti á kjördegi.

Konungur ákveður kjördaginn innan þeirra takmarka, sem að framan eru sett, og skipar fyrir um kosningarnar, og má stjórnarráðið, ef þurfa þykir, stytta alla fresti um framlagning kjörskrár, um kærur og úrskurði um kosningarrjett.

Ed. **436. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um sjóvátrygging.

Á frumvarpinu hefir háttv. neðri deild gert nokkrar orðabreytingar og vill nefndin ekki gera þær að kappsmáli, en inn í 25. grein hafa slæðst, vafalaust óviljandi, efnisbreytingar, og leggur nefndin til, að þetta verði endurbætt með því að samþykkja eftirfarandi breytingartillögur.

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt eins og það liggur fyrir.

Alþingi 8. ágúst 1914.

Eiríkur Briem, formaður. Karl Einarsson, skrifari og framsögum.

G. Björnsson.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 25. gr. Fyrir: »Nú er farmgjald« í upphafi 2. málsgreinar komi: Nú er skip eða farmgjald.
2. — — — Á eftir: »annars manns« í sömu málsgrein komi: en útgerðamanns.
3. — — — Orðið: »eða« í síðustu málsgrein, falli burt.

Nd. **437. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Frumvarp þetta var samþykt á Alþingi 1913, og var þing síðan rofið, samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874, og efnt til nýrra kosninga til aukaþings þess, er nú stendur yfir, og ætlast er til, að taki úrslita ákvörðun um mál þetta.

Breytingum þeim, sem farið er fram á að gera á gildandi stjórnarskipunarlögum landsins, stjórnarskránni 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum nr. 16, 3 okt. 1903, má skifta í tvo flokka. Vita breytingarnar í öðrum flokknum aðallega inn á við, en í hinum út á við.

Breytingar þær, er til fyr-nefnda flokksins má telja, eru aðallega þessar:

1. Heimilað er að fjölga ráðherrum með almennum lögum, og um leið legst landritaraembættið niður.

2. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

3. Allþýðingarmikil breyting á skipun þingsins er ætlast til að gerð verði, þar sem konungskjör alþingismanna á með öllu að hverfa úr sögunni. Í stað konungkjörnu þingmannanna koma 6 þjóðkjörnir alþingismenn, kjörnir eftir reglunum um hlutfallskosningar í einu lagi fyrir land allt. Er til þeirra kosninga vandað sjerstaklega að því leyti, að kjörgengisskilyrði og kosningarrjettar eru harðari (35 ára aldur) en skilyrði til kjörgengis og kosningarrjettar, er kjósa skal í kjördæmum. Að því leyti skal gamla skipulagið þó haldast, að þingrof nær eigi til landskjörnu þingmannanna. Það er og breyting frá núverandi skipulagi, að kjördæmakosnu þingmennina 8, er sameinað Alþingi kýs til efri deildar, má eftir frv. kjósa hlutbundnum kosningum.

4. Stórfeldasta breytingin frá núverandi skipulagi er væntanlega sú hin mikla rýmkun kosningarrjettar og kjörgengis til Alþingis, sem ætlast er til að leidd verði í lög með frv. þessu, þar sem fyrst og fremst bætast smámsaman við allar konur, giftar og ógiftar, undir sama skilorði sem karlar, þeir er nú hafa kosningarrjett, en þar að auki bætast við vinnuhjú, bæði karlar og konur, þó svo, að nýju kjósendurnir komi eigi allir þegar, heldur fyrst þeir einir, sem 40 ára eru og eldri, og síðan koll af kolli, 39 ára, 38 ára o. s. frv. Jafnframt er sú breyting gerð, að dómarar, er eigi hafa umboðsstörf á hendi skuli eigi kjörgengir, og eru kjörgengisskilyrðin að því leyti þrengd frá því, sem nú er.

5. Ef meiri hluti þingmanna hvorrar deildar krefst þess, kveður konungur saman aukaþing, og er þingmönnum þar með veittur rjettur milli þinga, er þeir hafa eigi nú.

6. Til frekari tryggingar því eftirliti, sem þingið hefir með meðferð stjórnarinnar á fje landsins, er það ákvæði, að yfirskoðendur landsreikninga sjeu þrír, kosnir í sameinuðu þingi með hlutfallskosningum. Er minni hluta þingsins þar með veittur rjettur til þess að hafa hönd í bagga með í þessu efni.

7. Eftir núgildandi ákvæðum stjórnarskrárinnar verður hin evangelisk-lúterska kirkja eigi af tekin, nema með stjórnarskrárbreytingu samkv. 61. gr. stjskr. 1874. En í frv. er svo ákveðið, að þetta megi gera með almennum lögum. Auk þess er bætt við fyrirmælum um undanþágu undan skyldu til greiðslu persónulegra gjalda manna til annarar guðsdýrkunar en þeir aðhyllast sjálfir.

8. Þá er gerð breyting á 48. gr. stjskr. 1874 um rjettarfar sakamála til nokkurrar linkindar sakbornum mönnum.

Nokkrar breytingar fleiri mætti til þessa flokks telja, en þessar eru merkastar, að því er virðist.

Um sumar þessar breytingar hafa flestir, ef eigi allir, verið sammála, svo sem um afnám konungskjörs alþingismanna. Um aðrar, svo sem rýmkun kosningarrjettar og kjörgengis, skipun þingsins o. s. frv., hafa aftur verið mjög skiftar skoðanir, bæði í þinginu og utan þess. Verður eigi við því búist, að nokkru sinni fáist samkomulag meðal allra um þessi vandasömu atriði.

Nefndin lítur svo á, að breytingar þessar muni í heild sinni, eða þó flestar, vera til bóta eða að minsta kosti samræmar stefnu tímans, er trauðla verður í móti staðið til lengdar, og telur nefndin því viðhlítandi, að þær nái fram að ganga.

Þá koma þær breytingar, sem aðallega horfa út á við.

1. Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands.

2. Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur.

Miða þessi ákvæði í þá átt, að marka skýrar rjettindi landsins. Samskonar fyrirmæli eru í grundvallarlögum Dana. Og í því að taka þessi fyrirmæli í stjórnar-

skipunarlög Íslands liggur bending um, að löggjafarvald landsins viðurkenni eigi gildi þessara laga á Íslandi.

3. Þá er felt brott ákvæði gildandi stjórnarskrár um það, að embættismenn þurfi að hafa rjett innborinna manna. Það er því eigi helgað með *stjórnarskránni*, að fullnæging þessa skilyrðis sje nauðsynleg til þess að gerast hjer embættismaður samkvæmt konungsveitingu.

4. Skilyrði til kosningarrjettar til Alþingis á fæðing hjer að verða eða vistfesti um síðastliðið 5 ára skeið áður kosning fer fram. Sömuleiðis er heimilisfesta innanlands kjörgengisskilyrði til Alþingis.

5. Þá segir, að Alþingi skuli vera friðheilagt, og að enginn megi raska friði þess nje frelsi. Og á þetta væntanlega að vera bending um það, að tilsvarandi fyrirmæli í grundvallarlögum Dana gildi hjer eigi, og því þurfi sjerstakt ákvæði um það í stj.skrá vorri.

6. Tilvitnun 25. gr. stjskr. 1874 og 8. gr. stjskpl. nr. 16, 3 okt. 1903, er brott feld í 14. gr. frumvarpsins.

7. Þá er svo fyrir mælt, að ef Alþingi samþykkir breytingu á sambandi Íslands og Danmerkur, þá skuli leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu.

Alt þetta virðist nefndinni horfa til bóta.

8. Þá kemur að því atriði, er mest hefir tvímælis orkað. Það er ákvæðið í 1. gr. frumv. um uppburð þeirra mála, er stjórnarskráin tekur til, fyrir konungi í ríkisráði Dana. Svo var fyrst fyrir mælt í stjskpl. nr. 16, 3. okt. 1903, að mál þessi skyldu þar borin upp fyrir konungi. Gerðist bráðlega allmikil óánægja með það, að þetta fyrirmæli stæði í stjórnarskipunarlögum vorum. 1911 tók þingið því þann upp, að fella orðin: »*í ríkisráði*« brott í frv. því til breytingar á stjórnskipunarlögum landsins, er þá var samþykt, án þess að nokkuð væri sett í staðinn um það, hvar mál vor skyldu borin upp fyrir konungi. En þá komu þau skilaboð með þáverandi ráðherra, að konungur vildi eigi staðfesta stjórnarskipunarlög þingsins þannig löguð, nema breyting yrði gerð á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, með lögum, er þing beggja landanna samþykki og konungur staðfesti.

Þegar þingið 1913 samþykti stjórnarskipunarlagafrv. það, er hjer liggur fyrir, var því farin sú millileið til samkomulags við konungsvaldið, að ríkisráðsákvæðið skyldi að vísu felt brott úr stjórnskipunarlögum landsins. En jafnframt var svo fyrir mælt, að konungur ákvæði, hvar mál vor skyldu borin upp fyrir honum. Var ráð gert fyrir því, að þar um yrði gefinn út konungsúrskurður á ábyrgð Íslandsráðherra eins, að sá úrskurður hefði að eins að geyma ákvæði um uppburð málanna, en engin önnur ákvæði eða skilyrði um það efni. Að honum yrði á stjórnskipulega rjettan hátt breytt af konungi með undirskrift og ábyrgð Íslandsráðherra eins —, að löggjafarvaldið gæti einnig kipt brott grundvellinum undan honum með breytingu á stjórnarskránni, og að málið yrði eftir sem áður sjermál vort, eins og það hefir verið hingað til að áliti þings og þjóðar.

Á fundi ríkisráðs Dana 20. okt. f. á. var þetta atriði, um uppburð mála vorra fyrir konungi í ríkisráði, tekið til meðferðar. Umræðurnar um það, ásamt umræðunum á ríkisráðsfundinum um stjórnarskrárbreytinguna í heild sinni, eru prentaðar í Lögbirtingablaðinu 1913, 46. tölubl. Forsætisráðherra Dana lagði það þá til við konung, að hann staðfesti stjórnarskrárfrumvarpið á sínum tíma og gæfi jafnframt út úrskurð, þar sem eitt skifti fyrir öll yrði ákveðið, að mál Íslands, þau er stjórnarskrá þess tekur til, yrðu hjer

eftir sem hingað til borin upp fyrir konungi í ríkisráði Dana, *„nema því að eins, að gefin verði út lög að sameiginlegu ráði ríkisþings og alþingis um ríkisrjettarsamband Íslands og Danmerkur, þar sem ný skipun verði á gerð“* þessu máli.

Ráðherra Íslands og konungur gengu að þessum tillögum forsætisráðherra Dana. Í samræmi við það gaf konungur út opið brjef, dags. 20. okt. f. á., með undirskrift Íslandsráðherra. Er í því brjefi heitorð konungs um það, að hann muni á sínum tíma staðfesta stj.skrárfrv. það, er hjer liggur fyrir. En jafnframt er því lýst yfir, að um leið og frv. verði staðfest, muni konungur gefa út, einnig á ábyrgð Íslandsráðherra, úrskurð um það, að mál vor (o: lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir) verði hjer eftir, eins og að undanförnu, borin upp fyrir konungi í ríkisráði. Í niðurlagi opna brjefsins stendur enn fremur þetta ákvæði: »**Á þeim konungsúrskurði verður engin breyting gerð, nema Vjer staðfestum lög um ríkisrjettarsamband Danmerkur og Íslands, samþykt bæði af Ríkisþinginu og Alþingi, þar er ný skipan verði á gerð**«. Efni þessa opna brjefs átti að birta í Danmörku með konunglegri auglýsingu, þegar úrskurðurinn yrði gefinn út.

Það skal þegar tekið fram, að meiri hluti nefndarinnar telur frágangssök og hættulegt rjettindum landsins, ef ráðherra vor gengi að því, að ákvæðið um það, að engin breyting gæti orðið á væntanlegum konungsúrskurði, nema áðurgreindum skilyrðum um sambandslög milli landanna yrði fullnægt, yrði tekið upp í úrskurðinn á sínum tíma. Meiri hlutinn lítur svo á, að þar með væri samþykki gefið af hálfu fulltrúa landsins um það, að málið yrði eigi lengur sjermál vort. Og svo dýru verði vill hann alls eigi kaupa staðfestingu stjórnarskrárfrumvarpsins. En upplýsingar hafa komið um það frá frafarandi ráðherra, á fundi í háttv. deild, er málið var þar til 1. umræðu, að til þess væri alls eigi ætlast, að tjeður skildagi yrði tekinn upp í væntanlegan konungsúrskurð um uppburð mála vorra í ríkisráði Dana. Og í trausti til þess, að hvorki sje tilgangurinn, að tjeð ákvæði verði upp í úrskurðinn tekið, eða neitt samskonar eða samsefnis ákvæði, nje heldur, að ráðherra vor muni að því ganga, þó að sú krafa yrði ger, telur meiri hluti nefndarinnar óhætt að taka þá afstöðu til málsins, sem hjer á eftir greinir.

Því hefir verið haldið fram, að ráðstöfun sú, er gerð var í ríkisráði Dana 20. okt. 1913, og að ofan getur, feli í sjer samkomulag milli fulltrúa Íslands af annari hálfu og fulltrúa Dana af hinni, um það, að uppburður mála vorra í ríkisráðinu skuli bundinn skilyrði, sem löggjafarvald Íslands rjeði eigi yfir, og að þar með væri stefnt í þá átt, að uppburðurinn yrði eigi lengur sjermál vort, heldur í raun rjettri sammál Íslands og Danmerkur. Og þess vegna hefir verið svo litið á, að þingið 1914 mætti eigi láta þetta atriði afskiftalaust nú, um leið og það afgreiðir frá sjer stjórnarskrárfrv. Ef það gerði það, þá mundi verða svo litið á, sem það fjellist á það, að málið skyldi verða sammál Íslands og Danmerkur hjer eftir, og að vjer hefðum engan stjórnskipulegan rjett til að fá því um þokað, án samþykkis þeirra danskra valdhafa, er um það mál ættu að fjalla af Dana hálfu. Meiri hluti nefndarinnar telur þessa skoðun rjetta, en af því að hann lítur jafnframt svo á, að slík ráðstöfun hafi eigi verið með heimild þingsins 1913 gerð, eða fyrri þinga, þá telur hann nægilegt, að þingið lýsi nú yfir þeirri ákveðnu skoðun sinni, að ráðstöfunin sje eigi bindandi fyrir Ísland.

Meiri hluti nefndarinnar getur eigi sjeð neitt því til fyrirstöðu, enda þótt hann telji sína skoðun á málinu fullkomlega rjetta, að fyrirvari sá, er hann hugsar sjer uppborinn í þingsályktunarformi, verði svo orðaður sem á þingskj. 438 segir. Því að ef skoðun meiri hlutans er rjett, — sem hann efast að vísu eigi um, — þá kemur

fyrirvarinn þó að fullu haldi, þar sem hann fyrrbyggir, að ætlan meiri hlutans, alt að einu, að svo verði litið á sem þingið hafi samþykt það á nokkurn hátt, að uppburður mála vorra verði gerður að sammáli með ríkisráðs-ráðstöfuninni 20. okt. f. á., eða konunglegu opnu brjefi, dags. sama dag. Það orðalag, sem ætlast er til að verði á fyrirvaranum, er bæði valið til þess, að komist verði hjá því, að stjskr.frv. verði synjað staðfestingar, og svo í því skyni, að samkomulag mætti um hann fást meðal allra flokka þingsins. Enda er það eigi tilætlun meiri hlutans, að sveigja að neinum, þeim er með þetta mál hefir farið, utan þings eða innan, enda þótt á annari skoðun sjeu um þetta málsatriði, heldur er það eitt tilgangur meiri hlutans, að fyrirbyggja það, að rjettilega verði svo á litið, að þingið hafi nú afsalað landinu nokkuru af stjórnskipulegum rjettindum þess, eða samþykt nokkura slíka ráðstöfun, ef hún hefði áður fram farið að einhverju leyti eða öllu.

Ef slíkur fyrirvari verður samþyktur sem meiri hlutinn stingur upp á, — enda ætlast hann að sjálfsögðu til þess, að ráðherra landsins skýri konungi frá innihaldi fyrirvarans, — telur hann stjórnskipulegum rjettindum landsins að lögum borgið um uppburð sjermála vorra fyrir konungi í ríkisráði, og engu spilt frá því skipulagi, sem nú er. Hann lítur því svo á, að þetta mál haldi áfram að vera sjermál Íslands á sama veg sem áður var, og þingið hefir haldið fram, ef fyrirvari hans, meiri hlutans, verður samþyktur.

Jafnframt telur meiri hlutinn æskilegt, til frekari tryggingar, að í væntanlegum konungsúrskurði verði skírskotað til þingsályktunartillögunnar á þingskjali 438, ef hún verður samþykt.

Meiri hlutinn er því sammála um að ráða háttv. deild til þess að samþykkja stjórnarskrárfrumvarpið óbreytt, en jafnframt leggur hann til, að þingið samþykki fyrirvara þann um uppburð mála vorra fyrir konungi í ríkisráði, er í þingsályktunartillögunni á þingskjali 438 greinir.

Alþingi 8. ágúst 1914.

Skúli Thoroddsen, formaður.	Einar Arnórsson, skrifari.
Bjarni Jónsson, frá Vogi.	Guðm. Hannesson.

Frá minni hluta.

Undirritaðir, minni hluti nefndarinnar, eru sammála meiri hluta nefndarinnar um það, að samþykkja beri stjórnarskrárfrumvarpið óbreytt, einnig um það, að rjett sje, að samþykkja í þingsályktunarformi fyrirvara um það, að þingið haldi fast á því, að uppburður sjermála Íslands fyrir konungi sje íslenskt sjermál. Vjer erum því samþykkir innihaldi fyrirvarans á þingskjali 438 í aðalatriðum, en getum ekki felt oss við orðalag hans. Vjer áskiljum oss því rjett til að koma fram með breytingartillögu við

þingskjal þetta. Vér erum að ýmsu leyti ósamþykkir framanrituðu nefndaráliti, sjerstaklega um skilninginn á því, sem gerðist í ríkisráðinu 20. oktbr. f. á. og á opna brjefinu frá s. d. Að öðru leyti munum vjer gera nánari grein fyrir afstöðu vorri við umræðurnar.

d. u. s.

Jón Magnússon. Stefán Stefánsson, Eyf. Pjetur Jónsson.

Nd. **438. Tillaga**

til þingsályktunar um uppburð sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndarinnar.

Um leið og Alþingi afgreiðir frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskrá Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903, ályktar það að lýsa yfir því, að ef svo yrði litið á, að með því, sem gerðist á ríkisráðsfundi 20. okt. 1913, sbr. konunglegt opið brjef, dagsett sama dag, hafi uppburður sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana verið lagður undir valdsvið dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda, þá getur Alþingi ekki viðurkent slíka ráðstöfun skuldbindandi fyrir Ísland, þar sem hún bryti bág við vilja þingsins 1913 og fyrri þinga. Enn fremur ályktar Alþingi að lýsa yfir því, að það áskilur, að konungsúrskurður sá, er boðaður var í fyrnefndu opnu brjefi, verði skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður, enda geti konungur breytt honum á ábyrgð Íslandsráðherra eins, og án nokkurrar íhlutunar af hálfu dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda. Heldur Alþingi því þess vegna fast fram, að uppburður sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana verði hjer eftir sem hingað til sjermál landsins.

Ed. **439. Tillaga**

til þingsályktunar um strandferðir.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Alþingi felur landsstjórninni að semja við h/f Eimskipafjelag Íslands um strandferðir árin 1916 og 1917 á grundvelli samnings þess, er landsstjórnin gerði við Eimskipafjelagið 4. febrúar 1914, en að öðru leyti með því fyrirkomulagi og þeim kjörum, sem hjer segir:

1. Strandferðaskip sjeu tvö, hæði eins að allri gerð og fyrirkomulagi. Farmrúm hvers skips sje hjer um bil 30,000 teningsfet, ganghraði 9 mílur á vöku með fullfermi. Farrými sjeu 3 í strandferðum, er rúmi 40 manns á fyrsta

farrými, 50 á öðru og um 100 á þriðja (í lest). Kælirúm sjeu í skipinu að minsta kosti 1200 teningsfet í hvoru.

2. Ferðir hefjist eigi síðar en um miðjan apríl hvort árið og hætti eigi fyr en um miðjan nóvember. Ferðaáætlun sje sem líkust áætlun þeirri, er prentuð er á þgskj. 364, fylgiskj. IX., ferðir eigi færri en þar greinir og viðkomustaðir eigi færrt.
3. Farmgjöld og fargjöld sjeu eigi hærri en nú eru.
4. Fyrir ferðir þessar fái Eimskipafjelagið alt að 77,300 króna styrk úr landssjóði hvort árið.

Sþ. **440. Nefndarálit**

um fánamálið.

Nefndir þær, sem efri og neðri deild Alþingis skipuðu til að íhuga fánamálið, komu sjer saman um að starfa að því í sameiningu. Þær ræddu málið ítarlega á nokkrum fundum, og fengu ráðherra til viðtals á tveim þeirra.

Allir nefndarmenn, nema Skúli Thoroddsen og Bjarni Jónsson, voru á einu máli um það, að rjett væri að hagnýta konungsúrskurðinn um íslenskan fána frá 22. nóv. 1913, að með því væri nokkuð unnið, en engu tapað, og rjettur þjóðarinnar til fullkomins íslensks siglingafána að engu skertur.

Um liti fánans og gerð voru skiftar skoðanir nefndarmanna. Sumir vildu hafa fánann tvílitan aðeins — bláan og hvítan. Aðrir vildu hafa fánann þrílitan — bláan, hvítan og rauðan.

Aðeins þremur gerðum var haldið fram:

1. Þeirri, sem borin var upp á alþingi 1911 og 1913, og hefir verið notuð síðan 1907.

2. Sömu gerð óbreyttri að öðru en því, að bætt yrði hvítri stjörnu í efri stangarreit.

3. Sömu gerð óbreyttri að öðru en því, að rauðum krossi væri bætt innan í miðjan hvíta krossinn (1. tillaga fánanefndarinnar, sem skipuð var 30. des. 1913).

Flestum nefndarmönnum kom saman um það, að almenningi mundi kærust hin fyrstnefnda fánagerð. Og enginn þeirra lýsti yfir því, að hann væri henni alveg mótfallinn, ef til þess kæmi, að konungur gæti fallist á hana óbreytta.

Nú var nefndinni ljóst, að nokkur líkindi eru til, að konungur vilji ekki fallast á þessa gerð, svo nauðsyn verði að breyta henni eitthvað.

Þeir, sem fastast hjeldu henni fram, töldu vænlegast að breyta henni sem minst, ef til kæmi, og þótti nægilegt að bæta aðeins hvítri stjörnu í efri stangarreitinn.

Aðrir töldu litlu skifta, þótt breytingin yrði gagngerðari, ef breyta þyrfti á annað borð, og þótti þríliti fáninn fegurri og hentugri.

Meiri hluti nefndarinnar (P. J., M. K., G. H., S. St., E. J. og S. G.)

taldi óheppilegt, að Alþingi gerði fleiri gerðir en tvær að tillögu sinni við konung, og vildi láta aðra hvora tvílitu gerðina fylgja þrílitu gerðinni.

Minni hlutinn (Sk. Th., B. J., J. B., M. P. og K. F.) vildi ekki útiloka með öllu hina uppteknu gerð, þó að litlar líkur þættu til, að konungur fjellist á hana. Ef hún fengist ekki, vildi hann ekki breyta henni með öðru en hvítri stjörnu í efri stangarreitnum. En þar sem hann vildi ekki heldur útiloka þrílitu gerðina, og taldi hana tryggingu fyrir því, að konungur fjellist á einhverja gerðina, vildi hann hafa gerðirnar þrjár í tillögum þingsins við konung.

Ráðherra studdi tillögur minni hlutans í nefndinni, en G. B. ljet málið hlutlaust.

Nefndin kom sjer svo saman um, að leggja til við hv. Alþingi, að það samþykki eftirfarandi tillögu til þingsályktunar.

TILLAGA

til þingsályktunar um gerð íslenska fánans.

Með því að svo er tiltekið í konungsúrskurði 22. nóv. 1913, að gerð íslenska fánans skuli ákveðin með nýjum konungsúrskurði, þegar ráðherra Íslands hafi hafi tök á að kynna sjer óskir manna á Íslandi um það atriði, þá ályktar sameinað Alþingi að mæla með þeirri gerð, sem borin var upp á Alþingi 1911 og 1913, *annaðhvort* óbreyttri, *eða* með stórri, hvítri fimmblaðaðri stjörnu í efra stangarreit, *eða* rauðum krossi í miðjum hvíta krossinum, í líkingu við tillögu fánanefndarinnar, sem skipuð var 30. des. 1913.

Alþingi 8. ágúst 1914.

Karl Finnbogason, skrifari Ed. og frsm. Jósef J. Björnsson. Magnús Pjetursson.

Einar Jónsson. Bjarni Jónsson frá Vogi, með fyrirvara.

Skúli Thoroddsen, skrifari Nd. Með fyrirvara.

Með skírskotun til sjerstaks fyrirvara:

Guðm. Hannesson. Pjetur Jónsson. Sigurður Stefánsson.

M. J. Kristjánson. Sigurður Gunnarsson, form. nefndar neðri deildar.

Samþykkur öllu því, sem ekki fer í bága við álit fánanefndarinnar 30. des. 1913; læt málið hlutlaust vegna nefndarstarfs míns.

G. Björnsson
form. nefnd. Ed. og samvinnunefndarinnar.

Sþ. **441. Breytingartillaga**

við þingsályktunartillögu fánanefnda Alþingis (þsk. 440).

Flutningsmenn: Guðm. Hannesson, Sigurður Gunnarsson, Sigurður Stefánsson og Pjetur Jónsson.

Tillagan orðist þannig:

Með því að svo er tiltekið í konungsúrskurði frá 22. nóv. 1913, að gerð íslenska fánans skuli ákveðin með nýjum konungsúrskurði, þegar ráðherra Íslands hefir haft tök á að kynna sjer óskir manna á Íslandi um það atriði, þá ályktar sameinað Alþingi að lýsa yfir því áliti sínu, að flestum Íslendingum muni langkærast að sú fánagerð, sem borin var upp á Alþingi 1911 og 1913, haldist óbreytt og yrði staðfest af konungi. En sje þess ekki kostur, vill það mæla með hinum þrílita fána, sem fánanefndin, er skipuð var 30. desember 1913, gerði að aðaltillögu sinni.

Nd. **442. Rökstudd dagskrá**

feld í Nd. 8. ágúst (Frv. til laga um kaup á Þorlákshöfn í Árnessýslu, um eignarnámsheimild á sömu jörð og um motorbátahöfn sama staðar, þgskj. 392).

Sökum þess að þingdeildin telur mál þetta ekki nægilega undirbúið, en treystir því, að stjórnin afli fyrir næsta þing nauðsynlegra upplýsinga og leggi málið, ef tiltækilegt þykir, fyrir þing 1915, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **443. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 66, 10. nóvember 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Nd).

1. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, skal Íslandsbanka heimilt, ef viðskiftaþörfin

krefur, að auka seðlaútgáfu sína um alt að 700 þúsund krónum fram yfir þá upphæð, sem ákveðin er í 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, gegn því:

1. að bankinn eigi jafnan og hafi í vörslum sínum, sbr. þó lög 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka o. fl., málmforða samkvæmt 4. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, til tryggingar seðlum, útgefnum samkvæmt lögum þessum, er nemi að minsta kosti 50% af seðlafúlgu þeirri, er í hvert skifti er í umferð fram yfir $2^1/_2$ miljón krónur;
2. að bankinn greiði í lok hvers mánaðar 2% árgjald til landssjóðs af þeirri seðlafúlgu, sem í hver mánaðarlok er í umferð fram yfir áðurnefndar $2^1/_2$ miljón krónur, og eigi er trygð með málmforða, samkvæmt 1. lið greinar þessarar.

Um seðlaútgáfu, þá er í lögum þessum greinir, gilda að öðru leyti fyrirmæli laga nr. 66, 10. nóv. 1905.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til loka októbermánaðar 1915.

Nd. 444. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Flutningsm.: Sveinn Björnsson.

Á eftir „**Kjördæmi og kjörstjórnir**“ komi ný grein svohljóðandi:

Sú breyting verði á núgildandi kjördæmaskipun, sem hjer segir:

Reykjavíkurkjördæmi kjósi 3 af alþingismönnum, þeim er kosnir skulu óhlutbundnum kosningum.

Seyðisfjarðarkaupstaður hættir að vera sjerstakt kjördæmi og legst við Norður-Múlasýslu-kjördæmi, en það kjördæmi kýs 2 alþingismenn.

Tillaga þessi er **aðaltillaga,** en breytingartillögurnar á þingskj. 434 *ber að skoða sem varatillögur,* **ef** þessi tillaga verður eigi samþykt.

Nd. 445. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 66, 10. nóv. 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

Fyrir »700 þúsund krónum« í 1. gr. komi:
500 þúsund krónum.

Nd. **446. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Flutningsmaður: Þorleifur Jónsson.

Við 20. gr. Á eftir orðunum »og skulu þau standa í stafrófsröð« komi:
Náist eigi með hægu móti til prentsmiðju, má skrá nöfnin á seðlana með ritvjel, undir umsjón yfirkjörstjórnar.

Nd. **447. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um uppburð sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana (þgskj. 438).

Frá Jóni Magnússyni, Pjetri Jónssyni og Stefáni Stefánssyni Eyf.

Þingsályktunartillaga á þgskj. 438 um uppburð sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana orðist svo:

Um leið og Alþingi afgreiðir frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskrá Íslands 5. janúar 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. oktbr. 1903, ályktar það að lýsa yfir því, að það heldur fast á þeirri skoðun sinni nú sem fyr, að uppburður íslenskra mála fyrir konungi sje stjórnskipulegt sjermál Íslands, og neitar því, að á þessu sje eða geti verið nokkur breyting gerð með því, sem fram fór í ríkisráðinu 20. oktbr. f. á. eða með opnu brjefi um kosningar til Alþingis frá s. d. Konungsúrskurður sá, er boðaður er í fyrrnefndu opnu brjefi getur því ekki skoðast öðruvísi en hver önnur íslensk stjórnarráðstöfun, er að sjálfsögðu má breyta á sama hátt, sem hún er gerð, af konungi með undirskrift Íslandsráðherra eins.

Nd. **448. Breytingartillaga**

við frv. til laga um kosningar til Alþingis (þgskj. 435).

Frá Einari Arnórssyni.

Í »kjördæmi og kjörstjórnir« fyrir ofan 7. gr. falli brott:
Kjördæmi og

Nd. **449. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þgskj. 434 og 444 við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá Einari Arnórssyni.

1. Breytingartillagan á þgskj. 444 orðist svo:
   Aftan við „**Ákvæði um stundarsakir**“ bætist:
   Þar til önnur skipun verður gerð á kjördæmaskipun landsins, skal Reykjavíkurbær kjósa 3 af alþingismönnum, þeim er kosnir skulu óhlutbundnum kosningum. Skal bænum skift í 3 kjördæmi, er kjósi sinn mann hvert. Stjórnarráðið ákveður eftir tillögum bæjarstjórnar Reykjavíkur takmörkin á milli þessara 3ja kjördæma, og skulu þau vera sem jöfnust að kjósendatölu. Skal það gert áður en kjörskrár eru samdar í fyrsta skifti eftir þessum lögum, og skal síðan endurskoða skiftinguna 4. hvert ár.
   Seyðisfjarðarkaupstaður hættir o. s. frv.
2. Aðalbreytingartillagan á þgskj. 434 orðist svo:
   Aftan við „**Ákvæði um stundarsakir**“ bætist:
   Þar til önnur skipun verður gerð o. s. frv.. eins og í 1. breytingartillögu hjer að ofan.

Nd. **450. Breytingartillögur**

við frv. til laga um kosningar til Alþingis (þgskj. 435).

Flm. Einar Arnórsson.

Við 61. gr. 1. málsgr.:
a) *aðaltillaga:*
   Fyrir »1. ágúst« komi:
   1. júlí eða næstan virkan dag á eftir, ef 1. júlí ber á helgan dag.
b) *varatillaga*, (ef aðaltill. fellur):
   Á eftir »1. ágúst« komi:
   eða næsta virkan dag eftir, ef 1. ágúst ber á helgan dag.

Nd. **451. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um kosningar til Alþingis (þingskj. 435).

Frá Einari Arnórssyni.

Aftan við »**Ákvæði um stundarsakir**« komi ný málsgrein svo látandi:

Þar til önnur skipun verður gerð á kjördæmaskiftingu landsins, skulu

4 alþingismenn kosnir í Reykjavíkurkaupstað óhlutbundnum kosningum, og skal kaupstaðnum skift í 4 kjördæmi, og kjósi þau sinn þingmann hvert. Stjórnarráðið ákveður kjördæmaskipun kaupstaðarins eftir tillögum bæjarstjórnar og skal sem næst farið eftir mannfjölda. Kjördæmaskipun Reykjavíkur skal endurskoðuð 4. hvert ár, og þá gerðar þær breytingar á henni, er breytingar á fólksfjölda gera nauðsynlegar.

Tala alþingismanna þeirra, er neðri deild Alþingis skipa, skal vera 28.

Viðaukatillaga þessi er *aðaltillaga* við breytingartillöguna á þgskj. 444, sbr. þingskj. 434 og 449.

Nd. **452. Breytingartillögur**

við viðaukatillögu á þingskjali 451 og breytingartillögur á þingskjali 449 við frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Frá Jóni Jónssyni.

1. Við viðaukatillögu á þingskjali 451:
   Niðurlagsorð greinarinnar »kjördæmaskipun Reykjavíkur skal o. s. frv. falli burt.

2. Við breytingartillögur á þingskjali 449:
   Orðin »og skal síðar endurskoða skiftinguna 4. hvert ár« falli burt.

Ed. **453. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sjóvátrygging.

Frá Karli Finnbogasyni.

1. Við 6. gr. Í stað orðanna: »gegn sama háska« komi orðin: sem lagt er í sömu hættu.

2. — 23. — Fyrir orðið: »gegn« komi orðin: það í.

3. — 26. — a) Fyrir orðin: »og er hann ... tjóni«, komi orðin: og er honum þá ekki skylt að bæta það tjón.
   b) Fyrir orðið: »gegn« komi orðin: hið vátrygða í.

4. Við 32. gr. Fyrir orðin: »hinn vátrygða hlut« í 1. málsgr. og »hinn vátrygði hlutur« í 2. málsgr. komi orðin:
hið vátrygða.
Fyrir orðin: »hinum vátrygða hlut« síðast í 2. málsgr. komi orðin:
hinu vátrygða,
og fyrir orðið: »honum« í síðustu línu 2. málsgr. komi orðið:
því.

5. — 34. — Fyrir orðin: »hinum afsalaða hlut« komi orðin:
hinu afsalaða.

6. — 36. — Fyrir orðið: »gegn« komi orðin:
hið vátrygða í.

Sþ. **454. Skrá**

um erindi, þau er Alþingi 1914 bárust og lögð voru fram á lestrarsal, frá því er þing hófst til þinglausna.

1. Þingmálafundargerð úr Árnessýslu (Nd. 2).
2. Þingmálafundargerð úr Norður-Ísafjarðarsýslu (Nd. 3).
3. Þingmálafundargerð úr Dalasýslu (Nd. 4).
4. Fríkirkjusöfnuður Fróðárhrepps æskir þess, að þm. Snæfellinga fái samþykta heimild fyrir söfnuðinn, til þess að ganga inn í þjóðkirkjuna (Nd. 6).
5. Átta þingmálafundargerðir úr Eyjafjarðarsýslu (Nd. 7).
6. Sjö þingmálafundargerðir úr Gullbringu- og Kjósarsýslu (Ed. 3).
7. Þingmálafundargerð úr Strandasýslu (Ed. 4).
8. Lárus Rist, kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri, sækir um launahækkun (Nd. 8).
9. Þingmálafundargerð Reykjavíkur (Nd. 9).
10. Nikulás bóndi Vigfússon á Núpi í Öxarfirði sækir um að fá ábýlisjörð sína keypta (Nd. 10).
11. Nokkurir bændur í Önundarfirði skora á Alþingi að samþykkja viðauka við lög nr. 60, 10. nóv. 1905, um beitutekju (Nd. 11).
12. Þingmálafundargerð Akureyrar (Nd. 12).
13. Þingmálafundargerð úr Seyðisfjarðarkaupstað (Ed. 5).
14. Þingmálafundargerð Ísafjarðarkaupstaðar (Ed. 6).
15. Tvær þingmálafundargerðir úr Austur-Skaftafellssýslu (Nd. 13).
16. Sýslunefndaroddviti Árnessýslu skorar á þingmenn kjördæmisins, að fá breytt lögum um Bjargráðasjóð Íslands frá 10. nóv. 1913 (Nd. 14).
17. Þingmálafundargerð úr Mýrasýslu (Nd. 18).
18. Þingmálafundargerð Vestmannaeyja (Ed. 7).

19. Jónathan vitavörður Jónsson í Vestmannaeyjum sækir um launahækkun (Ed. 8).
20. Fimm þingmálafundargerðir úr Húnavatnssýslu (Nd. 19).
21. Tvær þingmálafundargerðir úr Suður-Þingeyjarsýslu (Nd. 20).
22. Oddviti Breiðuvíkurhrepps sendir þingm. Snæfellinga brjef viðvíkjandi bjargráðum við hallæri (Nd. 21).
23. Frv. til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 67, 22. nóv. 1913, um hvalveiðamenn, með 5 skjölum, er að því lúta (Nd. 22).
24. Borgarstjóri Reykjavíkur mælist til þess við þingmenn kjördæmisins, að þeir flytji á Alþingi frv. til laga um breytingu á 6. gr. laga nr. 86, 22. nóv. 1907, um breytingu á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík (Nd. 23).
25. Sami fer fram á, að þingm. kjördæmisins gerist flutningsmenn að frv. til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur (Nd. 24).
26. Sýslunefndaroddviti Árnessýslu skorar á þingmenn kjördæmisins, að fá viðhaldi flutningabrautarinnar frá Ingólfsfjalli að Þjórsárbrú ljett af sýslunni (Nd. 25).
27. Þingmálafundargerð úr Stykkishólmi (Nd. 26).
28. Tvær þingmálafundargerðir úr Snæfellsnessýslu (Nd. 31).
29. Sýslunefndaroddviti Norður-Ísafjarðarsýslu skorar á þingm. kjördæmisins, að sjá um að Arnarnesvitinn verði gerður að blossvita (Nd. 32).
30. Sigfús organleikari Einarsson sækir um 800 kr. utanfararstyrk, til þess að kynna sjer söng og organslátt í öðrum löndum (Nd. 33).
31. Borgarstjóri Reykjavíkur mælist til þess að þingm. kjördæmisins gerist flutningsmenn að frv. til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík (Nd. 40).
32. Fimm þingmálafundargerðir úr Skagafjarðarsýslu (Nd. 41).
33. Sýslunefndaroddviti Árnessýslu mælist til þess, að þingm. kjördæmisins hlutist til um, að hert verði á ákvæðum 11. gr. forðagæslulaganna (Nd. 42).
34. Laxveiðieigendur í Árnessýslu fara fram á, að þingm. Árnesinga leitist við að fá breytt 1. gr. laga nr. 5 frá 19. febr. 1886 um friðun á laxi (Nd. 45).
35. Vigfús Grænlandsfari Sigurðsson sækir um 2000 kr. styrk úr landssjóði til bifreiðaferða um Fagradalsbrautina (Nd. 46).
36. Kenslumálanefnd Stúdentafjelagsins í Reykjavík fer þess á leit, að löggjafarvaldið hlutist til um að stofnað verði til fastrar kenslu við Háskólann í klassiskum fræðum sem allra fyrst (Nd. 49).
37. Tvö hundruð þrjátíu og sex alþingiskjósendur í Eyrarbakkalæknishjeraði óska þess, að Ásgeir læknir Blöndal fái að halda fullum embættislaunum að eftirlaunum (Nd. 50).
38. M. C. Bull, eigandi hvalveiðastöðvarinnar við Hellisfjörð, krefst 50,000 kr. bóta fyrir skaða þann, er hvalafriðunarlögin baki honum (Nd. 53).
39. Hreppsnefndin í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skorar á Alþingi að semja lög, að því er snertir að skylda eiganda jarðarinnar Ytri-Búða sem og fleiri jarða þar nyrðra, til þess að selja hreppn-

um þær, eða ella að lögleiða eignarnámsheimild á greindri jörð, þ. e. Ytri-Búðum o. fl. (Nd. 57).

40. Skúli alþm. Thoroddsen mælir fram með umsókn frá Þorvaldi lækni Jónssyni á Ísafirði, þar sem hann fer fram á, að Alþingi láti sig halda óskertum launum, þeim sem hann hafði sem bankaútibússtjóri, eða veiti sjer að öðrum kosti svo ríflega eftirlaun sem það sjái sjer fært (Nd. 58).
41. Sýslumaðurinn í Mýrasýslu skorar á Alþingi, að veita fje til þess að brúa Langá af nýju (Nd. 63).
42. Stjórnarráð Íslands sendir staðfest eftirrit af yfirlýsingu J. J. Bildfells, dags. 29. jan. 1914 (Nd. 64).
43. Háskólaráðið lýsir yfir því, út af brjefi þriggja alþm. (Karls Einarssonar, Ben. Sveinssonar og Magnúsar Pjeturssonar), að það mæli með stofnun fasts kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskólann (Ed. 19).
44. Páll sundkennari Erlingsson sækir um 1400 kr. styrk af landsfje til uppihalds sundkenslu alt árið; með meðmælaáritun borgarstjóra Reykjavíkur (Nd. 65).
45. Stjórn Eimskipafjelags Íslands fer fram á, að landssjóður taki að sjer ábyrgð á alt að því 1/4 hluta af skipaveðláni félagsins (Nd. 74).
46. Hlutafjelagið »Þorlákshöfn« sækir um 20,000 kr. styrk og 40,000 kr. lán úr landssjóði til vjelbátahafnargerðar í Þorlákshöfn (Nd. 78).
47. Stjórnarráðið sendir beiðni frá hinu íslenska prentarafjelagi um 800 kr. styrk, til þess að senda mann á prentlistarsýningu í Leipzig (Nd. 81).
48. Sama sendir 4 skjöl viðvíkjandi fjárveitingu til dýralæknisnema (Nd. 82).
49. Sama sendir erindi frá stjórn Landsbankans um að Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts bankabókara Þórðarsonar, verði veittur 3—400 kr. árlegur styrkur af fje Landsbankans (Nd. 83).
50. Sama sendir 2 brjef frá Th. Krabbe landsverkfræðingi viðvíkjandi vitabyggingu á Grímsey í Steingrímsfirði, þar með 2 uppdrættir (Nd. 84).
51. Sama sendir 4 skjöl viðvíkjandi aukningu á bæjartalsímakerfinu á Akureyri (Nd. 85).
52. Sama sendir brjef frá landssímastjóra viðvíkjandi 1000 kr. endurgreiðslu af tillagi Vopnfirðinga til aukalínunnar frá Hofi í Vopnafirði til Vopnafjarðarkauptúns (Nd. 86).
53. Læknirinn á Vífilsstaðahæli sendir Alþingi reikning hælisins 1913 (Nd. 87).
54. Stjórnarráðið sendir 3 skjöl viðvíkjandi nauðsyn á að gerður verði sjóvarnargarður á Siglufirði; 2 uppdrættir fylgja (Nd. 88).
55. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu sendir Alþingi brjef viðvíkjandi breyting á lánskjörum á viðlagasjóðslánum verksmiðjufjelagsins Gefjun á Akureyri (Nd. 89).
56. Búnaðarfjelag Íslands leggur til að ríkuð verði heimild núgildandi fjárlaga til lánveitinga úr viðlagasjóði, til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs (Nd. 90).
57. Indriði skrifstofustjóri Einarsson fer fram á, að tekin verði upp í fjáraukalög verðlaun fyrir smjörútflutning til Fossvallarjómabús 1913 að upphæð kr. 380,70 (Nd. 91).

58. Stjórnarráðið sendir erindi frá fornmenjaverðinum, þar sem hann fer fram á 400 kr. fjárveitingu til utanfarar, til þess að kynnast fornleifarannsóknum og fornmenjasöfnum erlendis (Nd. 92).
59. Bjarni alþm. Jónsson fer fram á alt að 7000 kr. lán úr viðlagasjóði, til þess að reisa læknissetur í Búðardal við Hvammsfjörð (Nd. 93).
60. Skúli alþm. Thoroddsen vekur athygli fjáraukalaganefndarinnar á eftirfarandi málaleitunum:
    1) að veitt verði fje til þess að breyta Arnarnesvitanum í blossvita.
    2) að Þorvaldi lækni Jónssyni verði veitt svo rífleg eftirlaun sem unt sje (Nd. 94).
61. Þingmenn Gullbringu- og Kjósarsýslu senda Alþingi brjef viðvíkjandi eftirliti með fiskveiðum útlendinga í landhelgi (Nd. 95).
62. Fiskifjelagsdeildin »Neptunus« í Norðfirði fer fram á, að veitt verði fje til vitabyggingar á Norðfjarðarhorni (Nd. 96).
63. Guðmundur alþm. Hannesson mælir með erindi frá íbúum Vindhælishrepps um lagningu síma frá Blönduósi til Kálfshamarsvíkur (Nd. 97).
64. Stjórnarráðið sendir erindi frá Magnúsi skipasmið Guðmundssyni, þar sem hann fer fram á að fá úr landssjóði 1500 kr. styrk, til þess að kynnast erlendis byggingu þilskipa og mótorbáta (Nd. 98).
65. Sama sendir erindi frá þingm. Snæfellinga, þar sem farið er fram á fjárveitingu til þess að mæla upp skipaleið inn á Skógarneshöfn í Hnappadalssýslu (Nd. 99).
66. Sama sendir erindi frá Bjarna Jenssyni fyrv. hjeraðslækni, þar sem hann fer fram á, að eftirlaun hans verði hækkuð úr 925 kr. upp í 1000 kr. (Nd. 100).
67. Eftirrit af símskeyti til stjórnarráðsins frá sýslumanninum í Dalasýslu, þar sem skorað er á Alþingi að breyta vegalögunum, svo að þjóðvegurinn, sem liggur nú um Hjarðarholt verði framvegis ákveðinn frá Breiðamel að Fáskrúð um Laxárbrú (Nd. 103).
68. Nítján fyrirsvarsmenn í Mýrasýslu skora á Alþingi að veita fje til viðgerðar á Langárbrú eða til nýrrar steinsteypubrúar (Nd. 105).
69. Símskeyti frá kjósendum á Sljettu, þar sem skorað er á Alþingi að gera símann til Raufarhafnar að 1. flokks síma (Nd. 106).
70. Níutíu sjómenn í Ólafsvík skora á Alþingi, að breyta lögum frá 30. júlí 1909, um vátryggingu sjómanna (Nd. 107).
71. Borgarstjóri Reykjavíkur mælist til þess við þingmenn kjördæmisins, að þeir ljái því meðmæli sín, að hafnargerð Reykjavíkur verði undanþegin vörutolli af efni og áhöldum (Nd. 109).
72. Útdráttur úr gerðabók bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, þar sem bæjarstjórnin skorar á þingmann kjördæmisins, að útvega bænum 60,000 kr. lán úr viðlagasjóði til raflýsingar (Ed. 45).
73. Símskeyti frá Ólafi Magnússyni í Arnarbæli á Fellsströnd viðvíkjandi arnarfriðun (Nd. 116).
74. Fundargerðir aðalsýslunefndarfundar Dalasýslu 28. apríl—2. maí 1914 (Nd. 117).
75. Hreppsnefnd Vestmannaeyja sendir Alþingi símskeyti, þar sem hún lýsir því

yfir, að hún sje ekki mótfallin því, að sýslunefnd og hreppsnefnd hafi alla stjórn vegamála Vestmannaeyja (Ed. 56).

Nd. **455. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um uppburð sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana (á þingskjali 438).

Frá Jóni Jónssyni.

Tillagan orðist svo:

Um leið og Alþingi afgreiðir frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903, ályktar það að lýsa yfir því, að svo verði að líta á, að það hafi verið vilji Al-Alþingis 1913, að konungsúrskurður um uppburð sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana yrði engu skilyrði bundinn.

Jafnframt ályktar Alþingi að lýsa yfir mótmælum gegn því, sem gerðist á ríkisráðsfundi 20. okt. 1913, um sjermál Íslands, sbr. konunglegt opið brjef, dagsett sama dag, og felur ráðherra Íslands að skrifa ekki undir konungsúrskurð um, að sjermál Íslands verði borinn upp í ríkisráði Dana, eins og hefir verið, nema konungur gefi út um leið nýtt opið brjef til íslensku þjóðarinnar, undirskrifað af ráðherra Íslands, þar sem þess sje getið, að konungur vilji verða við þeim óskum Íslendinga, að hann ákveði að eins, að sjermál Íslands skuli borin upp í ríkisráði Dana, eins og að undanförnu, án þess að breyting á því sje því skilyrði bundin, að konungur staðfesti lög um ríkisrjettarsamband Danmerkur og Íslands samþykt bæði af Ríkisþingi og Alþingi, þar er ný skipun verði gerð.

Ed. **456. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um sparisjóði (þgskj. 281).

Stjórnin hefir lagt frumvarp til laga um sparisjóði fyrir Alþingi 1913 og svo aftur fyrir þetta þing. Sýnir meðferð þingsins á málinu í fyrra og meðferð háttv. neðri deildar á frumv. þessu, að þótt flestir eða allir þingmenn sjeu sammála um að brýn þörf sje á löggjöf um sparisjóði, þá greinir menn mjög á um, hvernig lög þessi eigi að vera.

Neðri deild hefir breytt frumv. stjórnarinnar í mjög verulegum atriðum,

og er það einhuga álit vor nefndarmannanna, að eigi sje rjett að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það nú er. Hins vegar er tími alt of naumur til þess að athuga þetta vandasama mál, svo sem vera ber, og engin von um, svo sem nú er áliðið þingtímann, að frumvarpið gengi í gegnum neðri deild með þeim breytingum, sem á því kynnu að verða gerðar hjer í deildinni.

Samkvæmt þessu ráðum vjer háttvirtri deild til að vísa málinu til stjórnarinnar í því trausti, að hún leggi frumv. til laga um sparisjóði að nýju fyrir næsta reglulegt Alþingi, og berum því fram svohljóðandi:

DAGSKRÁ.

Í trausti til þess að stjórnin leggi fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um sparisjóði tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Efri deild Alþingis 11. ágúst 1914.

Eiríkur Briem, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður. Björn Þorláksson.

Kristinn Daníelsson. Karl Finnbogason.

Nd. **457. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um kaup á Þorlákshöfn o. fl. (þgskj. 392).

Frá nefndinni.

Við 1. gr. Í stað »Landsstjórninni . . . fyrir næsta nýár« komi: Landsstjórninni heimilast að semja sem fyrst

Nd. **458. Frumvarp**

til laga um sjóvátrygging.

(Eftir eina umr. í Ed.)

FYRSTI KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Vátryggja má hverja þá lögmæta hagsmuni, sem virða má til peninga og velta á því, að skip eða farmur, sem lagður er í hættu á sjó, týnist ekki eða rýrni í þeim háska.

Einkanlega má vátryggja: Skip, farmgjald, skipsútbúnað, farm, væntanlegan verslunararð og umboðslaun af vörum, sjólánskröfur, sjótjónsframlög og aðrar kröfur, sem fullnægja skal með skipi, farmgjaldi eða farmi. Ábyrgðarsali getur endurtrygt fyrir þeirri áhættu, sem hann tókst á hendur (reassurance).

2. gr.

Vátryggja má fyrir sína hönd og annara, svo og þótt hvorugt sje tiltekið (svo sem »fyrir hönd þess, sem í hlut á« eða því um líkt).

Nú tekur maður vátryggingu fyrir hönd annars manns án umboðs hans, og skal vátryggingartaki þá geta þess berum orðum, að hann hafi ekki umboð til. Nú vanrækir hann þetta, og er vátryggingin þá ógild, jafnvel þótt sá, sem vátryggja átti fyrir (vátrygður), samþykki hana síðar, en ábyrgðarsali á heimting á iðgjaldinu engu að síður.

3. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að fá vátryggingartaka skriflega viðurkenningu fyrir vátryggingunni (vátryggingarskírteini), ef hann æskir þess.

4. gr.

Hverja hagsmuni má vátryggja svo hátt, sem sannvirði þeirra nemur (vátryggingarverð).

5. gr.

Nú vátryggir maður í sviksamlegum tilgangi eitthvað til meiri skaðabóta en vátryggingarverð þess nemur og er sá vátryggingarsamningur þá ógildur, eða þeir samningar allir, ef fleiri en einn sjerstakur samningur var gerður um vátrygginguna.

6. gr.

Ef maður vátryggir eitthvað fram yfir vátryggingarverð, en eftir bestu vitund, þá er sú vátrygging lögmæt, en þó ekki fram úr vátryggingarverðinu.

Nú vátryggir maður hjá fleirum en einum hið sama, sem lagt er í sömu

hættu, og eru allar vátryggingarnar teknar sama dag, þá ábyrgist hver ábyrgðarsali svo mikinn hluta af vátryggingarverði hins vátrygða, sem vátryggingarfjárhæð hans er mikill hluti af öllum hinum teknu vátryggingarfjárhæðum samantöldum. Nú voru vátryggingarnar ekki teknar sama dag, og heldur þá hin yngri vátrygging gildi sínu að eins að svo miklum hluta, sem vátryggingarverð hins vátrygða er meira en hin eldri vátrygging nam. Þó heldur hin yngri vátrygging fullu gildi sínu:

1. Þegar þau rjettindi, sem hin eldri vátrygging veitir, eru framseld ábyrgðarsala jafnframt því að yngri vátryggingarsamningurinn er gerður.

2. Þegar svo er tiltekið í hinum nýja samningi, að tilkall verði að eins gert eftir honum að svo miklu leyti sem vátrygður fær ekki skaða sinn bættan eftir hinum eldra vátryggingarsamningi, annaðhvort af því að hann var ógildur eða ábyrgðarsali er ekki borgunarfær.

3. Þegar eldri vátryggingin var tekin fyrir hönd vátrygðs án skipunar hans, en hann tók sjálfur eða ljet taka yngri vátrygginguna, án þess að hann vissi þá af hinni eldri eða hann hefir afsalað sjer henni.

7. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru eða öllu af því að tryggingarhagsmunir voru engir eða minni en ætlað var, eða sakir oftryggingar eða tvítryggingar, og getur ábyrgðarsali þá krafist iðgjalds engu að síður, nema honum væri kunnugt, þá er hann tókst á hendur vátrygginguna, um þau atvik, sem ónýttu hana. Þó á vátrygður kröfu til endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 37. gr.

8. gr.

Ef vátryggingarfjárhæðin er minni en vátryggingarverðið, greiðir ábyrgðarsali að eins svo mikinn hluta af skaðanum, sem vátryggingarfjárhæðin er mikill hluti af vátryggingarverði þess, sem vátrygt var.

9. gr.

Nú hafa aðilar samið um ákveðið verð á vátrygðum hagsmunum (verðsett vátryggingarskírteini), og skal þá það verðmat haldast; þó á ábyrgðarsali rjett á að það verð sje lækkað, ef það sannast, að það sje hærra en sanngjarnt var að telja það, þegar metið var verðmætið.

10. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali greitt fyrir tjón, sem vátrygður á rjett á skaðabótum fyrir af þriðja manni, og eignast þá ábyrgðarsali þann rjett vátrygðs.

Nú vátryggir maður skuldakröfu sína, sem trygð er með einhverjum hagsmunum, sem eru í áhættu á sjó, og þeir hagsmunir rýrna eða glatast, þá fær ábyrgðarsali rjett hans á hendur skuldunaut að hlut í kröfunni jöfnum því fje, sem hann greiddi í skaðabætur.

Vátrygður á rjett á að heimta skaða sinn bættan af ábyrgðarsala, þótt hann hafi ekki fyrst sótt rjett sinn á hendur þeim, sem skyldur var til að greiða skaðabætur, nje á hendur skuldunaut, sbr. þó 21. gr.

11. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali orðið gjaldþrota eða komið hefir fram við fjárnám, að hann átti ekki fyrir skuldum eða hann hefir stöðvað greiðslur sínar, og er vátrygðum þá heimilt að rifta vátryggingarsamningnum og fá iðgjald sitt endurgreitt, nema ábyrgðarsali setji tryggingu, ef krafist er, fyrir því, að samningnum verði að öllu fullnægt. Nú ber þetta að eftir að hinir vátrygðu hagsmunir hafa verið lagðir í hættu, þá hefir ábyrgðarsali rjett til að halda eftir af iðgjaldinu að tiltölu við þá áhættu, sem um er liðin.

ANNAR KAFLI.

Um skyldur vátrygðs.

12. gr.

Nú er samningur gerður um vátrygging, og er þá vátrygðum skylt að skýra nákvæmlega og rjett frá öllum atvikum, sem honum eru kunn og máli geta skift, þá er meta skal þá áhættu, sem ábyrgðarsali tekst á hendur, og þau skilyrði sem ábyrgðartakan er háð; skyldu vátrygðs um þetta skal einnig sá gæta, sem vátrygging tekur fyrir hans hönd, svo og hver annar milligöngumaður, sem aðstoðar við samningsgerðina.

13. gr.

Nú er vanrækt að segja til þess, sem 12. gr. segir fyrir um, og ábyrgðarsala var ókunnugt um þau atvik, sem látið var ógetið við samningsgerðina, og ekki var sanngjarnt að ætlast til, að honum væru þau kunn, og er honum þá ekki skylt að halda samninginn, en iðgjaldið á hann engu að síður, sbr. þó 37. gr.

Nú hefir vátrygður, eða sá, er skyldur var til að skýra frá atvikum, fengið svo seint vitneskju um eitthvað það, er segja skyldi til um, að hann hefði orðið að gera öldungis óvanalegar ráðstafanir til að geta gert ábyrgðarsala það kunnugt áður samningurinn var fullgerður, og skal þá þessi vanræksla hans ekki ógilda samninginn. Nú var vátrygging tekin án skipunar og vitundar vátrygðs, og er hún þá ekki ógild þótt ábyrgðarsala sje ekki sagt til atvika, sem að vísu voru kunn vátrygðum, en ekki þeim, er um vátrygging samdi.

14. gr.

Nú var sagt rangt til um eitthvað það, sem ræðir um í 12. gr., og er þá samningurinn ógildur og fyrirgert iðgjaldinu, sbr. þó 37. gr., þó sagt hafi verið til eftir bestu vitund, nema ábyrgðarsali hafi vitað um það, sem rangt var til sagt, þegar samningurinn var gerður.

15. gr.

Nú var vanrækt að segja til, eða sagt rangt til, um atvik, sem snerta að eins nokkurn hluta hinna vátrygðu fjármuna, og helst þá samningurinn

að þeim hluta, sem þau atvik snerta ekki, nema ef telja má víst, að ábyrgðarsali mundi ekki hafa tekist á hendur vátrygging á þeim hluta einum, með sömu skilyrðum, sem hann tókst vátrygginguna á hendur á öllum fjármunum, ef honum hefðu þá verið kunn öll atvik.

16. gr.

Þegar vátrygður veit, að tjón, sem ábyrgðarsali á að bæta, hefir orðið á hinum vátrygðu hagsmunum, skal hann skýra honum frá tjóninu og beiðast fyrirskipana hans um þær ráðstafanir, sem gera skal til bjargar og verndar hinum trygðu hagsmunum og hefta meira tjón; en þangað til hann fær slíkar fyrirskipanir frá ábyrgðarsala, er hann sjálfur skyldur að aðhafast í þessu það, sem þörf krefur. Nú vanrækir vátrygður þessa skyldu sína, og ábyrgist hann þá það tjón, er af hlýtst.

17. gr.

Nú er ábyrgðarsala skylt að bæta skaða, sem vátrygður á rjett á, að annar maður bæti honum, og skal vátrygður þá um þann rjett gera þær ráðstafanir, sem þörf er á eftir atvikum, þangað til ábyrgðarsali getur sjálfur sjeð þar fyrir hagsmunum sínum. Nú vanrækir vátrygður þetta, og ábyrgist hann þá það tjón, sem álíta má, að ábyrgðarsali bíði af vanrækslu hans.

18. gr.

Vátrygður er skyldur að greiða iðgjaldið gegn afhendingu vátryggingarskírteinis, jafnskjótt sem samningurinn er fullgerður, nema annað sje til skilið.

ÞRIÐJI KAFLI.

Um skyldur ábyrgðarsala.

19. gr.

Ábyrgðarsali ábyrgist afleiðingar af hverri þeirri hættu, sem hinir trygðu hagsmunir eru lagðir í á vátryggingartímanum; og vátrygður er eigi valdur að sjálfur, nema einhver háski hafi verið sjerstaklega undanskilinn. Ekki leysir það ábyrgðarsala undan ábyrgð, þótt skipstjóri sje valdur að tjóninu eða skipverjar.

20. gr.

Í þessum greinum ábyrgist ábyrgðarsali ekki skaðann:

1. Þegar skip og farmgjald er vátrygt fyrir hönd útgerðarmanns, og tjónið hlýtst af því að skipið var ekki sjófært, þá er það ljet út í ferðina, eða það var ekki nægilega vel búið eða mannað, eða hafði ekki nægileg skipsskjöl, eða það var óhæfilega hlaðið, eða skaðinn verður af því, að gengið er að hinum trygðu fjármunum til bóta á tjóni, sem yfirsjón-

ir eða hirðuleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra baka öðrum mönnum. Þó koma þar ekki til greina bætur fyrir tjón, sem leiðir af árekstri.

2. Þegar skip er vátrygt og skaði á skipi eða skipsbúnaði stafar einungis af sliti, elli, fúa eða maðkátu, eða af því, að það, sem skemdist, var ekki í viðunandi lagi, þegar skipið fór af stað.

3. Þegar vátrygður er farmur, farmgjald eða verslunarhagnaður á farmi, og skaðanum valda gallar á umbúðum vörunnar, eða sá eiginleiki hennar sjálfrar, sem 147. gr. siglingalaganna 22. nóvbr. 1913 getur um. Þó bætir ábyrgðarsali skaða þann, sem síðast var nefndur, ef ferðin hefir dregist óvanalega lengi vegna óhappa, sem ábyrgðarsali ábyrgist, nema ætla megi, að skaðinn hafi ekki verið drættinum að kenna.

4. Þegar vátrygður er farmur eða verslunarhagnaður á farmi eða fyrirframgreiðslu á farmgjaldi, sem ekki skal endurgreiða, þó óhapp beri að, og tjón á þessu, sem nú var talið, er farmsendara eða viðtakanda að kenna sem slíkum.

21. gr.

Þá er fullnaðarreikningur sameiginlegs sjótjóns hefir verið gerður á lögmætum stað og eftir þess lands lögum, er ábyrgðarsali skyldur að greiða eftir niðurjöfnuninni, bæði sjótjónsframlag það, sem kemur á hina vátrygðu hagsmuni, og þau framlög til skaðabóta, sem aðrir hluttakendur í sjótjóninu eru skyldir til að greiða fyrir skemdir á þeim, en sannanlegt er, að ekki hefir verið náð hjá þeim, sem skaðabótaskyldir voru. Ábyrgðarsali er jafnskyldur til þessa fyrir því, þótt hið vátrygða sje metið í niðurjöfnuninni fram yfir vátryggingarverð.

Nú hefir sjótjóni ekki verið jafnað niður, og það er ekki vátrygðum að kenna, og getur hann þá krafist bóta fyrir alt tjónið, svo sem vátryggingarsamningurinn tiltekur.

22. gr.

Nú hefir fullnaðarreikningur sjótjóns verið gerður á lögmætum stað og af þeim, sem opinbert umboð hafði til þess starfa, og getur þá ábyrgðarsali ekki borið það fyrir sig við vátrygðan, að öðrum manni hafi verið vilnað í við sjótjónsreikninginn, vátrygðum til tjóns, og gagnstætt lögum á þeim stað, þar sem sjótjóninu var jafnað niður, nema vátrygður hafi sjálfur verið sök í því, að ekki var nægilega sjeð fyrir hagsmunum hans. Þó er vátrygður skyldur til að framselja ábyrgðarsala kröfu sína á hendur þeim, sem þannig var ívilnað.

23. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að bæta það, sem lagt var í sölurnar eftir bestu vitund til að forðast háska, sem hann trygði það í, og kostnað þann, sem af því hlautst, svo og það sem varið var til bjargar og verndar vátrygðum hagsmunum og til að forða meira tjóni, eftir að slys bar að, og er honum skylt að bæta þetta þótt það verði ekki talið til sameiginlegs sjótjóns, svo og kostnað við að ákveða eigin ábyrgð ábyrgðarsala, þegar svo ber undir, sem hjer var sagt.

24. gr.

Nú ber fleiri en eitt sjótjón að á þeim tíma, sem vátrygging ábyrgðar-

sala tekur yfir, og bætir hann skaðann, þótt bæturnar allar samantaldar verði meiri en vátryggingarfjárhæðin var. Enn fremur skal bæta fullum bótum þann kostnað, sem 23. gr. ræðir um, þótt hann fari fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

25. gr.

Ef breytt er ferð þeirri, sem tilgreind var, þegar vátryggingarsamningurinn var gerður, og sú breyting verður áður en ábyrgðarsali á neitt á hættu, þá er ábyrgðarsali úr allri ábyrgð, ef skip og farmgjald hefir verið vátrygt fyrir hönd útgerðarmanns.

Nú er skip eða farmgjald vátrygt fyrir hönd annars manns en útgerðarmanns, eða aðrir hagsmunir en skip og farmgjald, og heldur þá vátryggingin gildi sínu, enda sé ferðinni breytt án samþykkis vátrygðs.

Nú eru vátrygðir hagsmunir lagðir í hættu áður en áhætta ábyrgðarsala hefst á öðru skipi en tilgreint var við vátryggingartökuna, og er ábyrgðarsali þá laus allra mála.

26. gr.

Nú er breytt til um ferð, eða sú áhætta, sem tekin var vátrygging fyrir, eykst eða breytist á annan hátt eftir að áhætta ábyrgðarsala hófst, og er honum þá skylt að bæta það tjón, sem ber að eftir að breytt var til um ferðina, nema breytingin hafi verið gerð án samþykkis vátrygðs eða í nauðsyn, til þess að forðast áhættu sem ábyrgðarsali trygði hið vátrygða í, eða til að bjarga lífi manna.

FJÓRÐI KAFLI.

Um skaða og greiðslu skaðabóta.

27. gr.

Vátrygður á rjett á bótum fyrir algert tjón:

1. Þegar vátrygt skip eða gós ferst með öllu, eða er gert upptækt eða skemmist svo, að það má telja ónýtt til þess, sem það var ætlað til.
2. Þegar vátrygt er farmgjald og þess missir með öllu.
3. Þegar verslunarafurð er vátrygður eða umboðslaun, og varan kemst ekki þangað, sem hún átti að fara.
4. Þegar vátrygðar eru sjótjónsbætur eða sjólánsfje, og veðið, sem fyrir var, ferst með öllu eða ekkert fæst af því til lúkningar bótunum eða fjenu.

28. gr.

Þá er algert tjón verður, skal ábyrgðarsali greiða að fullu vátryggingarfjárhæðina; þó skal dregið frá henni það, sem sparast af kostnaði þeim, sem vátryggingin nær til; svo á ábyrgðarsali og rjett á að taka til sín alt það, sem bjargað kann að verða. Nú voru munirnir aðeins vátrygðir að nokkrum hluta verðmætis þeirra, og skal þá það, sem dregið er frá vátryggingarfjárhæðinni, talið eftir rjettri tiltölu milli vátryggingarfjárhæðarinnar og alls vátryggingarverðsins, og fær ábyrgðarsali eftir sama mæli hlut í því, sem bjargað var.

Nú skemmist vátrygt skip og það er dæmt óbætandi með lögmætri skoðunargjörð, og á vátrygður þá rjett á að fá bætur, sem algert tjón væri, enda selji hann skipið af hendi til ábyrgðarsala.

29. gr.

Nú hefir ekki spurst til skips svo lengi, að seglskip fer að jafnaði þrisvar sinnum á þeim tíma frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til skipsins, til ákvörðunarstaðar þess, þó ekki skemri tíma en 3 mánuði, og ber þá að telja skipið týnt, og á þá vátrygður rjett á að krefjast bóta fyrir algert tjón, enda afsali hann sjer í hendur ábyrgðarsala rjetti sínum á hinu vátrygða.

30. gr.

Ef lagt er farbann (embargo) á skip eða gós, eða því er haldið á annan hátt eftir ráðstöfun yfirvalda, eða sjóræningjar taka það, eða skipverjar skilja við vátrygt skip, þá getur vátrygður, gegn því að láta af hendi við ábyrgðarsala rjett sinn á hinu vátrygða, krafist bóta, sem fyrir algert tjón, ef skipið eða gósið hefir ekki verið látið laust, eða hann hefir ekki fengið umráð yfir því:

Áður en 6 mánuðir eru liðnir, ef þessi atburður gerðist í Norðurálfuhöfum eða á þeim hluta Miðjarðarhafs, Svartahafs eða Asóvshafs, sem telst til Norðurálfu,

áður en 9 mánuðir eru liðnir, ef atburðurinn varð í öðrum höfum hjernamegin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða í Suður-Ameríku, og

áður en 12 mánuðir eru liðnir, ef það varð í þeim höfum, sem eru hinu megin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða.

Telja skal tímann frá þeim degi, er vátrygður sagði ábyrgðarsala til tjónsins.

31. gr.

Nú vill vátrygður láta hið vátrygða af hendi, og svo er háttað, sem segir í síðari málsgrein 28. gr., og skal hann þá skýra ábyrgðarsala frá fyrirætlan sinni áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því, er hann vissi úrslit skoðunargjörðarinnar, en ef svo er háttað, sem 29. og 30. gr. ræða um, skal hann hafa skýrt frá fyrirætlun sinni áður en 9 mánuðir eru liðnir frá því frestur sá er á enda, sem þær greinar tiltaka, eftir hinum sjerstöku atvikum í hvert sinn.

32. gr.

Nú er frestur sá á enda, sem segir í 31. gr., og vátrygður hefir ekki neytt rjettar síns til að láta hið vátrygða af hendi, og týnir hann þá þeim rjetti, þegar svo er háttað sem segir í síðari málsgrein 28. gr. og 30. gr.

Þá er svo liggja atvik til, sem segir í 29. gr., getur vátrygður krafist bóta sem fyrir algert tjón, jafnvel eftir að afsalsfresturinn er liðinn, en komi hið vátrygða síðar fram, skal hann endurgreiða vátryggingarfjeð, ef ábyrgðarsali krefst þess, með $^1/_2$ af hundraði í mánaðarvöxtu, en afsala skal ábyrgðarsali sjer þá hinu vátrygða og bæta þann skaða, sem orðið kann að hafa á því og ábyrgðin náði til.

33. gr.

Afsal á trygðum munum skal vera skilyrðislaust og óriftandi, og ná til allra hinna vátrygðu fjármuna eða þess hluta þeirra, sem hafður var í hættu á þeim tíma, er slysið bar að.

Ef fjármunir eru aðeins trygðir að nokkrum hluta af verðmæti þeirra, er vátrygður að eins skyldur að láta af hendi svo mikinn hluta þeirra, sem vátryggingarfjárhæðin er að tiltölu við vátryggingarverðið.

34. gr.

Þá er ábyrgðarsali greiðir bætur, getur hann krafist þess, að vátrygður afsali honum skriflega öllum þeim rjettindum, sem hann á að fá ábyrgðarsala í hendur, svo og afhendi honum öll þau skjöl, sem fylgja eiga hinu afsalaða og eru í vörslum vátrygðs.

35. gr.

Hver sú krafa, sem styðst við vátryggingarsamning, týnir gildi sínu, ef henni er ekki fylgt með lögsókn áður 4 ár eru liðin frá því, er hún varð til.

FIMTI KAFLI.

Um endurgreiðslu iðgjalds (ristorno).

36. gr.

Ef vátrygðir hagsmunir eru eigi lagðir í neina þá hættu, er ábyrgðarsali skyldi tryggja hið vátrygða í, getur vátrygður krafist, að vátryggingin falli niður og iðgjaldið sje endurgreitt; þó á ábyrgðarsali rjett á þóknun og skal hún vera 1/4 af hundraði af vátryggingarfjárhæðinni, ef ekki var annað tilskilið, en helmingur hins umsamda iðgjalds, ef það var minna en 1/2 af hundraði.

37. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru leyti eða öllu, vegna þess að tryggingarhagsmunir voru engir eða minni en ætlað var, eða vegna oftryggingar eða tvítryggingar, eða vegna þess að rangt var sagt til eða ekki nægilega, eða af öðrum slíkum sökum, en vátryggingartaki fór eftir bestu vitund sinni um þau atvik, sem urðu til ónýtingar vátryggingunni, og eins var ástatt með vátrygðan, er hann veitti umboðið til vátryggingarinnar, ef vátrygging var tekin fyrir hönd annars manns, og má þá krefjast endurgreiðslu á iðgjaldinu að því frádregnu, sem áður var talið. Þó skal þessa krafist áður en hin vátrygðu verðmæti eru lögð í hættu.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Ed. **459. Lög**

um breytingar á lögum nr. 11, 20. okt. 1905, um landsdóm.

(Afgreidd frá Ed. 10. ágúst).

1. gr.

11. gr. 1. málsgr. síðasta setning orðist svo:

Dómruðning fer þannig fram, að báðir málsaðiljar, sóknari og ákærður eða verjandi hans, koma fyrir forseta á tilteknum stað og stundu, og ryður ákærður 1 af hinum lögskipuðu dómendum og 7 af hinum kjörnu, og sóknari ryður 1 af hinum lögskipuðu og 6 af hinum kjörnu.

2. gr.

Aftan við 14. gr. fyrri málsgr. bætist:
er jafnan sje einn hinna lögskipuðu dómenda.

3. gr.

Í 16. gr. 2. málsgrein verði »$^4/_5$« að:
$^2/_3$.

Nd. **460. Lög**

um viðauka við lög um skipströnd 14. janúar 1876.

(Afgreidd frá. Nd. 10. ágúst).

1. gr.

Þá er strandað skip hefir legið á strandstaðnum eitt ár frá því er strandið varð, og eigi verið selt við opinbert uppboð, samkvæmt strandlögunum, sökum ákvörðunar eiganda um að annast björgunina sjálfur, getur lögreglustjóri látið selja flakið og annað það, er skipinu fylgir og finst á strandstaðnum, við opinbert uppboð, ef óráðlegt þykir, af ástæðum er almenning varða, að láta það liggja lengur óselt, sbr. þó 4. gr.

2. gr.

Uppboð, er haldin verða samkvæmt 1. gr., skal lögreglustjóri jafnan tilkynna þeim, er lýst hafa eignarrjetti að skipinu, og öðrum, er þar hafa hagsmuna að gæta, ef kunnugt er um heimilisfang þeirra. Að öðrum kosti skal ræðismanni eða öðrum hjerlendum umboðsmanni þess lands, þar sem skipið átti heima, svo og hjerlendum umboðsmanni ábyrgðarsala, gjört aðvart um uppboðið. Andvirði hins selda, að frádregnum uppboðskostnaði og öðrum kostnaði, greiðist þeim, er sannar eignarrjett sinn samkvæmt ákvæðum 23.—24. gr. strandlaganna.

3. gr.

Í söluskilmálum við uppboð samkvæmt 1. gr. sem og við uppboð á strönduðu skipi samkvæmt strandlögunum, skal það ákvæði sett, að skipsleifar, sem eigi eru fluttar burt úr fjörunni, þá er 2 ár eru liðin frá því er skipið strandaði, teljist óskilafje og verði eign fjörueiganda.

4. gr.

Nú hefir eigandi eða ábyrgðarsalar strandaðs skips hafið björgun áður en ár sje liðið frá því er strandið varð og gefið lögreglustjóra til kynna, að björguninni verði haldið áfram að árinu liðnu, og skal þá eigi haldið uppboð samkvæmt 1. gr., heldur er hlutaðeigendum heimilt að halda björguninni áfram um alt að tveggja ára tíma frá því er strandið varð, en þá verður flakið eign fjörueiganda samkvæmt 3. gr. En sýni eigandi eða ábyrgðarsalar stjórnarráðinu fram á, að örðugleikum hafi verið bundið að ljúka björguninni á tveim árum og lýsi því jafnframt yfir, að þeir vilji halda björguninni áfram, skal þeim þó veittur nægur frestur til þess. Þegar eins stendur á, getur uppboðskaupandi samkvæmt 3. gr. fengið samþykki stjórnarráðsins til nauðsynlegrar framlengingar á björgunarfresti, þeim sem þar er áskilinn.

5. gr.

Nú sekkur skip þar sem af því getur stafað hætta eða verulegur farartálmi fyrir siglingar og sjósókn, og getur stjórnarráðið þá látið auðkenna staðinn; jafnframt skal það spyrja þann, er tilkall á til flaksins, hvort björgunartilraunir verði gjörðar, og gjöra honum um leið aðvart um, innan hvers tíma flakið skuli gjört óskaðvænt.

Hafi stjórnarráðið eigi getað fengið vitneskju um, hver tilkall á til flaksins, eða ef hann vill eigi gjöra það óskaðvænt samkvæmt fyrirsögn stjórnarráðsins, getur það sjálft látið gjöra flakið óskaðvænt. Einnig getur stjórnarráðið látið gjöra flak óskaðvænt þegar eftir strandið eða skipbrotið, ef slík ráðstöfun verður að teljast óhjákvæmileg nauðsyn sökum þeirrar hættu, er stafar af flakinu.

6. gr.

Til tryggingar fyrir útgjöldum við yfirvaldaráðstafanir samkvæmt 5. gr. er skipið og það, sem því fylgir, og enda farmurinn, ef hann er þess eðlis, að af honum stafi hætta eða verulegt óhagræði fyrir siglingar og sjósókn. Stjórnarráðið getur því látið gjöra kyrsetning á þessum munum og skal gjörðinni haldið til dóms við sjódóm strandstaðarins. Hafi stjórnarráðið látið gjöra flak óskaðvænt og sje nokkru bjargað af skipi eða skipsgögnum má selja það við opinbert uppboð, og taka kostnaðinn af andvirðinu án undangenginnar kyrsetningargjörðar.

7. gr.

Fyrirmæli þessara laga hagga þó eigi reglum þeim um skipsflök á höfnum inni, sem settar eru eða settar kunna að verða í löggiltum reglugerðum kaupstaða eða kauptúna.

Nd. **461. LÖG**

um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 10. ágúst).

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna kennarastól í klassiskum fræðum (grísku og latínu ásamt þeim fræðum, er þar til teljast).

2. gr.

Sá er skipar kennarastól þann, er í 1. gr. segir, skal verða allra sömu rjettinda aðnjótandi sem dósentar við Háskólann, enda hvíla á honum samsvarandi skyldur.

Kennarastarfið veitist eftir tillögum Háskólaráðsins.

Nd. **462. LÖG**

um breytingu á tolllögum nr. 54, 11. júlí 1911, og lögum um vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912.

(Afgreidd frá Nd. 10. ágúst).

1. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa vanrækt að skýra innheimtumanni, áður lögmæltur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða að því, að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess, að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 segir, skal hann sæta frá 50 til 1000 króna sektum.

Nú hefur maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 100 króna.

Ennfremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum þeim, er undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru, dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verslunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó fengið slík leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá er eigi hefir slík leyfi, er hann verður brotlegur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

2. gr.

Heimilt er póstafgreiðslumanni að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáandi, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að eigi sje rjett frá skýrt um innihald þeirra.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn 1. málsgr. 2. gr., skal fara sem almenn lögreglumál, en mál út af brotum gegn 2. málsgr. 1. gr. sæta almennri sakamálameðferð.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1. málsgr. 8. gr. tolllaga nr. 54, 11. júlí 1911 og 1. málsgr. 8. gr. laga um vörutoll nr. 30, 22. nóv. 1912.

Ed. **463. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. október 1912.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu setjast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Soda, krít, leir, karbíd, bensin, þakhellur, netakúlur og tómar flöskur.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Olíufóðurkökur, melasse og melassemjöl, kjötfóðurmjöl, fiskfóðurmjöl, hjólklafar (blakkir), saumur, brýni, hverfisteinar, kvarnarsteinar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, kvíslar, spaðar, bátavjelar (mótorar), lausar umbúðir, tómir pokar, kork, netagarn, tilbúin segl, kaðlar allskonar og færi, olíur í tunnum og í dúnkum, aðrar en steinolía og bensín, strigaábreiður (Presenninger) og járnbrautarteinar, húsapappi alls konar, akkeri og akkerisfestar (hlekkjafestar), kokolit, járnbitar, ofnar, eldavjelar, járnpípur, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður, gólfdúkar (Linoleum) og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn alls konar skófatnaður), tvinna og alls konar garni, öðru en alls konar seglgarni og netagarni, 0,60 kr. af hverjum 10 kilogr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu þar bátar taldir.

Sjötti liður 1. málsgr. 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílogr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Auk vörutegunda þeirra, sem undanþegnar eru vörutolli undir 6. lið 1. gr. nefndra laga, skal pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld til beitu, steinlímspípur, leirpípur og sandur vera undanskilin vörutolli.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 22, 20. október 1913, um breyting á lögum um vörutoll úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Nd. 464. Rökstudd dagskrá

feld í Nd. 10. ágúst (Frv. til laga um stofnun, kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands, þgskj. 380).

Vegna þess að mikil líkindi eru til að óþarft sje, að stofna nýtt kennaraembætti við Háskóla Íslands í klassiskum fræðum, en bæði hentugra og ódýrara að auka þá kenslu við hinn almenna Mentaskóla fyrir þá, sem þess óska, lítur deildin svo á, að rjett sje að fresta málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 465. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til heimildarlaga fyrir landsstjórnina til að láta byggja varnargarð á Siglufjarðareyri.

Fjáraukalaganefnd háttv. deildar hafði mál þetta á sínum tíma til meðferðar, og taldi nauðsyn á varnargarði, þeim er í frv. getur. Sakir þess, hversu skamma setu þetta þing mun eiga úr þessu, leggur nefndin til, að háttv. deild vísi þessu máli til stjórnarinnar, og væntir nefndin þess, að stjórnin geri, svo fljótt sem unt er, ráðstafanir til þess, að hefta skemdir af sjávarágangi á Siglu-

fjarðareyri. Landið er kirkjueign, og því sjálfsagt. að landsstjórnin sjái um það, eftir föngum, að skemdum á því verði varnað.

Alþingi 10. ágúst 1914.

G. Eggerz. Matth. Ólafsson, formaður. Einar Arnórsson, skrifari.

Björn Kristjánsson. Sigurður Sigurðsson.

Ed. **466. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912.

Háttvirt neðri deild hefir gert eftirfarandi breytingar á frumvarpi þessu: Orðin: »steðjar«, »sleggjur«, »járnkarlar«, »ljáblöð«, »strigi«, »mottur«, »fiskinet«, »segldúkar«, »fastur vjelaáburður«, »spengur«, »rær og gaddar til járnbrautargerðar« í 1. gr. hafa verið feld burtu.

Nefndin í neðri deild hefir rökstutt þessa breytingu með því að þessi nöfn vörutegunda standi aldrei á farmskrá og sje því ekki rjett að telja upp þessar vörur, heldur ákveða tollinn af þeim eftir því, hvað sendingin er nefnd á farmskránni, og mun rjett, að nokkrar af þessum vörum eru oft í umbúðum með vörum, sem á þennan hátt komast undir 6. lið 1. gr., en oft mun það ekki máli skifta. Segldúkur og strigi lenda undir 3. lið, og má vera að rjettara sje að svo verði.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að rjett sje að samþykkja frumvarpið, eins og það liggur fyrir, þar sem þessi ágreiningsatriði eru í sjálfu sjer lítilfjörleg í samanburði við þá rjettarbót, sem að öðru leyti liggur í frumvarpinu.

Alþingi 10. ágúst 1914.

Karl Einarsson, skrifari og framsögum. Kristinn Daníelsson.

Ósamþykkur. Ræð til að fella frumvarpið:
Steingrímur Jónsson, formaður.

Nd. **467. Framhaldsnefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um sjóvátrygging (þingskj. 458).

Háttv. efri deild hefir fyrst og fremst gert nokkrar orðabreytingar á frv.

þessu, eins og það fór frá neðri deild, og eru þær í samræmi við orðabreytingar þær, er gerðar voru á frv. þessu í neðri deild.

Auk þess hefir efri deild gert efnisbreytingu við 25. gr. frv., bætt inn »*skip eða*« í setninguna »nú er farmgjald« o. s. frv. Einnig hefir efri deild bætt í sömu málsgrein orðunum »en útgerðarmanns« og felt brott orðið »eða«. Vill nefndin ekki gera þessi atriði að ágreiningsefni, og ræður háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi 10. ágúst 1914.

H. Hafstein, (form.). Einar Arnórsson, skrifari. Stefán Stefánsson Eyf.

Matth. Ólafsson. Bjarni Jónsson frá Vogi.

Ed. 468. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um að landsstjórninni heimilist að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum nauðsynlegan styrk úr landssjóði til reksturs hælisins, (þskj. 414).

Flutningsmenn: Björn Þorláksson og Jósef Björnsson.

1. Úr fyrirsögn frumvarpsins falli orðið: »nauðsynlegan«.
2. Frumvarpsgreinin orðist svo:
   Landsstjórninni heimilast að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum alt að 10 þúsund króna aukastyrk úr landssjóði til reksturs hælisins árin 1914 og 1915.

Ed. 469. Breytingartillaga

við frumvarp til heimildarlaga fyrir landsstjórnina, til þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau á landssjóðs kostnað.

Flutningsmenn: Karl Finnbogason, Jósef Björnsson, Guðm. Ólafsson.

Á eftir orðunum:
»Stjórninni er heimilt«, komi orðin:
að verja alt að 4000 kr. til

Nd. **470. Nefndarálit**

um frumvarp til markalaga.

Frá meiri hlutanum.

Nefndin ræddi málið á tveim fundum. Kom það strax í ljós, að ekki var um samkomulag að tala við flutningsmann frumvarpsins. Hann álítur frumvarpið mikla rjettarbót og telur enga frágangssök að lögleiða það nú þegar. Þó getur hann fallist á, að málið verði útrætt á þessu þingi, en vill, að nefndin skrifi ítarlegt nefndarálit, svo þjóðin getin athugað þær ástæður, sem fram koma með og móti.

En til þess að gera rækilegan samanburð á kostum og göllum gömlu markanna og hinna nýju, hefði nefndin þurft að halda miklu fleiri fundi um málið, því að skrifari nefndar verður að hafa fyrir sjer kjarnaatriði hvers máls samþykt á nefndarfundum til þess að geta skrifað nefndarálit í samræmi við vilja nefndarinnar. En meiri hlutinn áleit mál þetta hvorki svo mikils vert, að verjandi væri miklum tíma til að athuga það, nje neina nauðsyn á að færa ítarleg rök fyrir því í þingtíðindunum, þar sem kunnugt er, að allur þorri þjóðarinnar er breytingunni mótfallinn, enda er mál þetta svo vaxið, að hver einasti fjáreigandi í landinu, sem hefir heilbrigða skynsemi, getur myndað sjer skoðun á málinu með því að athuga frumvarpið og bera það saman við núverandi fyrirkomulag. Meiri hlutinn var sammála um það, að sú ástæða, að þjóðin er yfirleitt mótfallinn slíkri breytingu, sem hjer er um að ræða, væri svo þung á metunum, að ógerningur væri fyrir þingið að gera nokkuð í málinu að sinni.

Þetta markamál er eitt af þeim málum, sem verður að sjálfsögðu að byggjast á almennum þjóðarvilja. Það hefur verið sjerrjettur hvers einasta fjáreiganda í landinu fram á þennan dag, að ráða því sjálfur, hvaða fjármark hann hefði. Og það er föst venja, að mörk gangi að erfðum, svo að hver kynslóðin fram af annari notar sömu mörkin. Þau fylgja ættunum. Sumir taka upp ný mörk, sem þeim þykir falleg, og kemur það ótrúlega sjaldan í bága við aðra. Af þessu leiðir, að hverjum þykir vænt um markið sitt, skoðar það eign sína, sem öðrum sje óheimilt að nota. Þar sem þetta er nú persónulegur rjettur manna að ráða því algerlega sjálfir, hver mörk þeir noti á fje sitt og engar kvartanir liggja fyrir um það, að eignarrjetti á fjenaði sje hætta búin, með því fyrirkomulagi sem er, enda ekki kunnugt, að þeir sem marka fje sitt vel og brennimerkja það reglulega hafi undan neinu að kvarta, þá sýnist okkur algerlega ótilhlýðilegt af löggjafarvaldinu að fara að taka ráðin af fjáreigendum landsins og lögleiða og valdbjóða nýja og gagngerða markabreytingu, sem fullkominn vafi er á, að tryggi eignarrjett manna á fjenaði eins vel og það markafyrirkomulag sem er og því síður betur.

Nefndin hefir ekki gert sjer neitt far um að flýta þessu máli, af því að hún álítur, að það eigi ekki að ganga fram á þessu þingi. Er nú komið að þingslitum, svo málið verður útrætt. Má flutningsmaður una því vel, því enginn vafi er á því, að frumvarpið hefði fallið, ef það hefði komið til umræðu í deildinni aftur.

Alþingi 9. ágúst 1914.

Eggert Pálsson, formaður. Jón Jónsson. Þorleifur Jónsson.

Hjörtur Snorrason.

Ed. **471. Þingsályktun**

um strandferðir.

(Afgreidd frá Ed. 10. ágúst).

Alþingi felur landsstjórninni að semja við h/f Eimskipafjelag Íslands um strandferðir árin 1916 og 1917 á grundvelli samnings þess, er landsstjórnin gerði við Eimskipafjelagið 4. febrúar 1914, en að öðru leyti með því fyrirkomulagi og þeim kjörum, sem hjer segir:

1. Strandferðaskip sjeu tvö, bæði eins að allri gerð og fyrirkomulagi. Farmrúm hvers skips sje hjer um bil 30,000 teningsfet, ganghraði 9 mílur á vöku með fullfermi. Farrými sjeu 3 í strandferðum, er rúmi 40 manns á fyrsta farrými, 50 á öðru og um 100 á þriðja (í lest). Kælirúm sjeu í skipinu að minsta kosti 1200 teningsfet í hvoru.
2. Ferðir hefjist eigi síðar en um miðjan apríl hvort árið og hætti eigi fyr en um miðjan nóvember. Ferðaáætlun sje sem líkust áætlun þeirri, er prentuð er á þgskj. 364, fylgiskj. IX., ferðir eigi færri en þar greinir og viðkomustaðir eigi færri.
3. Farmgjöld og fargjöld sjeu eigi hærri en nú eru.
4. Fyrir ferðir þessar fái Eimskipafjelagið alt að 77,300 króna styrk úr landssjóði hvort árið.

Ed. **472. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 66, 10. nóvember 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

(Eftir 3. umr. í Nd).

1. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, skal Íslandsbanka heimilt, ef viðskiftaþörfin krefur, að auka seðlaútgáfu sína um alt að 500 þúsund krónum fram yfir þá upphæð, sem ákveðin er í 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, gegn því:

1. að bankinn eigi jafnan og hafi í vörslum sínum, sbr. þó lög 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka o. fl., málmforða samkvæmt 4. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, til tryggingar seðlum, útgefnum samkvæmt lögum þessum, er nemi að minsta kosti 50% af seðlafúlgu þeirri, er í hvert skifti er í umferð fram yfir $2^1/_2$ miljón krónur;
2. að bankinn greiði í lok hvers mánaðar 2% árgjald til landssjóðs af þeirri seðlafúlgu, sem í hver mánaðarlok er í umferð fram yfir áðurnefndar $2^1/_2$ miljón krónur, og eigi er trygð með málmforða, samkvæmt 1. lið greinar þessarar.

Um seðlaútgáfu, þá er í lögum þessum greinir, gilda að öðru leyti fyrirmæli laga nr. 66, 10. nóv. 1905.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til loka októbermánaðar 1915.

Ed. **473. Frumvarp**

til laga um kosningar til Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. Kjördæmakosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr.

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis allir karlar og konur, sem fædd eru á Íslandi eða hafa átt þar lögheimili síðastliðin 5 ár, hafa óflekkað mannorð, og eru 25 ára að aldri þegar kosning fer fram. Þó öðlast konur og þeir karlmenn, sem ekki hafa haft kosningarrjett stöðu sinnar vegna samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, ekki öll í einu kosningarrjettinn, heldur þannig, að þegar samdar eru alþingiskjörskrár fyrsta sinn eftir að lög þessi öðlast gildi, skal setja á kjörskrá þá eina af þessum nýju kjósendum, sem eru 40 ára að aldri eða eldri. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og þannig framvegis lækka aldurstakmarkið um eitt ár í hvert skifti, þar til komið er niður í 25 ára aldur.

Útsvarsgreiðsla er úr lögum numin sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, og ber því ekki að telja þá menn nýja kjósendur, sem fullnægt hafa kosningarskilyrðum, þegar lög þessi öðlast gildi, að öðru leyti en því að greiða nægilega hátt útsvar.

2. gr.

Enginn verður talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sje hann eigi fjár síns ráðandi eða sje bú hans undir skiftameðferð sem þrotabú. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan ekki kosningarrjett sinn fyrir því.

4. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett sem þiggur af sveit, eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár.

Sá, sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarrjettar síns.

6. gr.

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar til Alþingis er hver sá karlmaður eða kvenmaður, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi. Þetta tekur þó eigi til þeirra dómenda, er skipa landsyfirrjettinn, þá er hin nýja stjórnarskrá gengur í gildi. Enn fremur er heimilisfesta innanlands skilyrði fyrir kjörgengi annara en þeirra, sem setu áttu á Alþingi, þá er lög þessi öðlast gildi. Kjósa má mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir átt þar heima skemur en 1 ár.

Kjörstjórnir.

7. gr.

Í hverjum hreppi skal vera kjörstjórn, og sitja í henni hreppstjóri (sjeu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Hreppstjóri skal vera oddviti kjörstjórnar. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórnin kjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn kjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild.

8. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn.

Þar er sýslumaður eða bæjarfógeti er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Að öðrum kosti skipar landsstjórnin oddvita, er sje kjósandi í kjördæminu, og annan til vara.

Hina yfirkjörstjórana kjósa sýslunefndir eða bæjarstjórnir, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn í kjöri við alþingiskosning í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.

Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sjeu varamennirnir báðir úr flokki sýslunefndar eða bæjarstjórnar, þá sá, er eldri er. Nú víkur oddviti sæti úr yfirkjörstjórninni meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af stjórnarráðinu, og bóka í hana allar gerðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Samning kjörskrár.

9. gr.

Kjörskrá til óhlutbundinna kosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Nú hefir bæjarstjórn skift kaupstað í kjördeildir, og skal þá semja sjerstaka kjörskrá yfir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í janúarmánuði ár hvert, og gildir frá 1. júlí það ár til 30. júní næst á eftir. Hún skal vera fullbúin 1. febrúarmán. og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað.

10. gr.

Á kjörskrá skal taka alla þá, er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrjett hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fullnægja skilyrðum fyrir því, að geta neytt kosningarrjettar fyrir 1. júlímán. næst á eftir. Rita skal í sjerstaka dálka fult nafn kjósenda eftir stafrófsröð, heimili, stjett og aldur.

11. gr.

Í fyrri hluta maímánaðar ár hvert skal semja aukakjörskrá, og skulu á hana settir þeir, sem að vísu hafa ekki kosningarrjett þegar kjörskráin gengur í gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum fyrir kosningarrjetti einhverntíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrjett. Á þá skrá skulu þeir og settir, er eigi var vitanlegt um, þegar aðalkjörskrá var samin, að þeir mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí, og sömuleiðis þeir kjósendur, er láðst hefir að setja á aðalkjörskrá, og einhverra orsaka vegna hafa ekki átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

12. gr.

Fjórtán dögum áður en aðalkjörskrá er fram lögð, skal auglýsa, hvar það verður gert, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

13. gr.

Áður en þrjár vikur eru liðnar, frá því er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sje slept af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sje kæran um það, að einhver sje á skrá tekinn, sem eigi hafi rjett til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda, þeim er kærður er, eftirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

14. gr.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem

haldinn sje áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðiljar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar.

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá, þá sem um ræðir í 12. gr., skal fara sem við aðalkjörskrána, en þó þannig, að frestir allir sjeu $^1/_3$ styttri og að samrit aukakjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gerð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn.

15. gr.

Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar, þeirrar er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra stjórnarráðinu frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti.

16. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Rjettargjöld skulu engin greidd fyrir undirrjetti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

17. gr.

Samkvæmt aðalkjörskrám og aukakjörskrám skulu allar kosningar til Alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (11. gr.), hafa rjett til að greiða atkvæði, ef þeir hafa fyrir kjördag fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftar en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

18. gr.

Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboði skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku, um að þeir styðji kosningu þess.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni, en Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

Enginn má gefa kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

Nú deyr frambjóðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu 3 sólarhringum fyrir það tímamark, og má þá annar maður innan 8 daga bjóða sig fram til þingmensku, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Ef fresta þarf kosningu í kjördæminu af þessum ástæðum, stofnar stjórnarráðið til nýrrar kosningar á þann hátt, sem fyrir er mælt í 53. gr. laga þessara.

19. gr.


Hvert þingmannsefni á rjett á, sje hann eigi sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hreppi umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rjett til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

20. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (18. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir umdæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi nema einn maður boðið sig fram til kosningar í kjördæminu, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefnið kosið. Stjórnarráðið annast prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnum. Kjörseðlar skulu búnir til úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannaefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Eigi skal fullgera fleiri seðla en þá, er sendir verða kjörstjórnum í hreppunum, og skal yfirkjörstjórn forðast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá.

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje $2^1/_2$ cm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3 cm. á breidd, og í honum miðjum hvítir kringlóttir reitir, $^1/_2$ cm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



Kjörseðla skal yfirkjörstjórn brjóta saman áður en hún sendir þá frá sér, og skulu þeir vera svo brotnir að óprentaða hliðin snúi út, svo að letrið á þeim sjáist ekki. Þeir skulu og vera svo brotnir, að auða rönd seðilsins falli á svarta borðann, enda skal svo frá broti gengið, að auðvelt sé að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

21. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal hreppskjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sje að senda hraðboða með þá, en kjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10%

fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum, án þess að brjóta innsiglið.

22. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fóðruð sterku ljerefti og með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 4 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: »ógildir seðlar« og á tvö: »afgangsseðlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hvorri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin sjeu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt ljereftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri hreppskjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

Kjördagur.

23. gr.

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn fyrsti vetrardagur.

Bæði er þetta á sjer stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

24. gr.

Kjörstaður í hverjum hreppi skal að jafnaði vera þingstaður hreppsins. Ef gallar á herbergjum á þingstaðnum eða önnur atvik gera það torvelt, að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sje sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sje kjörþing haldið annarsstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

25. gr.

Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sje eigi á slíku völ, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað sjeð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sje auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöð-

um fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

26. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppsnefnd atkvæðakassana, er landsstjórn hefir útvegað í fyrstu. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sje 15,7 cm. löng, 6,5 mm. við að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir ljereftspokar, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana, er kjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar.

Kostnaður við þetta greiðist úr landssjóði í fyrsta sinn, en ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, sem hreppstjóri eða bæjarfógeti skal vandlega geyma, kostar sveitar- eða bæjarsjóður þá endurnýjun.

Kosningarathöfnin.

27. gr.

Á hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir kjörstjórarnir; sjeu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar.

28. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

29. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 19. gr.), sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

30. gr.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul, þann sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn, þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í brjefi því, er yfirkjörstjórnin skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

31. gr.

Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörslu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sje ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger að fá inn með sjer 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sje sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

32. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu, og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns fylgi endurritinu af kjörbókinni.

33. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið), að borði, því er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan það nafn, sem kjósandinn vill velja, með svörtum stimpli, sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 cm. að þvermáli. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn, svo að hvergi sjer í hann auðan, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman í sama brot, er hann var í, er hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni útvega stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 26. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sje eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn metur gilda ástæðu, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

34. gr.

Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftir-

rit af kjörskránni og gjöra merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar sins.

35. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra gæta þess, að kassinn sje tómur, og síðan læsa honum.

36. gr.

Engin merki má á seðilinn gera, önnur en að stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún svarta borðans, er slíkur seðill ógildur.

37. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur, og má eigi leggja hann í atkvæðakassann. Sama er og ef kjósandi setur skakt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá. Hvort heldur af þessu á sjer stað, skulu seðlarnir afhentir kjörstjórninni, sem skráir athugasemd um það í kjörbókinni. Skulu þessir kjósendur því næst víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og atkvæðagreiðslunni haldið áfram uns allir kjósendur, þeir er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, uns atkvæðagreiðslu er lokið.

38. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða $^1/_4$ klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 3 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum, nema allir kjósendur sem á kjörskrá standa hafi neytt atkvæðisrjettar.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 37. gr., fyrri málsgrein, og þeim fengnir nýjir seðlar, til að greiða atkvæði á, á meðan seðlaforðinn endist.

39. gr.

Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna eiga rjett á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sjer lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina, það er honum þykir áfátt.

Nú þykir þingmannsefni eða umboðsmanni hans eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrjett, og á hann þá rjett á að fá ágrein-

ngsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

40. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar þegar taka atkvæðakassann, án þess að opna hann, og að meðkjörstjórum, þingmannaefnum og umboðsmönnum þeirra ásjáandi, vefja ljerefti eða öðru slíku haldgóðu efni vandlega utan um hann á alla vegu og binda utan um; láta síðan kassann, þannig útbúinn, ofan í ljereftspoka, þann sem honum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki er hnýtt saman, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið og pokann sem næst hnútnum; sömuleiðis eiga þingmannaefni og umboðsmenn, sem viðstaddir eru, rjett á, að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins.

Þá skal oddviti leggja í umslag sjer alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið (37. gr.), og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

41. gr.

Til alls þessa skal nota umslög, þau sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvort umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni.

42. gr.

Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórarnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, sjeu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir þingmannsefni eða umboðsmann áhrærandi kosningargjörðina, á hann rjett á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

43. gr.

Þegar búið er að loka báðum umslögunum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin leggja þau, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum, þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga þingmannaefni og umboðsmenn þeirra rjett á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með brjefið, atkvæðakassann og kjörbókina í vatnsheldum umbúðum til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

44. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógild, samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 39. og 48. gr. þessara laga, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu svo fljótt sem verða má.

45. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, kveður þá undirkjör-

stjórn til kjörfundar af nýju á þann hátt, sem mælt er fyrir um í öðrum málslið 51. gr. þessara laga.

Kosningarúrslit.

46. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningunum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin.

47. gr.

Þingmannsefni hvert hefir rjett á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er hann bauð sig fram í, sje hann eigi sjálfur viðstaddur. Að öðru leyti skal athöfn þessi fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sje ekki þingmannsefni eða umboðsmenn hans viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

48. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsiglin sjeu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, helt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið, sem við er merkt á hverjum seðli, og rjettir hann jafnótt þingmannaefnum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sje ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers þingmannsefnis eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sje gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í 2 sjerstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti þingmannaefna og umboðsmanna, og lýsir þann kosinn, sem hlotið hefir flest atkvæði, er hún telur gild.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra rjett á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir stjórnarráðinu eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem stjórnarráðið því næst leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkj-

um og það tók við þeim. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur það einnig fyrir þingið.

49. gr.

Hafi tvö þingmannaefnin eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sje kosinn.

50. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni kjörbrjef, samið samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið segir fyrir um, og senda stjórnarráðinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

51. gr.

Nú ferst kosning fyrir í hreppi á hinum ákveðna degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt, sem verða má.

Undir eins og kjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar í hreppnum eða kaupstaðnum, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðasending eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

52. gr.

Sje atkvæðasending frá einhverjum kjörstað eigi komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 46. gr., skal yfirkjörstjórn engu síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyr en atkvæðasending, sú er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, eftir því sem auðið er, hve nær sendingin verði opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

Uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

53. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg, eða þingmannssæti autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá stjórnarráðið fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur það þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal það auglýsa fyrirskipun sína í B-deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt

tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnum þau gögn er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

54. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

55. gr.

Hvenær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrám þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

Kostnaður.

56. gr.

Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis o. fl.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

Kærur um kjörgengi.

57. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann, þann er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan 14 daga, frá því er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til stjórnarráðsins. Sendir stjórnarráðið þegar í stað annað samritið, þingmanni þeim, sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi.

II. Hlutbundnar kosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

58. gr.

Við hlutbundnar kosningar, er fram eiga að fara um land alt í einu lagi á þingmönnum til efri deildar alþingis, eiga kosningarrjett og kjörgengi

allir hinir sömu, konur og karlar, sem kosningarrjett hafa og kjörgengi samkvæmt 1.—6. gr., ef náð hafa fullum 35 ára aldri, þá er kosning fer fram, en að öðru leyti með sömu skilyrðum.

Kjörstjórn.

59. gr.

Þegar hlutbundnar kosningar eiga að fara fram á landskjörnum þingmönnum, skipar ráðherra í tæka tíð landskjörstjórn, sem situr í Reykjavík. Í henni skulu sitja þrír menn, og kjósa þeir sjer sjálfir oddvita. Jafnframt skipar ráðherra 2 menn til vara og taka þeir sæti í forföllum hinna í þeirri röð, er útnefning þeirra greinir.

Enginn má sitja í landskjörstjórn, sem er þingmannsefni við þá kosning. Landskjörstjórn undirbýr kosninguna. Hún skal hafa gjörðabók löggilta af stjórnarráðinu og bóka í hana allar gjörðir sínar, móttöku framboðslista, útsending og viðtöku kjörseðla, brjef, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Hlutbundnum kosningum stýra hinar sömu undirkjörstjórnir sem óhlutbundnum kosningum.

Kjörskrár.

60. gr.

Það ár, sem fram á að fara hlutbundin kosning landskjörinna þingmanna, skulu bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum semja, jafnhliða hinum árlegu kjörskrám, skrá yfir alla, þá er kosningarrjett hafa til landskosninga í kaupstaðnum eða hreppnum. Um samning, framlagning og aðfinslur við þessar kjörskrár gilda allar sömu reglur sem um hinar árlegu kjörskrár. Um aukakjörskrár til þessarar kosningar gilda og hinar sömu reglur sem um hinar árlegu aukakjörskrár.

Kjördagur, þingmannaefni, umboðsmenn.

61. gr.

Kjördagur skal að jafnaði vera 1. júlí eða næsta virkan dag á eftir, ef 1. júlí ber upp á helgan dag, árið áður en skifti verða á landskjörnum þingmönnum í efri deild. 8 vikum fyrir kjördag skulu landskjörstjórninni í Reykjavík afhentir listar með nöfnum þingmannaefna, þeirra sem fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknuð svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja listanum til landskjörstjórnar. Berist landskjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burtu af listanum og eigi prenta það á þann lista. Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá nema nafnið burtu af öllum listunum.

A framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn þingmannaefna en kjósa á þingmenn í hvert skifti, með því að aðalþingmenn og varaþingmenn skulu kosnir á sama lista, án nokkurrar greiningar fyrir fram. Gildur er framboðslisti þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 170 kjósenda í landinu um að þeir styðji þann lista. Af þessum kjósendum skulu að minsta kosti 60 vera úr fyrverandi Suðuramti, 30 úr fyrverandi Austuramti og 40 úr fyrverandi Norðuramti og Vesturamti, hvoru um sig.

Listar skulu afhentir formanni landskjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá með bókstöfunum A, B, C o. s. frv., eftir því sem þeir berast honum.

62. gr.

Á hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum viðvíkjandi, er landskjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum umboð til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð á hinum einstöku kjörstöðum, til þess að gæta þess að alt fari löglega fram. En skyldir eru þeir að hlýða fundarreglum, er kjörstjórnir setja.

Undirbúningur af hálfu landskjörstjórnar.

63. gr.

Oddviti landskjörstjórnar skal kveðja landskjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er frestur sá, sem settur er í 61. gr. fyrir afhending framboðslista, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Sjeu gallar, er landskjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal landskjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þingmannaefna á hverjum lista og bókstaf hvers lista. En hafi eigi nema einn listi, er gildur er tekinn, komið til landskjörstjórnarinnar í tæka tíð, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir landskjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

64. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir

upp þannig, að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefnanna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera skammstafað, á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr strik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannaefnanna á hverjum lista aðskilin með þverstrikum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess striks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappír, og skal landskjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða kjörstjórnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

65. gr.

Áður en framboðsfrestur er liðinn, skal stjórnarráðið senda landskjörstjórn skrá, er sýni tölu kjósenda í hverju lögsagnarumdæmi landsins. Svo löngu fyrir kjördag, að vissa sje fyrir að seðlarnir komi í tæka tíð, skal landskjörstjórn senda sýslumönnum og bæjarfógetum í ábyrgðarsendingu jafnmarga kjörseðla og kjósendur eru í lögsagnarumdæmi hvers þeirra og 10% umfram, ásamt hæfilega mörgum listum með nöfnum þingmannaefna. Þeirri sendingu skulu og fylgja nægilega mörg umslög til handa kjörstjórnum, eins og um getur í 22. gr. laga þessara.

Þegar eftir móttöku þessarar sendingar sendir sýslumaður eða bæjarfógeti kjörstjórnum þeim öllum, sem eru í lögsagnarumdæmi hans, með hraðboða, ef á þarf að halda, jafnmarga kjörseðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hverju umdæmi og 10% umfram. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er sýslumaður eða bæjarfógeti innsiglar með embættisinnsigli sínu, svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlunum, án þess að brjóta innsiglið. Geyma skal svo kjörstjórn kjörseðlaböggul óopnaðan til kjörfundar. Brjóti nokkur innsigli fyrir kjörseðlasendingu eða hefti ferð hennar af ásettu ráði, varðar það sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Kjörstaður, kjörherbergi og atkvæðakassar.

66. gr.

Um kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakassa fer eftir fyrirmælum 24.—26. greinar í lögum þessum.

Kosningarathöfnin.

67. gr.

Kosning fer fram á þann hátt, sem segir í 27.—45. gr. laga þessara, með þeirri breytingu, að kjósandi markar kross, rjettan kross eða skákross,

við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði, en að öðru leyti fer eftir því sem samrýmst getur fyrirmælum nefndra lagagreina. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista, þeim er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega vera hvort heldur þverstrik eða langstrik yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölstafinn við nöfnin og útstrikun nafna, skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig samanbrotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi hagga neitt við hinum listunum, sem hann ekki kýs, hvorki strika út á þeim eða setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki önnur en tjeð kosningarmerki á lista, þann sem hann kýs, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

Jafnskjótt og kosningu er lokið, skal kjörstjórnin senda atkvæðakassann, eftirrit af kjörbókinni og önnur þau plögg, sem getur um í 43. gr. laga þessara, til sýslumanns eða bæjarfógeta, þess er lögsögu hefir yfir þeim kjörstað, þótt í öðru kjördæmi sje. Þá er hann hefir meðtekið alla atkvæðakassana úr lögsagnarumdæmi sínu, kveður hann til tvo votta, svo og umboðsmenn listanna, ef tilnefndir hafa verið, en sje svo eigi, tilnefnir hann auk þeirra einn valinkunnan mann fyrir hvern lista. Í viðurvist þessara manna opnar hann alla atkvæðakassana, eftir að hann ásamt þeim hefir rannsakað ástand kassanna með umbúðum; tæmir síðan kassana, telur seðlana, án þess að skoða nokkurn seðil, og lætur þá í einn kassa, er sje svo stór að hann taki alla seðlana. Að því búnu skal loka kassanum, láta hann í sterkan vatnsheldan poka, binda vandlega fyrir og forsigla hann með embættisinnsiglinu, og senda hann síðan sem ábyrgðarsendingu með fyrstu póstferð eða póstskipsferð til landskjörstjórnarinnar í Reykjavík. Sendingunni skal fylgja brjef og endurrit af kjörbókum kjörstjórnanna, svo og lykill að kassanum í sjerstöku forsigluðu umslagi. Allt það, sem gerst hefir, svo sem skoðun og lýsing á sendingunum frá undirkjörstjórnum, skýrsla um tölu seðla, þeirra sem í kassanum eru o. s. frv., skal bókað í yfirkjörstjórnarbók lögsagnarumdæmisins, og skal endurrit úr henni fylgja sendingunni.

68. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í landinu og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns fylgi eftirritinu af kjörbókinni.

Kosningarúrslit.

69. gr.

Landskjörstjórnin í Reykjavík skal boða með viku fyrirvara, að minsta kosti, stað og stund, hvenær hún kemur saman til þess að opna atkvæðakassa og telja saman atkvæði. Umboðsmenn hvers lista, sem í kjöri er, eiga rjett á að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir, þegar atkvæðasendingar eru opnaðar og atkvæði saman talin. Sjeu ekki viðstaddir umboðsmenn fyrir hvern lista, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

70. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar landskjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverju lögsagnarumdæmi, eftir að umboðsmönnum hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli sjeu ósködduð. Jafnskjótt og hver atkvæðasending er opnuð, skulu kjörseðlar, þeir sem í henni eru, látnir óskoðaðir í hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir kjörseðlakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að kjörseðlarnir blandist vel saman. Því næst opnar formaður landskjörstjórnarinnar ílátið, tekur upp einn og einn seðil í einu og les upp listabókstaf, þann er hefir verið við krossað á kjörseðlinum. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fulltrúum listanna, og leggur þá svo frá sjer, þannig að þeir kjörseðlar, sem sami listabókstafur er auðkendur á, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hve margir seðlar fari í hvern bunka.

71. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef hert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,
4. sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
5. notað annan seðil en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir meingallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðamagn listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu, þeirra er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum, þeim er sýslumenn og bæjarfógetar gefa, samkvæmt 67. gr., um kjörseðlafjölda úr hverju lögsagnarumdæmi. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

72. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni ásamt varaþingmönnum hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn og varaþingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka, þau sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti landskjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu, þeirri er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna og varaþingmanna sem á að kjósa, þannig að það sje jafnt tölu, þeirra sem kjósa á, að frádreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupphæðina á hverjum lista, eru aðalþingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

73. gr.

Hver listi, sem hlotið hefir landskjörinn þingmann eða þingmenn, hefir rjett til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, er ekki hefir hlotið aðalþingmann, hefir ekki rjett til varamanns, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og aðalþingmennina, þannig að þeir eru tilnefndir varaþingmenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn eða varaþingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

Síðan lýsir landskjörstjórnin yfir því, hvernig kosning hefir fallið, gefur þingmönnum kjörbrjef og varaþingmönnum skilríki fyrir því, að þeir sjeu kjörnir til þess starfs. Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli landskjörstjórnar, og eiga umboðsmenn framboðslista einnig rjett til að setja innsigli sín fyrir þau.

Landskjörstjórn sendir síðan landsstjórninni eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, en stjórnin leggur þá fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og þeir bárust henni. Eftirritið af kjörbókinni og önnur kjörgögn leggur landsstjórnin einnig fyrir þingið.

74. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi sýslumanni, er tilkynnir það landskjörstjórninni, er þá sendir nýja kjörseðla svo fljótt sem verða má. Undir eins og kjörstjórn fær hina nýju kjörseðla, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili. Komi atkvæðasending eigi til skila til hlutaðeigandi sýslumanns eða til landskjörstjórnar, eftir að kosning hefir farið fram, lætur landskjörstjórn nýjar kosningar fara fram í hreppnum eða lögsagnarumdæminu á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

75. gr.

Sje atkvæðasending úr einhverju lögsagnarumdæmi eigi komin til landskjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 69. gr., skal fresta upptalningu atkvæða þar til atkvæðasendingin er komin. Komi atkvæðasending ekki í tæka tíð, er stjórnarráðinu skylt að gjöra þær ráðstafanir til að ná atkvæðasendingunni, sem landskjörstjórn óskar. Auglýsa skal umboðsmönnum listanna, eftir því, sem auðið er, hvenær atkvæði verða talin upp, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

76. gr.

Nú deyr einhver landskjörinna þingmanna eða fer frá áður en kjörtímabil hans er á enda, og tekur þá sæti hans sá varaþingmaður, sem næsta hafði atkvæðatölu á þeim lista, er hinn dáni eða frárarni var kosinn á. Hafi hlutaðeigandi varaþingmaður verið kosinn alþingismaður í einhverju kjördæmi, tekur hann engu síður autt sæti aðalmanns, en stjórnarráðið hlutast til um nýja kosningu í því kjördæmi, er hann var fulltrúi fyrir. Nú er enginn varamaður til á lista, til að taka autt sæti aðalþingmanns, og fyrirskipar þá stjórnarráðið kosning á þeim þingmanni eða þingmönnum og varaþingmönnum, er vanta í hið auða eða hin auðu sæti svo fljótt sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveður kjördag, og má stytta fresti þá, er ákveðnir eru í lögum þessum, ef þörf gerist. Að öðru leyti fer um hina nýju kosning eins og lög þessi mæla fyrir um kosning landskjörinna þingmanna. Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni eða hinir nýkosnu koma í staðinn fyrir.

77. gr.

Kjörstjórnir fá borgun fyrir starf sitt og tilkostnað samkvæmt 56. gr. Sýslumenn og bæjarfógetar fá kostnað sinn til sendiferða, ritfanga o. fl. greiddan úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Kjörstjórar í landskjörstjórn eiga rjett á að fá hæfilega þóknun fyrir starf sitt, svo og kostnað við útbúning kjörseðla, sendi-

ferðir, húsnæði o. fl., eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar, og greiðist sá kostnaður úr landssjóði.

78. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan tveggja mánaða frá því, er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni landskjörstjórnar kæru í tveimur samritum og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til stjórnarráðsins. Sendir stjórnarráðið þegar í stað annað samritið þingmanni, þeim sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi, sem úrskurðar kosninguna.

III. Almenn ákvæði.

79. gr.

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 6. hvert ár.

Þá er almennar kosningar eiga fram að fara, af því að liðinn er kjörtími landskjörinna þingmanna til efri deildar eða kjördæmakosinna alþingismanna, skipar konungur fyrir um nýjar kosningar.

80. gr.

Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð, og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 króna sekt fyrir hvern dag, er fram yfir líður. Stjórnarráðið úrskurðar dagsektir og gerir ráðstafanir til að þær verði innheimtar með lögtaki, og getur það á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs, þess er í hlut á, gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, til þess að kjörskrá sje samin svo fljótt, sem kostur er á.

81. gr.

Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10 til 200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

82. gr.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosning til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rjetti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

83. gr.

Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósenda, meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðisseðil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í kjörkassann, skal sæta sektum eða fangelsi.

Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða gjöri sig

seka í frekari rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru. Sömu hegningu skal það varða, ef einhver af ásettu ráði tefur fyrir sending atkvæðakassa eða skemmir eða glatar atkvæðasending.

84. gr.

Hver, sem býr til kjörseðla er líkjast kjörseðlum, þeim er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sjer, svo að aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

85. gr.

Með lögum þessum eru feld úr gildi:

Lög nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

Lög nr. 15, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um kosningar til Alþingis frá 3. október 1903.

Lög nr. 18, 20. október 1913, um breyting á lögum nr. 18, 3. okt. 1903, um kosningar til Alþingis.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis nýju stjórnarskipunarlögunum.

Akvæði um stundarsakir.

Kosning á þeim 6 landskjörnu þingmönnum til efri deildar og 6 varamönnum, sem fram á að fara í fyrsta skipti eftir að lög þessi öðlast gildi, skal fara fram í síðari hluta marsmánaðar 1915, en kosning hinna 34 þingmanna, er kjósa á í kjördæmum landsins, fer fram 1.—10. júní sama ár.

Við kosningar þessar skal fara eftir þeim kjörskrám og aukakjörskrám, sem semja á samkvæmt 9., 11. og 60. gr. laga þessara, í janúar og maímánuðum næsta ár, en í þetta skifti skal á kjörskránum tilgreina við alla, þá sem hafa ekki öðlast kosningarrjett þann dag, er kjörskráin er lögð fram, þann dag, sem hver þeirra öðlast kosningarrjettinn, og hafa þeir þá rjett til að greiða atkvæði, ef þeir fullnægja skilyrðum fyrir kosningarrjetti á kjördegi.

Konungur ákveður kjördaginn innan þeirra takmarka, sem að framan eru sett, og skipar fyrir um kosningarnar, og má stjórnarráðið, ef þurfa þykir, stytta alla fresti um framlagning kjörskrár, um kærur og úrskurði um kosningarrjett.

Ed. **474. Frumvarp**

til laga um atkvæðagreiðslu við alþingiskosningar þeirra manna, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þegar kosning fer fram.

(Eftir 3. umr. í Nd).

1. gr.

Sjómenn og aðrir, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og eigi geta sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað, samkvæmt fyrirmælum kosningarlaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis á þann hátt, að þeir senda hreppstjóra eða bæjarfógeta í því umdæmi, þar sem þeir standa á kjörskrá, atkvæðaseðil samkvæmt reglum þeim, er settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Stjórnarráðið annast um útvegun kjörseðla, svo og fylgibrjefa þeirra og umslaga, er þar til heyra, á kostnað landssjóðs. Kjörgögn þessi skulu ætíð fást hjá öllum lögreglustjórum og umboðsmönnum þeirra, og hreppstjórum, og skulu að jafnaði vera nægar birgðir af þeim á hverju íslensku skipi.

Eyðublöð undir kjörseðla skulu vera úr haldgóðum hvítum pappír án nokkurrar áletrunar eða einkenna.

Umslögin um þá skulu vera ógagnsæ og hæfilega stór.

Eyðublöð undir fylgibrjefin með kjörseðlunum og vottorð þau, sem heimtuð eru, semur stjórnarráðið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því að eins gild, að notaðir sjeu hinir fyrirskipuðu atkvæðaseðlar, umslög og fylgibrjef.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar á atkvæðaseðilinn nafn þess þingmannsefnis í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Verði hlutbundnar kosningar lögteknar, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, mega ekki greiða atkvæði fyrr en framboðsfrestur þingmannaefna — eða lista — samkvæmt kosningarlögunum er liðinn, og telst atkvæðið greitt þann dag, er fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðillinn gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal í einrúmi og án þess að nokkur sjái, rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis eða

listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosning er, ef hann vill — á kjörseðilinn, leggja hann því næst inn í þar til gert umslag og líma það aftur. Hann útfyllir því næst og undirskrifar fylgibrjefið, en kjörseðilinn má hann ekki undirskrifa.

Í fylgibrjefinu skal kjósandinn gefa nákvæmar upplýsingar um nafn sitt, stöðu og heimili í hreppnum eða kaupstaðnum, svo og um þau atvik, er því valda, að hann getur ekki mætt sjálfur á kjörstaðnum til að greiða atkvæði, og skal hann jafnframt staðfesta með drengskaparvottorði, að hann þvingunarlaust, í einrúmi og án þess nokkur maður hafi sjeð, hafi útfylt kjörseðilinn, lagt hann í umslagið og límt það aftur.

Á fylgibrjefið skal vera ritað vottorð um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfyltur í einrúmi. Vottorð þetta á að vera undirritað af skipstjóra á íslensku skipi ásamt einum manni af skipshöfninni sem tilkvöddum vitundarvotti, ef kjósandi er sjómaður, eða af sýslumanni, umboðsmanni hans, er fæst við skipaafgreiðslu, eða hreppstjóra.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til sýslumanns eða hreppstjóra, þá skal vottorðið gefið af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Þá er vottorðið er gefið af skipstjóra eða þeim, er í hans stað gengur á skipinu, skal geta um atkvæðagreiðsluna í dagbók skipsins; þar skal skýrt frá fullu nafni kjósandans, í hvaða umdæmi hann stendur á kjörskrá og hver hafi verið tilkvaddur sem vitni að undirskrift hans.

Umslagið með kjörseðlinum og fylgibrjefið skal kjósandinn því næst láta í sjerstakt þar til gert umslag, loka því og rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins.

5. gr.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð; skal geta þess við hvert brjef, hvenær tekið hafi verið á móti því og setja á það tilsvarandi tölunúmer.

Skrá þessa ásamt brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin í hendur henni áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

6. gr.

Áður en atkvæðagreiðsla byrjar opnar kjörstjórnin fylgibrjefin, rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo reynist, setja meðkjörstjórarnir merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða að hann sje búinn að greiða atkvæði eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórnin hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan

kjördegi, leggur kjörstjórnin umslagið með atkvæðaseðlinum og fylgibrjefið aftur inn í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er annað en fylgibrjefið og eitt umslag, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafa verið notuð þau umslög og eyðublöð, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir þeim reglum við atkvæðagreiðsluna, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Þau atkvæðaumslög, sem tekin eru gild, eru því næst lögð í atkvæðakassann um leið og atkvæðagreiðsla byrjar.

Þau umslög, sem kjörstjórninni eru afhent eftir að atkvæðagreiðsla er byrjuð, eru rannsökuð á sama hátt öll í einu, og þau, sem gild eru tekin, lögð í kjörkassann áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt þessum lögum eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.
2. Þegar í atkvæðaumslaginu er annað en einn atkvæðaseðill,
3. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðsluna atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir látið gjöra, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr. eða á seðilinn eru sett strik eða merki, er ætla má að sjeu sett, til þess að gjöra hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi, auk listabókstafsins, orðið: »listabókstafur«, ef ekki verður álitið, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi skal gæta þess, að til sjeu á skipinu nægar birgðir af eyðublöðum undir kosningaseðla, og fylgibrjef með tilheyrandi umslögum, og í híbýlum skipshafnarinnar á skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur stjórnarráðið útdráttinn. Enn fremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um aðstoð við atkvæðagreiðsluna eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því að eins að nauðsynleg störf á skipinu, sem ekki þola bið, hindri. Brot gegn þessu varðar alt að 100 kr sektum, er renna í landssjóð.

9. gr.

Fyrir afhending kjörseðla og vottorð þau, er ræðir um í þessum lögum, greiðast engin gjöld.

10. gr.

Að öðru leyti gilda reglur kosningalaganna um kosningar þær, er lögum þessum getur, að því leyti sem þær geta við átt.

Ed. **475. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um strandferðir frá 10. nóv. 1913.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir orðin »alt að 400,000 kr.« í 1. grein komi:
alt að 500,000 kr.

2. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Landsstjórninni veitist heimild til að taka lán, alt að 500,000 kr. til að fullnægja ákvæðum 1. greinar.

Nd. **476. LÖG**

um sjóvátrygging.

(Afgreidd frá Nd. 11. ágúst).

FYRSTI KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Vátryggja má hverja þá lögmæta hagsmuni, sem virða má til peninga og velta á því, að skip eða farmur, sem lagður er í hættu á sjó, týnist ekki eða rýrni í þeim háska.

Einkanlega má vátryggja: Skip, farmgjald, skipsútbúnað, farm, væntanlegan verslunararð og umboðslaun af vörum, sjólánskröfur, sjótjónsframlög og aðrar kröfur, sem fullnægja skal með skipi, farmgjaldi eða farmi. Ábyrgðarsali getur endurtrygt fyrir þeirri áhættu, sem hann tókst á hendur (reassurance).

2. gr.

Vátryggja má fyrir sína hönd og annara, svo og þótt hvorugt sje tiltekið (svo sem »fyrir hönd þess, sem í hlut á« eða því um líkt).

Nú tekur maður vátryggingu fyrir hönd annars manns án umboðs hans, og skal vátryggingartaki þá geta þess berum orðum, að hann hafi ekki umboð til. Nú vanrækir hann þetta, og er vátryggingin þá ógild, jafnvel þótt sá, sem vátryggja átti fyrir (vátrygður), samþykki hana síðar, en ábyrgðarsali á heimting á iðgjaldinu engu að síður.

3. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að fá vátryggingartaka skriflega viðurkenningu fyrir vátryggingunni (vátryggingarskirteini), ef hann æskir þess.

4. gr.

Hverja hagsmuni má vátryggja svo hátt, sem sannvirði þeirra nemur (vátryggingarverð).

5. gr.

Nú vátryggir maður í sviksamlegum tilgangi eitthvað til meiri skaðabóta en vátryggingarverð þess nemur og er sá vátryggingarsamningur þá ógildur, eða þeir samningar allir, ef fleiri en einn sjerstakur samningur var gerður um vátrygginguna.

6. gr.

Ef maður vátryggir eitthvað fram yfir vátryggingarverð, en eftir bestu vitund, þá er sú vátrygging lögmæt, en þó ekki fram úr vátryggingarverðinu.

Nú vátryggir maður hjá fleirum en einum hið sama, sem lagt er í sömu hættu, og eru allar vátryggingarnar teknar sama dag, þá ábyrgist hver ábyrgðarsali svo mikinn hluta af vátryggingarverði hins vátrygða, sem vátryggingarfjárhæð hans er mikill hluti af öllum hinum teknu vátryggingarfjárhæðum samantöldum. Nú voru vátryggingarnar ekki teknar sama dag, og heldur þá hin yngri vátrygging gildi sínu að eins að svo miklum hluta, sem vátryggingarverð hins vátrygða er meira en hin eldri vátrygging nam. Þó heldur hin yngri vátrygging fullu gildi sínu:

1. Þegar þau rjettindi, sem hin eldri vátrygging veitir, eru framseld ábyrgðarsala jafnframt því að yngri vátryggingarsamningurinn er gerður.

2. Þegar svo er tiltekið í hinum nýja samningi, að tilkall verði að eins gert eftir honum að svo miklu leyti sem vátrygður fær ekki skaða sinn bættan eftir hinum eldra vátryggingarsamningi, annaðhvort af því að hann var ógildur eða ábyrgðarsali er ekki borgunarfær.

3. Þegar eldri vátryggingin var tekin fyrir hönd vátrygðs án skipunar hans, en hann tók sjálfur eða ljet taka yngri vátrygginguna, án þess að hann vissi þá af hinni eldri eða hann hefir afsalað sjer henni.

7. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru eða öllu af því að tryggingarhagsmunir voru engir eða minni en ætlað var, eða sakir oftryggingar eða tvítryggingar, og getur ábyrgðarsali þá krafist iðgjalds engu að síður, nema honum væri kunnugt, þá er hann tókst á hendur vátrygginguna, um þau atvik, sem ónýttu hana. Þó á vátrygður kröfu til endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 37. gr.

8. gr.

Ef vátryggingarfjárhæðin er minni en vátryggingarverðið, greiðir ábyrgðarsali að eins svo mikinn hluta af skaðanum, sem vátryggingarfjárhæðin er mikill hluti af vátryggingarverði þess, sem vátrygt var.

9. gr.

Nú hafa aðilar samið um ákveðið verð á vátrygðum hagsmunum (verðsett vátryggingarskírteini), og skal þá það verðmat haldast; þó á ábyrgðarsali rjett á að það verð sje lækkað, ef það sannast, að það sje hærra en sanngjarnt var að telja það, þegar metið var verðmætið.

10. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali greitt fyrir tjón, sem vátrygður á rjett á skaðabótum fyrir af þriðja manni, og eignast þá ábyrgðarsali þann rjett vátrygðs.

Nú vátryggir maður skuldakröfu sína, sem trygð er með einhverjum hagsmunum, sem eru í áhættu á sjó, og þeir hagsmunir rýrna eða glatast, þá fær ábyrgðarsali rjett hans á hendur skuldunaut að hlut í kröfunni jöfnum því fje, sem hann greiddi í skaðabætur.

Vátrygður á rjett á að heimta skaða sinn bættan af ábyrgðarsala, þótt hann hafi ekki fyrst sótt rjett sinn á hendur þeim, sem skyldur var til að greiða skaðabætur, nje á hendur skuldunaut, sbr. þó 21. gr.

11. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali orðið gjaldþrota eða komið hefir fram við fjárnám, að hann átti ekki fyrir skuldum eða hann hefir stöðvað greiðslur sínar, og er vátrygðum þá heimilt að rifta vátryggingarsamningnum og fá iðgjald sitt endurgreitt, nema ábyrgðarsali setji tryggingu, ef krafist er, fyrir því, að samningnum verði að öllu fullnægt. Nú ber þetta að eftir að hinir vátrygðu hagsmunir hafa verið lagðir í hættu, þá hefir ábyrgðarsali rjett til að halda eftir af iðgjaldinu að tiltölu við þá áhættu, sem um er liðin.

ANNAR KAFLI.

Um skyldur vátrygðs.

12. gr.

Nú er samningur gerður um vátrygging, og er þá vátrygðum skylt að skýra nákvæmlega og rjett frá öllum atvikum, sem honum eru kunn og máli geta skift, þá er meta skal þá áhættu, sem ábyrgðarsali tekst á hendur, og þau skilyrði sem ábyrgðartakan er háð; skyldu vátrygðs um þetta skal einnig sá gæta, sem vátrygging tekur fyrir hans hönd, svo og hver annar milligöngumaður, sem aðstoðar við samningsgerðina.

13. gr.

Nú er vanrækt að segja til þess, sem 12. gr. segir fyrir um, og ábyrgðarsala var ókunnugt um þau atvik, sem látið var ógetið við samningsgerðina, og ekki var sanngjarnt að ætlast til, að honum væru þau kunn, og er honum þá ekki skylt að halda samninginn, en iðgjaldið á hann engu að síður, sbr. þó 37. gr.

Nú hefir vátrygður, eða sá, er skyldur var til að skýra frá atvikum, fengið svo seint vitneskju um eitthvað það, er segja skyldi til um, að hann hefði orðið að gera öldungis óvanalegar ráðstafanir til að geta gert ábyrgðarsala það kunnugt áður samningurinn var fullgerður, og skal þá þessi vanræksla hans ekki ógilda samninginn. Nú var vátrygging tekin án skipunar og vitundar vátrygðs, og er hún þá ekki ógild þótt ábyrgðarsala sje ekki sagt til atvika, sem að vísu voru kunn vátrygðum, en ekki þeim, er um vátrygging samdi.

14. gr.

Nú var sagt rangt til um eitthvað það, sem ræðir um í 12. gr., og er þá samningurinn ógildur og fyrirgert iðgjaldinu, sbr. þó 37. gr., þó sagt hafi verið til eftir bestu vitund, nema ábyrgðarsali hafi vitað um það, sem rangt var til sagt, þegar samningurinn var gerður.

15. gr.

Nú var vanrækt að segja til, eða sagt rangt til, um atvik, sem snerta að eins nokkurn hluta hinna vátrygðu fjármuna, og helst þá samningurinn að þeim hluta, sem þau atvik snerta ekki, nema ef telja má víst, að ábyrgðarsali myndi ekki hafa tekist á hendur vátrygging á þeim hluta einum, með sömu skilyrðum, sem hann tókst vátrygginguna á hendur á öllum fjármununum, ef honum hefðu þá verið kunn öll atvik.

16. gr.

Þegar vátrygður veit, að tjón, sem ábyrgðarsali á að bæta, hefir orðið á hinum vátrygðu hagsmunum, skal hann skýra honum frá tjóninu og beiðast fyrirskipana hans um þær ráðstafanir, sem gera skal til bjargar og verndar hinum trygðu hagsmunum og hefta meira tjón; en þangað til hann fær slíkar fyrirskipanir frá ábyrgðarsala, er hann sjálfur skyldur að aðhafast í þessu það, sem þörf krefur. Nú vanrækir vátrygður þessa skyldu sína, og ábyrgist hann þá það tjón, er af hlýtst.

17. gr.

Nú er ábyrgðarsala skylt að bæta skaða, sem vátrygður á rjett á, að annar maður bæti honum, og skal vátrygður þá um þann rjett gera þær ráðstafanir, sem þörf er á eftir atvikum, þangað til ábyrgðarsali getur sjálfur sjeð þar fyrir hagsmunum sínum. Nú vanrækir vátrygður þetta, og ábyrgist hann þá það tjón, sem álíta má, að ábyrgðarsali bíði af vanrækslu hans.

18. gr.

Vátrygður er skyldur að greiða iðgjaldið gegn afhendingu vátryggingarskírteinis, jafnskjótt sem samningurinn er fullgerður, nema annað sje til skilið.

ÞRIÐJI KAFLI.

Um skyldur ábyrgðarsala.

19. gr.

Ábyrgðarsali ábyrgist afleiðingar af hverri þeirri hættu, sem hinir trygðu hagsmunir eru lagðir í á vátryggingartímanum, og vátrygður er eigi valdur að sjálfur, nema einhver háski hafi verið sjerstaklega undanskilinn. Ekki leysir það ábyrgðarsala undan ábyrgð, þótt skipstjóri sje valdur að tjóninu eða skipverjar.

20. gr.

Í þessum greinum ábyrgist ábyrgðarsali ekki skaðann:

1. Þegar skip og farmgjald er vátrygt fyrir hönd útgerðarmanns, og tjónið hlýtst af því að skipið var ekki sjófært, þá er það ljet út í ferðina, eða það var ekki nægilega vel búið eða mannað, eða hafði ekki nægileg skipsskjöl, eða það var óhæfilega hlaðið, eða skaðinn verður af því, að gengið er að hinum trygðu fjármunum til bóta á tjóni, sem yfirsjónir eða hirðuleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra baka öðrum mönnum. Þó koma þar ekki til greina bætur fyrir tjón, sem leiðir af árekstri.

2. Þegar skip er vátrygt og skaði á skipi eða skipsbúnaði stafar einungis af sliti, elli, fúa eða maðkátu, eða af því, að það, sem skemdist, var ekki í viðunandi lagi, þegar skipið fór af stað.

3. Þegar vátrygður er farmur, farmgjald eða verslunarhagnaður á farmi, og skaðanum valda gallar á umbúðum vörunnar, eða sá eiginleiki hennar sjálfrar, sem 147. gr. siglingalaganna 22. nóvbr. 1913 getur um. Þó bætir ábyrgðarsali skaða þann, sem síðast var nefndur, ef ferðin hefir dregist óvanalega lengi vegna óhappa, sem ábyrgðarsali ábyrgist, nema ætla megi, að skaðinn hafi ekki verið drættinum að kenna.

4. Þegar vátrygður er farmur eða verslunarhagnaður á farmi eða fyrirframgreiðslu á farmgjaldi, sem ekki skal endurgreiða, þó óhapp beri að, og tjón á þessu, sem nú var talið, er farmsendara eða viðtakanda að kenna sem slíkum.

21. gr.

Þá er fullnaðarreikningur sameiginlegs sjótjóns hefir verið gerður á lögmætum stað og eftir þess lands lögum, er ábyrgðarsali skyldur að greiða eftir niðurjöfnuninni, bæði sjótjónsframlag það, sem kemur á hina vátrygðu hagsmuni, og þau framlög til skaðabóta, sem aðrir hluttakendur í sjótjóninu eru skyldir til að greiða fyrir skemdir á þeim, en sannanlegt er, að ekki hefir verið náð hjá þeim, sem skaðabótaskyldir voru. Ábyrgðarsali er jafnskyldur til þessa fyrir því, þótt hið vátrygða sje metið í niðurjöfnuninni fram yfir vátryggingarverð.

Nú hefir sjótjóni ekki verið jafnað niður, og það er ekki vátrygðum að kenna, og getur hann þá krafist bóta fyrir allt tjónið, svo sem vátryggingarsamningurinn tiltekur.

22. gr.

Nú hefir fullnaðarreikningur sjótjóns verið gerður á lögmætum stað og af þeim, sem opinbert umboð hafði til þess starfa, og getur þá ábyrgðarsali ekki borið það fyrir sig við vátrygðan, að öðrum manni hafi verið vilnað í við sjótjónsreikninginn, vátrygðum til tjóns, og gagnstætt lögum á þeim stað, þar sem sjótjóninu var jafnað niður, nema vátrygður hafi sjálfur verið sök í því, að ekki var nægilega sjeð fyrir hagsmunum hans. Þó er vátrygður skyldur til að framselja ábyrgðarsala kröfu sína á hendur þeim, sem þannig var ívilnað.

23. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að bæta það, sem lagt var í sölurnar eftir bestu vitund til að forðast háska, sem hann trygði það í, og kostnað þann, sem af því hlautst, svo og það sem varið var til bjargar og verndar vátrygðum hagsmunum og til að forða meira tjóni, eftir að slys bar að, og er honum skylt að bæta þetta þótt það verði ekki talið til sameiginlegs sjótjóns, svo og kostnað við að ákveða eigin ábyrgð ábyrgðarsala, þegar svo ber undir, sem hjer var sagt.

24. gr.

Nú ber fleiri en eitt sjótjón að á þeim tíma, sem vátrygging ábyrgðarsala tekur yfir, og bætir hann skaðann, þótt bæturnar allar samantaldar verði meiri en vátryggingarfjárhæðin var. Enn fremur skal bæta fullum bótum þann kostnað, sem 23. gr. ræðir um, þótt hann fari fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

25. gr.

Ef breytt er ferð þeirri, sem tilgreind var, þegar vátryggingarsamningurinn var gerður, og sú breyting verður áður en ábyrgðarsali á neitt á hættu, þá er ábyrgðarsali úr allri ábyrgð, ef skip og farmgjald hefir verið vátrygt fyrir hönd útgerðarmanns.

Nú er skip eða farmgjald vátrygt fyrir hönd annars manns en útgerðarmanns, eða aðrir hagsmunir en skip og farmgjald, og heldur þá vátryggingin gildi sínu, enda sé ferðinni breytt án samþykkis vátrygðs.

Nú eru vátrygðir hagsmunir lagðir í hættu áður en áhætta ábyrgðarsala hefst á öðru skipi en tilgreint var við vátryggingartökuna, og er ábyrgðarsali þá laus allra mála.

26. gr.

Nú er breytt til um ferð, eða sú áhætta, sem tekin var vátrygging fyrir, eykst eða breytist á annan hátt eftir að áhætta ábyrgðarsala hófst, og er honum þá skylt að bæta það tjón, sem ber að eftir að breytt var til um ferðina, nema breytingin hafi verið gerð án samþykkis vátrygðs eða í nauðsyn, til þess að forðast áhættu sem ábyrgðarsali trygði hið vátrygða í, eða til að bjarga lífi manna.

FJÓRÐI KAFLI.

Um skaða og greiðslu skaðabóta.

27. gr.

Vátrygður á rjett á bótum fyrir algert tjón:

1. Þegar vátrygt skip eða gós ferst með öllu, eða er gert upptækt eða skemmist svo, að það má telja ónýtt til þess, sem það var ætlað til.
2. Þegar vátrygt er farmgjald og þess missir með öllu.
3. Þegar verslunarardur er vátrygður eða umboðslaun, og varan kemst ekki þangað, sem hún átti að fara.
4. Þegar vátrygðar eru sjótjónsbætur eða sjólánsfje, og veðið, sem fyrir var, ferst með öllu eða ekkert fæst af því til lúkningar bótunum eða fjenu.

28. gr.

Þá er algert tjón verður, skal ábyrgðarsali greiða að fullu vátryggingarfjárhæðina; þó skal dregið frá henni það, sem sparast af kostnaði þeim, sem vátryggingin nær til; svo á ábyrgðarsali og rjett á að taka til sín alt það, sem bjargað kann að verða. Nú voru munirnir aðeins vátrygðir að nokkrum hluta verðmætis þeirra, og skal þá það, sem dregið er frá vátryggingarfjárhæðinni, talið eftir rjettri tiltölu milli vátryggingarfjárhæðarinnar og alls vátryggingarverðsins, og fær ábyrgðarsali eftir sama mæli hlut í því, sem bjargað var.

Nú skemmist vátrygt skip og það er dæmt óbætandi með lögmætri skoðunargjörð, og á vátrygður þá rjett á að fá bætur, sem algert tjón væri, enda selji hann skipið af hendi til ábyrgðarsala.

29. gr.

Nú hefir ekki spurst til skips svo lengi, að seglskip fer að jafnaði þrisvar sinnum á þeim tíma frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til skipsins, til ákvörðunarstaðar þess, þó ekki skemri tíma en 3 mánuði, og ber þá að telja skipið týnt, og á þá vátrygður rjett á að krefjast bóta fyrir algert tjón, enda afsali hann sjer í hendur ábyrgðarsala rjetti sínum á hinu vátrygða.

30. gr.

Ef lagt er farbann (embargo) á skip eða gós, eða því er haldið á annan hátt eftir ráðstöfun yfirvalda, eða sjóræningjar taka það, eða skipverjar skilja við vátrygt skip, þá getur vátrygður, gegn því að láta af hendi við ábyrgðarsala rjett sinn á hinu vátrygða, krafist bóta, sem fyrir algert tjón, ef skipið eða gósið hefir ekki verið látið laust, eða hann hefir ekki fengið umráð yfir því:

Áður en 6 mánuðir eru liðnir, ef þessi atburður gerðist í Norðurálfuhöfum eða á þeim hluta Miðjarðarhafs, Svartahafs eða Asóvshafs, sem telst til Norðurálfu,

áður en 9 mánuðir eru liðnir, ef atburðurinn varð í öðrum höfum hjernamegin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða í Suður-Ameríku, og

áður en 12 mánuðir eru liðnir, ef það varð í þeim höfum, sem eru hinu megin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða.

Telja skal tímann frá þeim degi, er vátrygður sagði ábyrgðarsala til tjónsins.

31. gr.

Nú vill vátrygður láta hið vátrygða af hendi, og svo er háttað, sem segir í síðari málsgrein 28. gr., og skal hann þá skýra ábyrgðarsala frá fyrirætlan sinni áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því, er hann vissi úrslit skoðunargjörðarinnar, en ef svo er háttað, sem 29. og 30. gr. ræða um, skal hann hafa skýrt frá fyrirætlun sinni áður en 9 mánuðir eru liðnir frá því frestur sá er á enda, sem þær greinar tiltaka, eftir hinum sjerstöku atvikum í hvert sinn.

32. gr.

Nú er frestur sá á enda, sem segir í 31. gr., og vátrygður hefir ekki neytt rjettar síns til að láta hið vátrygða af hendi, og týnir hann þá þeim rjetti, þegar svo er háttað sem segir í síðari málsgrein 28. gr. og 30. gr.

Þá er svo liggja atvik til, sem segir í 29. gr., getur vátrygður krafist bóta sem fyrir algert tjón, jafnvel eftir að afsalsfresturinn er liðinn, en komi hið vátrygða síðar fram, skal hann endurgreiða vátryggingarfjeð, ef ábyrgðarsali krefst þess, með $^1/_2$ af hundraði í mánaðarvöxtu, en afsala skal ábyrgðarsali sjer þá hinu vátrygða og bæta þann skaða, sem orðið kann að hafa á því og ábyrgðin náði til.

33. gr.

Afsal á trygðum munum skal vera skilyrðislaust og óriftandi, og ná til allra hinna vátrygðu fjármuna eða þess hluta þeirra, sem hafður var í hættu á þeim tíma, er slysið bar að.

Ef fjármunir eru aðeins trygðir að nokkrum hluta af verðmæti þeirra, er vátrygður að eins skyldur að láta af hendi svo mikinn hluta þeirra, sem vátryggingarfjárhæðin er að tiltölu við vátryggingarverðið.

34. gr.

Þá er ábyrgðarsali greiðir bætur, getur hann krafist þess, að vátrygður afsali honum skriflega öllum þeim rjettindum, sem hann á að fá ábyrgðarsala í hendur, svo og afhendi honum öll þau skjöl, sem fylgja eiga hinu afsalaða og eru í vörslum vátrygðs.

35. gr.

Hver sú krafa, sem styðst við vátryggingarsamning, týnir gildi sínu, ef henni er ekki fylgt með lögsókn áður 4 ár eru liðin frá því, er hún varð til.

FIMTI KAFLI.

Um endurgreiðslu iðgjalds (ristorno).

36. gr.

Ef vátrygðir hagsmunir eru eigi lagðir í neina þá hættu, er ábyrgðarsali skyldi tryggja hið vátrygða í, getur vátrygður krafist, að vátryggingin falli niður og iðgjaldið sje endurgreitt; þó á ábyrgðarsali rjett á þóknun og skal hún vera 1/4 af hundraði af vátryggingarfjárhæðinni, ef ekki var annað tilskilið, en helmingur hins umsamda iðgjalds, ef það var minna en 1/2 af hundraði.

37. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru leyti eða öllu, vegna þess að tryggingarhagsmunir voru engir eða minni en ætlað var, eða vegna oftryggingar eða tvítryggingar, eða vegna þess að rangt var sagt til eða ekki nægilega, eða af öðrum slíkum sökum, en vátryggingartaki fór eftir bestu vitund sinni um þau atvik, sem urðu til ónýtingar vátryggingunni, og eins var ástatt með vátrygðan, er hann veitti umboðið til vátryggingarinnar, ef vátrygging var tekin fyrir hönd annars manns, og má þá krefjast endurgreiðslu á iðgjaldinu að því frádregnu, sem áður var talið. Þó skal þessa krafist áður en hin vátrygðu verðmæti eru lögð í hættu.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Ed. **477. Frumvarp**

til heimildarlaga fyrir landsstjórnina, til þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau á landssjóðs kostnað.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Stjórninni er heimilt að verja alt að 4000 kr. til að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau á landssjóðs kostnað.

Ed. **478. Lög**

um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. október 1912.

(Afgreidd frá Ed. 11. ágúst).

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu setjast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Soda, krít, leir, karbíd, bensin, þakhellur, netakúlur og tómar flöskur.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Olíufóðurkökur, melasse og melassemjöl, kjötfóðurmjöl, fiskfóðurmjöl, hjólklafar (blakkir), saumur, brýni, hverfisteinar, kvarnarsteinar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, kvíslar, spaðar, bátavjelar (motorar), lausar umbúðir, tómir pokar, kork, netagarn, tilbúin segl, kaðlar allskonar og færi, olíur í tunnum og í dúnkum, aðrar en steinolía og bensín, strigaábreiður (Presenninger) og járnbrautarteinar, húsapappi alls konar, akkeri og akkerisfestar (hlekkjafestar), kokolit, járnbitar, ofnar, eldavjelar, járnpípur, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður, gólfdúkar (Linoleum) og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum, en olíufatnaði (þar með talinn alls konar skófatnaður), tvinna og alls konar garni, öðru en alls konar seglgarni og netagarni, 0,60 kr. af hverjum 10 kilogr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu þar bátar taldir.

Sjötti liður 1. málsgr. 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kilogr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Auk vörutegunda þeirra, sem undanþegnar eru vörutolli undir 6. lið 1. gr. nefndra laga, skal pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld til beitu, steinlímspípur, leirpípur og sandur vera undanskilin vörutolli.

2. gr.

Gjald af póstböglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 22, 20. október 1913, um breyting á lögum um vörutoll úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Ed. **479. Nefndarálit**

um frumv. til laga um viðauka við lög nr. 66, 10. nóvember 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Frumvarp þetta hefir tekið verulegum breytingum í háttv. neðri deild frá því, sem það var er það fór hjeðan úr háttv. efri deild.

Í stað þess að bankanum væri heimilt að gefa út 2 miljónir umfram gullforða, er honum í frumvarpinum eins og það nú er orðið, heimilað að gefa út 500 þús. krónur fram yfir það sem hann nú má gefa út, en þó ekki lengur en til októberloka 1915, en jafnframt slept því skilyrði, að bankinn auki hlutafje sitt.

Meiri hluti nefndarmanna álítur að rjett sje að samþykkja frumvarpið eins og það nú er orðið, en tveir menn í nefndinni álíta að ekki hafi verið sýnt fram á óhjákvæmilega nauðsyn á aukinni seðlaútgáfu og áskilja sjer óbundið atkvæði.

Alþingi 11. ágúst 1914.

J. Havsteen, formaður. Kristinn Daníelsson, skrifari og framsm. Steingrímur Jónsson.

Eiríkur Briem. Björn Þorláksson.

Ed. **480. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskj. 468.

Flutningsmaður: Karl Finnbogason.

Við 2. lið Orðin: »alt að« falli burt,
og á eftir: »1915« komi:
og má styrkurinn ekki verða hærri, nema brýn nauðsyn beri til.

Ed. **481. Nefndarálit**

um frv. til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík (þingskj. 126).

Nefndinni er kunnugt, að bæjarstjórn Reykjavíkur telur þörf á nýjum lagafyrirmælum um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, og telur nefndin sjálfsagt, að Alþingi verði við þeirri ósk bæjarstjórnarinnar.

En oss virðist þetta vandamál, og ekki nógu rækilega úr garði gert, og getum því ekki mælt með þessu frumvarpi.

Í frv. (2. gr.) er fyrirhuguð 3 manna matsnefnd, og kjósi bæjarstjórn 2, en stjórnarráðið einn. Nú má vel við þetta una, ef meta skal lóð eða land, sem bæjarstjórn selur, því að þá merkir matsgerðin það eitt, að bæjarstjórn megi *ekki* selja eignina *undir* matsverði, en *þurfi* þó *ekki* að selja, nema meira sje í boði, ef henni þykir matsverðið of lágt. En þegar meta skal lóðir eða lönd einstakra manna (8. gr.) í hendur bæjarfjelaginu, undir götur, torg o. s. frv., þá hæfir ekki vel að bæjarstjórn nefni til 2 af 3 matsmönnum. Vert er líka að íhuga, hvort ekki muni rjett að taka upp í lögin skýr fyrirmæli um yfirmat.

Oss er ljóst, að hjer er um vandamikið trúnaðarstarf að ræða; þess vegna teljum vjer 4 kr. óhæfilega lágt dagkaup. Ef bestu menn eru valdir, þeir, sem hæfastir eru til þessara verka, þá er víst, að þeir skaðast á þeim frátöfum frá atvinnu sinni, ef þeir fá ekki ríflegri laun en þetta, og því hætt við, að þeir mælist undan kosningu, sem færastir eru, og verði svo að una við aðra, sem minna eiga undir sjer.

Í 7. gr. er bæjarstjórninni ætlað að setja matsreglurnar, án þess krafist sje að stjórnarráðið staðfesti þær reglur. Það teljum vjer varhugavert, þar sem um mat er að gera á eignum einstakra manna (8. gr.); hyggjum vjer rjett og ráðlegt að heimta staðfestingu landsstjórnarinnar á matsreglum bæjarstjórnar. Og þó svo væri, mun engu að síður vert að íhuga vandlega, hvaða *meginákvæði* þar að lútandi eigi að hafa í lögunum sjálfum. Um það fjallar nú að vísu 5. gr. En fljótt má sjá, að þar er ekki að öllu hugað. Það getur vel viljað til, ef stór skák er tekin af lóð undir torg eða veg, að þá verði sú skákin, sem eigandi heldur eftir, mjög lítils virði, svo að hver flatstika verði nú ekki seld nema fyrir mjög lítinn hluta, 1/3 eða minna, þess verðs, sem áður mátti fá, meðan lóðareignin var óskert. En á þetta er ekkert minst í 5. gr. frumvarpsins.

Af þessum ástæðum teljum vjer ráðlegast að fresta þessu máli til næsta þings til nánari íhugunar, og leggjum til að samþykt verði svohljóðandi

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Í því trausti að ráðherra með aðstoð bæjarstjórnar í Reykjavík undirbúi og leggi fyrir næsta þing frumvarp til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi 11. ágúst 1914.

Eiríkur Briem, formaður.	G. Björnsson, ritari og framsögum.	Karl Einarsson.

Nd. **482. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Aftan við síðustu málsgrein í 2. gr. laga um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895 bætast orðin:

eða þá, að því er snertir landhelgina, íslenskan fána, sem ákveðinn verður með konungsúrskurði.

Nd. **483. Frumvarp**

til heimildarlaga fyrir landsstjórnina, til þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau á landssjóðs kostnað.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Stjórninni er heimilt að verja alt að 4000 kr. til að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau á landssjóðs kostnað.

Ed. **484. LÖG**

um að landsstjórninni veitist heimild til að láta reisa hornvita á Grímsey í Steingrímsfirði.

(Afgreidd frá Ed. 11. ágúst).

Landsstjórninni veitist heimild til að láta reisa hornvita á Grímsey í Steingrímsfirði.

Ed. **485. LÖG**

um að landstjórninni veitist heimild til að láta gera járnbenda steinsteypubrú á Langá í Mýrasýslu.

(Afgreidd frá Ed. 11. ágúst).

Landsstjórninni veitist heimild til að verja alt að 3000 kr., til þess að gera járnbenda steinsteypubrú á Langá í Mýrasýslu, gegn $^1/_3$ frá hlutaðeigandi hjeraði.

Ed. **486. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Ed. 11. ágúst (Frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 66, 10. nóv. 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi á þgskj. 472).

Í því trausti að stjórnin taki til athugunar, hvort ekki sje ástæða til, áður en seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka er aukinn, að breytt verði fyrirkomulagi bankans og eftirliti með starfsemi hans, sjerstaklega með tillit til þess sem fram hefir komið við meðferð málsins á Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **487. Athugasemdir**

með nefndaráliti stjórnarskrárnefndar efri deildar.

Nefndin sem hin háttv. efri deild skipaði til að íhuga stjórnarskrármálið hefir komist að þeirri niðurstöðu eins og nefndin í Nd., að ráða til að samþykkja frumvarpið óbreytt með mótmælafyrirvara um niðurlagsákvæði opins brjefs 20. okt. f. á. og undirrita jeg nefndarálitið með skírskotun til eftirfarandi athugasemda, þar sem jeg hefi verið og er þó í nokkuð miklum vafa um, að þetta sje hyggilegt og sjálfstæðismáli voru holt og finn mig knúinn til að gera stuttlega grein fyrir því, sem fyrir mjer vakir.

Jeg tel eins og meðnefndarmenn mínir, að það orki ekki tvímælis, að þjóðin hefur mjög mikinn hug á, að þær umbætur, sem felast í frumvarpinu, fáist svo fljótt sem unt er, og álít það því æskilegt, að frumvarpið gæti náð fram að ganga og orðið nú að lögum.

Sömuleiðis álít jeg, eins og þeir, að það megi þó ekki verða, án þess að fylgi nokkur slíkur afdráttarlaus fyrirvari, sem að framan getur.

En munurinn er sá, að ef á annað borð frumvarpið nær staðfesting konungs þrátt fyrir slíkan fyrirvara, þá er jeg þess ekki fullviss, að hann nái tilætluðum tilgangi sínum, að gera að engu þá ráðstöfun, sem ráðgerð var á ríkisráðsfundi 20. okt. f. á. og jafnframt þá gefið konunglegt orð um á sínum tíma að auglýsa hana Dönum á stjórnskipulegan hátt með undirskrift forsætisráðherrans, og hún samdægurs sett í konunglegt opið brjef, undirritað af ráðherra Íslands, sem skilyrði fyrir að vjer á ný með von um staðfestingu getum samþykt frumvarpið — þá ráðstöfun, að á uppburði sjermála vorra í ríkisráði Dana verði engin breyting gerð, nema samþykt verði sambandslög af *Ríkisþingi* og Alþingi, og er með þessu af konungs hálfu og með stjórnformlegum konungsboðskap haldið föstum þeim skilningi, að sjermál vort (uppburður sjermálanna) sje ekki undan skilið íhlutun ríkisþingsins þvert ofan í það, sem var tilgangurinn með hjer að lútandi breytingu frumvarpsins á stjórnarskránni.

Ef vjer, að þessum konungsboðskap og þessu konungsskilorði undangengnu, samþykkjum stjórnarskrána óbreytta, þá samþykkjum vjer um leið skilorðið, *nema* það falli burt *annaðhvort með því*, að konungur kalli það aftur á sama hátt og hann hefir sett það, með konunglegu brjefi, *eða* með því að vjer sjálfir nemum það burtu með slíkum mótmælum, og veltur þá á því, hvort þau einhliða af vorri hálfu (þrátt

fyrir samþykt frumvarpsins) hafa þann krapt, nema til komi viðurkenning konungs fyrir því.

Þeirrar viðurkenningingar konungs á mótmælum, sem koma fram í Alþingisályktun, er ekki að vænta, á neinn skjallegan eða stjórnformlegan hátt, og yrði hún þá að eins að felast í því, að konungur staðfesti lögin. En í því er þá engan veginn víst að fælist slík viðurkenning.

Ef konungur staðfesti lögin þá er þrent til:

1. Að hann telji mótmælin fullgild og gangi að þeim.
2. Að hann telji þau ógild og lýsi yfir því með skírskotun til opna brjefsins og vilji á þeim grundvelli samþykkja lögin.
3. Að hann telji þau ógild, en lýsi engu yfir um það, samþykki ummælalaust með þeim skilningi, að mótmælin, eins og á stendur, sjeu í eðli sínu ógild til að afnema fyrir fram ákveðinn konungsvilja.

Þessi þrjú atriði vil jeg athuga nánar.

1. Einungis hið fyrsta getur komið stjórnarbótarmáli voru að haldi, að konungur viðurkenni og gangi að mótmælum vorum, og jeg játa að ef sá árangur næðist, þá væri málinu komið í gott horf að óskum þings og þjóðar. En við meðferð sína á málinu verður Alþingi einnig að gera sjer grein fyrir, hve sennilega von megi gera sjer um þann árangur, og nú fæ jeg ekki betur sjeð, en að sú von sje sem næst engin, að opinberlega yfirlýst konungsorð í ríkisráði og opnu brjefi verði gert að engu. Mestar líkur virðast mjer því vera til, að með þessu verði ekki fullnægt óskum þjóðarinnar að fá stjórnarbótinni framgengt, málinu stefnt í þá tvísýni, (og þó með allar líkurnar á þann veg sem miður skyldi), að vandsjeð er að þingmenn geti varið að velja þá leið, einkum þeir, sem eindregnastar kröfur telja sig hafa frá sínum kjósendum að koma málinu fram.

2. Annað atriðið, ef konungur ljeti uppi að hann teldi mótmælin ógild og vildi með þeim ummælum staðfesta lögin, þarf aftur engum vafa nje vandkvæðum að valda. Ráðherra mundi þá eigi ganga að því, að undirskrifa lögin, er samþykkið væri bygt á þeim grundvelli, og hætta við að bera þau upp til konungsstaðfestingar. Væri þá engu spilt og rjetti vorum borgið jafnt og nú er, en um leið einnig heftur framgangur málsins.

3. En í þriðja tilfellinu, ef ráðherra ritaði undir lagastaðfestinguna, án þess að hafa fengið yfirlýsing konungs um skilning hans á mótmælunum, sem þá gæti verið sá, að þau væru ómerk og orð opna brjefsins í fullu gildi, þá væri til hættu stofnað, þeirrar, að barátta vor um ríkisráðságreininginn yrði gerð oss enn erfiðari en áður, þar sem nú yrði haldið fram íhlutun ríkisþingsins, sem áður hefur þó hvergi komið til greina í þessu sambandi. Og þessu gæti, eftir fyrri reynslu vorri, orðið haldið fram eins fyrir það, þó lagalega skoðað sje rjettur vor geymdur með mótmælunum, og svo megi líta á, að hann væri óskertur vegna þessara mótmæla, þrátt fyrir það, að þau voru gerð samhliða alþingisákvörðun (endursamþykt stjórnarskrárinnar), sem var bygð á gagnstæðum grundvelli við konungsskilorð, sem sett var fyrirfram fyrir því, að slík ákvörðun gæti fengið staðfesting. En misjöfnum augum mun þó vera litið á rjettarspurning þá, sem í þessu felst. — En í svo viðkvæmu máli sem sjálfstæðismáli voru, væri best að engar fleiri vafaspurningar gætu risið.

Að öllu þessu athuguðu fæ jeg eigi til fullnustu sannfærst um annað en að með fyrirvara-ályktuninni — þótt hún sje sjálfsögð, ef frumvarpið er samþykt óbreytt — sje málinu stefnt, ef ekki í óefni, þá í fullkomna óvissu, svo að þeir þingmenn, er

finnst sjer skylt að samþykkja óbreytta stjórnarskrána, að vilja kjósenda sinna, geti þó tæplega gert það með þeirri óbifandi sannfæring, að þeir með því tryggi hvorttveggja í senn: óskertan rjett landsins og framgang stjórnarskrárinnar á næsta ári.

Til að tryggja hið fyrra, er aðeins eitt ráð óbrigðult, sem jafnframt sýndi ótvíræða alvöru vora að varðveita rjett vorn, og það er, að fella stjórnarskrána. En það mæltist ef til vill illa fyrir, og eiga þó þingmenn ekki að setja það fyrir sig í svo stóru máli, þar sem ríður á því einu, að þeir beiti öllum stjórnmálaþroska sínum og samviskusemi til að ráða af það sem hollast er.

En þá er annað ráð, sem ekki verður annað sjeð en að tryggi hvorttveggja, óskertan rjett og framgang málsins, þó að með því sje ekki jafn-einbeittlega sýnt, að vjer viljum ekkert hopa eða nokkursstaðar þokast úr spori í rjettarkröfum vorum. Það er að vjer breytum því einu í stjórnarskránni, sem snertir uppburð málanna, ákvæðinu um, að konungur skuli ákveða, hvar málin sjeu upp borin, látum um sinn sitja við það, sem nú er, meðan hinar nauðsynlegustu breytingar eru að komast á, en snúa sjer síðar að hinu einu, þegar vjer værum við því búnir.

Þannig breytt má telja víst, að stjórnarskráin næði staðfestingu konungs og teíðist málið aðeins um eitt ár, þar sem Alþingi verður háð að sumri.

Samkvæmt framanrituðu, mun jeg að sjálfsögðu greiða atkvæði með fyrirvara þeim, sem ráðgerður er, en læt ekki hjá líða, þótt á síðustu stundu sje, og jeg hafi ekki á þingformlegan hátt getað gert það fyrri, að láta í ljósi þá skoðun mína, að hyggilegast hefði mjer þótt, að hverfa að því ráði, sem að ofan er bent á, og varlegast til þess að yfirráð vor yfir sjermálum vorum verði ekki bendluð við nýjar vafaspurningar, og um leið líklegast til að koma fram þeim ríka vilja þjóðarinnar, sem þingið eðlilega, hefir mikinn áhuga á að fullnægja.

Alþingi 11. ágúst 1914.

Kristinn Daníelsson.

Ed. **488. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903:

»Ráðherra Íslands má eigi . . . falið að veita« falli burt, en í staðinn komi:

Ráðherra Íslands má eigi hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenska tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara svo oft sem nauðsyn er á til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir, þar sem konungur ákveður.

Landssjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir hans á konungsfund.

Nú deyr ráðherra eða lætur af embætti, og gegnir landritari þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefir verið nýr ráðherra.

Ráðherra veitir þau embætti, sem hann hingað til hefir veitt.

Tölu ráðherra má breyta með lögum.

Verði ráðherrum fjölgað, legst landritaraembættið niður.

2. gr.

Á eftir 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (2. gr. stjórnarskrárinnar) komi tvær nýjar greinar (2. og 3. gr.):

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gera tvö samhljóða frumrit, og geymir Alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt í Landsskjalasafninu.

3. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherra ber ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært hann fyrir embættisrekstur hans. Landsdómur dæmir þau mál.

4. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (3. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

5. gr.

4. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það.

6. gr.

11. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli Alþinga; eigi mega þó slík lög ríða í bág við stjórnarskrána, og ætið skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

7. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í þeirra stað komi:

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

8. gr.

5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (15 gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í stað hennar komi:

Alþingi skiftist í 2 deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn, en 6 hlutbundnum kosningum um landið allt í einu lagi.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, og auk þeirra 8 þingmenn, sem sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

9. gr.

16. gr. stjórnarskrárinnar falli burtu, en í stað hennar komi:

Þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum, skulu kosnir til 6 ára, en þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum, til 12 ára, og fer helmingur þeirra frá sjötta hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, meðan á kjörtímanum stendur, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í stað hans, fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum, enda kosnir á sama hátt og samtímis.

10. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (17. gr. stjórnarskrárinnar), falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis hafa karlar og konur, sem fædd eru hjer á landi eða hafa átt hjer lögheimili síðastliðin 5 ár og eru 25 ára, er kosningin fer fram; þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Ennfremur eru þau skilyrði sett, að hinir nýju kjósendur, konur, og þeir karlmenn, er ekki hafa kosningarrjett samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, fái ekki rjett þann, er hjer ræðir um, öll í einu, heldur þannig, að þegar semja á alþingiskjörskrá í næsta sinn, eftir að lög þessi eru komin í gildi, skal setja á kjörskrána þá nýja kjósendur eina, sem eru 40 ára eða eldri, og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum til kosningarrjettar. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og svo framvegis, lækka aldursmarkið um eitt ár í hvert sinn, til þess er allir kjósendur, konur sem karlar, hafa náð kosningarrjetti, svo sem segir í upphafi þessarar greinar.

Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir ekki konan kosningarrjett sinn fyrir því.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga. Að öðru leyti setja kosningarlög

nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild.

11. gr.

18. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar er hver sá, sem kosningarrjett á til þeirra; kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt þar heimá skemur en eitt ár. Kjörgengur við hlutbundnar kosningar er hver sá, er kosningarrjett á til þeirra. Heimilisfesta innan lands er skilyrði fyrir kjörgengi, bæði við hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar.

Þeir dómendur, er hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó hvorki kjörgengir til neðri nje efri deildar.

12. gr.

7. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (19. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Reglulegt Alþingi skal saman koma lögmæltan dag annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrri það ár. Breyta má þessu með lögum.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur, án samþykkis konungs.

13. gr.

Á undan 20. gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein svo látandi:

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

14. gr.

8. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (1. málsgr. 25. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, undir eins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer.

15. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lögum.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það,

sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

16 gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

17. gr.

Aftan við 45. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Breyta má þessu með lögum.

18. gr.

Aftan við 47. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

19. gr.

48. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

20. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sjerrjettindi, er bundin sje við aðal, nafnbætur og löglign, má eigi lögleiða.

21. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Dan-

merkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Ákvæði um stundarsakir.

Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosnir í fyrsta sinn 6 þingmenn til efri deildar og jafnmargir varamenn með hlutfallskosningum um land alt.

Á fyrsta reglulegu Alþingi eftir kosningar skal ákveða með hlutkesti, hverjir skuli fara frá eftir 6 ár, þeirra sem kosnir voru hlutbundnum kosningum.

Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar, og ekki síðar en innan ársfjórðungs.

2. málsgrein 11. gr. tekur ekki til dómara þeirra, er nú skipa landsyfirrjettinn.

Heimilisfesta innanlands er ekki skilyrði fyrir kjörgengi þeirra manna, sem þá kunna að eiga setu á Alþingi, er stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi.

Ed. **489. Tillaga**

til þingsályktunar um uppburð sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Um leið og Alþingi afgreiðir frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskrá Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903, ályktar það að lýsa yfir því, að ef svo yrði litið á, að með því, sem gerðist á ríkisráðsfundi 20. okt. 1913, sbr. konunglegt opið brjef, dagsett sama dag, hafi uppburður sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana verið lagður undir valdsvið dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda, þá getur Alþingi ekki viðurkent slíka ráðstöfun skuldbindandi fyrir Ísland, þar sem hún bryti bág við vilja þingsins 1913 og fyrri þinga. Enn fremur ályktar Alþingi að lýsa yfir því, að það áskilur, að konungsúrskurður sá, er boðaður var í fyrnefndu opnu brjefi, verði skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður, enda geti konungur breytt honum á ábyrgð Íslandsráðherra eins, og án nokkurrar íhlutunar af hálfu dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda. Heldur Alþingi því þess vegna fast fram, að uppburður sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana verði hjer eftir sem hingað til sjermál landsins.

Nd. **490. Frumvarp**

til laga um breyting á siglingalögum 22. nóv. 1913.

Frá siglingalaganefndinni.

Í 11. gr. siglingalaga 22. nóv. 1913 komi í stað orðanna »Nú missir skip rjett til að sigla undir dönsku flaggi«:

Nú missir skip rjett til að sigla undir því flaggi, er íslenskum skipum er lögmælt.

Ed. **491. Frumvarp**

til laga um að landsstjórninni heimilist að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum styrk úr landssjóði til reksturs hælisins.

(Eftir 2. umr. í Ed).

Landsstjórninni heimilast að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum 10 þúsund króna aukastyrk úr landssjóði til reksturs hælisins árin 1914 og 1915 og má styrkurinn ekki verða hærri, nema brýn nauðsyn beri til.

Ed. **492. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903. (Þingskj. 488).

Vjer nefndarmennirnir erum allir sammála um, að ráða háttv. deild til að samþykkja stjórnarskrárfrumvarpið óbreytt. Enn fremur erum vjer sammála um, að rjett sje að samþykkja í þingsályktunarformi yfirlýsing eða fyrirvara um, að Alþingi haldi fast við þá skoðun sína, að uppburður sjermála Íslands fyrir konungi sje íslenskt sjermál. Um innihald þessa fyrirvara erum vjer einnig sammála í aðalatriðunum, en hins vegar er nokkur ágreiningur vor á meðal um orðalag hans.

Meiri hluti nefndarinnar ræður til að samþykkja tillögu neðri deildar á þingskj. 489 óbreytta, en minni hlutinn (Sig. Stefánsson og Stgr. Jónsson) áskilja sjer rjett til að koma fram með breytingartillögu við hana, og mun gerð grein fyrir þeirri tillögu við umræðurnar.

Alþingi 11. ágúst 1914.

Sigurður Stefánsson, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögum. Karl Einarsson.

Björn Þorláksson Kristinn Daníelsson, með skirskotun til sjerstakra athugasemda.

Ed. **493. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um uppburð sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana (þgskj. 489).

Frá Steingrími Jónssyni og Sigurði Stefánssyni.

Þingsályktunartillaga á þgskj. 489 um uppburð sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana orðist svo:

'Um leið og Alþingi afgreiðir frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskrá Íslands 5. janúar 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. oktbr. 1903, ályktar það að lýsa yfir því, að það heldur fast á þeirri skoðun sinni nú sem fyr, að uppburður íslenskra mála fyrir konungi sje stjórnskipulegt sjermál Íslands, og neitar því, að á þessu sje eða geti verið nokkur breyting gerð með því, sem fram fór í ríkisráðinu 20. oktbr. f. á. eða með opnu brjefi um kosningar til Alþingis frá s. d. Konungsúrskurður sá, er boðaður er í fyrnefndu opnu brjefi getur því ekki skoðast öðruvísi en hver önnur íslensk stjórnarráðstöfun, er að sjálfsögðu má breyta á sama hátt, sem hún er gerð, af konungi með undirskrift Íslandsráðherra eins.

Nd. **494. Frumvarp**

til laga um að landsstjórninni heimilist að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum styrk úr landssjóði til reksturs hælisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Landsstjórninni heimilast að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum 10 þúsund króna aukastyrk úr landssjóði til reksturs hælisins árin 1914 og 1915 og má styrkurinn ekki verða hærri, nema brýn nauðsyn beri til.

Nd. **495. Tillaga**

til þingsályktunar um lán til að bæta úr afleiðingum harðæris.

Frá Birni Kristjánssyni, Sigurði Gunnarssyni, Hirti Snorrasyni og Sig. Sigurðssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að sjá um, ef hún sjer fært, að varið sje alt að 50 þúsund krónum af láni því, sem henni er heimilað að taka með lögum 1. ágúst 1914 til þess, eftir óskum einstakra hreppa eða sýslufjelaga, eða með öðru handbæru fje, að bæta með hagfeldum lánveitingum úr tilfinnanlegasta tjóninu, sem hlutaðeigandi hreppar eða sýslufjelög hafa orðið fyrir á síðastliðnu vori.

Nd. 496. HEIMILDARLÖG

fyrir landsstjórnina, til þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau á landssjóðs kostnað.

(Afgreidd frá Nd. 12. ágúst).

Stjórninni er heimilt að verja alt að 4000 kr. til að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau á landssjóðs kostnað.

Ed. 497. LÖG

um breyting á lögum um strandferðir frá 10. nóv. 1913.

(Afgreidd frá Ed. 12. ágúst).

1. gr.

Fyrir orðin »alt að 400,000 kr.« í 1. grein komi:
alt að 500,000 kr.

2. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Landsstjórninni veitist heimild til að taka lán, alt að 500,000 kr. til að fullnægja ákvæðum 1. greinar.

Ed. 498. STJÓRNARSKIPUNARLÖG

um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

(Afgreidd frá Ed. 12. ágúst).

1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903:

»Ráðherra Íslands má eigi . . . falið að veita« falli burt, en í staðinn komi:

Ráðherra Íslands má eigi hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenska tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara svo oft sem nauðsyn er á til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir, þar sem konungur ákveður.

Landssjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir hans á konungsfund.

Nú deyr ráðherra eða lætur af embætti, og gegnir landritari þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefir verið nýr ráðherra.

Ráðherra veitir þau embætti, sem hann hingað til hefir veitt.

Tölu ráðherra má breyta með lögum.

Verði ráðherrum fjölgað, legst landritaraembættið niður.

2. gr.

Á eftir 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (2. gr. stjórnarskrárinnar) komi tvær nýjar greinar (2. og 3. gr.):

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gera tvö samhljóða frumrit, og geymir Alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt í Landsskjalasafninu.

3. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherra ber ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært hann fyrir embættisrekstur hans. Landsdómur dæmir þau mál.

4. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (3. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

5. gr.

4. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það.

6. gr.

11. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli Alþinga; eigi mega þó slík lög ríða í bág við stjórnarskrána, og ætið skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

7. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í þeirra stað komi:

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

8. gr.

5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (15 gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í stað hennar komi:

Alþingi skiftist í 2 deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn, en 6 hlutbundnum kosningum um landið alt í einu lagi.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, og auk þeirra 8 þingmenn, sem sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

9. gr.

16. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í stað hennar komi:

Þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum, skulu kosnir til 6 ára, en þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum, til 12 ára, og fer helmingur þeirra frá sjötta hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, meðan á kjörtímanum stendur, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í stað hans, fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum, enda kosnir á sama hátt og samtímis.

10. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (17. gr. stjórnarskrárinnar), falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis hafa karlar og konur, sem fædd eru hjer á landi eða hafa átt hjer lögheimili síðastliðin 5 ár og eru 25 ára, er kosningin fer fram; þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Ennfremur eru þau skilyrði sett, að hinir nýju kjósendur, konur, og þeir karlmenn, er ekki hafa kosningarrjett samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, fái ekki rjett þann, er hjer ræðir um, öll í einu, heldur þannig, að þegar semja á alþingiskjörskrá í næsta sinn, eftir að lög þessi eru komin í gildi, skal setja á kjörskrána þá nýja kjósendur eina, sem eru 40 ára eða eldri, og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum til kosningarrjettar. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og svo framvegis, lækka aldursmarkið um eitt ár í hvert sinn, til þess er allir kjósendur, konur sem karlar, hafa náð kosningarrjetti, svo sem segir í upphafi þessarar greinar.

Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir ekki konan kosningarrjett sinn fyrir því.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga. Að öðru leyti setja kosningarlög

nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild.

11. gr.

18. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar er hver sá, sem kosningarrjett á til þeirra; kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt þar heima skemur en eitt ár. Kjörgengur við hlutbundnar kosningar er hver sá, er kosningarrjett á til þeirra. Heimilisfesta innan lands er skilyrði fyrir kjörgengi, bæði við hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar.

Þeir dómendur, er hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó hvorki kjörgengir til neðri nje efri deildar.

12. gr.

7. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (19. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Reglulegt Alþingi skal saman koma lögmæltan dag annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrri það ár. Breyta má þessu með lögum.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur, án samþykkis konungs.

13. gr.

Á undan 20. gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein svo látandi:

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

14. gr.

8. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (1. málsgr. 25. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, undir eins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer.

15. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lögum.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það,

sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

16 gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

17. gr.

Aftan við 45. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Breyta má þessu með lögum.

18. gr.

Aftan við 47. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið gjöld, þau er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

19. gr.

48. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Hvern þann sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

20. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sjerrjettindi, er bundin sje við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða.

21. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Dan-

merkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Akvæði um stundarsakir.

Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosnir í fyrsta sinn 6 þingmenn til efri deildar og jafnmargir varamenn með hlutfallskosningum um land alt.

Á fyrsta reglulegu Alþingi eftir kosningar skal ákveða með hlutkesti, hverjir skuli fara frá eftir 6 ár, þeirra sem kosnir voru hlutbundnum kosningum.

Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar, og ekki síðar en innan ársfjórðungs.

2. málsgrein 11. gr. tekur ekki til dómara þeirra, er nú skipa landsyfirrjettinn.

Heimilisfesta innanlands er ekki skilyrði fyrir kjörgengi, þeirra manna sem þá kunna að eiga setu á Alþingi, er stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi.

Nd. **499. LÖG**

um að landsstjórninni heimilist að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum styrk úr landssjóði til reksturs hælisins.

(Afgreidd frá Nd. 12. ágúst).

Landsstjórninni heimilast að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum 10 þúsund króna aukastyrk úr landssjóði til reksturs hælisins árin 1914 og 1915 og má styrkurinn ekki verða hærri, nema brýn nauðsyn beri til.

Ed. **500. Þingsályktun**

um uppburð sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana.

(Afgreidd frá Ed. 12. ágúst).

Um leið og Alþingi afgreiðir frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskrá Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903, ályktar það að lýsa yfir því, að ef svo yrði litið á, að með því, sem gerðist á ríkisráðsfundi 20.

okt. 1913, sbr. konunglegt opið brjef, dagsett sama dag, hafi uppburður sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana verið lagður undir valdsvið dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda, þá getur Alþingi ekki viðurkent slíka ráðstöfun skuldbindandi fyrir Ísland, þar sem hún bryti bág við vilja þingsins 1913 og fyrri þinga. Enn fremur ályktar Alþingi að lýsa yfir því, að það áskilur, að konungsúrskurður sá, er boðaður var í fyrnefndu opnu brjefi, verði skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður, enda geti konungur breytt honum á ábyrgð Íslandsráðherra eins, og án nokkurrar íhlutunar af hálfu dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda. Heldur Alþingi því þess vegna fast fram, að uppburður sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana verði hjer eftir sem hingað til sjermál landsins.

Nd. 501. Þingsályktun

um lán til að bæta úr afleiðingum harðæris.

(Samþykt í Nd. 12. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að sjá um, ef hún sjer fært, að varið sje alt að 50 þúsund krónum af láni því, sem henni er heimilað að taka með lögum 1. ágúst 1914, til þess, eftir óskum einstakra hreppa eða sýslufjelaga, eða með öðru handbæru fje, að bæta með hagfeldum lánveitingum úr tilfinnanlegasta tjóninu, sem hlutaðeigandi hreppar eða sýslufjelög hafa orðið fyrir á síðastliðnu vori.

Sþ. 502. Þingsályktun

um gerð íslenska fánans.

(Afgreidd frá sameinuðu Alþingi 12. ágúst).

Með því að svo er tiltekið í konungsúrskurði frá 22. nóv. 1913, að gerð íslenska fánans skuli ákveðin með nýjum konungsúrskurði, þegar ráðherra Íslands hefir haft tök á að kynna sjer óskir manna á Íslandi um það atriði, þá ályktar sameinað Alþingi að lýsa yfir því áliti sínu, að flestum Íslendingum muni langkærast að sú fánagerð, sem borin var upp á Alþingi 1911 og 1913, haldist óbreytt og yrði staðfest af konungi. En sje þess ekki kostur, vill það mæla með hinum þrílita fána, sem fánanefndin, er skipuð var 30. desember 1913, gerði að aðaltillögu sinni.

Ed. **503. Frumvarp**

til laga um breyting á siglingalögum 22. nóv. 1913.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Í 11. gr. siglingalaga 22. nóv. 1913 komi í stað orðanna »Nú missir skip rjett til að sigla undir dönsku flaggi«:

Nú missir skip rjett til að sigla undir því flaggi, er íslenskum skipum er lögmælt.

Ed. **504. Nefndarálit**

um frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Nefndin hefir íhugað frv. þetta, en engan veginn eins vel og hún hefði viljað, þar sem tíminn er orðinn svo naumur. En þar sem hún álítur nauðsyn, að það nái fram að ganga, og hefir ekki fundið þá galla á því, að ógerlegt sé að samþykkja það, ræður hún háttv. deild til að samþykkja það með eftirfarandi breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist orðin:
Kjörstjórnir velja sjer sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sjer verkum.

2. Við 9. gr. Á eftir orðunum: »júní næst á eftir«, komi:
að báðum dögum meðtöldum.

3. Við 14. gr. Fyrir: »12. gr.« komi:
11. gr.

4. Við 18. gr. Á eftir orðunum: »en einu kjördæmi«, komi orðin:
við sömu kosningar.

5. Við 20. gr. Fyrir orðin: »En hafi eigi . . . . . þingmannsefnið kosið«, komi orðin:
En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæminu en kjósa skal, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefnið kosið eða þingmannaefnin kosin.

6. Við 21. gr. Fyrir orðið: »hreppskjörstjórn« komi orðið:
undirkjörstjórn.
og fyrir: »10%«, komi:
10%.

7. Við 22. gr. Fyrir orðið »hreppskjörstjórn«, í síðari málsgrein, komi orðið:
undirkjörstjórn.

8. Við 26. gr. a, Fyrir orðið:
»hreppsnefnd«, í fyrstu línu, komi orðin:
hreppstjóri en í kaupstað bæjarfógeti.
b, Á eftir orðunum:
»útvegað í fyrstu«, í annari línu sömu málsgr., komi orðin:
á kostnað landssjóðs.

c, Síðari málsgrein orðist svo:
Ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, kostar sveitar- eða bæjarsjóður þá endurnýjun.

9. Við 32. gr. Á eftir orðinu:
»sýslumanns«, komi orðin:
eða bæjarfógeta,
á tveim stöðum í greininni.

10. Við 33. gr. Í stað orðanna:
»það nafn« í þriðju línu greinarinnar, komi orðin:
nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa.

11. Við 39. gr. Í stað orðsins: »hans«, komi orðið:
þess
Og í stað orðsins: »hann«, komi orðið:
það
í síðari málsgrein greinarinnar.

12. Við 40. gr. Í stað orðanna: »er hnýtt saman«, komi orðin:
eru hnútar á.

13. Við 47. gr. a) Fyrir orðin: »er hann . . . viðstaddur«, í fyrri málsgr., komi orðin:
er það bauð sig fram í, sje það eigi sjálft viðstatt.
b) Fyrir orðið »hans«, í síðari málsgr., komi orðið:
þess.

14. Við 67. gr. Fyrir orðið: »lögsagnarumdæmisins«, síðast í greininni komi orðin:
kjördæmis þess, sem sýslumaður eða bæjarfógeti er búsettur í.

15. Við 68. gr. Á eftir orðinu: »sýslumanns« á tveim stöðum í greininni, komi orðin:
eða bæjarfógeta.

Alþingi 12. ágúst 1914.

Karl Einarsson, formaður. Karl Finnbogason, skrifari og framsögumaður.

Magnús Pjetursson.

Ed. **505. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um atkvæðagreiðslu við Alþingiskosningar þeirra manna, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þegar kosning fer fram.

Nefndin hefir athugað frv. þetta eftir föngum, og leggur til að háttv. deild samþykki það með eftirfylgjandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Á eftir orðinu: »þingmannsefnis« í fyrstu málsgrein, komi orðin: eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja.

2. Við 4. gr. a. Á eftir orðinu: »þingmannsefnis« í fyrstu málsgrein, komi orðin: eða þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa,

b. Orðin: »er fæst við skipaafgreiðslu« í þriðju málsgrein, falli burt.

c. Á eftir orðinu: »sýslumanns«, í fjórðu málsgr., komi orðin: umboðsmanns hans

Alþingi 12. ágúst 1914.

Karl Einarsson, formaður. Karl Finnbogason, skrifari og framsögum.

Magnús Pjetursson.

Ed. **506. Frumvarp**

til laga um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. Kjördæmakosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr.

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis allir karlar og konur, sem fædd eru á Íslandi eða hafa átt þar lögheimili síðastliðin 5 ár, hafa óflekkað mannorð, og eru 25 ára að aldri þegar kosning fer fram. Þó öðlast konur og þeir karlmenn, sem ekki hafa haft kosningarrjett stöðu sinnar vegna samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, ekki öll í einu kosningarrjettinn, heldur þannig, að þegar samdar eru alþingiskjörskrár fyrsta sinn eftir að lög þessi öðlast gildi, skal setja á kjörskrá þá eina af þessum nýju kjósendum, sem eru 40 ára að aldri eða eldri. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og þannig framvegis lækka aldurstakmarkið um eitt ár í hvert skifti, þar til komið er niður í 25 ára aldur.

Útsvarsgreiðsla er úr lögum numin sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, og ber því ekki að telja þá menn nýja kjósendur, sem fullnægt hafa kosningarskilyrðum, þegar lög þessi öðlast gildi, að öðru leyti en því að greiða nægilega hátt útsvar.

2. gr.

Enginn verður talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sje hann eigi fjár síns ráðandi eða sje bú hans undir skiftameðferð sem þrotabú. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan ekki kosningarrjett sinn fyrir því.

4. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett sem þiggur af sveit, eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár.

Sá sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarrjettar síns.

6. gr.

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar til Alþingis er hver sá karlmaður eða kvenmaður, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi. Þetta tekur þó eigi til þeirra dómenda, er skipa landsyfirrjettinn, þá er hin nýja stjórnarskrá gengur í gildi. Enn fremur er heimilisfesta innanlands skilyrði fyrir kjörgengi annara en þeirra, sem setu áttu á Alþingi, þá er lög þessi öðlast gildi. Kjósa má mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir átt þar heima skemur en 1 ár.

Kjörstjórnir.

7. gr.

Í hverjum hreppi skal vera kjörstjórn, og sitja í henni hreppstjóri (sjeu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Hreppstjóri skal vera oddviti kjörstjórnar. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórnin kjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn kjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild. Kjörstjórnir velja sjer sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sjer verkum.

8. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn.

Þar er sýslumaður eða bæjarfógeti er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Að öðrum kosti skipar landsstjórnin oddvita, er sje kjósandi í kjördæminu, og annan til vara.

Hina yfirkjörstjórana kjósa sýslunefndir eða bæjarstjórnir, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn í kjöri við alþingiskosning í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.

Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sjeu varamennirnir báðir úr flokki sýslunefndar eða bæjarstjórnar, þá sá er eldri er. Nú víkur oddviti sæti úr yfirkjörstjórninni meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af stjórnarráðinu, og bóka í hana allar gerðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Samning kjörskrár.

9. gr.

Kjörskrá til óhlutbundinna kosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Nú hefir bæjarstjórn skift kaupstað í kjördeildir, og skal þá semja sjerstaka kjörskrá yfir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í janúarmánuði ár hvert, og gildir frá 1. júlí það ár til 30. júní næst á eftir að báðum dögum meðtöldum. Hún skal vera fullbúin 1. febrúarmán. og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað.

10. gr.

Á kjörskrá skal taka alla, þá er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrjett hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fullnægja skilyrðum fyrir því, að geta neytt kosningarrjettar fyrir 1. júlímán. næst á eftir. Rita skal í sjerstaka dálka fult nafn kjósenda eftir stafrófsröð, heimili, stjett og aldur.

11. gr.

Í fyrri hluta maímánaðar ár hvert skal semja aukakjörskrá, og skulu á hana settir þeir, sem að vísu hafa ekki kosningarrjett þegar kjörskráin gengur í gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum fyrir kosningarrjetti einhverntíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrjett. Á þá skrá skulu þeir og settir, er eigi var vitanlegt um, þegar aðalkjörskrá var samin, að þeir mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí, og sömuleiðis þeir kjósendur, er láðst hefir að setja á aðalkjörskrá, og einhverra orsaka vegna hafa ekki átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

12. gr.

Fjórtán dögum áður en aðalkjörskrá er fram lögð, skal auglýsa, hvar það verður gert, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

13. gr.

Áður en þrjár vikur eru liðnar, frá því er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sje slept af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sje kæran um það, að einhver sje á skrá tekinn, sem eigi hafi rjett til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda, þeim er kærður er, eftirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

14. gr.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem

haldinn sje áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðiljar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar.

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá, þá sem um ræðir í 11. gr., skal fara sem við aðalkjörskrána, en þó þannig, að frestir allir sjeu $^1/_3$ styttri og að samrit aukakjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gerð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn.

15. gr.

Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar, þeirrar er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra stjórnarráðinu frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti.

16. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Rjettargjöld skulu engin greidd fyrir undirrjetti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

17. gr.

Samkvæmt aðalkjörskrám og aukakjörskrám skulu allar kosningar til Alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (11. gr.), hafa rjett til að greiða atkvæði, ef þeir hafa fyrir kjördag fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftar en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

18. gr.

Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboði skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku, um að þeir styðji kosningu þess.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni, en Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

Enginn má gefa kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi við sömu kosningar. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

Nú deyr frambjóðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu 3 sólarhringum fyrir það tímamark, og má þá annar maður innan 8 daga bjóða sig fram til þingmensku, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Ef fresta þarf kosningu í kjördæminu af þessum ástæðum, stofnar stjórnarráðið til nýrrar kosningar á þann hátt, sem fyrir er mælt í 53. gr. laga þessara.

19. gr.


Hvert þingmannsefni á rjett á, sje hann eigi sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hreppi umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rjett til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

20. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (18. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir umdæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæminu en kjósa skal, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefnið kosið eða þingmannaefnin kosin. Stjórnarráðið annast prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnum. Kjörseðlar skulu búnir til úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannaefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Eigi skal fullgera fleiri seðla en þá, er sendir verða kjörstjórnum í hreppunum, og skal yfirkjörstjórn forðast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá.

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje $2^1/_2$ cm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3 cm. á breidd, og í honum miðjum hvítir kringlóttir reitir, $^1/_2$ cm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



Kjörseðla skal yfirkjörstjórn brjóta saman áður en hún sendir þá frá sér, og skulu þeir vera svo brotnir að óprentaða hliðin snúi út, svo að letrið á þeim sjáist ekki. Þeir skulu og vera svo brotnir, að auða rönd seðilsins falli á svarta borðann, enda skal svo frá broti gengið, að auðvelt sé að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

21. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sje að senda hraðboða með þá, en kjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10%

fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum, án þess að brjóta innsiglið.

22. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fóðruð sterku ljerefti og með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 4 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: »ógildir seðlar« og á tvö: »afgangsseðlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hvorri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin sjeu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt ljereftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

Kjördagur.

23. gr.

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn fyrsti vetrardagur.

Bæði er þetta á sjer stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

24. gr.

Kjörstaður í hverjum hreppi skal að jafnaði vera þingstaður hreppsins. Ef gallar á herbergjum á þingstaðnum eða önnur atvik gera það torvelt, að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sje sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sje kjörþing haldið annarsstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

25. gr.

Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sje eigi á sliku völ, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað sjeð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sje auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöð-

um fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

26. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti atkvæðakassana, er landsstjórn hefir útvegað í fyrstu á kostnað landssjóðs. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sje 15,7 cm. löng, 6,5 mm. við að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir ljereftspokar, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana, er kjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar.

Ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, kostar sveitar- eða bæjarsjóður þá endurnýjun.

Kosningarathöfnin.

27. gr.

Á hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir kjörstjórarnir; sjeu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar.

28. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

29. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 19. gr.), sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

30. gr.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul, þann sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn, þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í brjefi því, er yfirkjörstjórnin skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

31. gr.

Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörslu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sje ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger að fá inn með sjer 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sje sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

32. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns eða bæjarfógeta sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu, og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta fylgi endurritinu af kjörbókinni.

33. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið), að borði, því er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með svörtum stimpli, sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 cm. að þvermáli. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn, svo að hvergi sjer í hann auðan, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman í sama brot, er hann var í, er hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni útvega stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 26. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sje eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn metur gilda ástæðu, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

34. gr.

Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftir-

rit af kjörskránni og gjöra merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

35. gr.

Aður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra gæta þess, að kassinn sje tómur, og síðan læsa honum.

36. gr.

Engin merki má á seðilinn gera, önnur en að stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún svarta borðans, er slíkur seðill ógildur.

37. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur, og má eigi leggja hann í atkvæðakassann. Sama er og ef kjósandi setur skakt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá. Hvort heldur af þessu á sjer stað, skulu seðlarnir afhentir kjörstjórninni, sem skráir athugasemd um það í kjörbókinni. Skulu þessir kjósendur því næst víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og atkvæðagreiðslunni haldið áfram uns allir kjósendur, þeir er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, uns atkvæðagreiðslu er lokið.

38. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða 1/4 klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 3 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum, nema allir kjósendur sem á kjörskrá standa hafi neytt atkvæðisrjettar.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 37. gr., fyrri málsgrein, og þeim fengnir nýjir seðlar, til að greiða atkvæði á, á meðan seðlaforðinn endist.

39. gr.

Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna eiga rjett á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sjer lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina, það er honum þykir áfátt.

Nú þykir þingmannsefni eða umboðsmanni þess eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrjett, og á það þá rjett á að fá ágrein-

ingsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

40. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar þegar taka atkvæðakassann, án þess að opna hann, og að meðkjörstjórum, þingmannaefnum og umboðsmönnum þeirra ásjáandi, vefja ljerefti eða öðru slíku haldgóðu efni vandlega utan um hann á alla vegu og binda utan um; láta síðan kassann, þannig útbúinn, ofan í ljereftspoka, þann sem honum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið og pokann sem næst hnútnum; sömuleiðis eiga þingmannaefni og umboðsmenn, sem viðstaddir eru, rjett á, að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins.

Þá skal oddviti leggja í umslag sjer alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið (37. gr.), og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

41. gr.

Til alls þessa skal nota umslög, þau sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvort umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni.

42. gr.

Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórarnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, sjeu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir þingmannsefni eða umboðsmann áhrærandi kosningargjörðina, á hann rjett á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

43. gr.

Þegar búið er að loka báðum umslögunum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin leggja þau, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum, þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga þingmannaefni og umboðsmenn þeirra rjett á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með brjefið, atkvæðakassann og kjörbókina í vatnsheldum umbúðum til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

44. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógild, samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 39. og 48. gr. þessara laga, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu svo fljótt sem verða má.

45. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, kveður þá undirkjör-

stjórn til kjörfundar af nýju á þann hátt, sem mælt er fyrir um í öðrum málslið 51. gr. þessara laga.

Kosningarúrslit.

46. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningunum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin.

47. gr.

Þingmannsefni hvert hefir rjett á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er það bauð sig fram í, sje það eigi sjálft viðstatt. Að öðru leyti skal athöfn þessi fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sje ekki þingmannsefni eða umboðsmenn þess viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

48. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsiglin sjeu óskörðduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, helt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið, sem við er merkt á hverjum seðli, og rjettir hann jafnótt þingmannaefnum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sje ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers þingmannsefnis eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sje gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í 2 sjerstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti þingmannaefna og umboðsmanna, og lýsir þann kosinn, sem hlotið hefir flest atkvæði, er hún telur gild.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra rjett á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir stjórnarráðinu eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem stjórnarráðið því næst leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerk-

um og það tók við þeim. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur það einnig fyrir þingið.

49. gr.

Hafi tvö þingmannaefnin eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sje kosinn.

50. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni kjörbrjef, samið samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið segir fyrir um, og senda stjórnarráðinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

51. gr.

Nú ferst kosning fyrir í hreppi á hinum ákveðna degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt, sem verða má.

Undir eins og kjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar í hreppnum eða kaupstaðnum, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðasending eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

52. gr.

Sje atkvæðasending frá einhverjum kjörstað eigi komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 46. gr., skal yfirkjörstjórn engu síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyr en atkvæðasending, sú er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, eftir því sem auðið er, hve nær sendingin verði opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

Uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

53. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg, eða þingmannssæti autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá stjórnarráðið fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur það þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal það auglýsa fyrirskipun sína í B-deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt

tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnum þau gögn er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

54. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

55. gr.

Hvenær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrám þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

Kostnaður.

56. gr.

Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis o. fl.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

Kærur um kjörgengi.

57. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann, þann er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan 14 daga, frá því er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til stjórnarráðsins. Sendir stjórnarráðið þegar í stað annað samritið, þingmanni þeim, sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi.

II. Hlutbundnar kosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

58. gr.

Við hlutbundnar kosningar, er fram eiga að fara um land alt í einu lagi á þingmönnum til efri deildar alþingis, eiga kosningarrjett og kjörgengi

allir hinir sömu, konur og karlar, sem kosningarrjett hafa og kjörgengi samkvæmt 1.—6. gr., ef náð hafa fullum 35 ára aldri, þá er kosning fer fram, en að öðru leyti með sömu skilyrðum.

Kjörstjórn.

59. gr.

Þegar hlutbundnar kosningar eiga að fara fram á landskjörnum þingmönnum, skipar ráðherra í tæka tíð landskjörstjórn, sem situr í Reykjavík. Í henni skulu sitja þrír menn, og kjósa þeir sjer sjálfir oddvita. Jafnframt skipar ráðherra 2 menn til vara og taka þeir sæti í forföllum hinna í þeirri röð, er útnefning þeirra greinir.

Enginn má sitja í landskjörstjórn, sem er þingmannsefni við þá kosning. Landskjörstjórn undirbýr kosninguna. Hún skal hafa gjörðabók löggilta af stjórnarráðinu og bóka í hana allar gjörðir sínar, móttöku framboðslista, útsending og viðtöku kjörseðla, brjef, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Hlutbundnum kosningum stýra hinar sömu undirkjörstjórnir sem óhlutbundnum kosningum.

Kjörskrár.

60. gr.

Það ár, sem fram á að fara hlutbundin kosning landskjörinna þingmanna, skulu bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum semja, jafnhliða hinum árlegu kjörskrám, skrá yfir alla, þá er kosningarrjett hafa til landskosninga í kaupstaðnum eða hreppnum. Um samning, framlagning og aðfinslur við þessar kjörskrár gilda allar sömu reglur sem um hinar árlegu kjörskrár. Um aukakjörskrár til þessarar kosningar gilda og hinar sömu reglur sem um hinar árlegu aukakjörskrár.

Kjördagur, þingmannaefni, umboðsmenn.

61. gr.

Kjördagur skal að jafnaði vera 1. júlí eða næsta virkan dag á eftir, ef 1. júlí ber upp á helgan dag, árið áður en skifti verða á landskjörnum þingmönnum í efri deild. 8 vikum fyrir kjördag skulu landskjörstjórninni í Reykjavík afhentir listar með nöfnum þingmannaefna, þeirra sem fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknuð svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja listanum til landskjörstjórnar. Berist landskjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burtu af listanum og eigi prenta það á þann lista. Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá nema nafnið burtu af öllum listunum.

A framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn þingmannaefna en kjósa á þingmenn í hvert skifti, með því að aðalþingmenn og varaþingmenn skulu kosnir á sama lista, án nokkurrar greiningar fyrir fram. Gildur er framboðslisti þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 170 kjósenda í landinu um að þeir styðji þann lista. Af þessum kjósendum skulu að minsta kosti 60 vera úr fyrverandi Suðuramti, 30 úr fyrverandi Austuramti og 40 úr fyrverandi Norðuramti og Vesturamti, hvoru um sig.

Listar skulu afhentir formanni landskjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá með bókstöfunum A, B, C o. s. frv., eftir því sem þeir berast honum.

62. gr.

Á hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum viðvikjandi, er landskjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum umboð til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð á hinum einstöku kjörstöðum, til þess að gæta þess að alt fari löglega fram. En skyldir eru þeir að hlýða fundarreglum, er kjörstjórnir setja.

Undirbúningur af hálfu landskjörstjórnar.

63. gr.

Oddviti landskjörstjórnar skal kveðja landskjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er frestur sá, sem settur er í 61. gr. fyrir afhending framboðslista, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Sjeu gallar, er landskjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal landskjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þingmannaefna á hverjum lista og bókstaf hvers lista. En hafi eigi nema einn listi, er gildur er tekinn, komið til landskjörstjórnarinnar í tæka tíð, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir landskjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

64. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir

upp þannig, að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefnanna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera skammstafað, á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr strik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannaefnanna á hverjum lista aðskilin með þverstrikum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess striks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappír, og skal landskjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða kjörstjórnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

65. gr.

Áður en framboðsfrestur er liðinn, skal stjórnarráðið senda landskjörstjórn skrá, er sýni tölu kjósenda í hverju lögsagnarumdæmi landsins. Svo löngu fyrir kjördag, að vissa sje fyrir að seðlarnir komi í tæka tíð, skal landskjörstjórn senda sýslumönnum og bæjarfógetum í ábyrgðarsendingu jafnmarga kjörseðla og kjósendur eru í lögsagnarumdæmi hvers þeirra og 10% umfram, ásamt hæfilega mörgum listum með nöfnum þingmannaefna. Þeirri sendingu skulu og fylgja nægilega mörg umslög til handa kjörstjórnum, eins og um getur í 22. gr. laga þessara.

Þegar eftir móttöku þessarar sendingar sendir sýslumaður eða bæjarfógeti kjörstjórnum þeim öllum, sem eru í lögsagnarumdæmi hans, með hraðboða, ef á þarf að halda, jafnmarga kjörseðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hverju umdæmi og 10% umfram. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er sýslumaður eða bæjarfógeti innsiglar með embættisinnsigli sínu, svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlunum, án þess að brjóta innsiglið. Geyma skal svo kjörstjórn kjörseðlaböggul óopnaðan til kjörfundar. Brjóti nokkur innsigli fyrir kjörseðlasendingu eða hefti ferð hennar af ásettu ráði, varðar það sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Kjörstaður, kjörherbergi og atkvæðakassar.

66. gr.

Um kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakassa fer eftir fyrirmælum 24.—26. greinar í lögum þessum.

Kosningarathöfnin.

67. gr.

Kosning fer fram á þann hátt, sem segir í 27.—45. gr. laga þessara, með þeirri breytingu, að kjósandi markar kross, rjettan kross eða skákross,

við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði, en að öðru leyti fer eftir því sem samrýmst getur fyrirmælum nefndra lagagreina. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista, þeim er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega vera hvort heldur þverstrik eða langstrik yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölstafinn við nöfnin og útstrikun nafna, skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig samanbrotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi hagga neitt við hinum listunum, sem hann ekki kýs, hvorki strika út á þeim eða setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki önnur en tjeð kosningarmerki á lista, þann sem hann kýs, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

Jafnskjótt og kosningu er lokið, skal kjörstjórnin senda atkvæðakassann, eftirrit af kjörbókinni og önnur þau plögg, sem getur um í 43. gr. laga þessara, til sýslumanns eða bæjarfógeta, þess er lögsögu hefir yfir þeim kjörstað, þótt í öðru kjördæmi sje. Þá er hann hefir meðtekið alla atkvæðakassana úr lögsagnarumdæmi sínu, kveður hann til tvo votta, svo og umboðsmenn listanna, ef tilnefndir hafa verið, en sje svo eigi, tilnefnir hann auk þeirra einn valinkunnan mann fyrir hvern lista. Í viðurvist þessara manna opnar hann alla atkvæðakassana, eftir að hann ásamt þeim hefir rannsakað ástand kassanna með umbúðum; tæmir síðan kassana, telur seðlana, án þess að skoða nokkurn seðil, og lætur þá í einn kassa, er sje svo stór að hann taki alla seðlana. Að því búnu skal loka kassanum, láta hann í sterkan vatnsheldan poka, binda vandlega fyrir og forsigla hann með embættisinnsiglinu, og senda hann síðan sem ábyrgðarsendingu með fyrstu póstferð eða póstskipsferð til landskjörstjórnarinnar í Reykjavík. Sendingunni skal fylgja brjef og endurrit af kjörbókum kjörstjórnanna, svo og lykill að kassanum í sjerstöku forsigluðu umslagi. Alt það, sem gerst hefir, svo sem skoðun og lýsing á sendingunum frá undirkjörstjórnum, skýrsla um tölu seðla, þeirra sem í kassanum eru o. s. frv., skal bókað í yfirkjörstjórnarbók kjördæmis þess, sem sýslumaður eða bæjarfógeti er búsettur í, og skal endurrit úr henni fylgja sendingunni.

68. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns eða bæjarfógeta sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í landinu og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta fylgi eftirritinu af kjörbókinni.

Kosningarúrslit.

69. gr.

Landskjörstjórnin í Reykjavík skal boða með viku fyrirvara, að minsta kosti, stað og stund, hvenær hún kemur saman til þess að opna atkvæðakassa og telja saman atkvæði. Umboðsmenn hvers lista, sem í kjöri er, eiga rjett á að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir, þegar atkvæðasendingar eru opnaðar og atkvæði saman talin. Sjeu ekki viðstaddir umboðsmenn fyrir hvern lista, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

70. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar landskjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverju lögsagnarumdæmi, eftir að umboðsmönnum hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli sjeu ósködduð. Jafnskjótt og hver atkvæðasending er opnuð, skulu kjörseðlar, þeir sem í henni eru, látnir óskoðaðir í hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir kjörseðlakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að kjörseðlarnir blandist vel saman. Því næst opnar formaður landskjörstjórnarinnar ílátið, tekur upp einn og einn seðil í einu og les upp listabókstaf, þann er hefir verið við krossað á kjörseðlinum. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fulltrúum listanna, og leggur þá svo frá sjer, þannig að þeir kjörseðlar, sem sami listabókstafur er auðkendur á, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hve margir seðlar fari í hvern bunka.

71. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,
4. sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
5. notað annan seðil en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir meingallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðamagn listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu, þeirra er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum, þeim er sýslumenn og bæjarfógetar gefa, samkvæmt 67. gr., um kjörseðlafjölda úr hverju lögsagnarumdæmi. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

72. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni ásamt varaþingmönnum hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn og varaþingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka, þau sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti landskjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu, þeirri er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna og varaþingmanna sem á að kjósa, þannig að það sje jafnt tölu, þeirra sem kjósa á, að frádreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupphæðina á hverjum lista, eru aðalþingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

73. gr.

Hver listi, sem hlotið hefir landskjörinn þingmann eða þingmenn, hefir rjett til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, er ekki hefir hlotið aðalþingmann, hefir ekki rjett til varamanns, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og aðalþingmennina, þannig að þeir eru tilnefndir varaþingmenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn eða varaþingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

Síðan lýsir landskjörstjórnin yfir því, hvernig kosning hefir fallið, gefur þingmönnum kjörbrjef og varaþingmönnum skilríki fyrir því, að þeir sjeu kjörnir til þess starfs. Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli landskjörstjórnar, og eiga umboðsmenn framboðslista einnig rjett til að setja innsigli sín fyrir þau.

Landskjörstjórn sendir síðan landsstjórninni eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, en stjórnin leggur þá fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og þeir bárust henni. Eftirritið af kjörbókinni og önnur kjörgögn leggur landsstjórnin einnig fyrir þingið.

74. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi sýslumanni, er tilkynnir það landskjörstjórninni, er þá sendir nýja kjörseðla svo fljótt sem verða má. Undir eins og kjörstjórn fær hina nýju kjörseðla, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili. Komi atkvæðasending eigi til skila til hlutaðeigandi sýslumanns eða til landskjörstjórnar, eftir að kosning hefir farið fram, lætur landskjörstjórn nýjar kosningar fara fram í hreppnum eða lögsagnarumdæminu á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

75. gr.

Sje atkvæðasending úr einhverju lögsagnarumdæmi eigi komin til landskjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 69. gr., skal fresta upptalningu atkvæða þar til atkvæðasendingin er komin. Komi atkvæðasending ekki í tæka tíð, er stjórnarráðinu skylt að gjöra þær ráðstafanir til að ná atkvæðasendingunni, sem landskjörstjórn óskar. Auglýsa skal umboðsmönnnum listanna, eftir því, sem auðið er, hvenær atkvæði verða talin upp, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

76. gr.

Nú deyr einhver landskjörinna þingmanna eða fer frá áður en kjörtímabil hans er á enda, og tekur þá sæti hans sá varaþingmaður, sem næsta hafði atkvæðatölu á þeim lista, er hinn dáni eða fráfarni var kosinn á. Hafi hlutaðeigandi varaþingmaður verið kosinn alþingismaður í einhverju kjördæmi, tekur hann engu síður autt sæti aðalmanns, en stjórnarráðið hlutast til um nýja kosningu í því kjördæmi, er hann var fulltrúi fyrir. Nú er enginn varamaður til á lista, til að taka autt sæti aðalþingmanns, og fyrirskipar þá stjórnarráðið kosning á þeim þingmanni eða þingmönnum og varaþingmönnum, er vanta í hið auða eða hin auðu sæti, svo fljótt sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveður kjördag, og má stytta fresti þá, er ákveðnir eru í lögum þessum, ef þörf gerist. Að öðru leyti fer um hina nýju kosning eins og lög þessi mæla fyrir um kosning landskjörinna þingmanna. Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni eða hinir nýkosnu koma í staðinn fyrir.

77. gr.

Kjörstjórnir fá borgun fyrir starf sitt og tilkostnað samkvæmt 56. gr. Sýslumenn og bæjarfógetar fá kostnað sinn til sendiferða, ritfanga o. fl. greiddan úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Kjörstjórar í landskjörstjórn eiga rjett á að fá hæfilega þóknun fyrir starf sitt, svo og kostnað við útbúning kjörseðla, sendi-

ferðir, húsnæði o. fl., eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar, og greiðist sá kostnaður úr landssjóði.

78. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan tveggja mánaða frá því, er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni landskjörstjórnar kæru í tveimur samritum og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til stjórnarráðsins. Sendir stjórnarráðið þegar í stað annað samritið þingmanni, þeim sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi, sem úrskurðar kosninguna.

III. Almenn ákvæði.

79. gr.

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 6. hvert ár.

Þá er almennar kosningar eiga fram að fara, af því að liðinn er kjörtími landskjörinna þingmanna til efri deildar eða kjördæmakosinna alþingismanna, skipar konungur fyrir um nýjar kosningar.

80. gr.

Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð, og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 króna sekt fyrir hvern dag, er fram yfir líður. Stjórnarráðið úrskurðar dagsektir og gerir ráðstafanir til að þær verði innheimtar með lögtaki, og getur það á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs, þess er í hlut á, gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, til þess að kjörskrá sje samin svo fljótt, sem kostur er á.

81. gr.

Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10 til 200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

82. gr.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosning til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rjetti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

83. gr.

Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósenda, meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðisseðil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í kjörkassann, skal sæta sektum eða fangelsi.

Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða gjöri sig

seka í frekari rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, ef miklar sakir eru. Sömu hegningu skal það varða, ef einhver af ásettu ráði tefur fyrir sending atkvæðakassa eða skemmir eða glatar atkvæðasending.

84. gr.

Hver sem býr til kjörseðla er líkjast kjörseðlum, þeim er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sjer, svo að aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

85. gr.

Með lögum þessum eru feld úr gildi:

Lög nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

Lög nr. 15, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um kosningar til Alþingis frá 3. október 1903.

Lög nr. 18, 20. október 1913, um breyting á lögum nr. 18, 3. okt. 1903, um kosningar til Alþingis.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis nýju stjórnarskipunarlögunum.

Ákvæði um stundarsakir.

Kosning á þeim 6 landskjörnu þingmönnum til efri deildar og 6 varamönnum, sem fram á að fara í fyrsta skipti eftir að lög þessi öðlast gildi, skal fara fram í síðari hluta marsmánaðar 1915, en kosning hinna 34 þingmanna, er kjósa á í kjördæmum landsins, fer fram 1.—10. júní sama ár.

Við kosningar þessar skal fara eftir þeim kjörskrám og aukakjörskrám, sem semja á samkvæmt 9., 11. og 60. gr. laga þessara, í janúar og maímánuðum næsta ár, en í þetta skifti skal á kjörskránum tilgreina við alla, þá sem hafa ekki öðlast kosningarrjett þann dag, er kjörskráin er lögð fram, þann dag, sem hver þeirra öðlast kosningarrjettinn, og hafa þeir þá rjett til að greiða atkvæði, ef þeir fullnægja skilyrðum fyrir kosningarrjetti á kjördegi.

Konungur ákveður kjördaginn innan þeirra takmarka, sem að framan eru sett, og skipar fyrir um kosningarnar, og má stjórnarráðið, ef þurfa þykir, stytta alla fresti um framlagning kjörskrár, um kærur og úrskurði um kosningarrjett.

Ed. **507. Frumvarp**

til laga um atkvæðagreiðslu við alþingiskosningar þeirra manna, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þegar kosning fer fram.

(Eftir 2. umr. í Ed).

1. gr.

Sjómenn og aðrir, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og eigi geta sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað, samkvæmt fyrirmælum kosningarlaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis á þann hátt, að þeir senda hreppstjóra eða bæjarfógeta í því umdæmi, þar sem þeir standa á kjörskrá, atkvæðaseðil samkvæmt reglum þeim, er settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Stjórnarráðið annast um útvegun kjörseðla, svo og fylgibrjefa þeirra og umslaga, er þar til heyra, á kostnað landssjóðs. Kjörgögn þessi skulu ætíð fást hjá öllum lögreglustjórum, umboðsmönnum þeirra og hreppstjórum, og skulu að jafnaði vera nægar birgðir af þeim á hverju íslensku skipi.

Eyðublöð undir kjörseðla skulu vera úr haldgóðum hvítum pappír án nokkurrar áletrunar eða einkenna.

Umslögin um þá skulu vera ógagnsæ og hæfilega stór.

Eyðublöð undir fylgibrjefin með kjörseðlunum og vottorð þau, sem heimtuð eru, semur stjórnarráðið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því að eins gild, að notaðir sjeu hinir fyrirskipuðu atkvæðaseðlar, umslög og fylgibrjef.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar á atkvæðaseðilinn nafn þess þingmannsefnis eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Verði hlutbundnar kosningar lögteknar, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, mega ekki greiða atkvæði fyrr en framboðsfrestur þingmannaefna — eða lista — samkvæmt kosningarlögunum er liðinn, og telst atkvæðið greitt þann dag, er fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðillinn gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal í einrúmi og án þess að nokkur sjái, rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis eða

þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa, eða listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosning er, ef hann vill — á kjörseðilinn, leggja hann því næst inn í þar til gert umslag og líma það aftur. Hann útfyllir því næst og undirskrifar fylgibrjefið, en kjörseðilinn má hann ekki undirskrifa.

Í fylgibrjefinu skal kjósandinn gefa nákvæmar upplýsingar um nafn sitt, stöðu og heimili í hreppnum eða kaupstaðnum, svo og um þau atvik, er því valda, að hann getur ekki mætt sjálfur á kjörstaðnum til að greiða atkvæði, og skal hann jafnframt staðfesta með drengskaparvottorði, að hann þvingunarlaust, í einrúmi og án þess nokkur maður hafi sjeð, hafi útfylt kjörseðilinn, lagt hann í umslagið og límt það aftur.

Á fylgibrjefið skal vera ritað vottorð um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfyltur í einrúmi. Vottorð þetta á að vera undirritað af skipstjóra á íslensku skipi ásamt einum manni af skipshöfninni sem tilkvöddum vitundarvotti, ef kjósandi er sjómaður, eða af sýslumanni, umboðsmanni hans eða hreppstjóra.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til sýslumanns, umboðsmanns hans eða hreppstjóra, þá skal vottorðið gefið af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Þá er vottorðið er gefið af skipstjóra eða þeim, er í hans stað gengur á skipinu, skal geta um atkvæðagreiðsluna í dagbók skipsins; þar skal skýrt frá fullu nafni kjósandans, í hvaða umdæmi hann stendur á kjörskrá og hver hafi verið tilkvaddur sem vitni að undirskrift hans.

Umslagið með kjörseðlinum og fylgibrjefið skal kjósandinn því næst láta í sjerstakt þar til gert umslag, loka því og rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins.

5. gr.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð; skal geta þess við hvert brjef, hvenær tekið hafi verið á móti því og setja á það tilsvarandi tölunúmer.

Skrá þessa ásamt brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin í hendur henni áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

6. gr.

Áður en atkvæðagreiðsla byrjar opnar kjörstjórnin fylgibrjefin, rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo reynist, setja meðkjörstjórarnir merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða að hann sje búinn að greiða atkvæði eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórnin hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan

kjördegi, leggur kjörstjórnin umslagið með atkvæðaseðlinum og fylgibrjefið aftur inn í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er annað en fylgibrjefið og eitt umslag, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafa verið notuð þau umslög og eyðublöð, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir þeim reglum við atkvæðagreiðsluna, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Þau atkvæðaumslög, sem tekin eru gild, eru því næst lögð í atkvæðakassann um leið og atkvæðagreiðsla byrjar.

Þau umslög, sem kjörstjórninni eru afhent eftir að atkvæðagreiðsla er byrjuð, eru rannsökuð á sama hátt öll í einu, og þau, sem gild eru tekin, lögð í kjörkassann áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt þessum lögum eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.
2. Þegar í atkvæðaumslaginu er annað en einn atkvæðaseðill.
3. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðsluna atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir látið gjöra, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr. eða á seðilinn eru sett strik eða merki, er ætla má að sjeu sett, til þess að gjöra hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi, auk listabókstafsins, orðið: »listabókstafur«, ef ekki verður álitið, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi skal gæta þess, að til sjeu á skipinu nægar birgðir af eyðublöðum undir kosningaseðla, og fylgibrjef með tilheyrandi umslögum, og í hibýlum skipshafnarinnar á skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur stjórnarráðið útdráttinn. Enn fremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um aðstoð við atkvæðagreiðsluna eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því að eins að nauðsynleg störf á skipinu, sem ekki þola bið, hindri. Brot gegn þessu varðar alt að 100 kr. sektum, er renna í landssjóð.

9. gr.

Fyrir afhending kjörseðla og vottorð þau, er ræðir um í þessum lögum, greiðast engin gjöld.

10. gr.

Að öðru leyti gilda reglur kosningalaganna um kosningar þær, er í lögum þessum getur, að því leyti sem þær geta við átt.

Ed. **508. Frumvarp**

til laga um kosningar til Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. Kjördæmakosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr.

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis allir karlar og konur, sem fædd eru á Íslandi eða hafa átt þar lögheimili síðastliðin 5 ár, hafa óflekkað mannorð, og eru 25 ára að aldri þegar kosning fer fram. Þó öðlast konur og þeir karlmenn, sem ekki hafa haft kosningarrjett stöðu sinnar vegna samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, ekki öll í einu kosningarrjettinn, heldur þannig, að þegar samdar eru alþingiskjörskrár fyrsta sinn eftir að lög þessi öðlast gildi, skal setja á kjörskrá þá eina af þessum nýju kjósendum, sem eru 40 ára að aldri eða eldri. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og þannig framvegis lækka aldurstakmarkið um eitt ár í hvert skifti, þar til komið er niður í 25 ára aldur.

Útsvarsgreiðsla er úr lögum numin sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, og ber því ekki að telja þá menn nýja kjósendur, sem fullnægt hafa kosningarskilyrðum, þegar lög þessi öðlast gildi, að öðru leyti en því að greiða nægilega hátt útsvar.

2. gr.

Enginn verður talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sje hann eigi fjár síns ráðandi eða sje bú hans undir skiftameðferð sem þrotabú. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan ekki kosningarrjett sinn fyrir því.

4. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett sem þiggur af sveit, eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár.

Sá sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarrjettar síns.

6. gr.

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar til Alþingis er hver sá karlmaður eða kvenmaður, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi. Þetta tekur þó eigi til þeirra dómenda, er skipa landsyfirrjettinn, þá er hin nýja stjórnarskrá gengur í gildi. Enn fremur er heimilisfesta innanlands skilyrði fyrir kjörgengi annara en þeirra, sem setu áttu á Alþingi, þá er lög þessi öðlast gildi. Kjósa má mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir átt þar heima skemur en 1 ár.

Kjörstjórnir.

7. gr.

Í hverjum hreppi skal vera kjörstjórn, og sitja í henni hreppstjóri (sjeu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Hreppstjóri skal vera oddviti kjörstjórnar. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórnin kjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn kjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild. Kjörstjórnir velja sjer sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sjer verkum.

8. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn.

Þar er sýslumaður eða bæjarfógeti er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Að öðrum kosti skipar landsstjórnin oddvita, er sje kjósandi í kjördæminu, og annan til vara.

Hina yfirkjörstjórana kjósa sýslunefndir eða bæjarstjórnir, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn í kjöri við alþingiskosning í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.

Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sjeu varamennirnir báðir úr flokki sýslunefndar eða bæjarstjórnar, þá sá er eldri er. Nú víkur oddviti sæti úr yfirkjörstjórninni meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af stjórnarráðinu, og bóka í hana allar gerðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Samning kjörskrár.

9. gr.

Kjörskrá til óhlutbundinna kosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Nú hefir bæjarstjórn skift kaupstað í kjördeildir, og skal þá semja sjerstaka kjörskrá yfir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í janúarmánuði ár hvert, og gildir frá 1. júlí það ár til 30. júní næst á eftir að báðum dögum meðtöldum. Hún skal vera fullbúin 1. febrúarmán. og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað.

10. gr.

Á kjörskrá skal taka alla, þá er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrjett hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fullnægja skilyrðum fyrir því, að geta neytt kosningarrjettar fyrir 1. júlímán. næst á eftir. Rita skal í sjerstaka dálka fult nafn kjósenda eftir stafrófsröð, heimili, stjett og aldur.

11. gr.

Í fyrri hluta maímánaðar ár hvert skal semja aukakjörskrá, og skulu á hana settir þeir, sem að vísu hafa ekki kosningarrjett þegar kjörskráin gengur í gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum fyrir kosningarrjetti einhverntíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrjett. Á þá skrá skulu þeir og settir, er eigi var vitanlegt um, þegar aðalkjörskrá var samin, að þeir mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí, og sömuleiðis þeir kjósendur, er láðst hefir að setja á aðalkjörskrá, og einhverra orsaka vegna hafa ekki átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

12. gr.

Fjórtán dögum áður en aðalkjörskrá er fram lögð, skal auglýsa, hvar það verður gert, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

13. gr.

Áður en þrjár vikur eru liðnar frá því er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sje slept af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sje kæran um það, að einhver sje á skrá tekinn, sem eigi hafi rjett til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda, þeim er kærður er, eftirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

14. gr.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem

haldinn sje áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðiljar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar.

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá, þá sem um ræðir í 11. gr., skal fara sem við aðalkjörskrána, en þó þannig, að frestir allir sjeu $^1/_3$ styttri og að samrit aukakjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gerð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn.

15. gr.

Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar, þeirrar er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra stjórnarráðinu frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti.

16. gr.

Sá sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Rjettargjöld skulu engin greidd fyrir undirrjetti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

17. gr.

Samkvæmt aðalkjörskrám og aukakjörskrám skulu allar kosningar til Alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (11. gr.), hafa rjett til að greiða atkvæði, ef þeir hafa fyrir kjördag fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftar en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

18. gr.

Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboði skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku, um að þeir styðji kosningu þess.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni, en Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

Enginn má gefa kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi við sömu kosningar. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu 3 sólarhringum fyrir það tímamark, og má þá annar maður innan 8 daga bjóða sig fram til þingmensku, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Ef fresta þarf kosningu í kjördæminu af þessum ástæðum, stofnar stjórnarráðið til nýrrar kosningar á þann hátt, sem fyrir er mælt í 53. gr. laga þessara.

19. gr.


Hvert þingmannsefni á rjett á, sje hann eigi sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hreppi umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rjett til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

20. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (18. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir umdæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæminu en kjósa skal, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefnið kosið eða þingmannaefnin kosin. Stjórnarráðið annast prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnum. Kjörseðlar skulu búnir til úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannaefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannaefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Eigi skal fullgera fleiri seðla en þá, er sendir verða kjörstjórnum í hreppunum, og skal yfirkjörstjórn forðast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá.

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje $2^1/_2$ cm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3 cm. á breidd, og í honum miðjum hvítir kringlóttir reitir, $^1/_2$ cm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



Kjörseðla skal yfirkjörstjórn brjóta saman áður en hún sendir þá frá sér, og skulu þeir vera svo brotnir að óprentaða hliðin snúi út, svo að letrið á þeim sjáist ekki. Þeir skulu og vera svo brotnir, að auða rönd seðilsins falli á svarta borðann, enda skal svo frá broti gengið, að auðvelt sé að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

21. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sje að senda hraðboða með þá, en kjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10%

fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum, án þess að brjóta innsiglið.

22. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fóðruð sterku ljerefti og með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 4 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: »ógildir seðlar« og á tvö: »afgangsseðlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hvorri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin sjeu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt ljereftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

Kjördagur.

23. gr.

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn fyrsti vetrardagur.

Bæði er þetta á sjer stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

24. gr.

Kjörstaður í hverjum hreppi skal að jafnaði vera þingstaður hreppsins. Ef gallar á herbergjum á þingstaðnum eða önnur atvik gera það torvelt, að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sje sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sje kjörþing haldið annarsstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

25. gr.

Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sje eigi á slíku völ, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað sjeð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sje auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöð-

um fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

26. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti atkvæðakassana, er landsstjórn hefir útvegað í fyrstu á kostnað landssjóðs. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sje 15,7 cm. löng, 6,5 mm. við að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir ljereftspokar, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana, er kjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar.

Ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, kostar sveitar- eða bæjarsjóður þá endurnýjun.

Kosningarathöfnin.

27. gr.

Á hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir kjörstjórarnir; sjeu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar.

28. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

29. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 19. gr.), sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

30. gr.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul, þann sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn, þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í brjefi því, er yfirkjörstjórnin skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

31. gr.

Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörslu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sje ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger að fá inn með sjer 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sje sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

32. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns eða bæjarfógeta sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu, og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta fylgi endurritinu af kjörbókinni.

33. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið), að borði, því er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með svörtum stimpli, sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 cm. að þvermáli. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn, svo að hvergi sjer í hann auðan, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman í sama brot, er hann var í, er hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni útvega stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 26. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sje eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn metur gilda ástæðu, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

34. gr.

Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftir-

rit af kjörskránni og gjöra merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

35. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra gæta þess, að kassinn sje tómur, og síðan læsa honum.

36. gr.

Engin merki má á seðilinn gera, önnur en að stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún svarta bordans, er slíkur seðill ógildur.

37. gr.

Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur, og má eigi leggja hann í atkvæðakassann. Sama er og ef kjósandi setur skakt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá. Hvort heldur af þessu á sjer stað, skulu seðlarnir afhentir kjörstjórninni, sem skráir athugasemd um það í kjörbókinni. Skulu þessir kjósendur því næst víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og atkvæðagreiðslunni haldið áfram uns allir kjósendur, þeir er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, uns atkvæðagreiðslu er lokið.

38. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða 1/4 klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 3 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum, nema allir kjósendur sem á kjörskrá standa hafi neytt atkvæðisrjettar.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 37. gr., fyrri málsgrein, og þeim fengnir nýjir seðlar, til að greiða atkvæði á, á meðan seðlaforðinn endist.

39. gr.

Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna eiga rjett á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sjer lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina, það er honum þykir áfátt.

Nú þykir þingmannsefni eða umboðsmanni þess eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrjett, og á það þá rjett á að fá ágrein-

ingsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

40. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar þegar taka atkvæðakassann, án þess að opna hann, og að meðkjörstjórum, þingmannaefnum og umboðsmönnum þeirra ásjáandi, vefja ljerefti eða öðru slíku haldgóðu efni vandlega utan um hann á alla vegu og binda utan um; láta síðan kassann, þannig útbúinn, ofan í ljereftspoka, þann sem honum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið og pokann sem næst hnútnum; sömuleiðis eiga þingmannaefni og umboðsmenn, sem viðstaddir eru, rjett á, að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins.

Þá skal oddviti leggja í umslag sjer alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið (37. gr.), og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

41. gr.

Til alls þessa skal nota umslög, þau sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvort umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni.

42. gr.

Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórarnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, sjeu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir þingmannsefni eða umboðsmann áhrærandi kosningargjörðina, á hann rjett á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

43. gr.

Þegar búið er að loka báðum umslögunum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin leggja þau, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum, þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga þingmannaefni og umboðsmenn þeirra rjett á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með brjefið, atkvæðakassann og kjörbókina í vatnsheldum umbúðum til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

44. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógild, samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 39. og 48. gr. þessara laga, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu svo fljótt sem verða má.

45. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, kveður þá undirkjör-

stjórn til kjörfundar af nýju á þann hátt, sem mælt er fyrir um í öðrum málslið 51. gr. þessara laga.

Kosningarúrslit.

46. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningunum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin.

47. gr.

Þingmannsefni hvert hefir rjett á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er það bauð sig fram í, sje það eigi sjálft viðstatt. Að öðru leyti skal athöfn þessi fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sje ekki þingmannsefni eða umboðsmenn þess viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

48. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsiglin sjeu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, helt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið, sem við er merkt á hverjum seðli, og rjettir hann jafnótt þingmannaefnum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sje ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers þingmannsefnis eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sje gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í 2 sjerstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti þingmannaefna og umboðsmanna, og lýsir þann kosinn, sem hlotið hefir flest atkvæði, er hún telur gild.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra rjett á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir stjórnarráðinu eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem stjórnarráðið því næst leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerk-

um og það tók við þeim. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur það einnig fyrir þingið.

49. gr.

Hafi tvö þingmannaefnin eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sje kosinn.

50. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni kjörbrjef, samið samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið segir fyrir um, og senda stjórnarráðinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

51. gr.

Nú ferst kosning fyrir í hreppi á hinum ákveðna degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt, sem verða má.

Undir eins og kjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar í hreppnum eða kaupstaðnum, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðasending eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

52. gr.

Sje atkvæðasending frá einhverjum kjörstað eigi komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 46. gr., skal yfirkjörstjórn engu síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyr en atkvæðasending, sú er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, eftir því sem auðið er, hve nær sendingin verði opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

Uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

53. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg, eða þingmannssæti autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá stjórnarráðið fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur það þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal það auglýsa fyrirskipun sína í B-deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt

tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnum þau gögn er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

54. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

55. gr.

Hvenær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrám þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

Kostnaður.

56. gr.

Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis o. fl.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

Kærur um kjörgengi.

57. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann, þann er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan 14 daga, frá því er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til stjórnarráðsins. Sendir stjórnarráðið þegar í stað annað samritið, þingmanni þeim, sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi.

II. Hlutbundnar kosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

58. gr.

Við hlutbundnar kosningar, er fram eiga að fara um land alt í einu lagi á þingmönnum til efri deildar alþingis, eiga kosningarrjett og kjörgengi

allir hinir sömu, konur og karlar, sem kosningarrjett hafa og kjörgengi samkvæmt 1.—6. gr., ef náð hafa fullum 35 ára aldri, þá er kosning fer fram, en að öðru leyti með sömu skilyrðum.

Kjörstjórn.

59. gr.

Þegar hlutbundnar kosningar eiga að fara fram á landskjörnum þingmönnum, skipar ráðherra í tæka tíð landskjörstjórn, sem situr í Reykjavík. Í henni skulu sitja þrír menn, og kjósa þeir sjer sjálfir oddvita. Jafnframt skipar ráðherra 2 menn til vara og taka þeir sæti í forföllum hinna í þeirri röð, er útnefning þeirra greinir.

Enginn má sitja í landskjörstjórn, sem er þingmannsefni við þá kosning. Landskjörstjórn undirbýr kosninguna. Hún skal hafa gjörðabók löggilta af stjórnarráðinu og bóka í hana allar gjörðir sínar, móttöku framboðslista, útsending og viðtöku kjörseðla, brjef, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Hlutbundnum kosningum stýra hinar sömu undirkjörstjórnir sem óhlutbundnum kosningum.

Kjörskrár.

60. gr.

Það ár, sem fram á að fara hlutbundin kosning landskjörinna þingmanna, skulu bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum semja, jafnhliða hinum árlegu kjörskrám, skrá yfir alla, þá er kosningarrjett hafa til landskosninga í kaupstaðnum eða hreppnum. Um samning, framlagning og aðfinslur við þessar kjörskrár gilda allar sömu reglur sem um hinar árlegu kjörskrár. Um aukakjörskrár til þessarar kosningar gilda og hinar sömu reglur sem um hinar árlegu aukakjörskrár.

Kjördagur, þingmannaefni, umboðsmenn.

61. gr.

Kjördagur skal að jafnaði vera 1. júlí eða næsta virkan dag á eftir, ef 1. júlí ber upp á helgan dag, árið áður en skifti verða á landskjörnum þingmönnum í efri deild. 8 vikum fyrir kjördag skulu landskjörstjórninni í Reykjavík afhentir listar með nöfnum þingmannaefna, þeirra sem fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknuð svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja listanum til landskjörstjórnar. Berist landskjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burtu af listanum og eigi prenta það á þann lista. Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá nema nafnið burtu af öllum listunum.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn þingmannaefna en kjósa á þingmenn í hvert skifti, með því að aðalþingmenn og varaþingmenn skulu kosnir á sama lista, án nokkurrar greiningar fyrir fram. Gildur er framboðslisti þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 170 kjósenda í landinu um að þeir styðji þann lista. Af þessum kjósendum skulu að minsta kosti 60 vera úr fyrverandi Suðuramti, 30 úr fyrverandi Austuramti og 40 úr fyrverandi Norðuramti og Vesturamti, hvoru um sig.

Listar skulu afhentir formanni landskjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá með bókstöfunum A, B, C o. s. frv., eftir því sem þeir berast honum.

62. gr.

Á hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum viðvíkjandi, er landskjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum umboð til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð á hinum einstöku kjörstöðum, til þess að gæta þess að alt fari löglega fram. En skyldir eru þeir að hlýða fundarreglum, er kjörstjórnir setja.

Undirbúningur af hálfu landskjörstjórnar.

63. gr.

Oddviti landskjörstjórnar skal kveðja landskjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er frestur sá, sem settur er í 61. gr. fyrir afhending framboðslista, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og átvik leyfa. Sjeu gallar, er landskjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal landskjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þingmannaefna á hverjum lista og bókstaf hvers lista. En hafi eigi nema einn listi, er gildur er tekinn, komið til landskjörstjórnarinnar í tæka tíð, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir landskjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

64. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir

upp þannig, að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefnanna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera skammstafað, á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr strik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannaefnanna á hverjum lista aðskilin með þverstrikum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess striks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappír, og skal landskjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða kjörstjórnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

65. gr.

Áður en framboðsfrestur er liðinn, skal stjórnarráðið senda landskjörstjórn skrá, er sýni tölu kjósenda í hverju lögsagnarumdæmi landsins. Svo löngu fyrir kjördag, að vissa sje fyrir að seðlarnir komi í tæka tíð, skal landskjörstjórn senda sýslumönnum og bæjarfógetum í ábyrgðarsendingu jafnmarga kjörseðla og kjósendur eru í lögsagnarumdæmi hvers þeirra og 10% umfram, ásamt hæfilega mörgum listum með nöfnum þingmannaefna. Þeirri sendingu skulu og fylgja nægilega mörg umslög til handa kjörstjórnum, eins og um getur í 22. gr. laga þessara.

Þegar eftir móttöku þessarar sendingar sendir sýslumaður eða bæjarfógeti kjörstjórnum þeim öllum, sem eru í lögsagnarumdæmi hans, með hraðboða, ef á þarf að halda, jafnmarga kjörseðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hverju umdæmi og 10% umfram. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er sýslumaður eða bæjarfógeti innsiglar með embættisinnsigli sínu, svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlunum, án þess að brjóta innsiglið. Geyma skal svo kjörstjórn kjörseðlaböggul óopnaðan til kjörfundar. Brjóti nokkur innsigli fyrir kjörseðlasendingu eða hefti ferð hennar af ásettu ráði, varðar það sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Kjörstaður, kjörherbergi og atkvæðakassar.

66. gr.

Um kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakassa fer eftir fyrirmælum 24.—26. greinar í lögum þessum.

Kosningarathöfnin.

67. gr.

Kosning fer fram á þann hátt, sem segir í 27.—45. gr. laga þessara, með þeirri breytingu, að kjósandi markar kross, rjettan kross eða skákross,

við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði, en að öðru leyti fer eftir því sem samrýmst getur fyrirmælum nefndra lagagreina. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista, þeim er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega vera hvort heldur þverstrik eða langstrik yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölstafinn við nöfnin og útstrikun nafna, skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig samanbrotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi hagga neitt við hinum listunum, sem hann ekki kýs, hvorki strika út á þeim eða setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki önnur en tjeð kosningarmerki á lista, þann sem hann kýs, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

Jafnskjótt og kosningu er lokið, skal kjörstjórnin senda atkvæðakassann, eftirrit af kjörbókinni og önnur þau plögg, sem getur um í 43. gr. laga þessara, til sýslumanns eða bæjarfógeta, þess er lögsögu hefir yfir þeim kjörstað, þótt í öðru kjördæmi sje. Þá er hann hefir meðtekið alla atkvæðakassana úr lögsagnarumdæmi sínu, kveður hann til tvo votta, svo og umboðsmenn listanna, ef tilnefndir hafa verið, en sje svo eigi, tilnefnir hann auk þeirra einn valinkunnan mann fyrir hvern lista. Í viðurvist þessara manna opnar hann alla atkvæðakassana, eftir að hann ásamt þeim hefir rannsakað ástand kassanna með umbúðum; tæmir síðan kassana, telur seðlana, án þess að skoða nokkurn seðil, og lætur þá í einn kassa, er sje svo stór að hann taki alla seðlana. Að því búnu skal loka kassanum, láta hann í sterkan vatnsheldan poka, binda vandlega fyrir og forsigla hann með embættisinnsiglinu, og senda hann síðan sem ábyrgðarsendingu með fyrstu póstferð eða póstskipsferð til landskjörstjórnarinnar í Reykjavík. Sendingunni skal fylgja brjef og endurrit af kjörbókum kjörstjórnanna, svo og lykill að kassanum í sjerstöku forsigluðu umslagi. Alt það, sem gerst hefir, svo sem skoðun og lýsing á sendingunum frá undirkjörstjórnum, skýrsla um tölu seðla, þeirra sem í kassanum eru o. s. frv., skal bókað í yfirkjörstjórnarbók kjördæmis þess, sem sýslumaður eða bæjarfógeti er búsettur í, og skal endurrit úr henni fylgja sendingunni.

68. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns eða bæjarfógeta sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í landinu og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta fylgi eftirritinu af kjörbókinni.

Kosningarúrslit.

69. gr.

Landskjörstjórnin í Reykjavík skal boða með viku fyrirvara, að minsta kosti, stað og stund, hvenær hún kemur saman til þess að opna atkvæðakassa og telja saman atkvæði. Umboðsmenn hvers lista, sem í kjöri er, eiga rjett á að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir, þegar atkvæðasendingar eru opnaðar og atkvæði saman talin. Sjeu ekki viðstaddir umboðsmenn fyrir hvern lista, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

70. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar landskjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverju lögsagnarumdæmi, eftir að umboðsmönnum hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli sjeu ósködduð. Jafnskjótt og hver atkvæðasending er opnuð, skulu kjörseðlar, þeir sem í henni eru, látnir óskoðaðir í hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir kjörseðlakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að kjörseðlarnir blandist vel saman. Því næst opnar formaður landskjörstjórnarinnar ílátið, tekur upp einn og einn seðil í einu og les upp listabókstaf, þann er hefir verið við krossað á kjörseðlinum. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fulltrúum listanna, og leggur þá svo frá sjer, þannig að þeir kjörseðlar, sem sami listabókstafur er auðkendur á, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hve margir seðlar fari í hvern bunka.

71. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,
4. sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
5. notað annan seðil en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir meingallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðamagn listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum, þeim er sýslumenn og bæjarfógetar gefa, samkvæmt 67. gr., um kjörseðlafjölda úr hverju lögsagnarumdæmi. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

72. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni ásamt varaþingmönnum hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn og varaþingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka, þau sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti landskjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu, þeirri er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna og varaþingmanna sem á að kjósa, þannig að það sje jafnt tölu þeirra sem kjósa á, að frádreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupphæðina á hverjum lista, eru aðalþingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

73. gr.

Hver listi, sem hlotið hefir landskjörinn þingmann eða þingmenn, hefir rjett til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, er ekki hefir hlotið aðalþingmann, hefir ekki rjett til varamanns, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og aðalþingmennina, þannig að þeir eru tilnefndir varaþingmenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn eða varaþingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

Síðan lýsir landskjörstjórnin yfir því, hvernig kosning hefir fallið, gefur þingmönnum kjörbrjef og varaþingmönnum skilríki fyrir því, að þeir sjeu kjörnir til þess starfs. Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli landskjörstjórnar, og eiga umboðsmenn framboðslista einnig rjett til að setja innsigli sín fyrir þau.

Landskjörstjórn sendir síðan landsstjórninni eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, en stjórnin leggur þá fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og þeir bárust henni. Eftirritið af kjörbókinni og önnur kjörgögn leggur landsstjórnin einnig fyrir þingið.

74. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi sýslumanni, er tilkynnir það landskjörstjórninni, er þá sendir nýja kjörseðla svo fljótt sem verða má. Undir eins og kjörstjórn fær hina nýju kjörseðla, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili. Komi atkvæðasending eigi til skila til hlutaðeigandi sýslumanns eða til landskjörstjórnar, eftir að kosning hefir farið fram, lætur landskjörstjórn nýjar kosningar fara fram í hreppnum eða lögsagnarumdæminu á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

75. gr.

Sje atkvæðasending úr einhverju lögsagnarumdæmi eigi komin til landskjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 69. gr., skal fresta upptalningu atkvæða þar til atkvæðasendingin er komin. Komi atkvæðasending ekki í tæka tíð, er stjórnarráðinu skylt að gjöra þær ráðstafanir til að ná atkvæðasendingunni, sem landskjörstjórn óskar. Auglýsa skal umboðsmönnnum listanna, eftir því, sem auðið er, hvenær atkvæði verða talin upp, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

76. gr.

Nú deyr einhver landskjörinna þingmanna eða fer frá áður en kjörtímabil hans er á enda, og tekur þá sæti hans sá varaþingmaður, sem næsta hafði atkvæðatölu á þeim lista, er hinn dáni eða fráfarni var kosinn á. Hafi hlutaðeigandi varaþingmaður verið kosinn alþingismaður í einhverju kjördæmi, tekur hann engu síður autt sæti aðalmanns, en stjórnarráðið hlutast til um nýja kosningu í því kjördæmi, er hann var fulltrúi fyrir. Nú er enginn varamaður til á lista, til að taka autt sæti aðalþingmanns, og fyrirskipar þá stjórnarráðið kosning á þeim þingmanni eða þingmönnum og varaþingmönnum, er vanta í hið auða eða hin auðu sæti, svo fljótt sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveður kjördag, og má stytta fresti þá, er ákveðnir eru í lögum þessum, ef þörf gerist. Að öðru leyti fer um hina nýju kosning eins og lög þessi mæla fyrir um kosning landskjörinna þingmanna. Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni eða hinir nýkosnu koma í staðinn fyrir.

77. gr.

Kjörstjórnir fá borgun fyrir starf sitt og tilkostnað samkvæmt 56. gr. Sýslumenn og bæjarfógetar fá kostnað sinn til sendiferða, ritfanga o. fl. greiddan úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Kjörstjórar í landskjörstjórn eiga rjett á að fá hæfilega þóknun fyrir starf sitt, svo og kostnað við útbúning kjörseðla, sendi-

ferðir, húsnæði o. fl., eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar, og greiðist sá kostnaður úr landssjóði.

78. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan tveggja mánaða frá því er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni landskjörstjórnar kæru í tveimur samritum og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til stjórnarráðsins. Sendir stjórnarráðið þegar í stað annað samritið þingmanni, þeim sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi, sem úrskurðar kosninguna.

III. Almenn ákvæði.

79. gr.

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 6. hvert ár.

Þá er almennar kosningar eiga fram að fara, af því að liðinn er kjörtími landskjörinna þingmanna til efri deildar eða kjördæmakosinna alþingismanna, skipar konungur fyrir um nýjar kosningar.

80. gr.

Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð, og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 króna sekt fyrir hvern dag, er fram yfir líður. Stjórnarráðið úrskurðar dagsektir og gerir ráðstafanir til að þær verði innheimtar með lögtaki, og getur það á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs, þess er í hlut á, gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, til þess að kjörskrá sje samin svo fljótt, sem kostur er á.

81. gr.

Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10 til 200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

82. gr.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosningu til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rjetti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

83. gr.

Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósenda, meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðaseðil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í kjörkassann, skal sæta sektum eða fangelsi.

Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða gjöri sig

seka í frekari rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 7 árum, ef miklar sakir eru. Sömu hegningu skal það varða, ef einhver af ásettu ráði tefur fyrir sending atkvæðakassa eða skemmir eða glatar atkvæðasending.

84. gr.

Hver sem býr til kjörseðla er líkjast kjörseðlum, þeim er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sjer, svo að aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

85. gr.

Með lögum þessum eru feld úr gildi:

Lög nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

Lög nr. 15, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um kosningar til Alþingis frá 3. október 1903.

Lög nr. 18, 20. október 1913, um breyting á lögum nr. 18, 3. okt. 1903, um kosningar til Alþingis.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis nýju stjórnarskipunarlögunum.

Ákvæði um stundarsakir.

Kosning á þeim 6 landskjörnu þingmönnum til efri deildar og 6 varamönnum, sem fram á að fara í fyrsta skipti eftir að lög þessi öðlast gildi, skal fara fram í síðari hluta marsmánaðar 1915, en kosning hinna 34 þingmanna, er kjósa á í kjördæmum landsins, fer fram 1.—10. júní sama ár.

Við kosningar þessar skal fara eftir þeim kjörskrám og aukakjörskrám, sem semja á samkvæmt 9., 11. og 60. gr. laga þessara, í janúar og maímánuðum næsta ár, en í þetta skifti skal á kjörskránum tilgreina við alla, þá sem hafa ekki öðlast kosningarrjett þann dag, er kjörskráin er lögð fram, þann dag, sem hver þeirra öðlast kosningarrjettinn, og hafa þeir þá rjett til að greiða atkvæði, ef þeir fullnægja skilyrðum fyrir kosningarrjetti á kjördegi.

Konungur ákveður kjördaginn innan þeirra takmarka, sem að framan eru sett, og skipar fyrir um kosningarnar, og má stjórnarráðið, ef þurfa þykir, stytta alla fresti um framlagning kjörskrár, um kærur og úrskurði um kosningarrjett.

Ed. **509. Frumvarp**

til laga um atkvæðagreiðslu við alþingiskosningar þeirra manna, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þegar kosning fer fram.

(Eftir 3. umr. í Ed).

1. gr.

Sjómenn og aðrir, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og eigi geta sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað, samkvæmt fyrirmælum kosningarlaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis á þann hátt, að þeir senda hreppstjóra eða bæjarfógeta í því umdæmi, þar sem þeir standa á kjörskrá, atkvæðaseðil samkvæmt reglum þeim, er settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Stjórnarráðið annast um útvegun kjörseðla, svo og fylgibrjefa þeirra og umslaga, er þar til heyra, á kostnað landssjóðs. Kjörgögn þessi skulu ætið fást hjá öllum lögreglustjórum, umboðsmönnum þeirra og hreppstjórum, og skulu að jafnaði vera nægar birgðir af þeim á hverju íslensku skipi.

Eyðublöð undir kjörseðla skulu vera úr haldgóðum hvítum pappír án nokkurrar áletrunar eða einkenna.

Umslögin um þá skulu vera ógagnsæ og hæfilega stór.

Eyðublöð undir fylgibrjefin með kjörseðlunum og vottorð þau, sem heimtuð eru, semur stjórnarráðið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því að eins gild, að notaðir sjeu hinir fyrirskipuðu atkvæðaseðlar, umslög og fylgibrjef.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar á atkvæðaseðilinn nafn þess þingmannsefnis eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa, af þeim sem í kjöri eru.

Verði hlutbundnar kosningar lögteknar, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, mega ekki greiða atkvæði fyr en framboðsfrestur þingmannaefna — eða lista — samkvæmt kosningarlögunum er liðinn, og telst atkvæðið greitt þann dag, er fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðillinn gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal í einrúmi og án þess að nokkur sjái, rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis eða

þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa, eða listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosning er, ef hann vill — á kjörseðilinn, leggja hann því næst inn í þar til gert umslag og líma það aftur. Hann útfyllir því næst og undirskrifar fylgibrjefið, en kjörseðilinn má hann ekki undirskrifa.

Í fylgibrjefinu skal kjósandinn gefa nákvæmar upplýsingar um nafn sitt, stöðu og heimili í hreppnum eða kaupstaðnum, svo og um þau atvik, er því valda, að hann getur ekki mætt sjálfur á kjörstaðnum til að greiða atkvæði, og skal hann jafnframt staðfesta með drengskaparvottorði, að hann þvingunarlaust, í einrúmi og án þess nokkur maður hafi sjeð, hafi útfylt kjörseðilinn, lagt hann í umslagið og límt það aftur.

Á fylgibrjefið skal vera ritað vottorð um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfyltur í einrúmi. Vottorð þetta á að vera undirritað af skipstjóra á íslensku skipi ásamt einum manni af skipshöfninni sem tilkvöddum vitundarvotti, ef kjósandi er sjómaður, eða af sýslumanni, umboðsmanni hans eða hreppstjóra.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til sýslumanns, umboðsmanns hans eða hreppstjóra, þá skal vottorðið gefið af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Þá er vottorðið er gefið af skipstjóra eða þeim, er í hans stað gengur á skipinu, skal geta um atkvæðagreiðsluna í dagbók skipsins; þar skal skýrt frá fullu nafni kjósandans, í hvaða umdæmi hann stendur á kjörskrá og hver hafi verið tilkvaddur sem vitni að undirskrift hans.

Umslagið með kjörseðlinum og fylgibrjefið skal kjósandinn því næst láta í sjerstakt þar til gert umslag, loka því og rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins.

5. gr.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð; skal geta þess við hvert brjef, hvenær tekið hafi verið á móti því og setja á það tilsvarandi tölunúmer.

Skrá þessa ásamt brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin í hendur henni áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

6. gr.

Áður en atkvæðagreiðsla byrjar opnar kjörstjórnin fylgibrjefin, rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo reynist, setja meðkjörstjórarnir merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða að hann sje búinn að greiða atkvæði eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórnin hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan

kjördegi, leggur kjörstjórnin umslagið með atkvæðaseðlinum og fylgibrjefið aftur inn í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er annað en fylgibrjefið og eitt umslag, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafa verið notuð þau umslög og eyðublöð, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir þeim reglum við atkvæðagreiðsluna, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Þau atkvæðaumslög, sem tekin eru gild, eru því næst lögð í atkvæðakassann um leið og atkvæðagreiðsla byrjar.

Þau umslög, sem kjörstjórninni eru afhent eftir að atkvæðagreiðsla er byrjuð, eru rannsökuð á sama hátt öll í einu, og þau, sem gild eru tekin, lögð í kjörkassann áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt þessum lögum eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.
2. Þegar í atkvæðaumslaginu er annað en einn atkvæðaseðill.
3. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðsluna atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir látið gjöra, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr. eða á seðilinn eru sett strik eða merki, er ætla má að sjeu sett, til þess að gjöra hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi, auk listabókstafsins, orðið: »listabókstafur«, ef ekki verður álitið, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi skal gæta þess, að til sjeu á skipinu nægar birgðir af eyðublöðum undir kosningaseðla, og fylgibrjef með tilheyrandi umslögum, og í híbýlum skipshafnarinnar á skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur stjórnarráðið útdráttinn. Enn fremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um aðstoð við atkvæðagreiðsluna eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því að eins að nauðsynleg störf á skipinu, sem ekki þola bið, hindri. Brot gegn þessu varðar alt að 100 kr. sektum, er renna í landssjóð.

9. gr.

Fyrir afhending kjörseðla og vottorð, þau er ræðir um í þessum lögum, greiðast engin gjöld.

10. gr.

Að öðru leyti gilda reglur kosningarlaganna um kosningar þær, er í lögum þessum getur, að því leyti sem þær geta við átt.

Ed. **510. LÖG**

um breyting á siglingalögum 22. nóv. 1913.

(Afgreidd frá Ed. 13. ágúst).

Í 11. gr. siglingalaga 22. nóv. 1913 komi í stað orðanna »Nú missir skip rjett til að sigla undir dönsku flaggi«:

Nú missir skip rjett til að sigla undir því flaggi, er íslenskum skipum er lögmælt.

Nd. **511. LÖG**

um breytingu á lögum um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895.

(Afgreidd frá Nd. 13. ágúst).

Aftan við síðustu málsgrein í 2. gr. laga um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895 bætast orðin:

eða þá, að því er snertir landhelgina, íslenskan fána, sem ákveðinn verður með konungsúrskurði.

Nd. **512. Framhaldsnefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Háttv. efri deild hefir gert nokkrar breytingar á frv. þessu. Eru flest vættkisverðar orðabreytingar, en aðrar til þess að kveða nokkru skýrar á. Telur nefndin ekki ástæðu til annars en samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og efri deild skilaði því frá sér.

Alþingi 13. ág. 1914.

Einar Arnórsson skrifari. Skúli Thoroddsen.

Benedikt Sveinsson. Jóhann Eyjólfsson. Matth. Ólafsson.

Þórarinn Benediktsson.

Nd. **513. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um atkvæðagreiðslu við alþingiskosningar þeirra manna, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þegar kosning fer fram.

Háttv. efri deild hefir gert fáeinar þýðingarlausar og því meinlausar breytingar á frv. þessu, eins og það fór frá neðri deild. Ræður nefndin háttv. neðri deild því til að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi 13. ágúst 1914.

Skúli Thoroddsen. Einar Arnórsson, skrifari kosningarlaganefndar Nd.

Benedikt Sveinsson. Jóhann Eyjólfsson. Matth. Ólafsson.

Þórarinn Benediktsson.

Nd. **514. L Ö G**

um atkvæðagreiðslu við alþingiskosningar þeirra manna, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þegar kosning fer fram.

(Afgreidd frá Nd. 12. ágúst).

1. gr.

Sjómenn og aðrir, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og eigi geta sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað, samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis á þann hátt, að þeir senda hreppstjóra eða bæjarfógeta í því umdæmi, þar sem þeir standa á kjörskrá, atkvæðaseðil samkvæmt reglum þeim, er settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Stjórnarráðið annast um útvegun kjörseðla, svo og fylgibrjefa þeirra og umslaga, er þar til heyra, á kostnað landssjóðs. Kjörgögn þessi skulu ætíð fást hjá öllum lögreglustjórum, umboðsmönnum þeirra og hreppstjórum, og skulu að jafnaði vera nægar birgðir af þeim á hverju íslensku skipi.

Eyðublöð undir kjörseðla skulu vera úr haldgóðum hvítum pappír án nokkurrar áletrunar eða einkenna.

Umslögin um þá skulu vera ógagnsæ og hæfilega stór.

Eyðublöð undir fylgibrjefin með kjörseðlunum og vottorð þau, sem heimtuð eru, semur stjórnarráðið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því að eins gild, að notaðir sjeu hinir fyrirskipuðu atkvæðaseðlar, umslög og fylgibrjef.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar á atkvæðaseðilinn nafn þess þingmannsefnis eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa, af þeim sem í kjöri eru.

Verði hlutbundnar kosningar lögteknar, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, mega ekki greiða atkvæði fyr en framboðsfrestur þingmannaefna — eða lista — samkvæmt kosningarlögunum er liðinn, og telst atkvæðið greitt þann dag, er fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðillinn gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal í einrúmi og án þess að nokkur sjái, rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis eða þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa, eða listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosning er, ef hann vill — á kjörseðilinn, leggja hann því næst inn í þar til gert umslag og líma það aftur. Hann útfyllir því næst og undirskrifar fylgibrjefið, en kjörseðilinn má hann ekki undirskrifa.

Í fylgibrjefinu skal kjósandinn gefa nákvæmar upplýsingar um nafn sitt, stöðu og heimili í hreppnum eða kaupstaðnum, svo og um þau atvik, er því valda, að hann getur ekki mætt sjálfur á kjörstaðnum til að greiða atkvæði, og skal hann jafnframt staðfesta með drengskaparvottorði, að hann þvingunarlaust, í einrúmi og án þess nokkur maður hafi sjeð, hafi útfylt kjörseðilinn, lagt hann í umslagið og límt það aftur.

Á fylgibrjefið skal vera ritað vottorð um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfyltur í einrúmi. Vottorð þetta á að vera undirritað af skipstjóra á íslensku skipi ásamt einum manni af skipshöfninni sem tilkvöddum vitundarvotti, ef kjósandi er sjómaður, eða af sýslumanni, umboðsmanni hans eða hreppstjóra.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til sýslumanns, umboðsmanns hans eða hreppstjóra, þá skal vottorðið gefið af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Þá er vottorðið er gefið af skipstjóra eða þeim, er í hans stað gengur á skipinu, skal geta um atkvæðagreiðsluna í dagbók skipsins; þar skal skýrt

frá fullu nafni kjósandans, í hvaða umdæmi hann stendur á kjörskrá og hver hafi verið tilkvaddur sem vitni að undirskrift hans.

Umslagið með kjörseðlinum og fylgibrjefið skal kjósandinn því næst láta í sjerstakt þar til gert umslag, loka því og rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins.

5. gr.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð; skal geta þess við hvert brjef, hvenær tekið hafi verið á móti því og setja á það tilsvarandi tölunúmer.

Skrá þessa ásamt brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin í hendur henni áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

6. gr.

Áður en atkvæðagreiðsla byrjar opnar kjörstjórnin fylgibrjefin, rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo reynist, setja meðkjörstjórarnir merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða að hann sje búinn að greiða atkvæði eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórnin hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin umslagið með atkvæðaseðlinum og fylgibrjefið aftur inn í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er annað en fylgibrjefið og eitt umslag, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafa verið notuð þau umslög og eyðublöð, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir þeim reglum við atkvæðagreiðsluna, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Þau atkvæðaumslög, sem tekin eru gild, eru því næst lögð í atkvæðakassann um leið og atkvæðagreiðsla byrjar.

Þau umslög, sem kjörstjórninni eru afhent eftir að atkvæðagreiðsla er byrjuð, eru rannsökuð á sama hátt öll í einu, og þau, sem gild eru tekin, lögð í kjörkassann áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt þessum lögum eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í

kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.

2. Þegar í atkvæðaumslaginu er annað en einn atkvæðaseðill.

3. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðsluna atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir látið gjöra, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr. eða á seðilinn eru sett strik eða merki, er ætla má að sjeu sett, til þess að gjöra hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi, auk listabókstafsins, orðið: »listabókstafur«, ef ekki verður álitið, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi skal gæta þess, að til sjeu á skipinu nægar birgðir af eyðublöðum undir kosningaseðla, og fylgibrjef með tilheyrandi umslögum, og í hibýlum skipshafnarinnar á skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur stjórnarráðið útdráttinn. Enn fremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um aðstoð við atkvæðagreiðsluna eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því að eins að nauðsynleg störf á skipinu, sem ekki þola bið, hindri. Brot gegn þessu varðar alt að 100 kr. sektum, er renna í landssjóð.

9. gr.

Fyrir afhending kjörseðla og vottorð, þau er ræðir um í þessum lögum, greiðast engin gjöld.

10. gr.

Að öðru leyti gilda reglur kosningalaganna um kosningar þær, er í lögum þessum getur, að því leyti sem þær geta við átt.

Nd. **515. LÖG**

um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Nd. 13. ágúst).

I. Kjördæmakosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr.

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis allir karlar og konur, sem fædd eru á Íslandi eða hafa átt þar lögheimili síðastliðin 5 ár, hafa óflekkað mannorð, og eru 25 ára að aldri þegar kosning fer fram. Þó öðlast konur og þeir karlmenn, sem ekki hafa haft kosningarrjett stöðu sinnar vegna samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, ekki öll í einu kosningarrjettinn, heldur þannig, að þegar samdar eru alþingiskjörskrár fyrsta sinn eftir að lög þessi öðlast gildi, skal setja á kjörskrá þá eina af þessum nýju kjósendum, sem eru 40 ára að aldri eða eldri. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og þannig framvegis lækka aldurstakmarkið um eitt ár í hvert skifti, þar til komið er niður í 25 ára aldur.

Útsvarsgreiðsla er úr lögum numin sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, og ber því ekki að telja þá menn nýja kjósendur, sem fullnægt hafa kosningarskilyrðum, þegar lög þessi öðlast gildi, að öðru leyti en því að greiða nægilega hátt útsvar.

2. gr.

Enginn verður talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sje hann eigi fjár síns ráðandi eða sje bú hans undir skiftameðferð sem þrotabú. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan ekki kosningarrjett sinn fyrir því.

4. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett sem þiggur af sveit, eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár.

Sá sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarrjettar síns.

6. gr.

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar til Alþingis er hver sá karlmaður eða kvenmaður, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi. Þetta tekur þó eigi til þeirra dómenda, er skipa landsyfirrjettinn, þá er hin nýja stjórnarskrá gengur í gildi. Enn fremur er heimilisfesta innanlands skilyrði fyrir kjörgengi annara en þeirra, sem setu áttu á Alþingi, þá er lög þessi öðlast gildi. Kjósa má mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir átt þar heima skemur en 1 ár.

Kjörstjórnir.

7. gr.

Í hverjum hreppi skal vera kjörstjórn, og sitja í henni hreppstjóri (sjeu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Hreppstjóri skal vera oddviti kjörstjórnar. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórnin kjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn kjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild. Kjörstjórnir velja sjer sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sjer verkum.

8. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn.

Þar er sýslumaður eða bæjarfógeti er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Að öðrum kosti skipar landsstjórnin oddvita, er sje kjósandi í kjördæminu, og annan til vara.

Hina yfirkjörstjórana kjósa sýslunefndir eða bæjarstjórnir, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn í kjöri við alþingiskosning í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.

Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sjeu varamennirnir báðir úr flokki sýslunefndar eða bæjarstjórnar, þá sá er eldri er. Nú víkur oddviti sæti úr yfirkjörstjórninni meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af stjórnarráðinu, og bóka í hana allar gerðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Samning kjörskrár.

9. gr.

Kjörskrá til óhlutbundinna kosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Nú hefir bæjarstjórn skift kaupstað í kjördeildir, og skal þá semja sjerstaka kjörskrá yfir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í janúarmánuði ár hvert, og gildir frá 1. júlí það ár til 30. júní næst á eftir að báðum dögum meðtöldum. Hún skal vera fullbúin 1. febrúarmán. og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað.

10. gr.

Á kjörskrá skal taka alla, þá er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrjett hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fullnægja skilyrðum fyrir því, að geta neytt kosningarrjettar fyrir 1. júlímán. næst á eftir. Rita skal í sjerstaka dálka fult nafn kjósenda eftir stafrófsröð, heimili, stjett og aldur.

11. gr.

Í fyrri hluta maímánaðar ár hvert skal semja aukakjörskrá, og skulu á hana settir þeir, sem að vísu hafa ekki kosningarrjett þegar kjörskráin gengur í gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum fyrir kosningarrjetti einhverntíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrjett. Á þá skrá skulu þeir og settir, er eigi var vitanlegt um, þegar aðalkjörskrá var samin, að þeir mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí, og sömuleiðis þeir kjósendur, er láðst hefir að setja á aðalkjörskrá, og einhverra orsaka vegna hafa ekki átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

12. gr.

Fjórtán dögum áður en aðalkjörskrá er fram lögð, skal auglýsa, hvar það verður gert, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

13. gr.

Áður en þrjár vikur eru liðnar frá því er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sje slept af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sje kæran um það, að einhver sje á skrá tekinn, sem eigi hafi rjett til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda, þeim er kærður er, eftirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

14. gr.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem

haldinn sje áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðiljar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar.

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá, þá sem um ræðir í 11. gr., skal fara sem við aðalkjörskrána, en þó þannig, að frestir allir sjeu $^1/_3$ styttri og að samrit aukakjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gerð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn.

15. gr.

Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar, þeirrar er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra stjórnarráðinu frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti.

16. gr.

Sá sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Rjettargjöld skulu engin greidd fyrir undirrjetti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

17. gr.

Samkvæmt aðalkjörskrám og aukakjörskrám skulu allar kosningar til Alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (11. gr.), hafa rjett til að greiða atkvæði, ef þeir hafa fyrir kjördag fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftar en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

18. gr.

Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboði skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku, um að þeir styðji kosningu þess.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni, en Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

Enginn má gefa kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi við sömu kosningar. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu 3 sólarhringum fyrir það tímamark, og má þá annar maður innan 8 daga bjóða sig fram til þingmensku, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Ef fresta þarf kosningu í kjördæminu af þessum ástæðum, stofnar stjórnarráðið til nýrrar kosningar á þann hátt, sem fyrir er mælt í 53. gr. laga þessara.

19. gr.


Hvert þingmannsefni á rjett á, sje hann eigi sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hreppi umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rjett til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

20. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (18. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir umdæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæminu en kjósa skal, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefnið kosið eða þingmannaefnin kosin. Stjórnarráðið annast prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnum. Kjörseðlar skulu búnir til úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannaefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannaefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Eigi skal fullgera fleiri seðla en þá, er sendir verða kjörstjórnum í hreppunum, og skal yfirkjörstjórn forðast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá.

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje $2^1/_2$ cm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3 cm. á breidd, og í honum miðjum hvítir kringlóttir reitir, $^1/_2$ cm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



Kjörseðla skal yfirkjörstjórn brjóta saman áður en hún sendir þá frá sér, og skulu þeir vera svo brotnir að óprentaða hliðin snúi út, svo að letrið á þeim sjáist ekki. Þeir skulu og vera svo brotnir, að auða rönd seðilsins falli á svarta borðann, enda skal svo frá broti gengið, að auðvelt sé að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

21. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sje að senda hraðboða með þá, en kjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10%

fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum, án þess að brjóta innsiglið.

22. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fóðruð sterku ljerefti og með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 4 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: »ógildir seðlar« og á tvö: »afgangsseðlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hvorri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin sjeu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt ljereftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

Kjördagur.

23. gr.

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn fyrsti vetrardagur.

Bæði er þetta á sjer stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

24. gr.

Kjörstaður í hverjum hreppi skal að jafnaði vera þingstaður hreppsins. Ef gallar á herbergjum á þingstaðnum eða önnur atvik gera það torvelt, að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sje sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sje kjörþing haldið annarsstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

25. gr.

Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sje eigi á sliku völ, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað sjeð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sje auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöð-

um fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

26. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti atkvæðakassana, er landsstjorn hefir útvegað í fyrstu á kostnað landssjóðs. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sje 15,7 cm. löng, 6,5 mm. við að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir ljereftspokar, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana, er kjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar. 1

Ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, kostar sveitar- eða bæjarsjóður þá endurnýjun.

Kosningarathöfnin.

27. gr.

Á hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir kjörstjórarnir; sjeu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar.

28. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

29. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 19. gr.), sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

30. gr.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul, þann sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn, þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í brjefi því, er yfirkjörstjórnin skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

31. gr.

Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörslu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sje ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger að fá inn með sjer 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sje sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

32. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns eða bæjarfógeta sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu, og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta fylgi endurritinu af kjörbókinni.

33. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið), að borði, því er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með svörtum stimpli, sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 cm. að þvermáli. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn, svo að hvergi sjer í hann auðan, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman í sama brot, er hann var í, er hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni útvega stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 26. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sje eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn metur gilda ástæðu, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

34. gr.

Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftir-

rit af kjörskránni og gjöra merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar sins.

35. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra gæta þess, að kassinn sje tómur, og síðan læsa honum.

36. gr.

Engin merki má á seðilinn gera, önnur en að stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún svarta borðans, er slíkur seðill ógildur.

37. gr.

Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur, og má eigi leggja hann í atkvæðakassann. Sama er og ef kjósandi setur skakt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá. Hvort heldur af þessu á sjer stað, skulu seðlarnir afhentir kjörstjórninni, sem skráir athugasemd um það í kjörbókinni. Skulu þessir kjósendur því næst víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og atkvæðagreiðslunni haldið áfram uns allir kjósendur, þeir er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, uns atkvæðagreiðslu er lokið.

38. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða 1/4 klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 3 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum, nema allir kjósendur sem á kjörskrá standa hafi neytt atkvæðisrjettar.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 37. gr., fyrri málsgrein, og þeim fengnir nýjir seðlar, til að greiða atkvæði á, á meðan seðlaforðinn endist.

39. gr.

Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna eiga rjett á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sjer lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina, það er honum þykir áfátt.

Nú þykir þingmannsefni eða umboðsmanni þess eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrjett, og á það þá rjett á að fá ágrein-

ingsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

40. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar þegar taka atkvæðakassann, án þess að opna hann, og að meðkjörstjórum, þingmannaefnum og umboðsmönnum þeirra ásjáandi, vefja ljerefti eða öðru slíku haldgóðu efni vandlega utan um hann á alla vegu og binda utan um; láta síðan kassann, þannig útbúinn, ofan í ljereftspoka, þann sem honum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið og pokann sem næst hnútnum; sömuleiðis eiga þingmannaefni og umboðsmenn, sem viðstaddir eru, rjett á, að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins.

Þá skal oddviti leggja í umslag sjer alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið (37. gr.), og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

41. gr.

Til alls þessa skal nota umslög, þau sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvort umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni.

42. gr.

Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórarnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, sjeu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir þingmannsefni eða umboðsmann áhrærandi kosningargjörðina, á hann rjett á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

43. gr.

Þegar búið er að loka báðum umslögunum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin leggja þau, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum, þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga þingmannaefni og umboðsmenn þeirra rjett á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með brjefið, atkvæðakassann og kjörbókina í vatnsheldum umbúðum til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

44. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógild, samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 39. og 48. gr. þessara laga, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu svo fljótt sem verða má.

45. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, kveður þá undirkjör-

stjórn til kjörfundar af nýju á þann hátt, sem mælt er fyrir um í öðrum málslið 51. gr. þessara laga.

Kosningarúrslit.

46. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningunum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin.

47. gr.

Þingmannsefni hvert hefir rjett á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er það bauð sig fram í, sje það eigi sjálft viðstatt. Að öðru leyti skal athöfn þessi fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sje ekki þingmannsefni eða umboðsmenn þess viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

48. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsiglin sjeu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, helt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið, sem við er merkt á hverjum seðli, og rjettir hann jafnótt þingmannaefnum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sje ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers þingmannsefnis eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sje gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í 2 sjerstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti þingmannaefna og umboðsmanna, og lýsir þann kosinn, sem hlotið hefir flest atkvæði, er hún telur gild.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra rjett á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir stjórnarráðinu eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem stjórnarráðið því næst leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkj-

um og það tók við þeim. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur það einnig fyrir þingið.

49. gr.

Hafi tvö þingmannaefnin eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sje kosinn.

50. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni kjörbrjef, samið samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið segir fyrir um, og senda stjórnarráðinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

51. gr.

Nú ferst kosning fyrir í hreppi á hinum ákveðna degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt, sem verða má.

Undir eins og kjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar í hreppnum eða kaupstaðnum, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðasending eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

52. gr.

Sje atkvæðasending frá einhverjum kjörstað eigi komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 46. gr., skal yfirkjörstjórn engu síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyr en atkvæðasending, sú er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, eftir því sem auðið er, hve nær sendingin verði opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

Uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

53. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg, eða þingmannssæti autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá stjórnarráðið fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur það þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal það auglýsa fyrirskipun sína í B-deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt

tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnum þau gögn er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

54. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

55. gr.

Hvenær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrám þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

Kostnaður.

56. gr.

Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis o. fl.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

Kærur um kjörgengi.

57. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann, þann er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan 14 daga, frá því er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til stjórnarráðsins. Sendir stjórnarráðið þegar í stað annað samritið, þingmanni þeim, sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi.

II. Hlutbundnar kosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

58. gr.

Við hlutbundnar kosningar, er fram eiga að fara um land alt í einu lagi á þingmönnum til efri deildar alþingis, eiga kosningarrjett og kjörgengi

allir hinir sömu, konur og karlar, sem kosningarrjett hafa og kjörgengi samkvæmt 1.—6. gr., ef náð hafa fullum 35 ára aldri, þá er kosning fer fram, en að öðru leyti með sömu skilyrðum.

Kjörstjórn.

59. gr.

Þegar hlutbundnar kosningar eiga að fara fram á landskjörnum þingmönnum, skipar ráðherra í tæka tíð landskjörstjórn, sem situr í Reykjavík. Í henni skulu sitja þrír menn, og kjósa þeir sjer sjálfir oddvita. Jafnframt skipar ráðherra 2 menn til vara og taka þeir sæti í forföllum hinna í þeirri röð, er útnefning þeirra greinir.

Enginn má sitja í landskjörstjórn, sem er þingmannsefni við þá kosning. Landskjörstjórn undirbýr kosninguna. Hún skal hafa gjörðabók löggilta af stjórnarráðinu og bóka í hana allar gjörðir sínar, móttöku framboðslista, útsending og viðtöku kjörseðla, brjef, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Hlutbundnum kosningum stýra hinar sömu undirkjörstjórnir sem óhlutbundnum kosningum.

Kjörskrár.

60. gr.

Það ár, sem fram á að fara hlutbundin kosning landskjörinna þingmanna, skulu bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum semja, jafnhliða hinum árlegu kjörskrám, skrá yfir alla, þá er kosningarrjett hafa til landskosninga í kaupstaðnum eða hreppnum. Um samning, framlagning og aðfinslur við þessar kjörskrár gilda allar sömu reglur sem um hinar árlegu kjörskrár. Um aukakjörskrár til þessarar kosningar gilda og hinar sömu reglur sem um hinar árlegu aukakjörskrár.

Kjördagur, þingmannaefni, umboðsmenn.

61. gr.

Kjördagur skal að jafnaði vera 1. júlí eða næsta virkan dag á eftir, ef 1. júlí ber upp á helgan dag, árið áður en skifti verða á landskjörnum þingmönnum í efri deild. 8 vikum fyrir kjördag skulu landskjörstjórninni í Reykjavík afhentir listar með nöfnum þingmannaefna, þeirra sem fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknuð svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja listanum til landskjörstjórnar. Berist landskjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burtu af listanum og eigi prenta það á þann lista. Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá nema nafnið burtu af öllum listunum.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn þingmannaefna en kjósa á þingmenn í hvert skifti, með því að aðalþingmenn og varaþingmenn skulu kosnir á sama lista, án nokkurrar greiningar fyrir fram. Gildur er framboðslisti þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 170 kjósenda landinu um að þeir styðji þann lista. Af þessum kjósendum skulu að minsta kosti 60 vera úr fyrverandi Suðuramti, 30 úr fyrverandi Austuramti og 40 úr fyrverandi Norðuramti og Vesturamti, hvoru um sig.

Listar skulu afhentir formanni landskjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá með bókstöfunum A, B, C o. s. frv., eftir því sem þeir berast honum.

62. gr.

Á hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum viðvíkjandi, er landskjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum umboð til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð á hinum einstöku kjörstöðum, til þess að gæta þess að alt fari löglega fram. En skyldir eru þeir að hlýða fundarreglum, er kjörstjórnir setja.

Undirbúningur af hálfu landskjörstjórnar.

63. gr.

Oddviti landskjörstjórnar skal kveðja landskjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er frestur sá, sem settur er í 61. gr. fyrir afhending framboðslista, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Sjeu gallar, er landskjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal landskjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þing, mannaefna á hverjum lista og bókstaf hvers lista. En hafi eigi nema einn listi er gildur er tekinn, komið til landskjörstjórnarinnar í tæka tíð, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir landskjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

64. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir

upp þannig, að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefnanna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera skammstafað, á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr strik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannaefnanna á hverjum lista aðskilin með þverstrikum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess striks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappír, og skal landskjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða kjörstjórnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

65. gr.

Áður en framboðsfrestur er liðinn, skal stjórnarráðið senda landskjörstjórn skrá, er sýni tölu kjósenda í hverju lögsagnarumdæmi landsins. Svo löngu fyrir kjördag, að vissa sje fyrir að seðlarnir komi í tæka tíð, skal landskjörstjórn senda sýslumönnum og bæjarfógetum í ábyrgðarsendingu jafnmarga kjörseðla og kjósendur eru í lögsagnarumdæmi hvers þeirra og 10% umfram, ásamt hæfilega mörgum listum með nöfnum þingmannaefna. Þeirri sendingu skulu og fylgja nægilega mörg umslög til handa kjörstjórnum, eins og um getur í 22. gr. laga þessara.

Þegar eftir móttöku þessarar sendingar sendir sýslumaður eða bæjarfógeti kjörstjórnum þeim öllum, sem eru í lögsagnarumdæmi hans, með hraðboða, ef á þarf að halda, jafnmarga kjörseðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hverju umdæmi og 10% umfram. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er sýslumaður eða bæjarfógeti innsiglar með embættisinnsigli sínu, svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlunum, án þess að brjóta innsiglið. Geyma skal svo kjörstjórn kjörseðlaböggul óopnaðan til kjörfundar. Brjóti nokkur innsigli fyrir kjörseðlasendingu eða hefti ferð hennar af ásettu ráði, varðar það sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Kjörstaður, kjörherbergi og atkvæðakassar.

66. gr.

Um kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakassa fer eftir fyrirmælum 24.—26. greinar í lögum þessum.

Kosningarathöfnin.

67. gr.

Kosning fer fram á þann hátt, sem segir í 27.—45. gr. laga þessara, með þeirri breytingu, að kjósandi markar kross, rjettan kross eða skákross,

við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði, en að öðru leyti fer eftir því sem samrýmst getur fyrirmælum nefndra lagagreina. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista, þeim er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega vera hvort heldur þverstrik eða langstrik yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölstafinn við nöfnin og útstrikun nafna, skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig samanbrotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi hagga neitt við hinum listunum, sem hann ekki kýs, hvorki strika út á þeim eða setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki önnur en tjeð kosningarmerki á lista, þann sem hann kýs, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

Jafnskjótt og kosningu er lokið, skal kjörstjórnin senda atkvæðakassann, eftirrit af kjörbókinni og önnur þau plögg, sem getur um í 43. gr. laga þessara, til sýslumanns eða bæjarfógeta, þess er lögsögu hefir yfir þeim kjörstað, þótt í öðru kjördæmi sje. Þá er hann hefir meðtekið alla atkvæðakassana úr lögsagnarumdæmi sínu, kveður hann til tvo votta, svo og umboðsmenn listanna, ef tilnefndir hafa verið, en sje svo eigi, tilnefnir hann auk þeirra einn valinkunnan mann fyrir hvern lista. Í viðurvist þessara manna opnar hann alla atkvæðakassana, eftir að hann ásamt þeim hefir rannsakað ástand kassanna með umbúðum; tæmir síðan kassana, telur seðlana, án þess að skoða nokkurn seðil, og lætur þá í einn kassa, er sje svo stór að hann taki alla seðlana. Að því búnu skal loka kassanum, láta hann í sterkan vatnsheldan poka, binda vandlega fyrir og forsigla hann með embættisinnsiglinu, og senda hann síðan sem ábyrgðarsendingu með fyrstu póstferð eða póstskipsferð til landskjörstjórnarinnar í Reykjavík. Sendingunni skal fylgja brjef og endurrit af kjörbókum kjörstjórnanna, svo og lykill að kassanum í sjerstöku forsigluðu umslagi. Alt það, sem gerst hefir, svo sem skoðun og lýsing á sendingunum frá undirkjörstjórnum, skýrsla um tölu seðla, þeirra sem í kassanum eru o. s. frv., skal bókað í yfirkjörstjórnarbók kjördæmis þess, sem sýslumaður eða bæjarfógeti er búsettur í, og skal endurrit úr henni fylgja sendingunni.

68. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns eða bæjarfógeta sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í landinu og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta fylgi eftirritinu af kjörbókinni.

Kosningarúrslit.

69. gr.

Landskjörstjórnin í Reykjavík skal boða með viku fyrirvara, að minsta kosti, stað og stund, hvenær hún kemur saman til þess að opna atkvæðakassa og telja saman atkvæði. Umboðsmenn hvers lista, sem í kjöri er, eiga rjett á að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir, þegar atkvæðasendingar eru opnaðar og atkvæði saman talin. Sjeu ekki viðstaddir umboðsmenn fyrir hvern lista, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

70. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar landskjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverju lögsagnarumdæmi, eftir að umboðsmönnum hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli sjeu ósködduð. Jafnskjótt og hver atkvæðasending er opnuð, skulu kjörseðlar, þeir sem í henni eru, látnir óskoðaðir í hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir kjörseðlakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að kjörseðlarnir blandist vel saman. Því næst opnar formaður landskjörstjórnarinnar ílátið, tekur upp einn og einn seðil í einu og les upp listabókstaf, þann er hefir verið við krossað á kjörseðlinum. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fulltrúum listanna, og leggur þá svo frá sjer, þannig að þeir kjörseðlar, sem sami listabókstafur er auðkendur á, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hve margir seðlar fari í hvern bunka.

71. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,
4. sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
5. notað annan seðil en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir meingallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðamagn listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum, þeim er sýslumenn og bæjarfógetar gefa, samkvæmt 67. gr., um kjörseðlafjölda úr hverju lögsagnarumdæmi. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

72. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni ásamt varaþingmönnum hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn og varaþingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka, þau sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti landskjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu, þeirri er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna og varaþingmanna sem á að kjósa, þannig að það sje jafnt tölu þeirra sem kjósa á, að frádreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig uppleysnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupphæðina á hverjum lista, eru aðalþingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

73. gr.

Hver listi, sem hlotið hefir landskjörinn þingmann eða þingmenn, hefir rjett til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, er ekki hefir hlotið aðalþingmann, hefir ekki rjett til varamanns, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og aðalþingmennina, þannig að þeir eru tilnefndir varaþingmenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn eða varaþingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

Síðan lýsir landskjörstjórnin yfir því, hvernig kosning hefir fallið, gefur þingmönnum kjörbrjef og varaþingmönnum skilríki fyrir því, að þeir sjeu kjörnir til þess starfs. Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli landskjörstjórnar, og eiga umboðsmenn framboðslista einnig rjett til að setja innsigli sín fyrir þau.

Landskjörstjórn sendir síðan landsstjórninni eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, en stjórnin leggur þá fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og þeir bárust henni. Eftirritið af kjörbókinni og önnur kjörgögn leggur landsstjórnin einnig fyrir þingið.

74. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi sýslumanni, er tilkynnir það landskjörstjórninni, er þá sendir nýja kjörseðla svo fljótt sem verða má. Undir eins og kjörstjórn fær hina nýju kjörseðla, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili. Komi atkvæðasending eigi til skila til hlutaðeigandi sýslumanns eða til landskjörstjórnar, eftir að kosning hefir farið fram, lætur landskjörstjórn nýjar kosningar fara fram í hreppnum eða lögsagnarumdæminu á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

75. gr.

Sje atkvæðasending úr einhverju lögsagnarumdæmi eigi komin til landskjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 69. gr., skal fresta upptalningu atkvæða þar til atkvæðasendingin er komin. Komi atkvæðasending ekki í tæka tíð, er stjórnarráðinu skylt að gjöra þær ráðstafanir til að ná atkvæðasendingunni, sem landskjörstjórn óskar. Auglýsa skal umboðsmönnnum listanna, eftir því, sem auðið er, hvenær atkvæði verða talin upp, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

76. gr.

Nú deyr einhver landskjörinna þingmanna eða fer frá áður en kjörtímabil hans er á enda, og tekur þá sæti hans sá varaþingmaður, sem næsta hafði atkvæðatölu á þeim lista, er hinn dáni eða fráfarni var kosinn á. Hafi hlutaðeigandi varaþingmaður verið kosinn alþingismaður í einhverju kjördæmi, tekur hann engu síður autt sæti aðalmanns, en stjórnarráðið hlutast til um nýja kosningu í því kjördæmi, er hann var fulltrúi fyrir. Nú er enginn varamaður til á lista, til að taka autt sæti aðalþingmanns, og fyrirskipar þá stjórnarráðið kosning á þeim þingmanni eða þingmönnum og varaþingmönnum, er vanta í hið auða eða hin auðu sæti, svo fljótt sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveður kjördag, og má stytta fresti þá, er ákveðnir eru í lögum þessum, ef þörf gerist. Að öðru leyti fer um hina nýju kosning eins og lög þessi mæla fyrir um kosning landskjörinna þingmanna. Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni eða hinir nýkosnu koma í staðinn fyrir.

77. gr.

Kjörstjórnir fá borgun fyrir starf sitt og tilkostnað samkvæmt 56. gr. Sýslumenn og bæjarfógetar fá kostnað sinn til sendiferða, ritfanga o. fl. greiddan úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Kjörstjórar í landskjörstjórn eiga rjett á að fá hæfilega þóknun fyrir starf sitt, svo og kostnað við útbúning kjörseðla, sendi-

ferðir, húsnæði o. fl., eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar, og greiðist sá kostnaður úr landssjóði.

78. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan tveggja mánaða frá því er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni landskjörstjórnar kæru í tveimur samritum og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til stjórnarráðsins. Sendir stjórnarráðið þegar í stað annað samritið þingmanni, þeim sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi, sem úrskurðar kosninguna.

III. Almenn ákvæði.

79. gr.

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 6. hvert ár.

Þá er almennar kosningar eiga fram að fara, af því að liðinn er kjörtími landskjörinna þingmanna til efri deildar eða kjördæmakosinna alþingismanna, skipar konungur fyrir um nýjar kosningar.

80. gr.

Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð, og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 króna sekt fyrir hvern dag, er fram yfir líður. Stjórnarráðið úrskurðar dagsektir og gerir ráðstafanir til að þær verði innheimtar með lögtaki, og getur það á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs, þess er í hlut á, gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, til þess að kjörskrá sje samin svo fljótt, sem kostur er á.

81. gr.

Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10 til 200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

82. gr.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosningu til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rjetti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

83. gr.

Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósenda, meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðaseðil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í kjörkassann, skal sæta sektum eða fangelsi.

Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða gjöri sig

seka í frekari rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 7 árum, ef miklar sakir eru. Sömu hegningu skal það varða, ef einhver af ásettu ráði tefur fyrir sending atkvæðakassa eða skemmir eða glatar atkvæðasending.

84. gr.

Hver sem býr til kjörseðla er líkjast kjörseðlum, þeim er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sjer, svo að aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

85. gr.

Með lögum þessum eru feld úr gildi:

Lög nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

Lög nr. 15, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um kosningar til Alþingis frá 3. október 1903.

Lög nr. 18, 20. október 1913, um breyting á lögum nr. 18, 3. okt. 1903, um kosningar til Alþingis.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis nýju stjórnarskipunarlögunum.

Ákvæði um stundarsakir.

Kosning á þeim 6 landskjörnu þingmönnum til efri deildar og 6 varamönnum, sem fram á að fara í fyrsta skipti eftir að lög þessi öðlast gildi, skal fara fram í síðari hluta marsmánaðar 1915, en kosning hinna 34 þingmanna, er kjósa á í kjördæmum landsins, fer fram 1.—10. júní sama ár.

Við kosningar þessar skal fara eftir þeim kjörskrám og aukakjörskrám, sem semja á samkvæmt 9., 11. og 60. gr. laga þessara, í janúar og maímánuðum næsta ár, en í þetta skifti skal á kjörskránum tilgreina við alla, þá sem hafa ekki öðlast kosningarrjett þann dag, er kjörskráin er lögð fram, þann dag, sem hver þeirra öðlast kosningarrjettinn, og hafa þeir þá rjett til að greiða atkvæði, ef þeir fullnægja skilyrðum fyrir kosningarrjetti á kjördegi.

Konungur ákveður kjördaginn innan þeirra takmarka, sem að framan eru sett, og skipar fyrir um kosningarnar, og má stjórnarráðið, ef þurfa þykir, stytta alla fresti um framlagning kjörskrár, um kærur og úrskurði um kosningarrjett.

Sþ. **516. Tillaga**

til þingsályktunar um gjaldmiðil.

Flutningsm.: Sveinn Björnsson og Einar Arnórsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það væntir þess, að landsstjórnin geri ráðstafanir til þess að sjá landinu fyrir nægilegum gjaldmiðli, ef nauðsynlegt verður fyrir viðskiftalífið hjer á landi, vegna afleiðinga af Norðurálfustyrjöldinni, með bráðabirgðalögum, t. d. með því að gefa út fyrir landssjóðs hönd gjaldmiðil, er hljóði upp á 100 krónur hvert skírteini, og lána Íslandsbanka, ef hann óskar þess, gegn 4% ársvöxtum og nægilegri tryggingu.

Sþ. **517. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um gjaldmiðil.

Frá Einari Arnórssyni.

Setningin: »t. d. með því að gefa . . . . . nægilegri tryggingu« falli burt.

Sþ. **518. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um gjaldmiðil.

Flutningsm.: Karl Einarsson.

Fyrir »lána Íslandsbanka, ef hann óskar«, komi:
lána Íslandsbanka og Landsbankanum, er þeir óska

Sþ. **519. Þingsályktun**

um gjaldmiðil.

(Afgreidd frá sameinuðu Alþingi 13. ágúst).

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það væntir þess, að landsstjórnin geri ráðstafanir til þess að sjá landinu fyrir nægilegum gjaldmiðli, ef nauðsynlegt verður fyrir viðskiftalífið hjer á landi, vegna afleiðinga af Norðurálfustyrjöldinni, með bráðabirgðalögum.